Nd. 1. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

I.

1. gr.

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti lýðveldisins fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs forseta lýðveldisins.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Til þess að kosning forseta lýðveldisins sé lögmæt, þurfa meira en ¾ hlutar þingmanna að vera á fundi og skila þar gildu atkvæði. Rétt kjörinn forseti er sá, er fær meira en helming greiddra atkvæða, þeirra sem á fundi eru. Ef sá atkvæðafjöldi næst ekki, skal kjósa af nýju óbundinni kosningu. Ef enginn fær þá heldur nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæði í síðari óbundnu kosningunni. En ef fleiri hafa þá hlotið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði í bundnu kosningunni, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður forseti.

6. gr.

Forseti lýðveldisins skal kosinn til 4 ára. Kosning nýs forseta skal fara fram á síðustu 6 mánuðum áður en kjörtímabili hans er lokið.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til næstu 4 ára. Alþingi skal koma saman í því skyni innan mánaðar.

8. gr.

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætis-

ráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forseti lýðveldisins vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.

Sameinað Alþingi getur samþykkt, að forseti lýðveldisins skuli þegar láta af störfum, enda beri 10 þingmenn hið fæsta fram tillögu um það, ¾ hlutar þingmanna séu á fundi, og sé tillagan samþykkt með a. m. k. ¾ gildra atkvæða þeirra, sem á fundi eru.

12. gr.

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forseti lýðveldisins lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á embættisrekstri sínum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forseti lýðveldisins skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti. Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.

19. gr.

Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má veita ákveðnum embættismannaflokkum sömu réttindi sem veitt eru dómurum þeim, er ekki hafa umboðsstörf á hendi.

21. gr.

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

22. gr.

Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni sama þingi. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi. Skal þá láta nýjar kosningar fara fram svo fljótt sem föng eru á, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir þingrof.

25. gr.

Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.

26. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti lýðveldisins gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

29. gr.

Forseti lýðveldisins getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

30. gr.

Forseti lýðveldisins veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

   Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.
d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

   Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

32. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs að aldri eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

IV.

35. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda forseta lýðveldisins ávörp.

39. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

43. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis og sömuleiðis stjórnarráðsins fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

44. gr.

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarri hvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina, svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hér verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

49. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

50. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

51. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

53. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

54. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

55. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

56. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

57. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

58. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

VI.

62. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VII.

65. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

66. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild.

67. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

68. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.

69. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

70. gr.

Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.

71. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða sèu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.

72. gr.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

73. gr.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

74. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

75. gr.

Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

76. gr.

Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

77. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

78. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

79. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

80. gr.

Með stjórnarskipunarlögum þessum eru úr gildi numin stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlög frá 24. marz 1934 og 1. sept. 1942.

81. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi 17. júní 1944, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. Þó getur Alþingi ákveðið, að stjórnarskipunarlög þessi taki gildi fyrr, að fram farinni þeirri allsherjaratkvæðagreiðslu, er getið var.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis svo og embættisgengi halda að öðru jöfnu þeir menn, er þann rétt hafa, þegar stjórnarskrá þessi kemur til framkvæmda, þótt eigi séu þeir íslenzkir ríkisborgarar.

Greinargerð.

Samkv. þingsályktunum 22. maí og 8. sept. 1942 setti Alþingi nefnd til athugunar á breytingum þeim, er gera mætti á stjórnskipunarlögum landsins samkvæmt stjórnarskrárbreytingu, er staðfest var 15. des. 1942, og gera þyrfti, er stofnað yrði lýðveldi á Íslandi. Tillögur sínar um þessar breytingar á stjórnarskránni, ásamt skýrslu um skipun nefndarinnar og störf, sendi nefndin forsætisráðherra með bréfi 20. apríl f. á. til geymslu. Þann 30. nóv. f. á. ákváðu þrír flokkar þingsins að bindast fyrir

því, að stofnun lýðveldis yrði samþykkt á Alþingi því, er saman kemur 10. jan. 1944. Ríkisstjórnin, sem er samþykk þessu áformi, hefur talið rétt að leggja frumvarp nefndarinnar til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands fyrir Alþingi óbreytt.

Er gert ráð fyrir því, að Alþingi skipi nefndir til athugunar frumvarpinu, og mun stjórnin þá koma á framfæri þeim tillögum til breytinga á einstökum ákvæðum frumvarpsins, sem hún telur æskilegar.

Að öðru leyti skírskotast til skýrslu og athugasemda stjórnarskrárnefndar, þeirra er hér fylgja.

Álit milliþinganefndar í stjórnarskrármálinu.

Inngangur.

„Þegar eftir samþykkt þingsályktananna frá 17. maí 1941, um sjálfstæðismálið, meðferð æðsta valds og um framtíðarstjórnskipulag fyrir Ísland, var það ljóst, að gera þurfti gagngerðar breytingar á stjórnarskrá Íslands. Eigi var þó þá þegar hafizt handa um það, en á næsta ári, sem sé þ. 22. maí 1942, var afgreidd frá sameinuðu þingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og skili nefndin áliti nógu snemma til þess, að málið geti fengið afgreiðslu á næsta Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.“

Samkvæmt þessari ályktun kaus Alþingi á fundi í sameinuðu þingi þ. 22. maí 1942 þessa menn í nefndina: Jónas Jónsson alþm., Gísla Sveinsson alþm., Hermann Jónasson alþm., Bjarna Benediktsson borgarstjóra og Stefán Jóh. Stefánsson hrm.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 26. maí 1942, var Gísli Sveinsson kosinn formaður hennar og Stefán Jóh. Stefánsson skrifari.

Nefndin aflaði sér, eftir því sem verða mátti, ýmissa upplýsinga um stjórnarskrár annarra ríkja. Einkum var athugað stjórnarfyrirkomulag þeirra ríkja, þar sem forseti fór með æðsta vald, um val forseta og valdsvið.

Þá hafði nefndin og til athugunar uppkast að stjórnarskrá fyrir Ísland, er hæstaréttardómarar og kennarinn í stjórnlagafræði við háskólann höfðu samið 1940 að tilhlutan þáverandi ríkisstjórnar. Var uppkast þetta mjög lagt til grundvallar um öll störf nefndarinnar.

Nefndin hélt nokkra fundi á milli þinganna, og 17. júlí hafði hún gengið frá uppkasti að frumvarpi að nýrri stjórnarskrá, en ætlað var, að það skyldi tekið til nýrrar athugunar í byrjun sumarþingsins, eftir að nefndarmenn hefðu átt viðræður um það við stjórnmálaflokkana.

En um það bil urðu ljósar þær aðstæður í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, er ollu því, að ekki var talið ráðlegt að leggja fram frumvarp um nýja stjórnarskrá, og féllu því störf nefndarinnar niður um sinn. En í þess stað var þegar í upphafi sumarþingsins valin 8 manna nefnd meðal þingmanna, 2 úr hverjum þingflokki, til þess, ásamt ríkisstjórninni, að ræða hið nýja viðhorf og gera tillögur til Alþingis um ný úrræði.

Varð það að ráði á þinginu að samþykkja frumvarp til stjórnskipunarlaga, borið fram af ríkisstjórninni, er heimilaði að breyta stjórnarskrá Íslands með sérstökum afbrigðilegum hætti um þau atriði, er greinir í þingsályktunum Alþingis frá 17. maí 1941. Jafnhliða var afgreidd frá sameinuðu þingi 8. sept. 1942 þingsályktun varðandi stjórnarskrána, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar, að milliþinganefnd sú, sem kosin var samkvæmt þingsályktun 22. maí 1942 til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins, skuli halda áfram störfum til undirbúnings málum þeim, sem unnt er að lögfesta

með þeim hætti, er segir í stjórnskipunarlagafrumvarpi því, sem liggur nú fyrir Alþingi, svo og undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Fjölga skal nefndarmönnum svo, að í nefndinni eigi sæti tveir fulltrúar frá hverjum þeirra flokka, sem Alþingi skipa nú, enda verði viðbótarfulltrúarnir tilnefndir þegar í stað af viðkomandi þingflokkum, er ekki eiga þar þegar tvo fulltrúa."

Samkvæmt þingsályktun þessari voru tilnefndir í nefndina til viðbótar þeim, sem áður voru: Haraldur Guðmundsson alþm., Áki Jakobsson alþm. og Einar Olgeirsson alþm.

Fundir hófust að nýju hjá nefndinni í nóv. 1942. Það, sem nefndin hefur fyrst og fremst unnið að síðan, er athugun á, hverjar þær breytingar væru, sem gera þyrfti og gera mætti á stjórnarskrá Íslands skv. stjórnarskrárbreytingu þeirri, er hlaut lokaafgreiðslu frá Alþingi 15. des. 1942. En það voru aðallega þau atriði, sem snerta meðferð hins æðsta valds ríkisins. Athugaði nefndin einkum í því sambandi fyrirkomulag forsetakjörs með lýðveldisþjóðum.

Þá var og aflað þeirra annarra skriflegra gagna og upplýsinga, er máli virtust skipta.

Undirnefnd 4 manna var kosin úr aðalnefndinni þ. 13. marz s. l. til að ganga frá frumvarpinu að síðustu, og var það lagt fram á fundi stjórnarskrárnefndarinnar þ. 27. s. m.

Eftir nokkra frekari könnun varð nefndin ásátt um að bera málið fram í þessu frumvarpsformi, og nefnist það: **Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands,** þ. e. heildarstjórnarskrá innan heimildar stjórnskipunarlagaákvæðanna frá 15. des. s. l.

Nokkuð mismunandi skoðanir komu fram í nefndinni um fáein atriði frumvarpsins, að síðustu aðallega um tvennt: 1) *Heiti forseta,* hvort nefnast skyldi ríkisforseti eða forseti lýðveldisins, en meiri hluti varð með hinu síðar greinda, og er því haldið í frumvarpinu. Verður það á valdi Alþingis að kveða til fullnustu á um heiti forsetans. 2) *Val forseta,* hvort vera skyldi þingkjörinn eða þjóðkjörinn. Meiri hluti nefndarinnar taldi rétt, að sameinað Alþingi kysi forsetann, a. m. k. fyrst um sinn, og eru ákvæði frumvarpsins miðuð við það. En ef Alþingi litist síðar að setja þjóðkjör forseta á laggir, yrði að því horfið, enda yrði athugun á því atriði tekin með í framhaldsstörfum við samningu viðtækari stjórnskipunarlaga fyrir hið íslenzka lýðveldi. Áskildu nefndarmenn sér á víxl óbundnar hendur um þetta hvort tveggja, er þar að kæmi, og verður það því eigi rætt frekar í þessari greinargerð.

Til gildistöku þessara stjórnskipunarlaga kom nefndin sér saman um að leggja til, að valinn yrði 17. júní 1944, og ber til þess bæði það, að hallkvæmt hefur þótt að láta eigi formleg sambandsslit við Danmörku taka gildi fyrr en eftir lok yfirstandandi árs (1943), og eins hitt, að þessi dagur þykir Íslendingum flestum ágætastur sökum sögulegra minninga í frelsisbaráttu þjóðarinnar.

Til tals gæti þó komið, að ákvæði um gildistöku fyrr yrði einnig skeytt inn í frumvarpið, ef brýna nauðsyn þætti til þess bera að dómi Alþingis.

Þótt ætlazt sé til þess og ákveðið í stjórnarskrárfrumvarpinu, sbr. einnig stjórnarskrárbreytinguna frá 15. des. s. l., að samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu verði að koma til, svo að þau stjórnskipunarlög öðlist gildi, þykir nefndinni þó rétt, að Alþingi geri jafnframt sérstaka ályktun um niðurfelling sambandslagasamningsins og rétt danskra ríkisborgara hér á landi eftir það, enda verði það og lagt undir þjóðaratkvæði. Um þetta ber nefndin því fram uppkast að tillögu til þingsályktunar.

Samkvæmt endursamþykkt þingsályktunartillögunnar um skipun milliþinganefndarinnar í stjórnarskrármálinu, er gerð var hinn 8. sept. 1942, skilar nefndin með þessu stjórnarskrárfrumvarpi og greinargerð fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en mun áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að **„undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan**

hátt.“ Má ætla, að það starf verði öllu viðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins öefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipulögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi, frá konungdæmi til lýðveldis o. s. frv.

Stjórnarskrárfrumvarpinu fylgja skýringar á einstökum greinum þess, eftir því sem nefndin telur þörf á. Eru þær, eftir því sem við á, sams konar þeim, er fylgdu áminnztu uppkasti, er nefndin fékk í hendur í öndverðu.

Reykjavík, 7. aprílmán. 1943.

Í milliþinganefnd í stjórnarskrármálinu:

Gísli Sveinsson, formaður. Stefán Jóh. Stefánsson, skrifari. Bjarni Benediktsson.

Jónas Jónsson. Einar Olgeirsson. Hermann Jónasson.

Haraldur Guðmundsson. Áki Jakobsson.

Athugasemdir og skýringar.

Breytingar þær, sem stjórnarskrárfrumvarp þetta felur í sér frá núgildandi stjórnarskrá, eru fyrst og fremst í 1.—30. gr., og samsvara þær I. kafla hennar. Er honum hér skipt í tvo kafla og greinatalan aukin nokkuð.

Efnisbreytingar eru þær, að forseti kemur í stað konungs, og aðrar breytingar miðast við það.

II.—VI. kafli stjórnarskrárinnar, hér III.—VII. kafli, er óbreyttur að öllu nema forseti kemur í stað konungs (í 4 greinum) og niður eru felld þau ákvæði, er leiddi af sambandinu við Dani.

Um I.

Um 1. gr.

Hér er sagt, hvert stjórnskipulagið skuli vera. Lýðveldisstjórn kemur í stað konungsstjórnar áður. Eftir sem áður er tekið fram, að stjórnin skuli vera þingbundin, og er það nauðsynlegt m. a. til þess, að þingið haldi rétti sínum til áhrifa á skipun og lausn ráðherra.

Um 2. gr.

Efnisbreyting er sú, að forseti kemur í stað konungs. Þá er og leitazt við að orða betur en áður, hverjir í raun og veru fara með framkvæmdarvaldið.

Um II.

Um 3. gr.

Hér er ákveðið, að sameinað Alþingi kjósi forseta. Hníga sterk rök að þessu, m. a. þau, að á þennan veg verður minni truflun af kosningu nýs forseta en vera mundi, ef hann væri kosinn með alþjóðaratkvæði. Fer einnig vel á því, að Alþingi kjósi forseta, þar sem ætlunin er sú, að það haldi sama valdi á málefnum ríkisins og það hefur haft, og forseti verður því háður þinginu með svipuðum hætti og konungur nú er í framkvæmd.

Um 4. gr.

Ekki þykir hlýða, að yngri maður en 35 ára gamall geti orðið forseti, því að til starfans þarf, auk margs annars, lipurð og mannþekkingu, sem ekki fæst nema með nokkrum aldri. Gert er ráð fyrir, að forseti megi hvorki vera sviptur fjárræði né hafa verið sviptur kosningarrétti til Alþingis með dómi í opinberu máli, en slíkt mundi eigi

verða gert, nema maður hafi framið refsiverðan verknað, svívirðilegan að almenningsáliti. Þessi skilyrði sýnast eigi geta orkað tvímælis. Hitt er e. t. v. hæpnara, hvort rétt sé að krefjast þess af forseta, að hann sé íslenzkur ríkisborgari. Ótækt sýnist þó að krefjast ekki þessa um hina æðstu virðingarstöðu í ríkinu. Enda er hægur hjá, ef Alþingi vill gera þann forseta, sem ekki er ríkisborgari, að veita honum fyrst borgararéttinn með lögum og kjósa hann síðan. Aftur á móti virðist ástæðulaust að krefjast undanfarinnar búsetu af forseta.

Um 5. gr.

Rétt sýnist að gera allstrangar kröfur um fundarsókn og þátttöku í atkvæðagreiðslu, þegar forseti er kosinn. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar sniðin eftir fyrirmælum um kosningu forseta Alþingis.

Um 6. gr.

Álitamál er, til hve langs tíma kjósa skuli forseta. Með því að hafa kjörtímabilið nokkuð langt, skapast líkur fyrir aukinni reynslu forseta í starfinu og truflanir vegna tíðra forsetaskipta verða minni, en hér er lagt til, að kjörtímabil hans verði eigi lengra en 4 ár. Í 11. gr. eru og fyrirmæli um, að losna megi við ófæran forseta, þó að kjörtími hans sé ekki liðinn.

Um 7. gr.

Sjálfsagt sýnist, að sá, sem kosinn er í stað forseta, er deyr eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, sé kosinn til fulls kjörtímabils.

Um 8. gr.

Eðlilegt er, að æðstu handhafar hinna þriggja greina ríkisvaldsins, framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómsvalds, fari með vald forseta, þegar hans nýtur ekki við, og er það hér lagt til.

Um 9. gr.

Bezt fer á því, að forseti gegni yfirleitt ekki öðrum störfum en forsetastarfinu, og er í fyrri mgr. leitazt við að hindra, að hann geri það. Til þess er ætlazt, að forseti megi þó hafa með höndum ólaunuð trúnaðarstörf, t. d. varðandi mannúðarmál o. þ. h. Þá mundi og t. d. vísindamanni vera heimilt að vinna að rannsóknum sínum, rita um þær og taka fé fyrir, skáldsagnahöfundi að rita skáldverk og fá ritlaun o. s. frv.

Fyrri hluti síðari mgr. er hliðstæður því, sem um konung hefur gilt. Síðari hlutinn er aftur á móti nýmæli í íslenzkum lögum. En ákvæðið miðar að því að hindra, að fjárhagslegum þvingunarráðum verði beitt gegn forseta eða Alþingi eftir á reyni með þessum hætti að ná sér niðri á forseta. Með fyrirmælunum er einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði, en engan veginn tryggt, að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur.

Um 10. gr.

Samsvarar því, sem um konung hefur gilt.

Um 11. gr.

Rétt virðist, að forseti og þeir, er störfum hans gegna, séu ábyrgðarlausir á stjórnarathöfnum, eins og konungur hefur verið, enda á valdið eftir sem áður í raun og veru að vera í höndum ráðherra. Hins vegar sýnist ástæðulaust, að forseti sé ábyrgðarlaus, ef svo ólíklega færi, að hann gerði sig sekan um refsiverðan verknað utan embættis síns. Nauðsynlegt er þó að firra forseta óþarfri áreitni, og er því áskilið, að samþykki Alþingis þurfi til þess, að hann verði sóttur til refsingar.

Hugsanlegt er, að þau atvik bæri að höndum, að ótækt sé, að forseti gegni lengur starfa sínum, en hann fáist þó ekki til þess með góðu að láta af honum. Alþingi verð-

ur því að hafa heimild til þess að svipta hann forsetatigninni, en jafnframt verður að búa svo um, að ekki sé hvatvíslega í það ráðizt né ákvörðun um það tekin, nema mikill meiri hluti þingmanna sé því fylgjandi. Þessu er reynt að ná með ákv. 3. mgr.

Um 12. gr.

Sjálfsagt sýnist, að embættisaðsetur forseta sé í höfuðborg landsins, Reykjavík, eða nágrenni hennar. Ákvæðið hindrar auðvitað ekki, að forseti megi hafa sumarbústað o. þ. h. annars staðar.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að efni hin sömu og nú gilda.

Um 14. gr.

Hér segir, að ráðherrar beri ábyrgð á embættisrekstri sínum, þar sem nú er sagt, að þeir beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Breytingin er í samræmi við réttan skilning á núgildandi ákvæði. Að öðru leyti eru fyrirmælin hin sömu og áður.

Um 15.—19. gr.

Efnisbreytingar eru þær einar, sem leiðir af því, að forseti kemur í stað konungs. Að öðru leyti hefur einungis verið vikið við orðum, þar sem svo hefur þótt betur fara.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að efni til hin sömu og nú gilda, en sum ákvæði skýrar orðuð en nú er.

Um 21. gr.

Sú ein breyting er gerð, að forseti kemur í stað konungs.

Um 22. gr.

Í þessari grein er, að forseta undanteknum, einungis um að ræða orðalagsbreytingar frá fyrri ákvæðum.

Um 23. gr.

Hér er orðalagi nokkuð vikið við, en efnisbreyting er sú ein, auk þess, að forseti kemur í stað konungs, að sama þingi má ekki fresta nema einu sinni án samþykkis Alþingis, þar sem áður mátti ekki fresta því nema einu sinni á ári. Það fyrirmæli er óljóst, og sýnist hitt bæði heppilegra að efni og með öllu ótvírætt að formi.

Um 24. gr.

Nokkurs tvímælis hefur þótt orka um það, hvort skylt væri að láta þingkosningar fara fram innan tveggja mánaða frá þingrofi eða hvort nóg væri að auglýsa þær og boða til þeirra innan þessa tíma. Síðari skilningurinn er helgaður af venju, og er hér í samræmi við það þessi tveggja mánaða frestur alveg felldur niður. Í stað þess er ráðherrum, að viðlagðri ábyrgð, gert að skyldu að sjá um, að nýjar kosningar fari fram svo fljótt sem föng eru á, en það, hvað hæfilegur tími skuli teljast í þessu efni, getur mjög farið eftir atvikum hverju sinni, árstíðum o. s. frv. Hinu er haldið, að Alþingi skuli koma saman innan átta mánaða frá þingrofi, enda hefur sá frestur ætíð haft miklu meiri þýðingu en hinn. Í frv. er þó búið enn tryggilegar um en áður, þar sem ætlazt er til, að verði misbrestur á því, að Alþingi verði stefnt til fundar innan þessa frests, þá geti það þegar að honum loknum komið saman af sjálfsdáðum, en fram að þessu hefur verið talið, að það gæti þingið ekki gert fyrr en á hinum reglulega samkomudegi sínum.

Um 25. gr.

Eina efnisbreytingin er sú, að forseti kemur í stað konungs.

Um 26. gr.

Ekki hefur þótt fært að veita forseta algert synjunarvald, eins og konungur hefur haft. Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti, án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef mál er mikilvægt, gæti daglega af synjuninni leitt slíkt ósamkomulag milli forseta og ráðherra, að til ráðherraskipta eða annarra aðgerða Alþingis kæmi.

Um 27. gr.

Hér er boðið, að birta skuli lög, og felst í því, að landslýður skuli ekki fara eftir óbirtum lögum. Gert er ráð fyrir, að um birtingarháttu og framkvæmd laga sé kveðið á í landslögum, og er það réttara en það, sem nú segir, þar sem vitað er, að hvorki birting né almenn framkvæmd laga hefur í raun og veru verið í höndum konungs. Á það skal bent, að brýn nauðsyn er til, að lagaákvæðin um birtingu laga verði endurskoðuð og samin á ný.

Um 28. gr.

Ákvæðin um bráðabirgðalög eru, að konungi undanteknum, óbreytt frá því, sem verið hefur, að öðru leyti en því, að óverulegar orðalagsbreytingar eru gerðar.

Um 29. gr.

Fyrirmælin um niðurfall saksóknar, náðun og almenna uppgjöf saka eru að efni til óbreytt, nema forseti kemur í stað konungs.

Um 30. gr.

Ætlazt er til, að forseti veiti undanþágur frá lögum í stað konungs áður. Á leyfi er ekki sérstaklega minnzt, þar sem þau í þessu sambandi verða trauðlega greind frá undanþágum.

Aðrar greinar frv. þurfa eigi skýringa við.“

Sþ. 2. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og um rétt danskra ríkisborgara, heimilisfastra á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

Alþingi ályktar að lýsa yfir því:

að niður sé fallinn samningur sá, sem fólst í dansk-íslenzkum sambandslögum frá 1918,

að allir danskir ríkisborgarar, sem þegar hafa öðlazt heimilisfesti á Íslandi, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, halda jafnrétti við íslenzka ríkisborgara.

Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Ályktunin tekur gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana af nýju, að afstaðinni þessari atkvæðagreiðslu.

Greinargerð.

Stjórnarskrárnefndin hefur samið framangreinda tillögu og sent stjórninni hana ásamt stjórnarskrárfrumvarpi sínu með bréfi 20. apríl f. á. Stjórnin hefur ákveðið að flytja tillögu þessa óbreytta á Alþingi. Gert er ráð fyrir því, að Alþingi skipi nefnd til að athuga tillöguna, og mun stjórnin þá koma á framfæri tillögu til breytingar á tillögunni, er æskileg kynni að þykja.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við stjórnarskrárfrumvarp það, er stjórnin leggur fram í neðri deild.

Ed. 3. Tillaga til þingsályktunar

um skipun stjórnarskrárnefndar.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Jónas Jónsson, Brynjólfur Bjarnason, Hermann Jónasson.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að íhuga stjórnarskrármálið.

Greinargerð.

Eðlilegt og hagkvæmt þykir, að efri deild kjósi nú þegar nefnd til að íhuga stjórnarskrárfrv. ásamt nefnd þeirri, sem neðri deild kýs til meðferðar frv.

Sþ.

4. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1945 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur	18 000 000	
2. Hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti	5 000 000	
		23 000 000
3. Vörumagnstollur	5 000 000	
4. Verðtollur	23 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	700 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	1 000 000	
		29 700 000
7. Fasteignaskattur	850 000	
8. Lestagjald af skipum	65 000	
9. Bifreiðaskattur	1 000 000	
		1 915 000
10. Aukatekjur	700 000	
11. Stimpilgjald	1 400 000	
12. Vitagjald	300 000	
13. Leyfisbréfagjöld	100 000	
14. Erfðafjárskattur	100 000	
15. Veitingaskattur	250 000	
		2 850 000
Samtals ...	. . .	57 465 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	369000	
2.	— áfengisverzlunar	5000000	
3.	— tóbakseinkasölu	2700000	
4.	— ríkisútvarps	248074	
5.	— ríkisprentsmiðju	175000	
6.	— landssmiðju	95000	
		8 587 074	
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	320 000	
			8 267 074
	Samtals ...	. . .	8 267 074
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		2 400 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	220 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 000 000	
	3. Önnur pósthús	580 000	
	4. Póstflutningar	750 000	
	5. Önnur gjöld	160 000	
	6. Fyrning	10 000	
			2 720 000
	Mismunur (halli) ...		320 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		9 830 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	400 000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifst. landssímans 450000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 1490000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 110000		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 170000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 2100000		
	6. Áhaldahúsið 120000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 330000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 250000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 145000		
	10. Símstöðin á Borðeyri 110000		
	11. Símstöðin í Vestmannaeyjum 140000		
	12. Símstöðin á Siglufirði 175000		
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 750000		
	14. Styrkur til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum 1000		
		6 341 000	

		kr.	kr.
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	200 000	
d.	Viðbót og viðhald stöðva	600 000	
e.	Kostnaður af ferðalögum etc.	20 000	
f.	Viðhald landssímanna	1 600 000	
g.	Framhaldsgjald	160 000	
h.	Til kennslu handa símamönnum	6 000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	6 000	
j.	Ýmis gjöld	25 000	
k.	Fyrning á húsum og áhöldum	90 000	
l.	Burðargjald	13 000	
			9 461 000
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	369 000
	Eignabreytingar landssímans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum		200 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		250 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		50 000
V.	Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar í Vestmannaeyjum		180 000
VI.	Til nýrra landssímalína		300 000
VII.	Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar á Ísafirði		180 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	1 310 000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		6 356 000
II.	Gjöld:		
1.	a. Grunnlaun 194000		
	b. Aukauppbót 54000		
	c. Verðlagsuppbót 368000		
		616 000	
2.	Ýmislegur rekstrarkostnaður	150 000	
3.	Kostnaður við áfengisúthlutun	230 000	
4.	Flutningskostnaður	30 000	
5.	Bankakostnaður	30 000	
6.	Útsvar	300 000	
			1 356 000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	5 000 000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasala ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			3 317 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	98680		
2. Aukauppbót	27238		
3. Verðlagsuppbót	184752		
		310 670	
b. Annar kostnaður		206 330	
c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		100 000	
			617 000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	2 700 000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		1 175 000	
b. Aðrar tekjur		300 000	
			1 475 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	197283		
2. Aukauppbót	53665		
3. Verðlagsuppbót	376423		
		627 371	
b. Útvarpsefni		265 000	
c. Til málfegrunar		10 000	
d. Skrifstofukostnaður		140 000	
e. Húsaleiga, ljós, hiti		72 000	
f. Til útvarpsstöðva		185 000	
g. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		30 000	
h. Óviss útgjöld		25 000	
i. Vextir		17 000	
j. Fyrning á húsum og vélum		50 000	
			1 421 371
		. . .	53 629
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		438 000	
b. Gjöld:			
1. Laun			
a. Grunnlaun	52860		
b. Aukauppbót	14487		
c. Verðlagsuppbót	98770		
	166117		
2. Annar kostnaður	91000		
		257 117	
			180 883

			kr.	kr.
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:			
	a. Tekjur		300 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	54912		
	b. Aukauppbót	15148		
	c. Verðlagsuppbót	104940		
			175000	
	2. Húsaleiga, hiti og ræsting		15000	
	3. Annar kostnaður		107000	
			297 000	
				3 000
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:			
	a. Tekjur		240 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	41420		
	b. Aukauppbót	11555		
	c. Verðlagsuppbót	79463		
			132438	
	2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		16000	
	3. Annar kostnaður		81000	
			229 438	
				10 562
	Fært á 3. gr. A. 4		. . .	248 074
	Eignabreytingar:			
	Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b)		. . .	89 100
	6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			1 500 000
I.	Tekjur (prentvinna)			
II.	Gjöld:			
	1. a. Laun starfsmanna:			
	1. Grunnlaun	39500		
	2. Aukauppbót	5500		
	3. Verðlagsuppbót	64000		
			109000	
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
	1. Grunnlaun	316400		
	2. Verðlagsuppbót	474600		
			791000	
			900 000	
	2. Efnivörur		280 000	
	3. Vélarekstur og viðhald		30 000	
	4. Vextir		6 000	
	5. Annar kostnaður		89 000	
	6. Fyrning		20 000	
				1 325 000
	Fært á 3. gr. A. 5		. . .	175 000

		kr.	kr.
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Vörusala		65 000	
2. Járnsmíðadeild		430 000	
3. Trésmíðadeild		60 000	
4. Járnsteypa		10 000	
			565 000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	48000		
b. Aukauppbót	12000		
c. Verðlagsuppbót	90000		
		150 000	
2. Vextir		40 000	
3. Tap á skuldum		15 000	
4. Annar kostnaður		135 000	
5. Fyrning		130 000	
			470 000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	95 000
8. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	16500		
2. Aukauppbót	4205		
3. Verðlagsuppbót	29558		
		50263	
b. Annar kostnaður		104737	
		155 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		155 000	
9. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	33000		
2. Aukauppbót	9430		
3. Verðlagsuppbót	60645		
		103075	
b. Annar kostnaður		76925	
		180 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		180 000	
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		85 000	
b. Gjöld:			
1. Laun húsvarðar:			
a. Grunnlaun	3600		
b. Aukauppbót	1020		
c. Verðlagsuppbót	6930		
		11550	

		kr.	kr.
2. Vextir	19684		
3. Annar kostnaður	49450		
4. Fyrning	3649		
		84 333	
			667
2. Tekjur af öðrum fasteignum			8 000
Samtals ...		. . .	8 667

4. gr.

	kr.	kr.
Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.		500 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1945 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

	kr.	kr.
Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir		1 500 000

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		150 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 000 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		11 719
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 013 889

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	50000			
2. Aukauppbót	13100			
3. Verðlagsuppbót	74025			
4. Viðbótargreiðsla, 5000 kr. til hvers ráðherra, allt að	25000			
		162125		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
			187 125	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	55200			
2. Aukauppbót	14955			
3. Verðlagsuppbót	105232			
		175387		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	44148			
2. Aukauppbót	12002			
3. Verðlagsuppbót	82225			
		138375		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	90650			
2. Aukauppbót	24582			
3. Verðlagsuppbót	178848			
		294080		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	32372			
2. Aukauppbót	8903			
3. Verðlagsuppbót	60788			
		102063		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	18150			
2. Aukauppbót	4897			
3. Verðlagsuppbót	34571			
		57618		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:				
1. Grunnlaun	33012			
2. Aukauppbót	9197			
3. Verðlagsuppbót	63315			
		105524		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		100000		
			973 047	

			kr.	kr.
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	65400		
	2. Aukauppbót	18030		
	3. Verðlagsuppbót	119715		
			203145	
	b. Annar kostnaður		14000	
				217 145
4.	Ýmis kostnaður:			
	a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		15000	
	b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
	1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200		
	2. Til pappírs og prentunar	70000		
	3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500		
			75700	
	c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		50000	
	d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
				142 746
				1 520 063
II.	Hagstofan:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun		50030	
	2. Aukauppbót		14187	
	3. Verðlagsuppbót		95951	
				160 168
	b. Aukavinna			4 000
d. Ellilaun og örorkubætur	1 180 000	
e. Kostnaðartillag	140 000	
		2 330 000
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 19. og 21 gr. framfærslulaga nr. 135 1935		20 000
5. Styrktar- og sjúkrasjóðir:		
a. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík	6 000	
b. Til hjálparsjóðs verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, gegn þreföldu framlagi annars staðar að	1 000	
c. Til styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði gegn þreföldu framlagi annars staðar að	1 000	
d. Til styrktarsjóðs verkalýðsfélags Akraness gegn þreföldu framlagi annars staðar að	500	
e. Til styrktarsjóðs verklýðsfélags Ólafsfjarðar, gegn þreföldu framlagi annars staðar að	300	
f. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða	1 000	
g. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps	300	
h. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps	300	
i. Til sjúkrasjóðs Mývetninga	250	
j. Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga	300	
k. Til sjúkrasjóðs Engihlíðarhrepps	300	
l. Til styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins í Flatey á Breiðafirði	200	
m. Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellissandi	300	
n. Til styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins á Patreksfirði	200	
o. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri ..	300	
p. Til sjúkrasjóðs verkalýðsfélagsins Skjaldar, Flateyri	300	
q. Til sjúkrasjóðs verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal	300	
r. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líkn í Ögurhreppi	150	
s. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins „Hjálp í viðlögum“ í Reykjarfjarðarhreppi	150	
t. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur	300	
u. Til sjúkrasjóðs Þverárhrepps	200	
v. Til ekknasjóðs Vestmannaeyja	1 000	
		14 650

	kr.	kr.
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík ..... enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.	7 000	
b. Til gamalmennahælis á Ísafirði	3 000	
c. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði	3 000	
d. Til gamalmennahælis í Hafnarfirði	3 000	
e. Til gamalmennahælis á Akranesi	3 000	
f. Til gamalmennahælis í Neskaupstað	3 000	
g. Til gamalmennahælis í Skjaldarvík í Eyjafirði	3 000	
		25 000
7. Til kostnaðar við sumardvöl barna í sveit		150 000
8. Til barnaheimila og barnaverndar		30 000
9. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		70 000
10. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	8 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til fávitahælisins á Sólheimum	12 000	
d. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
e. Til félagsins „Sjálfsbjargar“	2 000	
f. Til mæðrastyrksnefnda, þar af 10000 kr. til sumarheimilis mæðra og 5000 kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur	25 000	
		55 000
11. Til slysavarna		50 000
12. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
13. Bindindisstarfsemi:		
a. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi ..... Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 5000 kr.	40 000	
b. Til sömu, styrkur til húsbygginga, níunda greiðsla af tíu	15 000	
c. Til útbreiðslu bindindis	7 500	
d. Til áfengisráðunautar:		
1. Grunnlaun 3000		
2. Aukauppbót 870		
3. Verðlagsuppbót 5805		
	9 675	
		72 175
14. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands ..... Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.	12 000	
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		15 500
15. Til Íþróttasambands Íslands til bókaútgáfu		6 000
16. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		100 000

	kr.	kr.
17. Til Kvenréttindafélags Íslands		600
18. Til vinnumiðlunar		20 000
19. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
20. Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar		200 000
21. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		375 000
22. Til Bálfararfélags Íslands		35 000
23. Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		5 000
24. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		10 000
Samtals ...	. . .	4 333 925

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Grunnlaun	90 000	
	b. Aukauppbót	27 000	
	c. Verðlagsuppbót	175 500	
			292 500
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	2660,00	
	2. Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari	1000,00	
	3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	640,00	
	4. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1200,00	
	5. Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis	1000,00	
	6. Eiríkur Kjerúlf læknir	1000,00	
	7. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1000,00	
	8. Guðmundur Hannesson prófessor	1200,00	
	9. Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	3403,19	
	10. Halldór Júlíusson, fyrrv. sýslumaður	800,00	
	11. Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	2000,00	
	12. Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	13. Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	14. Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri	1577,14	
	15. Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	1546,80	
	16. Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	1826,67	
	17. Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	2000,00	
	18. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	19. Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	20. Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1000,00	
	21. Sigurður Magnússon, fyrrv. yfirlæknir	2000,00	
	22. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	2000,00	
	23. Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðslæknir	2067,12	
	24. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	535,00	
	25. Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1000,00	
	26. Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	1328,00	
	27. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	700,00	
	28. Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	2000,00	
	29. Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	1500,00	
	30. Þorvaldur Pálsson, fyrrv. héraðslæknir	300,00	
			41 284
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	500,00	
	2. Aðalbjörg Sigurðardóttir	1200,00	
	3. Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	450,00	
	4. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	600,00	
	5. Ásta Einarson	600,00	
	6. Camilla Hallgrímsson	760,00	
	7. Cathinka Sigfússon	1000,00	

		kr.	kr.
8.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1200,00	
9.	Guðbjörg Tómasdóttir, kr. 600, auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	900,00	
10.	Guðlaug Magnúsdóttir	2000,00	
11.	Guðrún Björnsdóttir, læknisekkja ...	600,00	
12.	Harriet Jónsson	450,00	
13.	Helga Finnsdóttir	1200,00	
14.	Hrefna Einarsdóttir	600,00	
15.	Hrefna Jóhannesdóttir 600 kr., auk 300 kr. með hvoru barni í ómegð	1200,00	
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja ..	500,00	
17.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	400,00	
18.	Jenny Forberg	600,00	
19.	Júlíana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	500,00	
20.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ...	600,00	
21.	Magnea Ásgeirsson	200,00	
22.	Margrét Árnadóttir	600,00	
23.	Margrét Björnson	1000,00	
24.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	700,00	
25.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja ..	400,00	
26.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	900,00	
27.	Marie Helgason	2000,00	
28.	Ragna Gunnarsdóttir læknisekkja	600,00	
29.	Ragnheiður Einarsdóttir sýslum.ekkja	600,00	
30.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	800,00	
31.	Rannveig Tómasdóttir	600,00	
32.	Rigmor Ófeigsson	800,00	
33.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja ...	800,00	
34.	Sigríður Blöndal	300,00	
35.	Sigríður Finnbogadóttir	800,00	
36.	Sigríður Fjeldsted	450,00	
37.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	400,00	
38.	Sigrún Bjarnason	600,00	
39.	Sofia Guðmundsson	2000,00	
40.	Soffía Hjaltested	600,00	
41.	Steinunn Frímannsdóttir	450,00	
42.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson ...	500,00	
43.	Theodóra Thoroddsen	1200,00	
44.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	600,00	
45.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ...	400,00	
46.	Þrúður Ingibj. Jónsdóttir	300,00	
			34 460
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Árni Þórarinsson	580,00	
2.	Ásmundur Gíslason	385,00	
3.	Böðvar Bjarnason	1200,00	
4.	Einar Pálsson	730,00	

		kr.	kr.
5.	Einar Thorlacius	355,00	
6.	Halldór Bjarnarson	730,00	
7.	Hallgrímur Thorlacius	595,00	
8.	Ingvar Nikulásson	685,00	
9.	Jón Árnason	745,00	
10.	Jón Norðfjörð Johannessen	460,00	
11.	Kjartan Kjartansson	700,00	
12.	Kristinn Daníelsson	820,00	
13.	Magnús Bjarnarson	655,00	
14.	Matthías Eggertsson	765,00	
15.	Ófeigur Vigfússon	580,00	
16.	Ólafur Magnússon	420,00	
17.	Pálmi Þóroddsson	565,00	
18.	Runólfur Magnús Jónsson	730,00	
19.	Sigtr. Guðlaugsson	3000,00	
20.	Stefán Kristinsson	1000,00	
21.	Theódór Jónsson	1435,00	
22.	Vigfús Þórðarson	685,00	
23.	Þórður Ólafsson	670,00	
24.	Þorvaldur Jakobsson	1275,00	
25.	Þorvarður Þorvarðsson	775,00	
			20 540
d.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Kvaran frá Mælifelli	300,00	
2.	Anna Stefánsdótir frá Stað	200,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	200,00	
4.	Auður Gísladóttir	300,00	
5.	Bergljót Blöndal	200,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	200,00	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	500,00	
8.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	300,00	
9.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00	
10.	Dorothea Guðmundsson	300,00	
11.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	400,00	
12.	Guðbjörg Hermannsdóttir	181,70	
13.	Guðný Þorsteinsdóttir	173,56	
14.	Guðríður Helgadóttir	282,00	
15.	Guðríður Ólafsdóttir	164,26	
16.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	500,00	
17.	Guðrún Jónsdóttir 800 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	2600,00	
18.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 800 kr., auk 300 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	1100,00	
19.	Guðrún Runólfsdóttir	300,00	
20.	Guðrún Torfadóttir	300,00	
21.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	300,00	
22.	Helga Skúladóttir	227,06	
23.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	300,00	
24.	Ingibjörg Magnúsdóttir	300,00	

		kr.	kr.
25.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	300,00	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja .	300,00	
27.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ..	500,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir	500,00	
29.	Margrét Jónasdóttir	300,00	
30.	María Elísabet Jónsdóttir	300,00	
31.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal 800 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1700,00	
32.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja .	500,00	
33.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	300,00	
34.	Sigríður Hansdóttir	385,00	
35.	Sigríður Helgadóttir	300,00	
36.	Sigríður Jóhannesdóttir	300,00	
37.	Sigríður Kjartansdóttir, 800 kr. auk 300 kr. með hverju barna sinna	2000,00	
38.	Sigrún Kjartansdóttir	300,00	
39.	Sigurlaug Knudsen	300,00	
40.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	200,00	
41.	Steinunn Pétursdóttir	300,00	
42.	Vilborg Jónsdóttir	300,00	
43.	Þóra Jónsdóttir	217,28	
44.	Þórhildur Sigurðardóttir	300,00	
			19 531
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00	
2.	Anna Ásmundsdóttir	300,00	
3.	Ásdís Þorgrímsdóttir	300,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	200,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari ...	1200,00	
6.	Einar Hávarðsson	150,00	
7.	Elísabet Jónsdóttir	300,00	
8.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1000,00	
9.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1200,00	
10.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	2250,00	
11.	Hólmfríður Gísladóttir kennslukona ..	500,00	
12.	Ingivaldur Nikulásson kennari	400,00	
13.	Lárus Bjarnason skólastjóri	3600,00	
14.	Lárus Rist kennari	600,00	
15.	Ragnheiður Torfadóttir	400,00	
16.	Samúel Eggertsson	500,00	
17.	Sigurður Sigurðsson	400,00	
18.	Sigurjón Rögnvaldsson	200,00	
19.	Valdimar Snævarr	1648,00	
20.	Viktoría Bjarnadóttir	150,00	
21.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	300,00	
			16 098
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Anína Arinbjarnardóttir	300,00	
2.	Árni Sigurðsson bréfberi	200,00	

			kr.	kr.
3.	Ásgeir Jónsson	400,00		
4.	Baldur Eyjólfsson póstur	400,00		
5.	Björn Jónsson Vestfjarðapóstur	200,00		
6.	Böðvar Jónsson póstur	400,00		
7.	Daníel Sveinsson póstur	200,00		
8.	Eiríkur Sigfússon póstur	200,00		
9.	Eiríkur Steingrímsson póstur	300,00		
10.	Elínborg Vigfúsdóttir, ekkja Einars Runólfssonar póstafgreiðslumanns	400,00		
11.	Friðrik Jónsson póstur	450,00		
12.	Guðbjörg Ólafsdóttir, ekkja G. Kristjánssonar pósts	300,00		
13.	Guðjón Hermannsson póstur	300,00		
14.	Guðlaugur Sigmundsson póstur	500,00		
15.	Guðmundur B. Árnason bréfberi	300,00		
16.	Guðmundur Bergsson	1200,00		
17.	Guðm. Kristjánsson póstur	300,00		
18.	Guðmundur Ólafsson póstur	500,00		
19.	Guðrún Snorradóttir póstsekkja	200,00		
20.	Hafliði Sveinsson	300,00		
21.	Halla Árnadóttir póstsekkja	300,00		
22.	Halldór Benediktsson póstur	200,00		
23.	Hedvig Blöndal, ekkja Óla Blöndals póstritara	300,00		
24.	Ingibjörg Sigurðardóttir póstafgr.kona	600,00		
25.	Jóhann B. Jensson póstur	300,00		
26.	Jóhanna Þ. Jónsdóttir póstsekkja	200,00		
27.	Jóhanna Thorlacius póstmannsekkja	300,00		
28.	Jón Jónsson, póstur í Galtarholti	700,00		
29.	Kjartan Þorkelsson, fyrrum póstafgrm. og matsmaður	300,00		
30.	Kristinn Árnason póstur	250,00		
31.	Kristján Albert Bjarnason póstur	300,00		
32.	Kristján Jónsson póstur	200,00		
33.	Loftur Ólafsson póstur	600,00		
34.	Magnús Einarsson póstur	300,00		
35.	María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenss.	300,00		
36.	Njáll Guðmundsson póstur	300,00		
37.	Ólafía Finnbogadóttir póstsekkja	200,00		
38.	Ólöf Gunnarsdóttir, ekkja Árna Sigbjörnssonar pósts	200,00		
39.	Ragnheiður Bjarnadóttir, ekkja Þorleifs Jónssonar	1000,00		
40.	Ragnheiður Straumfjörð	300,00		
41.	Sigríður Guðmundsdóttir póstsekkja	300,00		
42.	Sigríður Sigurðardóttir póstsekkja	200,00		
43.	Sigríður Snæbjörnssen	500,00		
44.	Sigríður Steingrímsdóttir, Árnanesi, ekkja Sigurðar Péturssonar pósts	200,00		
45.	Sigurður Benediktsson póstur	300,00		
46.	Sigurður Sumarliðason póstur	200,00		

			kr.	kr.
47.	Sigurjón Sumarliðason póstur	700,00		
48.	Solveig Árnadóttir póstsekkja	300,00		
49.	Stefán Þorvaldsson póstur	400,00		
50.	Sumarliði Guðmundsson póstur	500,00		
51.	Tryggvi Hallgrímsson póstur	200,00		
52.	Vésteinn Árnason póstur	200,00		
53.	Þóra Matthíasdóttir Skaftason	300,00		
54.	Þórdís Ívarsdóttir póstsekkja	200,00		
55.	Þorlákur Þorláksson póstur	200,00		
56.	Þorsteinn Þorsteinsson póstur	400,00		
57.	Þórunn Sigurðardóttir	300,00		
58.	Þuríður Einarsdóttir póstsekkja	200,00		
			20 100	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi		2 000	
h.	Ólafur Friðriksson		1 800	
i.	Dr. Helgi Péturss		6 000	
j.	Séra Guðmundur Einarsson		2 000	
k.	Sigurjón Friðjónsson		1 000	
l.	Páll E. Ólason dr. phil. enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.		7 200	
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur		5 550	
n.	Guðm. Finnbogason dr. phil.		6 753	
o.	Páll Sveinsson yfirkennari		3 595	
p.	Árni Thorsteinsson tónskáld		3 000	
q.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
	1. Anna Pálsdóttir 600 kr., auk 300 kr. með hvoru fósturbarna sinna	1200,00		
	2. Arnbjörg Einarsdóttir	300,00		
	3. Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
	4. Gíslína Kvaran	600,00		
	5. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	600,00		
	6. Ólína Þorsteinsdóttir	500,00		
	7. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	500,00		
	8. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	500,00		
	9. Sigurlaug G. Gröndal	400,00		
	10. Valborg Einarsson	1000,00		
	11. Valgerður Benediktsson	2400,00		
	12. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar	600,00		
			9 800	
r.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir	300,00		
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	300,00		
	3. Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	300,00		
	4. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	300,00		
	5. Arndís Sigurðardóttir	300,00		
	6. Árni Gíslason yfirfiskimatsmaður	1000,00		
	7. Árni G. Þóroddsson, fv. fiskimatsmaður	400,00		
	8. Ásgeir Jónsson, Gottorp	300,00		

			kr.	kr.
9.	Ásta Þorvaldsdóttir	300,00		
10.	Bjarni Grímsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
11.	Bjarni Magnússon fangavörður	300,00		
12.	Björg Guðmundsdóttir	400,00		
13.	Björn Einarsson	2000,00		
14.	Björn Eymundsson hafnsögumaður	1000,00		
15.	Björn Jónasson fiskimatsmaður	350,00		
16.	Davíð Gíslason	600,00		
17.	Eggert Brandsson, sjómaður	1200,00		
18.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari	2000,00		
19.	Einar Straumfjörð, fyrrv. vitavörður, vegna örorku	1000,00		
20.	Eiríkur Eiríksson, fyrrv. fiskimatsm.	300,00		
21.	Erlendur Erlendsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
22.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00		
23.	Gestur Guðmundsson, fyrrv. vitavörður	400,00		
24.	Gestur Sigurðsson leiðsögumaður	300,00		
25.	Gísli Jónsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
26.	Gróa Dalhoff	800,00		
27.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	300,00		
28.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00		
29.	Guðbrandur Þorsteinsson vitavörður	400,00		
30.	Guðfinna Þórðardóttir vitavarðarekkja	300,00		
31.	Guðlaugur Hansson lýsismatsm.	400,00		
32.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	1500,00		
33.	Guðmundur Einarsson fiskimatsmaður	300,00		
34.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	300,00		
35.	Guðmundur Finnsson fiskimatsmaður	300,00		
36.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1200,00		
37.	Guðmundur Gissurarson, fv. fiskimatsm.	400,00		
38.	Guðmundur Kr. Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsmaður	400,00		
39.	Guðmundur Ólafsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
40.	Guðmundur Pétursson nuddlæknir	500,00		
41.	Guðríður Eiríksdóttir	500,00		
42.	Guðrún Egilson	2000,00		
43.	Guðrún Ragúels	300,00		
44.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00		
45.	Halldóra Þórðardóttir	600,00		
46.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	800,00		
47.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	600,00		
48.	Hlín Johnson	1200,00		
49.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	300,00		
50.	Hólmgeir Jensson	300,00		
51.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	300,00		
52.	Ingibjörg Jakobsdóttir	300,00		
53.	Ingibjörg Loftsdóttir ljósmóðir	300,00		
54.	Jóhann Gíslason, fv. fiskimatsmaður	400,00		
55.	Jóhannes Guðmundsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
56.	Jóhannes Jörundsson, Hrísey	1200,00		

			kr.	kr.
57.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	600,00		
58.	Jón Sigurðsson fiskimatsmaður	300,00		
59.	Jón Sverrisson, fv. yfirfiskimatsm. ...	1000,00		
60.	Jónas Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður .	300,00		
61.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	600,00		
62.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	300,00		
63.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	300,00		
64.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	600,00		
65.	Kristín Pálsdóttir vitavarðarekkja	500,00		
66.	Kristján Ingimundarson, fv. fiskimatsm.	300,00		
67.	Kristján Þorláksson vitavörður	400,00		
68.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
69.	Kristólína Kragh	300,00		
70.	Lára Bjarnadóttir	400,00		
71.	Magnús Magnússon dyravörður	500,00		
72.	Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans	2400,00		
73.	Magnús Magnússon, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
74.	Margrét Ásmundsdóttir	400,00		
75.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
76.	Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja .	300,00		
77.	Marsibil Sigurðardóttir fiskimatskona .	300,00		
78.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	500,00		
79.	Matthías Þórðarson frá Móum	1200,00		
80.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	600,00		
81.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	1000,00		
82.	Ólafur Ketilsson	500,00		
83.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	500,00		
84.	Petrea Jónsdóttir	300,00		
85.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
86.	Rósa Jónsdóttir vitavarðarekkja	200,00		
87.	Runólfur Magnússon, fv. fiskimatsm. .	300,00		
88.	Runólfur Pétursson, innhm.	600,00		
89.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	700,00		
90.	Sigríður Gísladóttir	300,00		
91.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	300,00		
92.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	300,00		
93.	Sigurður Jóakimsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
94.	Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskimatsm.	300,00		
95.	Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	400,00		
96.	Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	400,00		
97.	Sigurður Níelsson	1000,00		
98.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav. ..	1000,00		

		kr.	kr.
99.	Sigurjón Björnsson, fv. fiskimatsm. ..	400,00	
100.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona ..	500,00	
101.	Tómas Gunnarsson, fv. fiskimatsm. ..	300,00	
102.	Tómas Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	300,00	
103.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	500,00	
104.	Vigfús Sigurðsson, fyrrv. vitavörður	300,00	
105.	Þóra Sigurðardóttir	300,00	
106.	Þorsteinn Gíslason fiskimatsmaður ..	300,00	
107.	Þorvaldur Þorvaldsson fyrrv. fiskimatsmaður	300,00	
			57 900
s.	Dýrtíðaruppbót samkv. 22. gr. III.		65 000
t.	Aukauppbót		97 000
u.	Verðlagsuppbót		632 000
			1 052 611
	Samtals ...		. . . 1 345 111

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 250 000 kr.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	300 000	
2. — 3. — B.	3 649	
3. — 9. —	2 170	
4. — 10. —	2 046	
5. — 11. —	5 300	
6. — 12. —	69 500	
7. — 13. —	186 000	
8. — 14. —	15 866	
9. — 15. —	4 350	
		588 881
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		617 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		70 000
Samtals	. . .	1 285 881
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán	1 500 000	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) 200000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 4.) 89100		
	289 100	
		1 789 100
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)		1 110 000
III. Til að gera nýja vita		350 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		100 000
V. Til byggingar sjómannaskóla		500 000
VI. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10 000
Samtals	. . .	3 859 100

21.
I. Rekst

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		57 465 0
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		8 267 0
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		8 0
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		500 0
5. gr.	Óvissar tekjur		100 0
	Samtals ...	. . .	66 340 7

II Sj

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	66 340 7
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	588 8
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	617 0
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 0
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	70 0
	Samtals ...	67 626 0

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		1 500 000
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		150 000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 013 889
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		2 445 831
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	4 663 768	
—	B.	Opinbert eftirlit	603 716	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	2 189 644	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	660 000	8 117 128
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		6 588 424
13. gr.	A.	Vegamál	9 070 120	
—	B.	Samgöngur á sjó	2 341 970	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	2 166 500	
—	D.	Flugmál	200 000	13 778 590
14. gr.	A.	Kirkjumál	1 932 743	
—	B.	Kennslumál	10 602 699	12 535 442
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	1 423 055	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	1 387 120	2 810 175
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	6 165 188	
—	B.	Sjávarútvegsmál	540 000	
—	C.	Iðnaðarmál	634 350	7 339 538
17. gr.		Til félagsmála		4 333 925
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		1 345 111
19. gr.		Óviss útgjöld		250 000
		Rekstrarafgangur		4 132 688
		Samtals ...	. . .	66 340 741

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	62 208 053
		Aðrar útborganir:	
20. gr.	I.	Afborganir lána	1 789 100
—	II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	1 110 000
—	III.	Til að gera nýja vita	350 000
—	IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins	100 000
—	V.	Til byggingar sjómannaskóla	500 000
—	VI.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10 000
		Greiðslujöfnuður	1 559 469
		Samtals ...	67 626 622

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1945 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.
II. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.
III. Að greiða á árinu 1945 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1944.
IV. Að greiða dr. Eiríki Albertssyni, presti á Hesti, full embættislaun, ef hann sakir heilsubrests verður að láta af embætti.
V. Að greiða Jakobi Jóh. Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1944—1945, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.
VI. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samskotum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1944 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Sökum þess, að Alþingi hefur nú verið kvatt til reglulegs fundar fyrr en venjulega, hefur reynzt ógerlegt að undirbúa fjárlagafrumvarp á þann hátt, er æskilegt væri. Auk þess er ekki unnt að áætla heilu ári fyrir fram tekjur og gjöld ársins 1945 þannig, að slík áætlun fari nokkuð nærri lagi. Hefur því verið horfið að því ráði að leggja fram frumvarp, sem að mestu leyti byggist á núverandi fjárlögum, til þess eingöngu að fullnægja þeim ákvæðum 38. gr. stjórnarskrárinnar, að fjárlagafrumvarp skuli lagt fram í byrjun hvers reglulegs þings.

Ríkisstjórnin áskilur sér því rétt til síðar á þinginu að leggja fram nýtt fjárlagafrumvarp, þegar nægilegur undirbúningur hefur farið fram um áætlun á væntanlegum tekjum og gjöldum ársins 1945.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á nauðsynlegri fyrirgreiðslu vegna vélskipasmíða innan lands.

Flm.: Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Guðm. Í. Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Barði Guðmundsson, H. Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar, í samráði við milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, fara fram grandgæfilega athugun á því, hvaða orsakir eru til þess, hve vélskipasmíðar innan lands eru dýrar í samanburði við, hvað þær kosta í öðrum löndum, og hverjar ráðstafanir þarf að gera, svo sem um lækkun á

flutningsgjöldum, niðurfellingu á tollum og þess háttar, til þess að skipasmíðar innan lands geti haldið áfram.

Kostnaður við athugun þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þrátt fyrir stöðugt vaxandi örðugleika á að fá efni til vélskipasmíða og vélar í skipin, ásamt gífurlegum og vaxandi flutningskostnaði, hefur vélskipasmíðum hér á landi verið haldið áfram fram á þennan tíma, eftir því sem ástæður hafa leyft. Hafa margir áhugamenn klifið þrítugan hamarinn til þess að eignast skip og ríkissjóður á s. l. ári sýnt þessari merku viðleitni viðurkenningu með því að verja um 2 millj. króna í styrk til þessara skipasmíða. Þrátt fyrir ríkisstyrkinn hafa skip þessi orðið eigendunum mjög dýr eða um 10 þús. kr. rúmlestin eða jafnvel enn dýrari. Réðust menn þó í þennan mikla kostnað, enda var eigi völ á að fá skip smíðuð í öðrum löndum.

Nú hefur hins vegar, sbr. bréf frá stjórnarfulltrúa Svía hér í Rvík, dags. 30. nóv. f. á., sem prentað er hér á eftir sem fskj. I., orðið á því sú breyting, að Svíar munu fáanlegir til þess að smíða fyrir Íslendinga nokkra tugi vélskipa úr tré fyrir miklu lægra verð en hér er fáanlegt eða um 4000 kr. rúmlestina. Er þá ótalinn kostnaður við eftirlit með smíði skipanna og við að koma þeim heim, enda er það eigi unnt fyrr en breyting verður á ófriðnum. Kostnaður við smíði tréskipa í Bandaríkjum Norður-Ameríku er, eftir því sem næst verður komizt, um 6000 kr. á rúmlest, og lítur eigi út fyrir, að miklir möguleikar séu á að fá skip smíðuð þar.

Þar eð skipastóll okkar hefur hrörnað mjög, síðan ófriðurinn hófst, verður að neyta allra ráða til þess að auka hann á ný. Horfir því hugur manna, sem vonlegt er, til þess að fá skip smíðuð í Svíþjóð í þeirri von að fá þau innan skamms. Hins vegar virðast menn jafnframt hafa misst sjónar á hinni innlendu skipasmíði og nauðsyn þess, að henni verði haldið áfram. Þetta er mjög varhugavert. Margir menn stunda nú tréskipasmíði víðs vegar um land, og hin innlendu skip eru vel og traustlega smíðuð. Jafnframt því, sem nota ber möguleika til þess að fá skip erlendis, þarf þess vegna að fara fram ýtarleg athugun á því, hvaða ráðstafanir þarf að gera til þess að nota okkar eigin smiði til þess að smíða skip handa okkur. Mörgum kann að virðast þetta ókleift, vegna þess hve mikill mismunur er á því að smíða skip hér og í Svíþjóð, en flm. telja, að svo sé eigi, ef nægilegur vilji sé til þess á Alþingi að greiða fyrir skipasmíðum innan lands.

Beinar styrkveitingar úr ríkissjóði til skipasmíða voru að vísu nauðsynlegar á s. l. ári og geta orðið það framvegis, en hitt er þó engu síður nauðsynlegt, að menn geri sér tafarlaust grein fyrir, hvað geri hina innlendu skipasmíði óhæfilega dýra. En það eru fyrst og fremst hin gífurlegu flutningsgjöld á öllu, er til skipasmíða þarf.

Samkvæmt athugun, er Bárður G. Tómasson, skipaverkfræðingur á Ísafirði, gerði og prentuð er hér á eftir sem fskj. II., er flutningskostnaður, vátrygging, stríðstrygging og tollar á efni í 15 rúmlesta mótorbát nú kr. 45 296.00 miðað við kr. 1 831.00 árið 1938 eða kr. 43 465.00 hærri en þá miðað við Norðurland. En 15 smálesta vélbátur kostaði þá sem næst kr. 23 000.00, seglbúinn og með vél.

Þessi hækkun ein nemur um kr. 3 000.00 á smálest í hverri nýbyggingu, og mun þá álagning ekki talin með.

Flm. telja brýna nauðsyn bera til, að hið opinbera hlaupi undir bagga um lækkun flutningsgjalda, stríðstrygginga o. fl., enn fremur, að hagkvæm, álagningarlaus innkaup verði gerð og ýmis önnur aðstoð veitt og muni þá vera unnt að tryggja, að innlendar skipasmíðar haldi áfram með fullum krafti. En til þess þarf Alþingi að bregða við með skjótar og öruggar ráðstafanir.

Fylgiskjal I.

KUNGL. SVENSKA BESKICKNINGEN

Reykjavík, 10. nóv. 1943.
Nr. 267.

Herra alþingismaður.

Hinn 18. marz í fyrra sendi ég eftir beiðni yðar símskeyti til Stokkhólms með fyrirspurn um, hvort hægt væri að fá smíðaða fyrir íslenzka ríkið, ef til kæmi, 50—100 fiskibáta, 15—100 smál. að stærð. Ég fékk þá það svar, að þetta væri ekki unnt, m. a. vegna skorts á efni.

Fyrir tveim mánuðum spurðist ég á ný fyrir um í Stokkhólmi, hvort ástæðurnar hefðu batnað og hvort möguleikar væru nú á að fá smíðaða nokkra fiskibáta. Þetta símskeyti sendi ég eftir annarri beiðni til mín (Emils Jónssonar).

Í gær fékk ég svar á þá leið, að nú væri hægt að verða við óskum Íslendinga um smíði skipa, það er að segja fiskiskipa úr tré með tré eða járnböndum. Það lítur út fyrir, að þegar í stað væri hægt að semja um 45 slík skip og að viðkomandi sé reiðubúinn að ræða um smíði fleiri skipa síðar. Væntanlegir kaupendur ættu að setja sig í samband við félagið Sveriges Mindre Varv í Gautaborg.

Ég væri mjög þakklátur fyrir að fá að vita, hvort þér hafið enn sama áhuga á þessu máli.

Með mjög mikilli virðingu.

Otto Johansson.

Fylgiskjal II.

Mismunur á flutningskostnaði á efni frá Ameríku 1943 og á efni frá Norðurlöndum 1938 í 15 rúmlesta fiskibát.

	Frá Ameríku 1943.	Frá Norðurl. 1938.	Mismunur.
800 teningsfet eik	23800.00	800.00	23000.00
200 teningsfet fura	3976.00	161.00	3815.00
1000 kíló legufæri	1080.00	43.00	1037.00
Boltar, saumur og smíðajárn ..	1080.00	43.00	1037.00
Skipsbúnaður og fleira	2400.00	96.00	2304.00
Vél	12960.00	688.00	12272.00
Samtals	45296.00	1831.00	43465.00

45296 : 1831 = 25-faldur kostnaður.

Tollar eru reiknaðir með í báðum tilfellum, en sjó- og stríðstrygging er ekki tekin með á flutningi frá Norðurlöndum, enda var sá liður ekki teljandi.

Þótt um stærra skip væri að ræða, mundi hlutfallið verða svipað.

Tölur þessar eru teknar eftir þeim beztu heimildum, sem ég hef getað aflað mér um farmgjöld og annað.

Ísafirði, 6. janúar 1944.

B. G. Tómasson.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmakslauna fiskimanna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um, hvernig tryggja megi fiskimönnum, sem ráðnir eru fyrir aflahlut, og smáútvegsmönnum öruggari afkomu og sambærileg launakjör við aðrar vinnandi stéttir í landinu.

Nefndin skal gera tillögur um:

1. Tryggingarstarfsemi, er kostuð sé með framlögum frá útgerðinni og ríkinu, til þess að tryggja hlutarfiskimönnum og smáútvegsmönnum ákveðin lágmarkslaun.
2. Framlög úr ríkissjóði til að tryggja fiskimönnum lágmarkslaun, þar til tryggingarnar taka til starfa, og reglur um, hvernig greiðslum þessum skuli hagað.

Þessu verki skal nefndin hafa lokið og ríkisstjórnin hafa lagt þær tillögur hennar, sem að því lúta, fyrir Alþingi eigi síðar en 1. maí 1944.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Tilnefnir Alþýðusamband Íslands einn nefndarmanna, Fiskifélag Íslands annan, en hinn þriðji skal skipaður án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga, sem í aðalatriðum var samhljóða þessari, var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Tillögunni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Eins og nú er komið málum, munu hlutarráðnir fiskimenn og smáútvegsmenn hinna stærri fiskibáta vera verst launaðir allra atvinnustétta landsins. Orsakir hinna lágu launa þessara aðila eru ýmsar, en þær, sem mestu skipta, eru hinn sívaxandi útgerðarkostnaður, en þó fastbundið fiskverð, óréttlátur fisksölusamningur, sem gerir engan verðmun á hinum góða og dýrmæta smábátafiski og verðminni fiski stórútgerðarinnar, eins og ufsa, og auk þessa er svo það, að smáútgerðin býr við mjög ófullkomin framleiðslutæki. Ríkisvaldinu, sem hefur samið um hlutfallslega óhagstæðara fiskverð fyrir smáútveginn en stórútgerðina og fastbundið fiskverðið með samningi án þess þó að geta fyrirbyggt sívaxandi dýrtíð, ber skylda til að hlaupa undir bagga með fiskimönnum þeim, sem harðast verða úti í þessu sambandi. Alþingi hefur þegar gert ráðstafanir til þess að tryggja bændum samsvarandi kaup og öðrum vinnandi stéttum, og var það réttmætt og sjálfsagt.

En þörfin til hliðstæðrar aðstoðar við fiskimennina er engu minni.

Fyrir nokkrum vikum stóð yfir hér í Reykjavík sjómannaráðstefna á vegum Alþýðusambands Íslands. Á þessari ráðstefnu gerðu sjómennirnir samþykkt um að hefja nú baráttu fyrir lágmarkskauptryggingu til handa öllum hlutarráðnum fiskimönnum.

Krafa sjómannaráðstefnunnar var, að hverjum hlutarmanni væri tryggð laun, sem samsvara ¾ af launum verkamanna. Hér er um mjög eðlilega og réttláta kröfu að ræða. Fiskimennirnir, þeir sem fyrst og fremst skapa þjóðarauðinn, hljóta að krefjast einhverra lágmarkslauna. Þeir geta ekki unað við þau smánarkjör, sem ýmsir þeirra hafa þurft að búa við hin síðustu ár, og það við mikla og erfiða vinnu.

Það er ekki krafa fiskimanna, að þeim verði framvegis greiddar launabætur úr ríkissjóði, heldur er hitt þeirra aðalkrafa, að Alþingi hlutist til um, að upp verði komið tryggingarstarfsemi, sem verði bakhjallur þess, að þeir geti örugglega fengið sína lágmarkskauptryggingu hverju sinni. Það er öllum ljóst, að mjög verulegur hluti útgerðarinnar getur staðið undir réttmætri lágmarkstryggingu á kaupi hlutarmanna sinna, en það er líka öllum jafnljóst, að nokkur hluti útgerðarinnar, þ. e. smáútgerðin, getur í ýmsum tilfellum, eins og nú er högum háttað, ekki risið undir lágmarkstrygg-

ingunni. Það er af þessum ástæðum, sem það er óhjákvæmilegt að koma upp sameiginlegri tryggingu, sem kæmi til hjálpar, eftir ákveðnum reglum, þar sem nauðsynlegt reyndist að greiða laun umfram hlutinn til uppfyllingar á lágmarkstryggingunni.

Fyrri liður þessarar till. er um það, að ákveðin nefnd skuli gera tillögur til þingsins um, hvernig þessum málum verði sem bezt fyrir komið.

Síðari liður till. er aftur á móti um, að nefndin geri tillögur um reglur, sem fiskimenn skulu styrktir samkvæmt úr ríkissjóði, þar til tryggingarstarfsemi sú, sem fyrri liður till. gerir ráð fyrir, kemur til framkvæmda."

Nd. 7. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00, gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2000000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði, en leigumálar þeir, sem nú eru í gildi, haldast eftir því, sem samningar um lóðaleigu standa til.

6. gr.

Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigjenda þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti lóðaeigendanna, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir lóðaeigendur, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaeigenda, eftir því sem um semst. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

Ef lóðarleigjandi tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð í næstu 10 ár.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem ekki fékk afgreiðslu á síðasta þingi, flutti ég þá eftir tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar, og fylgdi frv. þá greinargerð frá bæjarstjórninni, og vísa ég til hennar um rök fyrir málinu. Sjávarútvegsnefnd Nd. gerði á frv. nokkrar breytingar, og voru þær gerðar að nokkru í samráði við bæjarstjórann á Siglufirði og nokkra bæjarfulltrúa. Frv. þetta er samhljóða frv. á fyrra þingi, eins og það var afgreitt við 3. umr. í Nd., þó hef ég tekið tillit til nokkurra smábreytinga, sem sjávarútvegsnefnd Ed. bar fram. Hins vegar hef ég ekki viljað taka upp þær tvær breytingartillögur sjávarútvegsnefndar Ed., sem felldu niður 5. mgr. 5. gr. og 6. gr. frv., vegna þess að bæjarstjórn Siglufjarðar er þeim breytingum andvíg og telur, að með þeim sé höfuðtilgangur frv. ónýttur, en hann er sá að gera hafnarsjóði Siglufjarðar fært að ráðast í stórframkvæmdir á innri höfninni á Siglufirði, sem vitamálastjóri hefur að tilhlutun bæjarstjórnar Siglufjarðar gert áætlanir um. Það er von bæjarstjórnar Siglufjarðar og Siglfirðinga almennt, að þingið afgreiði þetta mál sem líkast því sem sjávarútvegsnefnd Nd. gekk frá því á síðasta þingi.

Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á möguleikum til magnesiumframleiðslu úr sjó.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja rannsóknir um möguleika á því að framleiða í stórum stíl hér á landi magnesium úr sjó. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari fluttum við flm. á síðasta þingi, en hún kom þá ekki til umræðu. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðustu árum hefur notkun magnesiummálma rutt sér mjög til rúms. Flugvélar og önnur farartæki og áhöld af margvíslegustu gerð eru nú meir og meir smíðuð úr magnesium, blönduðu öðrum málmum. Er það spá margra, að léttu málmarnir, aluminium og magnesium, muni á næstu árum útrýma þungum málmum, svo sem járni og kopar, úr mörgum iðngreinum. Magnesiumframleiðsla hefur víðast stóraukizt upp á síðkastið, enda er það mun þolnara, miðað við þyngd, en aðrir málmar, sem til greina koma. Eru mestu líkur til þess, að þessi iðnaður eigi sér glæsilega framtíð.

Þær framleiðsluaðferðir, sem vinna málminn úr sjávarvatni með aðstoð rafmagnsstraums, eru nú taldar líklegastar til frambúðar. Hráefni þau, sem til framleiðslunnar þarf, eru sjór, kalk og, eins og áður var sagt, rafmagn.

Hér á landi eru, sem kunnugt er, óvenjugóð skilyrði til framleiðslu rafmagns. Kalk er hér til víða við land í skeljasandslögum, og um sjóinn þarf ekki að spyrja. Er því líklegt, að þessi iðnaður mundi henta vel íslenzkum staðháttum. Það virðist því æskilegt, að aflað verði upplýsinga um nýjustu vinnsluaðferðir á magnesium og möguleika fyrir því að öðru leyti, að slíkur iðnaður yrði tekinn upp hér."

Nd. 9. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 52 12. febr. 1940.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

a. Á eftir orðunum „telst þar til" í fyrstu málsgr. 1. gr. laganna bætist inn í: húsnæði, fatnaður, ljós, hiti o. s. frv.

b. Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:

Skal atvinnumálaráðuneytið skipa sérfróða nefnd, sem í byrjun hvers fjárhagsárs, að fengnum tillögum framfærslunefnda og sveitarstjórna, gerir áætlun um nauðsynlega framfærslu heimilis samkv. gildandi verðlagi á hverjum stað, og birtir sundurliðaða skrá yfir framfærslukostnað, er hún telur fjölskyldum nægilegan á hverjum stað og farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa, og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður samkvæmt skránni. Að minnsta kosti tvær konur skulu jafnan eiga sæti í nefnd þessari, og skal önnur þeirra jafnan vera reynd húsmóðir.

2. gr.

Orðin „enda hafi hún foreldraráð yfir þeim" í 1. mgr. 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar framfærsluþurfi að búa utan heimilis framfærslumanns, og skal hann þá fá af almannafé svo sem 1. gr. ákveður. Viðkomandi lögreglustjóri úrskurðar síðan og innheimtir greiðslu þessa hjá framfærslumanni að nokkru eða öllu leyti, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns. Úrskurði yfirvalds í þessu efni má skjóta til stjórnarráðsins.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Yfirvald ákveður, þar sem framfærslumaður á heima eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

6. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Fráskilin kona á rétt á að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt, en heimilt er þó sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðila breytast, þó svo, að aldrei sé greitt minna en meðalmeðlag með börnunum.

7. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Framfærslumaður eða ríki á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og hjú, skipverji og iðnnemi, ef þau neyta eigi réttar síns.

8. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Landið er eitt framfærsluhérað, og á sérhver íslenzkur ríkisborgari rétt á framfærslu í dvalarsveit sinni.

9. gr.

13., 14. og 15. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

10. gr.

Í stað orðsins „meðlagsúrskurði“ í 1. málsgr. 16. gr. laganna komi: samningi.
Alls staðar þar, sem stendur „meðalmeðlag“ í greininni komi: meðalmeðgjöf.

11. gr.

17. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Í stað orðanna „í heimilissveit sinni“ í 19. gr. laganna komi: hér á landi.

13. gr.

Við 21. gr. laganna bætist: og kemur ekki til niðurjöfnunar samkv. þessum lögum.

14. gr.

a. Í stað síðari málsl. 23. gr. laganna komi:
Sama rétt á og kona öryrkja og manns, sem þjáist af langvarandi sjúkdómi og nýtur eiga dagpeninga úr sjúkrasamlagi, og enn fremur kona manns, sem dvelur langdvölum í fangelsi eða á vinnuhæli.

b. Við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skal konan leggja fram skriflega umsókn og fylgja henni skýrsla gefin af henni sjálfri. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita umsagnar um skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

15. gr.

Á eftir orðunum í 24. gr. „hljóða á nafn hinna yngstu“ komi: Heimilt er að úrskurða meðlag allt að því ár aftur í tímann, ef fjárhagsástæður eru þannig, að þess gerist þörf.

16. gr.

Í stað „ekkjunnar“ í 24. gr. og „ekkjan“ í sömu gr. laganna komi: konunnar og konan.

17. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Meðlög með börnum samkvæmt úrskurði og barnsfararkostnaður skal greiðast af lögreglustjóra þar, sem úrskurðinum er framvísað. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess krafizt. Meðlagsúrskurðir og barnsfararkostnaður koma eigi til niðurjöfnunar samkv. lögum þessum.

18. gr.

Aftan við 28. gr. laganna bætist: í umboði stjórnarráðsins.

19. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal vera framfærslunefnd, skipuð 5 mönnum, til að annast framkvæmdir framfærslumálanna í kaupstaðnum.

Í Reykjavík kýs fulltrúaráð verklýðsfélaganna einn mann og verklýðsfélögin í kaupstöðum annars staðar einn mann. Bæjarstjórn kýs þrjá menn hlutbundnum kosningum. Ráðuneytið tilnefnir einn mann til jafnlangs tíma og nefndarmenn eru kosnir, og er hann formaður nefndarinnar.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Í kaupstöðum skal nefndin vera launuð.

20. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að stofna framfærslunefnd, er skipuð sé þrem mönnum, tveim kosnum hlutfallskosningu af hreppsnefnd og formanni, er ráðuneytið skipar.

21. gr.

Aftan við 2. mgr. 32. gr. laganna bætist:

Á sama hátt er hverjum einstökum meðlim framfærslunefndar heimilt að áfrýja úrskurði meiri hluta nefndarinnar.

22. gr.

Í stað orðanna „sveitarfélagi sínu“ í síðari málsgr. 33. gr. laganna komi: framfærslustjórn.

23. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun og framkvæmd framfærslumála á hverjum stað. Meðal annars skal tiltekið í þeirri reglugerð, hvaða kröfur skuli gerðar til heimila og stofnana, sem taka að sér börn og aðra styrkþega, hvernig eftirliti skuli hagað með gamalmennum, börnum og sjúklingum o. s. frv.

24. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá senda framfærslunefnd eða sveitarstjórn skriflega beiðni, þar sem greinir frá ástæðum og heimilishögum

hans, atvinnu, ómagafjölda, heilsufari, eignum og skuldum. Er honum skylt að greina rétt frá högum sínum að viðlögðum drengskap. Skal ráðherra láta gera eyðublöð fyrir þessar umsóknir og senda framfærslunefndum og sveitarstjórnum.

Framfærslustyrkur skal greiddur í peningum, nema styrkþegi óski annars. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera gott og heilsusamlegt að dómi héraðslæknis.

Styrkþega skal heimilt að velja sér húsnæði eða dvalarstað sjálfur, ef kröfur hans fara ekki fram úr því, sem heilbrigðisnefnd telur sanngjarnt, enda hafi framfærslunefnd ekki sambærilegt húsnæði til handa styrkþega.

25. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Aldrei má framfærslunefnd eða sveitarstjórn sundra heimilum sakir fátæktar.

26. gr.

a. Orðin „að því leyti sem við verður komið“ í 43. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við sömu lagagr. bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefndar, samkv. næstu málsgr. á undan, til stjórnarráðsins.

27. gr.

a. Í stað „Innansveitarmenn“ í upphafi 2. málsgr. 44. gr. laganna komi: Félög eða einstaklingar.
b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, að láta í té til bráðabirgða aðstoð eða hjálp, og fellir hann þá úrskurð þar að lútandi, enda er þá sveitarsjóði skylt að leggja út þann kostnað, er úrskurðurinn kynni að hafa í för með sér. Áfrýja má úrskurði lögreglustjóra til ráðherra, en hlíta skal úrskurði lögreglustjóra þar til fullnaðarúrskurður fellur.

28. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem eru undir hennar umsjá, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.

29. gr.

2. og 3. mgr. 48. gr. laganna falli niður.

30. gr.

50. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur heimilisfaðir vinnu, sem nægja mundi til framfærslu heimilisins, eða þiggur nægan framfærslustyrk, en lætur heimilið bjargarlaust vegna drykkjuskapar eða annarrar óreglu, og er framfærslunefnd eða sveitarstjórn þá heimilt, að fengnum úrskurði lögreglustjóra, að skylda atvinnurekanda þann, sem viðkomandi vinnur hjá, að greiða allt kaupið eða hluta þess til konunnar, eða ef um framfærslustyrk er að ræða, skal henni afhentur styrkurinn.

31. gr.

a. 1. málsgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður honum og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað eða samkvæmt kauptaxta eða samningi viðkomandi stéttarfélags launþega, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitar-

stjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að sú vinna sé viðunanleg, sem honum er boðin, en málið getur hann kært fyrir því verkalýðsfélagi, sem hlut á að máli, og skal hlíta úrskurði þess. Ef styrkþegi vill ekki við það kannast, að hann sé vinnufær, skal hann leggja fram um það læknisvottorð, og ber að hlíta úrskurði þess.

b. Í stað orðanna „Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann“ í 2. málsgr. sömu lagagr. komi: Sveitarstjórn getur látið barnsföður.

32. gr.

52. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

33. gr.

a. Í stað „framfærslusveit“ í 53. gr. laganna komi: heimilissveit.
b. Orðin „að viðlögðu fangelsi samkv. 54. gr.“ í lok sömu gr. falli burtu.

34. gr.

54. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

35. gr.

Yfirskrift VII. kafla verði: Um endurgreiðslu framfærslustyrks og jöfnun framfærslukostnaðar.

36. gr.

55., 56., 57. og 58. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

37. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurgreiða hann ríkinu sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur samkv. þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því ekki stefnt í hættu. Aldrei má þó gera fjárnám í meðlagsúrskurði með börnum né barnsfararfúlgu.

Enn fremur getur faðir eða móðir, sem meðlag eiga að greiða, fengið með úrskurði valdsmanns undanþágu frá endurgreiðsluskyldu fyrir lengri eða skemmri tíma, ef ástæður eru fyrir hendi, svo sem veikindi, atvinnuleysi, ómegð eða annað slíkt.

38. gr.

Tvær síðari málsgr. 61. gr. laganna falli niður.

39. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Nú vanrækir barnsfaðir að endurgreiða ríkinu meðlag, sem greitt hefur verið samkv. úrskurði, og er þá heimilt að leggja löghald á kaup hans eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má þá hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

40. gr.

63. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

41. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Nú deyr foreldri, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og á þá móðir barnsins eða fósturforeldri rétt

á að fá hið úrskurðaða barnsmeðlag greitt, sem telst þá styrkur veittur munaðarlausu barni. Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þótt ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins, áður en hann dó.

42. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefur tekið eftir dauða barnsföður eða frá ríkinu að barnsföður lifandi, og á hún þá áframhaldandi rétt til meðlagsgreiðslu, svo lengi sem úrskurðurinn er í gildi.

Valdsmaður getur numið úrskurð úr gildi, ef sannað er, að fjárhagsástæður móðurinnar hafa breytzt svo, að tryggt sé, að hún geti alið barnið upp án meðlags.

43. gr.

a. Við 66. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir:
   8. Styrkur veittur í veikindum fyrirvinnu heimilis, er eigi nýtur dagpeninga úr sjúkrasamlagi.
   9. Styrkur veittur vegna ómegðar.
b. Aftan við setninguna „sem hér um ræðir“ í síðasta málslið greinarinnar bætist: nema meðlögin, sem ríkið greiðir.

44. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefndar, að ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega, og skal þeim heimilt að ákveða, að svo skuli ekki, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans sjálfs eða þeirra, sem hann hefur á skylduframfæri, atvinnuleysi hans eða vegna annarra óhappa. Ákvörðunum sveitarstjórna getur styrkþegi eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það framfærsluskuld veitt honum til handa.

45. gr.

68. gr. laganna og allar þær greinar, sem á eftir koma, ásamt ákvæði til bráðabirgða, falli niður. Í stað þeirra bætast við þrjár nýjar greinar í áframhaldandi röð:

a. Í lok hvers reikningsárs og eigi síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn atvinnumálaráðuneytinu yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefur haft á árinu.

   Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður framfærslukostnaði allra sveita á landinu á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna á landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni í samanburði við tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu.

   Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar framfærslukostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim bar samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem greitt hafa of mikið. Skal innheimtu og endurgreiðslu lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.
b. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945, og falla þá jafnframt úr gildi öll þau lagaákvæði, er kynnu að brjóta í bága við þau.
c. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumv. að mestu samhljóða því, sem hér liggur fyrir, var fyrst flutt af Brynjólfi Bjarnasyni á þingi 1937 og síðar á þingi 1938 (9. mál), og vísast til þeirra greinargerða, sem því fylgdu þá.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar

um birtingu skjala varðandi samband Íslands og Danmerkur.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson, Barði Guðmundsson, Finnur Jónsson, Guðm. Í. Guðmundsson, Emil Jónsson, H. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta alla alþingismenn fá nú þegar afrit af þeim skjölum, er varða samband Íslands og Danmerkur og farið hafa á milli íslenzkra stjórnvalda annars vegar og stjórnvalda Danmerkur, Bretlands, Bandaríkjanna og fulltrúa Íslands erlendis hins vegar á tímabilinu frá 10. apríl 1940 til þessa dags, svo og af öðrum þeim skjölum og skilríkjum, snertandi sama efni, er upplýsingar kunna að gefa um þessi málefni.
2. Að láta birta alþjóð manna þessi sömu skjöl svo fljótt sem verða má, svo að kjósendum landsins gefist kostur á að athuga þau, áður en þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um niðurfellingu sambandslagasáttmálans frá 1918 og um lýðveldisstjórnarskrá.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að milliþinganefndinni í stjórnarskrármálinu hafa verið afhent til athugunar afrit af ýmsum skjölum, skilríkjum og upplýsingum, er varða samband Íslands og Danmerkur og farið hafa á milli íslenzkra stjórnvalda og stjórna og umboðsmanna erlendra ríkja og fulltrúa Íslands erlendis. Skjöl þessi munu ekki einu sinni vera kunnug öllum þingmönnum, hvað þá heldur kjósendum landsins yfirleitt. En nú, er Alþingi á að búa í hendur þjóðarinnar til fullnaðarafgreiðslu bæði niðurfellingu sambandslagasáttmálans frá 1918 og samþykkt þjóðveldisstjórnarskrár, ber brýna nauðsyn til þess, að bæði alþingismönnum og kjósendum landsins gefist færi á því að athuga öll gögn og fá allar upplýsingar, áður en þeir taka ákvarðanir.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1944 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 30. des. s. l. voru gefin út bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem er lagt fyrir þingið samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, og fylgja bráðabirgðalögin hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944.

Ríkisstjóri Íslands

gjörir kunnugt: Kennslumálaráðherra hefur tjáð mér, að heimild sú til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka, er fólst í lögum frá 28. des. 1942, sé útrunninn 1. jan. næstkomandi, og telji hann nauðsynlegt að framlengja heimild þessa.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1944 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað tveggja milljón króna viðbótarlán til þess að ljúka við virkjun Fljótaár gegn veði í virkjuninni og rafveitu kaupstaðarins.

Greinargerð.

Þál. þessi er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar, vegna þess að virkjunin hefur í reynd orðið nokkru kostnaðarsamari en við var búizt í fyrstu, og liggja til þess ýmsar orsakir.

Nánar í framsögu.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 800000 krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1600000.00 lán, er hafnarsjóður Ísafjarðar kann að fá til hafnargerðar eða hafnarumbóta. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 43 frá 27. júní 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar og miðar að því að gera Ísafjarðarkaupstað kleift að framkvæma nauðsynlegar umbætur á höfninni, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til í fjárlögum.

Ed. 14. Frumvarp til laga

um eignaraukaskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Á árinu 1944 skal leggja sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árunum 1940, 1941, 1942 og 1943 og er umfram 100 þús. krónur hjá hverjum skattþegni, enda nemi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð. Skatturinn reiknast þannig:

Af 100—200 þús. kr. greiðist 20% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200 þús. til 1 millj. kr. greiðist 20 þús. af 200 þús. og 25% af afgangi.

Af einni millj. kr. greiðist 220 þús. kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

2. gr.

Þegar skattskyld eignaraukning er ákveðin, skal draga frá eigninni 1. jan. 1940 þá fjárhæð, sem greidd var í útsvar, tekjuskatt, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt og eignarskatt á því ári, og á sama hátt skal draga þessi gjöld, á lögð 1944, frá eigninni í árslok 1943. Frá eignaraukningunni skal draga það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð útgerðarfyrirtækis og varasjóð samvinnufélags, áður en eignar-

aukaskattur er á lagður. Eignarauki, sem stafar af útborgun líftryggingafjár, örorku- eða dánarbóta, er ekki skattskyldur samkv. lögum þessum.

3. gr.

Við ákvörðun eignaraukningar samkvæmt 2. gr. skal farið eftir framtölum skattþegna, eins og skattanefndir hafa frá þeim gengið við álagningu tekju- og eignarskatts. Þó skal um fasteignir, skip og aðrar eignir, sem skattþegn hefur eignazt á fyrrgreindu tímabili, miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir eignirnar.

Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur á framtali hans, sé ekki raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að láta fara fram mat á eignabreytingu sinni. Ríkisskattanefnd skal framkvæma mat þetta, en tilnefnt getur hún þó þrjá menn, er framkvæmi matið, þegar sérstaklega stendur á eða ef skattþegn er búsettur utan Reykjavíkur. Við matið skal farið eftir því, hvort skattþegn teljist raunverulega betur stæður fjárhagslega eftir eignatilfærsluna.

Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um raunverulegt kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanefnd meta eignina eða skipa menn til þess samkv. 3. málsgr.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats og þar á meðal um alla fresti í sambandi við rétt skattþegna til að óska mats og matsmanna til að fullgera matsgerð sína.

4. gr.

Um álagningu skattsins, gjalddaga, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt, en nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð, og skal þar m. a. setja ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem með nafnskráningu verðbréfa.

Heimilt skal fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattanefndar þess efnis, að veita greiðslufrest á nokkrum hluta eignarskatts, allt að 3 árum, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef eignaraukinn er bundinn í atvinnutækjum eða nauðsynlegum birgðum.

5. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, að ⅓ þess gangi til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, ⅓ til raforkusjóðs, byggingar nýbýla og landnáms í sveitum og ⅓ til framkvæmdasjóðs ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og náði þá samþykki efri deildar, en dagaði uppi í neðri deild. Er frv. nú flutt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Eftirfylgjandi greinargerð fylgdi frv. á síðasta þingi:

„Þrjú síðustu ár hefur meira fé safnazt í eign einstakra manna en nokkru sinni fyrr eða nokkurn óraði fyrir. Samkv. skattskýrslum mun láta nærri, að eignaraukning skattgreiðenda á 2 árum, 1940 og 1941, sé talin 70 millj. króna. Virðist því eigi fjarri sanni að áætla tilsvarandi eignaraukningu allra áranna þriggja a. m. k. 100 millj. króna. Er þá að vísu ekki tekið tillit til mismunarins á sköttum á árinu 1940 og væntanlegum sköttum 1943. En hins vegar er þess að gæta, að fasteignir munu taldar með fasteignamatsverði og mat annarra eigna lítið breytt, jafnvel þótt eigendaskipti hafi orðið. Og loks er þess að gæta, að verðbréfaeign og innstæðufé hefur aukizt stórkostlega, en ætla má, að mikið skorti á, að þær eignir

komi allar fram á eignaframtölum. Innstæðufé í bönkum var t. d. um síðustu áramót talið yfir 350 millj. króna.

Stórmikill hluti eignaraukningarinnar er hreinn stríðsgróði, gróði, sem eigendum hefur fallið í skaut fyrir viðburðanna rás eingöngu. Á þetta fyrst og fremst við um alla meiri háttar auðsöfnun, en samkv. frv. er ætlazt til, að skatturinn taki aðeins til hennar, þar sem 80 þús. kr. eignarauki er algerlega undanþeginn skatti.

Flestir gera ráð fyrir því, að verðlag breytist til lækkunar eftir styrjöldina og að því verði samfara margháttaðir atvinnuörðugleikar. Hins vegar bíða verkefnin, hvert sem litið er, verkefni, sem ekki verða innt af hendi nema með stuðningi ríkisins. En fjársöfnun ríkissjóðs hefur á engan hátt nálgazt það að svara til þessara verkefna og enn síður til auðsöfnunar einstakra manna. Þá er þess og að gæta, að af misskiptingu auðsins hlýtur að leiða enn stórfelldara misræmi í tekjuskiptingu milli einstaklinganna í framtíðinni og ójafnari lífskjör.

Sú stefna er nú hvarvetna ríkjandi, að löggjöfinni beri að haga svo, að einstaklingar safni eigi stórgróða vegna styrjaldarinnar. Annaðhvort er gróðinn tekinn með sköttum niður að vissu marki eða verðlagsákvæði koma í veg fyrir, að hann myndist.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að stríðsgróðinn, gróðinn, sem ekki er hægt að halda fram, að nokkur einstaklingur hafi sérstaklega aflað með eigin atorku eða fyrirhyggju, og er umfram nauðsynlega sjóði til endurnýjunar og starfrækslu gagnlegra fyrirtækja, sbr. nýbyggingarsjóði, sem lagt er til, að verði undanþegnir skattinum, eigi í raun réttri að vera sameign almennings. Honum eigi að verja til þess að tryggja sem bezt atvinnu og öryggi og jöfnuð í lífskjörum fyrir fólkið í landinu. Sé það eigi gert, er sú hætta nærri, að fasteignir og framleiðslutæki þjóðarinnar dragist í hendur færri og færri manna og gróðinn verði til þess að auka enn verðbólguna og dýrtíð, öllum almenningi til tjóns."

Ed. 15. Frumvarp til laga

um miðlunarsjóð húsaleigu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal miðlunarsjóð húsaleigu í Reykjavík. Skal í hann renna sú hækkun á fasteignagjöldum til bæjarsjóðs Reykjavíkur og á fasteignaskatti til ríkissjóðs, sem leiðir af þeirri hækkun fasteignamats í Reykjavík, er gekk í gildi 1. jan. 1943.

Nú verða útgjöld samkvæmt lögum þessum meiri en tekjur samkv. 1. málsgr., og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar.

2. gr.

Hlutverk miðlunarsjóðs er að greiða þann hluta af húsaleigu í húsum byggðum eftir 1. jan. 1940, sem er umfram það, er greitt var fyrir sambærilegt húsnæði á þeim tíma.

3. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal húsaleigunefnd, sbr. lög nr. 39 7. apríl 1943, láta fram fara tvenns konar húsaleigumat á öllum leiguíbúðum þeirra húsa, er byggð hafa verið eftir 1. jan. 1940.

Annars vegar skal meta þá húsaleigu, sem telja má hæfilega miðað við byggingarkostnað, þegar hús var byggt, og skal þá fara eftir vísitölu kauplagsnefndar og hagstofunnar um viðhaldskostnað húsa.

Hins vegar skal húsaleigan ákveðin eins og ætla má, að greitt hefði verið fyrir sambærilegt húsnæði fyrir 1. jan. 1940, að viðbættri hækkun, sem svarar til hækkunar húsaleiguvísitölunnar.

Húsaleigunefnd tilkynnir hlutaðeigandi húseigendum og leigjendum ofangreindar matsniðurstöður, og falla þá úr gildi allir eldri leigumálar og samningar, er brjóta í bág við þær.

4. gr.

Leigjendur skulu greiða húseigendum þá húsaleigu, er greinir í 2. mgr. 3. gr., en mismunur á þeirri leigu og lægri matsleigunni, sbr. 3. mgr. 3. gr., endurgreiðist úr miðlunarsjóði samkvæmt eftirfarandi reglum:

Þar, sem stærð íbúðar svarar til 20 fermetra á hvern íbúa eða minna, endurgreiðist mismunurinn að fullu, en fyrir hverja 5 fermetra á íbúa, sem íbúðin er stærri, lækkar endurgreiðslan um 25%.

5. gr.

Húsaleigunefnd hefur með höndum stjórn miðlunarsjóðs húsaleigu og annast um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum (ef þær falla ekki undir aðra aðila).

6. gr.

Kæra má yfir húsaleigumati samkvæmt 3. gr. laga þessara til yfirhúsaleigunefndar.

7. gr.

Heimilt er öðrum bæjarfélögum að stofna miðlunarsjóði húsaleigu, og gilda þá fyrir þá hliðstæðar reglur og hér eru ákveðnar, eftir því sem við getur átt. Félagsmálaráðherra staðfestir reglugerðir slíkra sjóða.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi afgreitt. Þá fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Það er kunnugra en svo, að því þurfi að lýsa, hversu óbærilegt ástand hefur skapazt í húsnæðismálunum í Reykjavík og raunar víða annars staðar vegna hins mikla skorts á húsnæði, sem styrjöldin hefur skapað. Úr húsnæðisvandræðum verður vitanlega ekki bætt til fulls nema með auknu húsnæði. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að leysa þetta vandamál, heldur er tilgangur þess að leiðrétta tvenns konar ranglæti eða misræmi, sem hin gífurlega hækkun húsaleigunnar í nýjum húsum hefur skapað.

Þar sem húsaleigunni hefur með lögum verið haldið niðri í gömlum leiguíbúðum, en litlar takmarkanir verið settar við leigu á nýjum íbúðum, hefur skapazt mjög mikill aðstöðumunur hjá þeim, sem búa í gömlu og nýju húsnæði. Vitað er, að allmargir þeirra, sem búa í nýjum húsum, hafa orðið að sæta hreinum afarkostum um húsaleigu. Í lögum þessum er gert ráð fyrir mati á húsaleigu eftir ákveðnum reglum, þar sem húsaleigan í nýju húsunum sé metin eftir hækkun byggingarkostnaðar á þeim tíma, þegar húsin voru byggð, en síðan sé leigjendum þessara húsa endurgreiddur mismunurinn á þessari leigu og sambærilegri leigu í gömlum húsum úr miðlunarsjóði húsaleigu.

Á það hefur verið bent með ótvíræðum rökum, að vísitala framfærslukostnaðar gefur engan veginn fulla dýrtíðaruppbót fyrir þá launþega, sem búa í nýju og dýru húsnæði. Í vísitölunni kemur aðeins hin almenna hækkun húsaleigunnar til

greina. Hins vegar má með nokkrum rökum segja, að óeðlilegt mætti teljast að hækka hina almennu vísitölu stórlega vegna þeirra tiltölulega fáu manna, sem búa við óbærilega háa húsaleigu. Eðlilegra virðist, að hið opinbera taki á sig þann kostnað, sem leiðir af því að halda húsaleigunni niðri í hinum tiltölulega fáu nýju húsum. Gæti sá kostnaður ekki orðið tilfinnanlegur fyrir hið opinbera miðað við þau auknu útgjöld, bæði fyrir ríkið og allan atvinnurekstur landsins, sem mundi leiða af hækkun vísitölunnar í samræmi við hina háu húsaleigu í nýjum húsum, ef horfið yrði að því ráði.

Nánar í framsögu.“

Ed. 16. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

a. Síðasti málsl. 3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni.

b. Aftan við 4. gr. laganna bætist:
Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem vinnutekjur þær, sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun afurðaverðsins, og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytzt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans. Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal tekið tillit til þess, næst þegar verðið er ákveðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta snertir tvö atriði, sem bæði voru til meðferðar á síðasta þingi, en náðu ekki afgreiðslu. Hér er um að ræða nokkuð fyllri ákvæði um tvö atriði dýrtíðarlaganna, sem virðist óhjákvæmilegt, að sett verði nú þegar.

Fyrri breytingartillagan er borin fram í því skyni að taka af allan vafa um það, hvernig skilja beri það ákvæði laganna, er um ræðir. En eins og kunnugt er, skilur ríkisstjórnin þetta lagafyrirmæli á annan veg en meiri hluti þings. — Frv. að efni samhljóða þessum fyrri lið flutti ég í Ed. á síðasta þingi, og var það afgreitt frá deildinni með því orðalagi, sem hér er valið, og átti aðeins eftir að samþykkjast við 3. umræðu í Nd. — Alþingi hefur nú að vísu samþ. heimild til ríkisstjórnarinnar um framlög úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á verði innlendra vara, en þegar sú heimild fellur úr gildi, er nauðsynlegt, að enginn vafi leiki á um það, að allar heimildir til slíkra greiðslna úr ríkissjóði séu fallnar niður.

Um síðari breytingartillöguna er það að segja, að hún er að heita má samhljóða tillögu, sem hv. þm. A.-Húnv. flutti í neðri deild og hefur sama tilgang og tillaga, er ég flutti í þessari deild. Báðar þessar tillögur voru felldar með eins atkvæðis mun, hvor í sinni deild. Nú er þessi tillaga flutt aftur í trausti þess, að

meiri hluti þings hafi áttað sig á því, að ef samkomulag sex manna nefndarinnar á að vera áfram í gildi, er óhjákvæmilegt að samþykkja þessa tillögu eða einhverja aðra skipan, sem kveður nánar á um en gert er í núgildandi lögum, hvernig ákveða skuli verð landbúnaðarafurða á komandi hausti.

Nd. 17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1942“ í 1. lið 3. gr. laganna komi: til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. lið 3. gr. laga nr. 29 18. febr. 1943, féll niður við síðustu áramót. Með því að ástæður hafa ekki breytzt frá því, er þau lög voru sett, er enn farið fram á framlenging á heimildinni í eitt ár. Frumvarp samhljóða þessu lá fyrir Alþingi 1943, 62. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt.

Nd. 18. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. efnismálsgr. 3. gr. l. nr. 20/1942 orðist svo:

Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, má draga frá tekjum nýbyggingarsjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Þau félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, mega draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, þó aldrei lægri upphæð en félögum þessum er skylt að leggja í varasjóð, samkv. lögum nr. 46 frá 13. júní 1937, 24. grein.

2. gr.

5. gr. sömu laga orðist svo:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	.....	kr. 1500.00
— hjón	.....	— 3000.00
— hvert barn	.....	— 1200.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr. 1300.00
— hjón	— 2600.00
— hvert barn	— 1000.00

3. gr.

23. gr. laga nr. 6/1935 orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar 7 skattstjóra á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Neskaupstað, í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Skattstjórar skulu hafa þekkingu á bókhaldi og endurskoðun. Skattstjórar hafa hver í sínum kaupstað sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan þessara kaupstaða. Þó skulu þeir ekki eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd, nema þeir séu til þess kosnir af viðkomandi bæjarstjórn.

Með reglugerð skal öllu landinu utan Reykjavíkur skipt í 6 skattaumdæmi, og hefur hver þeirra sex skattstjóra, sem eru utan Reykjavíkur, eftirlit með skattanefndum í hverju umdæmi fyrir sig. Skattstjórar þessir skulu vera umboðsmenn ríkisskattanefndar í umdæmi sínu og ráðunautar yfirskattanefnda þess, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

Skattstjórar geta, hver í sínu umdæmi, krafizt réttarrannsóknar um ákveðin atriði varðandi tekjur og eignir skattþegna. Ef krafa um réttarrannsókn kemur fram frá skattstjóra, er héraðsdómara skylt að framkvæma hana þegar í stað. Skattstjóri á rétt á að vera viðstaddur í réttarhöldum og bera sjálfur fram spurningar fyrir skattþegn eða vitni, sem í réttinum mæta. Að öðru leyti skal fara um réttarrannsóknir þær, sem hér um ræðir, að hætti opinberra mála.

4. gr.

8. gr. laga nr. 20/1942 orðist svo:

a- og b-liðir 30. gr. laganna verða einn liður, er nefnist a-liður, svo hljóðandi:

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu fá greiddar 25 krónur á dag auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yfirskattanefndarmenn fá auk þess greiddan ferðakostnað.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir lok janúarmánaðar“ í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1935 kemur: fyrir 20. dag janúarmánaðar.

6. gr.

11. gr. laga nr. 20/1942 falli niður.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. b. (56. gr.) sömu laga orðist svo:

Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. laga nr. 6/1935 og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. ákvæðum 3. gr. 3. mgr., og gilda þá um það framlag þær reglur, er greinir í 14. gr. c—f-liðum.

8. gr.

14. gr. c. (57. gr.) sömu laga orðist svo:

Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, og því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern hátt annan en að framan greinir um lengri eða skemmri tíma, eða það notað til greiðslu á tapi á út-

gerð, skal greiða af því skatta jafnháa þeim sköttum, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

Nýbyggingarsjóðsnefnd lætur útgerðarfélögum í té samþykki til ráðstöfunar á fé úr nýbyggingarsjóði, þegar fullnægjandi skilríki hafa verið lögð fyrir nefndina fyrir því, að fénu eigi að verja í samræmi við lög þessi. Nefndin skal láta ríkisskattanefnd úrskurða, hvaða skatta greiða skuli af fénu, eigi að verja því til greiðslu á tapi á útgerð, áður en nefndin gefur samþykki sitt til þess, að féð verði tekið úr sjóðnum. Síðan greiðir bankinn, sem geymir nýbyggingarsjóðsféð, skattana til ríkissjóðs, en eftirstöðvarnar til eigandans.

9. gr.

Í stað „20%“ í 14. gr. g. (61. gr.) sömu laga komi: ⅓.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 20 20. maí 1942 svo og aðrar breytingar, sem gerðar kunna að hafa verið á lögum nr. 6 9. jan. 1935, inn í texta þeirra laga og gefa þau út á ný svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er að mestu leyti samhljóða frv. um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum, sem lá fyrir síðasta Alþingi, eða eins og það var eftir samþykkt þess við 3. umr. í Nd. Þó eru í þessu frv. felldar niður tvær síðustu málsgreinar 1. gr. frv. frá síðasta þingi.

Þær breytingar frá núgildandi skattalögum, sem frv. þetta miðar aðallega að, eru þessar:

1. Skattfrelsi almennra hlutafélaga (þ. e. allra hlutafélaga annarra en þeirra, sem útgerð reka) er afnumið.

   Nú hafa hlutafélög, sem reka verzlun, kvikmyndasýningar, fasteignasölu o. fl. þess háttar, ⅕ hluta af nettó tekjum sínum skattfrjálsan. Samkv. upplýsingum milliþinganefndar í skattamálum mundi afnám skattfríðinda þessara félaga hafa numið rúmum 2 milljónum króna í auknum skattatekjum árið 1943 aðeins í Reykjavík.
2. Með frv. er lagt til, að það ákvæði dýrtíðarlaganna frá 13. apríl 1943 um að hækka skattfrjálst nýbyggingarsjóðsframlag einstaklinga og sameignarfélaga, sem útgerð stunda, úr ⅕ í ⅓ af nettó tekjum, verði tekið upp í sjálf skattalögin til frambúðar.
3. Þá er ætlazt til með frv., að skattfrelsi hlutafélaga, sem útgerð stunda, miðist eingöngu við, að það fé sé lagt í nýbyggingarsjóði. Nú hafa þessi félög ⅓ af nettó tekjum sínum skattfrjálsan, en þurfa eigi að leggja nema helming þess fjár í nýbyggingarsjóði. Samkv. frv. er ætlazt til, að framlag þessara félaga hækki um helming til nýbyggingarsjóðanna.
4. Samkv. frv. er lagt til, að persónufrádrátturinn hækki mjög verulega frá því, sem nú er. Þannig mundi persónufrádráttur einstaklings í Reykjavík hækka úr 900 kr. í 1500 kr. miðað við umreiknaðar tekjur.
5. Skipa skal 7 skattstjóra í kaupstöðum landsins, sem hafa skulu sama vald og sömu störf og skattanefndir.
6. Auk þessa eru í frv. ákvæði til aukinnar tryggingar því, að fé nýbyggingarsjóðanna renni í reyndinni til þess, sem ráð hefur verið fyrir gert, en það er til aukningar og endurnýjunar skipastólsins.

Flestir eru á einu máli um það, að framangreindar breytingar séu til verulegra bóta á skattalögunum, enda sýndi það sig við afgreiðslu Nd. Alþingis s. l. haust, að meiri hluti þingmanna í Nd. taldi rétt að samþykkja þessar breytingar. Þeir menn, sem einkum stóðu gegn frv. þá, báru mjög fyrir sig ákvæði þau í frv., sem nú hafa

verið niður felld. Þau ákvæði eru að dómi flm. alger aukaatriði, sem þarflaust er um að deila, og því hafa þau verið felld niður úr þessu frv. Þegar í byrjun þessa þings leitaðist Sósialistaflokkurinn fyrir um það hjá Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum, en þeir flokkar báðir höfðu mjög talið sig fylgjandi þessum breytingum, hvort þeir vildu ekki flytja þetta frv. nú ásamt Sósialistaflokknum. Hvorugur þessara flokka hefur þó fengizt til flutnings á málinu. Tvívegis áður hefur það komið fyrir, að þessar og fleiri breytingar á skattalögunum hafa verið komnar alllangt áleiðis í þinginu og að þeim breytingum hefur staðið meiri hluti þingmanna samkv. yfirlýsingum flokkanna og aðalblaða þeirra, en þrátt fyrir það hefur svo farið, þegar til úrslita var að draga, að einhver fyrirbára hefur skotið upp kollinum — eins og þingfrestun eða stutt þinghald — og ekkert orðið úr breytingum.

Ef það er raunverulegur vilji Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins að koma fram þessum breytingum á skattalögunum, þá er hægurinn hjá að fá þær samþykktar á þessu þingi og án þess að lengja þurfi þinghald þess vegna, m. a. vegna þeirrar athugunar, sem málið fékk á síðasta þingi.

Nd. 19. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem aðeins varða formshlið málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 29 1943, skulu koma í gildi af nýju frá 1. janúar 1944 að telja og gilda til loka þess árs.
2. Við fyrirsögnina. Á eftir orðinu „ráðstafana“ kemur: og tekjuöflunar.

Alþingi, 26. jan. 1944.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jakob Möller.	Áki Jakobsson.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 20. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. jan. 1944.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jakob Möller, frsm.

Skúli Guðmundsson. Áki Jakobsson.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar

um afnám og lækkun tolla á nauðsynjavörum.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram endurskoðun á lögum um tollskrá, í því skyni að fella niður tolla á þeim vörum, sem áhrif hafa til hækkunar á framfærslukostnað, svo og lækka eða fella niður tolla á þeim vörum, sem atvinnuvegir landsmanna þarfnast mest til framleiðslunnar, og enn fremur öðrum þeim nauðsynjavörum, sem beint og óbeint hafa áhrif til hækkunar á verðlag í landinu. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fram, svo fljótt sem unnt er, frumvarp til laga, sem feli í sér framangreindar breytingar á tollalöggjöfinni.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að notfæra sér nú þegar heimild í gildandi tollalöggjöf og hætta að innheimta tolla af stríðsfarmgjöldum.

Greinargerð.

Ein af ástæðunum fyrir hinu háa verðlagi í landinu eru þeir gífurlega háu tollar, sem ríkið leggur á flestar innfluttar vörur. Tollarnir hafa farið ört hækkandi á undanförnum árum og eru nú rúmlega sjöfaldir á við það, sem þeir voru fyrir stríð, því að 1938 námu aðflutningstollarnir rétt um 7 millj. kr., en tvö undanfarin ár um 50 millj. króna hvort ár. Nú er ekki nóg með, að þessir tollar hækki innfluttu vörurnar um 50 millj. króna á ári, heldur kemur ofan á það álagning bæði heildsala og smásala, sem er varlega áætluð 50 til 60% eða 25 til 30 millj. og sennilega þó nokkuð miklu meira.

Það hefur verið reiknað út, að afnám tolla á þeim vörum, sem vísitala kauplagsnefndar er reiknuð eftir, mundi lækka vísitöluna um 20 stig a. m. k. og mundi valda meiri lækkun á dýrtíðinni en á vísitölunni. Við útreikninga, sem gerðir hafa verið, að vísu í flýti, virðist svo sem ríkissjóður mundi við það tapa í tolltekjum 8½ milljón króna. Þegar þetta er borið saman við það, að ríkissjóður hefur undanfarið keypt niður vísitöluna um 14 til 15 stig með því að greiða niður verð á kjöti og mjólkurafurðum, en það nemur um 15 millj. króna útgjöldum á ári, sést bezt, hve miklu hagstæðara væri fyrir ríkissjóð að afnema tollana á nauðsynjavörum. Eftir því sem bezt verður séð, er því hér um miklu hyggilegri leið fyrir ríkissjóð að ræða, þar sem með afnámi tollanna er hægt að lækka vísitöluna um 20 stig með 8½ milljón króna úr ríkissjóði, en með niðurkaupum á verði kjöts og mjólkurvara kostar ríkissjóð árlega 15 milljónir að lækka vísitöluna um 14—15 stig. Auk þess er það sannað mál, að með hinni síðari leið lækkar dýrtíðin minna en vísitalan, svo að allir launþegar tapa á því, að vísitalan sé lækkuð á þann hátt.

Í báðum tilfellunum kemur svo auðvitað á móti það, sem ríkissjóður sparar í útgjöldum við hina lækkuðu vísitölu.

Eins og að framan er sagt, eiga tollarnir ekki óverulegan þátt í dýrtíðinni í landinu, og virðist sjálfsagt, að fyrstu skrefin, sem stíga beri gegn dýrtíðinni, ætti að vera það að lækka þá og afnema, fyrst og fremst af vörum þeim, sem áhrif hafa á framfærslukostnað, og svo á þeim vörum, sem atvinnuvegirnir þarfnast mest, og öðrum þeim nauðsynjavörum, sem áhrif hafa til hækkunar á verðlagið. Í þeim miklu umræðum, sem farið hafa fram um dýrtíðina og hvernig beri að lækka hana, hefur jafnan borið mest á þeirri tillögu, að lækka ætti kaupgjald og þá stundum verið komið með þá hlægilegu firru að kaupið sé orsök dýrtíðarinnar. Kaupgjald er nú alls staðar á landinu reiknað út eftir vísitölu kauplagsnefndar og hækkar því og lækkar með dýrtíðarvísitölunni. Það er því dýrtíðin, sem er orsök hins háa kaups, en ekki afleiðing þess. Sú leið að lækka dýrtíðina með því að lækka grunnkaup launþega er rang-

látasta leiðin, sem til er. Hún er enn fremur óviturlegasta leiðin, og síðast en ekki sízt er hún með öllu óframkvæmanleg.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

Flm.: Finnur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um eftirlit með skipum og bátum og um öryggi þeirra, svo og tilskipanir og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Jafnframt sé nefndinni falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á lögum og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.

Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, og sé hann skipaverkfræðingur. Hina fjóra nefndarmennina skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu, einn eftir tilnefningu Farmanna og fiskimannasambands Íslands, annan eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur, hinn þriðja eftir tilnefningu Landssambands útgerðarmanna og þann fjórða eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en hinn 1. júní þ. á.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hin tíðu og hörmulegu sjóslys hér við strendur landsins hafa að vonum vakið miklar umræður, bæði í blöðum og þá eigi síður manna á meðal. Hafa komið fram mjög sterkar raddir um, að eftirliti með skipum sé ábótavant. M. a. hefur Sjómannafélag Reykjavíkur gert eftirfarandi fundarsamþykkt í einu hljóði:

„Aðalfundur Sjómannafélags Reykjavíkur, 25. janúar 1944, samþykkir:

1. Að fela stjórn félagsins að beita sér af alefli fyrir auknum ráðstöfunum gegn hinum tíðu og stórfelldu sjóslysum, er mjög færast í vöxt, samanber Max Pembertonslysið.
2. Að leita samvinnu við önnur stéttarfélög sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði um þessi mál, eins og tíðkazt hefur frá styrjaldarbyrjun.
3. Að leita aðstoðar ríkisstjórnarinnar og Alþingis um setningu hvers konar löggjafar, sem að haldi megi koma til öryggis mannslífunum á sjónum.
4. Að framkvæmdarvaldið og eftirlitið með öryggismálunum verði skerpt, frá því sem nú er, og það fái ákæruvald jöfnum höndum.
5. Að sjómannastéttin sé vel á verði um, að öllum settum öryggisreglum sé framfylgt og aðvari rétta hlutaðeigendur, þar með stjórnir stéttarfélaganna, um allt, sem vanrækt kann að vera um borð í skipunum, er að öryggi lýtur.
6. Að gera sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir, að skipin séu ofhlaðin, jafnt við veiðarnar sem á ferðum til hafna og á milli landa, enda leiti sjómennirnir aðstoðar stéttarfélaganna í hvert sinn, ef um árekstur er að ræða út af þessum málum."

Þá hefur atvinnumálaráðherra falið sjódómi Reykjavíkur sérstaka rannsókn í sambandi við hið síðasta sjóslys. Er það virðingarverð tilraun til þess að komast að hinu rétta í þessu máli, en þó eigi fullnægjandi. Lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra eru frá árinu 1938, og hafa síðan verið gerðar á þeim breytingar, einkum hvað viðvíkur varúðarráðstöfunum vegna ófriðarins. Hins vegar er tilskipun um eftirlit með skipum frá árinu 1922 enn eigi endurskoðuð, og virðist þó full þörf á því.

Flm. leggja engan dóm á, hverju hin einstöku sjóslys eru að kenna, þó að eigi verði varizt þeirri hugsun eftir blaðaskrifum um málið, að annaðhvort sé einhverju ábótavant við reglurnar um skipaeftirlitið eða þá að skipaeftirlitið sjálft sé eigi nógu öflugt.

Má í því sambandi benda á, að í skipaeftirlitinu er enginn skipaverkfræðingur starfandi, og virtist það þó eðlilegt.

Atburðir hinna síðustu mánaða hafa orðið því valdandi, að almennar kröfur eru upp komnar um rannsókn á þessum málum. Menn vilja fá úr því skorið, ef unnt er, hverjar orsakir eru til slysanna, en jafnframt getur líf margra manna verið undir því komið, að sú þekking, er slík rannsókn kann að leiða í ljós, verði notuð til hins ýtrasta til þess að koma í veg fyrir, að slysum haldi áfram, eftir því sem mannlegur máttur megnar.

Þessa reynslu verður að notfæra tafarlaust, og miðar till. þessi að því, að svo verði gert. Flm. telja eðlilegast, að löggjöf um þetta efni verði undirbúin af fulltrúum frá samtökum sjómanna og útvegsmanna og á þann hátt náist beztur árangur, enda verði nefndinni tryggð aðstoð skipaverkfræðings, er sé formaður hennar.

Nd. 23. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 29 1943, skulu koma í gildi af nýju frá 1. janúar 1944 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 24. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk frá forsetum Alþingis, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir.

Síðan einkamálalögin voru sett, hafa orðið verulegar breytingar á skipan og heiti þeirra embætta hér í Reykjavík, sem upp eru talin í 7. tölulið 32. gr. fyrrnefndra

laga og gert var ráð fyrir, að veittu þeim löglærðu fulltrúum, er við þau störfuðu, þá þekkingu og reynslu, sem talin var nauðsynleg til, að skipa mætti þá í dómaraembætti. Með lögum nr. 67 1939 var lögreglustjóraembættinu skipt og sakadómaraembættið stofnað. Síðan var lögmannsembættinu, með lögum frá síðasta þingi, skipt í borgardómara- og borgarfógetaembætti.

Þótt litið kunni að verða svo á, að lögjöfnun leiði til þess, að fulltrúar við þessi embætti falli undir ákvæði 7. töluliðar 32. gr. einkamálalaganna, þykir þó réttara að taka af allan vafa þar um og breyta því töluliðnum á þann hátt, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Þá virðist og sjálfsagt, að skrifstofustjóri Alþingis og fulltrúi í skrifstofu þess njóti sama réttar og samsvarandi starfsmenn í stjórnarráðinu.

Ed. 25. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Haraldur Guðmundsson, Bernharð Stefánsson, Lárus Jóhannesson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Um fjölda kennslustunda skólameistara og kennara skal á hverjum tíma farið eftir reglugerð fyrir Menntaskóla Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er fram komið vegna mismunar, er nú á sér stað, á kjörum kennara við menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri.

Samkvæmt lögum frá 19. maí 1930, nr. 32, um Menntaskóla á Akureyri, ber kennurum þar að inna af hendi 26 stunda kennslu á viku, er lækka má niður í 22 stundir, ef um mikla heimavinnu er að ræða vegna skriflegra verkefna. Hins vegar er svo á kveðið í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 8. febr. 1937, 63. gr., að kennarar þar skuli kenna 24 stundir á viku með þriggja til fimm stunda afslætti vegna heimavinnu. Yfirkennarar, þ. e. þeir, er gegnt hafa kennslu í 16 ár, skulu þó eigi skyldir að kenna meir en 22 stundir vikulega og yfirkennarar komnir yfir sextugt 20 stundir. Er þessi mismunandi ákvæði voru sett um vinnuskyldu kennaranna á Akureyri og í Reykjavík, hagaði svo til, að kennslutíminn árlega var lítið eitt skemmri nyrðra og nokkru ódýrari framfærsla þar en í Reykjavík. Sættu því kennarar við Akureyrarskólann sig við þann mun, er þeim var búinn um vinnuskyldu af ríkisvaldinu.

Nú eru hins vegar ástæður þessar úr sögunni. Menntaskólarnir starfa nú jafnlengi og dýrtíð að kalla hin sama á Akureyri og í Reykjavík. Þykir því öll sanngirni mæla með, að starfsmönnum þessara stofnana séu búin sömu kjör, eins og hér er ráð fyrir gert.

Nd. 26. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1944“ í ákvæði til bráðabirgða komi: til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, sem nú er orðið 82 ára gamalt, fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar sett voru lögin um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, og var heimildin veitt með ákvæði til bráðabirgða og gildir nú til loka yfirstandandi árs. Öll sömu rök og áður lágu fyrir, þegar undanþága var veitt bátaábyrgðarfélaginu, eru enn fyrir hendi, og er hér farið fram á það, að framlengd verði heimild félaginu til handa að starfa áfram á sama hátt og það hefur gert hingað til.

Um hag og starfsemi félagsins leyfi ég mér að öðru leyti að vísa til bréfs stjórnar bátaábyrgðarfélagsins til Alþingis, sem hér fer á eftir:

BÁTAÁBYRGÐARFÉLAG VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjum, 22. janúar 1944.

Á aðalfundi Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, 21. desember 1943, var eftirfarandi tillaga samþykkt með öllum atkvæðum fundarmanna:

„Aðalfundur Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, haldinn 21. desember 1943, skorar á stjórn félagsins að fylgja fast eftir við Alþingi og ríkisstjórn, að framlengd verði undanþága sú, er félagið hefur haft til þess að starfa sjálfstætt, þ. e. óháð lögum um vátryggingarfélög vélbáta frá 11. júní 1942.“

Eins og háttvirtu Alþingi er kunnugt, hefur umrædd undanþága fengizt til ársloka 1944.

Þar sem hér er um geysimikið hagsmunamál að ræða fyrir útgerð í byggðarlaginu, jafnframt því, sem það er félaginu metnaðarmál að starfa áfram sjálfstætt, eins og það hefur gert frá stofnun félagsins 26. janúar 1862, er félagið nú þegar 82 ára gamalt, og mun það vera elzta tryggingarfélag hér á landi.

Það mun nú vera svo, að iðgjöld hjá öðrum vátryggingarfélögum hér á landi, er tryggja skip og báta í innanlandssiglingum og við fiskveiðar við strendur landsins, eru reiknuð 8% af vátryggingarverði bátanna og af þessu iðgjaldi ekki greitt neitt til baka (bónus).

Hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja er iðgjaldið ákveðið 5% af vátryggingarverði bátanna, og af því hefur verið endurgreitt til tryggjendanna (bónus) sem hér segir:

1932	20 %	af	iðgjaldinu,	því	raunverulegt	iðgjald	1932	4	%
1933	25 —	—	—	—	—	—	1933	3,75	—
1934	25 —	—	—	—	—	—	1934	3,75	—
1935	35 —	—	—	—	—	—	1935	3,25	—
1936	30 —	—	—	—	—	—	1936	3,50	—
1937	30 —	—	—	—	—	—	1937	3,50	—
1938	25 —	—	—	—	—	—	1938	3,75	—

1939	50 %	af	iðgjaldinu,	því	raunverulegt	iðgjald	1939	2,50 %
1940	40 —	—	—	—	—	—	1940	3,00 —
1941	30 —	—	—	—	—	—	1941	3,50 —
1942	15 —	—	—	—	—	—	1942	4,35 —

Þess skal hér getið, að árið 1942 greiddi félagið 3 báta, er fórust í ofviðri, er gerði þann 1. marz. Félagið tók og einn bát úr strandi. Þann bát hrakti héðan, og fór hann upp í Grindavík þann sama sólarhring. Báturinn varð þéttur á strandstaðnum, dreginn hingað og við hann gert. Varð björgunin og viðgerðin félaginu eins dýr og báturinn hefði farizt sem hinir bátarnir. Félagið greiddi því það ár út 4 báta.

Þótt félagið hafi endurgreitt félögum sínum eins og að framan er sagt, hefur það þó árlega aukið sjóðseign sína.

Félagið greiðir allan kostnað við virðingar báta þeirra, er tryggðir eru hjá félaginu.

Félagið tryggir endurgjaldslaust talstöðvar þeirra báta, er félagið tryggir, en það munu vera um 60 bátar, er slík tæki hafa og tryggðir eru hjá félaginu.

Eins og sjá má af framansögðu, munu þetta vera þau lægstu iðgjöld, sem til þekkist.

Félagið hefur ávallt fylgt þeirri reglu að endurtryggja helming þeirrar upphæðar, er það hefur tekið ábyrgð á. Sú endurtrygging hefur verið tekin hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og er hún gerð gegn algeru skiptapi og björgun. Fyrir það greiðir félagið 3% af vátryggingarupphæðinni. Er um þessa endurtryggingu samningur gerður árið 1929 milli félagsins og samábyrgðarinnar. Jafnframt því sem endurtrygging þessi hefur dregið skynsamlega úr áhættu félagsins, hefur endurtryggingarfélagið hagnazt stórlega á þessum viðskiptum.

Að iðgjöld félagsins eru svo lág sem raun ber vitni um, teljum við mest því að þakka, að félagssvæðið er svo takmarkað sem það er, og þá jafnframt því, að stjórn félagsins hefur aðstöðu til að fylgjast — og fylgist — með öllum brotum, er bátarnir verða fyrir, hvernig við brotin er gert og hve dýrar viðgerðirnar reynast. Svo er og um aðstoð, er bátarnir veita hver öðrum, að þar er í hóf stillt kröfum og greiðslum fyrir aðstoðina.

Stjórn félagsins telur ábyrgðartilfinningu félagsstjórnar og félagsmanna ríkari gagnvart félaginu og velfarnaði þess fyrir það, að félagið er sjálfstætt félag, óháð öðrum félögum.

Það eru því eindregin tilmæli okkar til hins háa Alþingis, að það veiti félaginu áfram það sjálfsagða frelsi, sem það hefur hingað til notið, og veiti félaginu áfram undanþágu frá lögum um vátryggingarfélög fyrir vélbáta frá 11. júní 1942. Við teljum það sérstaklega óheppilegt, ef félag, sem starfað hefur yfir 80 ár jafn farsællega og þetta félag hefur starfað, ætti nú að sæta þeim örlögum að verða með lagaboði lagt niður.

Virðingarfyllst.

Í stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja.

Jón Ólafsson. Karl Guðmundsson. Jónas Jónsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Nd. 27. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist, sem hér segir:

a. Í stað „formaður“ í fyrstu málsgr. komi: skipstjóri eða stýrimaður.

b. Í stað „6—15 rúmlestir“ komi: 6—30 rúmlestir.

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: Sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. i-lið þessarar greinar.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.
14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist, sem hér segir:
Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.
Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.
Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.
Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.
15. gr. laganna verði 11. gr.
16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist, sem hér segir:
Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.
Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.
Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.
20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist, sem hér segir:
Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.
21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist, sem hér segir:
Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.
50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist, sem hér segir:
Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:
4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.
Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“ komi:
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.
Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.
Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.
59. gr. laganna falli burt.
60.—63. gr. laganna verði 55.—58. gr.

10. gr.

Á eftir 58. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

a. Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

b. Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. laganna, og þá undirbúningsfræðslu, sem þarf til þess að setjast í fiskimannadeild Stýrimannaskólans í Reykjavík, getur atvinnumálaráðuneytið á þessu tímabili falið skólastjóra Stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeið á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð fyrir Stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til undirbúningsprófs fyrir fiskimannadeildina skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

Greinargerð.

Frv. að mestu samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta þingi, og vísast til greinargerðarinnar fyrir því á þskj. 476.

Nd. 131. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Bolungavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Bolungavík veitist úr ríkissjóði ½ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 900000 — níu hundruð þúsund kr. — gegn ½ frá hafnarsjóði Bolungavíkur.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 900000 — níu hundruð þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Bolungavíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs Hólshrepps og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Bolungavíkur. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann

það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Bolungavíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Hólshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Bolungavíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 2% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Hólshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Snemma á s. l. ári var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillaga um fullnaðarundirbúning hafnargerðar í Bolungavík:

„Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera uppdrætti og áætlanir um hafnargerð í Bolungavík, með það fyrir augum, að þar geti þrifizt útgerð stærri báta og skipa en nú er möguleg á staðnum.“

Í samræmi við þessa samþykkt fól svo ríkisstjórnin vitamálastjórninni að framkvæma greindan undirbúning. Þeim undirbúningi er nú lokið og teikningar af bátahöfn í Bolungavík nú fyrir hendi ásamt kostnaðaráætlun um verkið.

Frv. það til hafnarlaga, sem hér er lagt fram, er flutt í samráði við hreppsnefnd Hólshrepps.

Fjárupphæðir þær, sem gert er ráð fyrir í frv., byggjast að mestu á áætlunum og undirbúningi vitamálaskrifstofunnar.

Kostnaður við þær hafnarbætur, sem þegar hafa verið gerðar í Bolungavík, brimbrjotinn, er nú orðinn rúmlega ½ millj. kr., frá því að fyrst var hafizt þar handa. Hefur Hólshreppur greitt um það bil helming þess fjár, gegn framlagi ríkissjóðs. Er því gert ráð fyrir því í frv. þessu, að sömu hlutföll verði látin halda sér um þátttöku ríkissjóðs í kostnaðinum við fyrirhugaðar hafnarbætur.

Til þess ber brýna nauðsyn fyrir Bolvíkinga, að sem allra fyrst verði hafizt handa um auknar hafnarbætur í Bolungavík. Ástandið í hafnarmálum þeirra nú er óviðunandi. Hverjum vélbát, sem þar er gerður út, verður að ráða til hlunns eftir hverja sjóferð. Af þeim orsökum verður ekki við komið á staðnum útgerð stærri báta en allt að 10 smál. Þegar hins vegar bátarnir stækka í öðrum verstöðvum og kröfurnar til allrar aðbúðar sjómanna vaxa, horfast Bolvíkingar í augu við þá staðreynd, að þeir hljóti að dragast aftur úr og útgerð þeirra að dragast saman, ef ekki verður úr bætt. Skjótar framkvæmdir í hafnarmálum staðarins eru því í raun réttri lífsskilyrði fyrir útgerðina þar. Því fer fjarri, að auknar hafnarbætur í Bolungavík séu nokkurt neyðarúrræði. Bolungavík er ein elzta verstöð á Íslandi og liggur við ágætustu fiskimið landsins, mið, sem róið er á allan ársins hring. Frá þjóðfélagslegu sjónarmiði hlýtur þess vegna að vera að því auðsær hagnaður, að skilyrði til sjósóknar á slíkum stað séu sem allra bezt, auk þess sem hagsmunir fólksins á staðnum krefjast þess. Það er ætlun Bolvíkinga að hefjast þegar handa um framkvæmdir í þessum efnum, er hafnarlög hafa verið sett fyrir staðinn. Flm. þessa frv. vænta því, að það fái sem greiðasta afgreiðslu á Alþingi.

Hér með fylgir álitsgerð og kostnaðaráætlun vitamálaskrifstofunnar um bátahöfn í Bolungavík.

Fylgiskjal.

Bátahöfn í Bolungavík.

Á meðfylgjandi tveimur uppdráttum, B 550 og B 551, er sýnd bátahöfn með þriggja metra dýpi um stórstraumsfjöru. Aðaltilhögunin er sem hér segir:

Brjóturinn er framlengdur og beygður inn á við. Í varinu fyrir innan sé byggður skjólgarður, sem um leið er bátabryggja. Brjóturinn og bátabryggjan mynda þannig lokaða kví með allmiklu bryggjuplássi til afgreiðslu og geymslu á fiskibátum.

Þessi kví er það stór, að tvær bryggjur enn mætti gera frá landi síðar meir, og eru þær sýndar á uppdrætti, en ekki teknar með í kostnaðaráætlun.

Dýpið í kvínni, sem sýnt er á uppdrætti, er eins og það var 1919, eða sem næst 3 metrum, en síðan hefur mikil sandfylling borizt þangað, svo að moka þyrfti burtu 19000 m³ af sandi til þess að dýpka í 3 metra, ríflega það svæði, sem uppdrátturinn sýnir með því dýpi.

Framlenging brimbrjótsins er, eins og sést á uppdráttunum, grjótgarður með steyptri krónu og skjólvegg og endar á haus úr steyptu steinkeri. Utan við steyptu krónuna, sem þekur garðinn að ofan, er rekinn þéttur þilveggur úr plægðum plönkum. Engin bryggja liggur meðfram þessum garði, svo að skip geta ekki lagzt við hann, enda væri leguplass þar ónothæft í norðanbrimi. Garðurinn er um 120 m langur að meðtöldum haus og verður að byggjast á einu sumri eða réttara sagt á þrem sumarmánuðum. Til þess að það sé gerlegt, verður að framkvæma allmikinn undirbúning sumarið áður en hin virkilega bygging hefst, svo að vel notist hver góðviðrisstund, eftir að farið er að vinna í sjó. Helztu undirbúningsstörfin eru: Steypa ker í haus, viða að möl í steypu, leggja vegi að grjótnámi, svo að bæði stórt og smátt grjót verði fljóttekið, útbúa ýmis vinnutæki, sem fást ekki að fulltilbúin, svo að auðsætt er, að undirbúningurinn er ærinn sumarstarfi og framlenging brjótsins því fullkomlega tveggja sumra verk.

Smíði bátabryggjunnar er mun auðveldari í framkvæmd en lenging brjótsins, vegna þess að unnið er í kyrrari sjó. Fyrsta verkið verður að vera dýpkunin á bryggjustæðinu, sérstaklega undir landgangi bryggjunnar. Að öðru leyti er dýpkunin óháð bryggjugerðinni. Sem stendur er aðeins eitt dýpkunartæki á landinu, sem getur með góðu móti framkvæmt verkið, en það er grafa Reykjavíkurhafnar.

Eins og uppdrættir bera með sér, þá er bryggjusmíðin hugsuð þannig, að fyrst er smíðuð sjálfstæð trébryggja og hún svo notuð sem verkpallur við tilbúning skjólgarðsins. Eins og við framlengingu brjótsins verður hér einnig í grjótfyllingunni þéttrekið plankaþil. Á mótum aðalbryggju og landgangs er þríhyrnt svæði fyrir bíla að snúa sér á, og fremst á bryggjunni er haus úr steyptu keri. Æskilegast væri, að smíði þessarar bryggju væri framkvæmd á einu sumri, en allt að því helmingi lengri tími má fara í þetta verk en hitt.

Þess er getið áður, að tvær bryggjur enn eru sýndar á uppdrætti, en eru ekki teknar með í kostnaðaráætlun. Þær tilheyra þeim tíma, ef útgerð ykist svo í Bolungavík, að aukins bryggjurúms væri þörf. Það er auk þess einn möguleiki enn, og hann er sá, að smíða ytri bryggjuna sem hafskipabryggju (fyrir lítil hafskip að vísu), því að einmitt á þessu svæði pollsins er hægt að dýpka í að minnsta kosti 4 m, svo að minni háttar vöruskip, sem sættu sjávarföllum inn og út, gætu flotið við þessa bryggju um fjöru.

Hér með fylgir kostnaðaráætlun miðuð við verðlag 1939. Til þess að fá nokkra hugmynd um líklegt kostnaðarverð þessarar hafnar á fyrstu árunum eftir stríðið hefur verið gizkað á tvöfalt efnisverð og þrefalt vinnuverð og dýpkunarkostnaður margfaldaður með 2½.

Aðalkostnaðarliðirnir mundu þá verða:

Framlenging brimbrjóts	kr.	705000.00
Bátabryggja með skjólgarði	—	909000.00
Dýpkun	—	95000.00
	Alls kr.	1709000.00

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar

um höfundarlaun handa Gunnari Gunnarssyni.

Flm.: Barði Guðmundsson, Kristinn E. Andrésson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða Gunnari Gunnarssyni rithöfundi höfundarlaun á árinu 1944 og gera ráð fyrir slíkum launum honum til handa á 18. gr. fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

Greinargerð.

Gunnar Gunnarsson rithöfundur hefur með bréfi til úthlutunarnefndar Rithöfundafélags Íslands, dagsettu 12. jan. s. l., tjáð sig ófúsan að taka við höfundarlaunum af fé því, sem nefndin hefur til úthlutunar handa skáldum og rithöfundum fyrir árið 1944. Hefur nefndin talið sér skylt að taka synjun hans til greina, og er því þessi tillaga hér fram komin á Alþingi.

Nd. 30. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

35., 36. og 37. liður 1. greinar laganna orðist svo:

35. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

Íbúar í Loðmundarfirði eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Seyðisfjarðarhéraði.

36. **Egilsstaðahérað:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

37. **Seyðisfjarðarhérað:** Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

2. gr.

47. liður 1. greinar laganna orðist svo:

47. **Selfosshérað:** Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

3. gr.

Við 1. gr. laganna skulu enn fremur gerðar eftirfarandi orðabreytingar og leiðréttingar:

Við 3. tölulið: Skipaskagahérað verði: Akraneshérað.
Ytri-Akraneshreppur verði: Akraneskaupstaður.
— 4. — Borgarfjarðarhérað verði: Kleppjárnsreykjahérað.
— 8. — Dalahérað verði: Búðardalshérað.
— 15. — Hólshérað verði: Bolungavíkurhérað.
— 19. — Reykjarfjarðarhérað verði: Árneshérað.

Við 20. tölulið: Hrófbergshreppur verði: Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur.
— 21. — Miðfjarðarhérað verði: Hvammstangahérað.
Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár verði: Vestur-Húnavatnssýsla.
— 22. — Húnavatnssýsla austan Gljúfurár verði: Austur-Húnavatnssýla.
— 27. — Svarfdælahérað verði: Dalvíkurhérað.
— 29. — Liðurinn orðist svo:
Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur, Draflastaðasókn í Hálshreppi og þeir bæir í sama hreppi, sem eiga kirkjusókn að Laufási. Læknissetur á Grenivík.
— 30. — Reykdælahérað verði: Breiðamýrarhérað.
— 31. — Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur verði: Reykjahreppur, Húsavíkurhreppur, Tjörneshreppur.
— 32. — Öxarfjarðarhérað verði: Kópaskershérað.
— 33. — Þistilfjarðarhérað verði: Þórshafnarhérað.
— 38. — Norðfjarðarhérað verði: Neshérað.
— 39. — Reyðarfjarðarhérað verði: Eskifjarðarhérað.
— 40. — Fáskrúðsfjarðarhérað verði: Búðahérað.
Læknissetur á Fáskrúðsfirði verði: Læknissetur í Búðaþorpi í Fáskrúðsfirði.
— 41. — Berufjarðarhérað verði: Djúpavogshérað.
Beruneshreppur og Geithellnahreppur verði: Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
— 42. — Hornafjarðarhérað verði: Hafnarhérað.
— 43. — Síðuhérað verði: Breiðabólsstaðarhérað.
— 44. — Mýrdalshérað verði: Víkurhérað.
— 46. — Rangárhérað verði: Stórólfshvolshérað.
— 48. — Grímsneshérað verði: Laugaráshérað.
— 49. — Keflavíkurhreppur verði: Njarðvíkurhreppur, Keflavíkurhreppur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945, ákvæði 2. gr. þó því aðeins að um semjist við núverandi héraðslækni á Eyrarbakka um breyting á búsetu hans, en ella tekur það ákvæði gildi við næstu héraðslæknaskipti. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslæknir í hinu nýja Egilsstaðahéraði.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, fellir ríkisstjórnin 1., 2. og 3. gr. þeirra ásamt 1. og 2. gr. laga nr. 21 13. júní 1937, 1. gr. laga nr. 58 7. maí 1940 og lög nr. 52 30. júní 1942 inn í meginmál laga nr. 44 23. júní 1932 og gefur þau út að nýju undir heitinu: Læknaskipunarlög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefur samið frumvarp þetta, og gerir hann fyrir því svolátandi grein:

Efnisbreytingar þær, sem farið er fram á, að gerðar verði á læknaskipuninni með frumvarpi þessu, eru einungis tvær, og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim, hvorri í sínu lagi.

1. Sameining Hróarstunguhéraðs og Fljótsdalshéraðs í eitt hérað, Egilsstaðahérað, þó þannig, að Borgarfjörður verði sérstakt læknishérað.

Um rök fyrir þessari breytingu vísast til fundargerðar frá fundi hreppsnefndaroddvita í Fljótsdalshéraði, sem haldinn var að tilhlutun landlæknis á Egilsstöðum á Völlum 21. júlí 1942, og er fundargerðin prentuð hér á eftir sem fylgiskjal. Tillagan um sameining héraðanna, er oddvitafundur þessi samþykkti með samhljóða atkvæð-

um, var síðan borin undir hreppsbúa í hlutaðeigandi hreppum, og varð niðurstaðan sú, að í 7 af 9 hreppum reyndust hreppsbúar tillögunni mjög eindregið fylgjandi, en íbúar tveggja hreppanna, Fljótsdalshrepps og Hjaltastaðarhrepps, voru henni hins vegar andvígir. Svarar þetta til þess, að 1307 væntanlegir héraðsbúar æski breytingarinnar, en 433 ekki. Hrepparnir, sem tjá sig andvíga hugmyndinni, eru einmitt þeir tveir hreppar, þar sem læknissetrin eru nú. Er vorkunnarmál, að þeir sjái eftir þeim fríðindum, er því fylgir, og tregðist í lengstu lög við að trúa því, að aðgerðarleysi í málinu leiði til þess, sem því miður er full ástæða til að óttast, að allir sitji uppi læknislausir. Um afstöðu landlæknis til málsins vísast til bréfs hans til dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. sept. 1942, sem einnig er prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Frekari undirbúningur málsins hefur því miður tafizt fyrir það, að dráttur hefur orðið á, að fram færi fyrirhuguð athugun réttra aðila á því, hvar velja bæri stað, þar sem reist yrði væntanlegt sveitaþorp, er orðið gæti eðlileg verzlunar- og menningarmiðstöð og jafnframt læknissetur Fljótsdalshéraðs, auk þess sem illa hefur verið talið horfa um byggingarframkvæmdir. En nú hefur sá atburður gerzt, er læknisbústaðurinn og sjúkraskýlið á Brekku í Fljótsdal brann til kaldra kola nú um áramótin, sem ýtir svo sem mest getur orðið á eftir framkvæmdum í þessu máli. Læknisbústaðinn og sjúkraskýlið verður að endurreisa þegar á næsta sumri, og verður þá ekki vikizt undan að taka af skarið um það, hvar sú framtíðarbygging skuli sett niður. Er það gert með þessu frumvarpi í samráði við þingmenn Múlasýslna. Jafnframt hefur verið farið fram á við húsameistara ríkisins, að hann vindi bráðan bug að því að láta gera uppdrátt að byggingunni, og er gert ráð fyrir, að hún rúmi auk íbúðar héraðslæknis og sjúkraherbergja fyrir um átta sjúklinga aðra minni íbúð fyrir aðstoðarlækni. Er talið sjálfsagt, að héraðslæknirinn í þessu víðlenda héraði sitji fyrir öðrum um að hafa sér við hönd einn af aðstoðarlæknum þeim, sem héraðslæknum eru ætlaðir samkvæmt lögum nr. 52 1942. Gild ástæða er til að líta á húsbrunann á Brekku í Fljótsdal á þessum erfiðleikatímum um byggingarframkvæmdir og þar af leiðandi vegaleysi héraðslæknisins ofan á annað öngþveiti í læknamálum þessara sveita sem óvenjulegt neyðarástand, er fyllilega réttlæti fjárframlög úr ríkissjóði til hins fyrirhugaða læknisbústaðar og sjúkraskýlis á Egilsstöðum drjúgum fram yfir það, sem venjulega tíðkast til slíkra framkvæmda.

Kosið hefur verið að fjölga íbúum í hinu væntanlega Bakkagerðishéraði með því að láta Loðmundarfjörð (íbúar 44) heyra undir það að nafni til a. m. k., og verður þó íbúatala héraðsins fyrst í stað einungis 350, en sanngjarnt þykir, að Loðmfirðingar eigi eftir sem áður jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu frá Seyðisfirði, og missa þeir þá einskis í.

2. Læknissetur í Eyrarbakkahéraði flutt að Selfossi.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru þess efnis, að læknissetrið í neðanverðri Árnessýslu verði flutt frá Eyrarbakka að Selfossi. Miðast þetta við það, að Eyrarbakki hefur, sem kunnugt er, fyrir æði löngu hætt að vera samgöngumiðstöð þeirra sveita, er hér eiga hlut að máli, en Selfoss tekið við af Eyrarbakka, enda koma þar nú allar leiðir saman. Er farið fram á flutning læknissetursins fyrir mjög eindregna ósk og áskorun 6 hreppa héraðsins af 9 og mikils meiri hluta héraðsbúa. Einn hreppur, Selvogshreppur (íbúar 82), lætur sér hægt um, en kýs þó heldur breytinguna. Eru þá breytingunni fylgjandi 1975 íbúar af 3217, sem eru í öllu héraðinu. Þorpin tvö, Eyrarbakki (íbúar 604) og Stokkseyri (íbúar 638) mæla hins vegar gegn henni. Eyrbekkingar með gildum rökum, að því er sjálfa þá snertir, því að þeir mundu óneitanlega missa mikils í, en Stokkseyringar virðast engan veginn hafa jafnmikið til síns máls. Mæla kunnugir, að á læknissókn Stokkseyringa til Eyrarbakka annars vegar og að Selfossi hins vegar sé bitamunur, en ekki fjár. Að vísu er leiðin til Eyrarbakka (6 km) styttri en að Selfossi (14 km), en þar er talið koma í móti, að almennar samgöngur milli Selfoss og Stokkseyrar séu ólíkt tíðari en milli Stokkseyrar og Eyrar-

bakka, og leiði af því, að ósjaldan verði á þeirri leið völ ódýrra tækifærisferða til læknisvitjana og annarra viðskipta við lækni, sem minna gæti fáfarnari leiðina.

Að öllu athuguðu virðist krafan um setu héraðslæknisins á Selfossi vera eðlileg og réttmæt, auk þess sem svo horfir, að hún muni teljast því réttmætari, því lengra sem líður. Má þar meðal annars til nefna hina erfiðu aðstöðu þéttbýlisins í Hveragerði til læknisvitjana, en þar eiga nú fast aðsetur á annað hundrað íbúa og fer ört fjölgandi. Að sumrinu er fólksfjöldi þar stórum meiri.

Fara má nærri um, að Eyrbekkingum, sem svo lengi hafa notið þeirra hlunninda að hafa lækni hjá sér búsettan, muni bregða illa við að eiga nú að leita hans út úr þorpinu 12 km leið, þó að segja megi, að ekki sé þeim um vandara en Stokkseyringum, sem þó eru í við fleiri. Má gera ráð fyrir, að sumir vilji láta koma til álita að kljúfa heldur héraðið, þannig að Stokkseyri og Eyrarbakki verði sér um héraðslækni. En á því eru allmiklir annmarkar aðrir en aukin útgjöld um langa framtíð fyrir ríkissjóð. Er nú tíðarandi að láta sér slíkt í léttu rúmi liggja og þess ekki gætt, að hætt er við, að sú ástandstízka verði af illri nauðsyn endaslepp. Héraðið, heilt og óskert, telst nú í betri héraða röð og mun þó verða metið enn betra, eftir að héraðslæknir er setztur að miðsveitis, einkum ef þar yrði vel að honum búið. Eftir skiptinguna verður hvorugur hlutinn jafneftirsóknarverður ötulum læknum. Á þetta bætist, að meira bolmagn þarf til að búa vel að tveimur héraðslæknum, sínum á hvorum stað, en einum. Mundi héraðslæknir á Eyrarbakka sennilega einkum verða afskiptur og eiga á hættu að einangrast þar í umkomuleysi. Jafnvel Stokkseyringar eru engan veginn líklegir til að verða öruggir viðskiptamenn læknis á Eyrarbakka, er þeir ættu aðgang að lækni á Selfossi, svo sem háttað er samgöngum þeirra þangað, og mundi þess gæta því meira, því meiri sem yrði gerður vegur Selfosslæknis með því, sem sjálfsagt er, og þeir, sem að þessari breytingu standa, munu hafa fullan hug á, að sjá honum fyrir sem fullkomnustum tækjum og öllum aðbúnaði. Mætti vel fara svo, að Eyrarbakkahérað yrði á eftir ekki auðskipað, og er þá vafasamur ávinningur Eyrbekkingum að keppa að því, að héraðið verði klofið, í stað þess að halda hópinn og stuðla að því að gera starfsskilyrði Selfosslæknis sem allra bezt, en krefjast í móti, að þeim verði gerð viðskipti við hann sem allra greiðust, m. a. með föstum viðtalstímum á Eyrarbakka, útsölu nauðsynlegustu lyfja o. s. frv. Selfosslæknir yrði og svo í sveit settur, að hann mundi yfirleitt ganga fyrir öðrum læknum á Suðurlandi um að fá aðstoðarlækni á kostnað ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum laga nr. 52 1942, og gæti Eyrarbakki á margan hátt notið góðs af því, m. a. með búsetu aðstoðarlæknis þar.

Rétt þykir að gera ráð fyrir, að leita þurfi samkomulags við núverandi héraðslækni um búferlaflutning hans. Eðlilegur samningsaðili annars vegar yrði læknisbústaðarnefnd héraðsins, skipuð samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 1933. Náist ekki slíkt samkomulag, sem ætla má, að ástæðulaust sé að gera ráð fyrir, ef eindregið verður eftir leitað, kemur ákvæðið til framkvæmda, næst er héraðið verður veitt.

Þingmenn Árnesinga hafa gengið ríkt eftir því, að heilbrigðisstjórnin tæki afstöðu til málsins, og er þeim kunnugt um flutning frumvarps þessa.

Í 3. grein felst lítils háttar leiðrétting á 29. tölulið 1. greinar. Eins og sá töluliður og hinn næsti á undan hafa af vangá verið orðaðir frá upphafi, falla nokkrir bæir (að vísu nú aðeins einn í byggð: Þverá í Dalsmynni) undan þannig, að eftir bókstafnum hafa þeir ekki verið í neinu læknishéraði. Samkvæmt eðli málsins hafa þeir þó ætíð verið taldir til Höfðahverfishéraðs, og er hér farið fram á að breyta orðalagi laganna í samræmi við það.

Jafnframt er gripið tækifærið og farið fram á, að samræmd verði nöfn allra læknishéraða í landinu þannig, að þau verði eftirleiðis kennd hvert við sitt læknissetur. Er þetta í samræmi við fornhelgaðar venjur hér á landi um að kenna þinghár við þingstaði og kirkjusóknir við kirkjustaði. Hefur og frá upphafi verið að þessu stefnt um læknishéruðin, en varð lengi ekki samræmt til fulls vegna þess, að læknissetrin voru á reiki. Nú er því ekki lengur til að dreifa, er þau eru öll bundin í lögum og

ekki líklegt, að verulega haggist á næstunni. Eftir það er jafnóþarft og illa fer á því að nefna annað læknishérað Strandamanna Hólmavíkurhérað, en hitt Reykjarfjarðarhérað í stað Árneshéraðs, og annað læknishérað Húnvetninga Blönduóshérað, en hitt Miðfjarðarhérað í stað Hvammstangahéraðs o. s. frv. Að vísu munu sum hin nýju nöfn tæplega láta eins vel í eyrum og hin gömlu, einkum fyrst í stað, en rétt þykir, að það lúti í lægra haldi fyrir samræminu.

Loks eru heiti sveitarfélaga lagfærð og leiðrétt í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á skipun þeirra, síðan lögin voru endurskoðuð í heild.

Fylgiskjal I.

Þriðjudaginn 21. júlí 1942 komu oddvitar hreppa Fljótsdalshéraðs á fund að Egilsstöðum til viðtals við landlækni, Vilmund Jónsson, sem þar var staddur. Sveinn Jónsson á Egilsstöðum boðaði fundinn. En oddvitar úr Skriðdalshreppi, Fljótsdalshreppi og Hlíðarhreppi komu ekki á fundinn. Ari læknir Jónsson mætti á fundinum, svo og Páll Hermannsson alþingismaður.

Eftir alllangar viðræður við landlækni lýsti hann yfir, að hann væri mjög vonlítill um, að læknir fengist í Hróarstunguhérað og óttaðist, að á sömu leið kynni að fara með Fljótsdalshérað, þegar það hérað losnaði. Hallaðist hann að þeirri leið í málinu, sem áður hafði komið til tals milli oddvitanna og enn var á dagskrá hjá þeim, að héruðin yrðu sameinuð og byggður yrði nýr læknisbústaður miðlínis á Héraðinu við bílveginn, þegar efni fengist til byggingar. Minnzt var á, að í húsinu væru tvær sjúkrastofur og nauðsynleg rannsóknaráhöld. Landlæknir bauð oddvitunum að færa í tal við ríkisstjórnina að kaupa báða læknabústaðina fyrir viðunandi verð, húsin á Brekku og Hjaltastað, fyrir íbúðarhús á jörðunum.

Fram kom svo hljóðandi tillaga:

Að fengnum upplýsingum landlæknis óttast fundurinn, að vonlítið sé um lækni í Hróarstunguhérað að Hjaltastað og eins geti farið um Fljótsdalshérað, ef það losnar. Telur fundurinn meiri tryggingu í að sameina læknishéruðin handa einum aðallækni, sem fengi svo aðstoðarlækni, launaðan sómasamlega. Skyldi bústaður fyrir þá reistur nálægt Lagarfljótsbrú, svo fljótt sem fært þykir, með ríflegum styrk úr ríkissjóði og í von um, að sæmilegt andvirði fáist frá ríkinu fyrir bústaðina á Brekku og Hjaltastað.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Oddvitunum var falið að bera fundargerð þessa og tillöguna undir atkvæði hreppsbúa, hverjum í sínum hreppi. Skyldi ekki í framkvæmdir ráðizt, fyrr en í ljós er komið, að þorri atkvæðisbærra héraðsbúa er þessu samþykkur.

Kosin var þriggja manna nefnd til að hafa framkvæmdir í málinu, þeir Sveinn Jónsson, Björn Sveinsson og Ari Jónsson læknir.

Var svo fundi slitið.

Sveinn Jónsson. Jón Jónsson.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 16. september 1942.

Um athugun á skipun læknishéraða á Fljótsdalshéraði og ráðstafanir í því sambandi.

Af því tilefni, hve erfiðlega gengur að fá skipaðan lækni í Hróarstungulæknishérað og litlar horfur eru á, að úr því rætist, hefur nefndarmönnum á Fljótsdalshéraði dottið í hug sú lausn málsins að gera allt Fljótsdalshérað að einu læknishéraði, leggja niður Brekku í Fljótsdal og Hjaltastað sem læknissetur og fá læknunum bústað nálægt hinni eðlilegu samgöngumiðstöð alls Héraðsins, þ. e. í nánd við Egilsstaði eða Lagarfljótsbrú. Að vísu leiðir af þessu, að gera yrði Borgarfjörð,

sennilega ásamt Loðmundarfirði, að sérstöku læknishéraði með læknissetri að Bakkagerði, en það hefur lengi verið mikið áhugamál Borgfirðinga. Að því er fólksfjölda snertir, yrði hið nýja Fljótsdalshérað (eða Egilsstaðahérað) ekki nema rösklega miðlungshérað með 1600—1700 íbúum[1]), en Bakkagerðishérað aftur mjög fámennt með tæplega 400 íbúum.[2]) Hins vegar horfir heldur til fólksfjölgunar í Bakkagerðisþorpi. Yfirsókn læknis frá Egilsstöðum um allt Fljótsdalshérað og Jökuldal er óneitanlega mikil og erfið, einkum að vetrinum, ef bílasamgöngur takast af með öllu, en þó mikill þægindamunur, að læknirinn sitji á Egilsstöðum fremur en uppi í Fljótsdal og gegni þaðan öllu héraðinu, eins og nú á sér stað, þegar ekki er unnt að ná til læknis á Eskifirði. Af Úthéraði og Jökuldal er að vísu miklu lengri leið til Eskifjarðar en í Fljótsdal, þó að menn kjósi yfirleitt fremur Eskifjarðarleiðina, þegar hún er bílfær, vegna greiðari samgangna þangað, og má bezt marka á því, hve umhent mönnum er að eiga læknissókn í Fljótsdalinn.

Eftir að ég hef átt kost á að ræða þetta mál á fundi oddvita hlutaðeigandi byggða, er haldinn var að minni tilhlutun á Egilsstöðum í sumar, fellst ég á, að þessi hugmynd um samfærslu héraðanna eigi fullan rétt á því, að hún verði athuguð nánar, ekki síst með hliðsjón af því, að unnt verði fyrir hinn væntanlega Egilsstaðalækni að njóta hlunninda hinna nýju laga um aðstoðarhéraðslækna. Er vafalaust, að Héraðsbúum yrði mjög sæmilega greið viðskipti við tvo lækna á Egilsstöðum, auk þess sem náin samvinna tveggja lækna við viðunandi skilyrði mundi á margan hátt tryggja betri árangur af starfi þeirra.

Í samráði við mig var af hálfu oddvitanna skipuð nefnd til að hafa með höndum frekari athugun þessa máls, sem ég geri ráð fyrir, að beinist fyrst og fremst að því, hverjir möguleikar mundu á, að koma upp nýjum læknisbústað ásamt góðu sjúkraskýli á Egilsstöðum eða þar í grennd. Hin fyrsta spurning, sem vaknar í því sambandi, er, hvort unnt mundi að losna við læknisbústaðina, sem fyrir eru þ. e. á Brekku í Fljótsdal og Hjaltastað, og þá fyrir það verð, er næmi einhverju verulegu upp í kostnað við að reisa nýjan læknisbústað og sjúkraskýli. Nú vill svo til, að á hvorugum þessum stað eru íbúðarhæf bæjarhús önnur en læknisbústaðirnir og þeir ekki meiri í sniðunum en svo að vera við hæfi jarðanna, sem báðar eru góðjarðir í ríkiseign og líklegar til að verða eftirsóttar af myndarbændum. Liggur þá nærri, að grennslazt verði eftir, hvort ríkið mundi ekki vilja, ef til kæmi, kaupa húsin á báðum jörðunum og greiða sem ríflegast fyrir þau með tilliti til þess, úr hverjum vanda hér væri verið að leysa.

Annað, sem liggur fyrir að athuga í sambandi við þetta mál, er að velja sem bezt staðinn fyrir hinn fyrirhugaða læknisbústað og sjúkraskýli. Ágreiningur getur enginn verið um, að í nánd við Egilsstaði eða Lagarfljótsbrú er læknirinn bezt settur, en þess er að gæta, að sýnt þykir, að einmitt á þessum slóðum rísi á næstunni upp sveitaþorp, er verði verzlunar- og síðan jafnframt smátt og smátt menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs. Er mönnum almennt að verða ljóst, hversu fráleitt það er, að Héraðsbúar sæki alla verzlun sína hina löngu leið til Reyðarfjarðar, í stað þess að þar sé aðeins hafnarstöð verzlunarinnar, en dreifingin fari fram frá eðlilegri miðstöð allrar byggðarinnar, þ. e. frá Egilsstöðum eða grennd. Er mér tjáð, að Kaupfélag Héraðsbúa, sem alla verzlunina rekur, hafi þegar skipað nefnd til að athuga þetta mál. Hvatti ég oddvitanefndina mjög til að leita samvinnu við nefnd félagsins í því skyni, að sem vandlegast yrði eftir því leitað með tilliti til ræktunar-, rafmagns-, vatnsveitu-, fráræslu- og jarðvegsskilyrða, fagurrar legu o. s. frv., hvar hið væntanlega þorp yrði haganlegast sett niður, og staðurinn síðan endanlega ákvarðaður. Stakk ég upp á því, að leitað yrði aðstoðar skipulagsnefndar ríkisins um þetta, en sennilega ætti einnig að kveðja þar til ráða Búnaðarfélagið og ráðunauta ríkisins um rafmagnsmál. En því lagði ég áherzlu á þetta skipulagsmál í sambandi við læknisbústaðarmálið, að verði úr sam-

1) Rétt 1700—1800. (Manntal 1942: 1740.)
2) Manntal 1942: 350.

færslu læknishéraðanna, má gera ráð fyrir, að fyrirhugaður læknisbústaður og sjúkraskýli yrði fyrsta byggingin, sem reist yrði af þeim, er heima ættu í hinu væntanlega þorpi. Færi þá mjög illa á, að hún yrði af fyrirhyggjuleysi sett niður án nokkurs tillits til þess, hvar þorpinu yrði síðan valinn staður, með því að hún mundi þá sennilega á sínum tíma standa andhælislega af sér við það.

Samkvæmt framan sögðu og með tilvísun til samtals bæði við ráðherra heilbrigðismálanna og skipulagsnefnd ríkisins leyfi ég mér að fara fram á við ráðuneytið, að það

1) *leiti eftir og mæli með því við rétta hlutaðeigendur (sennilega landbúnaðarráðherra), að gerður verði kostur á að kaupa handa ríkissjóði við sem ríflegustu verði til íbúðarhúsa á hlutaðeigandi jörðum læknisbústaðina á Brekku í Fljótsdal og Hjaltastað — ef til þess kemur, að þeir verði lagðir niður sem læknisbústaðir,* og
2) *beini því til skipulagsnefndar ríkisins, að hún veiti aðstoð sína við að velja stað væntanlegu sveitaþorpi í nánd við Egilsstaði og kveðji til ráða með sér Búnaðarfélag Íslands og rafmagnseftirlit ríkisins — en síðan ákveði nefndin stað fyrir læknisbústað og sjúkraskýli í hinu fyrirhugaða þorpi.*

Vilm. Jónsson.

Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjögurra manna nefnd til þess að rannsaka afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnað sjávarafurða. Leggi nefndin fram að þeirri rannsókn lokinni rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu og eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur rannsaki nefndin, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hvernig lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa áhrif á verðþarfir sjávarútvegsins og afkomu þeirra, er þann atvinnuveg stunda.

Hagstofustjóri er sjálfkjörinn í nefndina. Einn fulltrúi sé skipaður samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar.

Greinargerð.

Flestum ætti að vera það ljóst, að aukning dýrtíðarinnar í landinu hefur komið harðast niður á afkomu þeirra, sem framleitt hafa til útflutnings. Þeir hafa ekki getað tekið þátt í dýrtíðarkapphlaupinu innanlands, þar sem hver hefur velt yfir á annan með þeim afleiðingum, að dýrtíðin hefur farið sihækkandi. Þeir, sem framleiða vörur til útflutnings, hafa ekki getað flúið þannig undan dýrtíðinni um stundarsakir, hvað þá heldur til frambúðar. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur grafið undan afkomu smáútvegsmanna og fiskimanna. Þegar dýrtíðarráðstafanirnar voru brotnar niður árið 1942, gleypti dýrtíðaraukningin í landinu alla hækkun, sem fékkst á fiskverðinu, og reyndar enn meira, þótt verðið hækkaði úr 35 aurum í 45 aura pr. kg. Afleiðingin

varð sú, að afkoma smáútvegsmanna og fiskimanna varð mun verri með 45 aura verðinu, er búið var að brjóta niður ráðstafanirnar gegn dýrtíðinni, heldur en áður hafði verið, þegar 35 aurar pr. kg fengust fyrir fiskinn.

Þannig urðu þær ráðstafanir, sem menn töldu sig framkvæma til að bæta kjör almennings í landinu, til þess að svipta þá, sem eiga afkomu sína undir sjávarafla og verðlagi á sjávarafurðum erlendis, verulegum hluta tekna þeirra.

Það er vitað mál, að sú stefna, sem orðið hefur ráðandi í landinu, hefur leitt til þess, að hag sjávarútvegsins og þeirra, sem eiga lífsafkomu sína undir því, hversu honum vegnar, hefur hrakað frá því, sem orðið var, og kunnugir telja, að eigi megi læpara standa í þeim efnum en nú er, hvað þá, ef ný dýrtíðaralda verður látin flæða yfir landið. Hér má þó undanskilja þá útgerð, er byggir á sölu sjávarafla á frjálsum markaði í Bretlandi. En það raskar ekki því, hversu ástatt er almennt um sjávarútveginn.

Eigi liggja þó fyrir fullnægjandi skýrslur um þessi mál, og engar óhlutdrægar rannsóknir hafa farið fram, svo að kunnugt sé, um framleiðslukostnað sjávarútvegsins né afkomu hans. Málum þessum er nú þann veg komið, að fullkomin nauðsyn virðist á því, að slík hlutlaus athugun fari fram svo fljótt sem við verður komið. Verður að gera sér vonir um, að niðurstaða slíkrar rannsóknar yrði mikil stoð við að finna heppilegar leiðir til úrlausnar dýrtíðar- og atvinnumálum þjóðarinnar. Slík athugun gæti væntanlega einnig orðið að verulegu liði, meðan núverandi ástand helzt um sölu sjávarafurða og sýna þarf kaupendum afurðanna fram á, hvað fyrir þær þarf að fást, til þess að rökstuddar líkur séu fyrir því, að framleiðslan svari kostnaði og veiti lífvænlega afkomu.

Þá er eigi síður nauðsynlegt, að rannsakað sé af kostgæfni og hlutlaust, hver áhrif verðlækkun í landinu hefði á kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Er þetta höfuðnauðsyn sakir þess, að þegar svo væri komið málum, að útflutningsverð sjávarafurða hrykki eigi til þess að mæta framleiðslukostnaði við meðalskilyrði og til þess að veita útvegsmönnum og fiskimönnum lífvænlega afkomu og sambærilega við kjör annarra, þá verður að leita úrræða, til þess að jafnvægi skapist á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Þarf þá að liggja sem ljósast fyrir, hvaða áhrifa í þessa átt er að vænta af ráðstöfunum til þess að lækka verðlag í landinu.

Ed. 32. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem framlengja heimild til að innheimta skemmtanaskatt með sama álagi og áður árið 1944. Hefur nefndin athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (HG) var ekki viðstaddur, þegar frv. var afgreitt, og skrifar því ekki undir nál.

Alþingi, 4. febr. 1944.

Pétur Magnússon, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Brynj. Bjarnason.

Magnús Jónsson.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita fé til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Emil Jónsson, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Brynjólfur Bjarnason, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að greiða á þessu ári allt að 2 millj. króna úr ríkissjóði til viðbótar þeirri upphæð, sem veitt er í fjárlögum 1944 til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hraða framkvæmd þessa verks eftir því, sem frekast er unnt.

Greinargerð.

Undanfarandi mánaðartíma hafa verið óvenjumiklir flutninga- og samgönguerfiðleikar milli Reykjavíkur og sveitanna austan fjalls. Snjóalög hafa verið svo mikil á Hellisheiði og Mosfellsheiði, að marga daga hefur verið ógerningur að halda leiðum þar opnum, og þá daga, sem brotizt hefur verið yfir á þeim, hefur það kostað mikið erfiði og stórfé, bæði í vinnu og skemmdum á samgöngutækjum.

Eins og kunnugt er, er hér um að ræða fjölförnustu og mikilvægustu samgönguleið landsins. Annars vegar eru mestu landbúnaðarhéruðin, sem byggja orðið framleiðslu sína að langmestu leyti á því að framleiða mjólk og mjólkurafurðir til daglegrar sölu, og hins vegar kaupstaðir, þar sem meir en ⅓ hluti þjóðarinnar er búsettur og verður að fá mikilvægustu lífsnauðsynjar sínar daglega frá landbúnaðarhéruðunum austan heiðarinnar, auk annarra margháttaðra viðskipta. Reykjavík ein þarf orðið um 28 þús. lítra mjólkur daglega auk annarra mjólkurafurða, og af því magni verður að flytja 16—20 þús. lítra austan að, þótt allt sé tekið, sem hægt er, af því, sem framleitt er vestan heiðar og í Borgarfirði. Mun Mjólkurbú Flóamanna eitt verða að flytja 40—50 smálestir yfir heiðina daglega til að fullnægja brýnustu þörfum bæjarbúa, og varlega er áætlað, að önnur flutningaþörf sé álíka mikil og sennilega meiri, þar sem Reykjavíkurhöfn er eina innflutningshöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið frá Reykjanesi að Skeiðarársandi. Þá daga, er erfiðast er að flytja þessa leið, hefur verið talið, að verðmæti allra þeirra mjólkurvara, sem fluttar eru, nægi ekki fyrir flutningskostnaði á þeim, en auk þess kostar það ríkið stórfé, þar sem það hefur bæði margt manna og verkfæra við að reyna að ryðja leiðina, þótt oftast beri það engan árangur og öllu því fé og erfiði þannig á glæ kastað. Það er því alveg víst, að fé það, sem hér fer til einskis árlega, má telja í hundruðum þúsunda, auk allra þeirra óþæginda og erfiðleika, sem þessu eru samfara.

Talið er, að þegar sé búið að eyða af opinberu fé um 240 þús. króna í rannsóknir einar á því, hversu leið þessi verði bezt tryggð. Og enn er áformað að halda áfram að eyða fé með þeim hætti um óákveðinn tíma án þess að ráðast í framkvæmdir. Það er því óhætt að álykta, að sé á málum þessum haldið á sama hátt í nokkur ár enn eins og verið hefur undanfarið, þá verði um milljónaeyðslu að ræða, sem þó færir enga lausn eða bót á málinu sjálfu til frambúðar.

Fyrir nokkrum árum var hafin lagning nýs vegar frá Reykjavík til Suðurlandsundirlendisins um Krýsuvík. Var talið, að leið þessi mundi miklu snjóléttari, þar sem hún er um helmingi lægra frá sjávarmáli, þar sem hæst er, en Hellisheiði og liggur auk þess mjög nærri sjó. Fyrir þrem árum var um ⅓ leiðarinnar fullger, og var þá lokið við að leggja hæsta hluta vegarins, yfir Vatnsskarð, og einnig mikinn hluta meðfram Kleifarvatni, — en á þeim tveim stöðum var snjóahættan talin mest. Síðan hefur verið fylgzt með, hversu snjóa legði á þessa leið, þegar illfært

eða ófært hefur verið um Hellis- og Mosfellsheiði, og má segja, að þær athuganir hafi leitt í ljós, að snjólaust, eða svo að segja, hafi jafnan verið á þessari leið. Í vetur, síðan flutningaörðugleikarnir byrjuðu um Hellisheiði og í Þingvallasveit, hefur Mjólkursamsalan nokkrum sinnum látið skoða Krýsuvíkurveginn, það sem komið er af honum, og hefur hann ávallt reynzt með öllu snjólaus og greiðfærari en jafnvel Reykjavíkurgötur sjálfar. Síðast var hann skoðaður af nokkrum flutningsmönnum þessarar tillögu 1. þ. m., þegar allt var ófært á efri leiðunum og talið, að ekki mundi takast að opna þær í bráð vegna snjóþyngsla, og var hann þá auður og snjólaus með öllu. Má því fullyrða, að engir flutninga- eða samgönguörðugleikar væru um þennan veg núna, þegar báðar hinar leiðirnar eru ófærar með öllu. Það virðist því auðsætt, að vegur þessi, ef fullger verður, muni verða stórkostleg umbót á því ófremdarástandi, sem nú er og haldizt hefur um mörg ár, og allar líkur til, að á fáum árum eyði þjóðin meira fé og verðmætum, ef vegurinn er ekki lagður, heldur en það kostar að leggja hann og það nú þegar. Auðvitað er til þess ætlazt, að hér sé aðeins um vetrarleið til öryggis að ræða og Hellisheiðarvegurinn verði bættur og honum haldið við sem aðalleið eftir sem áður. Þótt leiðin um Krýsuvík sé nokkru lengri, skiptir það engu máli móts við það að ætla að halda áfram hinni vonlausu, erfiðu og kostnaðarsömu baráttu við snjóinn á háfjallaleiðum þeim, sem nú eru fyrir hendi.

Upphæð þessarar tillögu er miðuð við það, að helmingur vegarins, sem ófullger er, verði a. m. k. lagður á þessu ári og byrjað sem allra fyrst.

Ed. 34. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta var lagt fyrir neðri deild, og var þar gerð á því breyting til lagfæringar, án þess að þar væri um að ræða efnisbreytingu. Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því í þeirri mynd, sem það liggur nú fyrir. — HG áskilur sér þó rétt til að bera fram eða fylgja brtt. við frv.

Alþingi, 5. febrúar 1944.

Pétur Magnússon, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Brynjólfur Bjarnason, með fyrirv. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 35. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Guðjóni bónda Baldvinssyni á Skáldalæk hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður vísast til eftirfarandi fylgiskjala.

Fylgiskjal I.

HREPPSTJÓRI SVARFAÐARDALSHREPPS

Í tilefni af umsókn Guðjóns bónda Baldvinssonar, Skáldalæk hér í hreppi, um það, að hið háa Stjórnarráð Íslands veiti honum kaup á ½ svonefndri Skáldalækjareyju, er hann nú um skeið hefur leigt af ríkinu, vil ég sem umboðsmaður taka þetta fram:

Í fyrsta lagi tel ég eðlilegt, að ábúandi Skáldalækjar leiti eftir kaupum á eyjarparti þessum, þar sem landið liggur rétt við túnfótinn á Skáldalæk og engum því jafn létt að nytja land þetta sem honum.

Í öðru lagi, að því er ég bezt veit, var öll eyja þessi upphaflega undir Skáldalæk og honum tilheyrandi, en á sínum tíma talin Böggvisstöðum til árlegra afnota gegn uppsátri á Böggvisstaðasandi (Dalvík).

Uppsátrið síðar fallið niður, en Böggvisstaðir óátalið haldið áfram að nytja eyna, unz hefð var á komin.

Í þriðja lagi sé ég ekki, að ríkinu sé neinn ávinningur í að halda þessum eyjarhluta í sérleigu.

Af framangreindum ástæðum virðist mér öll sanngirni mæla með því, að ábúandi Skáldalækjar fái land þetta keypt, úr því hann æskir eftir því, og vil sem umboðsmaður veita honum meðmæli til kaupanna.

Virðingarfyllst.

Tjörn, 14. marz 1943.

Þór. Kr. Eldjárn.

Til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis Íslands.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gerðabók sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Ár 1935, laugardaginn 6. apríl, kl. 1 e. h., var aðalfundur sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu settur í bæjarstjórnarsalnum í samkomuhúsinu á Akureyri.

Mættir voru auk oddvita, Sig. Eggerz sýslumanns, þessir sýslunefndarmenn:

Úr Öngulsstaðahreppi: Stefán Stefánsson, Syðri-Varðgjá.
— Saurbæjarhreppi: Valdemar Pálsson, Möðruvöllum.
— Hrafnagilshreppi: Davíð Jónsson, Kroppi.
— Glæsibæjarhreppi: Benedikt Guðjónsson, Moldhaugum.
— Öxnadalshreppi: Elías Tómasson, Hrauni.
— Skriðuhreppi: Eiður Guðmundsson, Þúfnavöllum.
— Arnarneshreppi: Guðm. Magnússon, Arnarnesi.
— Árskógshreppi: Kr. E. Kristjánsson.
— Hríseyjarhreppi: Páll Bergsson, Syðsta-Bæ.
— Svarfaðardalshreppi: Þór. Kr. Eldjárn, Tjörn.
— Ólafsfjarðarhreppi: Árni Jónsson, Syðri-Á.
— Grímseyjarhreppi: Kristján Eggertsson, Grímsey.

Tók þá fundurinn til meðferðar þessi mál:

74. Lagt fram og lesið erindi frá Snorra Sigfússyni skólastjóra, dags. í gær (10. apríl), þar sem hann f. h. Guðjóns Baldvinssonar, bónda á Skáldalæk, óskar meðmæla sýslunefndar með, að hann fái keypta ½ Skáldalækjareyju.

Vísað til búnaðarmálanefndar.

115. Út af umsókn Guðjóns Baldvinssonar (atr. 74) um að fá meðmæli sýslunefndar til, að hann fái keypta ½ Skáldalækjareyju, sem hann hefur nú á leigu, samþykkti sýslunefndin svo hljóðandi: „Þar sem ekki er sýnilegt, að jörðin Böggvisstaðir þarfnist eyjarparts þessa og hann er nú leigður ábúanda Skáldalækjar, mælir sýslunefndin með sölunni."

Fundi slitið laugardaginn 13. apríl kl. 3 e. h.

Sig. Eggerz.

Stefán Stefánsson. Kristján Eggertsson. Davíð Jónsson. Benedikt Guðjónsson. Elías Tómasson. Páll Bergsson. Kr. E. Kristjánsson. Þór. Kr. Eldjárn. Guðm. Magnússon. Árni Jónsson. Vald. Pálsson. Eiður Guðmundsson.

Rétta útskrift staðfestir:

Akureyri, 3. febrúar 1943.

G. Eggerz.

Nd. 36. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Síðasta mgr. 24. gr. falli niður, en í stað hennar komi:

Geta þá skuldheimtumenn sjóðsins, svo og ráðherra, sem fer með bankamál, ákveðið, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar. Skipar ráðherra þá tvo skiptaforstjóra, er auglýsa innköllun til sparifjáreigenda og annarra skuldheimtumanna sjóðsins á venjulegan hátt, krefja inn skuldabréf hans og selja eignir hans.

Skiptagerð sendist sparisjóðseftirliti, og úrskurðar það kostnaðarreikning við skiptin, sem greiðist af fé sparisjóðsins.

Nú óska eigendur eða ábyrgðarmenn sparisjóðs á aðalfundi hans að leggja hann niður, án þess að um gjaldþrot sé að ræða, og skulu þeir þá leita samþykkis ráðherra, sem fer með bankamál.

Aðalfundur kýs tvo skilanefndarmenn til þess að ljúka reikningsuppgjöri sjóðsins, og skulu þeir löggiltir af ráðherra, sem fer með bankamál.

Skilanefnd getur gefið út innköllun til skuldheimtumanna sparisjóðsins, þar með eru taldir innstæðueigendur. Innköllunarfrestur skal eigi vera styttri en 6 mánuðir. Þeir, sem ekki lýsa kröfum sínum á hinum tiltekna fresti, missa kröfurétt sinn gagnvart sjóðnum. Skiptagerð skal senda sparisjóðseftirliti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum um sparisjóði eru engin ákvæði um það, hvernig farið skuli að, þá er sparisjóður hættir störfum, hvort sem um gjaldþrotaskipti er að ræða eða sparisjóður er lagður niður á annan hátt.

Það þykir hentugra, að skiptaforstjórum séu falin skipti sparisjóða, sem teknir eru til gjaldþrotaskipta, heldur en að hinum reglulega skiptaráðanda séu falin þau.

Þegar sparisjóður er lagður niður af öðrum ástæðum, er nauðsynlegt, að lagaheimild sé til þess, að hægt sé að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, er útiloki þá, er ekki lýsa kröfum sínum innan tiltekins frests.

Ed. 37. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944.

(Afgreidd frá Ed. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 11.

Ed. 38. Lög

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 23.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar

um úrkomumælingar á hálendi Íslands.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar á þessu ári hefja úrkomumælingar á hálendi Íslands og heimilar að verja úr ríkissjóði í þessu skyni allt að 10 — tíu — þúsund krónum.

Mælingarnar skulu framkvæmdar undir umsjón Veðurstofunnar og mælingastaðir ákveðnir í samráði við Rafmagnseftirlit ríkisins.

Greinargerð.

Skilningur almennings á nauðsyn þess, að sem flestir geti orðið raforku aðnjótandi, verður meiri og almennari með hverju ári, sem líður.

Alþingi hefur þrásinnis sýnt í verki sama hug, og þarf ekki að rekja það hér.

Óhætt er að fullyrða, að fyrir liggja stórfelldar framkvæmdir í raforkumálum þjóðarinnar, auknar virkjanir og aðrar framkvæmdir í sambandi við þær.

Væri þá æskilegt, að undirbúningur undir þær framkvæmdir gæti verið sem bestur. Hingað til hafa verkfræðingar vorir, er þeir gerðu áætlanir um virkjanir, orðið að miklu leyti að byggja á ágizkunum um vatnsrennsli þeirra fallvatna, sem virkja átti, vegna þess hve skammt er síðan vatnsrennslismælingar voru yfirleitt upp teknar hér á landi. Og enn er það svo, að þennan hátt verður að viðhafa við áætlanir um virkjanir.

Það liggur í augum uppi, að vitneskja um úrkomu á aðrennslissvæði fallvatns þess, sem virkja skal, gerir ágizkanir þessar léttari og um leið réttari. Það leikur heldur enginn efi á því, hve mikils vert það er, að þær séu sem réttastar og að hér er því um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Í þessu efni verður látið nægja að vísa til fylgiskjala þeirra, sem hér fara á eftir, en það eru bréf um þetta mál frá þeim Jakobi Gíslasyni, forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins, Steingrími Jónssyni, forstjóra Rafveitu Reykjavíkur, og Þorkeli Þorkelssyni, forstjóra Veðurstofunnar.

Fylgiskjal I.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 8. jan. 1944.

Herra alþm. Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur,
Austurstræti 14, Reykjavík.

Með bréfi yðar, dags. 3. þ. m., óskuðuð þér álits míns um nauðsyn þess að gera ráðstafanir til, að hægt sé að taka upp úrkomumælingar á hálendi Íslands.

Vegna ónógra mælinga á vatnsrennsli í ám og fljótum hér á landi hefur til þessa of oft orðið að byggja virkjunaráætlanir á ágizkun um vatnsmagn fallvatnsins. Til stuðnings þeim ágizkunum er haft, svo sem kunnugt er, bæði samanburður við þau fallvötn, sem hafa verið mæld sæmilega ýtarlega, og þær upplýsingar, sem fáanlegar eru um úrkomu víðs vegar á landinu. En upplýsingar um úrkomu eru sérstaklega ófullnægjandi í þessu sambandi vegna þess, að úrkomumælingar hafa hér á landi farið fram nærri eingöngu á láglendi.

Að úrkoman er margfalt meiri uppi til fjalla en á láglendinu, er löngu vitað. Vatnsrennsli í ám er svo miklu meira en svarar þeirri úrkomu, er mæld er á láglendi. Skal ég aðeins benda á eitt dæmi af þeim, sem kunn eru af vatnsrennslismælingum. Ársframrennsli Fjarðarár í Seyðisfirði er samkvæmt meðaltali af mælingum nokkurra ára sem svarar 70 lítr/sek. af hverjum ferkílómetra vatnasvæðis hennar. Nú má varla gera ráð fyrir, að fram renni í ánni nema um 80% af úrkomunni, og ætti samkvæmt því meðalársúrkoma að hafa verið um 2700 mm á öllu vatnasvæði árinnar. En á næstu úrkomumælistöðum á láglendi mældist meðalársúrkoma 13—1400 mm. Uppi á Fjarðarheiði og í fjöllunum beggja vegna hlýtur því ársúrkoma að vera einhvers staðar milli 3000 og 5000 mm.

Þá er og kunnugt, að úrkoman á hálendinu er mjög misjöfn í ýmsum landshlutum og að mismunur úrkomu á hálendi og láglendi er ekki alls staðar eins.

Ég tel ekki orka tvímælis um gagnsemi þess, að aflað verði nákvæmari vitneskju um úrkomuna á hálendi Íslands, og hygg ég, að hversu smá byrjun úrkomumælinga á hálendi, sem væri, mundi þegar sýna gagnsemi þeirra. Virðist mér þá sem sérstaklega heppilegt væri, að saman færu á einu vatnasvæði úrkomumælingar á láglendi og hálendi og afrennslismælingar af því svæði.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Fylgiskjal II.

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 12. jan. 1944.

Herra alþm. Sig. S. Thoroddsen,
Austurstræti 14, Reykjavík.

Varðandi úrkomumælingar á hálendi.

Út af fyrirspurn yðar um álit mitt á nauðsyn úrkomumælinga á hálendi er mér ljúft að láta þá skoðun í ljós, að ég tel þær mjög mikilsverðar og að þær geti gert meira og víðtækara gagn á ýmsum sviðum væntanlegra framkvæmda í landinu á komandi árum en hægt er að gera sér fulla grein fyrir enn, meðan rannsóknir á landinu og hagnýtingarmöguleikar þess eru svo skammt á veg komnir.

Til skýringar þessu vil ég benda á, að þegar ráðizt var í virkjun Elliðaánna handa Reykjavík, gerðu áætlanir 1918 ráð fyrir tvennum vélum upp á 500 hestöfl hvora, er síðan mætti auka um 500 hestöfl enn, svo að alls yrði þá 1500 hestöfl upp sett. Á síðustu stundu, áður en kaup voru fest á vélunum, var annarri vélasamstæðunni breytt í 1000 hestöfl, svo að byrjað var með 5 og 1000 hestafla vélum, er tóku til starfa 1921.

Árið 1923 var bætt við 1000 hestöflum og árið 1934 2000 hestöflum í þessa sömu stöð, en þá var reiknað með því, að 1000 hestöfl væru til vara, svo að nothæft mesta afl væri 3500 eða meira en tvöfalt á við það, sem áætlað hafði verið.

Áætlunin 1918 var byggð á mælingum og athugunum nokkurra verkfræðinga frá 1916 og áætlun þeirra frá 1917, er fór allnærri um meðalrennsli Elliðaánna, enda þótt mælingar á vatnsrennslinu hefðu verið fáskrúðugar. Verður því eigi sagt um þær áætlanir annað en þær hafi verið réttar út frá þeim upplýsingum, er fyrir lágu.

Undir eins og Elliðaárstöðin tók til starfa, var byrjað á reglulegum athugunum við stöðina á úrkomu, vatnsrennsli, hitastigi í lofti og vatni o. fl., er varðaði möguleikann á að dæma um hagnýtingu vatnsrennslisins. Var höfð samvinna um mest af þessum athugunum við Veðurstofuna, og tókst að koma á reglulegum úrkomumælingum í Hveradölum, sem eru ofan til á regnsvæði Elliðaánna, á tæplega 7 ára tímabili frá því á hausti 1927 til miðsumars 1934. Þótt tímabilið væri eigi lengra, gaf það mikilsverðar upplýsingar, sem studdu aukningu Elliðaárstöðvarinnar 1934 með 2000 hestafla vélasamstæðu. Úrkoman í Hveradölum reyndist sem sé þrisvar sinnum meiri en neðst á úrkomusvæðinu, við Elliðaárstöðina eða í Reykjavík.

Jafnframt bentu þessar athuganir á, að meiri úrkoma fellur á svæðið en horfið getur við uppgufun og gróður eða við framrennslið í Elliðaánum, og er enn óransakað, að hve miklu leyti það vatn, sem hverfur í jörðina lengra niður en svo, að það geti komið fram í árrennslinu, komi ekki samt fram sums staðar annars staðar sem heitt laugavatn eða að þess megi vænta, að því verði náð upp til hagnýtingar.

Þegar Ljósafoss í Sogi var virkjaður, var þar einnig byrjað á úrkomumælingum, er sýna meiri úrkomu þar en menn héldu áður, að væri á þeim slóðum, og eigi ósennilegt, að ef mælt væri norðar, t. d. upp af Hvalvatni eða Skorradalsvatni, mætti fá mikilsverðar upplýsingar sams konar þeim, er áður var getið um við Elliðaárnar, um hagnýtingu ánna á þeim slóðum til vatnsvirkjunar. Sama má segja um ýmsar aðrar ár, einkum þær, er hafa tiltölulega lítið úrkomusvæði. Enn fremur er mikil þörf á að framkvæma þessar mælingar einnig á jöklum uppi, er geta gefið upplýsingar, er hafa þýðingu fyrir virkjun jökuláa og geta leitt til þekkingar á afrennsli frá jöklum, en um það er einnig tiltölulega lítil vitneskja fengin, m. a. sökum skorts á þessum mælingum, og að hve miklu leyti þetta jöklaafrennsli, t. d. frá Langjökli, hafi samband við lauga- og hveravatn umhverfis.

Virðingarfyllst,

Steingr. Jónsson.

Fylgiskjal III.

VEÐURSTOFAN

Reykjavík, 17. jan. 1944.

Herra alþm. Sigurður Thoroddsen,
Reykjavík.

Hinn 10. þ. m. barst mér í bréfi yðar, dags. 3. s. m., ósk um álit mitt á tillögu, sem þér ásamt fleirum báruð fram á síðasta Alþingi, um úrkomumælingar á hálendi Íslands.

Bréf yðar ber það með sér, að yður og öðrum verkfræðingum, sem fást við vatnsvirkjanir að einhverju leyti, er það ljóst, að úrkomumælingar þessar eru mikið nauðsynjamál, og mun því varla þörf að fara nánar út í það mál hér, en geta mætti þess lauslega, að auk þýðingar þeirra fyrir verkfræðilegar framkvæmdir, svo sem vatnsvirkjanir, vegagerð og brúargerð og frárennsli í borgum og kauptúnum, þá er þekking á úrkomu og úrkomumagni nauðsynleg við framræslu lands og yfirleitt við allar ræktunarframkvæmdir svo og skógrækt o. fl., og því hefur verið reynt að fjölga úrkomumælistöðvum eftir því, sem fjárhagur Veðurstofunnar hefur leyft, og sést það gleggst af töflunni um tölu úrkomumælistöðva frá 1875 til 1940.

Fjöldi úrkomumælistöðva.

Ár	1875	1880	1885	1890	1895	1900	1905	1910	1915	1920	1925	1930	1935	1940
Tala	3	5	5	6	6	6	6	5	6	6	16	19	29	48

En þó að úrkomumælistöðvarnar séu nú orðnar um 50 á landinu, þá sýnir það sig hér sem annars staðar, að breytileiki úrkomunnar frá stað til staðar er svo mikill, að þessi tala nægir hvergi nærri til að gefa fullnægjandi upplýsingar um úrkomuna í sveitum landsins, og þarf því að fjölga stöðvunum allverulega, þegar hægt verður vegna fjárhags og annarra aðstæðna. Um úrkomuna á hálendinu er þó þekking vor í enn þá meiri molum. Vitað er samt, að hún er þar víða miklu meiri en í byggð, en hingað til hefur mjög litlar mælingar verið hægt að gera á því. Helzt má nefna úrkomumælingar í Hveradölum, rétt hjá Skíðaskálanum, og voru þær mælingar gerðar reglulega um nokkur ár og sýndu, að úrkoman var þar miklu meiri en ætla mætti eftir úrkomumælingum á Eyrarbakka og í Reykjavík.

Ég er þess því mjög hvetjandi, að byrjað sé á úrkomumælingum á hálendinu, en vil jafnframt mæla með því, að Veðurstofunni sé með fjárveitingu gert kleift að fjölga úrkomumælistöðvum í byggðum landsins.

Um upphæð þá, 15—20 þúsund krónur, sem nefnd var í tillögunni, get ég því miður eigi sagt, hvort nægja muni eða vera of rífleg, því að allt verðlag er nú á hverfanda hveli og engin reynzla enn fengin um tilkostnaðinn við að koma upp stöðvum fjarri mannabyggðum og um starfrækslu þeirra. Reynsla síðustu ára um útvegun úrkomumæla sýnir, að torvelt getur verið að fá þá, og eru þeir þó búnir til hér, en önnum og efnisskorti um kennt af þeim, sem smíða þá.

Við úrkomumælingar á hálendinu má hafa til hliðsjónar erlenda reynslu, en búast má samt við ýmsum erfiðleikum í byrjun, og því er ég á þeirri skoðun, að rétt sé að byrja eigi of geyst, meðan innlenda reynslan er lítil sem engin. Ég gæti ímyndað mér, að 10 þúsund króna fjárveiting mundi nægja fyrir því, sem komið yrði í verk á fyrsta ári.

Virðingarfyllst,

Þ. Þorkelsson.

Nd. 40. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Hellissandi.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Til lendingarbóta á Hellissandi í Snæfellsnessýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hellissands að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Neshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hellissands. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kauptúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Neshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 5 menn, er hreppsnefnd Neshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Neshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Neshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að

þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hellissands allt að 3% af brúttó verði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hellissandi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi í kauptúninu, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Neshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá Hellissandi á Snæfellsnesi hefur um óratíma verið rekinn bátaútvegur, enda hin fengsælustu fiskimið skammt undan landi. En útvegur á Hellissandi hefur átt við hin örðugustu lendingar- og hafnarskilyrði að búa. Á undanförnum árum hefur reynt verið að bæta hér nokkuð um, fé veitt úr ríkissjóði öðru hverju, en í mjög smáum stíl, þangað til í tvennum síðustu fjárlögum, fyrir árin 1943 og 1944, en með þeim hafa verið veittar 50 þús. kr., 25 þús. kr. hvort árið. Er nú ætlunin að hefjast handa um öflugar umbætur á næsta vori. En nauðsynlegt er, að hreppur sá, sem hér á hlut að máli, fái ríkisábyrgð á láni, sem hann kann að þurfa að taka til mannvirkjanna, eins og hvarvetna er veitt annars staðar, þar sem hafnargerðir eða lendingarbætur eru framkvæmdar.

Það skal tekið fram, að fjárveitingar í fjárlögum til lendingarbóta á Hellissandi hafa verið miðaðar við helmingsframlag, og er því hlutfalli haldið í þessu frv.

Frv. þetta er sniðið eftir ýmsum gildandi lögum um lendingarbætur og er flutt í samráði við hreppsnefnd Neshrepps.

Nd. 41. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Finnur Jónsson, Jóhann Jósefsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

13. gr. laganna skal orðuð svo:

Fiskifélag Íslands skal halda námskeið í mótorfræði til þess að búa menn undir mótorvélstjórapróf. Þau skulu haldin í tveim flokkum, hið minna og hið meira námskeið.

Hið minna námskeið skal haldið í Reykjavík og úti um land, á þeim stöðum, sem nægur vélakostur og önnur skilyrði eru fyrir hendi og atvinnumálaráðuneytið ákveður, eftir tillögum Fiskifélags Íslands.

Hið meira námskeið skal haldið í Reykjavík og enn fremur eftir tillögum Fiskifélags Íslands á Akureyri, Ísafirði, í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, enda sé næg þátttaka og önnur skilyrði fyrir hendi.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði eftir samningi við Fiskifélag Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar farið var að setja stærri vélar í mótorskipin (þ. e. vélar yfir 150 hestöfl), náðu gömlu vélgæzlulögin of skammt, þar sem þau veittu aðeins réttindi upp að 150 hestöflum. Þessi réttindi veittu mótornámskeið þau, er Fiskifélag Íslands hélt víðs vegar um landið. Árið 1936 setur svo Alþingi lög um „hið meira mótornámskeið", sem aðeins skal haldið í Reykjavík og veitir réttindi til vélgæzlu við vélar allt að 400 hestöflum.

Námskeið þessi hafa verið fremur illa sótt, sem mun stafa af því, hversu erfitt og kostnaðarsamt það er fyrir þá, sem ekki búa í Reykjavík eða þar í grennd, að sækja þau. Önnur mikilvæg ástæða mun einnig sú, að við stærstu vélarnar (þ. e. allt að 150 hestöfl) voru í mörgum tilfellum reyndari vélstjórar og þá oft á sama skipi ár eftir ár. Flestir þessir menn eru heimilisfeður, og af þeim ástæðum eiga þeir skiljanlega ekki heimangengt til þess að setjast á skólabekk í Reykjavík, þótt þeir mundu ráðast í slíkt, ef nærtækara væri, til þess að halda atvinnu sinni, sem nú er ekki annað sjáanlegt en að þeir megi innan skamms hverfa frá, vegna þess að þeir geta ekki uppfyllt skilyrði vélgæzlulaganna frá 1936 (meira prófið).

Í útvarpserindi, er forseti Fiskifélags Íslands, hr. Davíð Ólafsson, flutti 24. f. m., upplýsti hann, að síðan 1936 hefðu aðeins verið haldin fimm „hin meiri námskeið", og útskrifuðust aðeins 42 vélstjórar, þ. e. 6 vélstjórar ár hvert. Af þessu er sjáanlegt, að námskeið þetta mun með líkri aðsókn engan veginn fullnægja þörfum mótorvélskipaflota landsins. Þess ber einnig að gæta, að mikill hluti þeirra, sem útskrifast af þessum námskeiðum, hafa horfið að landvinnustörfum, sérstaklega í vélsmiðjur, og koma því ekki útveginum að þeim notum, sem hér er talað um.

Raddir munu vera uppi meðal vélstjóra um, að vinna beri að því að fá réttindin hækkuð án frekara náms. Þetta er mjög varhugaverð leið. Starf vélstjórans er það vanda- og ábyrgðarstarf, að vinna ber að því, að þessi stétt fái sem fullkomnasta þekkingu á starfi sínu. Og að því stefnir frumvarp þetta.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar

um kosning nefndar til þess að undirbúa hátíðahöld 17. júní 1944 vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi.

Flm.: Jónas Jónsson, Einar Olgeirsson, Ólafur Thors, Bernharð Stefánsson, Áki Jakobsson, Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson, Brynjólfur Bjarnason, Gísli Sveinsson, Hermann Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Sveinbjörn Högnason og Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að annast undirbúning hátíðahalda á Þingvelli og víðar 17. júní 1944 vegna gildistöku lýðveldisstjórnarskrár Íslands þann dag. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar

um veðurfregnir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista þess að fá því til vegar komið, að veðurstofan fái aðstöðu til að láta landsmönnum í té veðurfregnir og veðurspár, er að haldi mega koma.

Ed. 44. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Til lendingarbóta í Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 50 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Breiðdalsvíkur að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Breiðdalshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu

þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Breiðdalsvíkur.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarsvæðisins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Breiðdalshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Breiðdalshrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Breiðdalshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Breiðdalshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Breiðdalsvík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Breiðdalsvíkur, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Breiðdalsvík torvelda erfið lendingarskilyrði mjög alla skipafgreiðslu. Kemur það alloft fyrir, að skip verða að hverfa þaðan óafgreidd að nokkru eða öllu leyti, vegna þess að ekki er hægt að afferma uppskipunarbáta við land sökum brims og grunnsævis. Veldur þessi slæma lendingaraðstaða útgerð strandferðaskipa og íbúum héraðsins miklum kostnaði og óþægindum og oft á þann hátt, að ekki verður úr bætt. Enn fremur á smávélbátaútvegur erfitt uppdráttar á þessum stað af sömu ástæðum. Er þó fremur skammt til sæmilegra fiskimiða og full ástæða til að ætla, að smáútgerð gæti gefið góða raun, ef lendingarskilyrði væru bætt.

Fyrir tveimur árum var reistur innsiglingarviti á Selnestanga við Breiðdalsvík. Er með þeirri framkvæmd mjög greitt fyrir skipakomum til Breiðdalsvíkur. Er því hin brýnasta nauðsyn, að lendingarskilyrði verði bætt svo, að öruggt verði um afgreiðslu, þegar skip koma á víkina. Skilyrði til lendingarbóta á Breiðdalsvík hefur vitamálastjóri látið rannsaka á s. l. ári. Liggur nú fyrir uppdráttur og kostnaðaráætlun yfir lendingarbætur, er vitamálastjóri telur fullnægjandi. Er áætlað, að mannvirkið kosti fullgert allt að 100 þús. kr., miðað við núverandi verðlag á vinnu og efni. Við þá kostnaðaráætlun eru upphæðir þær, sem tilfærðar eru í frv., miðaðar.

Nd. 45. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, en einn nefndarmaður (STh) vill samþykkja frumvarpið með breytingum og skilar sérálíti.

Alþingi, 14. febrúar 1944.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Gunnar Thoroddsen,	Páll Zóphóníasson, frsm.
	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar

um framlag úr ríkissjóði til fjárskipta í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að leggja fram úr ríkissjóði nauðsynlegt fé til að standast óhjákvæmilegan kostnað við sauðfjárskipti á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts, ef til fjárskipta kemur í umræddum hreppsfélögum haustið 1944.

Greinargerð.

Forráðamenn fjárskiptamálsins í Þingeyjarþingi hafa sent Alþingi ósk um, að fjárskiptamálið yrði tekið til meðferðar á þessu þingi. Jafnframt sendu þeir mér, sem þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu, ósk um að bera málið fram á Alþingi í tvennu lagi. Skeytið er svo hljóðandi:

„Undirrituð framkvæmdanefnd fjárskiptaráðs Þingeyinga leyfir sér hér með biðja yður flytja á Alþingi því, er nú situr, þingsályktunartillögu, er heimili ríkisstjórninni að leggja fram nauðsynlegt fé til sauðfjárskipta á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts, ef til koma á þessu ári. Málaleitun um fjárskiptin mun verða flutt við hlutaðeigandi stjórnarvöld næsta vor, því mæðiveikin er að gereyða bústofni bænda á þessu svæði, og verði ekki fjárskipti gerð, leiðir það til brottflutnings fólksins úr þessum annars byggilegu sveitum. — Karl Kristjánsson, Björn Haraldsson, Jón Gauti Pétursson."

Fjárpestin hefur nú um mörg ár herjað landssvæðið milli Jökulsár og Skjálfandafljóts og engum lækningum orðið við komið. Margir bændur eru nú að verða sauðlausir, og er þá ekki annað sýnna en að fjöldi bæja og margar blómlegar byggðir leggist í eyði, þar sem sauðfjárrækt er eini atvinnuvegur fólksins í þessum byggðum. Ein sveit, Reykdælahreppur, á miðju pestarsvæðinu kom fyrir nokkrum árum á fjárskiptum, og hefur sú tilraun gefizt vel á allan hátt. Nú liggur fyrir sú óhjákvæmilega nauðsyn að koma á sams konar fjárskiptum í öllum hinum sveitunum, sem liggja milli Jökulsár og Skjálfandafljóts, jafnótt og hin harða nauðsyn knýr fólkið, mjög á móti vilja sínum, til að farga í einu leifunum af þeim bústofni, sem öll afkoman byggist á. Aðstaða er í betra lagi á þessu svæði, vegna þess að stórvötn halda að á tvo vegu og sjórinn að norðan. Eru á þessu svæði margar af þeim byggðum, sem um heillar aldar skeið hafa lagt mesta stund á að bæta íslenzkt sauðfé. Fjárskipti verða ekki framkvæmd nema með nokkru framlagi af almannafé. Er tillaga þessi borin fram í því skyni, að ríkisstjórnin geti, ef til kemur, greitt fyrir þessum óhjákvæmilegu hallærisvörnum.

Ed. 47. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Við 11. gr. 3. málsgrein orðist svo.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, áður en veikin kom

sannanlega fram í fjárstofni þeirra, eða hafa síðar tekið við búi, er þeirri stærð nam, þótt gengið hafi saman vegna fjársýkinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ég flutti á síðasta Alþingi frv. um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki. Var það frv. samið af nefnd, er starfar í austurhluta Suður-Þingeyjarsýslu að mæðiveikimálum. Var þar lagt til að gera nokkrar breytingar á ofannefndum lögum og bæta úr nokkrum bersýnilegum ágöllum, sem fram hafa komið við reynsluna. Sauðfjárveikinefnd viðurkenndi að vísu, að ýmislegt væri til bóta í því, en vildi þó ekki mæla með gagngerðum breytingum á löggjöf þessari að svo komnu máli.

Nú hefur sauðfjárveikinefnd snúið sér enn að nýju til Alþingis og óskað eftir, að breytt yrði að minnsta kosti einni grein í lögunum nr. 88 frá 1941. Er þar farið fram á, að þeir bændur, sem búnir eru að missa nálega allan fjárstofn sinn, fái þrátt fyrir það rétt til að greiða atkvæði um fjárskipti. Hér er um svo sjálfsagt réttlætismál að ræða, að ég læt mér ekki koma til hugar, að Alþingi telji sér sæma að neita um þessa réttarbót. Það virðist nógu mikið mótlæti fyrir þau heimili, sem misst hafa nálega allan bústofn sinn, án þess að sjálfskaparvítum verði um kennt, þó að húsráðendur séu ekki sviptir atkvæðisrétti um það, hvort leyfilegt eigi að vera að hafa aftur heilbrigðan bústofn á landsvæði því, sem pestin getur lagt í auðn, ef ekki er gripið til skynsamlegra úrræða.

Þingmenn úr tveim stærstu flokkum þingsins hafa ekki flutt ný mál á þessu þingi til að láta sem glögglegast koma fram þann vilja Alþingis að sinna fyrst og fremst lýðveldisstofnuninni. Hins vegar munu flestir þingmenn haft gert ráð fyrir, að mál, sem eftir eðli sínu geta ekki þolað bið til hausts, gætu fengið afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Þetta mál er eitt af þeim, sem ekki þola bið, þar sem nokkrar af blómlegustu byggðum landsins eru í sýnilegri eyðingarhættu af völdum fjárpestarinnar, ef ekki verður gripið til nýrra úrræða. Ráðgert er að hafa atkvæðagreiðslu um málið í vor og undirbúa síðan fjárskipti næsta haust, ef ekki koma fyrir óvæntar hindranir.

Ég læt fylgja greinargerð frá sauðfjárveikinefnd Þingeyinga um frumvarpsgreinina og skeyti til mín frá sömu nefnd, nýfengið, þar sem í stuttu máli er skýrt frá þeirri yfirvofandi hættu, sem héruðunum er búin af pestinni, ef ekki er gripið til heilbrigðra ráðstafana.

Um 1. gr.

Samkv. gildandi lögum hafa þeir einir fjáreigendur atkvæðisrétt um fjárskiptafrumvarp, sem átt hafa 25 kindur við síðasta skattframtal, áður en atkvæðagreiðsla fer fram. Nú hefur reynslan sýnt, að hjá ýmsum bændum fer fjárdauði af völdum pestanna svo hratt, að fjártala þeirra er komin niður fyrir þetta lágmarksskilyrði fyrir atkvæðisrétti. Þar sem það getur alls ekki hafa verið tilætlun löggjafanna að svipta þá menn, sem fjárpestirnar valda mestum búsifjum, atkvæðisrétti um úrlausnir til viðreisnar þessari atvinnugrein sinni, meðan þeir væru við búskap, þá gerir frumvarpið ráð fyrir að skilyrðisbinda atkvæðisréttinn við fjáreign manna, áður en fjárpestirnar náðu til að rýra hana.

Símskeyti frá sauðfjárveikinefnd Þingeyinga.

Undirrituð framkvæmdanefnd fjárskiptaráðs Þingeyinga leyfir sér hér með skora á hið háa Alþingi taka til meðferðar nú þegar frumvarp það, sem þingmaður Suður-Þingeyarsýslu flutti á síðasta Alþingi, um breytingar á lögum nr. 88 frá 1941, og gera

að lögum að minnsta kosti fyrstu grein frumvarpsins. Nái ekki breyting sú, er fyrsta grein fjallar um, lagagildi strax, missir hér fjöldi bænda við næsta skattframtal atkvæðisrétt í fjárskiptamálum. — Karl Kristjánsson, Björn Haraldsson, Jón Gauti Pétursson.

Nd. 48. Frumvarp til laga

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánum til skipakaupa.

2. gr.

Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með, og vél keypt í skipið með samþykki ráðuneytisins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður.

3. gr.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélategund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

Atvinnumálaráðherra veitir styrk eða vaxtalaust lán að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

4. gr.

Þegar styrkur eða vaxtalaust lán eru veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda.

5. gr.

Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins.

Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Mega þau að viðbættum lánum með betri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

6. gr.

Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast.

Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð, þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaflega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd.

Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu.

Kvöð þessari skal þinglýsa.

7. gr.

Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnumálaráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar, þar sem skipið er skrásett.

8. gr.

Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hefur lofað láni, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands lánsfjárhæðina, og sér hann um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og tekur við greiðslu afborgana.

Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnumálaráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn.

Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar.

10. gr.

Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þessara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í XX. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1944 er ríkisstjórninni heimilað að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 5000000 kr. til byggingar fiskiskipa samkvæmt reglum, er Alþingi samþykkir.

Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hefur haft mál þetta til athugunar. Hún hefur gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um, hvernig framangreindu fé skuli varið, og er frumvarp þetta í höfuðatriðum í samræmi við tillögur meiri hluta milliþinganefndarinnar.

Nd. 49. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um frumvarpið. Vildi meiri hl. samþykkja það óbreytt, en minni hl. með breytingum.

Minni hl. telur sumt í frumvarpinu horfa til bóta, svo sem það, að Borgarfjörður eystri verður nú gerður að sérstöku læknishéraði með læknissetri í Bakkagerði, sömuleiðis, að læknissetur verða nú að Egilsstöðum á Völlum og að Selfossi, á þann hátt, er síðar greinir. Sumt annað í frumvarpinu virðist ekki skipta máli, að áliti minni hl., eins og það, hvaða nöfn eru notuð um læknishéruðin, sbr. 3. gr. þess, eða hvort íbúar í Loðmundarfirði verði í heilbrigðisskýrslum taldir með Bakkagerðis- eða Seyðisfjarðarhéraði, því að fyrir Loðmfirðinga hefur þessi löggjöf væntanlega ekki aðra breytingu í för með sér.

Loks telur minni hl. enn annað, sem sé beinlínis til baga. Hann telur það varhugavert að steypa öllu Fljótsdalshéraði í eitt læknishérað, þar sem tvö voru áður, og á móti kemur það eitt, að læknissetrið er sett miðsveitis í bæði héruðin og Borgarfjörður tekinn undan. En þar sem hér þarf skjótra aðgerða við, vegna brunans á læknisbústaðnum á Brekku, og minni hl. telur þess hins vegar fulla þörf, að taka læknaskipun landsins til endurskoðunar sem fyrst, þá gerir hann ekki ágreining um þetta atriði að sinni.

Öðru máli gegnir um Eyrarbakkahérað. Það, sem mælir með breytingu þeirri, er frv. fer fram á, er, að Selfoss liggur miðsveitis í héraðinu og sveitahrepparnir, sem læknishéraðinu tilheyra, eiga auðveldara að leita læknis þangað en að Eyrarbakka. En þegar hins er gætt, að í þorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri búa 1240 manns og fjarlægð milli þeirra er aðeins 5—6 km., þá telur minni hl. það ekki ná nokkurri átt, enda ekki fordæmi til fyrir því, að læknir sé fluttur burt frá svo fjölmennum þorpum.

Minni hl. telur það einu lausn þessa máls að skipta héraðinu í tvennt, eins og farið er fram á í eftirfarandi breytingartillögu, enda er fullkomin ástæða til þess að mynda nýtt læknishérað með Selfossi og umhverfi. Bæði að Selfossi og í Hveragerði hafa myndazt allstór þorp nú á fáum árum. Íbúatala þeirra mun um eða yfir 600 manns, og eru bæði þorpin í örum vexti.

Minni hl. virðist því ljóst, að læknishéraðið sé þegar svo fjölmennt með þessum fjórum þorpum, fjölbyggðu sveitum og langri leið út í Selvog, þegar þangað þarf að sækja lækni, að það sé ofviða einum lækni og beri því af þeirri ástæðu einnig að skipta héraðinu.

Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

a. 47. liður 1. gr. laganna orðist svo:
Eyrarbakkahérað: Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur og Selvogshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

b. Við bætist nýr (48.) liður, svo hljóðandi (og breytist liðatalan á eftir samkv. því):
Selfosshérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

Alþingi, 15. febr. 1944.

Sigurður Thoroddsen.

Sþ. 50. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég lít svo á, að með þáltill. á þskj. 22 og þeim breytingum, sem hv. meiri hl. allsherjarnefndar vill gera á henni, séu þessu þýðingarmikla máli ekki gerð nægileg skil af hálfu Alþingis.

Tilefni þess, að málið er nú til meðferðar á hv. Alþingi, eru hin tíðu og stórfelldu sjóslys, sem undanfarið hafa orðið. Í umræðum og blaðaskrifum um málið hefur því verið haldið fram, að þessi tíðu sjóslys eigi m. a. rætur sínar að rekja til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á lestarrúmi ýmissa togaranna og leitt hafi til ofhleðslu á þeim og röskunar eðlilegs jafnvægis og sjóhæfi skipanna.

Ég tel því sjálfsagt, að þegar sett er nefnd í þetta mál að tilhlutan Alþingis, þá sé fyrst og fremst lagt fyrir hana að grafast til fulls fyrir það, hvað rétt sé í þessu efni. Ber þá einnig að athuga, hvort slíkar meginbreytingar á byggingu skipanna samrýmist lögunum um eftirlit með skipum.

Næst á eftir þessu tel ég eigi að vera verkefni nefndarinnar að athuga, hvernig háttað hefur verið að öðru leyti eftirliti með öryggi skipanna m. a. til að koma í veg fyrir ofhleðslu þeirra.

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem þessar athuganir leiddu til, ber síðan að endurskoða lög og reglugerðir um eftirlit með skipum, og nota þannig hina sorglegu og dýrkeyptu reynslu af sjóslysunum til að tryggja svo sem frekast er unnt öryggi skipanna, með skýrum lagafyrirmælum og ströngu eftirliti með allri framkvæmd þeirra og þungum viðurlögum, ef út af er brugðið.

Um samsetningu nefndarinnar hef ég einnig orðið á öðru máli en meiri hl. Þeir, sem mest eiga hér í húfi, eru sjómennirnir, sem á hafið sækja og eiga líf sitt undir því, að allt fari að felldu í hverri ferð. Ég tel því, að tillögur þessara manna um öryggismálin eigi mestu að ráða og nefndin sé þá bezt skipuð, ef stéttarsamtök þeirra tilnefna meiri hluta hennar.

Í samræmi við þessa skoðun — og vegna þeirrar nauðsynjar, að strax sé hafizt handa um raunhæfar aðgerðir til að hindra sjóslysin svo sem verða má — leyfi ég mér einnig að leggja til, að skipaeftirlitið verði þegar aukið til bráðabirgða, með því að bæta í það tveimur mönnum, sem tilnefndir verði af stéttarsamtökum sjómanna. Mundu þeir sérstaklega fylgjast með ferðbúnaði skipanna, hleðslu þeirra og öðru þess háttar.

Samkvæmt þessu leyfi ég mér að leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að:

1. Afla ýtarlegra upplýsinga um, hverjar meginbreytingar hafa verið gerðar á íslenzkum fiski- og flutningaskipum á styrjaldarárunum og hverjar afleiðingar ætla megi, að breytingarnar hafi á öryggi skipanna.
2. Athuga um, hvernig háttað hefur verið framkvæmd skipaeftirlitsins á lögum og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.
3. Endurskoða — með hliðsjón af nefndum athugunum og nýjustu reynslu í þessum efnum — lög um eftirlit með skipum og bátum og um öryggi þeirra, svo og tilskipanir og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Skal endurskoðunin miða að því að tryggja sem bezt öryggi skipanna, herða eftirlit með framkvæmd öryggislaganna og færa það að miklu leyti í hendur fulltrúa sjómannasamtak-

anna og leggja þungar refsingar við, ef brotin eru lög og reglur varðandi öryggi skipanna.

Nefndin skal í starfi sínu hafa aðgang að öllum skjölum og skilríkjum varðandi rannsókn þeirra sjóslysa, sem orðið hafa og verða kunna, áður en hún lýkur störfum.

Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, og sé hann sérfróður maður um skipasmíðar. Hina fjóra nefndarmennina skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu, tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.

Nefndin skal ljúka störfum svo fljótt sem unnt er og gefa Alþingi skýrslu um störf sín.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Þangað til aðrar breytingar hafa verið gerðar á eftirliti með öryggi skipa, skal eftirlitið aukið með því, að ráðherra skipi til viðbótar tvo menn, er við hlið skipaskoðunarstjóra og annarra eftirlitsmanna annist eftirlit með framkvæmd öryggislaganna og annarra gildandi fyrirmæla. Skal annar maðurinn skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Máli mínu til frekari stuðnings leyfi ég mér að prenta hér með sem fylgiskjal bréf Alþýðusambands Íslands til hæstvirtrar ríkisstjórnar um þetta mál.

Alþingi, 15. febr. 1944.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 21. jan. 1944.

Eins og almenningi er kunnugt, hafa slysfarir á sjó færzt ískyggilega í vöxt hér við land nú á stríðsárunum, og almenningsálitið hefur stöðugt hneigzt ákveðnar í þá átt, að hér væri ekki allt með felldu.

Eftir hvarf Max Pembertons gerast raddir fólks æ háværari og almennari um þá kröfu, að reynt verði með nýjum ráðum að grafast fyrir orsakir þessara hörmulegu slysa og að gerðar verði raunhæfar ráðstafanir til að stýra hjá endurtekningu hliðstæðra atburða, að svo miklu leyti sem í mannlegu valdi stendur.

Vér viljum ekki, að hæstvirt ríkisstjórn gangi þess dulin, að almenningsálitið virðist vera á einn veg um það, að ýmis þeirra slysa, sem orðið hafa á síðustu árum, séu bein afleiðing þess, að ákvæði laga um öryggi á sjó hafi eigi verið virt, reglum um hleðslu skipa eigi fylgt, ýmsum skipum hafi verið breytt þann veg, að háski stafi af.

Síðast en ekki sízt er það í almæli, að lögin um öryggi á sjó séu eigi aðeins ófullnægjandi, heldur einnig eftirlitið með framkvæmd þeirra.

Sem fulltrúi íslenzkrar alþýðu til lands og sjávar telur Alþýðusamband Íslands sig ekki geta lengur látið undir höfuð leggjast að freista nýrra og skeleggari ráða en hingað til hafa verið reynd í öryggismálum sjómanna og leyfir sér því hér með að leggja fyrir háttvirta ríkisstjórn eftirfarandi tillögur:

1. Ríkisstjórn Íslands skipi nefnd manna, sem Alþýðusamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefni meiri hluta í, til þess að
   a) gangast fyrir rannsókn á þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á íslenzkum fiski- og flutningaskipum, — og þá fyrst og fremst togurunum, með tilliti til burðarmagns skipanna og stöðugleika (Stabilitet).
   b) hafi forgöngu um rækilega endurskoðun á lögunum um öryggi við fiskveiðar og siglingar og að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á þeim á grundvelli nýjustu reynslu.

2. Meðal breytinga á öryggislögunum verði þessar:
   a) Ströng lagaákvæði verði sett um smíði skipa og breytingar á skipum, með tilliti til lestarrúms, burðarmagns, styrkleika o. fl.
   b) Eftirlit með framkvæmd öryggislaganna verði aukið og endurbætt og fulltrúum sjómanna fengið það í hendur að mestu eða öllu leyti.
   c) Þyngstu refsingar liggi við, ef öryggislögin eru brotin.

   (Að öðru leyti vísum vér til samþykkta 17. þings Alþýðusambandsins og ályktana sjómannaráðstefnu vorrar um öryggismál s. l. haust, og látum vér þær fylgja hér með.)
3. Nefnd sú, er fyrr var getið, verði skipuð hið allra fyrsta, og hafi hún við hlið ríkisstjórnar og skipaeftirlitsins æðsta vald í öryggismálum, þar til umræddar lagabreytingar hafa náð gildi.

Væntum vér, að hæstvirt ríkisstjórn taki þessum tillögum vorum vel og hafi tekið upp samvinnu við oss á grundvelli þeirra fyrir lok þessa mánaðar.

Af Alþýðusambandsins hálfu mun mál þetta ekki verða tekið fyrir opinberlega fyrst um sinn, þótt oss sé kunnugt um óskir margra í þá átt.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands

(Undirskrift.)

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar

um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Bjarni Benediktsson, Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Thoroddsen, Jakob Möller, Páll Zóphóníasson, Magnús Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að kosin skuli nefnd, skipuð 5 mönnum, er geri rökstuddar tillögur um:

1. Hver þeirra aðferða, er ræddar hafa verið og ráðgerðar til öruggra samgöngubóta frá Reykjavík austur á Suðurlandssvæðið, skuli höfð, hvort járnbraut beri að leggja eða umbæturnar miðaðar við bifreiðaveg.
2. Samgönguleiðina sjálfa, er sé valin frá þeim sjónarmiðum sameiginlega:
   a. að hún verði sem stytzt;
   b. svo örugg sem verða má til fullnægingar samgönguþörfum á öllum árstíðum;
   c. að allt í þessum efnum sé ákveðið og framkvæmt í sem beztu samræmi við vaxandi umferðar- og flutningaþarfir og hraðfara þróun báðum megin fjallgarðsins.
3. Hvort hinar gagngerðu samgöngubætur, sem miðað er við í tölulið 1. og 2., geti talizt á þann hátt fullnægjandi, að eigi þurfi að fullgera án undandráttar varaleiðir til vetrarflutninga, svo sem áformað hefur verið. Þurfi að gera slíka vetrarvegi, skal lega þeirra, framkvæmd verksins og kostnaður áætlað af nefndinni jafnframt því, er varðar aðalbrautina.

Nefndin skal gera samanburð á þeim leiðum og úrlausnaraðferðum, er ræddar hafa verið og lúta að þessu málefni, og sé það gert á þann hátt, að almenningi verði sem ljósust þau rök, er nefndin byggir niðurstöður sínar á. — Nefndinni ber að semja kostnaðaráætlun um þær samgöngubætur, er hún leggur til, að gerðar verði, og gerir tillögur um árleg fjárframlög og tímabil það, er verkið skal framkvæmast á.

Kosning nefndarinnar fer þannig fram, að fjórir nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, en vegamálastjóri vera sá fimmti, og

sé hann formaður nefndarinnar. Tekur hún strax til starfa og skal hafa lokið störfum og gert tillögur til Alþingis fyrir lok maímánaðar 1944.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Leiðin austur yfir „fjall" er enn þá lokuð, þegar snjóinn leggur illa, og biðtíminn kominn undir duttlungum veðráttunnar. Hellisheiðarvegurinn, sem nú er búið að, var lagður um 1890. Má svo kalla, að þróunarsaga þessara samgönguleiða byrji þar og endi. Ekkert hinna stærri málefna, er varða verklegar framkvæmdir, hafa sætt jafnhraklegri vanrækslu.

Það vantar ekki, að umbætur á þessari samgönguleið hafi verið ræddar og margt lagt til málanna. — Munu mörgum enn í fersku minni hinar djarfmannlegu tillögur Jóns Þorlákssonar um járnbraut austur og áhugi hans í ræðu og riti fyrir því máli. En járnbrautin átti mótstöðumenn; varð hún þó til þess, að farið var að ræða um vegagerð, er stæði af sér alla vetraráhættu, og má þar fyrst nefna tillögur Björns Kristjánssonar, þar sem gert var ráð fyrir yfirbyggingu vegarins á þeim svæðum, er snjóþyngsla mætti helzt vænta. Eftir þetta virðist járnbrautarvilji manna fara þverrandi með hinni auknu bíltækni síðari ára, enda hafa tillögur þær, er síðar koma til sögunnar, flestar miðazt við bifreiðavegi. Eru þær orðnar harla margar, vísa í ýmsar áttir og mega teljast táknrænar fyrir þann dreifivilja og þau vettlingatök, er til þessa dags hafa aftrað öllu brautargengi. — Þannig var á Alþingi 1931 borið fram lagafrumvarp um vegargerð, er lægi um „Þrengslin". Dagaði það uppi á því þingi, en var svo flutt að nýju á þingi 1932 og varð þá að lögum. Var þar farið að tillögum vegamálastjóra, og skyldi vegur þessi að byrja með gerður sem vetrarvegur. Virtust margir þingmenn hafa áhuga fyrir vegargerðinni, og eru lögin enn í gildi, en vegurinn ósjáanlegur. Árið 1936 voru sett lög um Krýsuvíkurveginn (Suðurlandsbraut), er yrði varaleið til vetrarferða, og hefur nokkur spölur þess vegar frá báðum endum þegar verið gerður, en um 50 km eru enn eftir. Þá hefur ýmsum þótt rétt að snúa sér að endurbótum á Þingvallaleið til öryggis vetrarflutningum, en lítið hefur verið gert því til framgangs. — Jafnframt þessu hefur öðru hverju vaknað áhugi Alþingis fyrir gagngerðum umbótum í þessum samgöngumálum. Þannig samþykkti þingið nú fyrir fáum missirum tillögu um að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka vegarstæði austur í sveitir, þar sem valin yrði hin skemmsta og öruggasta leið til nota á öllum árstíðum. Eigi verður séð, að neitt hafi verið gert til að fylgja þeirri ályktun eftir. Nú hefur Alþingi á síðasta hausti samþykkt ályktun, er margir þingmenn fluttu, um undirbúning steinsteypuvegar austur um Hellisheiði með breyttu vegarstæði þar sem þurfa þætti, eru áhrif þeirrar samþykktar enn ókunn. Loks liggur nú fyrir þinginu tillaga um 2 milljón kr. framlag úr ríkissjóði til framhalds Krýsuvíkurvegar.

Auk alls þessa hafa svo ýmsir áhugamenn gert tillögur um lausn málsins. Þeir eru enn til, sem segja, að rafknúin járnbraut sé það, sem koma skal. Einn leggur það til, að Hellisheiðarvegurinn sé hafinn úr lautadrögunum til snjóléttari staða á heiðinni, og með því leysist málið; þá er enn ný tillaga um að smjúga fjöllin í grafgöngum og muni þá allt ganga fljótt og vel. Tillögurnar munu vera enn þá fleiri, en hér skal staðar numið.

Með framanskráðri tillögu leiða flutningsmenn með öllu hjá sér að gera tillögur um vegarstæði, eða um lausn þessa mikla nauðsynjamáls að öðru leyti. Þeir vilja einungis koma því til vegar, að úr þessu verði skorið án undandráttar af mönnum, er þar til séu hæfir og framkvæmi verk sín eftir tilvísun Alþingis sjálfs, óháðir þeirri togstreitu og sérgæðingi, sem þjóðlífið er svo ríkt af. — Ríkisstjórnirnar, hver af annarri, vegamálastjórn landsins og Alþingi sjálft hefur hrakið í þessum gerningaveðrum. Er nú nefndarinnar að koma öllu til rétts vegar og gera rökstuddar, ákveðnar tillögur, er hvorki verði hægt að þegja né tala í hel, heldur farið eftir og

framkvæmdir hafnar. Þykir aðstaða nefndarinnar styrkust með því að vera skipuð á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Þótt fáir virðist nú hafa áhuga fyrir járnbrautarlagningu, svo sem drepið hefur verið á, þykir rétt að benda hér á allar aðferðir til lausnar þessum samgöngumálum, er ræddar hafa verið, svo að nefndin hafi það allt til samanburðar; er hennar að hafna og velja og gera grein fyrir réttmæti niðurstöðunnar.

Ýmsum kann að þykja tími sá í styttra lagi, sem nefndinni er ætlaður til þess starfs, er tillagan felur henni, en þess er þá að geta, að margs konar athuganir og rannsóknir, er lúta að verkefnum hennar, eru fyrir hendi hjá vegamálastjóra, gerðar á ýmsum tímum um þau vegarstæði, aðstöðu og aðferðir, er helzt verður um að ræða. Þær upplýsingar, er nefndina kynni helzt að vanta, er fræðsla um hina erlendu þróun samgöngumálanna til hliðsjónar við starf sitt, en fyrir mailok ætti henni að vera hægt að afla sér þeirrar fræðslu. — Þykir nauðsynlegt, að nefndin skili rökstuddum tillögum fyrir mailok, því að í júnímánuði n. k. mun Alþingi koma saman til fundar að nýju, og þurfa tillögurnar þá að leggjast fyrir þingið til samþykktar.

Æskilegt hefði verið, að nú þegar væri ákveðin fjárhæð til framkvæmda vegabótunum á næsta sumri, en slíkt er varla gerlegt, eins og á stendur. Hitt verður að hafa hugfast, að á júní-þinginu verður fé að veitast þegar í stað, er þingið hefur samþykkt tillögur nefndarinnar. Biðin er orðin fulllöng. Hálf þjóðin krefst ákvarðana og framkvæmda vegna brýnustu nauðsynja og á þann hátt, að eigi verði til skaða og skammar í framtíðinni, heldur til gagns og sóma.

Ed. 52. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Hafnahreppi í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hafnahrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Hafnahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hafnahrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Hafnahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Hafnahrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Hafnahrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Hafnahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hafnahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Hafnahreppi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hafnahrepps, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Hafnahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, liggja Hafnir á Reykjanesi við ein beztu fiskimið landsins, sunnanverðan Faxaflóa. Aflasæld er þar mikil og að jafnaði stutt til fiskjar. Fyrir kemur þó, að fiskur bregðist á hinum nálægari miðum, og þurfa hreppsbúar þá að sækja á dýpri mið. Ber einkum á því síðari hluta vertíðar, að fiskur á heimamiðum bregðist, og þarf þá að sækja lengra.

Þrátt fyrir ágætar aðstæður á sjó, hvað fiskistöðvar snertir, hafa íbúar Hafnahrepps jafnan átt við hinn erfiðasta aðbúnað að búa, þegar að landi hefur komið. Lengi framan af var engin bryggja til í hreppnum, og varð þá, þegar að landi var komið, að seila fiskinn á snæri út úr bátunum og bera hann síðan eða draga á land. Þegar vel áraði, kom það fyrir, að draga þurfti á land með þessum hætti um 400 skippund á bát yfir vertíðina. Var þetta mikið verk og erfitt, og hefði mátt telja vonlítið að stunda sjó úr Höfnum með þessari löndunaraðferð, ef ekki hefði hjálpað, hversu stutt þurfti að sækja að jafnaði. Fyrir nokkrum árum var ráðin nokkur bót á þessu með byggingu bátabryggju, þótt lítil væri og ófullkomin. Í seinustu fjárlögum var veittur úr ríkissjóði 25 þúsund króna styrkur til að endurbæta þessa bryggju, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að.

Vegna löndunar- og lendingarskilyrðanna í Höfnum hafa hreppsbúar nær eingöngu orðið að notast við opna báta, fyrst árabáta, síðan trillubáta. Stærri báta hefur ekki verið hægt að hafa þarna vegna lendingarinnar og vegna legunnar. Hefur þetta orðið til hins mesta tjóns fyrir hreppinn og bókstaflega staðið honum fyrir þrifum. Hefur það komið fyrir hvað eftir annað, að nægur afli hefur verið fyrri hluta vertíðar á grunnmiðum, en síðari hluta vertíðar enginn afli þar, en nægur á djúpmiðum. Á grunnmiðum hefur verið hægt að nota opnu bátana, en ekki á djúpmiðin, og hafa Hafnamenn því iðulega orðið að vera í landi vegna ófullnægjandi skipakosts, þegar nægur afli hefur verið á djúpmiðum, en lítill eða enginn á grunnmiðum. Hafnamenn hafa mikinn áhuga fyrir því að bæta úr þessu og skapa sér skilyrði til betri afgreiðslu, þegar að landi er komið, og möguleika á að hafa stærri báta, en þess er ekki hvað sízt þörf nú, þegar hraðfrystihús hefur verið byggt í hreppnum. Á þessu eru ekki svo miklir erfiðleikar, að ekki sé hægt við þá að ráða, ef eðlilegur stuðningur hins opinbera kemur til. Í Hafnahreppi er einhver sú bezta og öruggasta smábátahöfn, sem frekast verður á kosið, gerð af náttúrunnar hendi, en með þeim galla, að bátarnir komast þar hvorki út né inn nema með háum sjó. Til þess að þessi höfn verði notuð, þarf því að grafa rás inn á leguna. Vitamálastjóri hefur athugað nokkuð möguleikana á þessu og kostnað í sambandi við slíka dýpkun, og segir svo í áliti hans:

„Gerð hefur verið athugun um dýpkun þannig, að rás verði grafin eða sprengd inn í gegnum grynningar, sem eru á milli landsins annars vegar og Varpeyja og Eggja hins vegar. Er botninn þar ýmist sandur eða þang og þari á grjóti eða þá

samfelld klöpp. Ef dýpkað yrði niður í 1 m dýpi, miðað við stórstraumsfjöruborð, yrði lengd þeirrar rásar, sem dýpka þyrfti, um 860 m. Ef gert yrði ráð fyrir 10 m breiðri rás, nemur öll dýpkunin um 10000 m^3, en með 8 m breiðri rás um 8000 m^3.

Erfitt er að segja að svo stöddu um, hvað kosta mundi að dýpka miðað við rúmmetra, enda þyrfti áður að fara fram tilraunardýpkun á staðnum og nákvæm athugun á öllu svæðinu. Ef gert yrði ráð fyrir kr. 50.00 kostnaði að meðaltali, miðað við hvern rúmmetra, sem dýpkað yrði, mundi öll dýpkunin kosta 400 þúsund til 500 þúsund krónur.“

Er það von íbúa Hafnahrepps, að mannvirki þetta komist í framkvæmd áður en langt um líður.

Frumvarp þetta er borið fram í þeim tilgangi að greiða fyrir því, að sú von megi rætast, enda sjálfsagt að afgreiða lög um lendingarbætur fyrir Hafnahrepp, þar eð hann hefur þegar fengið fjárveitingu til lendingarbóta.

Ed. 53. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist:

Gerðhólma við Garðskaga ..... ljósviti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Siglingaleiðin við Garðskaga innanverðan er tvímælalaust ein fjölfarnasta siglingaleið við sunnanverðan Faxaflóa. Leið þessi er og talin viðsjárverð og ekki hættulaus, enda er þarna um hættulegar grynningar eins og Garðskagaflös og Gerðhólma að ræða. Telja sjómenn, að þarna skorti mjög á, að vitakerfi landsins sé svo öruggt sem skyldi, enda þótt hin mesta nauðsyn sé á, að svo sé frá siglingamerkjum gengið á þessari leið, að sjófarendur viti jafnan, hvar þeir eru staddir. Hefur reynslan og sannað, að hætta mikil stafar af því, hversu leið þessi er illa búin siglingamerkjum. Vitar þeir, sem á leið þessari eru, eru alls ekki fullnægjandi að dómi sjómanna, enda skortir mjög á, að þeir hafi fullnægjandi ljósmagn og lýsi yfir það svæði, sem nauðsynlegt verður að telja. Garðskagavitinn er af sjómönnum ekki talinn ljósmeiri en svo, að síðan rafljósin komu í Garðinn, sjást ljós í húsum á undan vitaljósinu. Sama má segja um vitana á Vatnsnesi og í Sandgerði.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að viti verði reistur á Gerðhólma, og væri þá eðlilegast, að hann sýndi rautt ljós yfir Garðskagaflös, og mundi slíkt auðvelda mjög siglinguna fyrir Flösina. Þessi viti ætti einnig að vera öruggt siglingamerki inn með landinu fyrir sunnan Gerðhólmann og auðvelda alla siglingu á þeim stöðum, til hins mesta hagræðis fyrir alla þá, sem þar þurfa að fara um.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við sjómenn og útgerðarmenn af Suðurnesjum.

Ed. 54. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. febr. 1944.

Bjarni Benediktsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Steingrímur Aðalsteinsson.
Lárus Jóhannesson. Bernharð Stefánsson.

Sþ. 55. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar á 3 fundum og rætt það mjög ýtarlega. Var hún sammála um, að með tilliti til þeirra alvarlegu sjóslysa, sem orðið hafa hér í seinni tíð, og þeirra ummæla, sem fallið hafa um skipaeftirlit ríkisins og öryggismálin almennt utan þings og innan, sé bæði æskilegt og rétt, að fram sé látin fara ýtarleg rannsókn á þessum málum öllum, svo að almenningi gefist kostur á að vita, á hvaða rökum þær ásakanir kynnu að vera byggðar, sem bornar hafa verið fram í sambandi við slysin, og þá jafnframt, hvort unnt væri að fyrirbyggja, að slík slys endurtaki sig, m. a. með því að endurbæta öryggislöggjöfina og skipaeftirlitið og færa þetta í samræmi við hið breytta viðhorf, sem skapazt hefur vegna ófriðarins. Nefndin gat hins vegar ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Nokkru áður en þáltill. á þskj. 22 var borin fram á Alþingi, hafði ríkisstjórnin falið sjódómi Reykjavíkur rannsókn þessara mála og jafnframt ákveðið að skipa nefnd til þess að athuga, á hvern hátt væri unnt að auka öryggi sjófarenda, m. a. með tilliti til þess, sem koma kynni í ljós við fyrrnefnda rannsókn. Tilkynnti ríkisstjórnin þetta Alþýðusambandi Íslands með bréfi, dags. 31. jan. þ. á., sem birt er hér með sem fylgiskjal.

Það hefði því verið eðlilegast, að málinu hefði verið vísað til ríkisstjórnarinnar, í því trausti, að hún léti framkvæma það á þann hátt, sem um er getið í fyrrnefndu erindi hennar. Meiri hl. nefndarinnar var þó sammála um, að vilja Alþingis um sem bezt öryggi í þessum málum væri betur lýst með því, að þáltill. á þskj. 22 yrði samþ. með nokkrum breytingum, í stað þess að vísa málinu til aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Það þótti ekki rétt að binda skipun formanns nefndarinnar við skipaverkfræðing, þar sem það gæti valdið nokkrum erfiðleikum að fá slíkan mann, og þótti því eðlilegra, að sett væri í þáltill., að hann væri sérfræðingur á þessu sviði. Þá þótti og rétt, að einn nefndarmanna yrði skipaður eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar og annar eftir tilnefningu Stríðstryggingarfélags ísl. skipshafna, í stað Fiskifélags Íslands, þar sem það félag ætti jafnan mikilla hagsmuna að gæta í þessum málum. Að síðustu þótti nauðsynlegt að ákveða í þáltill., að nefndin hefði aðgang að öllum gögnum, sem mál þessi

snerta, þar á meðal hjá sjódómi og nefndum, sem skipaðar hafa verið til rannsókna einstakra slysa, svo að eigi væri verið að verja tíma og fé til að rannsaka á ný atriði, sem aðrir aðilar höfðu þegar lokið rannsókn á og fullar upplýsingar lágu fyrir um.

Meiri hl. leggur áherzlu á, að rannsókninni og endurskoðun laganna verði lokið sem allra fyrst og niðurstöðum og tillögum sé þá skilað og eigi síðar en 1. sept. n. k.

Minni hl. nefndarinnar (StgrA) gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins, og skilar hann því séráliti. En meiri hl. leggur til, að þáltill. á þskj. 22 verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað orðsins „skipaverkfræðingur“ í 2. málsgr. tillgr. komi: sérfræðingur á því sviði.
2. Í stað orðanna „Sjómannafélags Reykjavíkur“ í sömu málsgr. komi: Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar.
3. Í stað orðanna „Fiskifélags Íslands“ í sömu málsgr. komi: Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna.
4. Í stað síðasta málsliðar sömu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum, sem mál þessi snerta, þar á meðal hjá sjódómi og nefndum, sem skipaðar hafa verið til rannsóknar vegna einstakra sjóslysa. Skal nefndin hafa lokið störfum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 1. sept. 1944.

Alþingi, 16. febr. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Jón Sigurðsson.
Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.	Ingólfur Jónsson.	Ásg. Ásgeirsson.

Fylgiskjal.

Svar atv.- og samgöngumálaráðuneytisins til Alþýðusambands Íslands.

Áður en bréf yðar, dags. 21. þ. m., barst hingað, hafði ráðuneytið óskað, að sjódómurinn í Reykjavík gerði, með aðstoð sérfróðra manna, athugun og rannsókn á hleðslu botnvörpunga og fiskflutningaskipa, á hvert sjóhæfni þessara skipa hafi verið rýrt með breytingum, sem gerðar hefðu verið, vegna loftvarna eða björgunartækja eða breytinga á lestarrúmi skipanna. Ráðuneytið hafði og gert ráð fyrir, að strax og þessari rannsókn væri lokið, yrði til þess sett nefnd að athuga, hvað gera þyrfti til að auka öryggi sjófarenda, meðal annars athuga um breytingar laga og reglugerða.

Rétt eftir að ráðstafanir um rannsókn sjódómsins höfðu verið gerðar, var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga um nefndarskipun, og þar sem gera varð ráð fyrir, að hún myndi samþykkt í einhverri mynd, svo að segja strax, virðist eigi ástæða til að gera aðrar ráðstafanir um nefndarskipun, og gerir ráðuneytið ráð fyrir, að Alþýðusambandið sé sammála því.

Vilhjálmur Þór.

Sþ. 56. Þingsályktun

um veðurfregnir.

(Afgreidd frá Sþ. 17. febrúar.)

Samhljóða þskj. 43.

Nd. 57. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
   a. Tveir fyrstu efnismálsliðir laga nr. 58 7. maí 1940 orðist svo:
      2. **Hafnarfjarðarhérað:** Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur og Garðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
      3. **Álafosshérað:** Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem er ekki í Reykjavíkurhéraði, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.
   b. Grímsneshérað í síðasta málslið greinarinnar verði: Laugaráshérað.
2. Við 3. gr.
   a. Framan við efnismálsliði greinarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:
      Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:
      Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður að Grafarvogi, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.
   b. Næstsíðasti málsliður greinarinnar falli burt.
   c. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:
      Í stað orðanna „allt að fjórum aðstoðarlæknum“ í lögum nr. 52 30. júní 1942 komi: allt að sex aðstoðarlæknum, og í stað orðanna í sömu lagagrein „einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi“: að minnsta kosti einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Egilsstaðahérað og Selfosshérað skulu ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna.
3. Við 1., 2. og 3. gr. Í stað orðsins „laganna“ í upphafi allra greinanna komi: laga nr. 44 1932.
4. Við 4. gr. Aftan við ártölin 1940 og 1942 í síðari málsgrein greinarinnar komi á báðum stöðum: með áorðnum breytingum.
5. Við fyrirsögn. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Sþ. 58. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á nauðsynlegri fyrirgreiðslu vegna vélskipasmíða innan lands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt, — þó með þeirri breytingu til samkomulags, að felldar verði niður í tillögunni leiðbeiningar um það, með hvaða hætti hægt sé að greiða fyrir innlendum skipasmíðum.

BREYTINGARTILLAGA:

Orðin „svo sem um lækkun á flutningsgjöldum, niðurfellingu á tollum og þess háttar“ falli niður.

Alþingi, 18. febr. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Páll Zóphóníasson.	Steingr. Aðalsteinsson.	Jón Sigurðsson.
	Ingólfur Jónsson.	

Nd. 59. Frumvarp til laga

um manntal í Akureyrarkaupstað.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Bæjarstjórinn á Akureyri skal í októbermánuði ár hvert gera nákvæma skrá yfir alla íbúa kaupstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eða hafa þar dvöl. Þó skal eigi telja gesti og ferðamenn. Skal tilgreina fullt nafn hvers manns, fæðingardag, fæðingarár, stétt eða atvinnu, hvenær hann hafi flutzt til kaupstaðarins, hvar hann hafi átt heimili við síðasta manntal og hvert sé lögheimili hans, sé það annars staðar en í kaupstaðnum. Jafnframt skal tekið fram, í hvaða söfnuði maðurinn sé og hvort hann sé heyrnarlaus, daufdumbur, blindur, fábjáni, geðveikur eða öryrki á annan hátt, sé um það að ræða.

Sé einhver íbúa eigi viðstaddur þann dag, sem talið er, heldur fjarverandi á ferðalögum eða á annan hátt, skal hann engu að síður tekinn á manntalið.

2. gr.

Manntal þetta skal skráð á eyðublöð, er bæjarstjórn lætur gera. Eyðublöð þessi skulu borin í hvert hús í kaupstaðnum, og skal húseigandi eða húsráðandi sjá um, að allir íbúar hússins séu skráðir á manntalið. Skal hann og sjá um, að eyðublaðið sé útfyllt, öllum spurningum svarað, svo vel og greinilega sem kostur er á. Eyðublaðið skal útfyllt innan þess tíma, sem tiltekinn er á því, en þá verður það sótt í húsið.

3. gr.

Sérhver húseigandi eða húsráðandi er skyldur að gefa sjálfur fullnægjandi skýrslu um húsbúa sína, til afnota við manntal það, er þessi lög skipa fyrir um, eða láta annan hæfan mann, sem hann tilnefnir og hefur aðsetur í kaupstaðnum, gefa skýrsluna fyrir sína hönd. Þá er hann og skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan tveggja sólarhringa, þegar einhver maður, er setja ber á manntalsskrá samkvæmt 1. gr., flytur í hús hans eða úr því.

4. gr.

Kostnaður við manntalið og manntalsskrána, þar með taldar bækur, eyðublöð o. fl. svo og laun aðstoðarmanna, greiðist úr bæjarsjóði.

5. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, 50—500 krónum.

6. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum þann 1. febr. s. l. samþykkt eftirfarandi tillögu fjárhagsnefndar, dags. 28. jan. s. l.:

„Nefndin leggur til, að bæjarstjórn fari fram á það við þingmann bæjarins, að hann reyni að fá samþykkt á Alþingi lög um manntal í Akureyrarkaupstað, tilsvarandi við lög um manntal í Reykjavík."

Út af þessari samþykkt bæjarstjórnarinnar leyfi ég mér að bera fram á hinu háa Alþingi frumvarp þetta. Er það sniðið eftir lögum nr. 18 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.

Með þessu frumvarpi er ætlazt til, að tryggilegar sé gengið frá manntali en áður, sérstaklega um tilkynningarskyldu húseiganda eða húsráðanda, þegar einhver maður flytur úr eða í hús hans.

Nánar í framsögu.

Sþ. 60. Þingsályktun

um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

(Afgreidd frá Sþ. 18. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um eftirlit með skipum og bátum og um öryggi þeirra, svo og tilskipanir og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Jafnframt sé nefndinni falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á lögum og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.

Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, og sé hann sérfræðingur á því sviði. Hina fjóra nefndarmennina skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu, einn eftir tilnefningu Farmanna og fiskimannasambands Íslands, annan eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar, hinn þriðja eftir tilnefningu Landssambands útgerðarmanna og þann fjórða eftir tilnefningu Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna. Nefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum, sem mál þessi snerta, þar á meðal hjá sjódómi og nefndum, sem skipaðar hafa verið til rannsóknar vegna einstakra sjóslysa. Skal nefndin hafa lokið störfum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 1. sept. 1944.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 27. janúar 1943, um dýralækna.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo sem hér segir:

Dýralæknar skulu vera sjö, þrír í Sunnlendingafjórðungi, og skal einn þeirra vera búsettur í Reykjavík, annar á Selfossi og hinn þriðji í Vestmannaeyjum, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Frv. þetta er flutt samkvæmt áskorun frá Búnaðarfélagi Vestmannaeyja. Samfara hinni miklu auknu ræktun hafði kúm fjölgað mjög í Vestmannaeyjum frá því, sem áður var, en nú síðustu árin hefur þeim fækkað aftur vegna óeðlilega mikils kúadauða. Orsakir þessa kúadauða eru ókunnar, þótt ýmsar getgátur um hann eigi sér stað.

Það er ljóst, að miðað við önnur dýralæknaumdæmi landsins eru Vestmannaeyjar lítið svæði. En hins ber að gæta, að eyjarnar eru svo einangraðar hvað samgöngur snertir, að með öllu er ókleift að hafa þar nokkurt gagn af dýralækni búsettum utan Vestmannaeyja. Þó að ætlazt sé til þess nú, að dýralæknir Suðurlandsundirlendisins hafi líka umsjá með Vestmannaeyjum, þá er það gagn, sem eyjarnar hafa af slíku fyrirkomulagi, næsta lítið.

Nú er það svo, að jafnstór kaupstaður og Vestmannaeyjar eru, þar sem auk bæjarmanna mörg hundruð aðkomumenn dvelja langan tíma árs, þarfnast mikillar mjólkur, og er beinasta leiðin til þess að auka framleiðslu þessarar vöru, sem svo mjög er holl ungum og gömlum. Nú hefur viðleitni í þessa átt orðið fyrir miklu áfalli sökum fækkunar kúnna, af ástæðum, sem ekki eru ljósar, en það stafar aftur af því, að þá sérþekkingu vantar á staðnum, sem dýralæknar hafa yfir að ráða.

Af framangreindum ástæðum er nauðsynlegt að hafa dýralækni í Vestmannaeyjum.

Nd. 62. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. febrúar 1944.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Áki Jakobsson.

Skúli Guðmundsson. Jakob Möller.

Ed. 63. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 19. nóv. 1930, um menntaskóla á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Meiri hlutinn mælir með því óbreyttu. Einn nefndarmanna (KA) var fjarstaddur sökum lasleika.

Alþingi, 21. febrúar 1944.

Eiríkur Einarsson, form. Jónas Jónsson, frsm.

Nd. 64. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Ólafi Thors.

Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:
Í stað 49. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 koma tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. *Keflavíkurhérað:* Keflavíkurhreppur, Gerðahreppur og Miðneshreppur. Læknissetur í Keflavík.
b. *Grindavíkurhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Grindavík.

Nd. 65. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 4. gr.

a. Fyrir orðin „fellir ríkisstjórnin“ í síðari málsgr. kemur: skal fella.
b. Fyrir orðin „og gefur þau út að nýju undir heitinu“ kemur: og gefa þau út af nýju með fyrirsögninni.

Nd. 66. Nefndarálit

um frv. til laga um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Aðalágreiningsefni mitt við meiri hl. n. er um, hvort stuðningur sá við nýbyggingu fiskiskipa, sem frumv. fjallar um, skuli veittur sem beinn, óafturkræfur styrkur eða hagkvæm lán.

Ég tel, að þær 5 millj. kr., sem Alþingi þegar hefur veitt til eflingar skipastólsins, komi að meira gagni með því, að farin verði lánaleiðin, og vil því breyta frv. í það form.

Þá er og annað atriði í frv., sem ég tel með öllu ófært, en það er, að einn maður, atvinnumálaráðherra, skuli eiga að ráða algerlega um ráðstöfun fjárins. Ég tel rétt, að skipuð verði sérstök nefnd, sem hafi með veitingu fjárins að gera.

Eins og segir í greinargerð frv., hefur milliþn. í sjávarútvegsmálum unnið að samningu frv. þessa um nokkurt skeið. Milliþn. varð ósammála um, hvernig afgreiða skyldi málið. Þrír nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, Eysteinn Jónsson og Finnur Jónsson, lögðu til, að samþ. yrði frv. í mjög svipuðu formi og fyrirliggjandi frumv. ríkisstj. Tveir nefndarmanna, Halldór Jónsson, starfsmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og undirritaður, lögðu fram annað frumv. og skiluðu séráliti til ráðherra. Mér þykir rétt að birta hér greinargerð minni hl. milliþn. í sjávarútvegsmálum fyrir till. hans til ráðherra, með því að sömu rök og þar koma fram liggja til grundvallar ágreiningi mínum við meiri hl. sjútvn., og breytingar þær, er ég legg til, að gerðar verði á frv., miða að því, að frumv. verði eins og minni hl. milliþn. lagði til, að það yrði.

Ég legg til, að frv. verði samþ. með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíða fiskiskipa, skal lagt í sérstakan sjóð, er nefnist Nýbyggingarsjóður fiskiskipa. Fiskveiðasjóður Íslands skal annast varðveizlu og reikningshald sjóðsins án sérstakrar þóknunar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fé úr Nýbyggingarsjóði fiskiskipa má aðeins verja samkv. lögum þessum, annaðhvort til beinna skipakaupa eða til lána út á ný fiskiskip.
3. Við 3. gr. Greinin hljóði svo:
   Atvinnumálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd, sem ákveður, hvernig fé Nýbyggingarsjóðsins skal varið hverju sinni, að hve miklu leyti fénu skuli varið til beinna skipakaupa og hve miklu til lána, hverjir skuli njóta forkaupsréttar á skipunum eða ganga fyrir um lánveitingar, allt eftir því, sem lög þessi nánar ákveða. Nefndarmenn skulu skipaðir: einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkv. tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sá þriðji eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, fjórði eftir tilnefningu stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands og sá fimmti án tilnefningar.
4. Við 4. gr. Greinin hljóði svo:
   Ef nefnd sú, er um getur í 3. gr., álítur, að rétt sé að verja fé sjóðsins til beinna skipakaupa, þá skal hún gefa einstaklingum og félögum kost á því, með opinberri tilkynningu, að gerast kaupendur að fiskiskipum þeim, er sjóðurinn kaupir.
   Að öðru jöfnu skulu sjómenn og félög sjómanna og þeir útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem reka útgerð sem aðalstarf, ásamt bæjar- og sveitarfélögum ganga fyrir um lán úr sjóðnum og kaup á skipum sjóðsins.
5. Við 5. gr. Greinin hljóði svo:
   Heimilt er að veita lán úr sjóðnum til kaupa á fiskiskipum eða nýsmíði fiskiskipa.
   Lán skulu vera til 15 ára, vaxtalaus en endurgreiðast með jöfnum afborgunum.
   Þeir, sem sækja um lán úr sjóðnum, skulu með lánbeiðninni senda skilríki um efnahag sinn og starf, staðfest af skattstjóra eða formanni viðkomandi skattanefndar. Þeim einum skal veita lán úr sjóðnum, sem að dómi nefndar þeirrar, er um ræðir í 3. gr., þurfa á slíku láni að halda til þess að geta eignazt fiskiskipið.
   Þegar lán er veitt, skal nefndin jafnan setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að gerð skipsins, stærð vélar og tegund sé samkvæmt fyrirmælum nefndarinnar og í samræmi við tillögur þeirra fagmanna, sem nefndin hefur sér til leiðbeiningar í þeim efnum.

6. Við 6. gr. Greinin hljóði svo:
Lán úr sjóðnum má vera 2. og 3. veðréttar lán og nema, að viðbættum lánum með betra veðrétti, allt að 85% af byggingarkostnaði skipsins, þó aldrei hærra en 100 þús. kr. út á eitt og sama skip og aldrei hærra en 35% af stofnverði skipsins.
7. Við 7. gr. Greinin hljóði svo:
Nú óskar eigandi skips, er lán hefur hlotið samkv. lögum þessum, að selja það, og skal hann þá bjóða viðkomandi sveitarfélagi forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu, ef salan er ætluð út úr hreppnum eða bæjarfélaginu.
Kvöð þessari skal þinglýsa.
8. Við 8. gr. Greinin hljóði svo:
Atvinnumálaráðherra getur, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er um ræðir í 3. gr., sett reglugerð, sem kveður nánar á um allt það, sem að fjárveitingum úr sjóðnum lýtur, þó innan þeirra takmarka, sem lög þessi leyfa.
9. Við 9. gr. Greinin hljóði svo:
Þeir, sem lán fá samkv. lögum þessum eða eignast skip fyrir milligöngu eða fyrirgreiðslu Nýbyggingarsjóðs fiskiskipa, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.
10. Við 10. gr. Greinin hljóði svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
11. Við 11. og 12. gr. Greinarnar falli burt.

Alþingi, 22. febr. 1944.

Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

Nefndarálit minni hluta milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum um reglur fyrir notkun þess fjár, er Alþingi samþykkir að veita úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa.

Við höfum ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls og skilum því sérstöku áliti og tillögum.

Við erum í höfuðatriðum andvígir frumv. meiri hl. n. eins og það liggur fyrir. Í fyrsta lagi vegna þess, að eins og frv. er, mundi það leiða til þess, ef eitthvað yrði um framkvæmdir, að þær 5 millj. króna, er Alþingi hefur samþ. að verja úr framkvæmdasjóði til skipakaupa, mundu allar eða því sem næst lenda sem styrkir eða gjafir til þeirra, sem skipin eignuðust. Við teljum með öllu óverjandi að fara styrkjaleiðina og sízt ástæðu til þess að veita mönnum beina styrki, sem ef til vill eru alls ekki þurfandi neins styrks og mundu án allra styrkja ráðast í skipakaup.

Ef svo fer, sem mjög hefur verið rætt um, að hægt verður að fá fiskiskip smíðuð í Svíþjóð, jafnvel fyrir 3—4 þús. kr. smál., þá virðist okkur engin ástæða vera til þess að veita beina fjárstyrki til kaupa á slíkum skipum og að minnsta kosti ekki fyrr en sýnt þykir, að ómögulegt sé að fá menn til kaupanna með öðrum ráðum.

Ef hægt reyndist að fá góð fiskiskip í Svíþjóð með eðlilegum kaupskilyrðum fyrir ca. 3 þús. kr. smál., þá álítum við, að fleiri kaupumsóknir muni berast en hægt verður að fullnægja, og skjóti þá skökku við að verðlauna þá, sem skipin eignast, með peningagjöfum. Enn þá liggja að vísu engar ábyggilegar heimildir fyrir um möguleika á skipakaupum í Svíþjóð né hvaða verð yrði á skipum þaðan, en einmitt vegna þess, að óvíst er um verð skipanna, teljum við með öllu óráðlegt að fara að ákveða um styrki til kaupanna.

Við lítum svo á, að þeim 5 millj. króna, sem Alþingi veitti til skipakaupa, beri að ráðstafa á þann hátt, að sem mestu gagni komi til eflingar fiskiskipaflotanum, en slíkt verður ekki gert með því að eyða öllu fénu í gjafir.

Við leggjum því til, að fénu verði fyrst og fremst varið til þess að kaupa inn í landið fiskiskip, ef hagstæð kaup eru fyrir hendi, og verði þau skip seld þeim, sem þau geta keypt, fullu verði, eftir ákveðnum reglum. Í öðru lagi verði fé lánað þeim, sem fullvíst er um, að frekari lán þurfa en hinar almennu lánsstofnanir veita, svo að þeir geti eignazt skipin líka.

Samkv. okkar till. mundi fé ekki eyðast strax, heldur geta verið til eflingar skipastólsins til frambúðar.

Í öðru lagi erum við algerlega mótfallnir því ákvæði frumv. meiri hlutans, að einn maður, atvinnumálaráðherra, skuli eiga að hafa svo til óskoraðan rétt til ráðstöfunar á fénu, og það því fremur sem um beina styrki er að ræða.

Þó að lagt sé til, að Fiskifélag Íslands hafi rétt til að gera tillögur til ráðh. um ráðstöfun fjárins, þá leggjum við lítið upp úr því. Hvort tveggja er, að Fiskifélag Íslands getur ekki enn sem komið er talizt fullnægjandi eða réttur aðili fyrir alla þá, sem hér eiga mjög hlut að máli, svo sem alla sjómannastéttina, bæði yfirmenn og háseta, og svo er hitt, að samkv. frv. hefur það aðeins tillögurétt, en ráðherrann hefur einn allt valdið. Í frv. okkar er lagt til, að sérstök 5 manna nefnd hafi með ráðstöfun fjárins að gera og að í þeirri nefnd séu fulltrúar þeirra aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Þannig leggjum við til, að einn nefndarmanna verði tilnefndur af Alþýðusambandinu sem fulltrúi hinna ófaglærðu sjómanna, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands sem fulltrúi yfirmanna á fiskiskipum og einn frá Fiskifélagi Íslands sem fulltrúi útgerðarmanna.

Við sjáum ekki ástæðu til, að svo vöxnu máli, að fara fleiri orðum um frv. meiri hl. nefndarinnar og ekki heldur um það frv., er við höfum lagt til, að nefndin samþykki og hér fylgir með. Við viljum þó taka fram, að við gætum vel hugsað okkur að breyta ýmsum smærri ákvæðum okkar frv. til samkomulags, en teljum, að í höfuðdráttum væri æskilegast að haga meðferð fjárins eins og lagt er til í frv. okkar.

Halldór Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

Nd. 67. Nefndarálit

um frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Einn nm., LJ, skilar sérstöku áliti, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

a. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
   Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé eigi dregið út úr honum til annarra hluta.
b. Á eftir 12. gr. komi ný gr., er verður 13. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Tveir nm., FJ og SK, láta þess getið, að þeir telja, að veita beri stuðning þann til skipabygginga, er um ræðir í frv., sem styrki, en eigi lán, jafnvel þótt heimild sé í því til hvors tveggja.

Alþingi, 22. febr. 1944.

Finnur Jónsson, form., frsm. meiri hl. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. — Sigurður Kristjánsson.

Eysteinn Jónsson.

Ed. 68. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (KA) var ekki á fundi, þá er ákvörðun var tekin.

Alþingi, 22. febr. 1944.

Páll Hermannsson, form., frsm. | Eiríkur Einarsson, fundaskr. | Haraldur Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 69. Þingsályktun

um rannsókn á nauðsynlegri fyrirgreiðslu vegna vélskipasmíða innan lands.

(Afgreidd frá Sþ. 22. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar, í samráði við milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, fara fram grandgæfilega athugun á því, hvaða orsakir eru til þess, hve vélskipasmíðar innan lands eru dýrar í samanburði við, hvað þær kosta í öðrum löndum, og hverjar ráðstafanir þarf að gera, til þess að skipasmíðar innan lands geti haldið áfram.

Kostnaður við athugun þessa greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 70. Nefndarálit

um till. til þál. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og um rétt danskra ríkisborgara heimilisfastra á Íslandi.

Frá skilnaðarnefnd.

Skilnaðarnefnd, er kosin var til íhugunar tillögu þessari, hélt fyrsta fund sinn 21. jan. s. l. Síðan hefur nefndin starfað í náinni samvinnu við sameinaðar stjórnarskrárnefndir beggja deilda, sem skipaðar eru sömu mönnum og skilnaðarnefnd, og fulltrúa ríkisstjórnarinnar.

Meginhluti starfsins hefur beinzt að því að koma á samkomulagi um, að allir flokkar þingsins vinni saman að því á Alþingi, að skilnaðartillagan og lýðveldisskrárnefndir beggja deilda, sem skipaðar eru sömu mönnum og skilnaðarnefnd og þjóðin sameinist sem bezt í atkvæðagreiðslu um þessi mál. Er nú loks fengin niðurstaða í því efni.

Um skilnaðartillöguna var að meginstefnu ágreiningur um það eitt í nefndinni, hvern meiri hluta á Alþingi og við þjóðaratkvæðagreiðslu þyrfti, til þess að hún yrði talin lögformlega samþykkt. Allir nefndarmenn nema einn telja, að einfaldur meiri hluti nægi, en einn (Stefán Jóh. Stefánsson) telur, að um þetta beri að fylgja ákvæðum sambandslaganna. Þrátt fyrir þenna ágreining eru allir nefndarmenn þó á einu máli um það, að mjög æskilegt sé, að þátttaka í atkvæðagreiðslu og fylgi við tillög-

una verði sem allra mest, til þess að sýna sem fullkomnasta þjóðareiningu. Telur Stefán Jóh. Stefánsson einnig mjög brýna nauðsyn til þessa vegna ákvæða 18. gr. sambandslaganna.

Þessum ágreiningi er því ekki svo varið, að hann geti sundrað þeim um fylgi við tillöguna, sem efni hennar eru sammála, sem sé því, að dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn falli nú formlega úr gildi. Allir þeir, sem þess óska, hljóta að beita sér af alefli fyrir sem mestu fylgi við tillöguna, bæði nú á Alþingi og við þjóðaratkvæðagreiðsluna, til þess að enginn ágreiningur geti átt sér stað, hvorki um eindrægni þjóðarinnar né formlegan rétt hennar til sambandsslita. Því fleiri Íslendingar sem taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni og veita tillögunni samþykki sitt, því meiri líkur eru til, að af sjálfu sér hverfi úr sögunni sá skoðanamunur, sem í nefndinni hefur komið fram um, hvert atkvæðamagn þurfi til samþykktar tillögunni. Allir nefndarmenn munu af alhug beita sér fyrir, að þeim ágreiningi verði eytt með þessum hætti. Er þess því fastlega að vænta, að allir þingmenn geti á ný goldið tillögunni samþykki sitt, er Alþingi kemur saman til lokaákvörðunar málsins að aflokinni þjóðaratkvæðagreiðslunni. En tryggt er, að Alþingi komi saman í þessu skyni eigi síðar en um miðjan júnímánuð n. k.

Nokkuð var um það rætt í nefndinni, hvort setja skyldi í tillöguna sjálfa ákvæði um, hvenær þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram. Þess þótti þó eigi þörf, því að ráðgert er, að sérstök lög verði sett um þessa þjóðaratkvæðagreiðslu og þá, sem fram á að fara um lýðveldisstjórnarskrána, og verður þetta að sjálfsögðu ákveðið í þeim. En um það er samkomulag, að eigi henti að láta þessar atkvæðagreiðslur fara fram fyrr en 20. maí n. k.

Nefndin íhugaði rækilega ákvæði tillögunnar um rétt danskra ríkisborgara heimilisfastra á Íslandi. Að athuguðu máli þótti betur fara á að hafa alls engin fyrirmæli um þetta í þessari tillögu. Það er ljóst, að hvort eð er, þarf að setja um það sérstök lög, svo sem frá upphafi var ráðgert um þau efni, er stjórnarskráin tekur til, sbr. ákv. stjskrfrumvarpsins um stundarsakir, og var þá óþarft að víkja að þessu í tillögunni. En þar við bætist, að samkomulag er um að tímabinda nú þegar þann rétt, sem dönskum ríkisborgurum verður veittur hér, jafnframt því sem eðlilegt virðist að minnka hann eigi frá því, sem nú er, á meðan þau bráðabirgðaákvæði eru í gildi. Verður nánar kveðið á um þetta í sérstökum lögum, sem verið er að undirbúa að tilhlutun nefndarinnar.

Til viðbótar þessari breytingu á tillögunni leggur nefndin til, að nokkuð verði vikið við orðum, án þess að það hafi nokkra efnisbreytingu í för með sér.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra alþingiskjósenda til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Nái ályktunin samþykki, tekur hún gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana að nýju að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Alþingi, 21. febrúar 1944.

Gísli Sveinsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Bjarni Benediktsson, frsm.

Ólafur Thors. Eysteinn Jónsson. Sveinbjörn Högnason. Einar Olgeirsson.
Hermann Jónasson. Gunnar Thoroddsen. Stefán Jóh. Stefánsson.
Magnús Jónsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 71. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá sameinuðum stjórnarskrárnefndum efri og neðri deildar Alþingis.

Það hefur verið lokatakmark Íslendinga í frelsisbaráttu þeirra, að Ísland yrði alfrjálst lýðveldi. Hugmyndir þjóðarinnar um Ísland sem sjálfstætt ríki hafa alltaf verið bundnar við það stjórnskipulag, sem þjóðin bjó við, er hún var sjálfstæð, — lýðveldið.

Með sambandslagasamningnum 1918 var viðurkenndur réttur Íslendinga til þess að taka öll mál í eigin hendur að liðnum 25 árum. Það hefur verið ásetningur Íslendinga að stofna lýðveldi á Íslandi, um leið og sambandsslit við Danmörku færu fram.

Það eru eigi aðeins Íslendingar, sem hafa litið svo á, að slík ráðstöfun væri rökrétt afleiðing sambandsslita. Í nefndaráliti meiri hluta fullveldisnefndar Alþingis um sambandslögin 1918 er það tekið fram, að það hafi verið skoðun Dana við samningana 1918, að sambandsslitin hljóti að valda skilnaði, og er án efa átt við konungssambandið, þegar þannig er gerður munur á sambandsslitum og skilnaði.

Þeim, sem kunnugir eru sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, mun aldrei hafa blandazt hugur um, að stofnun lýðveldis á Íslandi hefur verið markmið þjóðarinnar og að það spor hlaut að verða stigið, þegar sambandsslitin færu fram.

Þessi hefur og verið stefna Alþingis og þjóðarinnar í málinu við undirbúning þann, sem fram hefur farið á Alþingi og utan þings nú síðustu árin, og sérstaklega er henni yfirlýst í þingsályktun frá 17. maí 1941 og þá einnig í sambandi við stjórnarskrárbreytingu, er gerð var 1942, til undirbúnings lýðveldisstofnunar.

Eftir samþykkt þessarar þingsályktunartillögu 1941 varð það ljóst, að undirbúa þurfti gagngerða breytingu á stjórnarskipunarlögum landsins. Var í þessu skyni skipuð sérstök milliþinganefnd á árinu 1942. Nefndinni var falið „að gera tillögur um breytingu á stjórnarskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi."

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af milliþinganefnd þessari, en lagt fyrir Alþingi af ríkisstjórninni.

Á meðan milliþinganefndin starfaði, var á stjórnskipulegan hátt nánar kveðið á um það, hvernig framkvæma skyldi stofnun lýðveldisins, og mótaði sú ákvörðun það stjórnarskrárfrumvarp, sem hér liggur fyrir.

Sú var ákvörðun Alþingis, gerð með sérstakri stjórnarskrárbreytingu á árinu 1942, að þegar Alþingi gerði þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, að Ísland yrði lýðveldi, þá hefði sú samþykkt eins Alþingis gildi sem stjórnarskipunarlög, er meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu hefði með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó væri óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiddi af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar tækju með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.

Með þessari samþykkt, sem síðan var lögð fyrir þjóðina í almennum alþingiskosningum haustið 1942 og því næst staðfest á lögformlegan hátt, var mörkuð leiðin síðasta áfangann. Samkvæmt þessu gerir stjórnarskrárfrumvarp það, sem hér liggur nú fyrir, ekki ráð fyrir öðrum efnisbreytingum á stjórnarskránni en þeim, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna lýðveldið og ráðstafa æðsta valdinu, er verið hefur í höndum konungs og nú síðast ríkisstjóra.

Hefur nefndin athugað frumvarpið sérstaklega frá því sjónarmiði, að eigi verði farið út fyrir þau takmörk, sem stjórnarskrárbreytingin frá 1942 heimilar, og flytur af því tilefni nokkrar breytingartillögur, fremur til þess þó að taka af allan vafa

í þeim efnum en að nefndin vilji halda því fram, að farið hafi verið í frumvarpinu út fyrir þessi takmörk.

Það mun almenn skoðun í landinu, að mikil þörf sé gagngerðrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar og að sú breyting ein sé ekki fullnægjandi, að lýðveldi verði stofnað í stað konungdæmis.

Þessi skoðun er einnig ríkjandi á Alþingi, og sést það á því, að með þingsályktun 8. sept. 1942 er ákveðið að fela milliþinganefndinni í stjórnarskrármálinu til viðbótar því verkefni að undirbúa lýðveldisstjórnarskrá „að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt."

Stefna Alþingis í þessum málum hefur hins vegar verið og er enn sú að blanda alls eigi framtíðarendurskoðun stjórnarskrárinnar saman við ákvörðun Alþingis og þjóðar um stofnun lýðveldis og setningu lýðveldisstjórnarskrár.

Telur nefndin þessa stefnu heppilegasta til þess að fylkja þjóðinni einhuga um stofnun lýðveldisins.

Það leiðir af eðli málsins, að í sambandi við allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar rísa mörg vandamál og deilumál, sem með engu móti má draga inn í skilnaðarmálið.

Er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að horfið verði að frekari endurskoðun stjórnarskrárinnar, þegar lokið er afgreiðslu lýðveldismálsins.

Nefndin hefur athugað gaumgæfilega stjórnarskrárfrumvarpið, og er hún einhuga um, að nú sé tímabært að samþykkja lýðveldisstjórnarskrá, og mælir eindregið með því, að Alþingi sameinist nú um samþykkt stjórnarskrárfrumvarpsins, og skorar jafnframt á þjóðina að fylkja sér samhuga um málið við þjóðaratkvæðagreiðslu þá, sem ákveðin hefur verið.

Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Þótt þessar breytingartillögur séu fluttar af nefndinni, þá hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um sumar tillögurnar, eins og koma mun fram við meðferð málsins á Alþingi og í þessu nefndaráliti. Þessi fyrirvari nefndarmanna um einstök atriði í tillögunum raskar hins vegar í engu fylgi þeirra við frumvarpið sjálft, þótt tillögur nefndarinnar verði samþykktar, né dregur úr áskorun nefndarmanna allra til Alþingis og þjóðarinnar um að fylkja sér einhuga um lýðveldisstjórnarskrána. Byggist þessi afstaða nefndarmanna á þeirri sameiginlegu skoðun, að ágreiningur um einstök atriði verði að víkja fyrir þeirri höfuðnauðsyn, að þing og þjóð sameinist um stofnun lýðveldisins og setningu lýðveldisstjórnarskrár. Leggur nefndin á það mikla áherzlu, að þannig verði á þessu stórmáli haldið á Alþingi og við þjóðaratkvæðagreiðslu þá, sem framundan er.

Verður þá vikið að breytingum þeim, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frumvarpinu.

Nefndin leggur til, að heiti forseta verði: Forseti Íslands. Þykir bezt við eigandi, að forsetinn verði kenndur við landið, og gleggst til aðgreiningar frá forsetum Alþingis og forsetum einstakra félaga.

Í stjórnarskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir því, að Alþingi kjósi forsetann. Nefndin leggur til, að frá því ráði verði horfið og í þess stað ákveðið, að forseti verði þjóðkjörinn. Þykir nefndinni sem sú breyting muni vera í samræmi við vilja og óskir mikils þorra þjóðarinnar, eftir því sem næst verður komizt. Er þetta meginbreytingartillaga nefndarinnar, og af henni leiðir ýmsar aðrar breytingar. Hefur nefndin orðið að eyða miklum tíma til þess að athuga heppilegustu aðferðir við þjóðkjör, og verður vikið að því í öðru sambandi.

Nefndin leggur til, að gerbreytt verði 5. gr. frumvarpsins til samræmis við tillögu nefndarinnar um þjóðkjör forseta í stað þingkjörs. Er ætlazt til, að allir alþingiskjósendur hafi kosningarrétt. Rétt þykir að gera nokkuð strangar kröfur um meðmælendafjölda við forsetakjör, og er hér gert ráð fyrir minnst 1500 meðmælendum, en mest 3000, eftir því sem nánar verður tiltekið í kosningalögum. Þá er lagt til, að í lögum megi ákveða, að meðmælendur skuli vera úr öllum landsfjórð-

ungum að jafnri tiltölu við kjósendafjölda. Byggist sú tillaga á því, að réttmætt sé að krefjast þess, að forsetaefni geti sýnt fram á, að hann hafi nokkurt fylgi víðs vegar um landið, en þó megi ekki gera frekari kröfur í þessu efni en tiltekið er.

Nefndin leggur til, að sá sé rétt kjörinn forseti, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri. Mjög var um það rætt í nefndinni, hvort rétt væri að setja ákvæði til tryggingar því, að forseti yrði endanlega kosinn af meiri hluta þeirra, er þátt taka í forsetakjöri. Komu ýmsar tillögur fram í því sambandi, og mikil vinna var lögð í athugun þeirra, en engin þeirra var samþykkt í nefndinni. Varð því niðurstaða nefndarinnar sú, sem að ofan greinir. Er sú tillaga flutt í trausti þess, að þjóðinni takist að fylkja sér þannig um forsetaefni, að atkvæði dreifist eigi úr hófi fram.

Nefndin leggur til, að kjörtímabil forseta verði óbreytt, 4 ár, en hefjist 1. ágúst og endi 31. júlí að 4 árum liðnum. Enn fremur, að forsetakjör fari fram í júní eða júlí. Þykir sá tími hagkvæmastur eftir þeirri reynslu, sem fengin er um almennar kosningar.

Nefndin gerir ráð fyrir, að falli forseti frá, skuli fara fram forsetakosningar, og skuli þá kjörtímabil nýja forsetans vera frá kosningu hans og til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu. Yrði því kjörtímabil væntanlega að jafnaði ofurlítið styttra en venjulega, þegar þannig stæði á.

Í tillögum nefndarinnar er ákvæði um, að kosning skuli fara fram, ef forseti deyr eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið. En rétt er að taka það fram, að nefndin gerir ráð fyrir, að þegar þetta ber að höndum, verði valinn heppilegur tími til forsetakjörs, og losni sæti forseta á þeim tíma, sem óheppilegur er til forsetakosninga, þá verði farið eftir ákvæðum 8. gr. væntanlegrar stjórnarskrár, unz forsetakosning getur farið fram.

Í 11. gr. stjórnarskrárfrumvarpsins eru ákvæði um það, að Alþingi geti leyst forseta frá störfum, ef alveg sérstaklega stendur á. Nefndinni sýnist óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því, að nauðsyn geti til borið að leysa forseta frá störfum, þótt hann fallist eigi á það sjálfur. Þykir nefndinni það í samræmi við tillögur hennar um þjóðkjör forseta, að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli skera úr um það, hvort forseti skuli láta af störfum eða eigi, þegar svo stendur á. En til þess að eigi verði ráðizt í slíkt ófyrirsynju, leggur nefndin til, að ¾ hlutar Alþingis verði að gera kröfu um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Til enn frekari tryggingar því, að eigi verði stofnað til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu, nema knýjandi nauðsyn beri til, þykir nefndinni rétt, að skylt sé að rjúfa Alþingi og efna til nýrra kosninga, ef tillaga þess um að leysa forseta frá starfi hlýtur eigi samþykki þjóðarinnar, og jafnframt, að kjörtímabil forseta þess, er í hlut á, hefjist af nýju frá þeim tíma, er þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram. Er þá ætlazt til, að hið nýja kjörtímabil verði reiknað eftir sömu reglum og í 7. gr. segir.

Nefndin gerir breytingartillögur við 14., 20. og 23. gr., og eru þær breytingar aðallega orðabreytingar. Þótti rétt að færa þessi ákvæði í sama horf og nú er í gildandi stjórnarskrá, þar sem þau snerta hvorki sambandsslit né flutning æðsta valdsins í hendur Íslendinga.

Í stjórnarskrárfrumvarpinu voru ákvæðin um þingrof og þingrofskosningar færð í nýjan búning, án þess þó að með því væri gerð nokkur veruleg efnisbreyting frá því, er þau ákvæði gildandi stjórnarskrár hafa verið skilin og framkvæmd. Nefndinni þykir rétt að færa þessi ákvæði aftur í sama horf og í gildandi stjórnarskrá, og telur nefndin sjálfsagt, að þau verði framvegis skilin og framkvæmd á sama hátt og verið hefur. Sú breyting frá gildandi stjórnarskrá er þó látin haldast, að nú er svo að orði komizt, að Alþingi komi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir, að það var rofið, en í gildandi stjórnarskrá segir, að Alþingi skuli stefnt saman innan þess tíma. Er þessi breyting talin heimil, þar sem hún snertir verkefni konungs áður og forseta nú.

Í stjórnarskrárfrumvarpinu er tekið fram, að lýðveldisstjórnarskráin öðlist

gildi 17. júní 1944. Einn nefndarmanna, Stefán Jóh. Stefánsson, taldi þetta ákvæði frumvarpsins valda því, að hann mundi eigi geta mælt með samþykkt þess á Alþingi né við þjóðaratkvæðagreiðslu. Hins vegar lá það fyrir í nefndinni, að yrði þetta ákvæði tekið út úr frumvarpinu, mundi nefndin öll verða einhuga um að mæla með því, að frumvarpið yrði samþykkt á Alþingi og við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Einnig var vitað, að yrði þannig á málinu haldið, mundi Alþingi standa saman að afgreiðslu þess frá þinginu og allir flokkar þingsins fylgja frumvarpinu við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Með hliðsjón af þessu og til þess að koma á einingu um afgreiðslu málsins á Alþingi hafa fulltrúar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í nefndinni lagt til og samþykkt ásamt Stefáni Jóh. Stefánssyni, en gegn atkvæðum fulltrúa Sósialistaflokksins, að á frumvarpinu yrði gerð sú breyting, að stjórnarskráin öðlist gildi, þegar Alþingi geri um það ályktun, í stað þess, að gildistökudagurinn sé ákveðinn í frumvarpinu sjálfu. Jafnframt hafa fulltrúar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins gefið svo hljóðandi yfirlýsingu í nefndinni, sem færð er þar til bókar:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir því, að þeir hafi samþykkt breytingartillöguna um gildistöku stjórnarskrárinnar með þeim fyrirvara, að þeir eftir sem áður séu bundnir órjúfanlegum samtökum um að láta stjórnarskrána taka gildi eigi síðar en 17. júní n. k." Telja fulltrúar þessara flokka því eftir sem áður tryggt, að lýðveldisstjórnarskráin gangi í gildi eigi síðar en 17. júní n. k. og öryggið þó meira en áður vegna aukins fylgis við málið.

Stefán Jóh. Stefánsson tekur það fram, að brottfelling ákvæðins gildistökudags úr stjórnarskrárfrumvarpinu sé af hans hálfu studd þeim rökum, að hann telur, að ekki sé nú tímabært að ákveða sérstakan gildistökudag, hvernig sem aðstæður verða hérlendis og erlendis þá, og eins af þeim ástæðum, að hann telur, að ná eigi sambandi við konung, áður en gildistaka lýðveldisstjórnarskrárinnar er ákveðin.

Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson taka sérstaklega fram, að þeir séu algerlega mótfallnir því, að ákvæðið um, að stjórnarskráin öðlist gildi 17. júní 1944 sé tekið út úr stjórnarskrárfrumvarpinu. Muni þeir beita sér gegn brtt. þeirri, er meiri hluti nefndarinnar hefur samþykkt við 81. gr. Með því að taka þetta ákvæði út álíta þeir:

1) að stjórnarskrármálinu sé sjálfu stefnt í hættu, sökum þess að eftir að þetta ákvæði sé tekið út, sé hægt að fresta stofnun lýðveldisins, án þess að þjóðin fái að gert,
2) að þjóðinni sé meinað að dæma um þetta sjálfri og ákveða gildistökudaginn, þannig að hann verði eigi síðar en 17. júní 1944.

Enn fremur taka þeir fram, að þeir álíta, að brottfelling þessa ákvæðis samrýmist ekki samkomulagi milli þriggja flokka þingsins um framgang stjórnarskrármálsins.

Út af þessu taka fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fram, að þeir telja fyrirhugaða afgreiðslu málsins í samræmi við áður gert samkomulag þriggja flokka um stofnun lýðveldisins 17. júní.

Nefndin hefur athugað gaumgæfilega, hversu bezt yrði fyrir komið forsetakjöri fyrsta sinni. Athugaði nefndin sérstaklega, hvort mögulegt væri að gera ráð fyrir því í stjórnarskránni, að þjóðkjörinn forseti gæti tekið við völdum, um leið og lýðveldið væri stofnað. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri með öllu ókleift að tryggja og yrði því að ákveða í stjórnarskránni kjör forseta til bráðabirgða með öðru móti. Þótti þá rétt, að Alþingi annaðist þetta kjör til bráðabirgða, um leið og lýðveldisstofnun yrði ákveðin, en þjóðkjör fari fram að ári liðnu.

Samkvæmt framansögðu og með tilvísun til fyrirvara nefndarmanna um einstök atriði leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
   Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.
3. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn er í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.
   Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.
4. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
   Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.
5. Við 7. gr. Í stað orðanna „til næstu 4 ára“ og til loka greinarinnar komi: til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins“ kemur: Forsetinn.
7. Við 11. gr. Síðasta málsgreinin orðist svo:
   Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta allra atkvæða í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan mánaðar, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.
   Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og telst þá sem kjörtími forseta hefjist að nýju frá þeim tíma, en Alþingi skal þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.
8. Við 13. gr. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins“ kemur: Forsetinn.
9. Við 14. gr. Í stað orðanna „Ráðherrar bera ábyrgð á embættisrekstri sínum“ kemur: Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.
10. Við 15. gr. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins“ kemur: Forsetinn.
11. Við 20. gr. Síðasta málsgreinin orðist þannig:
    Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.
12. Við 22. gr. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins“ í 3. málsl. greinarinnar kemur: Forsetinn.
13. Við 23. gr. Í stað orðanna „sama þingi“ kemur: á ári.
14. Við 24. gr. Greinina skal orða svo:
    Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því er það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir, að það var rofið.
15. Við 28. gr. Í stað orðanna „forseti lýðveldisins“ kemur: forsetinn.
16. Við 29. gr. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins“ kemur: Forsetinn.
17. Við 30. gr. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins“ kemur: Forsetinn.
18. Við 80. gr. Greinina skal orða svo:
    Með stjórnarskipunarlögum þessum eru úr gildi numin stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 18. maí 1920, stjórnarskipunarlög frá 24. marz 1934, 1. september 1942 og 15. desember 1942.

19. Við 81. gr. Greinina skal orða svo:
Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.
20. Við ákvæði um stundarsakir. Framan við málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Er stjórnarskrá þessi hefur öðlazt gildi, kýs sameinað Alþingi forseta fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.

Alþingi, 22. febrúar 1944.

Eysteinn Jónsson, form. og frsm. Nd.-nefndar.
Brynjólfur Bjarnason, form. og frsm. Ed.-nefndar.
Einar Olgeirsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Bjarni Benediktsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Gísli Sveinsson. Bernh. Stefánsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Sveinbjörn Högnason. Gunnar Thoroddsen. Hermann Jónasson.
Ólafur Thors. Magnús Jónsson.

Nd. 72. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):
1. Á eftir 5. tölul. 1. gr. l. 44/1932 komi nýr liður:
Suður-Snæfellsneshérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.
Íbúar í Miklaholtshreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólmshéraði.
2. Úr 6. tölul. (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur".
3. Úr 7. tölul. (Stykkishólmshérað) falli burt orðin „og Miklaholtshreppur".

Ed. 73. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Örlygshöfn við Patreksfjörð skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 30 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Örlygshafnar að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Örlygshafnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Rauðasandshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Rauðasandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Örlygshafnar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Örlygshöfn, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Örlygshafnarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Rauðasandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Rauðasandshreppi. Í Örlygshöfn eru nú blómlegar jarðir. Hafa bændur þar í seinni tíð lagt mesta stund á mjólkurframleiðslu, enda fær Patreksfjörður þaðan mestan hluta þeirrar mjólkur, sem að er flutt, og er þó hvergi nægjanlegt. Eru mikil og góð ræktunarskilyrði í Örlygshöfn. Samgöngur á landi eru lokaðar fyrir vegleysur, og verða mjólkurflutningar allir að fara fram á sjó, en lendingarskilyrði svo slæm, að oft verður að skjóta línu úr landi til báta, sem mjólkina flytja, og draga síðan brúsana út í þá. Aðstaða til útræðis er hin bezta í Örlygshöfn, eftir að komin væri þar upp góð lending.

Unnið er að því að koma sem fyrst akfærum vegi yfir fjallið frá Örlygshöfn í Víkur. Þegar því verki er lokið, mundi flutningur um Örlygshöfn aukast stórlega.

Vitamálastjóri hefur á síðasta ári athugað þessa lendingu, og mun rannsókn, áætlun og öðrum undirbúningi lokið á næsta sumri.

Ed. 74. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta á Hvalskeri við Patreksfjörð skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 30 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar

að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hvalskers að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hvalskers. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Rauðasandshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Rauðasandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hvalskers allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hvalskeri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hvalskerslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglu-

gerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Rauðasandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Rauðasandshrepps. Á Hvalskeri er nú og hefur verið um lengri tíma kaupfélag hreppsins. Verður að skipa þar upp og út öllum vörum við léleg lendingarskilyrði. Hins vegar er tiltölulega auðvelt að gera þarna bryggju, er nægja mundi til þess að létta undir við vöruflutningana og minnka þann mikla kostnað, sem nú verður að leggjast á vöruna vegna hinna erfiðu lendingarskilyrða.

Á milli Hvalskers og Rauðasands hefur verið lagður akvegur, sem væntanlega verður að fullu bílfær á næsta sumri. Er þá von til þess, að unnt sé að flytja mjólk frá Rauðasandi um Hvalsker til Patreksfjarðar, og eru lendingarbæturnar einnig nauðsynlegar vegna þeirra flutninga. Á Rauðasandi eru svo mikil og góð skilyrði til mjólkurframleiðslu, að þar mætti margfalda hana á skömmum tíma, ef aðeins tekst að skipuleggja svo flutningana á mjólkinni, að kostnaðurinn mætti teljast viðunandi.

Nd. 75. Frumvarp til laga

um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. gr.

Þeir, er danskan ríkisborgararétt hafa öðlazt samkvæmt þeim reglum, er þar um giltu fyrir 9. apríl 1940, eða öðlast hann síðar eftir áðurnefndum reglum, skulu hér á landi njóta þess jafnréttis við íslenzka ríkisborgara, er þeim var áskilið í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóv. 1918, fyrst um sinn, þar til 6 mánuðum eftir að samningar um það mál geta hafizt milli Íslands og Danmerkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, um leið og tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 30. nóv. 1918.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið að tilhlutun skilnaðarnefndar Sþ. og stjórnarskrárnefnda beggja þingdeilda í samvinnu við dómsmálaráðherra. Stendur það í sambandi við afgreiðslu skilnaðarmálsins og lýðveldisstjórnarskrárinnar.

Nd. 76. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 64 [Læknishéruð].

Frá Ólafi Thors.

1. Við a. Á undan „Keflavíkurhreppur“ kemur: Njarðvíkurhreppur.
2. Við b. Orðið „Njarðvíkurhreppur“ fellur burt.

Nd. 77. Lög

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 24.

Ed. 78. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (StgrA) var fjarstaddur, þegar málið var tekið fyrir.

Alþingi, 23. febr. 1944.

Gísli Jónsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Ingvar Pálmason.

Pétur Magnússon.

Ed. 79. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarm. (Stgr.A) var ekki mættur á fundi, er málið var tekið fyrir.

Alþingi, 23. febr. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.

Pétur Magnússon.

Ed. 80. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hversu unnt má verða að fullgreiða ríkisskuldir Íslands með sérstökum skatti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast nú í vetur og vor fyrir hjá öllum sýslunefndum og bæjarstjórnum, hvort þær vilji mæla með, að lagður verði á, svo fljótt sem auðið er, eignaraukaskattur á gróða, sem myndazt hefur eftir árslok 1939, aðallega á eignarauka, sem nemur meira en 60 þús. kr., í því skyni, að fullgreiða á þann hátt ríkisskuldir þjóðarinnar, svo að segja um leið og þjóðveldið verður endurreist.

Greinargerð.

Hvar sem til fréttist á landinu, hafa einstakir menn og atvinnufyrirtæki notað auknar tekjur síðustu ára til að greiða skuldir sínar að mestu eða öllu leyti. En ríkið hefur sama og ekkert greitt af skuldum sínum. Þjóðstjórninni tókst ekki að vekja hrifningu eða athafnir í þessu efni, og síðar hefur ekki verið neitt gert til að létta fyrir skuldagreiðslunni. Ríkið skuldar nú um 50 milljónir króna, bæði utan lands og innan. Ef ekki verður notað tækifærið, meðan tekjur manna eru óvenjulega miklar, til að greiða ríkisskuldirnar, munu þær þá segja til sín, þegar verðfallið og atvinnuerfiðleikar byrja að heimsækja þjóðina.

Á undangengnum missirum hefur verið unnið að því, með virðingarverðum samhug flokka og stétta, að undirbúa endurreisn hins íslenzka lýðveldis á þessu ári. Það er mikill atburður í lífi þjóðarinnar að verða aftur frjáls, eftir nálega sjö alda vanstjórn erlendra manna. Það er ástæða til að gera þennan atburð hátíðlegan og eftirminnilegan með þjóðlegu átaki. Mér finnst, að fátt gæti sýnt betur í verki, að þjóðin væri fær um að fara með fullkomið sjálfstæði, heldur en það að fullgreiða um sama leyti allar gömlu skuldir ríkisins. Þjóðfélagið á að hafa jafnmikla ráðdeild og jafnmikinn metnað og einstaklingar, sem brotið hafa af sér skuldafjötra undangenginna erfiðleikaára. Þjóðin öll getur gert hið sama. Það er óafsakanlegt tómlæti af íslenzku þjóðinni að koma með 50 millj. króna ríkisskuld óhreyfða inn á tímabil mögru áranna eftir stríðið.

Ég bar fram tillögu í sameinuðu Alþingi nokkru fyrir jól, þar sem vakið var máls á því, að þjóðinni bæri skylda til að hefja samtök um greiðslu ríkisskuldanna. Talsmenn kommúnistaflokksins risu til andmæla í þinginu. Þeir játuðu, að þeir vildu ekki greiða ríkisskuldirnar. Þingmenn borgaralegu flokkanna tóku tillögunni með velviljuðu hlutleysi og gerðu ekkert til að leysa vandann í það sinn.

En utan þings var meiri áhugi fyrir málinu. Fjöldi manna sneri sér til mín persónulega og bréflega og lýsti yfir eindregnu fylgi við hugmyndina um snarlega greiðslu ríkisskuldanna. Ég hef ástæðu til að ætla, að mikill meiri hluti kjósenda í landinu mundi fagna því, ef skuldir ríkisins yrðu greiddar, þó að það kæmi við allan þorra borgaranna í landinu. Í greinargerð minni fyrir umræddri þingsályktunartillögu benti ég á hinar óvenjumiklu innistæður landsmanna í bönkum og sparisjóðum innan lands og utan, að ógleymdum innistæðum erlendis, sem stafa frá dvöl setuliðsins í landinu. Ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa stöðvunarlaust, má telja sennilegt, að lítið verði úr meginhluta af þessum innistæðum, og er þá enn tilfinnanlegra að hafa ekki notað eitthvað af handbæru fé landsmanna til greiðslu ríkisskuldanna, meðan tími var til.

Fyrir tæplega ári sóttu kommúnistar á að safna liði úr Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum um frv. varðandi sérstakan eignaraukaskatt á gróða stríðsáranna. En ekki var hátt risið á þessu frumv., því að ekki var beðið um nema nokkrar milljónir af hinum umdeilda gróða stríðsáranna. Ekki var stefnt að sérstöku takmarki með frumv. og alls ekki minnzt á greiðslu ríkisskuldanna. Kommúnistar töldu sig svo mjög fýsandi þess, að frumv. næði fram að ganga, að þeir vildu framlengja þingið, sem staðið hafði allan veturinn 1942—1943, fram undir júnílok, til að ljúka þessu frumv., þó að það lengdi þingsetuna um sex eða átta vikur. Framsóknarmenn voru ófúsir til að framlengja þingið yfir allan vortímann vegna þessa eina máls, sem nægur tími var til að ljúka á nálega fjögurra mánaða haustþingi. Málið beið til hausts, en það lá fyrir þinginu. Flutningsmenn voru þrír: Brynjólfur Bjarnason, Haraldur Guðmundsson og Hermann Jónasson. Milliþinganefnd fjallaði um málið allt sumarið án alvarlegs árangurs. Ekki var enn minnzt á ríkisskuldirnar og greiðslu þeirra.

Alþingi kom saman í byrjun september. Forseti efri deildar var úr kommúnistaflokknum. En hann tók málið ekki til meðferðar, fyrr en liðnir voru nálega þrír mánuðir. Áhuginn hafði þannig dofnað yfir sumarið, að í þess stað létu kommúnistar málið dragast svo lengi, að það gæti ekki komizt nema gegnum aðra deildina. Auk þess var eftir ráðum verkamannaleiðtoganna lagt til, að lágmark stríðsgróða, sem myndaði grundvöll gróðaskattsins, skyldi hækka úr 80 þús. kr. í 100 þús. Leiðtogar verkamanna vissu, að í þeirra fylkingum var mikill fjöldi manna, sem höfðu grætt fram undir 100 þús. kr. Það þótti rétt að undanþiggja þeirra gróða. En auk þess vildu leiðtogar kommúnista ekki, að málið næði fram að ganga, vegna þess að þeir áttu líka stórgróðamenn í sínum flokki. Um tvo af þingmönnum kommúnista var kunnugt, að annar þeirra hafði orðið að greiða yfir 60 þús. kr. útsvar í Reykjavík, en um hinn var vitað, að hann hafði grætt óhemju fjár á fisksölu til stríðslandanna. Hundrað þúsund króna lágmarkið og þriggja mánaða hvíld frumv. í vörzlu forseta efri deildar, Steingríms Aðalsteinssonar, sýndi, að hér var verið að leika skopleik á Alþingi. Ef skatta átti stórgróðann, varð að beita meiri alvöru og manndómi en hér var látið koma í ljós.

Þegar hér var komið sögunni, þótti mér einsýnt, að skopleikurinn mætti hætta og alvaran byrja. Ég flutti þess vegna við lokaumr. frumv. í efri deild tvær tillögur, aðra um að lækka lágmarkið úr 100 þús. kr. í 60 þús. og hina um að láta allan skattinn ganga til lúkningar á skuldum ríkisins. Flutningsmenn frumv. snerust móti báðum tillögunum, og voru þær felldar með flestum atkvæðum í deildinni. Ég lýsti þá óbeit minni á loddaraleik kommúnista og neitaði að vera þátttakandi í skrípaaðgerðum þeirra. Greiddi ég atkv. móti frumv. Það var engu að síður samþykkt í deildinni, en kom eiginlega aldrei til meðferðar í neðri deild. Svefnþorn Steingríms Aðalsteinssonar um þriggja mánaða skeið hafði sýnt vilja kommúnistaflokksins.

Á skilnaðarþinginu hélt Brynjólfur Bjarnason áfram sjónleik sínum og fékk Harald Guðmundsson enn sem fyrr til samleiks við sig. Framsóknarmenn höfðu fengið nóg af þessari leikarastarfsemi. Flokkurinn lagði ekki til neinn flutningsmann, og í

Tímanum var af hálfu ritstjórnarinnar farið hörðum orðum um sviksemi og loddaraskap Brynjólfs og þeirra félaga hans í sambandi við meðferð málsins.

Eftir því sem lengur leið, urðu fleiri og fleiri leiðir á að treysta kommúnistum til átaka móti stríðsgróðanum. Þegar málið kom til 1. umr., vildu engir framsóknarmenn taka þátt í atkvæðagreiðslu í því skyni að koma því til 2. umr. Annar fulltrúi Alþýðuflokksins, Guðmundur Í. Guðmundsson, starfsfélagi Stefáns Jóhanns við lögfræðistarf, neitaði að koma í deildina til að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Steingrímur Aðalsteinsson tók nú málið út af dagskrá og beið í nokkra daga til að vita, hvort betur blési. En þá fór á sömu leið. Guðmundur Í. Guðmundsson var fjarverandi, en ég greiddi atkvæði móti frumv. Gerði ég stuttlega grein fyrir atkvæði mínu. Ég neitaði að vera leikari á leiksviði kommúnista. Öll meðferð málsins væri í þeirra höndum loddaraspil og Alþingi til lítils sóma. Málið ætti að takast upp að nýju á heilbrigðum grundvelli í sambandi við fullnaðargreiðslu ríkisskuldanna.

Ég legg nú til, að fram verði haldið hugmyndinni um fullnaðargreiðslu ríkisskuldanna með sérstökum skatti, sem nái til stríðsgróða í hvaða mynd sem er. Ef hugmyndin er borin undir fulltrúa þjóðarinnar í sýslunefndum og bæjarstjórnum, má sjá vilja þjóðarinnar um þessi tvö aðalatriði: hvort þjóðin vill nú þegar fullgreiða ríkisskuldirnar og hvort hún hikar við að leggja þessa byrði á stríðsgróðann. Ég þykist þess fullviss, að þjóðin muni svara spurningunum játandi. Eignaraukaskattur er óvenjuleg framkvæmd. Þjóðin þarf að finna, að þar sé unnið með festu og hófsemi. Skyndigróði stríðsáranna er mikill og mun reynast hverfull. Ríkisskuldirnar hafa myndazt í sambandi við framkvæmdahug landsmanna. Lánsfénu hefur verið varið til fyrirtækja eins og síldarverksmiðjanna og til bankanna í því skyni, að þeir gætu síðan orðið lyftistöng fjölmargra atvinnufyrirtækja. Þess vegna er réttlátt, að gróði stríðsáranna gangi til að þurrka út sameiginlegar skuldir þjóðarinnar.

Nd. 81. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., fengið um það álit vitamálastjóra og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febrúar 1944.

Finnur Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Sigurður Kristjánsson. Eysteinn Jónsson.

Nd. 82. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er nærfellt óbreytt frá því, sem það var samþykkt í neðri deild á síðasta þingi, og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febrúar 1944.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.
Sigurður Kristjánsson. Eysteinn Jónsson.

Nd. 83. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna til ársloka 1948 komi: til ársloka 1946.

Alþingi, 24. febrúar 1944.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., Lúðvík Jósefsson, frsm.

Sigurður Kristjánsson. Eysteinn Jónsson.

Nd. 84. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá fyrsta minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin fékk mál þetta til meðferðar 28. jan. s. l., svo að segja má, að hún hafi haft nægan tíma til athugunar á málinu. En samt sem áður má heita, að hún hafi ekkert athugað það. Ég hef hvað eftir annað farið fram á að fá fund í nefndinni til að afgreiða málið, en af ýmsum ástæðum hefur það ekki orðið fyrr en 22. febrúar s. l. Þá klofnaði nefndin. En þar sem þetta frv. er því sem næst samhljóða frv., sem lá fyrir síðasta þingi og búið var að afgreiða úr neðri deild með atkvæðum sósíalista og flestra Alþýðuflokks- og Framsóknarflokksþingmanna, þá vildi ég reyna að fá fulltrúa Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins í nefndinni til þess að skila sameiginlegu áliti ásamt mér. En það tókst ekki.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en áskil mér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. febrúar 1944.

Áki Jakobsson.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra alþingiskjósenda til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Nái ályktunin samþykki, tekur hún gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana að nýju að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu.

Ed. **86. Frumvarp til laga**

um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og samkvæmt 81. gr. lýðveldisstjórnarskrár Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. gr.

Atkvæðagreiðsla sú, er greinir í alþingisályktun ..... 1944 og í 81. gr. stjórnarskrár samþykktri á Alþingi ..... 1944, skal fara fram 20. til 23. maí 1944 eftir því, sem nánar skal kveða á í auglýsingu ráðherra. Atkvæðisrétt eiga allir kjósendur til Alþingis samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Atkvæðagreiðslur samkvæmt 1. gr. skulu vera leynilegar og skulu fara eftir kjörskrám yfir alþingiskjósendur, er gera skal í febrúar 1944. Skulu kjörskrár liggja frammi frá 1. til 10. apríl og kærur allar úrskurðaðar fyrir 20. apríl.

Kjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað skýrslu um tölu kjósenda í kjördeild hverri, en hann sendir síðan þegar viðkomandi ráðuneyti skýrslu um tölu allra kjósenda í kjördæminu.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðaseðla, sem nota skal við atkvæðagreiðsluna. Skal senda yfirkjörstjórn hverri atkvæðaseðla að tölu 10% fram yfir samtölu allra kjósenda í kjördæminu, og sendir oddviti hennar síðan formanni hverrar kjörstjórnar í innsigluðum, þar til gerðum umslögum seðla 10% fleiri en kjósendur eru í umdæmi hans.

Seðlarnir skulu vera þannig:

I

Alþingisályktun ..... 1944. (ályktunin orðrétt)	
	já
	nei

II

Stjskr. samþ. á Alþingi ..... 1944.	
	já
	nei

Þeir, er samþykkja þingsályktunina eða stjórnarskrána, setja kross fyrir framan „já“, en hinir fyrir framan „nei“.

4. gr.

Kjördagar skulu vera hinir sömu um land allt. Skal ráðherra auglýsa þá einu sinni í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi þrisvar sinnum á sem heppilegustum tíma.

5. gr.

Loka má kjördeild, þegar er 80% kjósenda hafa gefið sig fram, en þeim, er síðar kunna að koma, skal þá veita kost á að greiða atkvæði í öðrum kjördeildum, ef þeir sanna, að þeir standa á kjörskrá annars staðar í kjördæminu. Ef lokað er í öllum kjördeildum, geta þeir gefið sig fram hjá oddvita kjörstjórnar, er tekur þá við atkvæði þeirra og bókar þar um í kjörbók.

6. gr.

Gjörðabækur til alþingiskosninga skulu notaðar. Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað notaða og ónotaða atkvæðaseðla í innsigluðum, þar til gerðum umslögum. Oddviti yfirkjörstjórnar auglýsir síðan stað og stund til talningar atkvæða, er fara skal fram opinberlega. Opnar yfirkjörstjórn að settum kjörfundi atkvæðasendingar og sannfærir sig um, að innsigli séu heil og ósködduð. Síðan skal láta seðlana í hæfilegt ílát, blanda þeim þar saman og síðan telja atkvæði, enda ræður meiri hluti kjörstjórnar, ef ágreiningur verður um gildi atkvæðis. Skal eigi meta atkvæði ógilt, nema um það megi villast, hvernig kjósandi greiði atkvæði.

Að talningu lokinni sendir yfirkjörstjórn ráðherra þegar í stað skýrslu um greidd gild atkvæði („já“ og „nei“), ógilda seðla og afgangsseðla. Ráðherra birtir að lokum úrslit atkvæðagreiðslna í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

7. gr.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða skal fara eftir 64.—66. og 70.—75. gr. laga um kosningar til Alþingis, eftir því sem við getur átt.

Íslenzkum ríkisborgurum, sem kosningarrétt hafa til Alþingis, en dvelja erlendis, er atkvæðagreiðslan fer fram, er heimilt að neyta atkvæðisréttar síns hjá sendiherra eða ræðismanni Íslands á þeim stað, og skal um það fara eftir ákvæðum þessara laga, eftir því sem við á.

Nú koma atkvæðabréf eigi til skila fyrr en eftir kjördaga eða atkvæðatalning, en fyrir gildistöku þingsályktunarinnar og stjórnarskrárinnar, og skal þá yfirkjörstjórn opna þau, og skulu atkvæðin þá talin með, enda hafi yfirkjörstjórn sannfært sig um kosningarrétt aðila.

8. gr.

Þeir, er sakir sjúkdóms, ellihrörnunar eða óhjákvæmilegra heimilisanna geta eigi samkvæmt drengskaparyfirlýsingu sinni og vottorði hreppstjóra í sveitum og oddvita yfirkjörstjórnar í kaupstöðum eða fulltrúa hans farið af heimili sínu eða dvalarstað til atkvæðagreiðslu, mega greiða þar atkvæði, enda fari sú atkvæðagreiðsla fram síðustu viku fyrir fyrsta kjördag eða í síðasta lagi á kjördegi. Um atkvæðagreiðslu fer samkvæmt 7. gr., svo sem við á. Oddvitar yfirkjörstjórna sjá um, að hver kjörstjórn fái nægilega mörg eintök af eyðublöðum undir yfirlýsingar þær, er hér getur. Hreppstjóri stjórnar atkvæðagreiðslu og kemur atkvæðabréfum til hlutaðeigandi kjörstjórnar.

9. gr.

Ákvæði 45., 47., 48., 60. og 61. gr. XII. kafla, 134. gr. XVII. kafla og XXI. og XXII. kafli laga nr. 80/1942 gilda um atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum að því leyti, sem þau láta ekki öðruvísi um mælt og við getur átt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal sérprenta þau og senda oddvitum yfirkjörstjórna hæfilega mörg eintök til útbýtingar meðal kjörstjórna í hverju umdæmi.

Greinargerð.

Frv. er samið af dómsmálaráðherra samkv. ósk og í samráði við lýðveldisnefnd, og hefur stjórnarskrárnefndin samþykkt að flytja það.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar

um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson, Þóroddur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 200 þúsund krónum til kaupa á efni til hafnargerðar í Ólafsfirði.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að gera nú þegar kaup á efni til hafnargerðar í Ólafsfirði, sem nú hefur fengizt útflutningsleyfi á frá Ameríku. Að öðrum kosti hljóta fyrirhugaðar framkvæmdir við hafnargerðina í Ólafsfirði að falla niður næsta sumar, en það hefði hinar skaðlegustu afleiðingar, svo sem kunnugt er. Hins vegar er ekki að svo stöddu hægt að fullnægja skilyrðum 2. gr. hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð, um tryggingar fyrir láni. Er því lagt til, að ríkið kaupi nauðsynlegt efni til bráðabirgða og selji síðar hafnarsjóði.

Ed. 88. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. Á eftir 5. tölul. 1. gr. l. 44/1932 komi nýr liður:
   Suður-Snæfellsneshérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.
   Íbúar í Miklaholtshreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólmshéraði.
2. Úr 6. tölul. (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur".
3. Úr 7. tölul. (Stykkishólmshérað) falli burt orðin „og Miklaholtshreppur".

2. gr.

35., 36. og 37. liður 1. greinar laga nr. 44 1932 orðist svo:

35. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.
Íbúar í Loðmundarfirði eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Seyðisfjarðarhéraði.

36. **Egilsstaðahérað:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

37. **Seyðisfjarðarhérað:** Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

3. gr.

47. liður 1. greinar laga nr. 44 1932 orðist svo:

47. **Selfosshérað:** Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

4. gr.

Í stað 49. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 koma tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. **Keflavíkurhérað:** Njarðvíkurhreppur, Keflavíkurhreppur, Gerðahreppur og Miðneshreppur. Læknissetur í Keflavík.
b. **Grindavíkurhérað:** Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Grindavík.

5. gr.

a. Tveir fyrstu efnismálsliðir laga nr. 58 7. maí 1940 orðist svo:
   2. **Hafnarfjarðarhérað:** Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur og Garðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
   3. **Álafosshérað:** Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem er ekki í Reykjavíkurhéraði, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.
b. Grímsneshérað í síðasta málslið greinarinnar verði: Laugaráshérað.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 44 1932 skulu enn fremur gerðar eftirfarandi orðabreytingar og leiðréttingar:

Við	1.	tölulið:	Liðurinn orðist svo: Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður að Grafarvogi, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.
—	3.	—	Skipaskagahérað verði: Akraneshérað. Ytri-Akraneshreppur verði: Akraneskaupstaður.
—	4.	—	Borgarfjarðarhérað verði: Kleppjárnsreykjahérað.
—	8.	—	Dalahérað verði: Búðardalshérað.
—	15.	—	Hólshérað verði: Bolungarvíkurhérað.
—	19.	—	Reykjarfjarðarhérað verði: Árneshérað.
—	20.	—	Hrófbergshreppur verði: Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur.
—	21.	—	Miðfjarðarhérað verði: Hvammstangahérað. Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár verði: Vestur-Húnavatnssýsla.
—	22.	—	Húnavatnssýsla austan Gljúfurár verði: Austur-Húnavatnssýsla.
—	27.	—	Svarfdælahérað verði: Dalvíkurhérað.
—	29.	—	Liðurinn orðist svo: Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur, Draflastaðasókn í Hálshreppi og þeir bæir í sama hreppi, sem eiga kirkjusókn að Laufási. Læknissetur á Grenivík.
—	30.	—	Reykdælahérað verði: Breiðamýrarhérað.
—	31.	—	Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur verði: Reykjahreppur. Húsavíkurhreppur, Tjörneshreppur.
—	32.	—	Öxarfjarðarhérað verði: Kópaskershérað.
—	33.	—	Þistilfjarðarhérað verði: Þórshafnarhérað.
—	38.	—	Norðfjarðarhérað verði: Neshérað.
—	39.	—	Reyðarfjarðarhérað verði: Eskifjarðarhérað.

Við 40. tölulið: Fáskrúðsfjarðarhérað verði: Búðahérað.
Læknissetur á Fáskrúðsfirði verði: Læknissetur í Búðaþorpi í Fáskrúðsfirði.
— 41. — Berufjarðarhérað verði: Djúpavogshérað.
Beruneshreppur og Geithellnahreppur verði: Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
— 42. — Hornafjarðarhérað verði: Hafnarhérað.
— 43. — Síðuhérað verði: Breiðabólsstaðarhérað.
— 44. — Mýrdalshérað verði: Víkurhérað.
— 46. — Rangárhérað verði: Stórólfshvolshérað.

7. gr.

Í stað orðanna „allt að fjórum aðstoðarlæknum“ í lögum nr. 52 30. júní 1942 komi: allt að sex aðstoðarlæknum, og í stað orðanna í sömu lagagrein „einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi“: að minnsta kosti einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Egilsstaðahérað og Selfosshérað skulu ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945, ákvæði 3. gr. þó því aðeins að um semjist við núverandi héraðslækni á Eyrarbakka um breyting á búsetu hans, en ella tekur það ákvæði gildi við næstu héraðslæknaskipti. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslæknir í hinu nýja Egilsstaðahéraði.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1.—4. og 6. gr. þeirra ásamt 1. og 2. gr. l. nr. 21. 13. júní 1937, 1. gr. laga nr. 58 7. maí 1940, með áorðnum breytingum, og lög nr. 52 30. júní 1942, með áorðnum breytingum, inn í meginmál laga nr. 44 23. júní 1932 og gefa þau út af nýju með fyrirsögninni: Læknaskipunarlög.

Nd. 89. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (1. gr.) Til hafnargerðar á Akureyri veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1500000 — einni og hálfri milljón króna —, gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Akureyrarkaupstaðar.
b. (2. gr.) Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 3000000 — þriggja milljóna króna — lán, er hafnarsjóður Akureyrarkaupstaðar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað eru eigi, eins og í hafnarlögum annarra kaupstaða, nein ákvæði um framlag úr ríkissjóði til hafnargerða né heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir kaupstaðinn til hafnargerðar.

Með framangreindum breytingum verður úr þessu bætt og fengið samræmi við hafnarlög þau, sem sett hafa verið á síðari árum.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur nýlega samþykkt fyrir sitt leyti uppkast að skipulagi hafnarmannvirkja á Oddeyrartanga, og hefur skipulag þetta þegar fengið samþykki vitamálastjóra og skipulagsnefndar í höfuðdráttum.

Samkvæmt þessu skipulagi er áætlað að gera á Oddeyrartanga bátakví og kolabryggju. Enn fremur er þar áætlaður staður fyrir dráttarbraut.

Bæjarstjórn hefur ekki enn ákveðið neitt um, hvenær ráðizt verður í þessar framkvæmdir, en einn hluta þeirra, grjótgarð kringum bátakvína, er hentugt að vinna smám saman í atvinnubótavinnu og því líklegt, að á honum verði byrjað eitthvað innan skamms.

Samkvæmt lauslegri áætlun er gert ráð fyrir, að garður þessi og kolabryggjan muni kosta samtals um fjórar milljónir króna með núverandi verðlagi.

Sþ. 90. Þingsályktun

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.).

Samhljóða þskj. 85.

Nd. 91. Frumvarp til laga

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík, Hestamannafélaginu Létti á Akureyri og sjómannadagsráðinu í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og kappróður með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félaganna Fáks og Léttis af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga og Akureyringa og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðsins, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 109 9. okt. 1941.

Greinargerð.

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri hefur um alllangt árabil verið starfandi félagsskapur. Kappreiðar hefur félagið haldið á sumrum, bæði á Þveráreyrum í Öngulsstaðahreppi og Gleráreyrum við Akureyri, og hafa verið vel sóttar. Er ástæða til að ætla, að svo muni og verða framvegis. Má á það benda, að Skagfirðingar hafa nú tilkynnt þátttöku sína í kappreiðum félagsins á sumri komanda.

Reiðhestum hefur fjölgað mjög á Akureyri og í Eyjafirði á seinni árum. En Hestamannafélagið Léttir þarf miklu til að kosta, svo að hestaeign og reiðmennska

geti sem bezt þrifizt, svo sem kostnaður við hagagöngu, skeiðvöll, hesthús, reiðveg o. s. frv.

Lagaheimild sú, sem hér er á ferðinni, yrði væntanlega þessari starfsemi mikill stuðningur.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar

um útvegun á efni til virkjunar Andakílsár í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, með fjárframlagi úr ríkissjóði eða lántöku og ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs, að hafin verði smíði á vélum og nauðsynlegu efni í fyrirhugaða virkjun Andakílsár.

Jafnframt fellur niður heimild sú, er ríkisstjórninni var veitt með þingsályktun um sama efni frá 12. apríl 1943.

Greinargerð.

Breyting sú, sem lagt er til, að gerð verði á þingsályktunartillögu þessari, er sú ein að fella niður úr tillögunni, að efniskaupin fari fram í Bandaríkjunum. Það hefur komið í ljós, að ódýrara er að kaupa efni til virkjunarinnar frá Svíþjóð.

Rétt þykir að láta það vera óbundið í tillögunni, hvar efnið sé keypt.

Ed. 93. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 47. tölul. 1. greinar laga nr. 44 1932 koma tveir töluliðir, svo hljóðandi:
   a. **Eyrarbakkahérað:** Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.
   b. **Selfosshérað:** Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.
2. Við 7. gr.
   a. Fyrir „allt að sex“ komi: allt að fimm.
   b. Fyrir „Egilsstaðahérað og Selfosshérað skulu“ komi: Egilsstaðahérað skal.
3. Við 8. gr. Fyrri málsliður fyrri málsgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Nd. 94. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá forsætisráðherra.

Við 26. gr.

Annar og þriðji málsliður orðist svo:

Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá lagt svo fljótt sem kostur er á undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði frumvarpið samþykkt, öðlast það gildi án staðfestingar. Ef frumvarpið fær ekki samþykki, þá telst það fallið.

Nd. 95. Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra út af birtingu skýrslu um rannsókn Þormóðsslyssins.

Frá Finni Jónssyni og Eysteini Jónssyni.

Hvers vegna hefur dómsmálaráðherra aðeins birt eigin útdrátt úr sjódómsrannsókn Þormóðsslyssins, en eigi skýrslu sjódómsins sjálfs um rannsóknina?

Greinargerð.

Hinn 19. febr. þ. á. sendi dómsmálaráðuneytið blöðunum í Reykjavík skýrslu um rannsókn Þormóðsslyssins. Eftir því sem fyrirsp. hafa fengið vitneskju um, er skýrsla þessi eigi hin sama og sjódómur Reykjavíkur sendi frá sér til stjórnarráðsins. Er úr henni sleppt mjög veigamiklum atriðum, svo sem áliti skipasmiða um styrkleika Þormóðs, sem þó munu hafa komið fram við rannsóknina og vera á þá leið, að skipið hafi eigi uppfyllt kröfur þær, sem skipaeftirlitinu ber að gera um slík skip. Enn fremur mun vanta í skýrslu dómsmálaráðherra ýmis önnur atriði, er miklu máli skipta.

Þar eð sjódómsrannsókn þessi mun vera hin eina af þessu tagi og hin ýtarlegasta og var gerð út af einhverju hinu hörmulegasta slysi síðari ára, í því skyni, ef eitthvað mætti af henni læra, að koma í veg fyrir sams konar atburði, verður að teljast mjög misráðið af dómsmálaráðherra að birta aðeins ófullkominn útdrátt úr henni, sem eigi gefur rétta hugmynd um ástand skipsins, en eigi álit sjódómsins sjálfs. Getur þessi aðferð orðið til þess að tefja það, að nauðsynlegar ráðstafanir verði nú þegar gerðar til öryggis, bæði gagnvart skipaeftirlitinu og um traustleika gamalla skipa, sem keypt hafa verið til landsins.

Telja fyrirsp. að framangreindum ástæðum athuguðum, að Alþingi eigi rétt á að fá að vita, hvað veldur þessari aðferð dómsmálaráðherra í málinu.

Ed. 96. Breytingartillögur

við frv. til l. um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og samkvæmt 81. gr. lýðveldisstjórnarskrár Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:

   Atkvæðagreiðslur þær, er greinir í þingsályktun samþykktri á Alþingi 25. febrúar 1944, um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918, og í 81. gr. stjórnarskrár samþykktri á Alþingi 1944, skulu fara fram o. s. frv.

2. Við 3. gr. 2. málsgr. skal orða svo:
seðlarnir skulu vera þannig:

I	Þingsályktun frá 25. febr. 1944 um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918: (meginmál ályktunarinnar orðrétt)	
		já
		nei

II	Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, samþykkt á Alþingi 1944.	
		já
		nei

Þeir, er samþykkja þingsályktunina eða stjórnarskrána, setja kross fyrir framan „já“, en hinir fyrir framan „nei“.

Nd. 97. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Hrísey.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Hrísey veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 900000 — níu hundruð þúsund — krónur, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Hríseyjarhrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1400000 — einnar milljónar og fjögur hundruð þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Hríseyjarhrepps kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað-

ur við matið greiðist úr hafnarsjóði Hríseyjarhrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hríseyjarhrepps.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—2000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Hríseyjarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur samið frumvarp þetta, og er það flutt eftir beiðni nefndarinnar. Hríseyingar hafa um langt skeið haft mikinn áhuga á að koma upp hjá sér góðri höfn og hafskipabryggju, enda stendur hafnleysið framtíð staðarins fyrir þrifum. Að vísu er frá náttúrunnar hendi allgott skjól fyrir norðanátt, en þó engan veginn svo, að nægilegt sé. Hins vegar eru skilyrði ágæt til að gera stóra og örugga höfn með tiltölulega litlum kostnaði.

Vitamálaskrifstofan hefur látið gera dýptarmælingar og aðrar nauðsynlegar athuganir og gert tillögur um væntanleg hafnarmannvirki og kostnaðaráætlun. Þær tillögur og kostnaðaráætlun eru prentaðar hér með, og vísast til þeirra. Frumvarp þetta er í flestum atriðum mjög líkt eða samhljóða hafnarlögum ýmissa annarra kauptúna, og er þess að vænta, að háttvirt Alþingi hraði afgreiðslu þess, því að dráttur á að samþykkja þessi hafnarlög getur auðveldlega orðið til þess að tefja mjög fyrir þeim, svo nauðsynlegum framkvæmdum, sem Hríseyingar áforma um hafnarmannvirki sín.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Tillaga um hafnargerð í Hrísey.

Sumarið 1942 athugaði Þorlákur Helgason verkfræðingur hafnarskilyrði í Hrísey og gerði dýptarmælingu þá í Lambhagavík, sem sýnd er á uppdrætti C 210. Á grundvelli þessara athugana hefur hann svo gert áætlun um mannvirki þau, sem dregin eru á meðfylgjandi uppdrátt B 543. Þess skal getið, að tillaga þessi er mjög í samræmi við uppástungu eins hafnarnefndarmanns í Hrísey, Hreins Pálssonar útgerðarmanns, enda virðast sjómenn og útgerðarmenn í Hrísey vera þeirrar skoðunar, að með framtíðar hafnarvirkjun í Hrísey eigi að nást sá árangur, að skapað sé fyllsta öryggi fyrir allstóran flota veiðiskipa og að hafskip geti lagzt þar við bryggju.

Norðurgarður.

Aðalmannvirkið er beygður garður, sem skýlir fyrir norðanátt og vestanátt að nokkru leyti. Efri hluti garðsins (frá beygju) er gerður sem járnveggur, 67 metra langur, sem hefur festingu í timburvegg úr staurum með áneglduþili 3″ tvöföldu (1,5″—1,5″), og eru 8,0 m á milli veggja. Dýpið við járnvegginn er 3,0 m miðað við stórstraumsfjöru.

Fremri álman myndast einnig af tveimur veggjum með 10,0 metra millibili, og er hún 75 metra löng við innri hlið. Innri veggur og hausveggir eru úr járni, en ytri veggur er 6″ spunsþil úr tré. Á ytri brún garðsins er steyptur skjólveggur, járnbentur, og við ytri vegginn er grjótfláiá með steyptri krónu fyrir ofan sjávarmál. Halli fláans er 1:1,5. Dýpið við járnvegginn er 5,0 m. Á milli veggjanna er sandfylling, en garðþekjan púkkuð og steypt. Svæðið innan við garðinn skal dýpka, eins og teikning sýnir. Er gert ráð fyrir, að dýpkunin sé framkvæmd með sanddælu og sandurinn notaður sem fylling í garðinn, en við frekari dýpkun sé sandinum dælt í krikann norðan við efri hluta garðsins þannig, að tréþilið verpist sandi og myndist þá uppfylling í bryggjuhæð í krikanum. Gert er ráð fyrir hlífðarverki úr eik á innri vegg og festlum og ljósalögn.

Áætlunarupphæð fyrir þetta mannvirki er kr. 355000 miðað við kaupgjald og verðlag fyrir stríð (1937), og er þá sjálf dýpkunin ekki talin með.

Bátabryggja.

Jafnframt hefur verið gerð áætlun um 8,0 m breiða bátabryggju, sem næst 80,0 metra langa, og er hún sýnd á uppdrætti. Efst á syðri hlið eru veggir úr timbri, en annars úr járni. Bryggjuþekjan er púkkuð og steypt og gert ráð fyrir venjulegu hlífðarverki, festlum og ljósum. Sandfylling er á milli veggja. Áætlunarupphæð með verðlagi fyrir stríð er kr. 88500.

Dýpkunin,

eins og hún er sýnd á uppdrætti, nemur ca. 12000 rúmmetrum og er áætluð að kosta kr. 24000.00 með verðlagi fyrir stríð. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir nemur þá kr. 467500.00 miðað við verðlag og kaupgjald fyrir stríð.

Í tillögu þeirra, sem lýst er hér að framan, er veigamesta mannvirkið og það langdýrasta hafnargarður, sem jafnframt er hafskipabryggja fremst, en bátabryggja og uppfylling ofar. Á móti þessum garði gengur að sunnan samfelld bátabryggja, og er hliðið á milli hennar og garðsins 25 metrar. Á milli þessara mannvirkja er pollur, sem er varinn að heita má fyrir öllum áttum. Kví þessi er að vísu lítil, en í henni er viðlegupláss, sem er hátt á annað hundrað metrar. Pollinn mætti stækka með því að grafa lengra inn í sandinn. Sunnan við bátabryggjuna mætti gera opnar bryggjur, sem hefðu allgott skjól af norðurgarðinum og ættu að koma að fullu gagni til sumarnotkunar, t. d. í sambandi við síldarsöltun eða síldariðnað. Að sjálfsögðu mætti gefa þeim bryggjum aukið skjól með framlengingu hafnargarðsins.

Reykjavík, október 1943.

Emil Jónsson.

Nd. 98. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I.

1. gr.

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna

og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta allra atkvæða í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan mánaðar, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og telst þá sem kjörtími forseta hefjist að nýju frá þeim tíma, en Alþingi skal þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

12. gr.

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti. Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.

19. gr.

Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

21. gr.

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

22. gr.

Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir, að það var rofið.

25. gr.

Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.

26. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

29. gr.

Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

30. gr.

Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

   Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.
d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

   Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

32. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs að aldri eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

IV.

35. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.

39. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

42. gr.

Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað skýrslu um tölu kjósenda í kjördeild hverri, en hann sendir síðan þegar viðkomandi ráðuneyti skýrslu um tölu allra kjósenda í kjördæminu.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðaseðla, sem nota skal við atkvæðagreiðsluna. Skal senda yfirkjörstjórn hverri atkvæðaseðla að tölu 10% fram yfir samtölu

allra kjósenda í kjördæminu, og sendir oddviti hennar síðan formanni hverrar kjörstjórnar í innsigluðum, þar til gerðum umslögum seðla 10% fleiri en kjósendur eru í umdæmi hans.

Seðlarnir skulu vera þannig:

I	Þingsályktun frá 25. febr. 1944, um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918: (meginmál ályktunarinnar orðrétt)
	já
	nei

II	Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, samþykkt á Alþingi 1944.
	já
	nei

Þeir, er samþykkja þingsályktunina eða stjórnarskrána, setja kross fyrir framan „já", en hinir fyrir framan „nei".

4. gr.

Kjördagar skulu vera hinir sömu um land allt. Skal ráðherra auglýsa þá einu sinni í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi þrisvar sinnum á sem heppilegustum tíma.

5. gr.

Loka má kjördeild, ef kjörstjórn er um það sammála, þegar er 80% kjósenda hafa gefið sig fram, en þeim, er síðar kunna að koma, skal þá veita kost á að greiða atkvæði í öðrum kjördeildum, ef þeir sanna, að þeir standa á kjörskrá annars staðar í kjördæminu. Ef lokað er í öllum kjördeildum hreppsins, geta þeir gefið sig fram hjá oddvita kjörstjórnar, er tekur þá við atkvæði þeirra og bókar þar um í kjörbók.

6. gr.

Gerðabækur til alþingiskosninga skulu notaðar. Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað notaða og ónotaða atkvæðaseðla í innsigluðum, þar til gerðum umslögum. Oddviti yfirkjörstjórnar auglýsir síðan stað og stund til talningar atkvæða, er fara skal fram opinberlega. Opnar yfirkjörstjórn að settum kjörfundi atkvæðasendingar og sannfærir sig um, að innsigli séu heil og ósködduð. Síðan skal láta seðlana í hæfilegt ílát, blanda þeim þar saman og síðan telja atkvæði, enda ræður meiri hluti kjörstjórnar, ef ágreiningur verður um gildi atkvæðis. Skal eigi meta atkvæði ógilt, nema um það megi villast, hvernig kjósandi greiði atkvæði.

Að talningu lokinni sendir yfirkjörstjórn ráðherra þegar í stað skýrslu um greidd gild atkvæði („já" og „nei"), ógilda seðla, auða seðla og afgangsseðla. Ráðherra birtir að lokum úrslit atkvæðagreiðslna í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

7. gr.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða skal fara eftir 64.—66. og 70.—75. gr. laga um kosningar til Alþingis, eftir því, sem við getur átt.

Íslenzkum ríkisborgurum, sem kosningarrétt hafa til Alþingis, en dvelja erlendis, er atkvæðagreiðslan fer fram, er heimilt að neyta atkvæðisréttar síns hjá sendiherra eða ræðismanni Íslands á þeim stað, og skal um það fara eftir ákvæðum þessara laga, eftir því sem við á.

Nú koma atkvæðabréf eigi til skila fyrr en eftir kjördaga eða atkvæðatalning, en fyrir gildistöku þingsályktunarinnar og stjórnarskrárinnar, og skal þá yfirkjörstjórn opna þau, og skulu atkvæðin þá talin með, enda hafi yfirkjörstjórn sannfært sig um kosningarrétt aðila.

8. gr.

Þeir, er sakir sjúkdóms, ellihrörnunar eða óhjákvæmilegra heimilisanna geta eigi samkvæmt drengskaparyfirlýsingu sinni og vottorði hreppstjóra í sveitum og oddvita yfirkjörstjórnar í kaupstöðum eða fulltrúa hans farið af heimili sínu eða dvalarstað til atkvæðagreiðslu, mega greiða þar atkvæði, enda fari sú atkvæðagreiðsla fram síðustu viku fyrir fyrsta kjördag eða í síðasta lagi á kjördegi. Um atkvæðagreiðslu fer samkvæmt 7. gr., svo sem við á. Oddvitar yfirkjörstjórna sjá um, að hver kjörstjórn fái nægilega mörg eintök af eyðublöðum undir yfirlýsingar þær, er hér getur. Hreppstjóri stjórnar atkvæðagreiðslu og kemur atkvæðabréfum til hlutaðeigandi kjörstjórnar.

9. gr.

Ákvæði 45., 47., 48., 60. og 61. gr. XII. kafla, 134. gr. XVII. kafla og XXI. og XXII. kafli laga nr. 80/1942 gilda um atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum að því leyti, sem þau láta ekki öðruvísi um mælt og við getur átt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal sérprenta þau og senda oddvitum yfirkjörstjórna hæfilega mörg eintök til útbýtingar meðal kjörstjórna í hverju umdæmi.

Ed. 115. Frumvarp til laga

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánum til skipakaupa.

2. gr.

Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með. Sama gildir um vél skipsins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður.

3. gr.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar

um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélategund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

Atvinnumálaráðherra veitir fé úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

4. gr.

Þegar styrkur eða vaxtalaust lán er veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda.

5. gr.

Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins.

Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Mega þau að viðbættum lánum með betri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé eigi dregið út úr honum til annarra hluta.

6. gr.

Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast.

Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð, þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaflega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd.

Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu.

Kvöð þessari skal þinglýsa.

7. gr.

Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnumálaráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hefur lofað láni, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands lánsfjárhæðina, og sér hann um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og tekur við greiðslu afborgana.

Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnumálaráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn.

Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar svo og um útborgun styrkja eftir ákvörðun ráðherra.

10. gr.

Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

12. gr.

Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þessara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu sérstakrar launauppbótar til embættis- og starfsmanna ríkisins vegna barna á framfærslualdri.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigfús Sigurhjartarson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða á sama hátt og s. l. ár, þar til önnur skipan verður á gerð af Alþingi, uppbætur þær, er tilgreindar eru í 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 48 frá 30. júní 1942.

Greinargerð.

Uppbætur þær, er þingsályktunartillaga þessi varðar, voru greiddar á árunum 1942 og 1943 samkvæmt heimild í lögum þeim, er til er vitnað í tillögunni. Bæjarfélög og opinberar stofnanir greiddu starfsfólki sínu sömu uppbætur. En nú hefur ríkisstjórnin auglýst, að hún muni ekki nota heimild þessa í ár.

Flutningsmenn þessarar tillögu vita ekki til þess, að þær breytingar hafi á orðið síðan árinu 1943 lauk, er geri uppbætur þessar óréttmætar.

Kostnaður ríkissjóðs af greiðslum þessum var s. l. ár 225 þús. kr.

Sþ. 117. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild handa ríkisstjórninni til að veita fé til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa allýtarlega á fundum sínum. Kvaddi nefndin atvinnumálaráðh., fjármálaráðh. og vegamálastjóra á fund sinn og ræddi við þá um málið. Nefndin samþykkti að leggja til, að till. yrði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að greiða á þessu ári allt að 500 þús. krónur úr ríkissjóði til viðbótar þeirri fjárhæð, sem veitt er í fjárlögum 1944 til lagningar Suðurlandsvegar (Krýsuvíkurleið), enda teljist viðbótarfjárveiting þessi til gjalda ríkissjóðs á árinu 1945.

Alþingi, 29. febr. 1944.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson. Sig. Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson. Finnur Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Þóroddur Guðmundsson, með fyrirvara. Jónas Jónsson.

Sþ. 118. Nefndarálit

um till. til þál. um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd getur eftir atvikum fallizt á að mæla með því, að þáltill. þessi verði samþykkt, þar sem upplýst er, að fyrirhugaðar framkvæmdir við hafnargerðina í Ólafsfirði yrðu að öðrum kosti að falla niður næsta sumar, en það mundi valda tjóni, eins og málum er komið. Hins vegar leggur fjárveitinganefnd á það áherzlu, að unninn sé bráður bugur að því að fá málum þannig skipað, að fullnægt verði skilyrðum 2. gr. hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð, svo að ríkissjóður fái framlagið til efniskaupanna endurgreitt, enda er framhald verksins sýnilega háð því, að framkvæmdin sé reist á ákvæðum hafnarlaganna.

Alþingi, 1. marz 1944.

Pétur Ottesen, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Þóroddur Guðmundsson.

Sig. Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson. Þorst. Þorsteinsson.

Jónas Jónsson. Lúðvík Jósefsson. Finnur Jónsson.

Ed. 119. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Örlygshöfn við Patreksfjörð skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 30 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Örlygshafnar að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Örlygshafnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum verða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Rauðasandshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Rauðasandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Örlygshafnar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Örlygshöfn, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Örlygshafnarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins í liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Rauðasandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 120. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta á Hvalskeri við Patreksfjörð skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 30 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hvalskers að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæt-

urnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hvalskers. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Rauðasandshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Rauðasandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hvalskers allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hvalskeri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hvalskerslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins í liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Rauðasandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 121. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Breytingin, sem farið er fram á, að gerð sé á gildandi lögum, er, að ákvæðið um skilyrði fyrir atkvæðisrétti, að framteljandi hafi átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, breytist þannig, að framteljandi hafi átt þær, áður en veikin kom í fé hans.

Þessa breytingu telur nefndin eðlilega og sanngjarna og mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 1. marz 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.
Emil Jónsson.	Sigurður Guðnason.	

Nd. 122. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og rætt um það við vitamálastjóra á nefndarfundi.

Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. marz 1944.

Finnur Jónsson, form.	Jóhann Jósefsson, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Sig. Kristjánsson.	

Nd. 123. Nefndarálit

um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og átt um það tal við vitamálastjóra. Leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. marz 1944.

Finnur Jónsson, form., frsm. Jóhann Jósefsson, fundaskr. Sig. Kristjánsson.
Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 124. Breytingartillögur

við till. til þál. um athugun á því, hversu unnt má verða að fullgreiða ríkisskuldir Íslands með sérstökum skatti.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Í stað orðanna „leitast nú ... meira en 60 þús. kr.“ í meginmáli tillögunnar komi: undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til laga um eignaraukaskatt á gróða, sem myndazt hefur eftir árslok 1939, aðallega á eignarauka, sem nemur meira en 100 þús. kr.
2. Aftan við tillögugreinina bætist: Í frv. séu skýr ákvæði til tryggingar réttum eignaframtölum og réttu mati fasteigna og verðbréfa.
3. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um eignaraukaskatt til greiðslu á ríkisskuldum Íslands.

Sþ. 125. Tillaga til þingsályktunar

um sérstaka talsímaþjónustu í verstöðvum landsins vegna slysavarna.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma á fót í sambandi við starfrækslu landssímans sérstakri slysavarnaþjónustu í verstöðvum landsins á aðalvertíðum utan hins ákveðna talsímaþjónustutíma, sem er á hverjum stað fyrir sig, þannig að þar, sem því verður við komið, sé hlustað á talstöðvar fiskibátanna á öllum tímum sólarhringsins, og að séð verði fyrir því, ef þörf krefur vegna slysavarna, að unnt sé að ná í símasamband við Reykjavík hvaða tíma dags eða nætur, sem er.

Ástæður.

Það liggur í augum uppi, að svo mikilsverð ráðstöfun til öryggis sem talstöðvar bátanna eru kemur því aðeins að notum, að tryggt sé, að á þær sé hlustað úr landi, og er hér gert ráð fyrir, að það sé gert í sambandi við starfrækslu landssímans, eftir þeim reglum, er um það kunna að vera settar, meðan hver talsimastöð fyrir sig er opin hvern dag.

Reynslan hefur svo leitt hitt í ljós, að utan hins reglulega starfstíma stöðvanna er engu minni þörf á því, að hlustað sé eftir bátatalstöðvunum, og hefur þetta leitt til þess í stærstu verstöð landsins, Vestmannaeyjum, að á fót hefur verið komið þjónustu utan stöðvartímans, sams konar og í þessari þál.tillögu er farið fram á, að gert verði yfirleitt í verstöðvunum.

Var þetta fyrst gert frá miðjum febrúarmán. 1943 og til loka maímánaðar s. á. Hefur kostnaðurinn verið borinn uppi að nokkru leyti af Landssímanum og að nokkru leyti af Vestmannaeyingum sjálfum. Er hinn sérstaki símavörður að starfi á þeim stað frá kl. 9 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Eftir því hefur verið leitað, að Landssíminn kostaði einn þessa vörzlu, en hann hefur færzt undan því og telur að vísu álitamál, hvort kostnaðurinn eigi að berast uppi af símafé eða slysavarnafé, en þó sé hið síðara ekki ósanngjarnt, þar eð tekjur þær, er síminn hefur af slíkum störfum, eru sem engar.

Landssíminn heldur því fram og með réttu, að hér sé nær eingöngu um slysavarnaráðstöfun að ræða og rétt sé, að Alþingi og ríkisstjórn taki ákvörðun um tilhögun hennar og um það, hvort síminn sjálfur beri kostnaðinn eða hann sé veittur með sérstakri fjárveitingu til slysavarna eða á annan hátt.

Hér er um mikilvæga öryggisráðstöfun að ræða, sem er nauðsynleg í sambandi við talstöðvar bátanna í hvaða veiðistöð, sem er. Hún hefur reynzt mjög vel í Vestmannaeyjum, og mundi það líka verða annars staðar, þar sem líkt er ástatt.

Hér er því farið fram á það, að þessari sérstöku símaþjónustu vegna slysavarna verði komið á í verstöðvum landsins yfirleitt og henni haldið uppi þá tíma árs, sem brýnust er nauðsynin, en hana teljum við vera á þeim tímum, sem sjór er mest sóttur, eða á aðalvertíðum hvarvetna.

Þá er enn fremur fram á það farið í tillögu þessari, að allar verstöðvar eigi aðgang að því að ná símasambandi við Reykjavík, þegar þörf krefur vegna slysavarna. Það er vitanlegt, að nú um hríð hefur það verið og verður víst framvegis einnig siður að leita aðstoðar Slysavarnafélags Íslands til hjálpar bátum í neyð, einkum frá þeim stöðvum, þar sem ekki er neitt björgunarskip við höndina, og að aðalstöðvar Slysavarnafélagsins eru í Reykjavík, er líka fullkunnugt.

Þess vegna er það einkum áríðandi, að unnt sé að ná til Reykjavíkur tafarlaust frá hvaða verstöð, sem er, þegar leita þarf aðstoðar handa bátunum.

Í stærstu verstöðvunum, t. d. Vestmannaeyjum, Akranesi og Keflavík, hefur afgreiðslutími símastöðvanna að vísu verið lengdur frá því, sem upphaflega var ákveðið, og er þar afgreitt sums staðar til kl. 10 að kvöldi og sums staðar til miðnættis. En þetta mun ekki gilda fyrir hinar smærri stöðvar, og yfirleitt er það ófullnægjandi, jafnvel þótt haldið sé opnu til miðnættis. Gera þarf alls staðar ráðstafanir til þess, að boðum til Slysavarnafélagsins megi koma, hvenær sem er sólarhringsins, með aðstoð símans.

Nánar mun vikið að máli þessu í framsögu.

Ed. 126. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um flugferðir milli Íslands og annarra landa.

Frá Bjarna Benediktssyni og Gísla Jónssyni.

Hver árangur hefur orðið af áskorun Alþingis 9. febr. 1943 til ríkisstjórnarinnar um, að hún léti athuga, hvort tiltækilegt væri að kaupa þá þegar hingað til lands millilandaflugvél, eina eða fleiri, þannig að unnt yrði að koma á flugferðum fyrir landsmenn til Englands og Bandaríkja Norður-Ameríku, og ef slík flugvélakaup reyndust eigi gerleg, þá yrði leitað samninga við fulltrúa fyrrgreindra ríkja um, að meðan á ófriðnum stæði, yrði af þeirra hálfu haldið uppi föstum flugferðum hingað

til lands frá þessum löndum, með þeim hætti, að landsmenn hefðu not af til ferðalaga og póstsendinga?

Greinargerð.

Gildi flugvéla fyrir samgöngur milli landa hefur aldrei komið eins glögglega fram og í ófriði þeim, er nú stendur. Þörf Íslendinga fyrir flugsamgöngur milli landa hefur og aldrei verið brýnni en nú og verður sjálfsagt eigi í náinni framtíð, því að þegar siglingar verða auðveldari en nú, minnkar sú nauðsyn, sem menn hafa nú fyrir flugsamgöngur, þótt eigi sé vafi á, að meginhluti farþegaflutnings milli landa muni í framtíðinni verða með flugvélum.

Svo sem nú háttar, kann að vera örðugt fyrir Íslendinga að koma á eigin millilandaflugferðum. En hitt er víst, að miklar flugsamgöngur eru til og frá landinu. Af hálfu umráðamanna þeirra mun eigi hafa verið fyrirstaða á, að landsmenn hefðu þeirra gagn, ef þeir færu í opinberum erindagerðum og í neyðartilfellum af sjúkdómsorsökum. Er skylt að þakka þá velvild, sem í þessu hefur lýst sér. En slíkrar fyrirgreiðslu er eigi síður þörf fyrir ýmsa aðra og um póstsendingar.

Af þessum sökum var samþykkt á Alþingi 9. febr. 1943 sú áskorun, sem í fyrirsögninni greinir, og er þess nú vænzt, að grein verði fyrir því gerð, hvað gert hefur verið til að hrinda þessu máli fram.

Sþ. 127. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Með lögum frá 24. marz 1943, um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár, var ákveðið að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sex millj. króna lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til virkjunar Fljótaár, en það var sú upphæð, sem áætlað var, að öll virkjunin kostaði samkvæmt áætlun, gerðri í maí 1942.

Í nóvember s. l. fór fram endurskoðun á kostnaðaráætluninni frá maí 1942, og leiddi sú endurskoðun í ljós, að heildarkostnaður mundi hækka um 2,72 millj. kr., er sundurliðast þannig:

Hækkun á farmgjöldum, tollum, vátryggingu	kr.	810000.00
— — vinnulaunum	—	1640000.00
— — bílakstri	—	230000.00
— — þóknun	—	40000.00
Samtals	kr.	2720000.00

En í áætluninni frá maí 1942 eru taldar 2 vélasamstæður, 2350 hestafla hvor. Nú var það upplýst 24. marz s. l., þegar lögin um ríkisábyrgð voru samþykkt, að ekki fengist útflutningsleyfi frá U. S. A. nema fyrir annarri vélasamstæðunni, og lækkar það heildarkostnaðinn um kr. 700000.00. Heildarkostnaðurinn við virkjunina er því samkvæmt hinni síðustu kostnaðaráætlun 8 millj. kr. með einni 2350 hestafla vélasamstæðu og öllum undirbúningi til að setja niður aðra jafnstóra vélasamstæðu síðar. Siglufjörður, sem hefur nú tæpa 3000 íbúa, er mjög vel á vegi staddur með rafmagn, þó að nú verði aðeins sett upp ein 2350 ha. vélasamstæða. Til samanburðar má geta þess, að aflið svarar til 633 w. á mann (að meðt. núv. 300 kw. stöð bæjarins). En Reykjavík og Hafnarfjörður saman með um 44000 manns hafa 270 wött á mann og eftir áformaða aukningu 377 wött á mann.

Eftir upplýsingum frá bæjarstjóranum á Siglufirði, er hingað bárust í gær, er þegar búið að greiða út til Fljótaárvirkjunarinnar sem hér segir:

Vörur frá Ameríku	kr. 1415000.00
— — firmum í Reykjavík	— 210000.00
Greitt Höjgaard og Schultz	— 2045000.00
Efniskaup	— 170000.00
Vextir og ýmis kostnaður	— 120000.00
Sement, möl, sandur ca	— 1000000.00
	Kr. 4960000.00

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og fengið á fund til sín forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins. Þó að kostnaðurinn við virkjun þessa sé mjög hár, þá telur þó meiri hl. nefndarinnar ekki annað hægt en að samþykkja þingsályktunartillöguna. Yrði Siglufjarðarkaupstað neitað um þessa ríkisábyrgð, gæti svo farið, að virkjunin stöðvaðist, en það væri illa farið.

Alþingi, 2. marz 1944.

Pétur Ottesen, form.	Þóroddur Guðmundsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.	Sigurður Kristjánsson.
	Finnur Jónsson.	

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar

um nýjar heyþurrkunaraðferðir.

Flm.: Hermann Jónasson. Pétur Ottesen, Haraldur Guðmundsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera tilraunir um vélþurrkun á heyi og heimilar henni nauðsynlegar fjárgreiðslur úr ríkissjóði til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Það er kunnara en svo, að um þurfi að ræða, hve heyþurrkun er mikill þáttur í heyöflun landsmanna. Heyþurrkunin veldur oft úrslitum um það, hvort heyfengur sumarsins verður viðunandi eða lítill og lélegur.

Það hefur lengi verið áhugamál bænda, að reynt yrði að finna öruggari aðferðir við heyþurrkun en þær, sem hér hafa tíðkazt til þessa og allar eru háðar veðurfari, sem hér á landi er mjög ótryggt. Þörfin fyrir nýjar heyþurrkunaraðferðir er því óvíða eða hvergi meira knýjandi en hér á landi.

Nú er það kunnugt, að erlendis, meðal annars í Bandaríkjum Norður-Ameríku, hafa á síðustu árum verið gerðar margháttaðar tilraunir um vélþurrkun á heyi, og af ýmsum er talið, að tekizt hafi að finna viðunandi lausn á þessu máli, aðferð, sem er nægilega stórvirk og þó fremur ódýr. — Það vill nú einmitt svo vel til, að ungur íslenzkur vélfræðingur er um þessar mundir fyrir vestan haf og hefur meðal annars kynnt sér þar rækilega nýjustu vinnuaðferðir við vélþurrkun á heyi. Þessi vélfræðingur kemur til landsins mjög bráðlega, og væri því æskilegt, að verkfæranefnd ríkisins gæti, í samstarfi við hann og aðra sérfróða menn, er völ kann að vera á, hafizt handa þegar á sumri komanda um prófun hinna nýju heyþurrkunaraðferða á íslenzku heyi. Það má búast við, að nokkuð annað muni henta um

þurrkun þess en hinna stórgerðu grastegunda, sem ræktaðar eru erlendis og hinar nýjustu heyþurrkunaraðferðir eru ef til vill að verulegu leyti við miðaðar.

Benda má á, að sennilega væri heppilegt, að þessar tilraunir yrðu gerðar við eitthvert ríkisbúanna, þar sem kostur er á nægu rafmagni.

Ed. 129. Lög

um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 75.

Nd. 130. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Verð það á landbúnaðarafurðum, sem ákveðið er af nefndinni, skal teljast meðalverð, sem ekki raskar ákvörðunum um mismunandi verð til framleiðenda innan mjólkursölusvæða samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breytingum á þeim lögum, nr. 66 frá 1937, né ákvæðum um misjafnt verð innan einstakra vöruflokka samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum um gæðamat, sem gilda á hverjum tíma.

Greinargerð.

Við athugun á dýrtíðarlögunum og álitsgerð 6 manna nefndarinnar hefur komið í ljós, að í lögin vantar skýrari ákvæði um, að verðjöfnunarákvæði mjólkurlaganna gildi framvegis. Enn fremur að samkomulag 6 manna nefndarinnar raski ekki reglum, er gilt hafa um mismunandi verðlag eftir gæðum vörunnar og eru nauðsynlegur þáttur í baráttunni fyrir vöruvöndun og vörugæðum.

Frv. hefur verið borið undir þá nefndarmenn 6 manna nefndarinnar, sem staddir eru í bænum, og kom nefndarmönnum saman um, að þetta væri aðeins ýtarlegri skýring á greinargerð nefndarinnar og í fullu samræmi við það, er fyrir henni vaki. — Frv. er flutt samkv. ósk stjórnar Mjólkursamsölunnar.

Nd. 131. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Bolungavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Bolungavík veitist úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að 720000 kr. — sjö hundruð og tuttugu þús. kr. — gegn ⅓ frá hafnarsjóði Bolungavíkur.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1080000 kr. — einnar millj. og áttatíu þús. kr. — lán, er hafnarsjóður Bolungavíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs Hólshrepps og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Bolungavíkur. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Bolungavíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Hólshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Bolungavíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 2% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Hólshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 132. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

Nd. 133. Breytingartillaga

við frv. til l. um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og samkvæmt 81. gr. lýðveldisstjórnarskrár Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og í 81. gr. stjórnarskrár, samþykktri á Alþingi 1944“ kemur: og í stjórnskipunarlögum frá 15. des. 1942.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til l. um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og um lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

Ed. 134. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátrygging fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eins og það kom frá Nd. og leggur einróma til, að það verði samþykkt þannig óbreytt.

Alþingi, 2. marz 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.
Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Ed. 135. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. marz 1944.

Gísli Jónsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Ingvar Pálmason.
Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar

um notkun íslenzka fánans.

Frá Gunnari Thoroddsen og Sigurði Bjarnasyni.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeirri ósk og áskorun til allra landsmanna, að efld sé og aukin notkun íslenzka fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenzka þjóðernis og fullveldis.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirfarandi ráðstafanir í þessu skyni:

1. Að hvetja bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir um land allt og sem flest félög og samtök, er vinna að menningar- og þjóðernismálum, til þess að beita áhrifum sínum í þá átt, að sem flestir Íslendingar eignist íslenzkan fána, komi sér upp fánastöngum og dragi íslenzka fánann að hún á hátíðlegum stundum.

2. Að hlutast til um eftir föngum, að jafnan sé fáanlegt í landinu við sanngjörnu verði nægilegt af fánastöngum og íslenzkum fánum í réttum hlutföllum og réttum litum.
3. Að gefa út tilkynningu um fánadaga, þ. e. þá hátíðisdaga ársins, sem sérstaklega er óskað, að allur landslýður dragi fána að hún.
4. Að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða fé úr ríkissjóði til að standast kostnað við framkvæmd þessarar alþingisályktunar.

Greinargerð.

Íslenzki fáninn er tákn hins íslenzka þjóðernis og fullveldis. Hann er boðberi þess um erlend ríki og úthöfin, hvarvetna þess, er íslenzk för sigla um sæ eða leggja að landi. Hvar sem hann blaktir, vekur hann Íslendinga til vitundar um þjóðerni þeirra og blæs þeim í brjóst íslenzkri þjóðrækniskennd.

Of fáir Íslendingar hafa skilið til fulls þýðingu fánans. Allt of fáir þeirra eiga hinn fagra fána þjóðarinnar. Notkun hans þarf að auka, virðingu hans að efla. Stjórnvöld landsins þurfa að eiga þátt sinn í því. Þessi þingsályktunartillaga miðar til þess, að Alþingi rétti fram sína hönd til heilla og liðveizlu þessu mikilvæga máli.

Ed. 137. Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um bændaskóla Suðurlands.

Frá Eiríki Einarssyni.

Hvað líður ákvörðun um bændaskólasetur á Suðurlandsundirlendinu, er landbúnaðarráðuneytið skal velja samkvæmt lögum nr. 39 frá 1942?

Ed. 138. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um rafveitumál.

Frá Eiríki Einarssyni.

Hvert er viðhorfið um kaup og útflutningsleyfi fyrir efni til hinnar fyrirhuguðu rafveitu frá Sogsvirkjuninni til kauptúnanna í Árnessýslu?

Nd. 139. Frumvarp til laga

um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gjafir til barnaspítala skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1945.

Greinargerð.

Ákvæði frumvarps þessa eru sniðin eftir lögum nr. 128 30. des. 1943, um gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga, að öðru leyti en því, að „árslok 1945“ eru sett í 2. gr. í stað ársloka 1944 í lögunum. Nú hefur kvenfélagið „Hringurinn“ hafið fjársöfnun til byggingar barnaspítala í sambandi við landsspítalann og rekið hana með mesta myndarskap, og telur fjárhagsnefnd þá starfsemi engu síður verðuga þeirra hlunninda, sem veitt voru á síðasta þingi vinnuhælinu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum.

Nánar í framsögu.

Sþ. 140. Nefndarálit

um till. til þál. um úrkomumælingar á hálendi Íslands.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt um tillöguna á nokkrum fundum og átt tal um efni hennar við form. raforkumálanefndar, sem mælti eindregið með samþykkt tillögunnar.

Meiri hl. n. telur, að nauðsynlegt sé að hefja sem fyrst rannsókn þá, sem till. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að hún verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1944.

Lúðvík Jósefsson, frsm.	Þóroddur Guðmundsson.	Finnur Jónsson.
Helgi Jónasson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Sigurður Kristjánsson.

Sþ. 141. Breytingartillaga

við till. til þál. um rannsókn gufuhvera í Henglinum.

Frá Emil Jónssyni.

1. Aftan við tillögugr. bætist:
   Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta á sama hátt fara fram, svo fljótt sem unnt er, í samvinnu við Hafnarfjarðarkaupstað, rannsókn á gufuhverunum í Krýsuvík.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsókn gufuhvera.

Sþ. 142. Nefndarálit

um till. til þál. um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að rannsaka og skila rökstuddu áliti um það, á hvern hátt verði hagkvæmast og með mestu öryggi tryggðar samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Nefndinni ber að semja kostnaðaráætlun um þær samgöngubætur, er hún leggur til, að gerðar verði.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en vegamálastjóri vera fimmti maður í nefndinni og formaður hennar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 3. marz 1944.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr., með fyrirvara.	Sig. Kristjánsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Jónas Jónsson, með fyrirvara.	Finnur Jónsson, með fyrirvara.	Þóroddur Guðmundsson.

Sþ. 143. Nefndarálit

um till. til þál. um framlag úr ríkissjóði til fjárskipta í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hl. fjárveitinganefndar getur ekki fallizt á að leggja til, að tillaga þessi verði samþykkt í því formi, sem hún var borin fram af þm. Suður-Þingeyinga, JJ. Veldur því meðal annars, hve mikinn kostnað mundi leiða af framkvæmd hennar. Eftir upplýsingum, sem nefndinni hafa borizt frá framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, mundi framkvæmd fjárskiptanna, ef fylgt væri sömu reglu og áður um skaðabótagreiðslu að viðbættu framlagi til girðinga, kosta 1595800 kr. Er það sýnt, að eigi verður hægt að halda áfram fjárskiptum með sama hætti og verið hefur að undanförnu.

Sauðfjársjúkdómanefnd hafði á öndverðu síðasta ári til meðferðar óskir bænda á þessu svæði um fjárskipti, en taldi sig ekki geta mælt með þeim á sama grundvelli og áður, enda væri svæðið erfitt til einangrunar. Hins vegar segir sauðfjársjúkdómanefnd í áliti sínu, að henni sé það ljóst, að aðstaða fjáreigenda á þessu svæði sé verri en víða annars staðar á hinum sýktu svæðum og væri hún því fús til að mæla með einhverjum leiðum til þess að gera hlut þessara manna bærilegri.

Meiri hluta fjárveitinganefndar er það ljóst, að það, sem hér er sagt um erfiðleika þá, sem þarna steðja að, er sízt of sagt. Frá fornu fari hefur lífsafkoma fólksins í þessum sveitum byggzt á sauðfjárrækt. Hafa bændur á þessum slóðum framfleytt sér og sínum á minni bústofni en víðast annars staðar, en það á rót sína að

rekja til hinna kjarngóðu heiðalanda og þess, að Þingeyingar hafa með kynbótum og ræktun sauðfjárstofnsins aukið mikið gagnsemi fjárins. Hins vegar er aðstaðan í þessu byggðarlagi til breytinga á búskaparháttum sérstaklega erfið.

Af þessum ástæðum vill meiri hl. fjárveitinganefndar stuðla að því fyrir sitt leyti, að leitað sé úrræða, er greiða mættu úr þessum erfiðleikum. Hefur það orðið að samkomulagi hjá meiri hl. n. að leggja til, að ríkisstjórninni sé heimilað að verja allt að 600 þús. krónum úr ríkissjóði, ef þeir aðilar, sem um getur í tillögu meiri hl. nefndarinnar, verða sammála um, að fjárskipti séu einasta úrræðið, og tiltækilegt þykir að koma þeim á með þessum fjárstyrk. Það skal tekið fram, að fjárframlag þetta er miðað við, að fram fari fjárskipti á öllu svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts að Reykjadal undanskildum, en þar hafa fjárskipti þegar farið fram. Ef fjárskipti verða ekki framkvæmd nema á hluta af svæðinu, þá lækkar fjárframlagið hlutfallslega miðað við fjártölu.

Einnig leggur meiri hl. nefndarinnar áherzlu á það, að áður en til fjárskipta kemur, sé gengið úr skugga um, að hægt sé að koma við öruggri einangrun.

Meiri hl. fjárveitinganefndar leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, vegna framkominna óska um fjárskipti í Suður-Þingeyjarsýslu, athugun á því, á hvern hátt sé tiltækilegast að ráða bót á erfiðleikum þeim, sem steðja að bændum á þessu svæði af völdum sauðfjársjúkdóma. Heimilast ríkisstjórninni að verja allt að 600 þús. krónum úr ríkissjóði í þessu skyni, enda hafi ríkisstjórnin og sauðfjársjúkdómanefnd orðið sammála um úrræðin og bændur þeir, er hlut eiga að máli, samþykkt með eigi minna atkvæðamagni en tilskilið er í II. kafla laga nr. 88 9. júlí 1941.

Alþingi, 3. marz 1944.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Finnur Jónsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Sig. Kristjánsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Sþ. 144. Þingsályktun

um útvegun á efni til virkjunar Andakílsár í Borgarfjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 92.

Ed. 145. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur verið all-ýtarlega athugað og rætt í nefndinni. Hefur nefndinni m. a. borizt umsögn landlæknis, þar sem mælt er í mót sumum atriðum frv. Hinar almennu ástæður, sem landlæknir færir fyrir máli sínu, er þó ekki hægt að taka til greina, allra sízt þó þá ástæðu, að samþykkt frv. mundi spilla fyrir því, að læknar táist í erfið, afskekkt héruð. Ástæðan til þess, að torvelt hefur verið að fá lækna í þessi héruð, er ekki sú, að of fáir læknar séu til í landinu. Þvert á móti hafa fremstu menn læknastéttarinnar um áratugi haldið því fram, að hér á landi fengi of margir menn læknismenntun. Þrátt fyrir þennan læknafjölda hefur gengið illa að fá þá til að taka að sér hin afskekktari héruð, sem jafnframt oft eru og með þeim erfiðustu. Þetta kemur m. a. af því, að ef menn hafa verið skipaðir í þessi héruð, hefur oft orðið löng bið á, að þeir fengi önnur hentari. Er því auðséð, að ef hinum fólksfleiri, en hægari héruðum, sem betur liggja við samgöngum, er skipt, opnast fleiri möguleikar en fram að þessu til að flytja, áður en langt líður, um set þá lækna, sem hin afskekktu héruð hafa tekið að sér í þeirri trú, að þeir þyrftu eigi að vera þar ævilangt eða svo. Fjölgun læknishéraða með þeim hætti, sem í frv. er ráðgert, hlýtur því stórlega að greiða fyrir, að öll læknishéruð landsins fáist skipuð, a. m. k. ef heilbrigðisstjórnin heldur rétt á veitingarvaldinu, sem engin ástæða er til að efast um. Hitt er líklegt, að þessu til viðbótar þurfi einnig að bæta kjör sumra héraðslækna, og verður heilbrigðisstjórnin að segja til um það.

Heilbrigðisstjórnin hefur og sjálf viðurkennt, að læknaskortur standi ekki í vegi fyrir skiptingu læknishéraða, þar sem hún ætlast til, að aðstoðarlæknar verði fengnir svo eða svo mörgum héraðslæknum víðs vegar um land. Með þessu móti mundi einmitt komið í veg fyrir, að yngri læknarnir færi í útkjálkahéruðin og þeir strax dregnir í fjölmennið í stað þess að stofna fleiri sjálfstæð embætti, sem veita má þeim, er í fásinninu hafa verið um hríð. Hitt er og fráleitt, að sparast mundi fé við þessa aðstoðarlækna, því að ef þeir búa annars staðar en aðallæknar, eins og látið er í veðri vaka um sum héruðin a. m. k., mundi fyrr en varir þurfa að reisa þeim læknisbústaði og þess háttar. En sjúkraskýli geta að sjálfsögðu verið sameiginleg, þótt héruðum sé skipt, og fleiri en einn sjálfstæður læknir við það starfað.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er bert, að öll rök hníga að því, að skipta beri þeim læknishéruðum, sem einn læknir kemst af einhverjum ástæðum ekki yfir að þjóna.

Er þess vegna lagt til, að fast verði haldið við stofnun nýs læknisembættis á Snæfellsnesi, því að viðbúið er ,að æði margir sjúkir menn verði farnir veg allrar veraldar, áður en vegabætur yfir fjallgarðinn til Ólafsvíkur og Stykkishólms geti komið Suður-Snæfellingum í læknis stað. Svo er og lagt til, að sérstakur læknir verði í Grindavík, sem hefur verið læknissetur um langa hríð. Er og af öllum viðurkennt, að fleiri lækna þurfi á Suðurnes en nú eru þar, og sýnist þá sjálfsagt að stuðla að því, að þeir séu ekki allir á sama stað. Hins vegar er eðlilegast, að Hafnamenn sæki lækni til Keflavíkur og Vatnsleysustrandarmenn til Hafnarfjarðar, og er lagt til, að frv. verði breytt í samræmi við það.

Þá er og lagt til, að samþykkt verði brtt. háttv. 2. þm. Árn. (EE), um skiptingu Eyrarbakkahéraðs. Er þar um mjög fjölmennar og víðlendar sveitir að ræða og alveg fjarstætt að taka læknissetur úr mesta fjölbýlinu, eins og í frv. er ráðgert.

Er því lagt til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. a. Liðurinn orðist svo:
   Keflavíkurhérað: Njarðvíkurhreppur, Keflavíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur og Hafnahreppur. Læknissetur í Keflavík.
2. Við 4. gr. b. Liðurinn orðist svo:
   Grindavíkurhérað: Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Grindavík.
3. Við 5. gr. a. 2. Liðurinn orðist svo:
   Hafnarfjarðarhérað: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

Jafnframt þessu er einnig eðlilegt, að samþykkt verði þál. um, með hverjum hætti skiptingu héraða og á annan veg verði stuðlað að því, að læknar fáist út á land.

Alþingi, 3. marz 1944.

Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Bjarni Benediktsson, frsm.	Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 146. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l. nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta var borið fram sem stjórnarfrumvarp í neðri deild. Gerði deildin allvíðtækar breytingar á frv. stjórnarinnar, og ganga þær aðallega í þá átt að fjölga læknishéruðum. Tillaga sama efnis er þegar komin fram í efri deild og líklegt, að fleiri séu á döfinni.

Forsætisráðherra mætti á fundi með nefndinni, þegar rætt var um frv. Einnig leitaði nefndin álits landlæknis, er ritaði henni ýtarlega um málið í bréfi, dags. 29. febr. Ráða þeir báðir mjög eindregið frá því að samþykkja að svo stöddu 1. og 4. gr. frv., en leggja hins vegar ríka áherzlu á nauðsyn þeirrar breytingar, sem felst í 2. gr. Bréf landlæknis er prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn vill samþ. frv. með nokkrum viðbótum og smábreytingum, en við undirritaðir teljum ekki rétt að fjölga læknishéruðum meðan svo er ástatt sem nú er, að ókleift reynist langtímum saman að fá lækna í hin fámennari og afskekktari héruð, og án þess áður fari fram athugun á því, hverjar breytingar séu æskilegar á skipun læknishéraða í heild.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1, gr.
   Greinin falli niður.
2. Við 3. gr.
   Greinin falli niður.
3. Við 4. gr.
   Greinin falli niður.
4. Við 7. gr.
   Í stað orðsins „Selfosshérað“ komi: Eyrarbakkahérað.

5. Við 8. gr.
   a. Fyrri málsl. fyrri málsgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.
   b. Í stað „1.—4. og 6. gr.“ í síðari málsgr. komi: 1.—4. gr.

Alþingi, 3. marz 1944.

H. Guðmundsson, frsm. Hermann Jónasson.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 29. febrúar 1944.

Til svars bréfi háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 26. þ. m., og með tilvísun til greinargerðar minnar fyrir stjórnarfrumvarpi um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, svo og bréfs míns til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 17. þ. m., vil ég eindregið mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt með þeim breytingum, er neðri deild gerði á því eftir tillögum heilbrigðis- og félagsmálanefndar sinnar (þingskj. 57 og 65), en hins vegar vara ég mjög við því, að hrapað verði án frekara undirbúnings að stofnun hinna nýju læknishéraða á Snæfellsnesi, Reykjanesi og í Árnessýslu.

Um Snæfellsneshérað vísa ég til eftirfarandi fundargerðar oddvitafundar þar á síðast liðnu sumri:

„Ár 1943, sunnudaginn 4. júlí voru saman komnir að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi til viðtals við landlækni um stofnun nýs læknishéraðs á sunnanverðu Snæfellsnesi oddvitar í Kolbeinsstaðahreppi, Eyjahreppi, Miklaholtshreppi, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppi, þeir Gísli Þórðarson í Mýrdal, Kristján Jónsson í Dalsmynni, Eiður Sigurðsson í Hörgsholti, Gísli Þórðarson að Ölkeldu og Ólafur Benediktsson að Felli á Arnarstapa.

Eftir að málið hafði verið reifað og rætt, létu oddvitarnir í ljós skoðanir sínar sem hér segir:

Oddvitarnir í Kolbeinsstaðahreppi og Eyjahreppi töldu sína hreppa betur setta í Borgarneshéraði en þeir gætu orðið í nýju héraði, ef gert væri ráð fyrir læknisbústað miðhéraðs, og óskuðu ekki eftir stofnun héraðsins.

Oddvitinn í Miklaholtshreppi kvaðst fyrir hönd síns hrepps ekki geta óskað eftir stofnun héraðsins, úr því að ekki næðist samkomulag um þátttöku allra hreppanna.

Oddvitarnir í Staðarsveit og Breiðavíkurhreppi töldu stofnun héraðsins æskilega vegna mjög erfiðrar og kostnaðarsamrar læknissóknar úr þeirra hreppum. Hins vegar féllust þeir á, að ekki kæmi til mála stofnun læknishéraðs einungis með þátttöku þessara tveggja hreppa. Í stað þess lögðu þeir þá áherzlu á, að flýtt yrði sem allra mest vegalagningu um Snæfellsnes, þannig að vetrarvegir yrðu gerðir tryggir um Staðarsveit og Breiðavíkurhrepp til Stykkishólms og Ólafsvíkur, og enn fremur, að létt yrði sem allra mest undir með hreppsbúum til að standast kostnað við dýrar læknisvitjanir. Undir þessar óskir tóku allir oddvitarnir.

Ólafur Benediktsson. Kristján Jónsson. Gísli Þórðarson, Mýrdal.
Eiður Sigurðsson. Gísli Þórðarson að Ölkeldu.“

Á síðasta Alþingi lá við því slysi, að flaustrað yrði af stofnun nýs læknishéraðs úr þessum 5 hreppum, og leiddi ekki af, að heilbrigðisstjórnin fengi því framgengt, að málinu yrði frestað í nokkra mánuði, því til frekara undirbúnings, sem síðan leiddi til þessarar niðurstöðu. Svo vel sem ég á sínum tíma taldi koma til mála að stofna læknishérað úr 5 hreppum á sunnanverðu Snæfellsnesi, ef þeir stæðu einhuga að því, gætu komið sér saman um aðsetursstað læknisins og

treystust til að reisa honum viðunandi bústað og hlynna að honum að öðru leyti, fæ ég ekki nógsamlega varað við því óráði að rjúka nú í að stofna hér læknishérað að nafni til fyrir þrjá hreppa, en í reyndinni fyrir eina tvo, sem að vísu eiga erfiða læknissókn í vetrarófærðum, en þó ekki erfiðari en tugir annarra hreppa víðs vegar um land. Að minnsta kosti er ekki ástæða til að hrapa að slíku eftir það, sem á undan er gengið, og er furðuleg lítilsvirðing sýnd oddvitum á Snæfellsnesi að gera þá hispurslaust ómynduga talsmenn byggðarlaga sinna, á sama tíma sem oddvitar austan fjalls og hvar annars staðar eru í engu vefengdir um samsvarandi efni. Má ekki minna vera en tóm gefist til að ræða málið af nýju við hlutaðeigendur, kanna, hvort samkomulag getur orðið um aðsetursstað læknisins og hvort fyrir hendi sé vilji og geta til þeirra fjárframlaga, sem slík ráðstöfun hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér. Því heldur er útlátalaust að tryggja málinu slíkan undirbúning, að löggjöf þessari er hvort sem er ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en eftir næstu áramót, en fyrir þann tíma á þingið eftir að koma tvisvar sinnum saman, auk þess sem nú horfir svo um erfiðleika á að skipa fámenn og afskekkt læknishéruð, að fullvíst má telja, að í hérað þetta, ef stofnað verður, fáist alls ekki læknir um ófyrirsjáanlega framtíð. Og meðan svo er ástatt, er hlutaðeigendum síður en svo gerður greiði með héraðsstofnuninni.

Ég legg ekki gegn stofnun nýrra læknishéraða á Reykjanesi og í Árnessýslu með þeim rökum, að erfiðlega gangi að fá þau héruð skipuð. Ég tel ekki heldur vanþörf á að tryggja fólki á báðum þessum stöðum aukna læknishjálp og létta um leið á læknum þeim, sem fyrir eru. En ég er sannfærður um, að það er hættulegt þróun læknamála á báðum stöðunum að leysa vandann á þenna hátt, og læt ég í því sambandi liggja á milli hluta hina fráleitu skiptingu héraða á Reykjanesi, sem stungið er upp á af þeim, sem ekki mun hafa átt þess nægan kost að kynnast staðháttum á nesinu. Bæði austan fjalls og í Keflavík eru í undirbúningi miklar framkvæmdir í þágu læknamálanna. Er í ráði að reisa á Selfossi myndarlegan héraðslæknisbústað ásamt sjúkraskýli, en í Keflavík vandað sjúkrahús, og hefur Keflvíkingum verið heitið til þess fulltingi og fullum stuðningi heilbrigðisstjórnarinnar. Með því að hér er þörf mikilla átaka, þar sem framkvæmdir þessar munu kosta mikið fé og reksturinn mæða þungt á hlutaðeigendum, einkum í byrjun, verður það ekki kallað annað en glapræði að rjúka þá til og sundra þeim byggðum, sem svo miklu varðar, að standi saman um framkvæmdirnar, enda njóti þeirra sameiginlega. Og því heldur er slík sundrung óafsakanleg sem bæta má úr læknaskortinum á báðum stöðunum á miklu farsælli hátt með því að halda báðum héruðunum óskiptum. Austan fjalls með aðstoðarlækni, búsettum á Eyrarbakka, og sinni hann Eyrbekkingum sérstaklega, jafnframt því sem hann tryggi þeim að njóta fullra hlunninda vel búinnar lækningastöðvar að Selfossi fyrir nána samvinnu við héraðslækni þar. Í Keflavík er eðlilegast að láta sjúkrahúsið bæta svo að um muni úr læknaskortinum þar með því að kappkosta að gera það sem allra bezt úr garði og ráða síðan til þess sérstakan sérmenntaðan sjúkrahúslækni, og ætti þetta að vera metnaðarmál Keflvíkingum. Annars er það um Keflavík að segja, að læknaskortur þar er auðsjáanlega aðeins tímafyrirbrigði, og er fleira en eitt, sem veldur. Er reyndar miklu líklegra, að Keflvíkinga bíði á næstunni, er læknar þeir, sem nú eru tepptir erlendis, þyrpast heim, öllu meiri hætta af offjölgun lækna þar en læknaskorti.

Hér að framan hef ég eingöngu rætt þessi mál frá sjónarmiði þeirra byggðarlaga, sem beinlínis eiga hlut að máli. En málið er enn víðtækara. Svo mikið álitamál sem það er að stofna ný fámenn læknishéruð, þar sem þó er möguleiki á að ná til læknis, og vinna það eitt, að hin nýju héruð sitji uppi læknislaus, er hitt jafn óumdeilanlegt, að í lengstu lög verður að halda slíkum héruðum við, þar sem lítt fær eða alls engin leið er að ná til læknis úr öðrum byggðum. Slík héruð eru t. d. Flateyjarhérað, Hesteyrarhérað og Reykjarfjarðarhérað, sem öll eru nú læknislaus, og í þeirra hóp bætist hið fyrirhugaða Bakkagerðishérað, ef úr því

verður, að Hróarstunguhérað verði sameinað Fljótsdalshéraði með læknissetri að Egilsstöðum. Ég leyfi mér að dirfast að vona, að háttvirt nefnd geti fallizt á, að á meðan svo illa gengur sem raun er á að skipa þessi héruð, sem kalla má, að eigi líf sitt undir því að fá lækni, sé ekki á þá erfiðleika bætandi með því að gera meiri eða minni leik að því að fjölga fámennum héruðum til að keppa um þá örfáu lækna, er gera þess nokkurn kost, að rætt sé við þá um að taka slík héruð að sér. Er augljóst mál, að því fleiri fámenn héruð sem stofnuð verða í byggðum, sem ekki eru mjög afskekktar, því meira hallar á þau héruð, sem *bæði* eru *fámenn og afskekkt*. Og mundi þá málið horfa svo öfugt við, að hin fámennu héruð, sem minnsta hafa þörfina fyrir sérstakan lækni, tækju alla von um lækni frá þeim héruðum, sem fyrir læknisleysi eru allar bjargir bannaðar. Að ég ekki tali um það banatilræði við hin fámennu og afskekktu héruð, ef sá háttur yrði upp tekinn að raða upp smáhéruðum í þéttbýlinu á næstu grösum við Reykjavík. Er ég þannig ekki í neinum vafa um, að hin fyrsta óhjákvæmilega afleiðing af stofnun læknishéraða á Reykjanesi og í Árnessýslu yrði sú að gera læknislaus um ófyrirsjáanlegan tíma tvö víðáttumikil læknishéruð, ef til vill samliggjandi, þar á landinu, sem engin leið er fyrir íbúana að ná til læknis úr fjarlægð. Ég legg að jafnaði ekki guðs nafn við hégóma, en ég bið nefndina lengstra orða að gæta guðs, samvizku sinnar og — með leyfi — heiðurs Alþingis, og afstýra slíkum voða.

Ef háttvirt nefnd telur einhverra hluta vegna ástæðu til að vefengja leiðsögn heilbrigðisstjórnarinnar í þessum málum, leyfi ég mér að stinga upp á þeirri millileið, að nefndin leggi til við deildina og vinni að því, að frestað verði að svo stöddu að taka afstöðu til stofnunar þeirra nýju læknishéraða, sem ég hef hér talið mér skylt að andæfa, svo og þeirra tillagna um stofnun annarra læknishéraða, sem gera má ráð fyrir, að enn sigli í kjölfar hinna, og út af fyrir sig eiga eins mikinn eða meiri rétt á sér (Suðureyri, Hrútafjörður, Raufarhöfn og jafnvel fleiri), en jafnframt gangist nefndin fyrir samþykkt þingsályktunartillögu um, að sérstaklega verði rannsakað, hvort eftir atvikum sé ráðlegt eða óráðlegt að stofna fleiri eða færri þessara héraða, og yfirleitt, hverjar breytingar væri ástæða til að gera á læknishéraðaskipuninni með tilliti til örðugleika þeirra, sem á því eru að sjá dreifbýlinu fyrir viðunandi læknishjálp. Rannsókn þessa mætti fela sérstakri nefnd, t. d. þriggja manna, er vel færi á, að skipuð yrði einum manni eftir tillögu heilbrigðis- og félagsmálanefnda beggja deilda Alþingis, öðrum eftir tillögu Læknafélags Íslands, en hinum þriðja réði heilbrigðisstjórnin.

Að lokum vil ég geta þess, að mér væri ánægja að inna af hendi þá skyldu mína að ræða þessi mál ýtarlega við háttvirta nefnd, ef hún kynni að óska frekari greinargerðar af minni hendi.

Vilm. Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmáladeildar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar

um þátttöku Íslands í norrænni samvinnu.

Frá skilnaðarnefnd.

Um leið og Alþingi gerir ráðstafanir til þess, að aldagömul frelsishugsjón þjóðarinnar um stofnun íslenzks lýðveldis rætist, ályktar þingið:

að senda hinum Norðurlandaþjóðunum bróðurkveðjur og óska þeim frelsis og farsældar, og

að lýsa yfir því, að það telur sjálfsagt, að íslenzka þjóðin kappkosti að halda hinum fornu frændsemi- og menningarböndum, er tengt hafa saman þjóðir Norðurlanda, enda er það vilji Íslendinga að eiga þátt í norrænni samvinnu að ófriði loknum.

Sþ. 148. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 117 [Krýsuvíkurvegur].

Frá Gísla Jónssyni.

Niðurlag tillögunnar: „enda teljist viðbótarfjárveiting þessi til gjalda ríkissjóðs á árinu 1945“, falli niður.

Sþ. 149. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 117 [Krýsuvíkurvegur].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í stað „500 þús. krónur“ komi: 1000000 krónur.

Sþ. 150. Breytingartillaga

við till. til þál. um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er hafnarnefnd Ólafsfjarðar kynni að taka á þessu ári vegna kaupa á útlendu efni til hafnargerðar í Ólafsfirði, þó eigi yfir 120 þús. krónur, enda hafi ríkissjóður veð í efninu, þar til hann hefur verið leystur frá ábyrgðinni.

Nd. 151. Lög

um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 25.

Nd. **152. Frumvarp til laga**

um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atkvæðagreiðslur þær, er greinir í þingsályktun, samþykktri á Alþingi 25. febrúar 1944, um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918, og í stjórnarskipunarlögum frá 15. des. 1942, skulu fara fram 20. til 23. maí 1944 eftir því, sem nánar skal kveða á í auglýsingu ráðherra. Atkvæðisrétt eiga allir kjósendur til Alþingis samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Atkvæðagreiðslur samkvæmt 1. gr. skulu vera leynilegar og skulu fara eftir kjörskrám yfir alþingiskjósendur, er gera skal í febrúar 1944. Skulu kjörskrár liggja frammi frá 1. til 10. apríl og kærur allar úrskurðaðar fyrir 20. apríl.

Kjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað skýrslu um tölu kjósenda í kjördeild hverri, en hann sendir síðan þegar viðkomandi ráðuneyti skýrslu um tölu allra kjósenda í kjördæminu.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðaseðla, sem nota skal við atkvæðagreiðsluna. Skal senda yfirkjörstjórn hverri atkvæðaseðla að tölu 10% fram yfir samtölu allra kjósenda í kjördæminu, og sendir oddviti hennar síðan formanni hverrar kjörstjórnar í innsigluðum, þar til gerðum umslögum seðla 10% fleiri en kjósendur eru í umdæmi hans.

Seðlarnir skulu vera þannig:

I	Þingsályktun frá 25. febr. 1944 um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918: (meginmál ályktunarinnar orðrétt)
	já
	nei

II	Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, samþykkt á Alþingi 1944.
	já
	nei

Þeir, er samþykkja þingsályktunina eða stjórnarskrána, setja kross fyrir framan „já“, en hinir fyrir framan „nei“.

4. gr.

Kjördagar skulu vera hinir sömu um land allt. Skal ráðherra auglýsa þá einu sinni í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi þrisvar sinnum á sem heppilegustum tíma.

5. gr.

Loka má kjördeild, ef kjörstjórn er um það sammála, þegar er 80% kjósenda hafa gefið sig fram, en þeim, er síðar kunna að koma, skal þá veita kost á að greiða atkvæði í öðrum kjördeildum, ef þeir sanna, að þeir standa á kjörskrá annars staðar í kjördæminu. Ef lokað er í öllum kjördeildum hreppsins, geta þeir gefið sig fram hjá oddvita kjörstjórnar, er tekur þá við atkvæði þeirra og bókar þar um í kjörbók.

6. gr.

Gerðabækur til alþingiskosninga skulu notaðar. Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað notaða og ónotaða atkvæðaseðla í innsigluðum, þar til gerðum umslögum. Oddviti yfirkjörstjórnar auglýsir síðan stað og stund til talningar atkvæða, er fara skal fram opinberlega. Opnar yfirkjörstjórn að settum kjörfundi atkvæðasendingar og sannfærir sig um, að innsigli séu heil og ósködduð. Síðan skal láta seðlana í hæfilegt ílát, blanda þeim þar saman og síðan telja atkvæði, enda ræður meiri hluti kjörstjórnar, ef ágreiningur verður um gildi atkvæðis. Skal eigi meta atkvæði ógilt, nema um það megi villast, hvernig kjósandi greiði atkvæði.

Að talningu lokinni sendir yfirkjörstjórn ráðherra þegar í stað skýrslu um greidd gild atkvæði („já“ og „nei“), ógilda seðla, auða seðla og afgangsseðla. Ráðherra birtir að lokum úrslit atkvæðagreiðslna í lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

7. gr.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða skal fara eftir 64.—66. og 70.—75. gr. laga um kosningar til Alþingis, eftir því sem við getur átt.

Íslenzkum ríkisborgurum, sem kosningarrétt hafa til Alþingis, en dvelja erlendis, er atkvæðagreiðslan fer fram, er heimilt að neyta atkvæðisréttar síns hjá sendiherra eða ræðismanni Íslands á þeim stað, og skal um það fara eftir ákvæðum þessara laga, eftir því sem við á.

Nú koma atkvæðabréf eigi til skila fyrr en eftir kjördaga eða atkvæðatalning, en fyrir gildistöku þingsályktunarinnar og stjórnarskrárinnar, og skal þá yfirkjörstjórn opna þau, og skulu atkvæðin þá talin með, enda hafi yfirkjörstjórn sannfært sig um kosningarrétt aðila.

8. gr.

Þeir, er sakir sjúkdóms, ellihrörnunar eða óhjákvæmilegra heimilisanna geta eigi samkvæmt drengskaparyfirlýsingu sinni og vottorði hreppstjóra í sveitum og oddvita yfirkjörstjórnar í kaupstöðum eða fulltrúa hans farið af heimili sínu eða dvalarstað til atkvæðagreiðslu, mega greiða þar atkvæði, enda fari sú atkvæðagreiðsla fram síðustu viku fyrir fyrsta kjördag eða í síðasta lagi á kjördegi. Um atkvæðagreiðslu fer samkvæmt 7. gr., svo sem við á. Oddvitar yfirkjörstjórna sjá um, að hver kjörstjórn fái nægilega mörg eintök af eyðublöðum undir yfirlýsingar þær, er hér getur. Hreppstjóri stjórnar atkvæðagreiðslu og kemur atkvæðabréfum til hlutaðeigandi kjörstjórnar.

9. gr.

Ákvæði 45., 47., 48., 60. og 61. gr. XII. kafla, 134. gr. XVII. kafla og XXI. og XXII. kafli laga nr. 80/1942 gilda um atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum að því leyti, sem þau láta ekki öðruvísi um mælt og við getur átt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal sérprenta þau og senda oddvitum yfirkjörstjórna hæfilega mörg eintök til útbýtingar meðal kjörstjórna í hverju umdæmi.

Ed. 153. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I.

1. gr.

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

12. gr.

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.

19. gr.

Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

21. gr.

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

22. gr.

Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir, að það var rofið.

25. gr.

Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.

26. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

29. gr.

Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

30. gr.

Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

   Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.
d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

   Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

32. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs að aldri eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

IV.

35. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.

39. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

43. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis og sömuleiðis stjórnarráðsins fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

44. gr.

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarri hvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina, svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hér verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

49. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

50. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

51. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

53. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

54. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

55. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

56. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

57. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

58. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

VI.

62. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VII.

65. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látin laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

66. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild.

67. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

68. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.

69. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

70. gr.

Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.

71. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.

72. gr.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

73. gr.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

74. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

75. gr.

Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

76. gr.

Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

77. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

78. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

79. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

80. gr.

Með stjórnarskipunarlögum þessum eru úr gildi numin stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 18. maí 1920, stjórnarskipunarlög frá 24. marz 1934, 1. september 1942 og 15. desember 1942.

81. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.

Ákvæði um stundarsakir.

Er stjórnarskrá þessi hefur öðlazt gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.

Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlazt hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnarskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlazt samkv. 75. gr. stjórnarskrár 9. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafizt, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim.

Nd. 154. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðsins „mjólkursölusvæða“ í frvgr. komi: mjólkurverðjöfnunarsvæða.

Alþingi, 4. marz 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson. frsm.

Jakob Möller.

Nd. 155. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem kaupgjald í landinu og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytzt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans. Atkvæði formanns ræður, ef jöfn verða atkvæði.

Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal taka tillit til þess næst, þegar verðið er ákveðið.

Sþ. 156. Nefndarálit

um till. til þál. um greiðslu sérstakrar launauppbótar til embættis- og starfsmanna ríkisins vegna barna á framfærslualdri.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu tillögunnar. Þrír nefndarmanna (PO, ÞÞ og JJ) vildu fresta afgreiðslu hennar og greiddu atkvæði gegn henni. Munu þeir skila sérstöku áliti. Einn nefndarmanna (HelgJ) greiddi ekki atkvæði. En undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1944.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Finnur Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 157. Lög

um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz).

Samhljóða þskj. 44.

Nd. 158. Lög

um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz).

Samhljóða þskj. 52.

Nd. 159. Lög

um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz).

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. 160. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Einar Olgeirsson, Gunnar Thoroddsen, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela nefnd þeirri, er skipuð verður til að undirbúa hátíðahöld vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi, að rannsaka og gera tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þykir það tilhlýðilegt, að fæðingarstað Jóns Sigurðssonar sé nokkur sómi sýndur í sambandi við lýðveldisstofnun á Íslandi. Rafnseyri við Arnarfjörð er einn mestur sögustaður á Vestfjörðum að fornu og nýju og þannig í sveit sett, að þangað munu margir sækja, þegar samgöngur batna. Þyrfti þar að vera gistihús, sem gæti verið skóli á vetrum. Athuga mætti, hvort byggðasafn fyrir Vestfirði væri þar ekki vel sett, og fleira mætti til nefna. En það telja flutningsmenn skylt að sýna staðnum sóma vegna þeirrar helgi, sem á honum hvílir.

Nd. 161. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá forsætisráðherra.

Við 26. gr. Greinina skal orða svo:

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar svo fljótt sem unnt er, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá lagt svo fljótt sem kostur er á undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði frumvarpið samþykkt, öðlast það gildi án staðfestingar. Ef frumvarpið fær ekki samþykki, þá telst það fallið.

Sþ. 162. Breytingartillaga

við till. til þál. um þátttöku Íslands í norrænni samvinnu.

Frá Áka Jakobssyni og Þóroddi Guðmundssyni.

Aftan við fyrri lið tillgr. komi: Norðmönnum og Dönum sigurs í frelsisbaráttu þeirra og.

Sþ. 163. Breytingartillaga

við till. til þál. um rannsókn gufuhvera í Henglinum.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Aftan við till. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Samtímis því, er rannsókn verður hafin á Henglahverunum, er ríkisstjórninni falið að athuga um eignarheimildir á hverasvæðinu og leita kauptilboða á því og leggja niðurstöðu þeirra umleitana fyrir Alþingi.

Nd. 164. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943 um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn telur eðlilegast, að ef nauðsynlegt er að skipta verðinu þannig, að það verði mismunandi á sama mjólkursölusvæði, þá sé eðlilegast að sú skipting verðsins verði framkvæmd af landbúnaðarvísitölunefnd, sem óhjákvæmilegt er, að starfi áfram. Þá telur minni hlutinn óhjákvæmilegt, fyrst farið er að hreyfa við 4. gr. laganna um dýrtíðarráðstafanir, að gera á henni þær lagfæringar, sem meiri hluti þingmanna var búinn að tjá sig fylgjandi,

þ. e. að setja skýlaus ákvæði um það í greinina, að ríkisstjórn sé því aðeins heimilt að greiða niður dýrtíðina, að Alþingi samþykki fjárveitinguna til þess. Till. um að framlengja störf landbúnaðarvísitölunefndar er þegar framkomin á þingskj. 155.

Af framangreindum ástæðum leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Framan við frv.greinina komi ný grein, sem verður 1. gr. (frv.greinin 2. gr.), svo hljóðandi:
   Síðasti málsliður 3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
   Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni.
2. Aftan við frv.greinina (2. gr.) komi: enda skal nefnd sú, er um ræðir í þessari grein, ákveða hið mismunandi verð.

Alþingi, 6. marz 1944.

Áki Jakobsson.

Nd. 165. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá Jóni Pálmasyni og Jóhanni Jósefssyni.

Við 26. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist þannig: Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá svo fljótt sem unnt er borið á ný undir sameinað Alþingi. Ef það er þá samþykkt með ⅔ atkvæða allra þingmanna, og séu viðstaddir meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild, þá öðlast frumvarpið gildi sem lög. Náist ekki tilskilin atkvæðatala með frumvarpinu, er það fallið.

Ed. 166. Nefndarálit

um frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hl. (GJ og StgrA) vill gera allveigamiklar breytingar á frv. og mun því skila sérstöku nefndaráliti. En við undirritaðir teljum nauðsyn á, að mál þetta fái fullnaðarafgreiðslu, áður en Alþingi frestar fundum sínum, sem vænta má, að verði næstu daga. Leggjum við því til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundið atkv. um sérstakar breytingartillögur, er fram kunna að koma við umræður.

Alþingi, 7. marz 1944.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.	Pétur Magnússon.

Sþ. 167. Þingsályktun

um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz).

Samhljóða þskj. 87.

Sþ. 168. Þingsályktun

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita fé til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz).

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að greiða á þessu ári allt að 500 þús. krónur úr ríkissjóði til viðbótar þeirra fjárhæð, sem veitt er í fjárlögum 1944 til lagningar Suðurlandsvegar (Krýsuvíkurleið), enda teljist viðbótarfjárveiting þessi til gjalda ríkissjóðs á árinu 1945.

Sþ. 169. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 113 [Samgöngubætur frá Reykjavík austur í Ölfus].

Frá Sigurði Bjarnasyni og Sigurði Thoroddsen.

Við tölul. 2. Síðari meginmálsliður falli niður.

Sþ. 170. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 142 [Samgöngubætur frá Reykjavík austur í Ölfus].

Frá Ingólfi Jónssyni.

Á eftir orðunum „Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins“ komi: enda ljúki nefndin störfum svo fljótt sem auðið er.

Ed. 171. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Bolungavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta eins og það kom frá Nd. Hún hefur borið það saman við gildandi hafnarlög og leggur einróma til, að það verði samþykkt breytingalaust.

Alþingi, 7. marz 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Sþ. 172. Nefndarálit

um till. til þál. um greiðslu sérstakrar launauppbótar til embættis- og starfsmanna ríkisins vegna barna á framfærslualdri.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Þegar verið var á síðasta þingi að ræða um afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, gerði fjármálaráðherra grein fyrir því í fjárveitinganefnd, að ríkisstjórnin ætlaði að láta niður falla að nota heimild þá, er hún hefði til greiðslu sérstakrar launauppbótar til embættis- og starfsmanna ríkisins vegna barna á framfærslualdri, og hefði stjórnin því ekki tekið upp í fjárlagafrv. neina fjárveitingu í þessu skyni. Sætti þetta engum mótmælum í nefndinni, enda komu þar engar tillögur fram um að breyta þessu. Í meðferð Alþingis við fjárlagaafgreiðsluna komu ekki heldur fram neinar raddir eða tillögur, sem bentu til þess, að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar væri í andstöðu við þingviljann.

Heimildin til handa ríkisstjórninni til greiðslu á barnameðlögum var samþykkt á vorþinginu 1942. Höfðu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja farið fram á það við Alþingi, að grunnlaun starfsmanna ríkisins yrðu hækkuð. Alþingi gat ekki orðið við þessum tilmælum, en í þess stað var ríkisstjórninni heimilað að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins 300 kr. á ári með hverju barni þeirra á framfærslualdri. En er þing kom aftur saman síðar á árinu 1942, var samþykkt að hækka grunnlaun embættis- og starfsmanna ríkisins þannig, að þeim var greidd aukauppbót á launin, 25—30%, og skyldi þessi uppbót lögð við grunnlaunin, áður en dýrtíðaruppbótin væri reiknuð á launin.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögu þeirri, sem hér um ræðir, er talið, að kostnaður ríkissjóðs af þessum greiðslum hafi numið s. l. ár 225 þús. kr. Þetta er mjög villandi. Í fyrsta lagi af því, að samkvæmt upplýsingum, sem minni hlutinn hefur fengið hjá fjármálaráðherra, er ekki enn búið að greiða barnameðlög þessi að fullu fyrir s. l. ár. Árið 1942 nam upphæð sú, sem greidd var í þessu skyni beint úr ríkissjóði um hendur ríkisféhirðis, 288 þús. kr. Í öðru lagi eru þessar upplýsingar villandi, hvort árið sem tekið er, af því að í þessum upphæðum felast ekki barnameðlög þau, sem greidd eru starfsmönnum við fjölmennar ríkisstofnanir, eins og t. d. póst og síma, útvarp og einkasölur ríkisins. Þessar stofnanir greiða þessa barnauppeldisstyrki eins og launin beint til starfsmanna sinna. Hve þessar greiðslur stofnananna hafa numið miklu hvort árið, er minni hlutanum ekki kunnugt um, en ekki er ólíklegt, að það sé upp undir 200 þús. kr. á ári, og hækkar þá heildarupphæðin sem því nemur.

Framkvæmdum í þessum greiðslum samkv. fyrr um getinni heimild hefur ríkisstjórnin hagað þannig, að þeir einir hafa orðið hennar aðnjótandi, sem hafa haft aðalstarf sitt hjá ríkinu. En samkvæmt orðalagi þessarar þingsályktunartillögu hljóta allir þennan rétt, sem hafa á hendi einhver störf fyrir ríkið, þótt smávægileg séu. Hve mikið þetta mundi hækka útgjöldin er vitanlega ekki hægt að segja fyrir fram.

Minni hlutinn lítur svo á, að með grunnlaunahækkun þeirri, sem samþykkt var á Alþingi síðari hluta ársins 1942, hafi niður fallið ástæðan fyrir þessum greiðslum, og í öðru lagi hafi Alþingi við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár ætlazt til þess, að þessar greiðslur féllu með öllu niður, þar sem engin fjárveiting var tekin upp í fjárlög í þessu skyni.

Af þessum ástæðum getur minni hlutinn ekki fallizt á, að samþykkja beri þá tillögu þessa.

Alþingi, 6. marz 1944.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr., með fyrirv.	Jónas Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. **173. Lög**

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

(Afgreidd frá Ed. 7. marz).

Samhljóða þskj. 13.

Ed. **174. Lög**

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Ed. 7. marz).

Samhljóða þskj. 108.

Ed. **175. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Verð það á landbúnaðarafurðum, sem ákveðið er af nefndinni, skal teljast meðalverð, sem ekki raskar ákvörðunum um mismunandi verð til framleiðenda innan mjólkurverðjöfnunarsvæða samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breytingum á þeim lögum, nr. 66 frá 1937, né ákvæðum um misjafnt verð innan einstakra vöruflokka samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum um gæðamat, sem gilda á hverjum tíma.

Nd. **176. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Flm.: Jakob Möller.

Við 26. gr.

2. og 3. málsliður greinarinnar falli niður.

Sþ. **177. Nefndarálit**

um till. til þál. um notkun íslenzka fánans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt till. með eftirfarandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeirri ósk til allra landsmanna, að efld sé og aukin notkun íslenzka fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenzka þjóðernis og fullveldis.

Alþingi vill beina þeirri áskorun til bæjarstjórna, sýslunefnda og hreppsnefnda um land allt, svo og til félaga og félagssamtaka, er vinna að menningar- og þjóðernismálum, að beita áhrifum sínum í þá átt, að sem flest heimili á Íslandi eignist íslenzka fánann, komi sér upp fánastöngum og dragi fánann að hún á hátíðlegum stundum.

Enn fremur beinir Alþingi þeirri áskorun til verzlunarstéttarinnar í landinu, að hún sjái um, að efni í fána og fánastengur fáist, enda treystir Alþingi því, að hæstvirt ríkisstjórn hlutist til um, að innflutningsleyfi fáist fyrir áðurnefndu efni.

Loks skorar Alþingi á ríkisstjórnina:

1. Að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann og leggja frumvarp um það fyrir Alþingi, er það kemur næst saman;
2. að gefa út tilkynningu um fánadaga, þ. e. þá hátíðisdaga ársins, sem sérstaklega er óskað, að allur landslýður dragi fána að hún.

Alþingi, 7. marz 1944.

Gísli Jónsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.	Jón Sigurðsson.
Páll Zóphóníasson.	Steingr. Aðalsteinsson.	Ásgeir Ásgeirsson.	

Ed. 178. Nefndarálit

um frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (PM, IngP og GÍG) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (GJ og StgrA) leggur til, að á því verði gerðar verulegar breytingar.

Samkvæmt XX. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1944 er ríkisstjórninni heimilt að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að fimm milljónum króna til byggingar fiskiskipa, samkvæmt reglum, er Alþingi samþykkir. Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði mál þetta fyrst til athugunar. Gat hún ekki komið sér saman um tillögur til ríkisstjórnarinnar, hvernig fénu skyldi varið. Samkvæmt athugasemdum við frv. virðist meiri hluti nefndarinnar hafa lagt til, að stofnaður yrði með þessu fé sérstakur styrktar- og lánasjóður fiskiskipa, er veitti síðar styrki eða lán til byggingar fiskiskipa, eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra. Minni hl. milliþinganefndarinnar lagði hins vegar til, að fénu yrði varið fyrst og fremst til þess að kaupa fiskiskip inn í landið, ef hagstæð kaup væru fyrir hendi, og þau síðan seld fullu verði, en jafnframt yrði féð lánað þeim, sem frekari lána þyrftu með en þeirra, sem almennar lánsstofnanir veita, svo að einnig þeir, sem þannig er ástatt fyrir, geti keypt skipin. Hefur þetta tvímælalaust vakað fyrir Alþingi, þegar heimildin er veitt, enda ber orðalag heimildarinnar það með sér, að svo hafi verið. Það er athyglisvert, að sá maðurinn í milliþinganefndinni, Halldór Jónsson, sem einn nefndarmanna getur talizt beinn og óháður fulltrúi sjómanna, leggur ákveðið til, að þessi háttur sé á hafður um notkun fjárins. Má fullyrða, að hann hafi mest og bezt allra nefndarmanna kynnt sér huga og vilja þeirra aðila, sem mest eiga undir því, hversu fénu er varið, áður en hann hefur tekið afstöðu til málsins.

Sjávarútvegsnefnd Nd. gat ekki heldur orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Fjórir af fimm nefndarmönnum leggja til, að frv. verði samþykkt með lítilfjörlegum breytingum. Þó leggja tveir þeirra (FJ og SK) áherzlu á, að fé verði veitt sem styrkur, og má því raunverulega segja, að meiri hluti nefndarinnar hafi klofnað í tvo jafna hluta, og vilji sinn veg hvor, þótt báðir séu sammála um að láta atvinnumálaráðherra fá úrskurðarvald í svo stóru fjárhagsmáli. Minni hl. vildi hins vegar gera á frv. miklar breytingar í þá átt, sem minni hl. milliþinganefndar lagði til.

Það má því segja, að ekkert samkomulag sé innan þingsins um það, hvernig fé þessu skuli varið.

Þá þykir einnig rétt að benda á, að á síðasta Alþingi var gerð víðtæk breyting á lögum um fiskveiðasjóð Íslands. Með þeirri lagabreytingu var stofnuð sérstök

deild við sjóðinn, er skyldi hafa það hlutverk að veita 2. og 3. veðréttarlán til fiskibáta. Eru reglur þær, sem settar eru fyrir lánum úr sjóði þeim, sem stofna á með frv. því, sem hér liggur fyrir, sniðnar í öllum aðalatriðum eftir þeim ákvæðum, sem settar voru um þessa deild fiskveiðasjóðsins. Það sýnist því eðlilegast, að sá hluti af því fé, sem hér á að ráðstafa til lána á nákvæmlega sama hátt, verði lagður til fyrrnefndrar deildar fiskveiðasjóðsins, en ekki í sérstakan sjóð, sem svo á að inna af hendi nákvæmlega sama hlutverk, en vera þó stjórnað af allt öðrum aðilum, til erfiðleika og aukins kostnaðar fyrir alla hlutaðeigendur. Deild þeirri, sem að framan getur, var á síðasta Alþingi lagt til sem tekjur 33⅓% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu. En auk þess voru lagðar til deildarinnar 2 millj. króna, er verja skyldi sem óafturkræfum styrkjum til þeirra, sem byggðu hérlendis báta með dýrtíðarverði. Reglur um úthlutun á því fé er mjög á sama veg í öllum meginatriðum og gert er ráð fyrir í frv. þessu, þegar veita skal styrki í stað lána. Það er því ljóst, að þótt einhverju af þessu fé yrði varið til beinna styrkja, er alveg óþarft að mynda nýjan sjóð, og miklu eðlilegra að láta þá einnig þann hluta renna til fyrrnefndrar deildar fiskveiðasjóðsins og úthluta honum þaðan á sama hátt og því fé, sem lagt var til deildarinnar á síðasta ári. Það skal tekið hér fram, að mjög mikil átök urðu um það á síðasta Alþingi, hvort tekjum deildarinnar skyldi varið til styrkja eða til lána. En meiri hluti þingsins var þá þeirrar skoðunar, að útvegnum og öllum þeim, sem eiga undir honum afkomu sína, væri margfalt betur borgið með því að halda fénu í lánum, jafnvel þótt um veruleg áhættulán væri að ræða, en að ausa því út sem óafturkræfum styrkjum. Hafa engin rök enn verið færð fram því til sönnunar, að þessi skoðun meiri hluta þingsins sé röng. Ef samt sem áður þætti nauðsynlegt að verja einhverri upphæð beint til styrkja, líkt og gert var á síðasta þingi, þá er það Alþingi, sem á að ákveða það, hve sú upphæð skal vera mikil, en ekki atvinnumálaráðh. eftir því, sem honum kann að þóknast bezt á hverjum tíma.

Minni hlutinn vill því ekki fallast á að leggja til, að frumv. þetta verði samþykkt óbreytt. Hann telur, að með því að leggja alla upphæðina, fimm milljónir króna, í lánadeild fiskveiðasjóðsins og það síðan lánað samkvæmt þeim meginreglum, sem gilda um þá deild, verði það til mestra hagsbóta fyrir sjávarútveginn bæði í nútíð og framtíð. Það þykir hins vegar nauðsynlegt, að þetta fé sé aðeins lánað til skipa, sem ekki hafa enn verið byggð eða keypt til landsins, en ekki til þeirra, sem þegar eru smíðuð, svo að öruggt sé, að það sé eingöngu notað til aukningar á fiskiflotanum, svo og að engin takmörk séu sett um stærð skipa, sem lán er veitt til kaupa á. Leggur minni hl. því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíða fiskiskipa samkv. XX. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1944, skal leggja í lánadeild við fiskveiðasjóð Íslands, sem stofnuð er með lögum nr. 34 2. apríl 1943. Skal deildin lána fé þetta samkvæmt fyrirmælum a-liðar 6. gr. sömu laga, þó með þeim undantekningum, að engin takmörk skal setja um stærð skipa, sem lánið er veitt til kaupa á, né heldur lána út á skip, sem smíðuð hafa verið eða keypt til landsins fyrir gildistöku þessara laga. Útborgun lána fer fram samkvæmt c-lið 6. gr. fyrrnefndra laga.

Við 2.—9. gr. Greinarnar falli niður.

Við 10. gr. Greinin verður 2. gr.

Við 11. og 12. gr. Greinarnar falli niður.

Við 13. gr. Greinin verður 3. gr.

Alþingi, 8. marz 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 179. Þingsályktun

um nýjar heyþurrkunaraðferðir.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz).

Samhljóða þskj. 128.

Sþ. 180. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmarkslauna fiskimanna.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill vísa þingsályktunartillögunni frá með rökstuddri dagskrá, þar sem vitnað er til laga frá 13. des. s. l. um hlutatryggingafélög sem fullnægjandi lausn þessa máls. Minni hlutinn telur hins vegar, að í þeim lögum felist engin trygging fyrir því, að hlutarsjómenn við smáútgerðina og smáútvegsmenn fái á hverjum tíma laun erfiðis síns, er sambærileg séu við laun annarra vinnustétta í landinu, — en sá er tilgangur þáltill. þeirrar, sem hér um ræðir.

Í fyrsta lagi leikur okkur grunur á, að ekki muni almennt verða stofnuð hlutatryggingafélög samkvæmt lögunum frá 13. des., svo þau, strax af þeirri ástæðu, muni ekki verka almennt á þetta mál. Í öðru lagi — og það er aðalatriðið — ná þau alls ekki til þess, sem er kjarni þingsályktunartillögunnar.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. nefndra laga skal aðeins bæta upp aflahluti **„þegar þeir reynast óvenjulega lágir“**, þ. e. a. s. ná ekki „venjulegum hlut á því skipi í meðalári“. Nú er þáltill., sem hér um ræðir, fram komin einmitt vegna þess, að vitað er, að í smábátaútveginum gefur venjulegur hlutur í meðalári þeim, er þennan útveg stunda, ekki sambærileg launakjör við aðrar vinnustéttir landsins, heldur miklu lakari. Verkefnið, sem vinna á samkvæmt þáltill., er að bæta úr þessu, með því að koma upp tryggingakerfi, er borið sé uppi bæði með framlögum frá þeim hluta útgerðarinnar, sem arðvænlegur er, og framlögum úr ríkissjóði, — en ekki að jafna eymdinni milli ára, eins og sýnist, að orðið geti eini árangurinn af lögunum frá 13. des. um hlutatryggingafélög.

Alþingi hefur þegar gert stórfelldar og fjárfrekar ráðstafanir til þess að tryggja annarri framleiðslustétt landsins, bændunum, laun vinnu sinnar, sem séu sambærileg launum annarra vinnustétta, þar á meðal launum faglærðra iðnaðarmanna og sjálfseignar-bifreiðastjóra. Það er því ekki að ófyrirsynju, þótt ætlazt sé til þess af ríkisvaldinu, að það geri nokkrar ráðstafanir til að bæta hag þeirra manna, er hafa a. m. k. helmingi minni árslaun erfiðis síns en bónda í meðalbúi nú eru tryggð.

Minni hlutinn mælir því eindregið með, að þingsályktunartillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Alþingi, 7. marz 1944.

Steingr. Aðalsteinsson,
frsm.

Ásgeir Ásgeirsson,
með fyrirvara um brtt., er fram kunna að koma.

Sþ. 181. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmarkslauna fiskimanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta var rætt mjög ýtarlega á fundum nefndarinnar. Auk þess leitaði nefndin umsagnar Fiskifélags Íslands, og er hún birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Gat nefndin, að fengnum þessum upplýsingum, ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn (StgrA og ÁÁ) leggur til, að þáltill. verði samþykkt óbreytt, og skilar hann því séráliti. Meiri hlutinn leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Alþingi lítur svo á, að þegar hlutaráðnir fiskimenn og útgerðarmenn hafa stofnað með sér hlutatryggingarfélög og komið upp hlutatryggingarsjóðum með aðstoð ríkisins, samkv. l. nr. 159 30. des. 1943, um hlutatryggingarfélög, hafi fengizt sú trygging, sem um ræðir á þáltill., og því sé eigi ástæða til frekari aðgerða í málinu að svo stöddu, og tekur þingið því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurður Þórðarson, fundaskr. Páll Zóphóníasson,
Jón Sigurðsson. Ingólfur Jónsson.

Fylgiskjal.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 4. marz 1944.

Stjórn Fiskifélagsins hefur á fundi sínum í dag tekið til meðferðar till. til þál. á þingskjali 6 „um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmarkslauna fiskimanna“, er hv. allsherjarnefnd sendi oss með bréfi, dags. 17. f. m. Var samþykkt eftirfarandi:

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um hlutatryggingarfélög. Samkvæmt þeim lögum geta hlutaráðnir fiskimenn og útgerðarmenn stofnað með sér hlutatryggingarfélög og myndað hlutatryggingarsjóði, þar sem í sé lagður ákveðinn hundraðshluti af verðmæti aflans, en ríkissjóður skal leggja 0,7 af hundraði af aflaverðmætinu í sjóðinn á móti. Skal sjóði þessum varið til þess að bæta upp aflahluti skipa og skipshafna, þegar þeir reynast óvenju lágir, og má gera ráð fyrir, að með sjóðmyndunum þessum fáist allgóð trygging fyrir þá tvo aðila, sem hér eiga hlut að máli, fiskimennina og útvegsmennina.

Stjórnin lítur því þannig á, að í þessu felist trygging á því, sem um ræðir í tillögunni.

Enn fremur bendir stjórnin á, að starfandi er milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, er Alþingi kaus á s. l. ári, og mun sú nefnd vafalaust taka þetta mál til frekari athugunar, ef ástæða þykir til.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings.

Ed. 182. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. marz 1944.

Pétur Magnússon, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Brynjólfur Bjarnason. Magnús Jónsson.

Sþ. 183. Breytingartillaga

við till. til þál. um notkun íslenzka fánans.

Frá Gunnari Thoroddsen og Sigurði Bjarnasyni.

4. töluliður orðist svo:
Að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann og leggja frumvarp til fánalaga fyrir Alþingi, er það kemur næst saman.

Sþ. 184. Þingsályktun

um greiðslu sérstakrar launauppbótar til embættis- og starfsmanna ríkisins vegna barna á framfærslualdri.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz).

Samhljóða þskj. 116.

Ed. 185. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Á eftir 5. tölul. 1. gr. l. 44/1932 komi nýr liður:
Suður-Snæfellsneshérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.
Íbúar í Miklaholtshreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólmshéraði.
2. Úr 6. tölul. (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur".
3. Úr 7. tölul. (Stykkishólmshérað) falli burt orðin „og Miklaholtshreppur".

2. gr.

35., 36. og 37. liður 1. greinar laga nr. 44 1932 orðist svo:

35. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

Íbúar í Loðmundarfirði eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Seyðisfjarðarhéraði.

36. **Egilsstaðahérað:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

37. **Seyðisfjarðarhérað:** Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

3. gr.

Í stað 47. tölul. 1. greinar laga nr. 44 1932 koma tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. **Eyrarbakkahérað:** Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

b. **Selfosshérað:** Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

4. gr.

a Tveir fyrstu efnismálsliðir laga nr. 58 7. maí 1940 orðist svo:

2. **Hafnarfjarðarhérað:** Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur og Garðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

3. **Álafosshérað:** Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem er ekki í Reykjavíkurhéraði, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.

b. Grímsneshérað í síðasta málslið greinarinnar verði: Laugaráshérað.

5. gr.

Við 1. gr. laga nr. 44 1932 skulu enn fremur gerðar eftirfarandi orðabreytingar og leiðréttingar:

Við 1. tölulið:		Liðurinn orðist svo: Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður að Grafarvogi, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.
— 3.	—	Skipaskagahérað verði: Akraneshérað. Ytri-Akraneshreppur verði: Akraneskaupstaður.
— 4.	—	Borgarfjarðarhérað verði: Kleppjárnsreykjahérað.
— 8.	—	Dalahérað verði: Búðardalshérað.
— 15.	—	Hólshérað verði: Bolungarvíkurhérað.
— 19.	—	Reyðarfjarðarhérað verði: Árneshérað.
— 20.	—	Hrófbergshreppur verði: Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur.
— 21.	—	Miðfjarðarhérað verði: Hvammstangahérað. Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár verði: Vestur-Húnavatnssýsla að undanskildum Staðarhreppi.
— 22.	—	Húnavatnssýsla austan Gljúfurár verði: Austur-Húnavatnssýsla.
— 27.	—	Svarfdælahérað verði: Dalvíkurhérað.
— 29.	—	Liðurinn orðist svo: Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur, Draflastaðasókn í Hálshreppi og þeir bæir í sama hreppi, sem eiga kirkjusókn að Laufási. Læknissetur á Grenivík.

Við 30. tölulið: Reykdælahérað verði: Breiðamýrarhérað.
— 31. — Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur verði: Reykjahreppur. Húsavíkurhreppur, Tjörneshreppur.
— 32. — Öxarfjarðarhérað verði: Kópaskershérað.
— 33. — Þistilfjarðarhérað verði: Þórshafnarhérað.
— 38. — Norðfjarðarhérað verði: Neshérað.
— 39. — Reyðarfjarðarhérað verði: Eskifjarðarhérað.
— 40. — Fáskrúðsfjarðarhérað verði: Búðahérað. Læknissetur á Fáskrúðsfirði verði: Læknissetur í Búðaþorpi í Fáskrúðsfirði.
— 41. — Berufjarðarhérað verði: Djúpavogshérað. Beruneshreppur og Geithellnahreppur verði: Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
— 42. — Hornafjarðarhérað verði: Hafnarhérað.
— 43. — Síðuhérað verði: Breiðabólsstaðarhérað.
— 44. — Mýrdalshérað verði: Víkurhérað.
— 46. — Rangárhérað verði: Stórólfshvolshérað.

6. gr.

Í stað orðanna „allt að fjórum aðstoðarlæknum“ í lögum nr. 52 30. júní 1942 komi: allt að fimm aðstoðarlæknum, og í stað orðanna í sömu lagagrein „einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi“: að minnsta kosti einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Egilsstaðahérað skal ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945, ákvæði 3. gr. þó því aðeins að um semjist við núverandi héraðslækni á Eyrarbakka um breyting á búsetu hans, en ella tekur það ákvæði gildi við næstu héraðslæknaskipti. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslæknir í hinu nýja Egilsstaðahéraði.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1.—3. og 5. gr. þeirra ásamt 1. og 2. gr. l. nr. 21 13. júní 1937, 1. gr. laga nr. 58 7. maí 1940, með áorðnum breytingum, og lög nr. 52 30. júní 1942, með áorðnum breytingum, inn í meginmál laga nr. 44 23. júní 1932 og gefa þau út af nýju með fyrirsögninni: Læknaskipunarlög.

Ed. 186. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 57 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 7. gr. Fyrri málsgr. skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslæknir í hinu nýja Egilsstaðahéraði. Núverandi héraðslæknir í Eyrarbakkahéraði skal og gerður kostur á að verða héraðslæknir í hvoru sem hann vill hinna nýju Eyrarbakka- eða Selfosshéraði.

Ed. 187. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l. nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Hermanni Jónassyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., sem verður 2. gr. (og breytist greinatala samkv. því):

1. a. Úr 20. tölul. 1. gr. sömu laga falli burt orðin „og Óspakseyrarhreppur“, og úr 21. tölul. falli burt orðin „og Bæjarhreppur í Strandasýslu“.
   b. Á eftir 20. tölul. kemur nýr tölul.:
   Borðeyrarhérað: Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur og Staðarhreppur. Læknissetur á Borðeyri.
2. Við 5. gr. 21. tölul. bætist: að undanskildum Staðarhreppi.

Sþ. 188. Breytingartillaga

við till. til þál. um rannsókn gufuhvera í Henglinum.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir orðunum „á virkjun gufuhvera í henglinum“ komi: og á jarðhitasvæði Hveragerðis í Ölfusi.

Ed. 189. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Kristni Andréssyni.

1. Framan við frvgr. komi ný grein, sem verður 1. gr. (frvgr. 2. gr.), svo hljóðandi:
   Síðasti málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
   Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni.
2. Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
   Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem vinnutekjur þær, sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun afurðaverðsins, og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytzt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans. Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal tekið tillit til þess, næst þegar verðið er ákveðið.

Ed. 190. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið á fundi sínum í dag. Meiri hluti n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Kristinn Andrésson lætur frv., eins og það nú er, afskiptalaust, en áskilur sér rétt til að bera fram till. til viðauka við frv. og skrifar því undir nál. með fyrirvara. Haraldur Guðmundsson var ekki staddur á fundi, þá er ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 8. marz 1944.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson. frsm.
	Kristinn E. Andrésson, með fyrirv.	

Ed. 191. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. koma nýir töluliðir:

4. Á eftir 14. tölul. kemur nýr liður:
   Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri.
5. Úr sama tölul. falla burt orðin „og Suðureyrarhreppur".
6. Á eftir 31. tölul. kemur nýr liður:
   Raufarhafnarhérað: Austur-Slétta frá Rifi og vesturhluti Þistilfjarðar að Kolluvík, og minnkar núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishérað sem því svarar. Læknissetur á Raufarhöfn.

Nd. 192. Stjórnarskrá

lýðveldisins Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 8. marz).

Samhljóða þskj. 153.

Ed. 193. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál mjög ýtarlega og m. a. kvatt á fund til sín flm. frumvarpsins og vitamálastjóra til þess að fá frá þeim sem beztar upplýsingar um málið.

Varð nefndin sammála um að fengnum þeim upplýsingum að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. 5. málsgr. falli niður.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „leigjenda“ í 1. málslið 1. málsgr. komi: leigutaka lóða.
   b. Í stað orðsins „lóðaleigjendanna“ í 2. málsl. 1. málsgr. komi: leigutak
   c. Í stað orðsins „lóðaeigendur“ í 3. málslið 1. málsgr. komi: leigutakar.
   d. Í stað orðsins „lóðaeigenda“ í 3. málslið 1. málsgr. komi: lóðaleigutaka.
   e. Í stað orðsins „lóðaleigjandi“ í 1. málslið 2. málsgr. komi: lóðaleigutaki.
   f. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Nú hefur leigutaki greitt atkvæði móti framkvæmd verksins, og skal hann þá þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga rétt á, að hafnarsjóður Siglufjarðar kaupi lóðarréttindi hans ásamt mannvirkjum, sem þeim fylgja, og skal verðmæti hvors tveggja ákveðið með mati, svo sem mælt er fyrir í 3. gr., ef ekki næst samkomulag á annan hátt.
   g. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinar þessarar og þar á meðal gefa fyrirmæli um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, er um ræðir í 1. málsgr., að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar.
3. Við 12. gr. Á eftir orðunum „er greiða ber í ríkissjóð af vörum“ í 2. málsl. 1. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Alþingi, 8. marz 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingrímur Aðalsteinsson, með fyrirv.
	Ingvar Pálmason.	Pétur Magnússon.

Sþ. 194. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 11. marz 1944, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 10. júní næstkomandi.

Nd. 195. Frumvarp til laga

um heilsuverndarstöðvar.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra víðtækari heilsuverndarstarfsemi eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nú verður ágreiningur milli bæjarstjórnar og stjórnar sjúkrasamlags um verksvið heilsuverndarstöðvar og önnur ákvæði reglugerðar varðandi skipun hennar eða rekstur, og sker þá ráðherra úr ágreiningnum, að fengnum tillögum berklayfirlæknis og tryggingaryfirlæknis.

3. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi stjórn heilsuverndarstöðvar, og tilnefnir hlutaðeigandi bæjarstjórn einn mann í nefndina, stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags annan, en ráðherra samkvæmt tillögu berklayfirlæknis hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

Fela má með ákvæðum í reglugerð almennt viðurkenndu líknarfélagi rekstur heilsuverndarstöðvar.

Heilsuverndarstöð skal háð sérstöku eftirliti hlutaðeigandi héraðslæknis, nema hún sé undir stjórn sérstaks læknis, er ráðherra hefur viðurkennt.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir styrk til rekstrar heilsuverndarstöðvar, og má styrkurinn nema allt að þriðjungi eðlilegs kostnaðar að mati ráðherra. Kostnaður af rekstrinum að öðru leyti skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi bæjarsjóðs og hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að staðfesta reglugerð um rekstur heilsuverndarstöðvar í sveitarfélagi, þó að ekki sé kaupstaður, enda njóti þá slík heilsuverndarstöð styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum 4. gr. að uppfylltum þar greindum skilyrðum. Nú er ekki rekið sjúkrasamlag í slíku sveitarfélagi, og skal þá sveitarsjóður ábyrgjast greiðslu á tvöföldu framlagi á móti styrk ríkissjóðs. Um stjórn slíkrar heilsuverndarstöðvar fer eftir hliðstæðum reglum þeim, er getur í 3. gr., eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með ráði berklayfirlæknis að heimila, að heilsuverndarstöð sveitarfélags taki að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir annað eða önnur sveitarfélög fyrir umsamið hæfilegt gjald, og fer um þann kostnað í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr.

Í reglugerð má og ákveða, að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur einnar heilsuverndarstöðvar. Um skipun, rekstur og stjórn slíkrar stöðvar fer í sem fyllstu samræmi við ákvæði þessara laga, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af landlækni í samráði við berklayfirlækni og tryggingaryfirlækni. Gerir landlæknir fyrir frumvarpinu eftirfarandi grein:

Heilsuverndarstöðvar, er fyrst og fremst hafa annazt berklavarnarstarfsemi, hafa verið reknar hér á landi í Reykjavík (síðan 1919), á Ísafirði (1939), Siglufirði (1939), Akureyri (1938), Seyðisfirði (1938) og í Vestmannaeyjum (1938). Auk þess hefur heilsuverndarstöðin í Reykjavík annazt berklavarnarstarfsemi fyrir Hafnarfjörð

síðan 1940. Á Akureyri hafði og Rauði krossinn haldið uppi heilsuverndarstöð og berklavarnarstarfsemi á árunum 1929—1936. Auk berklavarna hefur stöðin í Reykjavík sinnt mæðra- og ungbarnavernd og lítið eitt vörnum gegn næmum sóttum (barnaveikisbólusetning), en stöðin á Ísafirði um tíma ungbarnavernd. Allar eru stöðvarnar reknar af hlutaðeigandi bæjarfélögum, nema stöðin í Reykjavík, sem frá upphafi hefur verið rekin af hjúkrunarfélaginu Líkn.

Heilsuverndarstarfsemi þessi hefur jafnan notið styrks úr ríkissjóði, og hefur verið föst skipun á þeim styrkveitingum síðan 1936, að tekinn var upp fastur liður á 12. gr. fjárlaga í þessu skyni. Hefur jafnan verið krafizt tvöfaldrar fjárhæðar í móti ríkissjóðsstyrknum, og síðan sjúkrasamlög samkvæmt alþýðutryggingarlögunum komu til skjalanna, hefur víðast orðið samkomulag um, að hlutaðeigandi bæjarsjóður og sjúkrasamlag skiptu jafnt með sér þeim kostnaði. Er það í samræmi við tilætlun og bendingar hinna nýju berklavarnarlaga nr. 66 30. desember 1939 (sbr. 3. gr. þeirra).

Í berklavarnarlögunum er gert ráð fyrir heilsuverndarstöðvum sem mikilsverðum lið í hinni róttæku berklavarnarstarfsemi, sem rekin hefur verið hin síðustu ár. Þykja þær og fyllilega hafa sannað gildi sitt, enda eiga almennt vinsældum að fagna, hver á sínum stað. En jafnframt hefur komið í ljós, að þörf er fullkomnara skipulags starfsemi þessarar og þar á meðal tryggingar fyrir áframhaldandi föstum greiðslum til hennar, enda fari ekki á milli mála, hverjum beri að inna þær greiðslur af hendi. Hefur nokkuð borið á því sums staðar, að um greiðslur þessar hafi orðið leiðinlegur reipdráttur á milli bæjarsjóða annars vegar og sjúkrasamlaga hins vegar, og leitt til þess á einum stað (Siglufirði), að starfsemi heilsuverndarstöðvar hefur jafnvel lagzt niður um skeið, án þess að til sé að dreifa ágreiningi hinna sundurþykku aðila um brýna nauðsyn starfseminnar.

Ákvæði 3. gr. berklavarnarlaganna þykja ekki veita nægilega stoð reglugerðarákvæðum, er fyllilega nægi til þess, að heilsuverndarstarfseminni verði komið í fast horf og veitt það öryggi, er starfseminni endist til þess, að hún fái notið sín. Fyrir því er frumvarp þetta borið fram, og er ekki ætlazt til annars en lögfest verði sú skipan, sem þegar er komin á fyrir frjálst samkomulag, og óvíðast hefur valdið nokkrum ágreiningi, jafnframt því, sem lagður verði grundvöllur undir það, að heilsuverndarstöðvarnar geti smátt og smátt fært út kvíarnar og aukið starfsemi sína, eftir því sem skilningur ráðamanna vex á nauðsyn almennrar heilsuverndar við hlið lækningastarfseminnar í landinu. Um hina helztu þætti heilsuverndar og hlutverk heilsuverndarstöðva í því sambandi nægir að visa til stutts yfirlitserindis landlæknis í III. kafla í Heilbrigðisskýrslum fyrir árið 1932, en um berklavarnir sérstaklega til erindis berklayfirlæknis í III. kafla í Heilbrigðisskýrslum 1937.

Skýringa á hinum einstöku greinum frumvarpsins þykir ekki þörf.

Frumvarpið hefur verið borið undir Tryggingarstofnun ríkisins, og hefur hún tjáð sig „algerlega sammála .... um gagnsemi slíkrar löggjafar og .... í öllum aðalatriðum .... fylgjandi .... því fyrirkomulagi, sem stungið er upp á“. Tryggingarstofnunin gerir sérstaklega athugasemd við ákvæði 4. gr., þar sem sleginn er nokkur varnagli við því, að ríkissjóður greiði skilyrðislaust þriðjung kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva, hvernig sem hann kann að verða talinn og tíundaður, og telur stofnunin slíkt óþarft miðað við þau afskipti, sem ríkisvaldinu er ætlað að hafa af skipan þeirra og rekstri, m. a. með því að tilnefna einn mann af þremur í stjórnina. En þess er að gæta, að slíku aðhaldi ráðherra er ekki einungis ætlað að gagnast ríkissjóði, heldur jafnframt hlutaðeigandi sveitarsjóði og sjúkrasamlagi með því að örva til aðgæzlu og hagsýni um reksturinn. Um fulltrúa ríkissjóðs í þessum tilfellum er og það að segja, að vitanlega verða þeir tilnefndir úr hópi borgara á hverjum stað og þeim þá í flestum tilfellum sennilega eðlilegt að finna enn næmara til hagsmuna sjóða byggðarlaga sinna en ríkissjóðs.

Nd. 196. Frumvarp til laga

um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkið heldur uppi heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntar hjúkrunarkonur, Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans. Að öðru leyti annast stjórn skólans undir yfirstjórn ráðherra fimm manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, yfirhjúkrunarkona Landsspítalans og þrír aðrir, er ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, annan samkvæmt tillögu þeirra sjúkrahúsa, annarra en Landsspítalans, þar sem nemendur skólans eru að jafnaði vistaðir til verklegs náms, og hinn þriðja, er sé sérfróður um skóla- og uppeldismál.

3. gr.

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntuð skólastýra, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hennar skal ákveða í launalögum. Aðalkennarar skólans, auk skólastýru, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

Til aukakennslu ræður skólanefnd kennara eftir þörfum að fenginni heimild ráðherra til að greiða kennslukaupið.

4. gr.

Námstími skólans er þrjú ár, auk 8—12 vikna forskóla, og skal eigi síðar en að honum loknum skorið úr því, hvort nemandi teljist hæfur til að hefja hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 6 vikna reynslutíma skal skorið úr því af skólanefnd eftir tillögum skólastýru, hvort nemandi er hæfur til að halda námi áfram.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í skólanum, en hið verklega í sambandi við hjúkrunarstörf á Landsspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, þar sem nemendur verða vistaðir til starfa á vegum skólanefndar.

Að öðru leyti fer um inntökuskilyrði, almennar skólareglur, tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir eftir ákvæðum í reglugerð skólans, er skólanefnd semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Skólavistina skal veita nemendum ókeypis að forskólanámi loknu. Forskólanemendur greiði sérstakt skólagjald, er ráðherra ákveður eftir tillögum skólanefndar. Um kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið fer eftir því, sem um semst milli skólanefndar og hlutaðeigandi sjúkrahúsa.

6. gr.

Í reglugerð skólans má setja reglur um allt að eins árs almennt framhaldsnám hjúkrunarkvenna, svo og 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum (geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skólanefndar fyrir slíku almennu framhaldsnámi og sérnámi.

7. gr.

Í reglugerð skólans má ákveða, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, þ. á m. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum ásamt ljósmóðurstörfum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi þau ákvæði laga nr. 13 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er varða sérstaklega hjúkrunarkvennaskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefur samið frumvarp þetta og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Hins almenna skorts kvenna til nytjastarfa hér á landi gætir meðal annars í því, að til vandræða horfir um rekstur sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana fyrir vöntun hjúkrunarkvenna. Samfara þessu dregur óskyggilega úr aðsókn að hinum eina hjúkrunarkvennaskóla hér á landi, Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, sem rekinn er í sambandi við Landsspítalann. Ber brýna nauðsyn til að glæða þá aðsókn, en til þess þykir fyrst og fremst verða að búa betur að skólanum, sem hingað til hefur búið við vanefni og litla rækt, treysta skipulag hans, sjá honum fyrir forstöðu, er hafi það að aðalstarfi að sinna skólanum og þörfum hans, efla kennaralið hans að öðru leyti, en búa nemendunum skólaheimili, er sé bæði aðlaðandi og til þess fallið að móta nemendurna í þeim anda, er hæfi hjúkrunarkvennastétt, sem úrvalskonum verði keppikefli að teljast til.

Eins og auðskilið er um starfsstétt kvenna, verður hjúkrunarkvennastéttin fyrir ólíkt meiri vanhöldum en samsvarandi stéttir karla. Eftirfarandi yfirlit um íslenzku hjúkrunarkvennastéttina, sem er lítið meira en 20 ára gömul, er glöggt til frásagnar um þetta:

Hjúkrunarkonur í Félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna 1. janúar 1944 196.

Hjúkrunarkonur	starfandi í sjúkrahúsum og hælum í Reykjavík og nágrenni	63
—	— í sjúkrahúsum og hælum úti um land	19
—	— að heilsuverndarstörfum o. þ. h. í Reykjavík	16
—	— að heilsuverndarstörfum o. þ. h. utan Reykjavíkur	5
—	— á Norðurlöndum (að líkindum við hjúkrunarstörf)	7
—	— í Ameríku við hjúkrunarstörf og framhaldsnám	8
—	frá störfum vegna veikinda eða annarra forfalla	11
—	giftar hér á landi	60
—	giftar erlendis	7
	Alls	196

Auðskilið er, að vegna þessara eðlilegu vanhalda verður að tryggja því betur öra aðsókn að hjúkrunarnáminu.

Jafnframt því sem beint hefur verið til Alþingis erindi um fjárframlög til sérstakrar byggingar handa hjúkrunarkvennaskólanum, sem er hans brýnasta nauðsyn, er farið fram á þá skipulagsbreytingu á rekstri hans, sem felst í þessu frumvarpi. Er frumvarpið samið í samráði við formann Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, forstöðukonu Landsspítalans, sem jafnframt veitir skólanum forstöðu, og aðalkennslukonu skólans. Er enginn ágreiningur milli þessara aðila um efni frumvarpsins.

Hér skal stuttlega rakið, hverjar nýjungar felast í frumvarpinu, en annarra skýringa virðist ekki þörf.

1. Skólinn er nefndur heimavistarskóli, en gera verður sér ljóst, að undir því nafni hlýtur hann að kafna, ef honum verður ekki séð fyrir heimavistarhúsi, er fullnægi sómasamlega þörfum hans. Má og gera ráð fyrir, að ákvæði þessara fyrir-

huguðu laga verði að flestu leyti dauður bókstafur, þangað til þessu höfuðskilyrði fyrir endurreisn skólans verður fullnægt.

2. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur hingað til annazt rekstur skólans, en eðlilega lítt eða ekki látið sig varða annað en fjárreiður hans. Er ætlazt til, að hún hafi þær áfram á hendi, en að öðru leyti séu mál skólans falin sérstakri skólanefnd áhuga- og kunnáttufólks.
3. Höfuðbreytingin er fólgin í því, að gert er ráð fyrir, að sérstakri sérmenntaðri kennsluhjúkrunarkonu verði falin forstaða skólans án annarra starfa, enda beri hún veg og vanda af skólahaldinu undir eftirliti skólanefndar. Ekki er þessu ætlað að auka mannahald, frá því sem nú er, því að síðast liðin tvö ár hefur forstöðukonu Landsspítalans verið fengin til aðstoðar skólans vegna sérstök kennsluhjúkrunarkona.
4. Kennsla lækna við skólann hefur hingað til verið á hálfgerðum hriflingabjörgum, með því að vefengja hefur mátt skyldur hlutaðeigandi lækna til að hafa hana á hendi. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans séu hér eftir beinlínis ráðnir til starfa sinna, að því tilskildu, að þeir hafi hjúkrunarkvennakennsluna á hendi, hver í sinni grein, enda séu stöðunum ákveðin laun með tilliti til þess.
5. Heimildin til forskólahalds til undirbúnings sjálfu hjúkrunarnáminu er aukin úr allt að 6 vikna námstíma upp í 8—12 vikna námstíma. Þykir reynsla benda til, að rækilegt forskólanám verði nemendunum happadrjúgt, jafnframt því sem störf þeirra verði sjúkrahúsunum notadrýgri þegar frá upphafi, er þeir hefja þau ekki fyrr en þeir hafa lært rækilega öll algengustu hjúkrunarhandbrögð. Sjálft hjúkrunarnámið er ekki lengt, og ákvæði um kjör og tilhögun verklegs náms á sjúkrahúsunum eru óbreytt.
6. Nýmæli eru ákvæði um viðurkenningu fyrir sérnámi hjúkrunarkvenna.
7. Það er og nýmæli, að gert er ráð fyrir því, að skólinn haldi uppi, auk fullkominnar fræðslu hjúkrunarkvenna, ýmsum sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, og koma þar m. a. til greina heimahjúkrunarnámskeið við hæfi húsmæðra, e. t. v. í sambandi við húsmæðrafræðsluna, auk þess sem opnuð er leið til þess, að ljósmæður eigi þess kost að kynnast svo hjúkrunarstörfum, að þær verði viðunandi hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, en sameining ljósmæðra- og hjúkrunarstarfa í strjálbýlum sveitaumdæmum virðist eina leiðin til þess, að ljósmæðrum á slíkum stöðum verði séð fyrir þeim verkefnum, er þær geti unað við og unnt sé að launa svo, að lifað verði af.

Frumvarpið hefur verið borið undir yfirlækna Landsspítalans, og hafa þeir ekkert við það að athuga.

Sþ. 197. Breytingartillaga

við till. til þál. um þátttöku Íslands í norrænni samvinnu.

Frá Magnúsi Jónssyni, Hermanni Jónassyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Fyrri liður tillgr. orðist svo:

að senda hinum Norðurlandaþjóðunum bróðurkveðjur og óska þeim farsældar og sigurs í frelsisbaráttu þeirra, og.

Sþ. 198. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Lárus Jóhannesson, Bjarni Benediktsson, Brynjólfur Bjarnason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að athuga, hverjar breytingar kunna að vera æskilegar á skipun læknishéraða með tilliti til þeirra erfiðleika, sem á því eru að tryggja dreifbýlinu viðunandi læknishjálp. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis og annar samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands.

Greinargerð.

Erfiðleikar þeir, sem á því eru að tryggja hinum afskekktari og fámennari héruðum viðunandi læknisþjónustu og stöðugt virðist fara vaxandi, gera óhjákvæmilegt að taka þegar til gagngerðrar athugunar skipun læknishéraða í heild.

Ed. 199. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og með bréfi, dags. 23. f. m., leitað um það umsagnar vitamálastjóra. Hefur vitamálastjóri látið nefndinni í té umsögn um frumvarpið, og er hún birt hér með nefndaráliti þessu.

Í umsögn sinni tekur vitamálastjóri undir þá athugasemd í greinargerð frumvarpsins, að siglingaleiðin fyrir og inn með Garðskaga sé allhættuleg og að oft hafi verið uppi raddir um það, að auka þyrfti vitakerfið á þessum slóðum. Hins vegar bendir vitamálastjóri á, að Garðskagavitinn sé tiltölulega stutt frá Gerðhólma, sem frumvarpið leggur til, að reistur verði viti á, svo að vitarnir mundu standa þarna mjög nálægt hvor öðrum, ef frumvarpið yrði samþ. Telur vitamálastjóri slíkt miður heppilegt og leggur til, að Garðskagavitinn verði stórum endurbættur þannig, að viti á Gerðhólma ætti að verða óþarfur. Hefur vitamálastjóri lagt mál þetta fyrir vitanefndina hinn 1. þ. m. og hún samþ. að leggja til, að á þessu ári verði varið allt að 140000 kr. til að endurbyggja Garðskagavitann. Telur vitamálastjórinn slíka fjárhæð nægjanlega til að gera Garðskagavitann talsvert betur úr garði en hann er nú og það svo, að viti á Gerðhólma sé þá ekki nauðsynlegur.

Í greinargerð frumvarpsins og framsöguræðu flutningsmanns kom það fram, að tilgangurinn með flutningi frumvarpsins er sá, að fá bætt úr brýnni þörf á endurbótum á siglingamerkjum á leiðinni fyrir og inn með Garðskaga. Var sérstaklega tekið fram, að þótt bent væri á þá leið að reisa nýjan vita á Gerðhólma sem vænlega til úrbóta, þá kæmu einnig aðrar leiðir til greina, sem athuga þyrfti. Nú hefur vitanefndin lagt til, að mikilli fjárhæð verði varið til að endurbyggja Garðskagavitann, og vitamálastjóri telur, að hinn endurbyggði viti verði svo fullkominn, að hann geti leyst af höndum það hlutverk, sem Gerðhólmavitanum var ætlað. Sjávarútvegsnefnd getur að fengnum þessum tillögum fallizt á, að rétt sé að hallast að því ráði, að Garðskagavitinn verði endurbyggður í ár og frekari aðgerðum í sambandi við lagabreytingar frestað, þar til er séð verður, hvernig hinn nýi viti á Garðskaga reynist. Treystir

nefndin því og leggur á það áherzlu, að mjög verði til hins endurbyggða vita vandað og fyrir því séð, að ljósmagn hans verði stórlega aukið frá því, sem verið hefur.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að Garðskagavitinn verði endurbyggður á þessu ári og ljósmagn hans þá aukið stórlega og þannig frá honum gengið að öðru leyti, að vita verði ekki þörf á Gerðhólma, sér deildin ekki ástæður til frekari aðgerða í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1944.

Gísli Jónsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 2. marz 1944.

Með bréfi, dags. 23. f. m., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar, á þingskjali 53, sem flutt er af Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Efni frumvarps þessa er að bæta inn í vitalögin ákvæði um, að vita, sennilega ljósvita, skuli reisa á Gerðhólma við Garðskaga. Nú er eins og kunnugt viti á Garðskaga, en fjarlægðin þaðan að Gerðhólma tiltölulega stutt, svo að vitarnir mundu standa þarna mjög nálægt hvor öðrum. Siglingaleiðin með Garðskaga er hins vegar mjög fjölfarin og allhættuleg, eins og réttilega er tekið fram í greinargerð frumvarpsins. Hafa því oft verið uppi raddir um það, að auka þyrfti vitakerfið á þessum slóðum. Meðal annars geri ég ráð fyrir, að nefnd sú, sem nýlega hefur verið skipuð til að semja heildaráætlun um radiovita og miðunarstöðvar, athugi og geri tillögur um þá hlið málsins. — Enn fremur hefur vitanefndin á fundi sínum í gær samþykkt að leggja til við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að Garðskagavitinn verði endurbyggður í ár og varið til þess 140000.00 kr. Ef ráðuneytið samþykkir þessa tillögu vitanefndarinnar, verður væntanlega hægt að gera Garðskagavitann talsvert betur úr garði en hann nú er og það svo, að viti á Gerðhólma sé þá ekki nauðsynlegur.

Ég vildi því leyfa mér, með hliðsjón af þessari endurbyggingu Garðskagavitans sérstaklega, að leggja til, að máli þessu eða ákvörðun um vitabyggingu á Gerðhólma yrði frestað, þar til er séð verður, hvort hinn væntanlegi nýji Garðskagaviti geti ekki bætt úr þörfinni.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 200. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00, gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2000000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi

við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigutaka lóða þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti leigutaka, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir leigutakar, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaleigutaka, eftir því sem um semst. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

Ef lóðaleigutaki tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð í næstu 10 ár.

Nú hefur leigutaki greitt atkvæði móti framkvæmd verksins, og skal hann þá þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga rétt á, að hafnarsjóður Siglufjarðar kaupi lóðarréttindi hans ásamt mannvirkjum, sem þeim fylgja, og skal verðmæti hvors tveggja ákveðið með mati, svo sem mælt er fyrir í 3. gr., ef ekki næst samkomulag á annan hátt.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinar þessarar og þar á meðal gefa fyrirmæli um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, er um ræðir í 1. málsgr., að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar.

7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma

en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar,

skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

Ed. 201. Lög

um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 152.

Ed. 202. Hafnarlög

fyrir Bolungavík.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 131.

Sþ. 203. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á möguleikum til magnesíumframleiðslu úr sjó.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með því, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsóknaráð ríkisins athuga möguleika á því að framleiða magnesíum úr sjó í stórum stíl hér á landi og leggja niðurstöður þeirra athugana fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 9. marz 1944.

Gísli Jónsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson. frsm.	
Ingólfur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Páll Zóphóníasson.	Ásg. Ásgeirsson.

Sþ. 204. Nefndarálit

um till. til þál. um sérstaka talsímaþjónustu í verstöðvum landsins vegna slysavarna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á tveim fundum, og á þeim síðari voru eftir beiðni hennar mættir til ráðuneytis atvinnumálaráðherra og póst- og símamálastjóri og með honum Friðbjörn Aðalsteinsson loftskeytastöðvarstjóri.

Viðurkennt er af öllum aðilum, að hlustvarzla sú, er um ræðir í sambandi við talstöðvar bátanna, geti verið mikilsverð öryggisþjónusta fyrir bátaflotann.

Hitt er samt ljóst, að ef fara ætti eftir tillögunni, eins og hún liggur fyrir í öllum atriðum, þyrfti mikinn undirbúning og mikinn tilkostnað. Enda fallast flm. hennar á, að þeir hafi ekki stefnt hærra en svo í bili, að hlustvörzlu væri á komið á hinum mikilvægari stöðum, en hafi hins vegar við flutning tillögunnar ekki viljað gera upp á milli verstöðva, en álitið, að þörfin yrði svo metin af þar til bærum aðilum, og eins hitt, að í ljós mundi koma við gaumgæfilega athugun sérfróðra manna, að í þessu efni megi mikið lagfæra í hendi sér með réttri skipulagningu þessarar öryggisþjónustu, án þess að mikill aukalegur tilkostnaður hljótist af því fyrir símann eða aðra aðila.

Um þetta eru menn yfirleitt sammála og ekki síður hitt, að nú þegar þurfi að gera ráðstafanir til sólarhrings hlustvörzlu í hinum helztu veiðistöðvum og í sambandi við hana þurfi að reyna að fá umbætur á samskonar þjónustu á varðskipunum og þeim skipum öðrum, sem ætlað er að hafa björgunarstörf með höndum, og sjá til þess, að sá útbúnaður, sem þessi skip hafa í þessu skyni, sé ávallt í fullkomnu lagi.

Af hálfu póst- og símamálastjóra hefur verið rækilega á það bent, að til þess að sem beztur árangur náist af talstöðvaþjónustunni, sé nauðsynlegt, að á bátunum sjálfum sé virkari þáttur tekinn í almennri hlustvörzlu en nú á sér stað. Það liggur í hlutarins eðli, að talstöðvar bátanna koma því aðeins að notum, að þess sé gætt, að þær séu jafnan í góðu lagi og bátverjar geri sér að reglu að hlusta á aðra báta í vondum veðrum, þótt þeir þurfi ekki að nota tækin vegna sjálfra sín.

Nefndinni er það ljóst, að sú athugun, er þarf fram að fara til frekari aðgerða í þessu máli, þarf að vera í höndum sérfróðra manna, sem ásamt fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna taki mál þetta í heild til meðferðar og skili áliti til ríkisstjórnarinnar. Þykir henni hlýða að benda ríkisstjórninni á, að í þessu máli telji hún einkar vel henta, að þeir aðilar, sem þegar hefur verið falið að gera tillögur um heildarkerfi fyrir radíóvita og miðunarstöðvar, geri einnig hliðstæðar tillögur viðvíkjandi

slysavarnaþjónustunni ásamt fulltrúum þeirra stofnana, er nefndar eru í breytingartillögu þeirri, er hér fer á eftir.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til umbóta frá því, sem nú er, á slysavarnaþjónustunni með þeim hætti, er hér greinir:

1. Að aukin verði og bætt hlustvarzla við talstöðvar á landi á hentugum stöðum, þar sem þörfin er mest.
2. Að gætt sé fyllsta öryggis í talstöðvaumbúnaði í varðskipum og björgunar- og gæzlubátum og þar sé starfrækt stöðug hlustvarzla.
3. Að brýnt sé fyrir og leitað samstarfs við útgerðarmenn og skipshafnir báta og skipa, er talstöðvar hafa, um að hlustað sé í talstöðvar bátanna, þegar þeir eru í rúmsjó, eftir því sem frekast verður við komið, og að lögð sé sérstök áherzla á, að hlustað sé að staðaldri í vondum veðrum.

Auk þess er þess vænzt, að ríkisstjórnin láti þá aðila, er falið hefur verið að gera tillögur um heildarkerfi fyrir radiovita og miðunarstöðvar, einnig framkvæma hliðstæða athugun á því, hvernig slysavarnaþjónustunni verði að þessu leyti bezt fyrir komið, og leiti þessir aðilar álits og tillagna slysavarnafélagsins, farmanna og fiskimannasambandsins og alþýðusambandsins um málið.

Alþingi, 9. marz 1944.

Pétur Ottesen, form. — Helgi Jónasson, fundaskr. — Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Lúðvík Jósefsson. — Þorst. Þorsteinsson. — Finnur Jónsson. — Jónas Jónsson. — Sigurður Kristjánsson. — Þóroddur Guðmundsson.

Ed. 205. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l. nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Aftan við 1. gr. frv. kemur nýr töluliður:
Á eftir 8. tölul. (Dalahérað) kemur: Íbúar Skarðs- og Klofningshreppa eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis í Stykkishólmi.

Ed. 206. Breytingartillaga

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l. nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. 2. málsgrein orðist svo:
35. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

Ed. 207. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l. nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Páli Hermannssyni.

a. Við 2. gr. Úr 1. meginmgr. falli orðin „og Loðmundarfjarðarhreppur“, og enn fremur falli niður 2. meginmgr.
b. Síðasta málsgr. falli burt.

Nd. 208. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Á eftir 5. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 komi nýr liður:
Suður-Snæfellsneshérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.
Íbúar í Miklaholtshreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólmshéraði.
2. Úr 6. tölul. (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur“.
3. Úr 7. tölul. (Stykkishólmshérað) falli burt orðin „og Miklaholtshreppur“.
4. Á eftir 8. tölul. (Dalahérað) kemur:
Íbúar Skarðs- og Klofningshreppa eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis í Stykkishólmi.

2. gr.

a. Úr 20. tölul. 1. gr. sömu laga falli burt orðin „og Óspakseyrarhreppur“, og úr 21. tölul. falli burt orðin „og Bæjarhreppur í Strandasýslu“.
b. Á eftir 20. tölul. kemur nýr tölul.:
Borðeyrarhérað: Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur og Staðarhreppur. Læknissetur á Borðeyri.

3. gr.

35. og 36. töluliður 1. gr. sömu laga orðist svo:
35. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.
36. **Egilsstaðahérað:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

4. gr.

Í stað 47. tölul. 1. gr. sömu laga koma tveir töluliðir, svo hljóðandi:
a. **Eyrarbakkahérað:** Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.
b. **Selfosshérað:** Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

5. gr.

a. Tveir fyrstu efnismálsliðir laga nr. 58 7. maí 1940 orðist svo:
   2. **Hafnarfjarðarhérað:** Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur og Garðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
   3. **Álafosshérað:** Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem er ekki í Reykjavíkurhéraði, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.

b. Grímsneshérað í síðasta málslið greinarinnar verði: Laugaráshérað.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 44 1932 skulu enn fremur gerðar eftirfarandi orðabreytingar og leiðréttingar:

Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:
Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður að Grafarvogi, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.

— 3. — Skipaskagahérað verði: Akraneshérað.
Ytri-Akraneshreppur verði: Akraneskaupstaður.

— 4. — Borgarfjarðarhérað verði: Kleppjárnsreykjahérað.

— 8. — Dalahérað verði: Búðardalshérað.

— 15. — Hólshérað verði: Bolungavíkurhérað.

— 19. — Reykjarfjarðarhérað verði: Árneshérað.

— 20. — Hrófbergshreppur verði: Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur.

— 21. — Miðfjarðarhérað verði: Hvammstangahérað.
Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár verði: Vestur-Húnavatnssýsla að undanskildum Staðarhreppi.

— 22. — Húnavatnssýsla austan Gljúfurár verði: Austur-Húnavatnssýsla.

— 27. — Svarfdælahérað verði: Dalvíkurhérað.

— 29. — Liðurinn orðist svo:
Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur, Draflastaðasókn í Hálshreppi og þeir bæir í sama hreppi, sem eiga kirkjusókn að Laufási. Læknissetur á Grenivík.

— 30. — Reykdælahérað verði: Breiðamýrarhérað.

— 31. — Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur verði: Reykjahreppur, Húsavíkurhreppur, Tjörneshreppur.

— 32. — Öxarfjarðarhérað verði: Kópaskershérað.

— 33. — Þistilfjarðarhérað verði: Þórshafnarhérað.

— 38. — Norðfjarðarhérað verði: Neshérað.

— 39. — Reyðarfjarðarhérað verði: Eskifjarðarhérað.

— 40. — Fáskrúðsfjarðarhérað verði: Búðahérað.
Læknissetur á Fáskrúðsfirði verði: Læknissetur í Búðaþorpi í Fáskrúðsfirði.

— 41. — Berufjarðarhérað verði: Djúpavogshérað.
Beruneshreppur og Geithellnahreppur verði: Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.

— 42. — Hornafjarðarhérað verði: Hafnarhérað.

— 43. — Síðuhérað verði: Breiðabólsstaðarhérað.

— 44. — Mýrdalshérað verði: Víkurhérað.

— 46. — Rangárhérað verði: Stórólfshvolshérað.

7. gr.

Í stað orðanna „allt að fjórum aðstoðarlæknum“ í lögum nr. 52 30. júní 1942 komi: allt að fimm aðstoðarlæknum, og í stað orðanna í sömu lagagrein „einn aðstoð-

arlækni í hverjum landsfjórðungi“: að minnsta kosti einn aðstoðarlæknir í hverjum landsfjórðungi. Egilsstaðahérað skal ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslæknir í hinu nýja Egilsstaðahéraði. Núverandi héraðslækni í Eyrarbakkahéraði skal og gerður kostur á að verða héraðslæknir í hvoru sem hann vill hinna nýju Eyrarbakka- eða Selfosshéraða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1.—4. og 6. gr. þeirra ásamt 1. og 2. gr. l. nr. 21. 13. júní 1937, 1. gr. laga nr. 58 7. maí 1940, með áorðnum breytingum, og lög nr. 52 30. júní 1942, með áorðnum breytingum, inn í meginmál laga nr. 44 23. júní 1932 og gefa þau út af nýju með fyrirsögninni: Læknaskipunarlög.

Sþ. 209. Breytingartillögur

við till. til þál. um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillögugreinin orðist þannig:

1. Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að athuga, hverjar breytingar kunna að vera nauðsynlegar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla með tilliti til þeirra erfiðleika, sem á því eru að tryggja dreifbýlinu nauðsynlega læknishjálp.

   Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis og annar samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, en ríkisstjórnin skipar þann þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.
2. Fyrirsögn þáltill. verði þannig:

   Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla.

Ed. 210. Breytingartillaga

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Aftan við 4. mgr. 6. gr. laganna komi: enda hafi krafa um slíkt komið fram frá viðkomandi lóðarleigutaka ekki síðar en einum mánuði eftir að meiri hluti leigutaka hefur samþykkt að ráðast í endurbyggingu eigna sinna samkv. 1. mgr. þessarar greinar og hann meðtekið um það tilkynningu frá hafnarnefnd.

Nd. 211. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjörð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 200, með þeirri breytingu, er felst í brtt. á þskj. 210.

Ed. 212. Lög

um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 36.

Ed. 213. Breytingartillaga

við frv. til l. um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Gjafir til barnaspítala árið 1944 skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, þó ekki yfir 25 þús. kr., og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.
2. Við 2. gr. Í stað „1945“ komi: 1944.

Ed. 214. Breytingartillaga

um frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Fé því, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa samkv. XX. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1944, skal ríkisstjórnin verja til þess að kaupa fyrir ný fiskiskip til landsins svo fljótt sem auðið er, eftir að fengizt hafa hagkvæm kauptilboð, eða verja því til að smíða ný skip innan lands, allt í samráði við Fiskifélag Íslands. Skal ríkissjóður síðan selja þau skip, er hann þannig kaupir eða lætur smíða, til landsmanna, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, með þeim lánskjörum, sem um getur í lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands, ásamt þeim breytingum, sem gerðar eru á þeim lögum með lögum nr. 33 2. apríl 1943.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Þar til er öðruvísi verður ákveðið með lögum, veitir milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, kosin samkvæmt ályktun Alþingis 9. febr. 1943, styrk eða vaxtalaust lán.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „þó aldrei hærra en 100 þús. kr.“ í 2. málsgr. komi: enda verði eigi veitt meira en 100 þús. kr. út á hvert skip gegn 2. og 3. veðrétti.
4. Við 6. gr. 1. málsgr. falli niður.
5. Við 7. gr. Greinin falli niður.
6. Við 8. gr. Greinin falli niður.
7. Við 9. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og tekur við greiðslu afborgana.
8. Við 12. gr. Greinin falli niður.

Nd. 215. Frumvarp til laga

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánum til skipakaupa.

2. gr.

Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með. Sama gildir um vél skipsins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður.

3. gr.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

Þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, veitir milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, kosin samkvæmt ályktun Alþingis 1943, styrk eða vaxtalaust lán.

4. gr.

Þegar styrkur eða vaxtalaust lán eru veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda.

5. gr.

Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins.

Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Mega þau að viðbættum lánum með betri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé eigi dregið út úr honum til annarra hluta.

6. gr.

Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast.

Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð, þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaf-

lega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd.

Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu.

Kvöð þessari skal þinglýsa.

7. gr.

Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnumálaráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og tekur við greiðslu afborgana.

Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnumálaráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn.

Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar, svo og um útborgun styrkja eftir ákvörðun ráðherra.

10. gr.

Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

12. gr.

Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þessara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 216. Lög

um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 175.

Ed. 217. Lög

um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 139.

Nd. 218. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Skúla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. koma nýir töluliðir:

4. Á eftir 14. tölul. kemur nýr liður:
   Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri.
5. Úr sama tölul. falla burt orðin „og Suðureyrarhreppur".
6. Á eftir 31. tölul. kemur nýr liður:
   Raufarhafnarhérað: Austur-Slétta frá Rifi og vesturhluti Þistilfjarðar að Kolluvík, og minnkar núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishérað sem því svarar. Læknissetur á Raufarhöfn.

Nd. 219. Breytingartillögur

við frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá Finni Jónssyni, Pétri Ottesen, Jóhanni Jósefssyni og Eysteini Jónssyni.

1. Við 3. gr. Síðari málsgr. skal orða svo:
   Atvinnumálaráðherra veitir fé úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.
2. Við 9. gr. Fyrstu málsgr. skal orða svo:
   Þegar atvinnumálaráðherra hefur lofað láni, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands lánsfjárhæðina, og sér hann um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og tekur við greiðslu afborgana.

Nd. 220. Breytingartillögur

við frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 3. gr. Síðari málsgr. skal orða svo:
   Atvinnumálaráðherra veitir fé úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

2. Við 9. gr. Fyrstu málsgr. skal orða svo:
Þegar atvinnumálaráðherra hefur lofað láni, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands lánsfjárhæðina, og sér hann um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og tekur við greiðslu afborgana.

Nd. 221. Hafnarlög

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 211 (sbr. 200 og 210).

Ed. 222. Frumvarp til laga

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánum til skipakaupa.

2. gr.

Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með. Sama gildir um vél skipsins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður.

3. gr.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

Atvinnumálaráðherra veitir fé úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands

4. gr.

Þegar styrkur eða vaxtalaust lán eru veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda.

5. gr.

Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins.

Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Mega þau að viðbættum lánum með betri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé eigi dregið út úr honum til annarra hluta.

6. gr.

Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast.

Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaflega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd.

Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu.

Kvöð þessari skal þinglýsa.

7. gr.

Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnumálaráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hefur lofað láni, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands lánsfjárhæðina, og sér hann um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og tekur við greiðslu afborgana.

Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnumálaráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn.

Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar svo og um útborgun styrkja eftir ákvörðun ráðherra.

10. gr.

Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

12. gr.

Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þessara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 223. Lög

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Afgreidd frá Nd. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 208.

Sþ. 224. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 177 [notkun íslenzka fánans].

Frá Gunnari Thoroddsen, Sigurði Bjarnasyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Bjarna Ásgeirssyni.

Brtt. á þskj. 177 orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeirri ósk og beina þeirri áskorun til allra landsmanna, að efld sé og aukin notkun íslenzka fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenzka þjóðernis og fullveldis.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

að hvetja bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir um land allt og félög og félagasamtök, er vinna að menningar- og þjóðernismálum, til þess að beita áhrifum sínum í þá átt, að sem flest heimili, stofnanir og fyrirtæki eignist íslenzka fána, komi sér upp fánastöngum og dragi íslenzka fánann að hún á hátíðlegum stundum,

að hlutast til um eftir föngum, að jafnan sé fáanlegt í landinu við sanngjörnu verði nægilegt af fánastöngum, efni í fána og fánum í réttum hlutföllum og réttum litum, og sé þetta gert m. a. með samningaumleitunum við verzlunarsamtök landsmanna og með því að veita nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi í þessu skyni,

að gefa út tilkynningu um fánadaga, þ. e. þá hátíðisdaga ársins, sem sérstaklega er óskað, að allur landslýður dragi fána að hún,

að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann og leggja frumvarp til fánalaga fyrir Alþingi, er það kemur næst saman.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til að standast kostnað við framkvæmd þessarar þingsályktunar.

Sþ. 225. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 197 [Norræn samvinna].

Frá Áka Jakobssyni.

Á eftir orðunum „þeim farsældar og“ komi: Norðmönnum og Dönum.

Sþ. 226. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 197 [Norræn samvinna].

Frá Ingólfi Jónssyni.

Á eftir orðunum „farsældar og“ komi: og óska þeim, að þau megi sem fyrst losna úr þeim fjötrum, sem þau nú eru í, og verða alfrjáls að nýju.

Sþ. 227. Þingsályktun

um þátttöku Íslands í norrænni samvinnu.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 147.

Sþ. 228. Þingsályktun

um rannsókn á möguleikum til magnesíumframleiðslu úr sjó.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsóknaráð ríkisins athuga möguleika á því að framleiða magnesíum úr sjó í stórum stíl hér á landi og leggja niðurstöður þeirra athugana fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Sþ. 229. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 12.

Sþ. 230. Þingsályktun

um úrkomumælingar á hálendi Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 39.

Ed. 231. Breytingartillaga

við frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd, er hefur á hendi úthlutun fjár úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skulu 4 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður án tilnefningar.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda nefndinni umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

2. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo: Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og tekur við greiðslu afborgana.

Sþ. 232. Frumvarp til laga

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíða fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánum til skipakaupa.

2. gr.

Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með. Sama gildir um vél skipsins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd, er hefur á hendi úthlutun fjár úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skulu 4 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður án tilnefningar.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda nefndinni umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

4. gr.

Þegar styrkur eða vaxtalaust lán eru veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð

eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda.

5. gr.

Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins.

Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Mega þau að viðbættum lánum með þetri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé ekki dregið út úr honum til annarra hluta.

6. gr.

Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast.

Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaflega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd.

Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu.

Kvöð þessari skal þinglýsa.

7. gr.

Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnumálaráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og tekur við greiðslu afborgana.

Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnumálaráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn.

Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar svo og um útborgun styrkja eftir ákvörðun ráðherra.

10. gr.

Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

12. gr.

Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þessara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 233. Þingsályktun

um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að rannsaka og skila rökstuddu áliti um það, á hvern hátt verði hagkvæmast og með mestu öryggi tryggðar samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, enda ljúki nefndin störfum svo fljótt sem auðið er.

Nefndinni ber að semja kostnaðaráætlun um þær samgöngubætur, er hún leggur til, að gerðar verði.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en vegamálastjóri vera fimmti maður í nefndinni og formaður hennar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 234. Þingsályktun

um framlag úr ríkissjóði til fjárskipta í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, vegna framkominna óska um fjárskipti í Suður-Þingeyjarsýslu, athugun á því, á hvern hátt sé tiltækilegast að ráða bót á erfiðleikum þeim, sem steðja að bændum á þessu svæði af völdum sauðfjársjúkdóma. Heimilast ríkisstjórninni að verja allt að 600 þús. krónum úr ríkissjóði í þessu skyni, enda hafi ríkisstjórnin og sauðfjársjúkdómanefnd orðið sammála um úrræðin og bændur þeir, er hlut eiga að máli, samþykkt með eigi minna atkvæðamagni en tilskilið er í II. kafla laga nr. 88 9. júlí 1941.

Sþ. 235. Lög

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 232.

Sþ. 236. Þingsályktun

um rannsókn gufuhvera.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, í samvinnu við Reykjavíkurkaupstað, hið allra fyrsta fram fara rannsókn á virkjun gufuhvera í Henglinum og á jarðhitasvæði Hveragerðis í Ölfusi, til hita- og rafmagnsframleiðslu. Skal semja við Reykjavíkurkaupstað um skiptingu kostnaðar við rannsóknir þessar milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og heimilast að greiða nauðsynlegt fé í þessu skyni úr ríkissjóði.

Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta á sama hátt fara fram, svo fljótt sem unnt er, í samvinnu við Hafnarfjarðarkaupstað, rannsókn á gufuhverunum í Krýsuvík.

Samtímis því, er rannsókn verður hafin á Henglahverunum, er ríkisstjórninni falið að athuga um eignarheimildir á hverasvæðinu, leita kauptilboða á því og leggja niðurstöðu þeirra umleitana fyrir Alþingi.

Sþ. 237. Þingsályktun

um sérstaka talsímaþjónustu í verstöðvum landsins vegna slysavarna.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til umbóta frá því, sem nú er, á slysavarnaþjónustunni með þeim hætti, er hér greinir:

1. Að aukin verði og bætt hlustvarzla við talstöðvar á landi á hentugum stöðum, þar sem þörfin er mest.
2. Að gætt sé fyllsta öryggis í talstöðvaumbúnaði í varðskipum og björgunar- og gæzlubátum og þar sé starfrækt stöðug hlustvarzla.
3. Að brýnt sé fyrir og leitað samstarfs við útgerðarmenn og skipshafnir báta og skipa, er talstöðvar hafa, um að hlustað sé í talstöðvar bátanna, þegar þeir eru í rúmsjó, eftir því sem frekast verður við komið, og að lögð sé sérstök áherzla á, að hlustað sé að staðaldri í vondum veðrum.

Auk þess er þess vænzt, að ríkisstjórnin láti þá aðila, er falið hefur verið að gera tillögur um heildarkerfi fyrir radiovita og miðunarstöðvar, einnig framkvæma hliðstæða athugun á því, hvernig slysavarnaþjónustunni verði að þessu leyti bezt fyrir komið, og leiti þessir aðilar álits og tillagna Slysavarnafélagsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Alþýðusambandsins um málið.

Sþ. 238. Þingsályktun

um notkun íslenzka fánans.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeirri ósk og beina þeirri áskorun til allra landsmanna, að efld sé og aukin notkun íslenzka fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenzka þjóðernis og fullveldis.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

að hvetja bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir um land allt og félög og félagasamtök, er vinna að menningar- og þjóðernismálum, til þess að beita áhrifum sínum í þá átt, að sem flest heimili, stofnanir og fyrirtæki eignist íslenzka fána, komi sér upp fánastöngum og dragi íslenzka fánann að hún á hátíðlegum stundum,

að hlutast til um eftir föngum, að jafnan sé fáanlegt í landinu við sanngjörnu verði nægilegt af fánastöngum, efni í fána og fánum í réttum hlutföllum og réttum litum, og sé þetta gert m. a. með samningaumleitunum við verzlunarsamtök landsmanna og með því að veita nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi í þessu skyni,

að gefa út tilkynningu um fánadaga, þ. e. þá hátíðisdaga ársins, sem sérstaklega er óskað, að allur landslýður dragi fána að hún,

að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann og leggja frumvarp til fánalaga fyrir Alþingi, er það kemur næst saman.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til að standast kostnað við framkvæmd þessarar þingsályktunar.

Sþ. 239. Þingsályktun

um framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 160.

Sþ. 240. Breytingartillaga.

við till. til þál. um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða.

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað orðanna „skipun læknishéraða“ komi: skipun heilbrigðismála og sérstaklega læknishéraða.

Sþ. 241. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir orðunum „viðunandi læknishjálp“ í fyrra málslið tillgr. kemur: skal nefndin einnig taka til athugunar, hverjar aðrar ráðstafanir virðast tiltækilegar til þess að tryggja sveitahéruðum læknisþjónustu.

Sþ. 242. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að athuga, hverjar breytingar kunna að vera nauðsynlegar á skipun læknishéraða og þátt-

töku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla með tilliti til þeirra erfiðleika, sem á því eru að tryggja dreifbýlinu nauðsynlega læknishjálp. Skal nefndin einnig taka til athugunar, hverjar aðrar ráðstafanir virðast tiltækilegar til þess að tryggja sveitahéruðum læknisþjónustu.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis og annar samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, en ríkisstjórnin skipar þann þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Sþ. 243. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla.

Frá allsherjarnefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að athuga, hverjar breytingar kunna að vera nauðsynlegar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla, svo og hverjar aðrar ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera til þess að tryggja sveitahéruðum sem bezta læknisþjónustu.
   Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis, annar samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.
   Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um skipun læknishéraða og um læknisþjónustu í sveitahéruðum.

Sþ. 244. Þingsályktun

um skipun læknishéraða og um læknisþjónustu í sveitahéruðum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að athuga, hverjar breytingar kunna að vera nauðsynlegar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla, svo og hverjar aðrar ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera til þess að tryggja sveitahéruðum sem bezta læknisþjónustu.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis, annar samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 245. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 194.

Sþ. 246. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Athugasemd.

Ályktun Alþingis frá 25. febrúar síðastl. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 hefur verið borin undir atkvæði eins og í ályktuninni segir, með þeim úrslitum, að yfir 97% allra kosningabærra manna í landinu hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu og af þeim hafa yfir 97% goldið jákvæði við ályktuninni. Er fyrri málsgrein ályktunarinnar því borin fram á Alþingi af nýju samkvæmt síðari málsgr. sinni.

Fylgiskjal.

Þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra alþingiskjósenda til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Nái ályktunin samþykki, tekur hún gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana að nýju að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu.

Samþykkt í sameinuðu Alþingi 25. febrúar 1944.

Sþ. 247. Tillaga til þingsályktunar

um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar, með tilvísun til 81. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og þar sem skilyrðum sömu greinar um atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna í landinu er fullnægt, að stjórnarskráin skuli ganga í gildi laugardaginn 17. júní 1944, þegar forseti sameinaðs Alþingis lýsir yfir því á fundi í Alþingi.

Athugasemd.

Atkvæðagreiðsla sú, er í 81. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er mælt, hefur farið fram með þeim úrslitum, að þátt hafa tekið í atkvæðagreiðslu yfir 97% allra kosningabærra manna og yfir 95% hafa goldið jákvæði við stjórnarskránni. Tillaga til þingsályktunar um gildistöku hennar er því hér með lögð fram, sbr. áðurnefnda 81. gr. stjórnarskrárinnar.

Nd. 248. Frumvarp til laga

um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi til veizlufagnaðar að kvöldi 18. júní 1944 í tilefni lýðveldisstofnunar á Íslandi afnot veitingasala allra á Hótel Borg í Reykjavík, neðstu hæð, með húsgögnum öllum, svo og afnot eldhúss og annarra þeirra herbergja á hæðinni, er nota þarf í þessu skyni, ásamt eldhúsáhöldum, borðbúnaði og öðrum nauðsynlegum munum. Um framkvæmd leigunáms þessa skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmissalirnir á Hótel Borg verða að teljast einu húsakynnin, sem hæf eru til þess fyrir stærðar sakir að halda í fyrirhugaða veizlu ríkisstjórnarinnar 18. júní næstk. í tilefni lýðveldisstofnunarinnar. En vegna ágreinings við félag hljóðfæraleikara er ekki unnt að hafa hljóðfæraleik í veizlunni, nema sú leið sé farin, sem í frv. greinir, að ríkisstjórnin taki leigunámi afnot nauðsynlegra húsakynna í gistihúsinu o. fl. í þessu skyni þennan dag, sem veizlan á að standa.

Nd. 249. Frumvarp til laga

um þjóðfána Íslendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár (ultramarineblár) með mjallhvítum krossi og eldrauðum (hárauðum) krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra 2/9, en rauða krossins 1/9 af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru rétthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiðir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

2. gr.

Ríkisstjórnin og opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna, þar sem saman koma 4/7 ytri og 3/7 innri hlutar lengdar þeirra. Þar sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

Póst- og símafáni svo og tollgæzlufáni eru tjúgufánar með merki í efra stangarreit miðjum: póst- og símafáninn með póstlúðri hringuðum utan um stjörnu og út frá stjörnunni eldingarleiftur á alla vegu, en tollfáninn með upphafstéi (T). Merki þessi eru silfurlit og gylt merki æðsta valdsmanns þjóðarinnar yfir.

3. gr.

Fáni hafnsögumanns er hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu, jafnbreiðum krossunum, þ. e. 1/7 af breidd bláu reitanna.

4. gr.

Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota í nokkrum þjóðfána.

5. gr.

Tjúgufánann má aðeins nota á húsum, sem eru eign ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

Tjúgufánann má aðeins nota á skipum, sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir, með þeim undantekningum, sem hér greinir:

Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæzlu, tollgæzlu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o. s. frv.), má það nota tjúgufánann af þeirri gerð, sem við á samkvæmt 2. gr.

Skip, sem annast póstflutning eftir samkomulagi eða samningi við ríkisstjórnina, mega nota póstfánann á umsömdum póstleiðum, enda hafi þau rétt til að sigla undir íslenzkum fána.

6. gr.

Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af aftara siglutré. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á aftara siglutré, enda séu siglutrén tvö.

7. gr.

Frá 1. marz til 31. október skal ekki draga þjóðfánann að hún á landi fyrr en kl. 8 að morgni og frá 1. nóvember til febrúarloka ekki fyrr en kl. 9 að morgni. Fáninn skal dreginn niður, er sól sezt, þó ekki síðar en kl. 22, ef sól sezt síðar.

Um notkun fánans á skipum fer eftir reglum þeim, er gilda á hverjum tíma um slíka notkun.

Á húsum og skipum strandgæzlu og tollstjórnar má víkja frá þessum reglum.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.

9. gr.

Sýnishorn af réttum litum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

10. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

11. gr.

Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

12. gr.

Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.

Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins.

Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara eða ný fyrirmæli, sem þörf kann að vera á að dómi reynslunnar.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 10—1000 krónum. Með sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi allt að 6 mánuðum skal refsa skipstjóra, sem notar þjóðfánann ólöglega eða notar á sjó, þar sem íslenzkt vald nær til, nokkurn fána, sem hann á ekki rétt á að nota. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919 og nr. 30 13. jan. 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Árið 1941 lagði þáverandi ríkisstjórn fyrir Alþingi frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga. Allsherjarnefnd neðri deildar fékk málið til meðferðar og lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt með nokkrum breytingum, en málið komst ekki lengra að því sinni. Árið 1942 var frumvarpið borið fram af hálfu þingmanna í neðri deild eins og allsherjarnefnd hafði gengið frá því árið áður. Málinu var vísað til allsherjarnefndar, sem skilaði áliti og lagði til einróma, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fyrir. En málið dagaði aftur uppi.

Litlu áður en þingi var frestað í marz s. l. var stjórninni með þingsályktun m. a. falið að leggja frumvarp til fánalaga fyrir Alþingi, er það kæmi næst saman. Með því að frumvarpið, sem lagt var fyrir Alþingi 1941, hafði verið rækilega undirbúið og það síðan verið athugað gaumgæfilega í nefndum á tveimur þingum, þá hefur stjórnin talið rétt að leggja frumvarpið fyrir þingið nú í þeirri sömu mynd og það lá fyrir þinginu 1942, enda lagði nefndin, sem fjallaði um málið, það til, eins og áður var sagt, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Ed. 250. Frumvarp til laga

um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum 50000.00 kr. á ári og að auki verðlagsuppbót samkvæmt lögum.

Launin ásamt verðlagsuppbót greiðast á venjulegan hátt mánaðarlega fyrir fram.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru að viðbættri verðlagsuppbót. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt 9. gr. stjórnarskrárinnar skal ákveða með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, er fara með forsetavald.

Um 1. gr.

Stofnlaunin þykja hæfilega sett eins og í greininni segir, og sökum óvissu peningagildisins þykir rétt, að greidd skuli verðlagsuppbót á launin með sama hætti og til annarra embættismanna ríkisins.

Um 2. og 3. gr.

Ákvæði þessara greina eru hin sömu og nú gilda fyrir ríkisstjóra Íslands.

Um 4. gr.

Þóknun til þeirra manna, sem fara með forsetavald um stundarsakir, þykir réttilegast ákveðin eins og í greininni segir og að launin dreifist að jöfnu milli þeirra.

Ed. 251. Lög

um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni.

(Afgreidd frá Ed. 13. júní).

Samhljóða þskj. 248.

Nd. 252. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um fiskiskipakaup frá Svíþjóð.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvernig stendur á því, að ekki hafa verið fest kaup á þeim 45 fiskiskipum í Svíþjóð, sem atvinnumálaráðuneytið tilkynnti s. l. vetur, að hægt væri að fá?

Og hvers vegna hefur nefnd sú, er skipuð var samkv. samþykkt Alþingis til að úthluta lánum eða styrkjum til fiskiskipakaupa, ekki verið kvödd til starfa?

Greinargerð.

Þegar atvinnumálaráðuneytið gerði kunnugt s. l. vetur, að möguleikar væru á að fá keypta allmarga fiskibáta frá Svíþjóð, sýndi það sig strax, að mikill og almennur áhugi var á því meðal fiskimanna um allt land, að kaup þessi gætu komizt í kring. Margfalt fleiri umsóknir um bátakaup bárust á stuttum tíma en líkur voru til, að hægt yrði að uppfylla. Alþingi samþykkti að verja nokkru fé til stuðnings nýbyggingu fiskiskipa og setti lög um meðferð fjárins.

Nú eru liðnir 6—7 mánuðir síðan fullvíst var, að hægt væri að fá smíðaða að minnsta kosti 45 fiskibáta í Svíþjóð fyrir hagstætt verð.

Það hefur orðið mönnum talsvert undrunarefni, hve seint og illa virðist ganga með kaup á fiskiskipum þessum.

Enn mun enginn samningur hafa verið gerður við Svía um smíði bátanna, og enn er öllum þeim, sem hugsað hafa sér að eignast þessa báta, algerlega ókunnugt um, hvort kaup þessi muni takast og hvaða verð og kaupskilmálar muni verða, ef kaupin gætu tekizt.

Kaup á nokkrum tugum fiskiskipa eru slíkt stórmál, að ekki má svo lengur ganga, að mánuður eftir mánuð líði, án þess að kaupin séu fest og bygging bátanna hafin, ef þess er nokkur kostur.

Nd. 253. Nefndarálit

um frv. til l. um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Einn nefndarmanna (JörB) telur, að æskilegast hefði verið, að gerð fánans væri bláhvíti fáninn, og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. í þá átt.

Nefndin vill gera á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Orðin „(ultramarineblár)“ og „(hárauðum)“ falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. Upphaf gr. orðist svo:
      Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar o. s. frv.
   b. Orðin „á alla vegu“ í 3. málsgr. falli niður.
   c. Síðari málsliður 3. málsgr. orðist svo: Merki þessi eru silfurlit.
3. Við 4. gr. Í stað „nokkrum þjóðfána“ kemur: þjóðfánanum.
4. Við 5. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana.

5. Við 6. gr. 4. og 5. málsl. orðist svo:
Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af því siglutré, sem aftast er. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á siglutré, eða aftasta siglutré, ef fleiri eru en eitt.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Með forsetaúrskurði skal kveða á um fánadaga og hve lengi dags fánum megi halda við hún.
7. Við 9. gr. Upphaf gr. orðist svo:
Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans skal vera til o. s. frv.
8. Við 13. gr. Orðin „eða ný fyrirmæli, sem þörf kann að vera á að dómi reynslunnar" falli burt.
9. Við 14. gr. Gr. orðist svo:
Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.
Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.
Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.
10. Við 15. gr. Gr. orðist svo:
Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919, nr. 23 frá 5. júlí 1920, nr. 30 frá 13. jan. 1938 og ríkisstjóraúrskurður nr. 119 frá 9. des. 1941.
11. Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 14. júní 1944.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.
Jörundur Brynjólfsson. Þóroddur Guðmundsson.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd á gagngerðri endurskoðun á stjórnskipunarlögunum.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Barði Guðmundsson, Finnur Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar, að til viðbótar í nefnd þá, sem kosin hefur verið skv. ályktunum Alþingis frá 8. sept. 1942 og 22. maí 1942, til þess að undirbúa og gera tillögur um framtíðarstjórnskipunarlög fyrir lýðveldið Ísland, skuli skipa 10 menn, karla og konur. Skulu menn þessir skipaðir af hæstarétti og valdir með hliðsjón af þekkingu þeirra á stjórnskipunarfræði og þekkingu þeirra og kunnugleika á iögum, þörfum og óskum sem flestra í landinu.

Við störf sín skal nefndin kynna sér sem bezt hinar frjálslyndustu kröfur nútímans um almenn mannréttindi, skyldur þegnanna til þess að vinna nytsöm störf í þjóðfélaginu, réttinn til þess að fá vinnu og skyldur þjóðfélagsins til þess að sjá þegnum sínum fyrir vinnu, menntun og öryggi.

Milliþinganefndin skal hraða störfum svo mikið sem unnt er, með það fyrir augum, að hægt verði að leggja frumvarp til nýrra stjórnskipunarlaga fyrir íslenzka lýðveldið fyrir Alþingi, áður en næstu alþingiskosningar fara fram.

Nefndinni er rétt að skipta með sér verkum og kjósa undirnefndir til sérstakra athugana og starfa.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 22. maí 1942 ályktaði sameinað Alþingi að kjósa 5 manna milliþinganefnd, til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi.

Samkvæmt þessari ályktun kaus Alþingi þessa menn í nefndina: Stefán Jóh. Stefánsson, hrm., Hermann Jónasson, alþm., Jónas Jónsson, alþm., Bjarna Benediktsson, borgarstjóra, og Gísla Sveinsson, alþm.

Þann 8. sept. 1942 ályktaði sameinað Alþingi, að milliþinganefnd þessi skyldi halda áfram störfum til undirbúnings þeim breytingum á stjórnskipunarlögum ríkisins, sem leiddi af því, að stofnað yrði lýðveldi á Íslandi og konungdæmið afnumið og sambandslagasáttmálinn felldur úr gildi, en slíkar breytingar var heimilt að gera á stjórnarskránni með sérstökum hætti, svo skyldi nefndin og undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipunarlaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Jafnframt ályktaði Alþingi að bæta mönnum í nefndina, þannig að í henni eigi sæti tveir fulltrúar frá hverjum þeirra flokka, er fulltrúa áttu þá á Alþingi, enda verði viðbótarfulltrúarnir tilnefndir þegar í stað.

Samkvæmt þessari þingsályktun voru tilnefndir í nefndina til viðbótar þeim, sem áður voru: Haraldur Guðmundsson, alþm., Áki Jakobsson, alþm., og Einar Olgeirsson, alþm.

Eftir þetta hélt nefndin áfram störfum. Vann nefndin aðallega, ef ekki eingöngu, að því að athuga, hverjar þær breytingar væru, sem gera þyrfti og gera mætti á stjórnarskrá Íslands skv. stjórnarskrárbreytingu þeirri, er hlaut lokaafgreiðslu frá Alþingi 15. des. 1942. En það voru aðallega þau atriði, sem snerta meðferð hins æðsta valds ríkisins. Athugaði nefndin einkum í því sambandi fyrirkomulag forsetakjörs með lýðveldisþjóðum. Hins vegar mun nefndin lítt hafa sinnt hinum þætti hlutverks síns, þ. e. að undirbúa aðrar nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis stóðu í sambandi við stofnun lýðveldisins, enda vart við slíku að búast, þar eð tíminn var naumur og hið fyrra verkefni nefndarinnar ærið.

Í aprílmánuði 1943 sendi nefndin frá sér nefndarálit ásamt frumvarpi til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, þ. e. heildarstjórnarskrár innan heimildar stjórnskipunarlaganna frá 15. des. 1942. Var tekið fram í nefndarálitinu, að með þessu stjórnarskrárfrumvarpi skilaði nefndin fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en að hún mundi áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Benti nefndin á, að þetta starf mundi reynast öllu víðtækara en það, sem frá væri, og að nauðsynlegt mundi að afla ýmissa gagna, er nú væru ekki fyrir hendi.

Frumvarp milliþinganefndarinnar kom fyrir Alþingi á árinu 1943 og er nú að hljóta endanlega afgreiðslu skv. réttum lögum.

Í sambandi við seinni þáttinn af hlutverki milliþinganefndarinnar, almennu endurskoðunina á stjórnarskránni, hefur greinilega komið í ljós nú í umræðum þeim, sem fram hafa farið á Alþingi, í blöðum og víðar í tilefni af þjóðaratkvæðagreiðslunni um lýðveldisstjórnarskrána, að brýn nauðsyn er til þess, að hinni almennu endurskoðun verði hraðað og til hennar verði vandað. Þjóðin virðist á einu máli um það, að stjórnskipunarlög þau, sem við nú búum við, séu á margan hátt svo gölluð og úrelt, að ekki verði lengur við unað. Jafnvel sum þeirra ákvæða, sem nú er verið að taka upp í stjórnarskrána, hafa sætt harðri gagnrýni og andúð almennings. Má fullyrða, að ekkert hafi hindrað almenning í að láta í ljós óánægju sína með stjórnarskrána við atkvæðagreiðsluna í s. l. mánuði annað en sú óhjákvæmilega nauðsyn, að þjóðin sýndi samhug sinn um stofnun lýðveldisins, en léti ekki óánægju sína með einstök atriði stjórnarskrárinnar, sem ekkert stóðu í sam-

bandi við sjálfa lýðveldismyndunina, verða til þess að tvístra þjóðinni. Alþýðuflokkurinn hefur fyrir löngu og hvað eftir annað lýst yfir því, að hann vildi beita sér fyrir því, að endurskoðun stjórnarskrárinnar yrði hraðað. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðsluna gefið yfirlýsingar, sem ganga í sömu átt, og má ganga út frá því sem gefnu, að þessar yfirlýsingar hafi orðið til þess, að þjóðin sætti sig betur við að samþykkja stjórnarskrána eins og hún lá fyrir við atkvæðagreiðsluna. Það virðist því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi nú, þegar sjálft stjórnarformið hefur verið ákveðið með stofnun lýðveldisins, láti í ljós vilja sinn og fyrirheit um, að endurskoðun stjórnarskrárákvæðanna almennt skuli hraðað sem mest og henni lokið eigi síðar en fyrir næstu kosningar.

En það er ekki fullnægjandi að gera ályktanir, sem beinast að því, að hraða skuli endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það verður jafnframt að sjá svo um, að milliþinganefnd sú, sem með málið fer, sé þannig skipuð, að hún hafi aðstöðu til að taka til athugunar, meta og afgreiða öll þau mörgu vandamál, sem óhjákvæmilega hljóta að bíða úrlausnar þeirrar nefndar, sem með mál þessi fer. Eins og nefndin er nú skipuð, þá eiga þar sæti tveir fulltrúar frá hverjum þingflokkanna. Skal það á engan hátt dregið í efa, að allir hafi þingflokkarnir vandað val fulltrúa sinna í nefndina, svo sem hver og einn þeirra hafði frekast tök á, og að þessir fulltrúar muni leggja afstöðu síns flokks og hugmyndir í þessum efnum vel og skilmerkilega fyrir nefndina. En hér koma án efa fleiri sjónarmið, fleiri vandamál, fleiri óskir og réttmætar kröfur til greina en þær, sem ástæða er til að ætla, að nefnd, sem eingöngu er skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna, taki nægilegt tillit til. Í nefndina virðist því vanta aukna krafta, sem geta lagt fram sérþekkingu á sviði löggjafar um stjórnskipun ríkja og margháttaðan kunnugleik á högum, þörfum og óskum ýmissa atvinnustétta og hagsmunahópa í landinu. Þá virðist næsta óeðlilegt, að við skipun milliþinganefndar, sem á að gera tillögur um framtíðarstjórnskipun ríkisins, sé með öllu gengið fram hjá kvenþjóðinni. Verður að telja sjálfsagt, að konum séu tryggð sæti í nefnd þessari. Flutningsmönnum þessarar tillögu virðist því óhjákvæmilegt að bæta í nefndina körlum og konum til þess að tryggja, að þau sjónarmið, sem að framan getur, komi fram. Vandinn er hins vegar talsverður, þegar fara á að velja þessa viðbótarmenn í nefndina. Í því sambandi má hugsa sér ýmsar leiðir. Sá möguleiki væri t. d. ekki fjarri að leita til ýmissa félagssamtaka í landinu eftir útnefningu, en á því er sá galli, að slík samtök eru svo mörg, að ef taka ætti tillit til þeirra allra, þá yrði nefndin til muna of fjölmenn, til að nokkurt gagn gæti að henni orðið. Ætti hins vegar að leita til sumra samtaka, en sleppa öðrum, mundi skapast óréttlæti, og frágangssök virðist að meta, hverja skyldi taka með og hverjum sleppt. Almennar kosningar í nefndina virðast ekki koma til mála þegar af þeirri ástæðu, að þar mundi einvörðungu verða um flokkspólitískar kosningar að ræða, en tilgangurinn með fjölguninni í nefndinni er einmitt að komast hjá slíku. Hér virðist vart um aðra leið að ræða en þá að leita um útnefninguna til þess aðila, sem Alþingi jafnan leitar, þegar nefna á hæfa menn og óvilhalla til að vinna vandasöm verk, þ. e. hæstaréttar, og fela honum að tilnefna menn til viðbótar í milliþinganefndina. Virðist það og ekki óeðlilegt, að hæstarétti sé falin þessi tilnefning, þegar þess er gætt, að það liggur á valdi hæstaréttar að úrskurða um það, hvernig skilja beri ákvæði stjórnskipulaganna og hvort athafnir Alþingis, framkvæmdarvaldsins og einstaklinga samræmist ákvæði stjórnarskrárinnar. Fyrir því hafa flutningsmenn þessarar tillögu, en það eru fulltrúar Alþýðuflokksins á Alþingi, lagt til, að fjölgað verði í milliþinganefndinni í stjórnarskrármálinu um 10 menn og skuli þeir tilnefndir af hæstarétti og þess gætt við tilnefninguna, að mennirnir séu valdir með hliðsjón af þekkingu þeirra á almennri stjórnlagafræði og þekkingu þeirra og kunnugleika á högum, þörfum og óskum sem flestra. Það skal þó tekið fram, að komi fram hugmyndir um aðra leið

til útnefningar í nefndina, sem flutningsmenn geta fellt sig við, þá eru þeir reiðubúnir að taka það mál til nánari athugunar.

Þá vilja flutningsmenn benda á, að hugmyndir manna um réttindi samfélagsins og skyldur þess gagnvart einstaklingunum hafa breytzt mjög á síðari tímum, og bendir margt til þess, að í réttarvitund almennings sé það talin jafnvel fyrsta skylda þjóðfélagsins að tryggja landsmönnum hverjum og einum öryggi gegn skorti, rétt til menntunar og vinnu, auk almennra mannréttinda. Þykir því rétt að leggja á það sérstaka áherzlu í þingsályktuninni sjálfri, að nefndin kynni sér sem bezt þær skoðanir, sem uppi eru í þessum efnum.

Nd. 255. Frumvarp til laga

um þjóðfána Íslendinga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra 2/9, en rauða krossins 1/9 af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru rétthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiðir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

2. gr.

Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna þar, sem saman koma 1/7 ytri og 3/7 innri hlutar lengdar þeirra. Þar, sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

Póst- og símafáni svo og tollgæzlufáni eru tjúgufánar með merki í efra stangarreit miðjum: póst- og símafáninn með póstlúðri hringuðum utan um stjörnu og út frá stjörnunni eldingarleiftur, en tollfáninn með upphafstéi (T). Merki þessi eru silfurlit.

3. gr.

Fáni hafnsögumanns er hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu, jafnbreiðum krossunum, þ. e. 1/7 af breidd bláu reitanna.

4. gr.

Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota í þjóðfánanum.

5. gr.

Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

Tjúgufánann má aðeins nota á skipum, sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir, með þeim undantekningum, sem hér greinir:

Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæzlu, tollgæzlu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o. s. frv.), má það nota tjúgufánann af þeirri gerð, sem við á samkvæmt 2. gr.

Skip, sem annast póstflutning eftir samkomulagi eða samningi við ríkisstjórnina, mega nota póstfánann á umsömdum póstleiðum, enda hafi þau rétt til að sigla undir íslenzkum fána.

6. gr.

Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af því siglutré, sem aftast er. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á siglutré, eða aftasta siglutré, ef fleiri eru en eitt.

7. gr.

Með forsetaúrskurði skal kveða á um fánadaga og hve lengi dags fánum megi halda við hún.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.

9. gr.

Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

10. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

11. gr.

Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

12. gr.

Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.

Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins.

Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til

sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.

14. gr.

Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919, nr. 23 frá 5. júlí 1920, nr. 30 frá 13. jan. 1938 og ríkisstjóraúrskurður nr. 119 frá 9. des. 1941.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 256. Nefndarálit

um frv. til l. um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta. Þykir einstökum nefndarmönnum orka nokkurs tvímælis um sum ákvæði frumvarpsins, en eftir því sem á stendur, mæla þeir þó með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (BrB og HG) voru ekki á fundinum, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 15. júní 1944.

Pétur Magnússon, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 257. Nefndarálit

um frv. til l. um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (SkG og ÁkJ) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. júní 1944.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jakob Möller.

Sþ. 258. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu þjóðminjasafns.

Flm.: Ólafur Thors, Einar Olgeirsson, Haraldur Guðmundsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir af ríkisfé 3 milljónir króna til þess að reisa hús fyrir þjóðminjasafnið og að hefjast þegar handa um undirbúning byggingarinnar.

Ed. 259. Frumvarp til laga

um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Við 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 bætist ný (3.) málsgr. svolátandi:

Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsgr. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo getur staðið á, að tvímælis orki í áliti almennings, hvort svipta beri mann réttindum samkvæmt 68. gr. alm. hegningarlaga óafturkallanlega 5 ár samkvæmt 2. málsgr. 85. gr. sömu laga, enda þótt hann hafi hegðað sér óaðfinnanlega eftir afplánun refsingar full 2 ár, eins og til er skilið til uppreistar æru í 1. málsgr. 85. gr. Virðist því rétt, að veitt sé heimild til þess að veita uppreist æru eftir skemmri tíma en 5 ár samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar. Mundi þetta einkum koma til greina um sum svonefnd pólitísk brot og brot gegn valdstjórn, sem almenningur virðist líta talsvert öðruvísi á en t. d. auðgunarbrot, peningafals, skjalafals, brot gegn lífi manna og líkama o. s. frv. En auðvitað verður að meta ástæður hverju sinni og beita heimildinni með allri varúð.

Frv. er samið af dómsmálaráðherra og flutt nú í samráði við hann.

Ed. 260. Breytingartillaga

við frv. til l. um þjóðfána Íslendinga.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 11. gr. Orðin: „til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en“ falli niður.

Nd. **261. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun forseta Íslands.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „50000.00 kr.“ komi: 30000.00 kr.
2. Við 3. gr. Við gr. bætist: eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Ed. **262. Lög**

um þjóðfána Íslendinga.

(Afgreidd frá Ed. 15. júní).

Samhljóða þskj. 255.

Nd. **263. Lög**

um laun forseta Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 15. júní).

Samhlj. þskj. 250.

Nd. **264. Lög**

um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Nd. 15. júní).

Samhljóða þskj. 259.

Sþ. **265. Þingsályktun**

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

(Afgreidd frá Sþ. 16. júní).

Samhljóða þskj. 246.

Sþ. **266. Þingsályktun**

um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 16. júní).

Samhljóða þskj. 247.

Ed. 267. Frumvarp til laga

um endurveitingu borgararéttinda.

Flm.: Lárus Jóhannesson.

1. gr.

Dómsmálaráðherra heimilast að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgara- og atvinnuréttindum með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gert er ráð fyrir, að almenn sakauppgjöf eða náðun fari fram í tilefni lýðveldisstofnunarinnar, og kemur hún ekki að fullum notum, nema þeir, sem verða náðunarinnar aðnjótandi, fái aftur þau réttindi, sem þeir hafa misst við refsidóm. Því er þetta frumvarp flutt.

Sþ. 268. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. júní 1944, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 15. september næstkomandi.

Ed. 269. Nefndarálit

um frv. til l. um endurveitingu borgararéttinda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (BBen og GÍG) voru ekki viðstaddir, er málið var tekið fyrir í nefndinni. Annar þeirra (GÍG) var veikur, en til hins náðist ekki.

Alþingi, 19. júní 1944.

Lárus Jóhannesson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 270. Nefndarálit

um frv. til l. um endurveitingu borgararéttinda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgr. málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt, af ástæðum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 20. júní 1944.

Garðar Þorsteinsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen, frsm.

Sþ. 271. Þingsályktun

um byggingu þjóðminjasafns.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 258.

Sþ. 272. Breytingartillaga

við till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað orðanna „20. júní 1944“ komi: 22. júní 1944.

Sþ. 273. Breytingartillaga

við till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá Eysteini Jónssyni og Ingólfi Jónssyni.

Í stað orðanna „15. september“ komi: 2. september.

Sþ. 274. Breytingartillaga

við till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Í stað orðanna „15. september“ í meginmáli till. komi: 30. september.

Sþ. 275. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní).

Samhljóða þskj. 268.

Nd. 276. Frumvarp til laga

um framboð og kjör forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Við kjör forseta skal fara eftir gildandi kjörskrám yfir alþingiskjósendur.

2. gr.

Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar, en auk þessara kjörstjórna hefur hæstiréttur þau störf með höndum, sem segir í lögum þessum.

3. gr.

Forsætisráðherra ákveður hverju sinni, hvern dag í júní- eða júlímánuði forsetakjör fer fram, og auglýsir kjördaginn í útvarpi og Lögbirtingablaðinu eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir kjördag og tiltekur jafnframt tölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum.

4. gr.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir dómsmálaráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, en afgreiðir til hæstaréttar öll áðurnefnd skjöl.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsending þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga.

6. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öllu leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

7. gr.

Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins, ef fullur helmingur meðmælenda hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Annars úrskurðar hæstiréttur um það, hvort fresta þarf kosningu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu af nýju.

8. gr.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar, en hæstiréttur notar sérstaka gerðabók um þessi efni.

9. gr.

Að lokinni kosningu senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum, er segir í lögum um alþingiskosningar. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana, og fer síðan talning atkvæða fram með sama hætti og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það, hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum, sem ágreiningur hefur verið um.

11. gr.

Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.

12. gr.

Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættisins, og gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðsfresti.

13. gr.

Staðfest eftirrit af kjörbréfi forseta sendir hæstiréttur forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis.

14. gr.

Ákvæði 134. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er fram borið samkvæmt fyrirmælum 5. gr. stjórnarskrárinnar um, að setja skuli lög um framboð og kjör forseta Íslands að svo miklu leyti sem stjórnarskráin sjálf kveður ekki á um þessi efni.

Þegar Alþingi hvarf að því ráði að hafa forseta þjóðkjörinn í stað þingkjörins og ákvað, að kosningarrétt skyldu hafa allir alþingiskjósendur og kosningar vera leynilegar, þá var vitanlega til þess ætlazt, að forsetakjörið færi fram samkvæmt reglunum um kosningar til Alþingis eftir því, sem við getur átt.

Í frumvarpi þessu er því vísað til laga um kosningar til Alþingis um öll meginatriði, en þar sem hér er um landskjör að ræða, verður að setja sérákvæði um undirbúning kjörsins og úrslit þess.

Í 3. og 4. gr. er mælt fyrir um undirbúning kjörsins og störfunum skipt milli forsætisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins eftir því, sem bezt þótti við eiga. Engin stofnun þykir hins vegar betur fallin til þess að úrskurða um gildi ágreiningsseðla, lýsa úrslitum kosninganna og gefa út kjörbréf samkvæmt þeim en hæstiréttur.

Annars þarfnast frumvarpið eða einstakar greinar þess ekki skýringa.

Nd. 277. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 67 1943 að öðru leyti en því, að lögin gilda fyrir árið 1944.

Nd. 278. Frumvarp til laga

um sameining Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Eftir árslok 1944 er fjármálaráðherra heimilað að sameina rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, þegar er hann telur það hagkvæmt. Eftir sameininguna skal nafn rekstrarins vera „Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins".

2. gr.

Fjármálaráðherra ræður framkvæmdarstjóra og ákveður laun starfsmanna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, ef þau eru ekki ákveðin í launalögum.

3. gr.

Reikningum hvorrar tegundar rekstrarins, áfengisverzlunarinnar og tóbaksverzlunarinnar, skal haldið aðskildum í bókhaldi, og lög nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, ásamt breytingum á þeim lögum, og áfengislög, nr. 33 19. janúar 1935, gilda áfram, eftir því sem þau eiga við, með þeirri breytingu, sem þessi lög ákveða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er vafasamt, að lagaheimildar þurfi til að framkvæma sameiningu á rekstri Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, en með því að hvort þessara

fyrirtækja er stofnað samkvæmt sérstökum lögum og þau hafa í mörg ár verið sérstök fyrirtæki, þykir formlegra að leita lagaheimildar fyrir sameiningunni, enda þyrfti lagabreytingu til að breyta verzlunarheiti þeirra.

Nd. 279. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Aftan við g-lið í 1. málsgr. 10. gr. laganna bætist:

h. Fé, sem gefið er til líknarstarfsemi og menningarmála, allt að 10% af nettótekjum skattgreiðanda, þó ekki hærri fjárhæð en kr. 10000.00. Fjármálaráðherra setur reglur um það, hvað skuli teljast gjafir til líknarstarfsemi og menningarmála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það virðist sanngjarnt og eðlilegt, að skattgreiðendur megi ráðstafa nokkru af tekjum sínum til líknar- og menningarmála, án þess að þeim séu reiknaðar þær fjárhæðir til skatts. Nú er það svo, að hver sú fjárhæð, sem í þessu skyni er gefin, telst til skattskyldra tekna. Af þessum ástæðum láta margir minna úr hendi rakna en ella mundi, og opinberar líknar- og menningarstofnanir fara því á mis við margar gjafir vegna þess, að menn verða að telja þær til skattskyldra tekna. En slík framlög einstaklinga eða félaga til viðurkenndrar starfsemi eða stofnana mega teljast í þágu hins opinbera og því ekki eðlilegt, að unnið sé óbeinlínis á móti gjöfunum með ákvæðum skattalaganna.

Hins vegar verður að sjálfsögðu að takmarka það, hversu miklu af tekjum sínum skattgreiðendur megi verja á þenna hátt.

Enn fremur verður að setja reglur um það, hvaða starfsemi eða stofnanir komi til greina í því skyni, er að ofan greinir.

Slík undanþága, sem hér um ræðir, er í skattalögum flestra menningarlanda.

Nd. 280. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 7. kafli orðist svo:

	Grænmeti, nýtt og þurrkað:	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1	Ætisveppir	1 kg	7	50
2	Tómötur	—	7	10
3	Laukur	—	7	10
4	Kartöflur	50 kg	200	

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verðtollur %
	Belgávextir, ót. a.:			
	5 — nýir			8
	6 — þurrkaðir			8
	Grænmeti annað, ót. a.:			
	7 — nýtt	1 kg	7	10
	8 — þurrkað	—	7	10
2.	Í stað nr. 36—39 í 8. kafla komi:			
	36 Hnetur, einnig muldar, ót. a.	—	7	10
3.	Nr. 15 í 11. kafla orðist svo:			
	15 Kartöflumjöl og maíssterkja			8
4.	Í stað orðsins „kopra“ í fyrirsögninni að 12. kafla komi orðin: olíufræ, olíurík aldin.			
5.	Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:			
	8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin			8
6.	Nr. 3 í 15. kafla orðist svo:			
	3 — óleómargarín	—	2	8
7.	Nr. 26 í 15. kafla orðist svo:			
	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.	—	7	15
8.	Nr. 11 í 17. kafla falli niður.			
9.	Nr. 18 í 17. kafla orðist svo:			
	18 Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	—	420	35
10.	Nr. 9 í 21. kafla orðist svo:			
	9 Litað sykurvatn með kjörnum	—	7	50
11.	Í stað orðanna „ekki greiða verðtoll“ í athugasemd við nr. 5 í 28. kafla komi: hvorki greiða vörumagnstoll né verðtoll.			
12.	Nr. 13 í 28. kafla orðist svo:			
	13 — aðrar	—	7	8
13.	Í stað nr. 1—2 í 38. kafla komi:			
	Loðskinn:			
	1 — óunnin	—	7	30
	2 — unnin, en ósaumuð	—	7	50
	3 Vörur úr loðskinnum	—	20	70
14.	Á eftir orðunum „fura og greni“ í fyrirsögninni að nr. 1—7 í 40. kafla bætist: þar með talinn hemlockviður.			
15.	Á eftir nr. 11 í 40. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	11a — lindiviður	1 fet³	10	8
16.	Nr. 38 í 40. kafla orðist svo:			
	38 Skósmíðaleistar	1 kg	7	15
17.	Orðin „um frystan fisk til útflutnings“ í nr. 33 í 44. kafla falli niður.			
18.	Nr. 38 í 50. kafla orðist svo:			
	38 — aðrar, einnig þótt undirlagið sé pappi eða pappír eða án undirlags	—	2	8
19.	Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum	—	20	40
	40 — annars	—	20	30
20.	Nr. 2 í 52. kafla orðist svo:			
	2 — regnkápur	—	20	50
21.	Nr. 9 í 54. kafla falli niður.			
22.	Nr. 1 í 60. kafla orðist svo:			
	1 Gler, glerbrot, mulið gler, glerungur og glerull	—	1	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
23.	Í stað nr. 16—19 í 60. kafla komi:			
	Flöskur, glös, niðursuðuglös, sultukrukkur, brúsar og önnur þvílík glerílát til umbúða, ót. a.:			
	16 — mjólkurflöskur	—	1	2
	17 — flöskur og glös (sívöl), ót. a., 1 l eða minni	—	2	8
	18 — niðursuðuglös	—	2	8
	19 — annað	—	7	15
24.	Í stað nr. 9 og 10 í 63. kafla komi:			
	9 Vír úr járni og stáli, ót. a.	—	2	8
	Aths.: Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
25.	Nr. 33 í 63. kafla orðist svo:			
	33 — snjókeðjur á bifreiðar	—	2	10
26.	Í stað nr. 83 og 84 í 63. kafla komi:			
	83 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
27.	Nr. 103 í 63. kafla orðist svo:			
	103 Skósmíðaleistar	—	7	15
28.	Í stað nr. 23 og 24 í 64. kafla komi:			
	23 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
29.	Í stað nr. 5 og 6 í 65. kafla komi:			
	5 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
30.	Í stað nr. 9 og 10 í 66. kafla komi:			
	9 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
31.	Í stað nr. 2 í 71. kafla komi:			
	Borðhnífar, gafflar og alls konar skeiðar úr ódýrum málmum:			
	2 — með góðmálmshúð	—	7	30
	2a— annað	—	7	30
32.	Nr. 40 í 73. kafla orðist svo:			
	40 — þvottavélar	—	7	10
33.	Á eftir nr. 40 í 73. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	40a — hrærivélar	—	7	10
34.	Nr. 21 í 77. kafla orðist svo:			
	21 — gasmælar og vatnsmælar	—	7	8

35. Nr. 2 í 85. kafla orðist svo:

Til góðmálma teljast þessar vörur ekki, nema bolurinn og/eða hettan að öllu eða verulegu leyti sé úr góðmálmi.

2. gr.

m-liður 2. gr. laganna falli niður, en n-liður verði m-liður.

3. gr.

Á eftir d-lið 3. gr. laganna komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem notaðar eru til litografprentunar.

f. Meðan heimildin í 8. lið 1. gr., l. nr. 61 21. apríl 1943 er í gildi, að lækka til samræmis tollana eftir nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar.

g. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af vörum, sem sendar eru hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, eða af vörum, sem settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa, enda komi kostnaður tollstjórnarinnar af eftirlitinu með flutningi varanna og geymslu á þá, sem fá undanþágurnar.

h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og hampgarn til veiðar-

færagerðar. Ráðuneytið getur með reglugerðarákvæðum skilgreint það nánar, hvaða vörur falli undir þessa undanþágu, svo og sett fyrirmæli til þess að tryggja það, að vörur þessar verði raunverulega notaðar í nefndu skyni.

4. gr.

3. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Nú eru saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, og skal þá greiða vörumagnstoll af hverri vörutegund fyrir sig, og skal umbúðaþunganum jafnað hlutfallslega niður á vörutegundirnar og þannig greiddur tollur af hverri tegund um sig.

5. gr.

5. mgr. 10. gr. laganna („greiða skal toll af afslætti ...“) orðist svo:

Engan toll skal greiða af afslætti eða öðrum frádrætti, sem kaupanda aðfluttrar vöru er veittur, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í viðskiptum eða venjulega er gildandi um vissar vörutegundir. Ef deila rís um það, hvort frádráttur skuli tekinn til greina, sker fjármálaráðuneytið úr, og er úrskurður þess fullnaðarúrskurður um deiluna.

6. gr.

Síðasta málsgrein 13. gr. laganna orðist svo:

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsvörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð varanna, skal tollstarfsmönnum heimilt, hvort sem er við tollskoðun eða síðar, að fengnum skriflegum úrskurði tollyfirvalds, að athuga verzlunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi tollyfirvalds geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 11. liður, 31. liður og nr. 2 í 44. lið 1. gr. laga nr. 56 4. júlí 1942, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., nr. 36—39 í 1. gr. laga nr. 98 16. des. 1943, um sama efni, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðast liðnu ári mæltist fjármálaráðuneytið til þess við Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands, að þau tilnefndu mann af sinni hálfu til að taka sæti í nefnd, sem endurskoðaði lög um tollskrá með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin væri af framkvæmd téðra laga. Félag ísl. iðnrekenda tilnefndi af sinni hálfu Guttorm Erlendsson héraðsdómslögmann, Samband ísl. samvinnufélaga Eyjólf Leós fulltrúa og Verzlunarráð Íslands Birgi Kjaran hagfræðing. Skipaði síðan fjármálaráðherra þessa menn til þess að taka sæti í téðri nefnd. Auk þess voru skipaðir í nefndina Sigtryggur Klemenzson fulltrúi og Jón Hermannsson tollstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. — Nefndin starfaði kauplaust. — Nefndin hefur nú afhent ráðuneytinu tillögur sínar, og hefur ráðuneytið tekið upp í frumvarp þetta þær af tillögunum, sem því, eins og ástatt er, þykir ástæða til að bera fram.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem hér fer á eftir.

Um 1. gr.

1. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að verðtollur af grænmeti lækki yfirleitt niður í 10%. Þá er gripið tækifærið og 7. kaflinn orðaður um, til samræmis við tillögur þjóðabandalagsins, með því að kaflinn þykir ógreinilegur í núverandi mynd. Sjá aths. við 4. og 5. lið.

2. og 8. Með lögum nr. 98/1943 var tollskránni m. a. breytt þannig, að möndlur í nr. 38 í 8. kafla tollskrárinnar voru settar undir undirfyrirsögnina „Hnetur heilar eða muldar“, en afleiðingin af því varð sú, að muldar möndlur koma eftir þetta undir tvö tollskrárnúmer eða nr. 38 í 8. kafla og undir nr. 11 í 17. kafla. Við samning breytingarinnar á nr. 38 í 8. kafla mun þetta ekki hafa verið athugað, en sjálfsagt þykir, að þetta verði leiðrétt. Er því borin fram tillaga um það, að nr. 11 í 17. kafla verði fellt niður. Þá eru stytt ákvæðin í nr. 36—39 í 8. kafla og þau með því gerð ljósari og auðveldari í framkvæmd.
3. Vandkvæði hafa verið á því að fá keypt kartöflumjöl undanfarin ár, og hefur maíssterkja einkum verið notuð í stað þess. Notkun maíssterkju er yfirleitt hin sama og kartöflumjöls og virðist því réttmætt, að vörur þessar séu tollaðar eins. Þykir réttast að koma því fyrir á þann hátt, að nr. 15 í 11. kafla verði breytt þannig, að í stað kartöflumjöls komi kartöflumjöl og maíssterkja, og haldast þá aðrar sterkjutegundir í sama tolli og þær eru nú, en notkun þeirra er oft annars konar en notkun kartöflumjöls og maíssterkju.
4. og 5. Kókoskjarnar, sem teljast til olíuríkra aldina, eru notaðir til framleiðslu á kókosfeiti. Nú eru kjarnarnir í 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, en kókosfeitin í aðeins 2 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli. Verður það að teljast óeðlilegt, að kjarnarnir séu tollaðir hærra en feitin, sem úr þeim er unnin, og því er umrædd breytingartillaga fyrst og fremst borin fram. En einnig er breytingartillögunni hagað þannig, að umrætt tollskrárnúmer taki til olíufræa og olíuríkra aldina, sem kókoskjarnarnir teljast til, er rétt þykir, að til sé sérstakt tollskrárnúmer fyrir vörutegundir þessar, enda í samræmi við tollskrár nágrannaríkjanna, en sem afleiðing af því, að olíurík aldini koma í sérstakt tollskrárnúmer og vegna breytingarinnar í 1. lið hér að framan, koma soyabaunir, sem nú teljast til nr. 12 í 7. kafla tollskrárinnar með 7 aura vörumagnstolli og 50% verðtolli, undir hér um rætt númer í 12. kafla, og ætlazt er til, að ákveði aðeins 8% verðtoll, en farið er fram á það, að tollarnir á soyabaunum séu lækkaðir, og þykir það sanngjarnt.
6. Með tilliti til þess, að óleómargaríni er mestur hluti tólgarinnar og það er miklu frekar notað til framleiðslu á smjörlíki en tólgin og tólgin er í aðeins 2 aura vörumagnstolli og 8 aura verðtolli vegna notkunar hennar í smjörlíki, þykir réttmætt, að aðflutningsgjöldin af óleómargaríni verði færð til samræmis við aðflutningsgjöldin af tólg.
7. Þess hefur verið óskað, að verðtollurinn á umræddri vöru verði lækkaður úr 30% í 15%, og með tilliti til þess, að varan er mikið notuð til iðnaðar, en þó einkum vegna hins lága verðtolls eftir nr. 23 í 27. kafla, er lagt til, að verðtollurinn verði lækkaður, eins og farið er fram á.
9. Á það hefur verið bent, að eðlilegast sé, að lakkrísvörur og sykraður lakkrís séu í sömu tollum og sykurvörur, enda oft erfiðleikum bundið að skera úr því, hvort tiltekin vara á heldur að teljast til sykurvara eða lakkrísvara. Það er því lagt til, að tollarnir á lakkrísvörum og sykruðum lakkrís verði hækkaðir til samræmis við tollana á sykurvörum, enda hafa þessar tvenns konar vörur lengst af verið í sömu tollum.
10. Lengst af hefur saft og eftirlíking þess, litað sykurvatn með kjörnum, verið tollað á sama hátt, enda í samræmi við það, sem annars staðar tíðkast. Eftir tollskránni er litað sykurvatn með kjörnum tollað margfalt hærra en saftir og meira að segja hærra en sumar vintegundir, sbr. t. d. nr. 9 í 22. kafla. Nær þetta vitanlega engri átt, og mun það af vangá gert. Með breytingartillögunni er lagt til, að tollarnir á lituðu sykurvatni með kjörnum séu færðir til samræmis við tollana á saftinu, eins og þeir eru ákveðnir eftir nr. 19 í 20. kafla tollskrárinnar. Þá hefur verðtollurinn af saftinu verið lækkaður í 10% með auglýsingu nr. 74/1943, settri með heimild í lögum nr. 61/1943. Með f-lið 3. gr. frumvarpsins er fjármálaráðu-

neytinu, meðan notuð er fyrrgreind heimild til að lækka tollana á saftinu, gefin heimild til að lækka tollana eftir nr. 9 í 21. kafla, eins og þeir verða, og er gert ráð fyrir, að þessi heimild sé notuð til þess, að tollarnir á hinum hliðstæðu vörum, saftinu og lituðu sykurvatni með kjörnum, verði færðir til samræmis hvor við annan.

11. Það þykir ekki sanngjarnt að heimta vörumagnstoll af gashylkjum, sem eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend eru aftur að notkun lokinni. Lagt er því til, að ákvæði athugasemdarinnar taki ekki aðeins til verðtolls, heldur og til vörumagnstolls.

12. Þess hefur verið óskað, að lækkaður yrði verðtollur á svonefndu agatóli úr 30% í 8%, en agatól er krómsýrupraeparat, sem notað er til að hreinsa acetylengas. Er krómsýran einasta efnið í agatólinu, sem hefur nokkur hreinsandi áhrif á acetylengasið, og telst agatól þess vegna til 28. kafla 13 með ýmsum sýrum. Langflestar þær sýrur, sem til þessa tollskrárnúmers teljast, eru notaðar til einhvers konar iðnaðar á sama hátt og agatól. Er þess vegna engin sérstök ástæða fyrir hendi að skilja krómsýru frá hinum sýrunum og setja hana í sérstakt tollskrárnúmer. En það er sanngjarnt, að allar þessar sýrur séu tiltölulega lágt tollaðar, og er því lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 13 í 28. kafla verði lækkaður úr 30% í 8%.

Þess má geta, að acetylengas það, sem agatólið er notað til hreinsunar á, er hér á landi aðallega notað til logsuðu og sem ljósagas, einkum í vitum.

13. Þess hefur verið óskað, að lækkaðir verði tollarnir á unnum, en ósaumuðum loðskinnum, en loðskinn, einkum ýmissa smádýra, hafa talsvert verið notuð hér á landi sem fóður í hanzka, húfur, stígvél og aðra skó, en allar þessar vörur, sem loðskinnin eru notuð í, eru í lægra tolli en loðskinnin. Þykir því rétt að lækka nokkuð tollana á unnum, en ósaumuðum loðskinnum, en þó ekki meira en lagt er til í frumvarpinu.

14. Þess hefur verið óskað, að verðtollur af hemlockvið verði lækkaður úr 15% í 8%, en hemlockviður er viður af trjátegundinni hemlockgreni, og er hann að ýmsu leyti skyldur greni og notaður í svipuðu skyni. Þykir því rétt að fallast á umbeðna tollalækkun, og virðist henni bezt fyrir komið eins og gengið er frá henni í frumvarpinu.

15. Þess hefur einnig verið óskað, að verðtollur af svo nefndum basswood verði lækkaður úr 15% í 8%, en basswood er viður af sérstakri linditegund, amerísku linditré (Tilia americana). Er sú viðartegund notuð á sama hátt og annar lindiviður, frekar lítið í grófar trésmíðar, en töluvert í fíngerðari trésmíðar, en þó ekki til skrauts. Hér á landi er viður þessi einkum notaður við innanhússmíðar og í húsgögn. Er því ekki ósanngjarnt, að hann sé látinn sæta sömu tollmeðferð og birki og hlynur og askur, og virðist því bezt fyrir komið með því, eins og gert er í frumvarpinu, að bæta við nýju tollskrárnúmeri og að númer þetta taki til lindiviðar yfirleitt, því að ekki er ástæða til að greina á milli lindiviðar og hinnar sérstöku tegundar, basswood.

16. og 27. Þess hefur verið óskað, að verðtollur af skósmíðaleistum verði lækkaður úr 30% í 15%, en skósmíðaleistar eru notaðir við skósmíðar. Af þeim ástæðum og einkum ef höfð er hliðsjón af verðtolli þeim, sem er á flestum smíðatólum, sbr. m. a. nr. 71—80 í 63. kafla, verður fallizt á réttmæti umræddrar verðtollslækkunar, og því er hér umrædd breytingartillaga borin fram.

17. Rétt þykir, að vaxbornar pappaumbúðir utan um aðrar innlendar framleiðsluvörur en frystan fisk komi í sömu tolla og umbúðirnar utan um fiskinn, enda ógerlegt að fylgjast með því, hvort umbúðirnar eru notaðar utan um fisk eða annað. Því er lagt til, að orðin: „um frystan fisk til útflutnings“ verði felld niður.

18. Það er eðlilegast, að sami tollur sé á linoleum eða gólfdúk með vefnaðarundir-

lagi og gólfdúk með undirlagi úr pappa og pappír eða án undirlags. Umrædd breytingartillaga er borin fram til að samræma tollana á þessum tvenns konar vörum.

19. Farið hefur verið fram á lækkun á verðtollinum á teygjuböndum, og þegar annars vegar er höfð hliðsjón af tollum þeim, sem eru á lífstykkjum, korselettum, brjóstahöldurum og því líkum vörum, sbr. nr. 26 og 27 í 52. kafla, og hins vegar á tollum þeim, sem eru á teygjuböndum, en þau eru einkum notuð í fyrrnefndar vörur, þykir ekki ósanngjarnt að færa verðtollinn á teygjuböndum lítið eitt niður og hafa hann hinn sama og af böndum og borðum. Er því lagt til, að verðtollur eftir nr. 39 í 50. kafla lækki úr 45% í 40% og verðtollurinn eftir nr. 40 í sama kafla úr 40% í 30%.
20. Á það hefur verið bent, að munurinn á tollinum á efnivörum í regnkápur og regnkápunum sjálfum sé aðeins 5% í verðtolli, sbr. nr. 35 í 50. kafla. Eins hefur verið á það bent, að ekki sé ástæða til að tolla regnkápur lægra en aðrar kápur og fatnað. Virðist hér vera rétt með farið, og er því lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 2 í 52. kafla verði færður upp í 50% úr 35%.
21. Það þykir rétt, eins og lagt hefur verið til, að láta strigaskó með kátsjúksólum fylgja öðrum kátsjúkskófatnaði. Þessu virðist bezt fyrir komið á þann hátt, að fella alveg niður nr. 9 í 54. kafla. Koma þá strigaskór með kátsjúksólum undir nr. 8 í 54. kafla, en strigaskór með leðursólum undir nr. 4 í 54. kafla.
22. Glerull er mjög mikilsvert efni til margs konar iðnaðar, og er hún einkum notuð til hitaeinangrunar hér á landi. Hún á að réttu lagi að teljast til nr. 26 í 60. kafla, en tollarnir eftir því númeri eru óeðlilega háir á slíkri vöru. Er því borin fram hér umrædd breytingartillaga, en hún verkar þannig, að glerull kemur í 1 eyris vörumagnstoll og 8% verðtoll. Enn fremur er lagt til, að gerðar verði lítils háttar orðalagsbreytingar.
23. Síðan ófriðurinn hófst, hefur verið erfitt að fá sívöl umbúðaglös, og hafa því verið flutt inn í þeirra stað ýmiss konar önnur glös, sem hafa þá verið notuð í stað hinna sívölu. Á Norðurlöndum að minnsta kosti hafa sívöl glös verið talin „typisk“ lyfjaglös, en ástæða hefur þótt til að tolla lyfjaglös lægra en önnur glös til umbúða yfirleitt. Vegna fyrrgreindra örðugleika á að ná í sívöl glös og vegna þess, að ýmis nauðsynleg umbúðaglös koma auk þess undir nr. 19 í 60. kafla, er lagt til, að verðtollurinn eftir þessu tollskrárnúmeri lækki úr 30% í 15%. Þá er lagt til, að orðunum „til umbúða“ verði bætt í fyrirsögnina að nr. 16—19, en orðunum „tóm til umbúða“ í nr. 17 verði sleppt, svo að þau valdi ekki misskilningi.
24. Það er gömul regla í íslenzkri tollalöggjöf að tolla hærra vír grennri en 2 mm en þann, sem er gildari. Lágu til þess sérstakar ástæður, sem eru í raun og veru ekki lengur fyrir hendi. Virðist því ekki ástæða til að halda lengur tviskiptingu þeirri, sem nú er í tollskránni, og er því lagt til, að eftirleiðis verði allur vír tollaður eins og á sama hátt og járn og stál í stöngum.
25. Snjókeðjur á bifreiðar verða að teljast nauðsynjavara hér á landi, og er því lagt til, að vörumagnstollurinn á þeim verði lækkaður úr 7 aurum í 2 aura og verðtollurinn úr 30% í 10%, en það eru sömu tollar og eru á varahlutum í bifreiðar.
26. og 28—30. Frá gamalli tíð hafa pottar og pönnur verið í lægra verðtolli en önnur búsáhöld. Fyrir áhrif frá þessu var þetta látið haldast í tollskránni. Þetta verður þó að teljast óeðlilegt, enda veldur það bæði örðugleikum í verðlagningu og við tollskoðun. Lagt er því til, að pottar og pönnur verði eftirleiðis í sömu tollum og önnur búsáhöld, en þessari breytingu virðist bezt fyrir komið þannig, að búsáhöld þau, sem teljast til 63., 64., 65. og 66. kafla tollskrárinnar, verði aðeins í einu tollskrárnúmeri í hverjum kafla og þessi númer ákveði 7 aura vögumagnstoll og 30% verðtoll, eins og áður var á öðrum búsáhöldum en pottum og pönnum.
31. Borðbúnaður (borðhnífar, gafflar og skeiðar) með góðmálmshúðun (úr pletti)

er nú tollaður svo sem hann væri allur úr góðmálmi með 7 aura vörumagnstolli og 50% verðtolli. Rétt þykir, með því að borðbúnaður úr pletti er mjög almennt notaður og verður ekki talinn munaðarvara, að tolla hann sem borðbúnað úr ódýrum málmum.

32. og 33. Eftir áskorun frá kvenfélagasambandi Íslands er lagt til, að þvottavélar og hrærivélar, sem nú er nokkuð farið að nota og taldar eru húsmæðrum til mikils léttis í störfum þeirra, verði framvegis í sama tolli sem kæliskápar.

31. Vegna þess, hvílík nauðsynjavara vatnsmælar eru, þykir rétt að leggja til, að verðtollurinn af þeim verði lækkaður úr 30% í 8%, en þessu þykir bezt fyrir komið með því að láta vatnsmæla fylgja gasmælum, því að hvorir tveggja mæla rúmmál.

Um 2. gr.

Við síðast liðin áramót féll úr gildi undanþáguákvæðið í m-lið 2. gr. tollskrárlaganna. Með því að fram hafa komið beiðnir um það, að undanþáguákvæðið verði framlengt, og ástæður þær, sem voru því valdandi, að undanþáguákvæðið var sett, eru enn fyrir hendi, þykir rétt að leggja til, að það verði látið gilda fyrst um sinn. Hins vegar þykir heppilegra, framkvæmdarinnar vegna, að fjármálaráðuneytinu verði gefin heimild til að veita undanþáguna. Getur ráðuneytið þá án lagabreytingar fellt niður undanþáguna, ef ástæður breytast. Heimildarákvæðið verður því í frumvarpinu sett inn sem h-liður í 3. gr. laganna.

Um 3. gr.

e. Filmur til svonefndrar litoprentunar eru nú í 7 aura vörumagnstolli og 35% verðtolli, en það er miklu hærri tollur en er á efnivörum til hliðstæðra iðngreina. Því hefur verið haldið fram, að þessi hái tollur á filmunum hái mjög hinni innlendu litoprentun, bæði í samkeppni við erlendar iðngreinar sams konar og hliðstæðar innlendar. Vegna þessa er lagt til, að fjármálaráðuneytið fái heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem eru notaðar í framangreindu skyni.

f. Um þennan lið vísast til þess, sem segir um 10. lið 1. gr. frumvarpsins.

g. Það hefur átt sér stað í nokkur skipti undanfarið, að skinn hafa verið send frá Færeyjum til sútunar. Með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjalda væri hægt að stuðla að því, að vörur væru fluttar hingað til aðgerða eða annarrar aðvinnslu meira en verið hefur, og þess vegna er borin fram tillaga sú, sem felst í fyrri hluta umræðds stafliðs. Eins og kunnugt er, eru mjög takmörkuð ákvæði um tollfrjálsan transitflutning, en þau er að finna í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 53/1907, um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, sbr. 22. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá, og 4. mgr. 31. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Með því að það hefur komið í ljós, að fyrir geta komið þau tilvik, að ósanngjarnt sé að heimta aðflutningsgjöld af vörum, sem af sérstökum ástæðum, t. d. vegna samgönguörðugleika, þarf að setja hér á land til endurútflutnings til annarra landa, er borin fram tillaga sú, sem felst í síðari hluta hér umræddS stafliðs, en í báðum hér umræddum tilvikum þykir rétt, að þeir, sem njóta góðs af leyfðum viðgerðarinnflutningi eða milliflutningi, greiði tollstjórninni fyrir ómak það, sem hún kann að hafa vegna eftirlits með umræddum innflutningi, vörugeymslu og endurútflutningi.

h. Vísast til aths. við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Þegar ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, þarf nú að greiða af öllum vörunum þann vögumagnstoll, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan vörumagnstoll, sé hann ekki hærri en 0.20 af tolleiningu. Þessi regla er óeðlileg, og þykir því rétt að breyta henni, svo að allar vörur beri þann toll, sem þeim er ætlað, án tillits til þess, þótt af þessu kunni stundum að stafa aukin fyrirhöfn.

Um 5. gr.

Afsláttur, sem alment er veittur í viðskiptum, verður að sjálfsögðu að teljast til lækkunar vöruverðinu og því algerlega óeðlilegt, að tollur sé greiddur af slíkum afslætti. Þetta hefur að vísu verið tekið upp í reglugerð, en þykir rétt, að þetta sé beint tekið fram í lögum.

Um 6. gr.

Rétt þykir, að ákveðið sé með lögum, að tollstarfsmenn eigi ekki aðgang að bókum og bréfum innflytjenda, nema með skriflegum úrskurði tollyfirvalds.

Nd. 281. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna dýrtíðar o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

I. KAFLI

Um verðlag landbúnaðarvara og vísitölu.

1. gr.

Frá 15. september 1944 skulu landbúnaðarafurðir verðlagðar á þann hátt, að reiknað sé aðeins með 90% af landbúnaðarvísitölu, sem í gildi kemur þann dag, samkvæmt útreikningi Hagstofunnar.

Ríkisstjórninni er heimilað, með framlagi úr ríkissjóði til 31. desember 1944, að halda óbreyttu verðlagi á landbúnaðarvörum, eins og það var 1. september 1944.

2. gr.

Engin dýrtíðaruppbót skal greidd með hærri vísitölu en 270 stig.

3. gr.

Frá byrjun næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara skulu laun eða kaup fyrir hvaða starf, sem vera skal, eða annað, sem dýrtíðaruppbót hefur verið greidd af, reiknuð með aðeins 95% af gildandi framfærsluvísitölu, þó aldrei af hærri vísitölu en 270 stig, sbr. 2. gr. Næsta mánuð á eftir skal reiknað með 90% af gildandi vísitölu og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið. Brot gegn þessu varðar sektum.

4. gr.

Fari framfærsluvísitala yfir 270 stig, skal verð landbúnaðarafurða til framleiðenda lækka í sömu hlutföllum og dýrtíðaruppbót skerðist vegna hámarksbindingar vísitölu í sambandi við kaupgreiðslur, sbr. 2. gr.

5. gr.

Engin dýrtíðaruppbót skal greidd af kauphækkunum, sem fara fram á tímabilinu 1. september 1944 til 1. júlí 1945.

II. KAFLI

Um eignaraukaskatt.

6. gr.

Leggja skal sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árinu 1940, 1941, 1942 og 1943 og numið hefur yfir 50 þús. kr. samtals á árabili þessu hjá skattþegn.

50 þús. kr. eignaraukning hjá hverjum skattþegn er skattfrjáls.
Af allt að 50 þús. kr. skattskyldri eignaraukningu skal greiða 6%.

Af	50—	200	þús.	kr.	skattsk.	eignaraukn.	greiðist			3	þús.	af	50	þús.	og	8	%	af	afg.				
—	200—	300	—	—	—	—	—			15	—	—	200	—	—	11	—	—	—				
—	300—	500	—	—	—	—	—			26	—	—	300	—	—	13	—	—	—				
—	500—	1000	—	—	—	—	—			52	—	—	500	—	—	15	—	—	—				
—	1000	og	hærri		—	—	—			127	—	—	1000	—	—	18	—	—	—				

7. gr.

Frá eignaraukningunni skal draga fé það, sem lagt hefur verið í nýbyggingasjóð útgerðarfyrirtækis og varasjóð samvinnufélags, áður en eignaraukaskattur er á lagður. Enn fremur skal draga frá fé, sem stafar af útborgun líftryggingarfjár, örorku-, slysa- eða dánarbóta. Hafi skattþegn ekki átt fyrir skuldum í ársbyrjun 1940, skal eignarhallinn dreginn frá eignaraukningunni. Draga skal enn fremur frá eigninni 1. janúar 1940 þá fjárhæð, sem greidd var í tekjuskatt, eignarskatt, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt og útsvar á því ári, og á sama hátt skal draga þessi gjöld, lögð á 1944, frá eigninni í árslok 1943.

8. gr.

Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur samkvæmt framtali hans, sé ekki raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að láta fara fram mat á eignarbreytingu sinni. Ríkisskattanefnd skal framkvæma mat þetta, en tilnefnt getur hún þrjá menn til þess, ef sérstaklega stendur á.

Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanefnd meta eignina eða skipa menn til þess.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats.

9. gr.

Við ákvörðun eignaraukningar skal farið eftir framtölum skattþegna eins og hlutaðeigandi skattayfirvöld hafa frá þeim gengið til álagningar tekju- og eignarskatts. Fasteignir, skip eða verðbréf, sem skattþegn hefur eignazt á fyrrnefndu tímabili, skal talið fram á það verð, sem greitt var fyrir þessar eignir.

10. gr.

Um álagningu skattsins, gjalddaga, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt, en nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð.

Heimilt skal fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattanefndar, að veita greiðslufrest á nokkrum hluta eignarskatts, allt að 3 árum, eða færa hann niður, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef eignaraukinn er bundinn í atvinnutækjum eða nauðsynlegum birgðum, eða ef gjaldþegn hefur orðið fyrir óhöppum, er hann fær eigi bætt.

11. gr.

Fé það, sem aflast samkvæmt þessum lögum, skal lagt í sérstakan sjóð, er nefnist atvinnutryggingarsjóður og geymdur skal hjá Tryggingastofnun ríkisins. Sjóði þessum má aðeins ráðstafa af Alþingi með sérstökum lögum um atvinnutryggingar í landinu.

12. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með frv. þessu er stefnt að því að stöðva verðbólguna. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að nú séu síðustu forvöð til raunhæfra ráðstafana í þessu efni, ef þess á að verða kostur að forðast þær hörmulegu afleiðingar, sem óheft verðbólga hlýtur að hafa í för með sér fyrir allan landslýð.

Samkvæmt útreikningum Hagstofunnar hækkar landbúnaðarvísitalan um 9,46 stig hinn 15. september næstkomandi. Þessi hækkun kemur öll fram í framfærsluvísitölunni með verðhækkun á kjöti og mjólkurafurðum. Til þess að halda framfærsluvísitölunni óbreyttri með framlagi úr ríkissjóði, eins og hún var í lok ágústmánaðar, þrátt fyrir hina nýju verðhækkun, mundi þurfa svo mikið fé, að slíkt væri ríkissjóði ofviða.

Er því ekki um að ræða, ef ekki á að gefa dýrtíðinni lausan tauminn, annað en það, að gerðar séu ráðstafanir, sem hefti verðbólguna nú þegar, ásamt nokkru framlagi úr ríkissjóði um takmarkaðan tíma. Til þess að svo megi verða, þurfa landsmenn að sýna skilning og vilja til að taka á sig um stundarsakir nokkrar byrðar, svo að unnt sé að setja skorður hinni hættulegu þróun, er nú ógnar öllu atvinnulífi þjóðarinnar.

Með frv. er leitazt við að nú því marki að stöðva verðbólguna varanlega, en jafnframt að láta byrðina koma sem jafnast á þegnana. Þeir, sem laun taka, verða að láta hlutfallslega af mörkum eins og þeir, sem framleiðslu landbúnaðarvara stunda. Og þeir, sem grætt hafa mikið fé á undanförnum ófriðarárum, verða að láta af hendi nokkurn hluta þess í því skyni að tryggja afkomu almennings í landinu eftir stríðið.

Verður ekki hér gerð frekari grein einstökum atriðum frv., en um það verður nánar rætt í framsögu.

Nd. 282. Tillaga til þingsályktunar

um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á næsta sumri fullnaðarákvörðun vegarstæðis frá Múla í Ísafirði að Ögri. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um vegargerðina.

Greinargerð.

Þeir þrír hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem vegur sá, er hér að ofan greinir, mundi liggja um, eru Nauteyrar-, Reykjarfjarðar- og Ögurhreppur. Hreppar þessir eru blómlegustu landbúnaðarsveitirnar við Ísafjarðardjúp. En þrátt fyrir samgöngur á sjó eiga þessar sveitir í miklum samgönguörðugleikum. Djúpbáturinn getur aðeins sjaldan komið við t. d. í Mjóafirði, sem er afar langur, og tafsamt fyrir bátinn, sem sinna verður í senn farþegaflutningum og vöruflutningum, að fara í hverri ferð inn í fjarðarbotn eftir nokkrum mjólkurbrúsum. Svipuðu máli gegnir um byggðina í Laugardal í Ögurhreppi. Hún getur ekki vegna vegleysis haft not af ferðum Djúpbátsins, sem kemur aðeins við í Ögurvík.

Vegur um þessar byggðir, frá Múla í Ísafirði, um Ísafjörð innanverðan, út með Mjóafirði, fyrir mynni Laugardals og í Ögurvík, mundi skapa stórbætta aðstöðu fyrir þessi byggðarlög. Jafnframt sköpuðust sjávarþorpunum út með Djúpinu auknir möguleikar til þess að fá meiri mjólk, en segja má, að á Ísafirði og öðrum sjávarplássum í nágrenninu ríki verulegan hluta ársins sannkallað mjólkurhungur.

Með tillögu þessari er því lagt til, að vegarstæði verði á næsta sumri ákveðið á þessari leið.

Ed.

283. Frumvarp til laga

um lögreglumenn.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður fjölda lögregluþjóna í hverjum kaupstað eða kauptúni, þar sem hún telur lögregluþjóna þörf. Hvergi er henni þó heimilt án samþykkis Alþingis að ákveða, að fleiri lögregluþjónar en tveir skuli vera á hverja 1000 íbúa.

2. gr.

Ráðherra skipar lögregluþjóna og veitir þeim lausn, að fengnum tillögum lögreglustjóra þess, sem með lögreglustjórn fer þar, sem lögregluþjónn skal hafa aðsetur. Þeir lögregluþjónar, sem þegar eru skipaðir í stöður sínar, halda þeim þrátt fyrir setning þessara laga.

3. gr.

Nú telur ríkisstjórnin það nauðsynlegt vegna öryggis, og getur ráðherra þá, að fengnum tillögum lögreglustjóra, skipað varalögreglumenn til viðbótar lögregluþjónum þeim, er í 1. gr. segir, en leita skal samþykkis Alþingis á þeirri ráðstöfun svo fljótt sem við verður komið.

4. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir til að inna af höndum störf lögreglumanna. Tollvörðum, er tóku við starfi sínu, áður en lög um lögreglumenn, nr. 92 19. júní 1933, gengu í gildi, verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

5. gr.

Lögregluþjónum og lögreglumönnum, sem í 4. gr. eru taldir, er skylt eftir fyrirmælum ráðherra að gegna störfum, hvar sem er á landinu. Ráðherra er og heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að leggja sömu skyldur á varalögreglumenn skv. 3. gr.

6. gr.

Í sveitum og kauptúnum, þar sem engir lögregluþjónar starfa, er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum löðreglustjóra, að löggilda menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglum á mannfundum og samkomum innan héraðs.

7. gr.

Allir lögreglumenn skv. 1., 3., 4. og 6. gr. eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt varna því, að maður gegni störfum skv. 3. og 6. gr. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lögreglan má eigi hafa önnur skipti af vinnudeilum en þau að halda þar sem ella uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn. Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

10. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, þ. á m. laun allra lögregluþjóna og annarra lögreglumanna.

Laun lögregluþjóna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo er gert, skulu lögregluþjónar fá laun ákveðin eftir sömu reglum og á hverjum stað hafa gilt.

Ráðherra ákveður laun lögreglumanna þeirra, sem í 3. og 6. gr. eru taldir.

Allir lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febr. 1940, og önnur ákvæði laga, sem brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1943, en varð þá ekki útrætt. Er það því nú á ný lagt fram í þeirri von, að samkomulag verði um framgang þess. Ástæður fyrir frv. er hinar sömu nú og fyrr, sem sé þessar:

„Löggæzla er eðli sínu samkvæmt einn þáttur ríkisvaldsins. Svo er einnig hér á landi. Lögreglustjórar eru skipaðir af eða á ábyrgð dómsmálaráðherra. En lögreglustjórar fara með löggæzluna og stjórn lögreglumanna undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Í sveitum landsins ber ríkissjóður og allan kostnað af lögreglumálum. Hreppstjórar, sem þar fara að miklu leyti með lögregluvald, taka laun sín úr ríkissjóði, þótt sýslunefndir hafi nokkur skipti af skipun þeirra. Samkvæmt lögunum um löggæzlumenn, nr. 50 1940, ber ríkissjóður og allan annan kostnað af löggæzlu í sveitum.

Í bæjum og stærri kauptúnum gegnir öðru máli. Ef þar eru skipaðir sérstakir lögregluþjónar, bera bæjar- og sveitarsjóðirnir ýmist allan kostnað af starfi þeirra eða ⅚ hluta kostnaðarins. Þó ber ríkið að sjálfsögðu allan kostnað af ríkislögreglumönnum.

Það er mjög gagnstætt eðli málsins og sanngirni að leggja lögreglukostnað á sjóði bæja og stærri kauptúna. Ríkinu ber sama skylda til löggæzlu þar sem annars staðar í landinu. Bæjar- og sveitarstjórnir hafa og engin áhrif á stjórn lögreglunnar á þessum stöðum fremur en öðrum í landinu. Bæjarstjórnir eiga að vísu í orði kveðnu að skipa lögregluþjóna, en mega eigi gera það nema eftir tillögum lögreglustjóra, og hafa þeir úrslitavaldið um skipunina. Að öðru leyti hafa bæjarstjórnir og engin áhrif á stjórn lögreglunnar, en samt eru þær skyldaðar til greiðslu kostnaðar af henni. Jafnvel fjöldi lögreglumanna er nú yfirleitt ákveðinn af dómsmálaráðherra, stundum gagnstætt tillögum bæjarstjórna.

Kostnaður sá, sem með þessu er lagður á bæjarsjóði, nemur mjög miklu. Í Reykjavík einni eru á fjárhagsáætlun 1943 1800000 krónur ætlaðar til lögreglumála, og fær bærinn einungis ⅙ hluta þeirrar upphæðar endurgreiddan úr ríkissjóði.

Af þessari skyldu bæja til að greiða lögregluþjónum laun þeirra hefur verið talið leiða, að þeim bæri einnig að greiða lögregluþjónum bætur, ef þeir væru settir frá starfi, án þess að nægar sakir væru sannaðar. Þess vegna var t. d. Reykjavíkurbær með dómi hæstaréttar 11. des. 1942 dæmdur til að greiða fyrrverandi lögregluþjóni bætur af þessum sökum. Er það þó að öllu leyti á valdi lögreglustjóra, en að engu leyti stjórnarvalda bæjarins, hvort lögregluþjónar eru sviptir störfum.

Í öðru máli hefur hæstiréttur hins vegar vikið að meginkjarna þessa máls og

kveðið upp dóm, sem sannarlega ætti að verða löggjafanum til fyrirmyndar. Bæjarsjóður var sóttur til bóta fyrir meiðsli, sem lögreglumenn höfðu valdið í starfi sínu. Dómur hæstaréttar var kveðinn upp 11. júní þ. á., og segir þar m. a.:

.....

Lögreglumenn þeir, sem í máli þessu greinir, voru að rækja störf sín í lögreglu Reykjavíkur, þegar gagnáfrýjandi hlaut lemstur sitt. Yfirstjórn lögreglu Reykjavíkur og ákvarðanir um framkvæmd hennar eru falin handhöfum ríkisvalds. Athafnir lögreglu þessarar eru því þáttur í beiting ríkisvalds, enda eru lögreglumennirnir um meðferð starfa síns ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur. Eru þess vegna ekki efni til þess að greiða gagnáfrýjanda bætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og breytir það ekki þessari niðurstöðu, þótt annar lögreglumannanna tæki laun sín úr nefndum bæjarsjóði og bæjarstjórnin hafi haft hönd í bagga um skipun hans. Ber því að sýkna borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, en málskostnaður gagnvart honum þykir eiga að falla niður.

.....

Rök hæstaréttar fyrir sýknu bæjarsjóðs eiga ekki síður við um það, að ósanngjarnt er, að bæjarsjóðir greiði þeim starfsmönnum laun, sem þeir hafa engin ráð yfir.

Í frv. þessu er í samræmi við þetta lagt til, að ríkissjóður beri einn allan kostnað af lögreglumönnum, hvar sem er í landinu, og að bæir og stærri kauptún verði um þetta látin njóta jafnréttis við aðra landsmenn.

Núgildandi lög um lögreglumenn eru lögð til grundvallar frv. og þeim einungis vikið við til samræmis við hina sanngjörnu og sjálfsögðu jafnréttistillögu, sem er aðalatriði frv.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi grein er óbreytt um það, að ríkisstjórnin ákveður, hversu margir lögregluþjónar skuli vera. Því einu er breytt, að tillöguréttur bæjar- og sveitarstjórna er afnuminn, enda leiðir það af því, að ríkið eitt á að bera kostnaðinn. En auk þess hefur tillöguréttur þessi hingað til reynzt lítils virði, því að úrslitaráðin hafa verið hjá ríkisstjórn. Eðlilegt sýnist, að Alþingi samþykki, ef fjölga á lögreglumönnum meira en hámarki greinarinnar nemur, og er því meiri ástæða til að taka það berum orðum fram sem slík fjölgun ríkislögreglumanna mun hafa verið gerð án beins samþykkis Alþingis. Ætlazt er til, að ríkisstjórnin í heild taki ákvörðun um fjölda lögregluþjóna.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir, að dómsmálaráðherra skipi lögregluþjóna, en þó sé áður leitað tillagna lögreglustjóra þess, sem hlut á að máli. Rétt þykir, að þeir lögregluþjónar, sem þegar hafa hlotið skipun, haldi stöðum sínum þrátt fyrir það, þótt þeir hafi verið skipaðir í stöður sínar eftir öðrum reglum.

Um 3. gr.

Ástæðulaust þykir, að varalögreglumenn séu skipaðir, nema þess sé þörf öryggis vegna. Að öðru leyti er grein þessi að efni til samhljóða 6. gr. núgildandi laga, að því viðbættu, að leita skal samþykkis Alþingis á kvaðning varalögreglumanna svo fljótt sem við verður komið. Er eðlilegt, að Alþingi segi til um, hvort sú ráðstöfun sé nauðsynleg. Ef Alþingi situr að fundum, þegar ráðstöfunin er gerð, skal bera hana undir það, þegar er ráðstöfunin hefur verið gerð. Ella er nóg að gera það, þegar þingið, hvort eð er, kemur saman.

Um 4. gr.

Þessi gr. er að efni hin sama og núgildandi 5. gr.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 2., 3. og 8. gr. núgildandi laga. Þar sem ríkið á nú eitt að bera kostnaðinn, þykir sjálfsagt að veita rýmri heimild en áður til að skipa lögreglumönnum til starfa utan hins venjulega umdæmis síns. Varlegar ber þó að fara um sendiför varalögreglumanna stað úr stað en annarra lögreglumanna, þar sem hinir fyrrtöldu gegna löggæzlu einungis sem aukastarfi og verða einungis kvaddir til starfa um stundarsakir.

Um 6. gr.

Þessi grein er óbreytt um efni frá núgildandi 10. gr. Ekki þykir ástæða til, að veitt sé heimild til þess, að þessir menn séu sendir til löggæzlu utan heimkynna sinna, þar sem venjuleg löggæzla þeirra er svo mjög takmökum háð sem í gr. segir.

Um 7. gr.

Efni hið sama og nú er í 7. gr. laganna. Sektarákvæði er hækkað í samræmi við breytta tíma.

Um 8. gr.

Efni gr. hið sama og í 4. gr. núgildandi laga. Orðfæri einungis leiðrétt.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 10. gr.

Í 1. málsgr. er fólgin aðalnýjung frv., og er þegar nægileg grein fyrir henni gerð. Eðlilegt þykir, að þar til launalög verða sett, haldi lögregluþjónar núverandi kjörum sínum óbreyttum, þó auðvitað svo, að áhættuþóknun t. d. hverfi, þegar áhætta er úr sögunni.

3. mgr. er að efni tekin úr 7. og 10. gr., sbr. 12. gr. núgildandi laga.

4. mgr. er að efni til samhljóða niðurlagi 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar að öðru leyti en því, að meðal þeirra lagaákvæða, sem úr gildi falla, eru auðvitað m. a. sérákvæði í lögum um einstaka kaupstaði, að bæjarstjórnin skuli hafa þar greind skipti af skipun lögregluþjóna og greiða kostnað af löggæzlumálum."

Nd. 284. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður IX. kafli, með 7 nýjum greinum, svo hljóðandi:

Sérstök ákvæði.

a. (59. gr.) Hvert búnaðarsamband getur sett sér ræktunarsamþykkt og ákveðið þar, að sambandið hefji ræktunarframkvæmdir í þeim tilgangi að koma því til leiðar á stuttum tíma, í lengsta lagi 10 árum, að öflun heyja á sambandssvæðinu

geti að mestu eða öllu leyti farið fram á véltæku landi. Einfaldur meiri hluti allra fulltrúa á löglega boðuðum sambandsfundi getur ákveðið, að slíka samþykkt skuli gera.

Tilgangi þessum skal náð:

a. Með sléttun gömlu túnanna.
b. Með þurrkun lands.
c. Með nýrækt.
d. Með sléttun engjalanda, þar sem sú tilhögun telst arðvænlegri en túnrækt.
e. Með áveitum.
f. Með öðru því, er nauðsynlegt og tiltækilegt kann að þykja.

Eftir að Búnaðarfélag Íslands hefur staðfest samþykktina, er hún bindandi fyrir allar félagsdeildir sambandsins, og bera deildirnar þá í sameiningu ábyrgð á kostnaði við véla- og áhaldakaup vegna starfseminnar, svo og öðrum stofnkostnaði.

Þegar búnaðarsamband hefur hafið slíka starfsemi, á hver félagsmaður á sambandssvæðinu kröfu á sambandið um að fá gert á býli sínu véltækt heyskaparland á næstu 10 árum, sem ætla má, að gefi af sér heyfeng, sem jafngildi heyjum þeim, sem aflað hefur verið á jörðinni að meðaltali síðustu 10 árin, þó ekki yfir 500 hestburði (100 kg) hvert býli. Sbr. þó ákvæði 14. gr., svo og VI. kafla.

Búnaðarsambandinu ber að taka þær greiðslur fyrir ræktunarstörf þessi, að allur kostnaður þess við framkvæmdirnar í heild fáist að fullu greiddur, sbr. þó 64. gr.

b. (60. gr.) Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera ræktunarsamþykkt samkvæmt 59. gr., eða það dregst í eitt ár, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, og getur þá hvert hreppsbúnaðarfélag á sambandssvæðinu ákveðið með einföldum meiri hluta allra félagsmanna á löglega boðuðum fundi að setja fyrir félag sitt sams konar ræktunarsamþykkt og um getur í 59. gr. Eftir að sú samþykkt hefur hlotið staðfestingu Búnaðarfélags Íslands, er hún bindandi fyrir alla félagsmennina, og bera þeir þá í sameiningu ábyrgð á kostnaði við véla- og áhaldakaup vegna starfseminnar, enda öðlast þá búnaðarfélagið sömu réttindi og tekur á sig sömu skyldur um framkvæmdir þessar á félagssvæði sínu og búnaðarsamband á sínu svæði samkvæmt 59. gr.

Heimilt er félögum, tveim eða fleiri, er gert hafa slíkar samþykktir, að mynda samtök og samvinnu um þær, enda getur Búnaðarfélag Íslands gert það að skilyrði fyrir staðfestingu samþykkta, að slíkri samvinnu sé komið á með einstökum félögum.

c. (61. gr.) Nú hefur búnaðarsamband eða hreppsbúnaðarfélag sett sér ræktunarsamþykktir samkvæmt 59. eða 60. gr., og skal þá Búnaðarfélag Íslands láta mæla og athuga:

1. Stærð túna á öllum lögbýlum á sambandssvæðinu eða í hreppnum.
2. Hve mikill hluti túnanna er véltækur.
3. Hverja framræslu þarf á hverju túni.
4. Hversu mikið hver jörð hefur af véltæku engi.
5. Hver skilyrði eru til túnauka og hvort skilyrði eru til að stækka eða gera véltækt engi á jörðinni.
6. Hverra annarra framkvæmda sé þörf vegna ræktunarinnar.

Ríkissjóður skal bera allan kostnað við mælingarnar og nauðsynlega uppdrætti.

d. (62. gr.) Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem um ræðir í 61. gr., skal Búnaðarfélag Íslands annast útvegun nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og tilheyrandi verkfæra fyrir samþykktarsvæðið.

Ríkissjóður greiðir ⅓ af kostnaðarverði vélanna og tilheyrandi áhalda sem styrk, en ræktunarsjóður skal veita lán, allt að ⅔ hlutum, gegn veði í vélunum og ábyrgð búnaðarsambands eða samábyrgð búnaðarfélagsmanna.

e. (63. gr.) Búnaðarfélag Íslands skal gangast fyrir því, að námskeið séu haldin fyrir þá menn, er vinna eiga með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda skal þeim mönnum einum heimilt að vinna með slíkum vélum, sem til þess eru viðurkenndir af Búnaðarfélagi Íslands.

f. (64. gr.) Styrkur á jarðabætur samkvæmt þessum kafla skal vera:
1. Fyrir þúfnasléttun 4—500 kr. á ha. eftir tegund jarðabótarinnar samkvæmt reglugerð.
2. Fyrir skurðagerð samkvæmt ákvæðum II. kafla laganna.
3. Fyrir nýrækt í túni 4—500 kr. eftir tegund jarðabótanna.
4. Fyrir sléttun á engjalöndum 100 kr. á ha.

Styrkur samkvæmt 3. og 4. lið þessarar greinar fellur niður, þegar býlið hefur fengið véltæk heyskaparlönd, sem í meðalræktun og meðalárferði gefa af sér 500 hestburði af heyi (100 kg).

Eftir það eru framkvæmdir þessar styrktar samkvæmt II. kafla laganna.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk samkvæmt þessari grein, svo sem ákveðið er í 10. gr. laganna. Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessum kafla.

Styrkurinn reiknast hverju býli samkvæmt skýrslu trúnaðarmanns um fullgerðar jarðabætur, en greiða skal upphæðina í búnaðarsambandið, samtökum búnaðarfélaga eða einstöku hreppsbúnaðarfélagi, sem framkvæmt hefur ræktunarstarfið.

g. (65. gr.) Búnaðarfélag Íslands setur reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í kafla þessum, en landbúnaðarráðherra staðfestir hana. Skal þar meðal annars kveða á um, hvernig tryggja skuli, að framkvæmdir þessar verði vel og vandlega af hendi leystar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1954.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á haustþinginu 1943, í Ed., en var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að nægilegur undirbúningur og rannsókn málsins væri enn ekki fyrir hendi. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur falið sérstakri nefnd að athuga málið nánar, en í því efni liggur enn ekkert fyrir frá hennar hendi. Ekki er heldur vitað, að ríkisstjórnin hafi látið fram fara neinar rannsóknir eða athuganir til undirbúnings málsins, eins og hin rökstudda dagskrá gerði ráð fyrir.

Hins vegar verður að líta svo á, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða fyrir landbúnaðinn og aðkallandi, að hraða beri því sem unnt er. Af þeim sökum er málið fram borið nú þegar, þótt álit milliþinganefndar Búnaðarfélagsins sé enn eigi fyrir hendi, enda innan handar að taka tillit til þess, ef það kemur fram, meðan á meðferð málsins stendur á Alþingi.

Þegar mál þetta var flutt upphaflega, fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1923 voru jarðræktarlögin sett. Þau eru fyrsta stóra átakið af hálfu hins opinbera til þess að styðja bændur til jarðræktarframkvæmda.

Yfirlit um það, hverju þessi löggjöf hefur orkað, er birt í Búnaðarritinu 1941 í „Hugleiðingum um ræktunarmál“ eftir Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra.

Í þessari grein búnaðarmálastjóra er meðal annars skýrsla um túnstærð og túnrækt á ýmsum tímum. Eftir því, sem næst verður komizt, er túnstærðin árið 1923 talin vera 22861 hektari. En árið 1940 er túnstærðin 35973 hektarar. Samkvæmt upplýsingum í sömu grein er túnstærðin 1930 um 26 þús. hektarar og töðufall um 900 þús. hestburðir eða nálega 35 hestburðir af hektara. En árið 1939 eru túnin talin um 36 þús. hektarar og töðufallið 1 milljón og 350 þús. hestburðir eða um 37 hestburðir af hektara.

„Frá setningu jarðræktarlaganna“, segir búnaðarmálastjóri, „hefur töðufallið fyllilega tvöfaldazt og uppskera af hverjum hektara virðist vera 7—8 hestburðum meiri nú en 1924.“

Búnaðarmálastjórinn gerir tilraun til þess að gefa yfirlit um, hvað þessar umbætur hafi kostað, og segir þar orðrétt: „Erfitt er að fá glöggt yfirlit um, hvað þessar umbætur hafa raunverulega kostað. Þó hafa verið gerðar tilraunir til að reikna það út á marga vegu. Niðurstaðan hefur orðið sú, að ræktunarframkvæmdir síðustu 15 ára, samkvæmt jarðræktarlögunum, hafa numið minnst 36 milljónum króna. Af þeirri upphæð hefur ríkissjóður lagt fram um 7,6 milljónir. Bændur og aðrir ræktunarmenn hafa þá orðið að láta í té að minnsta kosti 28,4 millj. króna eða að meðaltali á ári um 1,9 millj. króna.“

Af þessu mætti ljóst verða, hve stórkostlegt það átak er, sem bændur landsins hafa gert, síðan jarðræktarlögin voru sett. Verk þetta var hafið af takmarkaðri þekkingu, reynslu af skornum skammti og lítilli kunnáttu í véltækni. Við höfum lært mikið á þessum árum, og okkur hefur miðað allvel áleiðis. Takmarkið er, að hver bóndi í landinu geti aflað nægilegra heyja á véltæku túni og engi. Að því marki er enn þá alllöng leið ófarin. En við skulum gera okkur það alveg ljóst í eitt skipti fyrir öll, að þótt enn verði mjög víða að afla heyja með orfi og hrífu á kargaþýfðum túnum og engjum, þá er engin framtíð í slíkum vinnubrögðum. Afköstin með þessum gömlu vinnuaðferðum eru svo léleg samanborið við vinnuafköst á sléttlendi með nýtízku vinnuvélum, að þessar vinnuaðferðir þola engan samanburð.

Gamla vinnuaðferðin verður því að hverfa í aðalatriðum og það á svo stuttum tíma sem auðið er. Okkur hefur, eins og fyrr er sýnt, miðað allvel áleiðis í þessari baráttu, síðan jarðræktarlögin voru sett. En þessu verki verður að hraða mun meira nú á næstu árum en gert hefur verið fram til þessa. Þetta á okkur að vera vorkunnarlaust. Við ráðum yfir meiri véltækni en áður, kostur er á afkastameiri jarðvinnsluvélum en fyrr, þekking okkar á nýtingu og notkun áburðar, þurrkun lands og yfirleitt öllu því, er að jarðrækt lýtur, hefur aukizt mikið undanfarin ár.

En jafnótt og við höfum eignazt hin véltæku heyskaparlönd, hefur vinnuvélum, sem notaðar eru við heyskaparvinnu, eðlilega fjölgað. Þær hafa verið endurbættar, og við höfum lært mikið í notkun þeirra undanfarin ár, nógu mikið og almennt til þess, að hverjum bónda skilst, að heyöflun og önnur uppskeruvinna með þessum vélum er vinnuaðferð framtíðarinnar. Reynsla síðustu ára, dýr vinnukraftur og fólksekla, hefur kennt bændum til fullnustu, ef nokkuð á skorti áður, hvað vélarnar eru fyrir atvinnugrein þeirra og hvað þær gætu verið. Þessi reynsla hefur vakið ljósari skilning og ríkari áhuga hvers bónda í landinu á því að slétta tún og engi, svo að vélavinna verði tiltækileg við heyskapinn.

Af þessu er það vissulega augljóst mál, að bændur mundu vinna að stækkun véltækra slægjulanda eftir getu og aðstæðum næstu árin, þótt ekki kæmi til breytinga á jarðræktarlögunum frá því, sem nú er. Löggjöf þessi er bændum mikil hvatning og styrkur.

En það hefur margt breytzt, síðan löggjöf þessi var sett. Breytingar á framleiðsluháttum gerast með miklum hraða. Ef umbætur á vinnubrögðum við landbúnaðarframleiðslu verða á eftir tímanum, skapast ekki aðeins óeðlilegt og jafnvel óþolandi ósamræmi milli hinna ýmsu framleiðenda í sjálfri atvinnugreininni, heldur og milli hennar og annarra atvinnugreina í landinu. Það getur hver maður sagt sér það sjálfur, að slíkt ósamræmi hefur í för með sér margs konar erfiðleika og hættur fyrir íslenzkt þjóðlíf.

Þegar jarðræktarlögin voru sett, var fyrst og fremst við það miðað, að á flestum bændaheimilum væri nokkur vinnukraftur afgangs haust og vor, sem heimilin gætu notað við jarðrækt. Mikið af ræktunarframkvæmdum undanfarinna ára hefur verið unnið með þessum hætti. En þróunin hefur gengið í aðra átt, einkum seinni árin. Veldur þessu einkum það tvennt, að vinnukraftur er nú á fæstum bændaheimilum

til þess nógur að vinna að jarðræktarstörfum í hjáverkum frá öðrum búönnum og að eftir því, sem kostur hefur orðið á og aukizt hefur notkun afkastamikilla jarðvinnsluvéla, hafa bændur fest auga á því, að með þeim á fyrst og fremst að vinna þessi verk. Með þessu móti er sá vinnukraftur, sem sveitirnar ráða fyrir, bezt nýttur, jarðræktarvinnan ódýrust, fljótunnust og oftast bezt gerð, þegar kunnáttumenn, sem hafa jarðrækt fyrir atvinnu, annast verkið. Víða í landinu hafa félög bænda því keypt hagkvæmar jarðvinnsluvélar og ráðið kunnáttumenn til að vinna með þeim á félagssvæðinu. Þar, sem þessum vinnuaðferðum hefur verið beitt, hafa jarðabætur orðið miklu stórfelldari en á öðrum svæðum. En þessum starfsháttum hefur fyrst og fremst orðið við komið þar, sem búa efnaðri bændur, þar sem er þéttbýli, þar sem er mikið ræktanlegt land á tiltölulega litlu svæði. Hin svæðin verða útundan eða dragast aftur úr.

Það er því augljóst mál, að þegar svo er komið, að vinnukraftur er á fæstum heimilum afgangs til að vinna að jarðrækt og vinnukraftur ókaupandi eða ófáanlegur til að vinna þessi störf með handverkfærum, þá hlýtur að skapast stöðvun eða hægagangur í þessum framkvæmdum, sem þó er mest þörf, að verði hraðað, nema alveg nýjar ráðstafanir komi til.

Leiðin að því marki, sem við viljum ná, — útrýming þýfis á túnum og engjum, útrýming hinna úreltu vinnuaðferða, sem eru fylgifiskar þýfisins, og í þess stað véltæk slægjulönd og nýtízku, hraðvirkar vinnuaðferðir á hverju býli — leiðin virðist augljós. Við verðum að styðja félagsræktunina. Við verðum að gefa öllum bændum kost á að eignast í félagi nýtízku jarðvinnsluvélar til jarðabóta. Það verður að koma á nægilega mörgum, góðum námskeiðum, til þess að þjóðin geti eignazt á stuttum tíma nógu marga kunnáttumenn í meðferð hinna vélknúnu jarðræktartækja.

Með þessum hætti er það tækt að framkvæma sléttun slægjulanda á svo stuttum tíma og svo vel, að viðhlítandi sé. En fyrr en þessu verki er lokið, verður ekki á komið almennt nútíma vinnuaðferðum við öflun heyja.

Með því að gera grein fyrir efni hinna einstöku greina frumvarpsins skal skýrt í stuttum dráttum, hvernig hugsað er, að þessi mikla framkvæmd, sem hér er fyrirhuguð, verði gerð.

Um 1. gr. a.

Hér er gert ráð fyrir, að einfaldur meiri hluti fulltrúanna á fundi búnaðarsambands geti ákveðið, að sambandið framkvæmi ræktunarstörf fyrir alla þá búendur á sambandssvæðinu, er þess óska, og að frá byrjun verði ræktunarstörfunum hagað þannig, að ákveðið sé stefnt að því marki, að gömlu og úreltu heyvinnuaðferðirnar hverfi sem allra fyrst, en vinna með vélum komi í þeirra stað. Ráðgert er, að þetta taki hið lengsta tíu ár, en þar, sem sléttun slægjulands er þegar vel á veg komin eða aðstæður eru góðar, ætti að vera fært að ljúka þessu verki á miklu skemmri tíma, og að því bera að stefna sem víðast.

Sléttun gömlu túnanna, framræsla og nýrækt verða að sjálfsögðu víða aðalverkefnin, en annars staðar mundi ræktun og sléttun útengis koma jafnframt eða e. t. v. enn frekar. Framkvæmdum yrði auðvitað hagað eftir því, sem bezt hentaði á hverjum stað og arðvænlegast teldist þar. Hin einstöku býli þurfa misjafnlega mikinn heyfeng, svo að þar verði rekinn lífvænlegur búskapur. Miðað er við meðaltal undanfarinna 10 ára eða allt að 500 hestburði, en telja verður það gott býli, þar sem sá heyfengur fæst af véltæku landi.

Einstaklingarnir ráða því auðvitað sjálfir, hvort þeir notfæra sér þau kjör, sem í boði verða, enda bera þeir kostnaðinn að því leyti, sem hinn opinberi styrkur nægir ekki. En þó leggur ríkið svo mikið af mörkum og svo miklu skiptir, að því fé sé vel varið fyrir heildina, að ákvæði 14. gr. og VI. kafla jarðræktarlaganna verða að takmarka þennan rétt einstaklinganna á þann hátt, að ekki sé varið verulegu fé úr ríkissjóði í umbætur á jörðum, sem einhverra orsaka vegna er talið, að ekki geti orðið til frambúðar, sbr. sérstaklega ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna.

Ætla má, að stórvirkari og dýrari jarðvinnsluáhöld mundu víða gefa betri og ódýrari vinnuafköst og að hin smærri búnaðarsambönd reyndust í heild hæfilega stórt verksvið fyrir þess háttar vélar.

Um 1. gr. b.

Gera verður ráð fyrir því, að í sumum búnaðarsamböndunum, einkum þeim víðlendari, verði ekki í það ráðizt að framkvæma ræktunarstörfin á öllu sambandssvæðinu í einni heild. Í greininni er því hinum einstöku hreppsbúnaðarfélögum gefinn þess kostur að setja sér sams konar samþykktir fyrir sitt félagssvæði og búnaðarsamböndin geta sett sér eftir 1. gr. a. (59. gr.). Þá er og gert ráð fyrir því, að búnaðarfélög, tvö eða fleiri, myndi með sér samtök um ræktunarstarfið, enda Búnaðarfélagi Íslands beinlínis heimilað að koma því til vegar þar, sem sú tilhögun telst heppilegri.

Um 1. gr. c.

Samkvæmt þessari grein er ætlazt til þess, að fyrsta aðstoðin við ræktunaráhuga og ræktunarfyrirætlanir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga verði sú, að Búnaðarfélag Íslands láti gera mælingar og athuganir á hverju býli á samþykktarsvæði, svo víðtækar og vandaðar, að sem mest öryggi verði fyrir því, að á hverjum einstökum stað verði framkvæmdunum hagað eftir því, sem bezt á við þar. Þá er ætlazt til þess, að gerðir verði uppdrættir af hinum fyrirhuguðu ræktunarlöndum.

Um 1. gr. d.

Einn mikilsverður þáttur í ræktunarstarfinu verður val og útvegun jarðvinnsluvéla og verkfæra. Það skiptir miklu, að þessar vélar séu vel valdar og við hæfi á hverjum stað. Það þykir því hyggilegast, að Búnaðarfélag Íslands útvegi þessar vélar, enda hefur það sér til aðstoðar þá kunnáttumenn, sem völ er á beztum hér á landi í vali og notkun jarðvinnsluvéla og verkfæra. Og með því að ríkissjóður styrkir kaup þessara véla og verkfæra að ⅓, en Ræktunarsjóður veitir lán allt að ⅔ af kostnaðarverði véla og tilheyrandi áhalda, er og til þess ætlazt, að Búnaðarfélag Íslands sjái um, að eigi séu keyptar vélar framar þörf.

Um 1. gr. e.

Það er og mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu, svo sem reynslan hefur sýnt, að völ sé á hæfum kunnáttumönnum til þess að fara með vélarnar. Námskeið verður því að halda fyrir þá menn, er vinna eiga með vélknúnum jarðvinnslutækjum, og sannprófa, að eldri kunnáttumenn séu til þess hæfir. Það er hvorki rétt né hyggilegt, að veittur sé styrkur úr ríkissjóði til kaupa á dýrum tækjum, án þess að jafnframt sé tryggt, að þeir, sem með þeim vinna, kunni með þau að fara.

Um 1. gr. f.

Tekin eru upp í greinina sams konar ákvæði um upphæð styrks á þúfnasléttun og nýrækt, sem þau, er gilda um sléttun gömlu túnanna, eftir ákvæðum til bráðabirgða í jarðræktarlögunum, eins og þau eru nú. Þá er og til þess ætlazt, að sléttun útengis verði styrkt með 100 kr. á ha. Framræsla verður hins vegar styrkt eftir hinum almennu ákvæðum jarðræktarlaganna, enda er þar ætlaður allríflegur styrkur til framræslu samanborið við styrk til annarra greina jarðvinnslunnar.

Þau bættu kjör, sem þessi grein veitir jarðræktinni, falla niður, þegar býli hefur náð því marki að geta fengið af véltæku landi svo mikinn heyafla, að telja verði nægilegt fyrir lífvænlegan rekstur meðalbús, og er hér gert ráð fyrir, að til þess þurfi 500 hestburði heys. Eftir það gilda ákvæði jarðræktarlaganna og þá einnig að sjálfsögðu þau fyrirmæli í ákvæðum til bráðabirgða, er snerta gömlu túnin.

Þar sem til þess er ætlazt, að samþykktarheildirnar annist um ræktunarframkvæmdirnar til fullnustu, þykir rétt, að styrkurinn sé þá einnig greiddur þeim, sem verkið framkvæmir.

Um 1. gr. g.

Þótt allýtarlega sé í ákvæðum þessa frumvarps mælt fyrir um, hvernig hinum fyrirhuguðu framkvæmdum skuli hagað, þykir þó óhjákvæmilegt, að Búnaðarfélag Íslands setji reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í frumvarpinu. Sérstaklega þykir nauðsyn til bera að kveða á um í þeirri reglugerð, hvernig tryggja skuli, að ræktunarframkvæmdirnar verði vel og vandlega af hendi leystar.

Um 2. gr.

Í grein þessari er ákveðið, að þau sérstöku fyrirmæli, sem um ræðir í frumvarpinu, falli úr gildi 1. janúar 1955, en þá er gert ráð fyrir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum verði í aðalatriðum lokið.

Sþ. 285. Tillaga til þingsályktunar

um efnis- og vélakaup til bátasmíða innan lands.

Flm.: Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Guðm. Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á möguleikum til að kaupa efni og vélar í allt að 50 fiskibáta, 12—50 rúmlesta. Á sama hátt verði athugað, hvað kosta muni smíði þessara báta hér á landi.

Komi það í ljós, að fiskibátar þessir, smíðaðir hér á landi, fáist smíðaðir fyrir svipað verð og erlendis að öllum kostnaði meðtöldum, felur Alþingi ríkisstjórninni að gangast fyrir efnis- og vélakaupum í þessu skyni. Efni og vélar afhendist síðan til bátasmíðanna með kostnaðarverði.

Greinargerð.

Við athugun þá, sem ríkisstjórnin hefur látið gera á möguleikum til bátakaupa í Svíþjóð, hefur komið í ljós: Í fyrsta lagi, að áhugi manna á bátakaupum er gífurlega mikill, eins og bezt mátti sjá af því, að umsóknir þær, er ráðuneytinu bárust um báta þessa, munu hafa verið allmikið á þriðja hundrað talsins í fyrstu. Í öðru lagi, að eftirspurn þessari verður hvergi nærri fullnægt með bátafjölda þeim, sem talað hefur verið um að kaupa nú frá Svíþjóð. Í þriðja lagi, að afgreiðslutími þessara báta virðist munu verða æði langur. Í fjórða lagi, að verðið á bátum þessum, sérstaklega þeim minnstu, er ekki ósambærilegt við verð á ýmsum bátum, sem smíðaðir hafa verið hér heima.

Af þessum ástæðum og fleirum hefur okkur, sem flytjum þessa tillögu, þótt æskilegt, að gerð yrði gangskör að því að fá úr því skorið, hvort ekki mætti takast að flytja þessa starfsemi inn í landið að sem mestu leyti með haganlegum, sameiginlegum innkaupum, er ríkisstjórnin beitti sér fyrir, lágum farmgjöldum, og byggingarstyrk, er næmi að minnsta kosti jafnhárri upphæð og veitt kynni að verða til smíði hinna erlendu báta, því að það vakir væntanlega ekki fyrir neinum að breikka bilið milli erlendra báta og innlendra með því að styrkja þá fyrrnefndu, en hina ekki. Þessi tillaga ætti því að geta komið til framkvæmda, enda þótt einhverjir erlendir bátar yrðu keyptir, bæði vegna þess, að víða hér er þörf fyrir minni báta en gert hefur verið ráð fyrir að kaupa að, og eins vegna hins, að sú tala, sem gert hefur verið ráð fyrir að kaupa, fullnægir hvergi nærri þörfinni. Þess er svo einnig að vænta, að þegar úthlutað verður fé því, sem Alþingi hefur ætlað til styrktar í þessu skyni, hvernig svo sem það verður gert að öðru leyti, verði fullt tillit tekið til þeirra möguleika, sem við Íslendingar höfum raunverulega til þess að smíða þessi skip sjálfir.

Ed. 286. Frumvarp til laga

um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar og stjórnarráðs.

2. gr.

Byggingarnefnd skipa 7 menn: borgarstjóri, bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins, skipulagsstjóri ríkisins og þrír menn, kosnir hlutfallskosningum í bæjarstjórn árlega samtímis öðrum föstum nefndum. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og aðrir sérfræðingar, sem bæjarstjórnin ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllunum gegnir starfi hans. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem bæjarstjórn kýs samtímis aðalmönnum og á sama hátt.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef á fundi eru formaður og þrír nefndarmenn aðrir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Um byggingarmálefni kaupstaðarins skal nánar kveðið á í byggingarsamþykkt, sem bæjarstjórn semur að fengnum tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

4. gr.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir bæjarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef bæjarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins. Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

5. gr.

Í byggingarsamþykkt má ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi, sem samkvæmt henni eru veitt, og fyrir störf, er byggingarfulltrúi stöðu sinni samkvæmt vinnur í þágu einstakra manna. Gjöld þessi renna í bæjarsjóð og hafa lögtaksrétt.

6. gr.

Byggingarfulltrúi skal þegar í stað kæra fyrir sakadómara, ef bygging er hafin, án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða á annan hátt er byggt en leyfi stendur til.

Sakadómari skal þá þegar kveða upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rifið eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð bæjarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegrar byggingar. Bæjarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd lögreglustjóra á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Bæjarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefur verið lagt við henni skv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi

minna en 1000 króna sekt. Veita skal borgarstjóra kost á því fyrir hönd bæjarsjóðs að gera í refsimálinu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

7. gr.

Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi, áður en lög þessi ganga í gildi. Síðan skal með venjulegum hætti skorið úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal rífa, þegar bæjarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnæðisvandræða. Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal það árlega borið undir bæjarstjórn, hverjar þeirra hún vill þá láta rífa. Nú stendur slík óleyfð bygging á óútvísuðu eignarlandi bæjarins, og öðlast eigandi byggingarinnar engan rétt til landsins, þótt hún standi þar.

Um niðurrif og brottnám þeirra bygginga, sem bæjarstjórn skv. 1. mgr. krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 6. gr. segir, og varðar það viðurlögum skv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjótt og krafizt er.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin þessi lagafyrirmæli: Opið bréf 29. maí 1839 um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík, lög nr. 4 2. febr. 1894, um breyting á því, lög nr. 17 13. sept. 1901, um breyting á tskp. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og viðaukalög við þau, nr. 34 23. okt. 1903.

Byggingarnefnd samkvæmt lögunum skal kosin á fyrsta fundi bæjarstjórnar, eftir að lögin öðlast gildi, og gildir kosning hennar, þangað til fastar nefndir bæjarstjórnar eru kosnar í febrúar 1945.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið í samráði við byggingarnefnd og bæjarráð Reykjavíkur, og hafa bæði lýst sig því samþykk að aðalefni.

Núgildandi lagaákvæði um byggingarmálefni Reykjavíkur eru mjög í molum. Þau yngstu eru meira en 40 ára gömul, hin elztu rúmlega hundrað ára.

Má nærri geta, að margt hefur breytzt í byggingarmálum, síðan þessi ákvæði voru sett. Að sumu leyti kemur það þó ekki að sök. Fyrirmælin um sjálfar byggingarnar, byggingarefni og annað slíkt eiga fremur heima í byggingarsamþykkt en löggjöf. Þessu hefur og svo verið háttað um langa hríð varðandi Reykjavík, að aðalákvæðin um þetta hafa verið í byggingarsamþykktinni, en í lögunum hafa að mestu verið mjög víðtækar heimildir til setningar nánari fyrirmæla í byggingarsamþykkt. En nú er verið að endurskoða byggingarsamþykktina, og hefur reynzt óhjákvæmilegt að setja ný lagafyrirmæli, til þess að endurskoðunin komi að haldi.

Aðalbreytingarnar í þessu frv. frá því, sem áður hefur verið, eru þær, að byggingarnefndin á að verða öðruvísi skipuð, betur er tryggt, að byggingarsamþykktinni verði í raun og veru framfylgt, og að í lögunum sjálfum sé ekki kveðið á um þau efni, sem hagkvæmara þykir, að fjallað sé um í byggingarsamþykktinni einni.

Um einstakar greinar skal þetta sagt:

Um 1. gr.

Efni greinarinnar skýrir sig sjálft og er í samræmi við það, sem verið hefur og ætlazt er til, að áfram gildi.

Um 2. gr.

Skipun byggingarnefndar er breytt frá því, sem verið hefur. Borgarstjóri á að eiga þar sæti eftir sem áður. Þykir það rétt, bæði til að samræma störf nefndarinnar stjórn bæjarmála að öðru leyti og til að tryggja nefndinni a. m. k. einn málsvara í

bæjarstjórn. Lagt er til, að bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins og skipulagsstjóri ríkisins eigi sæti í nefndinni stöðu sinni samkvæmt. Er með þeim hætti séð fyrir því, að í byggingarnefndinni eigi sæti sérfræðingar í húsagerðar- og byggingarfræði. Hefði að vísu verið hugsanlegt að láta bæjarstjórn kjósa einhvern úr hópi slíkra sérfræðinga, en bæði er, að hópurinn er ekki ýkjastór og heppilegra er, að í nefndinni eigi sæti fastir starfsmenn, sem ætla má, að séu vel að sér í fræðigrein sinni, og ekki eiga að staðaldri mál að sækja fyrir nefndinni. Sumir hafa þó talið þessa sérfræðinga of marga og ýmist viljað láta bæjarverkfræðing eða skipulagsstjóra ríkisins hverfa úr nefndinni. Hér er haldið fast við, að báðir eigi þar sæti, enda hljóta þeir hvor með sínum hætti að vera manna kunnugastir byggingarmálefnum bæjarins og sökum sérfræðiþekkingar sinnar að vera mjög dómbærir um allar nýbyggingar. Skipulagsstjóri ríkisins er að vísu ekki í bæjarins þjónustu, en einkar ákjósanlegt virðist, að með setu hans í nefndinni sé tryggð samvinna þeirra stjórnvalda ríkis og bæjar, sem að skipulagsmálum vinna. Ástæðulaust sýnist að óttast, að of margir sjálfkjörnir menn eigi sæti í nefndinni, því að raunverulega eru þeir aðeins þrír. Borgarstjóri tilheyrir eðli stöðu sinnar samkvæmt hinum kjörna hluta nefndarinnar og telst beinn fulltrúi bæjarstjórnarinnar. Auk hans á bæjarstjórnin að kjósa 3 menn í nefndina, og skal það gert með hlutfallskosningum. Eins og nú hagar til, væri æskilegast, að hver flokkur í bæjarstjórn fengi einn fulltrúa kosinn. Bæjarstjórn er heimilt að kjósa þessa nefndarmenn innan bæjarstjórnar eða utan, úr hópi sérfræðinga eða leikmanna, allt eftir vild.

Aðstaða byggingarfulltrúa í nefndinni verður hin sama og verið hefur. Slökkviliðsstjóri er settur á bekk með honum og öðrum sérfræðingum, sem bæjarstjórn kynni að taka til. Er sérstaklega líklegt, að svo yrði ákveðið um t. d. héraðslækni eða heilbrigðisfulltrúa.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Skv. greininni er látið enn rýmra en áður, hvert efni byggingarsamþykktar skuli vera. Virðist það óhætt, þar sem um það hefur nú myndazt föst venja, um hver efni samþykktirnar fjalla. Fyrirmæli um einstök atriði hljóta hins vegar að fara eftir reynslu og tækni, sem fyrir höndum er á hverjum tíma. Er þar um að ræða sérfræðileg efni, sem miklu betur fer á, að ákveðið sé um í samþykkt eða reglugerð en lögum. Hitt er sjálfsagt, að hvergi sé slakað á öryggiskröfum, og tryggir undirbúningur samþykktar, að svo verði eigi gert.

Um 4. gr.

Í greininni er það nýmæli eitt, að ætíð, þegar byggingarnefnd og bæjarstjórn greinir á um afgreiðslu máls, skal stjórnarráðið skera úr. Þetta mundi koma til greina, ef bæjarstjórn yrði við umsókn, sem byggingarnefnd hefði synjað. Tryggir þetta því betur en gert hefur verið, að ráð sérfræðinganna séu ekki að vettugi virt.

Um 5. gr.

Ákvæðið er í samræmi við það, sem gilt hefur

Um 6. gr.

Einn höfuðgallinn á núgildandi löggjöf er sá, að engan veginn er tryggt, að eftir vilja byggingaryfirvaldanna sé farið. Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt eru ekki hærri en 50 kr. Hér við bætist, að ákvæðin um niðurrif óleyfðra bygginga eru slík, að þau hafa ekki að neinu gagni komið.

Í greininni er ýtarlega ákveðið, hvernig að skuli farið með ólögmætar byggingar. Þau ákvæði eru sett í samráði við sakadómarann í Reykjavík og eiga að tryggja, að byggingarsamþykktin verði raunhæf fyrirmæli, en ekki gagnslaus bók-

stafur, sem unnt er að ósekju að brjóta gegn, eins og í allríkum mæli hefur verið gert um langt árabil.

Þá eru sektirnar færðar til samræmis við núgildandi hegningarlög.

Um 7. gr.

Í bænum er nú fjöldi ólögmætra bygginga, mest óíbúðarhæfir kofar, sem menn engu að síður búa í, eða geymsluskúrar. Þessum byggingum verður að útrýma hið fyrsta, en þó með hæfilegri hliðsjón af þeim almennu húsnæðisvandræðum, sem nú eru í Reykjavík. Fyrirmæli greinarinnar eiga að tryggja, að hinar óleyfðu byggingar hverfi á brott svo fljótt sem unnt er almennra hagsmuna vegna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 287. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. Hafa hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum eftirlit með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu umdæmi. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn annan mann til eftirlits með því. Svo getur og ráðherra, að fengnum tillögum loðdýraræktarráðunautar, skipað sérstaka menn til eftirlits.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga nr. 94 1940 (5. gr. laga nr. 38 1937) orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

3. gr.

Við 4. gr. laga nr. 94 1940 bætast tvær nýjar málsgr., og orðast þá greinin þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu flutt á milli garða í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppstjóra eða lögreglustjóra, að þau kunni að sleppa úr aðhaldi, svo sem vegna ísalaga.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar eftirlitsmanns, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki loðdýraræktarráðunautar, fyrirvaralaust afturkallað hið áður veitta leyfi til loðdýraræktar og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 2. mgr.

4. gr.

Í stað 7. gr. laga nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal hafa í þjónustu sinni ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra sé hlýtt.

5. gr.

12. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli; svo skal hann og, í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, mæta á fundum hennar og á fundum félagsdeilda Loðdýraræktarfélags Íslands, þegar þær óska þess og ráðunauturinn fær komið því við.

Ráðunauturinn skal enn fremur vera dómari á loðdýrasýningum, eftir því sem við verður komið, og hafa yfirumsjón með merkingu loðdýra og með ættbókarfærslu.

Ráðunauturinn hefur á hendi yfirumsjón með veiðum á villiminkum.

6. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú á kostnað ríkisins til þess að ala upp fyrsta flokks loðdýr, sem síðan megi selja loðdýraeigendum til undaneldis. Ráðunauturinn í loðdýrarækt hefur yfirumsjón með þessum framkvæmdum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 14. maí 1940 inn í lög nr. 38 13. júní 1937 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðasta Alþingi var frumvarpi til laga um bann gegn minkaeldi o. fl. vikið frá umræðu í neðri deild með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á þingskjali nr. 116.

Samkvæmt þessu hefur ráðuneytið samið frumvarp það um þetta efni, sem prentað er hér að framan.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1., 2. og 4. gr.

Þessar greinar fela í sér þá breytingu, að Búnaðarfélagi Íslands er falin umsjón með framkvæmd loðdýraræktarlaganna, og ræður það loðdýraræktarráðunautinn. Nú er hann skipaður af landbúnaðarráðuneytinu. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með öllum greinum landbúnaðarins nema loðdýraræktinni, og verður ekki séð, að ástæða sé til þess, að önnur regla skuli gilda um loðdýraræktina en aðrar greinar landbúnaðarins.

Síðasti hluti 1. greinar miðar að því að tryggja sem bezt, að loðdýr sleppi ekki úr vörzlu, þannig að landbúnaðarráðherra geti, að fengnum tillögum loðdýraræktarráðunautar, sett sérstaklega valda menn til eftirlits með öruggum útbúnaði loðdýragarða, ef það kæmi í ljós, að eftirlitið reyndist ófullnægjandi öðruvísi á einstökum stöðum. Í annan stað mætti hugsa sér, að sérstakur maður ferðaðist um landið einu sinni eða tvisvar á ári til athugunar á öryggi minkabúanna. Slíkt ferðalag mundi þó reynast mjög dýrt, ef hann ætti að koma á öll minkabú landsins, og auk þess mundi það

ekki tryggja verulega betur löglegan frágang loðdýragarða en eftirlit valinna manna, búsettra í þeim héruðum, þar sem loðdýragarðarnir eru.

Um 3. gr.

Grein þessi felur í sér ströng refsiákvæði gagnvart þeim loðadýraeiganda, sem ekki lætur sér annt um að hafa öryggisútbúnað á loðdýragarði sínum ávallt í sem beztu lagi og lögum samkvæman.

Einnig er tekin til greina vond meðferð á loðdýrum. Auk þeirrar vanvirðu, sem er að slíku háttalagi hjá loðdýraeiganda, má segja, að maður, sem fer illa með loðdýr sín, geti ekki hagnazt á rekstrinum og eigi því ekki heima innan þessarar atvinnugreinar.

Í sambandi við 2. tölulið téðrar dagskrár skal þess getið um merkingu á minkum, að aðferð til þess að merkja þessi dýr eigandamerki er óþekkt erlendis, og hefur þó talsvert verið skrifað þar um það mál. Hér á landi hefur verið stungið upp á því að skera burtu fremstu kjúku á fleiri eða færri tám á minkunum. Þetta er mjög harðýðgisleg meðferð og óreynt, hvaða áhrif hún hefði á þroska dýranna eða hvort þau mundu öll lifa hana af. Búast mætti við, að hún þætti erlendis setja nokkurn blett á mannúð þjóðarinnar. Hér fyrir utan er þess að gæta, að merkingin verður aðeins eigandamerking, en aðgreinir ekki hið merkta dýr frá öðrum minkum í sama búi. Selji minkaeigandi, sem þannig hefur merkt minka sína, dýr til annarra minkabúa og sleppi þessi dýr þ a r út, þá mundi hinn upprunalegi eigandi minkanna vera undirorpinn sektum, þar eð dýrin væru með eigandamerki hans.

Frekari sektir en um getur í 6. gr. laga nr. 94 1940 eru ekki ákveðnar hér. Þar sem slíkum örðugleikum er bundið að merkja minka sem að ofan greinir, mundu það vera refaeigendur, sem aðallega hlytu þær sektir, en þess er að gæta, að silfurrefir þeir, sem sloppið hafa úr haldi, hafa aldrei gert neitt teljandi tjón, svo vitað sé, og ávallt náðst fyrr eða síðar dauðir eða lifandi. Um blárefi og hvítrefi er það að segja, að sams konar dýr og í búrum finnast eru villt um allt land, og er það ekki venja erlendis að beita sektarákvæðum fyrir að missa dýr úr haldi, þegar sama tegund dýra er fyrir villt í landinu. Það að tapa dýrinu látin vera nægileg fjárútlát.

Um 5. gr.

Hér er ætlazt til, að loðdýraræktarráðunautur kynni sér jafnóðum erlendar framfarir og nýjungar í loðdýrarækt og birti stöðugt fræðandi greinar hér að lútandi á prenti. Loðdýraræktin er vandasamasta atvinnugrein alidýraræktarinnar. Hún er tiltölulega ung og í allmikilli framþróun. Hér á landi hafa loðdýraeigendur enn þá enga handbók til þess að styðjast við í atvinnugrein sinni, og nærri ekkert er birt af rökstuddum greinum um loðdýrarækt. Til þess að loðdýraræktarmenn geti fylgzt með í samkeppninni á heimsmarkaðinum, er hin mesta nauðsyn á, að breyting verði á þessu. Ferðalög til þess að eiga munnlegt samtal við loðdýraeigendur hafa hins vegar ekki þótt bera tilætlaðan árangur sem fræðslustarfsemi.

Um veiðar á villiminkum er ástæða til þess að ætla, að með því að nota áhöld og veiðiaðferðir, sem erlendir atvinnuveiðimenn nota við minkaveiðar, og jafnvel fá einn slíkan mann, ef tækifæri gefst, til þess að kenna minkaveiðar, megi ekki aðeins halda villiminkum í skefjum hér á landi, heldur jafnvel fækka þeim að mun. Er athugandi í þessu sambandi, að enn þá hefur engin vissa fengizt fyrir því, að villiminkar geti yfirleitt lifað yfir veturinn á Norðurlandi sökum fæðuskorts, eftir að ár og vötn frjósa þar. Þykir rétt, að ráðunauturinn í loðdýrarækt kynni sér, hvernig villiminkar verða auðveldast veiddir, og láti í té, auk leiðbeininga, áhöld til veiðanna, eftir því sem ástæða þykir til.

Um 6. gr.

Loðdýraræktin og þá sérstaklega minkaræktin þykir ekki hafa eins góð undaneldisdýr og æskilegt væri. Þegar líður frá ófriðarlokum, lækkar að vísu framleiðslu-

kostnaður, en þá mun jafnframt framboð á refa- og minkaskinnum fara vaxandi á heimsmarkaðinum og verð skinnanna samtímis lækkandi. Til þess að vinna á móti lækkandi afurðaverði og geta staðizt samkeppnina á heimsmarkaðinum er, auk meiri fræðslustarfsemi, nauðsynlegt, að fyrsta flokks loðdýr nái almennri útbreiðslu, og gæti því verið æskilegt, að ríkið ætti hóp beztu tegundar af loðdýrum, til þess að selja frá þeim undaneldisdýr, ef nægilega ör útbreiðsla fyrsta flokks dýra virtist, við nánari athugun, ekki geta farið fram á annan auðveldari og jafntryggan hátt.

Nd. 288. Frumvarp til laga

um gerð flugvalla og lendingarstaða fyrir flugvélar.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Flugvellir skulu flokkaðir í 4 flokka eftir stærð þeirra, gerð og búnaði til notkunar og rekstrar.

Fullnægja skulu þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. flokkur. Rennibrautir skulu vera ekki færri en 3, gerðar úr steinsteypu, malbiki eða með öðru varanlegu slitlagi. Skulu þær fullnægja aðalvindáttum.

Lengd brauta og breidd skal nægileg fyrir stórar millilandaflugvélar. Skulu þar vera byggingar þær, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt telst til þess að fullnægja millilandaflugi.

2. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægja til innanlandsflugs. Skulu þar vera byggingar, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt þykir til þess að fullnægja innanlandsflugi með flugvélum af allt að 15000 kg þyngd.

3. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægileg fyrir meðalþungar flugvélar, allt að 5000 kg þyngd. Við völlinn skulu vera nauðsynlegustu tæki og búnaður fyrir snögga viðkomu slíkra flugvéla.

4. flokkur. Rennibrautir skulu vera 2, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 braut muni nægja eða verða of kostnaðarsamt að gera 2 brautir. Rennibrautir skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd brauta og breidd skal ætluð aðeins fyrir léttar flugvélar, allt að 3000 kg þyngd, eftir því sem fært þykir kostnaðar vegna. Rennibrautir skulu merktar, og þar skal vera aðgangur að síma, svo og smáskáli fyrir farþega, en yfirleitt ekki annar búnaður.

2. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

a. Í 1. flokki:
   1. Í Reykjavík.
   2. Á Reykjanesi.
b. Í 2. flokki:
   1. Í Eyjafirði.
   2. Hjá Egilsstöðum á Völlum.
   3. Á Melatanga í Hornafirði.
c. Í 3. flokki:
   1. Í Borgarfirði.
   2. Hjá Söndum í Miðfirði.

3. Hjá Blönduósi.
4. Hjá Sauðárkróki.
5. Í Vestmannaeyjum.
6. Nálægt Siglufirði.
7. Hjá Húsavík
8. Hjá Kópaskeri.

d. Í 4. flokki:
1. Á Akranesi.
2. Á Kambsnesi hjá Búðardal í Dalasýslu.
3. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
4. Hjá Hólmavík.
5. Í Vopnafirði.
6. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
7. Hjá Fagurhólsmýri.
8. Í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.
9. Á Geitasandi í Rangárvallasýslu.

3. gr.

Flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar skulu vera:

a. Í Reykjavík.
b. Í Ísafjarðarkaupstað.
c. Á Akureyri.
d. Á Austfjörðum.
e. Á Vestfjörðum.

4. gr.

Til öryggis flugsamgöngum skulu vera þráðlausar talstöðvar á 1. og 2. flokks flugvöllum, svo og annars staðar, er nauðsyn krefur.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera samninga við einstaka landeigendur til þess að tryggja lendingarstaði fyrir smáflugvélar á landi, sem til þess henta, án þess að gerðar verði rennibrautir.

6. gr.

Kostnaður við gerð, rekstur og viðhald þeirra flugvalla, sem um getur í lögum þessum, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, tækjum og búnaði, greiðist úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til í fjárlögum, sbr. þó 1. mgr. 9. gr.

Áður en fé er veitt til nefndra framkvæmda, skal hafa farið fram nákvæm rannsókn og liggja fyrir kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skal setja á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þykir, og fellur þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist flugmálastjóri. Þar til þessi skipan verður gerð, hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stjórn þeirra mála, sem greinir í lögum þessum, og er vegamálastjóri og flugmálaráðunautur ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Kostnaður við stjórn flugmála og rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, er í lögum þessum getur, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum

og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Landeiganda er skylt, gegn hæfilegu endurgjaldi, að láta af hendi jarðefni til nauðsynlegra mannvirkja vegna loftferða.

9. gr.

Bætur fyrir landnám og jarðrask vegna flugvalla í 3. og 4. flokki skulu greiðast úr sýslu- og bæjarsjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms á landi og mannvirkjum svo og um bætur fyrir jarðrask samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, skal matsnefnd meta, hve mikill hluti bótanna skal ganga til leiguliða.

11. gr.

Skaðabóta, er leiðir af gerð mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 28. maí 1941, um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 1. og 2. gr.

Rétt þykir og hentugt að flokka flugvelli, sem gerðir verða hér á landi, eftir gerð þeirra og notkun þeirri, sem þeim er ætluð, og þykir hæfilegt að hafa flokkana 4.

Í 2. gr. eru taldir þeir helztu staðir, sem þörf þykir flugvalla fyrst um sinn. Eru þeir ákveðnir með tilliti til samgönguþarfar og hliðsjón af, hvar aðstaða er hentug til að gera þá.

Í 1. flokki er sá flugvöllur til millilandaflugs, sem sjálfsagðastur þykir, í Reykjavík. Gerð hans, búnaði og tækjum verður ekki lýst hér, en hann mun þegar teljast mjög fullkominn til allra nota.

Þá eru í 2. flokki 3 aðalflugvellir landsins, sem eiga að vera með þeirri gerð og búnir þeim tækjum, að nægi allt að 20 farþegaflugvélum til innanlandsflugs. Á Vestfjörðum er ekki vitanlegt, að völ sé á flugvallastæðum, er fullnægt geti þeim kröfum, sem gerðar eru í þessum flokki, enda talið, að aðstæður séu slíkar, að í þeim landshluta verði að miða flugsamgöngur við sjóflugvélar.

Í Eyjafirði er flugvöllur hjá Melgerði, sem ef til vill má umbæta svo, að telja verði fullnægjandi, en hann hefur þann ókost, að hann er nokkuð langt frá Akureyri, um 23 km, og samgöngur þaðan ekki sem tryggastar á vetrum enn sem komið er. Þarf frekari rannsókn að leiða í ljós, hvort tiltækilegt þykir að velja annan stað hagkvæmari. Er því staðurinn ekki nánar tilgreindur í frumvarpinu.

Það má telja víst, að heppilegasta flugvallarstæði fyrir Austurland sé austan við Lagarfljótsbrú nálægt Egilsstöðum. Flugvallarstæðið hefur verið mælt, og staðurinn liggur í miðju héraði og nálægt þar, sem einnig má vænta, að reist verði sveitaþorp, áður líður á löngu.

Á Melatanga í Hornafirði hefur verið lendingarstaður flugvéla þegar í nokkur ár, og eru þar talin skilyrði allgóð.

Vegna kostnaðar þykir ekki fært að gera ráð fyrir, að rennibrautir verði mal-

bikaðar eða steyptar á neinum flugvöllum til innanlandsflugs, þó að sérstakar ástæður kunni að liggja til þess, að þær verði gerðar úr vandaðra efni en grassverði eða möl.

Í 3. flokki eru taldir aðrir helztu flugvellir til innanlandsflugs, sem þó yrði ekki vandað eins til og þeirra þriggja, sem taldir eru í 2. flokki. Af þeim 8, sem hér eru taldir, hafa aðeins 2 verið staðsettir og mældir, hjá Söndum í Miðfirði og hjá Sauðárkróki á Borgarsandi. Þá má telja flugvallarstæðið skammt utan við Kópasker ákveðið, en óvissa er um staðsetningu hinna. Geta þar ýmsir staðir komið til greina, og verður ekki úr því skorið, fyrr en nákvæm rannsókn hefur farið fram. Sérstaklega er óvíst, hvort unnt er að gera flugvöll nálægt Siglufirði, nema þá í Fljótum, og er það ekki rannsakað enn.

Í 4. flokki eru taldir nokkrir staðir, þar sem athugun hefur leitt í ljós, að gera megi ódýra litla flugvelli eða eina rennibraut. Er þó að vísu óvissa um staðsetningu sumra þeirra.

Um 3. gr.

Ekki þykir ástæða að svo stöddu að gera ráð fyrir aðalflugstöð sjóflugvéla utan Reykjavíkur nema á Ísafirði, og er þá gert ráð fyrir, að sú flugstöð verði búin svipuðum tækjum og aðalflugstöðvarnar í 2. flokki.

Um 4. gr.

Talstöðvar þykja ómissandi til öryggis flugsamgöngum, en að svo stöddu þykir ekki ástæða til að ákveða þær fyrst um sinn utan Reykjavíkur nema á aðalflugstöðvunum, en er þó gert ráð fyrir, að þær verði settar þar, sem reynsla sýnir, að þeirra er þörf.

Um 5. gr.

Athuganir hafa sýnt, að nokkuð víða má finna nothæfa lendingarstaði fyrir litlar vélar, svo sem á túnum, valllendi eða melum, og er hér ætlazt til, að afnot þeirra verði tryggð með samningi við eigendur, að þeim verði ekki spillt með skurðum, girðingum, byggingum eða öðrum mannvirkjum. Geta slíkir staðir verið mjög nauðsynlegir, t. d. til nauðlendingar eða sjúkraflutninga.

Um 6. gr.

Sjálfsagt er talið, að ríkissjóður verði einn að bera allan kostnað af allri flugvallagerð og öðrum mannvirkjum, svo og af rekstri þeirra og viðhaldi, sbr. þó 1. málsgr. 9. gr., að því er snertir flugvelli í 3. og 4. flokki.

Um 7. gr.

Það þykir enn ekki tímabært, að skipaður verði sérstakur flugmálastjóri, en megi fyrst um sinn fela vegamálastjóra framkvæmdir að flugvallagerðum, enda fái hann nægjanlega aðstoð til þessara starfa. Hann mun hafa á að skipa verkstjórum og væntanlega hafa umráð véla, sem má nota til slíkra mannvirkja jafnframt vegagerðum.

Vitanlega verður það flugmálaráðunautur ríkisins, sem leggur á ráðin um sérgreinir flugmálanna sjálfra.

Um 8. og 9. gr.

Rétt þykir að fella hér inn óbreytt lög nr. 20 28. maí 1941, um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, en í þeim eru ákvæði um framkvæmd eignarnáms og greiðslu bóta vegna flugvallagerða.

Um 10. og 11. gr.

Hér eru nokkru nánari ákvæði um greiðslu bóta.

Um 12. gr.

Samanber það, er segir um 8. og 9. gr.

Ed. 289. Frumvarp til laga

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsókn í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

2. gr.

Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti af landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

3. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins. Fyrirhugað þjóðvegarstæði um land Reykhóla skal einnig valið í samráði við skipulagsstjóra og tilraunaráð í jarðrækt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ályktun Alþingis frá 12. apríl 1943 var skipuð fimm manna nefnd til þess að gera nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarafnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland. Skilaði nefndin tillögum sínum til ráðuneytisins hinn 16. sept. 1943 ásamt frumvarpi til laga um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Frumvarpið var borið fram á Alþingi 1943. Eftir að landbúnaðarnefnd Ed. hafði haft frv. til athugunar og fengið um það umsögn bæði frá fræðslumálastjóra, sem taldi, að ákvæðin um skólann þyrfti að athuga nánar, og frá Búnaðarfélagi Íslands, sem mælti með frv. með nokkrum breytingum, þótti henni rétt að leggja til, að ákvæðin um skólann fengju enn betri undirbúning. Nefndin bar því fram á þessu sama þingi þáltill., þar sem ríkisstjórninni var falið að hefja undirbúning þá þegar að því að reisa og reka á jörðinni tilraunastöð þá, sem frv. þetta mælir fyrir um, jafnframt því, sem frv. um skólastarfsemina yrði sent til milliþinganefndar í skólamálum til athugunar, og enn fremur, að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að leysa jörðina úr ábúð. Var þáltill. samþykkt og afgreidd frá deildinni til ríkisstjórnarinnar.

Með því að milliþinganefnd í skólamálum hefur enn eigi skilað áliti sínu um skólafrumvarpið, er allt enn í óvissu um afdrif þess. Hins vegar hefur komið fram eindreginn þingvilji fyrir stofnun og rekstri tilraunastöðvarinnar og það þegar í stað, og ber því nauðsyn til að taka það atriði út af fyrir sig, til þess að framkvæmd þess þurfi ekki að tefjast meira en orðið er. Jafnframt er óhjákvæmilegt að skipta með lagaákvæði ákveðnu landi til tilraunastöðvarinnar. Þá er einnig nauð-

synlegt að tryggja, að engin mannvirki verði gerð á landinu nema í samráði við skipulagsstjóra, svo að þar verði eigi annað reist en það, sem að fullu samrýmist fyrirhuguðu skipulagi á staðnum. Jörðin Reykhólar er það höfuðból, að ekki er sæmandi að láta dragast degi lengur viðreisn staðarins, og bændur á Vesturlandi bíða þess með óþreyju, að hafizt verði handa um stofnun og starfrækslu tilraunastöðvarinnar, sem vitað er, að mundi verða landbúnaðinum þar til ómetanlegs gagns. Þess er því vænzt, að mál þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Sþ. 290. Tillaga til þingsályktunar

um áætlun strandferðaskipa og flóabáta.

Flm.: Gísli Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar semja áætlun um ferðir allra þeirra skipa, sem sigla í strandferðum við Ísland og gerð eru út af Skipaútgerð ríkisins. Skal áætlunin samin þannig, að skipakostur sá, sem útgerðin hefur yfir að ráða, verði notaður á sem allra hagkvæmastan hátt, bæði til fólks- og vöruflutninga, um leið og þess sé gætt, að staðir og héruð, sem lélegar eða engar bílasamgöngur hafa við aðalvegakerfi landsins, fái hlutfallslega meiri not af farþegaskipunum en þau héruð eða staðir, sem möguleika hafa á því að fullnægja fólksflutningi með bifreiðum. Áætlunin sé birt almenningi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. des. n. k.

Samfara þessu skal ríkisstjórnin einnig hlutast til um, að samdar verði áætlanir fyrir alla flóabáta, sem styrk hafa úr ríkissjóði, og séu þær birtar almenningi að minnsta kosti 30 dögum áður en ferðirnar hefjast.

Greinargerð.

Skömmu eftir að ófriðurinn brauzt út 1939, eru gefin út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa. Samtímis er gefin út auglýsing, sem bannar að veita upplýsingar um ferðir skipa, annarra en þeirra, sem eru í innanlandsferðum. En þótt skip þessi séu undanskilin í auglýsingunni, hefur þótt rétt að gefa ekki út áætlanir fyrir þau að óbreyttu ástandi í landinu. Að skipin hafa siglt þannig árum saman áætlunarlaust, hefur hvort tveggja í senn, bakað landsmönnum margvíslega örðugleika og aukið jafnframt stórkostlega kostnað við dreifingu varanna, þar sem notagildi skipanna hefur orðið margfalt minna fyrir óvissuna, sem ríkt hefur um ferðir þeirra. Er núverandi ástand í þessum málum algerlega óþolandi. Ástandið í landinu hefur hins vegar breytzt þannig nú, að engin hætta sýnist fólgin í því að láta skipin sigla innan lands eftir fyrir fram gerðri áætlun.

Þegar litið er yfir skýrslu Skipaútgerðar ríkisins frá sama ári, er ljóst, að viðkomufjöldi skipanna hefur verið allverulegur á mörgum stöðum á landinu og það svo, að fullt gagn hefði mátt vera af þeim, ef um skipulagðar ferðir hefði verið að ræða. En það er fjarri því, að svo hafi verið. Ber því að stefna að því nú þegar að skipuleggja þessar ferðir eftir því, sem unnt er. Verður þá jafnframt að taka fullt tillit til þess, að sem beztur árangur náist með þeim takmarkaða skipakosti, sem fyrir er, og að um viðkomur farþegaskipa verði meira tillit tekið til þeirra staða og héraða, sem útilokuð eru frá vegasambandi landsins, en hinna, sem daglega eða vikulega eiga kost á bifreiðaferðum.

Tillagan gerir ráð fyrir, að þessu verði komið í framkvæmd eigi síðar en 1. des. n. k., og er þess vænzt, að málið mæti svo mikilli samúð hjá þingmönnum, að af-

greiðsla þess nái fram að ganga hið allra fyrsta. Þá þykir einnig sjálfsagt, að áætlun sé gefin út fyrir alla flóabáta, sem styrks njóta úr ríkissjóði, og hún birt almenningi eigi síðar en mánuði áður en viðkomandi ferðir hefjast.

Nd. 291. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta á Látrum í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Látraþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Látraþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Sléttuhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sléttuhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Sléttuhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Látraþorps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Látrum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Látralendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sléttuhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá Látrum í Aðalvík hefur um langan aldur verið sóttur sjór. Fiskisæld er mikil í víkinni og örstutt á mið. En sjósókn Látramanna hefur jafnan verið mjög háð hafnleysi og brimasamri lendingu. Um langan aldur hefur þó verið rætt um lendingarbætur þar, en ekki orðið úr framkvæmdum.

Á s. l. sumri framkvæmdi verkfræðingur frá Vitamálaskrifstofunni rannsókn á lendingarbótaskilyrðum á staðnum. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að með því að smíða þar 30 m langa bátabryggju væri mjög bætt aðstaða smáútgerðarinnar í þorpinu. Áætlaði hann kostnað við slíka framkvæmd 35—40 þús. kr. Á fundi hreppsnefndar Sléttuhrepps 27. ágúst s. l. var samþykkt tillaga um, að Alþingi setti lög um lendingarbætur fyrir Látra á grundvelli rannsóknar og áætlunar verkfræðingsins. Byggist frv. þetta á þessari ósk hreppsnefndarinnar og Sléttuhreppsbúa almennt, er hafa mikinn áhuga á téðum lendingarbótum.

Nd. 292. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta á Sæbóli í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Sæbólsþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Sæbólsþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Sléttuhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sléttuhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Sléttuhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að

þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Sæbólsþorps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Sæbóli, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Sæbólslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánuðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sléttuhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhald lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jafnhliða því, að verkfræðingur frá Vitamálaskrifstofunni rannsakaði í sumar skilyrði lendingarbóta á Látrum í Aðalvík, framkvæmdi hann slíka athugun á Sæbóli, sem liggur einnig við Aðalvík. Um Sæból er svipaða sögu að segja og Látra, að þaðan hefur verið sóttur sjór um langan aldur á hin fiskisælu mið Aðalvíkur. Lendingarbætur hafa þar engar verið gerðar og smábátaútgerðin þar því átt við mikla örðugleika að stríða. Áhugi á lendingarbótum hefur farið vaxandi með bættum efnahag hreppsins og fólksins. Á fundi hreppsnefndar Sléttuhrepps 27. ágúst s. l. var samþykkt tillaga, þar sem þess var óskað, að sett yrðu lög um lendingarbætur fyrir Sæból og síðan hafizt handa á grundvelli rannsóknar þeirrar, er verkfræðingur Vitamálaskrifstofunnar framkvæmdi í sumar. En samkvæmt henni var áætlað, að 30 m löng bátabryggja á Sæbóli kostaði 35—40 þús. kr.

Frv. þetta er flutt samkvæmt fyrrgreindri áskorun hreppsnefndar Sléttuhrepps og á grundvelli þeirrar rannsóknar, sem framkvæmd var á s. l. sumri.

Nd. 293. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Djúpavogi.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Djúpavogi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Breiðdalsvíkur að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Búlandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Djúpavogs.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarsvæðisins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Búlandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Búlandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Búlandshrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Búlandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Búlandshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Djúpavogi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Djúpavogs, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Búlandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Út af Djúpavogi við Berufjörð eru góð fiskimið. Á Djúpavogi er talsverð verzlun og vöruflutningur. Á staðnum er hins vegar engin aðstaða til þess að ferma eða afferma skip við land, og verða öll stærri skip, þ. á m. strandferðaskipin, að liggja talsvert langt frá landi og öll út- og uppskipun að fara fram á bátum með ærnum kostnaði og fyrirhöfn. Þá skortir mjög á, að aðstaða fyrir vélbáta á staðnum sé í samræmi við þá möguleika til útgerðar, sem að öðru leyti geta verið fyrir hendi.

Sérfróðir menn telja, að úr þessu megi bæta með því að byggja hafskipabryggju á Djúpavogi, sem jafnframt væri til afnota fyrir vélbátaútveg á staðnum. Er kostnaður við þetta mannvirki áætlaður 515000 kr. árið 1942.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að veittur sé stuðningur af hálfu ríkisvaldsins til þess að koma þessu mikla nytjamáli í framkvæmd eftir sömu reglum og nú undanfarið hefur tíðkazt um hliðstæðar framkvæmdir.

Sþ. 294. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1500000 kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunnar „Rauðku", þó eigi hærra en 25% af stofnkostnaði, gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti, samtals að upphæð 4 millj. króna. Af láni þessu eru 500 þús. kr. rekstrarlán.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin á Siglufirði er nú að byggja upp síldarverksmiðju sína, „Rauðku", sem nýtízku verksmiðju með 5000 mála afköstum og möguleikum til að stækka hana upp í 10000 mála afköst. „Rauðka" er elzta verksmiðja landsins, og hefur Siglufjarðarkaupstaður rekið hana frá 1938 til síðastliðins sumars, en þá var ástand verksmiðjunnar orðið slíkt, að ekki þótti tækt að reka hana lengur.

Nánar í framsögu.

Sþ. 295. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Ingólfur Jónsson, Bjarni Benediktsson, Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Einar Olgeirsson, Sigfús Sigurhjartarson, Magnús Jónsson, Brynjólfur Bjarnason, Helgi Jónasson, Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað hefja byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá hjá Selfossi. Skal gerð og styrkleiki brúarinnar miðast við hinar hraðvaxandi flutningaþarfir, er þar koma til greina.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta nú þegar bæta úr þeim erfiðleikum, eftir því sem frekast eru föng á, er hrun Ölfusárbrúarinnar hefur valdið við daglega flutninga, unz hin nýja brú er fullgerð. Skal fyrst og fremst og án nokkurs undandráttar fara fram rækileg athugun um bráðabirgðabrú á Ölfusá eða ferju á hana hjá Selfossi, svo og endurbætur á Hrunamannahreppsveginum að Brúarhlöðum.

Allan kostnað við byggingu brúarinnar og önnur þau framkvæmdaratriði, er tillaga þessi fjallar um, heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Málefni það, er tillaga þessi lýtur að, er svo mikilvægt, aðkallandi og almenningi kunnugt, að skýringa er eigi þörf, umfram það, er tilefni kynni að gefast til, er málið verður rætt á Alþingi.

Nd. 296. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, við Stofholtsveggjahver í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44 1942.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk þm. Norður-Þingeyinga, en hann er forfallaður sakir veikinda. Fylgir því af hans hálfu þessi greinargerð:

Alþingi hefur borizt erindi frá Sambandi kvenfélaga í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem þess er farið á leit, að ákveðin verði með lögum stofnun húsmæðraskóla í sýslunni. Er málaleitun þessi jafnframt fram borin af hálfu sýslufélagsins og allra hreppa sýslunnar. Í samræmi við fyrrnefnt erindi er frumvarp þetta flutt og samkvæmt því lagt til, að skólastaður verði á Akri í landi Skinnastaðar í Öxarfirði, en sú jörð er prestssetur og opinber eign.

Undirbúningur þessa máls var hafinn í héraðinu með forgöngu áhugasamra kvenna fyrir nokkrum árum og er nú vel á veg kominn. Eins og að framan greinir, hefur tekizt samvinna með kvenfélögum, hreppsnefndum og sýslunefnd um að hrinda málinu í framkvæmd. Almenn fjársöfnun hefur farið fram um alla sýsluna, og hefur hún gengið svo vel, að telja má víst, að nægilegt framlag af héraðsins hálfu til stofnkostnaðar sé þegar fyrir hendi eða verði það a. m. k., áður en framkvæmd verður hafin. Er áhugi á stofnun skólans mikill í héraði og meðal Norður-Þingeyinga annars staðar á landinu. Geta má þess t. d., að Norður-Þingeyingur einn í Reykjavík hefur gefið fimm þúsund krónur til stofnunar skólans.

Hinn fyrirhugaði skólastaður á Akri er við þjóðveginn skammt austan við Jökulsárbrú og eigi langt þaðan, sem vegurinn austan úr Þistilfirði og Langanesi liggur niður af Öxarfjarðarheiði. Þarna er talin nægileg vatnsorka til að framleiða allt það rafmagn, sem skólinn þarf til ljósa, suðu og hitunar, ef henta þykir. Náttúrufegurð er mikil á þessum stað. Er umhverfið mjög skógi vaxið, einkum suður frá skólastaðnum, og þó útsýn fögur yfir héraðið til þriggja átta. Er staður þessi einn hinn ánægjulegasti á landi hér til sumardvalar, og má vera, að henta þætti að nota húsrúm skólans til einhverrar fyrirgreiðslu í því sambandi um hásumarið. Væri þar gott fyrir þá að dvelja, sem skoða vilja Ásbyrgi, Jökulsárgljúfur, Dettifoss og fleiri merkisstaði á þessum slóðum.

Um þörfina á fjölgun húsmæðraskóla í landinu þarf ekki að fjölyrða, því að hún er alkunn. Fjölda ungra stúlkna verður nú árlega að synja um skólavist vegna þrengsla í þeim fáu og smáu skólum, sem búa verðandi húsfreyjur landsins undir lífsstarf sitt. Á því er líka mikil nauðsyn, að í hverju héraði landsins sé einhvers konar framhaldsskóli, því að slíkar stofnanir verða að jafnaði með ýmsum hætti

menningarmiðstöðvar héraðanna. En benda má á það, að allar sýslur á Norður- og Austurlandi nema Norður-Þingeyjarsýsla eiga nú einhvers konar skóla til framhaldsmenntunar. Í Vestur-Húnavatnssýslu er héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði, í Austur-Húnavatnssýslu kvennaskólinn á Blönduósi, í Skagafjarðarsýslu Hólaskóli og væntanlegur héraðsskóli í Varmahlíð, í Eyjafjarðarsýslu húsmæðraskólinn á Laugalandi, í Suður-Þingeyjarsýslu héraðsskólinn á Laugum og húsmæðraskóli á sama stað. Múlasýslur eiga saman skólana á Eiðum og Hallormsstað, og í mörgum öðrum héruðum landsins en þeim, sem nú hafa verið nefnd, eru líka annaðhvort þegar stofnaðir skólar, einn eða fleiri, eða stofnun þeirra þegar ákveðin með lögum. Hafa og slíkir skólar stundum verið lögfestir á Alþingi, þótt undirbúningi, þ. á m. fjárframlögum, af hálfu héraðsmanna hafi ekki verið eins langt komið og nú er í Norður-Þingeyjarsýslu.

Á Akri mun ekki verða um stóran skóla að ræða, sennilega fyrir 15—20 námsmeyjar fyrst um sinn, og því minni fjárframlög af hálfu ríkisins en víða annars staðar, enda mun það ýmissa álit, sem reynslu hafa, að húsmæðraskólar í sveitum eigi að vera margir, en ekki stórir. Þess má geta, að á Akri ætti að mega fá nokkurt land til búskapar, ef ástæða þætti til, að skólinn ræki slíka starfsemi.

Nd. 297. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, og lögum nr. 4 27. jan. 1943, um breyt. á þeim lögum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Fyrri málsgr. 1. gr. l. 24/1939, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. 4/1943, orðist svo:

Dýralæknar skulu vera sjö, tveir í Sunnlendingafjórðungi, og skal annar þeirra hafa búsetu í Reykjavík, þrír í Vestfirðingafjórðungi, með búsetu í Borgarnesi, Stykkishólmi og Ísafirði, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta fer fram á, að bætt verði við einum dýralækni fyrir Breiðafjarðarbyggðir og hafi hann búsetu í Stykkishólmi.

Um áraskeið sat dýralæknir Vestfirðingafjórðungs í Stykkishólmi. Árið 1928 fluttist þáverandi dýralæknir til Reykjavíkur og tók við því héraði, en hinn nýi dýralæknir var settur í Borgarnes. Hefur þessi breyting valdið miklum örðugleikum í byggðum kringum Breiðafjörð. Hafa tveir aðilar, Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness og sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, samþykkt áskoranir um, að úr þessu verði bætt. Fara hér á eftir afrit þessara samþykkta:

„Árið 1943, mánudaginn 3. maí, var aðalfundur Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness settur kl. 10 árdegis og haldinn í samkomuhúsinu í Stykkishólmi.

. . . . . .

Á fundinum voru þessi mál tekin fyrir til umræðu og ályktunar:

IX. Svo hljóðandi tillaga kom fram:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness 3. maí 1943, skorar á alþingismenn Breiðafjarðarbyggða að gera sitt ýtrasta til, að dýralæknisumdæmi verði stofnað fyrir Breiðafjarðarhérað með búsetu í Stykkishólmi.“

Samþykkt með öllum — 22 — atkvæðum.

Rétt afrit vottar:

Stykkishólmi, 12. maí 1943.

F. h. Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness,

Magnús Friðriksson.“

„Útskrift úr sýslufundargerð Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1943.

„19. Dýralæknisembætti í Stykkishólmi:

Samþykkt var svo hljóðandi tillaga frá Sigurði Ágústssyni:

„Á sýslufundum hafa komið fram áskoranir til Alþingis um stofnun nýs dýralæknisembættis í Stykkishólmi fyrir byggðirnar við Breiðafjörð og á sunnanverðu Snæfellsnesi. Sýslunefndin felur oddvita sínum að skrifa þingmönnum kjördæma þeirra, sem að Breiðafirði liggja, og skora á þá að flytja á framhaldsþinginu í haust frumvarp til laga um dýralæknisembætti þetta.“ “

Kr. Steingrímsson.“

Frv. þetta er flutt í samráði við þingmenn Breiðafjarðarbyggða, hv. þm. Barð. og hv. þm. Dal.

Nd. 298. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar, og lög nr. 31 13. júní 1937, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Á eftir orðunum: „Við Grundarfjörð ... ljósviti“ í 9. gr. l. 43/1933, sbr. l. 31/1937, 1. gr. a, komi: Á Súgandisey við Stykkishólm ... ljósviti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem fer fram á að taka upp í vitalögin ljósvita á Súgandisey við Stykkishólm, er flutt eftir ósk hreppsnefndar Stykkishólmshrepps. Er samþykkt hennar svo hljóðandi:

„Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps skorar á Alþingi það, er nú situr, að veita fé á fjárlögum til byggingar innsiglingarvita á Súgandisey við Stykkishólm, er lýsi á báðar innsiglingarleiðirnar, suður- og norðurleið.

Nú eru aðeins leiðarljós á norðurleiðinni, en suðurleiðin er mun styttri og miklu hagkvæmari fyrir öll smærri skip og fiskibáta. Er því brýn þörf á að fá þennan vita byggðan, svo að hægt sé að fara báðar leiðirnar eftir þörfum.“

Um rökin fyrir byggingu þessa vita vil ég að öðru leyti skírskota til eftirfarandi kafla úr bréfum oddvita Stykkishólmshrepps til mín:

„Alltaf eru að vaxa kröfur sjómanna um vita á Súgandisey, og halda þeir því fram, sem vitanlega er rétt, að hann mundi gera allar siglingar héðan og hingað miklu öruggari; benda þeir á, að vitinn ætti að geta lýst á eftirtaldar siglingaleiðir:

1. Sem innsiglingarviti fyrir norðurleið, sem nú eru ljós fyrir, og einnig fyrir suðurleið, sem nú er ekki neitt ljós á.

2. Einnig gæti vitinn verið leiðarviti héðan inn á Hvammsfjörð, inn úr röst, og sömuleiðis á öðrum leiðum, er farnar eru héðan inn á Skógarströnd og þaðan inn á Hvammsfjörð, sem mjög oft á sér stað. Þá gæti vitinn lýst leiðina héðan inn í Langeyjarnes á Skarðsströnd, sem er mjög oft farin, þar sem þaðan er haldið uppi ferðum allt sumarið og fram á vetur sökum fólksflutninga hingað.

3. Loks gæti vitinn lýst töluverða vegalengd af siglingaleiðinni héðan inn á Gilsfjörð.

Nú eru öll skip og bátar, sem sigla til Hvammsfjarðar og Gilsfjarðar, skyldug til að taka hér leiðsögumann og verða þess vegna að koma hér við. Getur þá oft verið ómetanlegt hagræði fyrir þau, að geta siglt eftir leiðarljósi báðar leiðirnar hingað.

Öllu þessu ætti vitinn að geta fullnægt, þar sem eyjan er svo há, að vitinn mundi greinilega sjást á öllum þeim leiðum, sem hér er á minnzt.

Hafnarnefnd Stykkishólms hefur ráðfært sig við hafnsögumanninn hér, Odd Valentínusson skipstjóra, þessu viðkomandi, og telur hann byggingu vitans nauðsynlega.“

Sþ. 299. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og lögum nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar nefnd sjö manna, er endurskoði og geri tillögur til breytinga á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og lögum nr. 33 frá 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, og verði nefndin skipuð einum manni eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einum eftir tilnefningu Far- og fiskimannasambands Íslands, einum eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einum eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags Íslands. Enn fremur eigi sæti í nefndinni forseti Félagsdóms og ríkissáttasemjari.

Greinargerð.

Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 eru fyrstu heildarlögin, sem hér hafa verið sett um stéttarsamtök verkamanna og atvinnurekenda og viðskipti þessara aðila. Fram að gildistöku þessara laga var hér vart um að ræða önnur lagafyrirmæli um þetta efni en lögin um sáttatilraunir í vinnudeilum og lögin um verkfall opinberra starfsmanna. Flest ákvæði laganna um stéttarfélög og vinnudeilur voru því algert nýmæli í íslenzkri löggjöf, enda bera lögin þess víða merki, að um frumsmíð er að ræða, sem slípa þarf og móta nánar í hinni stormasömu framkvæmd laganna.

Sex ár eru nú liðin, síðan lögin um stéttarfélög og vinnudeilur komu til framkvæmda. Á þessum árum hefur verið allumbrotasamt í íslenzku þjóðlífi og mikið rót á atvinnumálum þjóðarinnar. Mörg ágreiningsmál hafa myndazt milli verkamanna og atvinnurekenda, bæði hagsmuna- og réttarlegs eðlis. Margar vinnustöðvanir hafa orðið og fjöldi mála komið fyrir Félagsdóm. Mikil reynsla hefur því

fengizt á einstökum atriðum laganna um stéttarfélög og vinnudeilur og gagnsemi þeirra í heild. Virðist því nú tími til kominn að notfæra sér þessa reynslu og taka lögin til endurskoðunar og gera á þeim þær breytingar, sem framkvæmd laganna hefur leitt í ljós, að heppilegar séu.

Lögin um verkfall opinberra starfsmanna voru sett árið 1915. Tilefni þeirrar lagasetningar mun hafa verið það, að starfsmenn Landssíma Íslands hótuðu verkfalli, ef þeir fengju ekki laun sín hækkuð. Voru lögin sett í skyndi án sérlega mikils undirbúnings. Stéttarsamtök verkafólks og vinnudeilur voru þá og lítt þekkt fyrirbrigði hér og hugmyndir manna þar um mjög á reiki. Á þeim nær 30 árum, sem liðin eru frá gildistöku þessara laga, hafa orðið stórfelldar breytingar á öllum þeim hlutum, sem að viðskiptum verkafólks og atvinnurekenda lúta. Hugmyndir manna og afstaða til stéttarsamtaka og verkfalla er nú allt önnur en árið 1915, og virðist því ekki nema eðlilegt, að lögin um verkfall opinberra starfsmanna séu tekin til endurskoðunar samtímis því, sem lögin um stéttarfélög og vinnudeilur eru endurskoðuð, og þá jafnframt athugað, hvort ekki sé rétt að taka upp í þau lög þau sérákvæði, sem ástæða þykir til, að gildi um opinbera starfsmenn.

Við val manna í nefndina hef ég lagt til, að þeir aðilar, sem lög þessi snerta mest, tilnefni einn fulltrúa hvert og forseti Félagsdóms og ríkissáttasemjari eigi þar sæti. Auk þess velji ríkisstjórnin einn mann án tilnefningar. Virðist mér þetta fyrirkomulag á skipun í nefndina líklegt til, að öll sjónarmið komi fram við endurskoðun laganna og að þeir aðilar taki þátt í endurskoðuninni, sem mesta reynslu hafa fengið um framkvæmd laganna. Komi hins vegar fram tillögur um annað fyrirkomulag um skipun í nefndina, er ég að sjálfsögðu fús til að athuga tillögur mínar nánar.

Nd. 300. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um athugun á steinsteyptum vegi og breyttu vegarstæði yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvað líður rannsókn þeirri, sem ríkisstjórninni samkv. þingsályktun á síðasta þingi var falið að láta fram fara, um breytingu á vegarstæði yfir Hellisheiði og Svínahraun og hvort heppilegt er að gera veginn steinsteyptan á þeirri leið?

Nd. 301. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun s. l. vetur til þess að gera tillögur um gagngerðar endurbætur á samgöngum frá Reykjavík austur yfir fjall?

Nd. 302. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Laxárdal og Ymjaberg á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

1. Kirkjujörðina Laxárdal í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu ábúandanum, Jóel Gíslasyni.
2. Kirkjujörðina Ymjaberg (Emmuberg) í sama hreppi ábúandanum, Jónasi Guðjónssyni.
3. Eyðijörðina Gröf í Staðarsveit í sömu sýslu Gísla Þórðarsyni oddvita á Ölkeldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Laxárdal á Skógarströnd hefur núverandi ábúandi, Jóel Gíslason, búið undanfarin 43 ár, síðan 1901. Hann hefur haft mikinn hug á að fá ábýlisjörð sína keypta. Sótti hann um það fyrir allmörgum árum, meðan enn voru í gildi lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og studdi sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hann í því máli. En umsóknin tafðist í stjórnarráðinu um langan aldur og mun loks hafa glatazt. Nú hafa umrædd lög verið felld úr gildi fyrir 8 árum, og er því nauðsynlegt að setja sérstök lög, til þess að ábúandinn geti eignazt jörðina.

Nú fyrir skemmstu hefur nýtt viðhorf skapazt í þessu máli og eykur mjög áhuga og þörf ábúenda Laxárdals og Ymjabergs fyrir því að fá eignarrétt að jörðunum. Maður nokkur, sem stundað hefur laxveiði þar vestra á sumrum, hefur fellt hug til þessara jarða og farið fram á að eignast þær í skiptum fyrir hluta af annarri jörð, sem hann á í Árnessýslu. Hefur það mál komizt svo langt áleiðis, að frv. hefur fyrir nokkru verið borið fram af tveim mikilsmetnum þm. um að heimila þau skipti. Þykir ábúendum að vonum eðlilegra, að þeim sjálfum verði veittur kostur á jörðunum.

Hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps hefur eindregið og einróma mælt með því, að jarðirnar verði seldar ábúendunum. Er ályktun hennar á þessa lund:

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Skógarstrandarhreppi mælum hér með eindregið með því, að Alþingi heimili sölu á jörðunum Emmubergi og Laxárdal hér í sveit til ábúenda þeirra.

Virðingarfyllst.

Ósi, 16. ágúst 1943.

Guðmundur Daðason. Sigurður Einarsson. Óskar V. Daníelsson.
Þorst. Sigurðsson. Magnús G. Kristjánsson.

Jörðin Gröf í Staðarsveit hefur verið í eyði í 100 ár, en nytjuð í nærri 30 ár frá Ölkeldu. Er það mál skýrt glögglega í eftirfarandi bréfi frá Gísla oddvita Þórðarsyni:

Hr. alþm. Gunnar Thoroddsen, Reykjavík.

Hér með leyfi ég mér virðingarfyllst að biðja yður að sækja um kaup fyrir mig á eyðijörðinni Gröf í Staðarsveit, sem er ríkiseign.

Jarðarskiki þessi er nú búinn að vera í eyði um 100 ár og liggur við Ölkelduland.

Mér var leigð jörðin til afnota með útgefnu byggingarbréfi, dags. 8. ágúst 1916, af Páli V. Bjarnasyni, þá sýslumanni í Stykkishólmi, og hef ég haft jörðina síðan; eftirgjald kr. 11.00.

Árið 1915 kom til mála, að ríkið byggði þetta eyðikot til ábúðar og þar yrði byggt upp. Kom þá í ljós, að túnstæði og bæjar hins forna býlis var innan Ölkeldulandamerkja, en nokkur beitilandsspilda, sem landamerki Grafar tileinkuðu býlinu Gröf; þessi landspilda er ca. 200 ha., mýrar og holt. Engin gögn var þá hægt að grafa upp, sem gæfu skýringu á, hvernig í þessu lægi, þar sem landamerkjum beggja býlanna ber saman.

Þáverandi sýslumaður, Páll V. Bjarnason, taldi réttustu leiðina, að hann byggði mér eyðijörðina og að ég keypti hana af ríkinu. Ég sótti um kaupin, og ríkið samþykkti söluna, en fjárhagsörðugleikar mínir ollu því þá, að kaupin voru aldrei gerð.

Nú hef ég ræktað jörð mína, Ölkeldu, eftir því sem ég hef haft tök á, og held enn þá heima sjö börnum, flestum uppkomnum, og vil skipta jörðinni milli þeirra, eftir því sem hægt er. Vil ég því fá þetta á hreint og kaupa þetta kot, sem er að mestu á pappírnum, og treysti því, að ríkið láti mér þessa landspildu með sanngjörnu verði.

Virðingarfyllst.

Gísli Þórðarson.

Nd. 303. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. sept. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jakob Möller.

Áki Jakobsson. Skúli Guðmundsson.

Ed. 304. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um 580 milljónir króna í erlendum innstæðum.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvenær og með hverjum hætti hafa ríkissjóði áskotnazt 580 milljónir króna í reiðupeningum, án þess að þessarar fjárhæðar sé getið í skjölum Alþingis? Og að hve miklu leyti hefur þessari fjárhæð nú þegar verið ráðstafað til að kaupa 30 nýtízku togara, heilan vélbátaflota, til raflagna um landið, til stórfenglegra verksmiðjubygginga og víðtækra ræktunarframkvæmda?

Greinargerð.

Fyrir einum mannsaldri hafði Alþingi í þjónustu sinni óvenjulega reiknisglöggan mann. Við samlagningu á liðum fjárlagafrumvarpsins í þinginu komst hann

að þeirri niðurstöðu, að tekjuliðir fjárlaganna mundu gefa 100 þús. kr. meira en fjárveitinganefnd hafði búizt við. Vakti þetta mikla athygli, og þótti þingmönnum miklu skipta, ef stærðfræðingurinn hefði á réttu að standa. Á þeim tíma voru 100 þús. kr. mikil fjárhæð, þar sem í mörg horn var að líta, en af litlu að taka. En þegar til kom, varð sú reyndin, að þingnefndin hafði lagt rétt saman. Alþingi fékk ekki þessar óvæntu 100 þús. kr. til ráðstöfunar.

Við nýafstaðnar útvarpsumræður kviknuðu stórhuga vonir í brjóstum margra þingmanna og annarra borgara í landinu, þegar talsmaður Sameiningarflokks alþýðu tilkynnti öllum landslýð í ýtarlegri ræðu, að ríkið hefði yfir að ráða allt að 580 milljónum króna í reiðufé fram yfir það, sem Alþingi hefði áður vitað um. Ræðumaður tilkynnti enn fremur í aðaldráttum skiptingu þessa fjár til margháttaðra framkvæmda. Átti meginhlutinn að ganga til að koma upp glæsilegum veiðiskipaflota og skipum til millilandasiglinga. Var helzt að heyra á ræðumanni, að ekki mundi þurfa að grípa til hins umdeilda gróða Eimskipafélags Íslands til skipakaupa, því að nóg væri til í hinum fengsæla ríkissjóði. Væri hluthöfum því gefin bending um að nota gróða félagsins á annan og nærtækari hátt. — Þegar búið var að koma upp stórkostlegum flota til veiða og siglinga um úthöfin, sneri talsmaður 580 milljónanna sér að ræktun landsins, allsherjar rafleiðslum um það land, sem ekki á að leggja í eyði, verksmiðjum til sementsgerðar, áburðarvinnslu og síldarbræðslu.

Þar sem hér er um alveg óvenjulega mikla fjármuni að ræða og jafnvel gert ráð fyrir, að þing og stjórn geti aukið farsæld fólksins í landinu með einhverjum tilteknum aðgerðum, virðist ekki vera hægt að komast hjá að biðja ríkisstjórnina um sæmilega nákvæma skýrslu um það, hvernig og hvenær ríkið hefur eignazt þennan gilda sjóð og hvort umræddur þingmaður hefur skipt fénu að einhverju leyti á vegum ríkisstjórnarinnar.

Þingmenn í fjárveitinganefnd hafa enga hugmynd um tilkomu þessara miklu ríkiseigna. Þeir hafa einmitt ár eftir ár — eins og sjálf ríkisstjórnin — verið í mestu vandræðum með fé til daglegra útgjalda við margháttaðar framkvæmdir, svo sem vegagerðir, símalagningar, hafnarbætur o. s. frv.

Af þessum ástæðum er nú nokkur óvissa í hugum manna um þessar 580 milljónir eins og áður fyrr um 100 þús. kr. samlagningarvillu fjárlaganna. Óvissa manna um þetta efni hefur aukizt nokkuð við það, að í byrjun hálftímaræðu hins umrædda þingmanns var sjóðurinn 500 milljónir, en ox á nokkrum mínútum um 80 milljónir króna. Og þessi óvissa hefur breytzt í nokkurn ugg, þegar byrjað er að leiða getur að því, að hér sé ekki um annað að ræða en sparisjóðsinneign 100 þúsund Íslendinga og að eina leiðin til þess, að ríkið geti eignazt þessa glæsilegu fjárhæð, sé sú að gerfella íslenzku krónuna, svo að hún verði einskis virði, og láta ríkið síðan slá eign sinni á erlendu innstæðurnar, sem eru nú einkaeign sparifjáreigenda í landinu.

Þess er vænzt, að fjármálaráðherra geti mjög bráðlega skýrt þetta mál, svo að ekki leiki á tveim tungum um eignarrétt og yfirráð þessara 580 milljóna.

Nd. 305. Frumvarp til laga

um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministeríalbók) og manntalsbók (sálnaregistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Auk þess skulu sóknarnefndarformenn í hverri sókn færa slíkar bækur, að því er til sóknarinnar tekur, og geyma þeirra. Heimilt er sóknarnefnd að fela öðrum, er hún telur sérstaklega vel til þess hæfan, að rita bækurnar. Bækur þessar skal rita greini-

lega og án nokkurrar undanfellingar. Skylt er sóknarpresti að láta sóknarnefndarformanni eða kirkjubókarritara í té alla nauðsynlega vitneskju við færslu framangreindra bóka. Þeir skulu bera bækurnar vandlega saman að minnsta kosti einu sinni á ári, í janúarmánuði ár hvert, en aldrei mega þær vera eina nótt undir sama þaki báðar. Ákvæði þessarar greinar um manntalsbækur taka þó ekki til þeirra kaupstaða, þar sem öðrum en prestum er með lögum falið að skrá manntal.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal hlutast til um, að ávallt sé kostur á hentugum kirkju- og manntalsbókum úr vönduðum pappír og í því formi, er tíðkazt hefur eða hún ákveður síðar. Bækurnar séu gegnþræddar, innsiglaðar og löggiltar af biskupi. Hlutaðeigandi prófastur skal hafa eftirlit með því á yfirreiðum sínum, að þær séu vel og samvizkusamlega færðar, og annast um, að misfellum í því efni verði kippt í lag. Andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Kirkju- og manntalsbækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveizlu, er þeir hafa þeirra ekki lengur brýna þörf. Þó má aldrei halda þeim lengur en 10 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

Kirkju- og manntalsbækur sókna skulu afhentar hlutaðeigandi héraðs- eða kaupstaðarbókasafni til eignar og geymslu, þegar þær eru fullskrifaðar. Nú er ekki til héraðsbókasafn, og skal þá afhenda bækurnar hlutaðeigandi prófasti, sem kemur þeim í örugga geymslu innan héraðs.

Forstöðumanni héraðs- eða kaupstaðarbókasafns er heimilt að gefa fæðingarvottorð og önnur vottorð samkvæmt kirkjubókum safnsins þeim, er þess óska, og gegn sama gjaldi og greitt er til þjóðskjalasafnsins fyrir slík vottorð.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Greinargerð.

Fyrstu fyrirmæli um ritun kirkjubóka hér á landi mun að finna í erindisbréfi handa biskupum, dags. 1. júní 1746, þar sem þeim er boðið að sjá um, að prestar haldi skrá yfir fædda, dána, gifta og fermda og sálnaregistur, einkum yfir nöfn æskulýðsins. Það er fyrst með konungsbréfi frá 11. des. 1812, að prestum er gert að skyldu að færa kirkjubækur svo sem nú tíðkast. Í konungsbréfi þessu var svo fyrir mælt, að allar kirkjubækur skuli tvíritaðar og önnur bókin geymd hjá djáknanum. Ákvæðum þessum mun hafa verið slælega framfylgt. Þó voru kirkjubækur víða tvíritaðar fram yfir 1850 og á stöku stað fram undir síðustu aldamót. Konungsbréfið ber með sér, að tilgangur þessa ákvæðis var að tryggja, að heimildir þær, er kirkjubækurnar hafa að geyma, glötuðust ekki, þótt kirkjubók brynni eða misfærist á annan hátt. Gætir hér meiri framsýni og skilnings danskra stjórnarvalda á gildi kirkjubóka en ætla mætti á þeim tíma og jafnvel meiri en vart hefur orðið hjá íslenzkum stjórnarvöldum á þessu sviði.

Reynslan hefur sýnt, að tvíritun kirkjubóka er nauðsynleg; margsinnis hafa eldsvoðar á prestssetrum grandað kirkjubókum og eyðilagt þannig óbætanlega mikilsverðar heimildir, af því að engin samrit voru til. Þetta eitt ætti að nægja til þess, að tvíritun kirkjubóka yrði lögboðin.

Til frekari áréttingar má benda á, að mörgum, sem búsettir eru fjarri þjóðskjalasafninu, þykir sárt að missa bækurnar og halda þeim þess vegna lengur en skyldi, og hefur tjón hlotizt af því. Með þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, verður annað eintakið eftir í héraðinu og fresturinn til að skila þessum bókum á þjóðskjalasafnið því styttur um helming.

Með frv. eru héraðs- og kaupstaðarbókasöfnunum fengin ný verkefni, sem væntanlega verður upphaf þess, að þau safni og varðveiti alls konar óprentaðar heimildir, er snerta sögu héraðsins og mannfræði.

Loks er með frv. greidd mjög gata þeirra innanhéraðsmanna, er síðar meir fást við rannsóknir þessara fræða og geta ekki dvalið langdvölum í Reykjavík.

Ed. 306. Frumvarp til laga

um laun starfsmanna ríkisins.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson, Bernharð Stefánsson, Brynjólfur Bjarnason, Magnús Jónsson.

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 14, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 14000	kr. 14000
II. —	— 12000	— 12000
III. —	— 11100	— 11100
IV. —	— 10200	— 10200
V. —	— 7200	— 9600
VI. —	— 6600	— 9000
VII. —	— 6000	— 8400
VIII. —	— 6000	— 7800
IX. —	— 5400	— 7200
X. —	— 4800	— 6600
XI. —	— 4800	— 6000
XII. —	— 4200	— 5400
XIII. —	— 3000	— 4800
XIV. —	— 3600	— 3600

2. gr.

Launahækkun eftir þjónustu og starfsaldri skal haga þannig:

Í V. og VI. launaflokki árleg hækkun ..... kr. 600 í 4 ár.
Í VII. launaflokki árleg hækkun ..... — 400 í 6 ár.
Í VIII., IX., X. og XIII. launaflokki árleg hækkun ..... — 300 í 6 ár.
Í XI. og XII. launaflokki árleg hækkun ..... — 200 í 6 ár.
Í XIV. launaflokk koma aðeins iðnmeyjar, eftir að hafa náð 6 ára þjónustu og starfsaldri.

3. gr.

Laun ráðherra og stjórnarráðsstarfsmanna ákveðast þannig:		Árslaun
Ráðherrar	kr.	14000
Skrifstofustjórar (5) og aðalendurskoðandi ríkisins	—	12000

		Árslaun
Ríkisbókari (1) og ríkisféhirðir (1)	kr.	10200
Fulltrúar I. flokks (10)	—	7200— 9600
(Eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga meðtalinn.)		
Fulltrúar II. flokks (9)	—	6600— 9000
(Fulltrúar ríkisbókara og féhirðis meðtaldir.)		
Ráðuneytisbókarar (9) og bókarar í ríkisfjárh. og bókh. (5)	—	6000— 7800
Húsverðir (2)	—	4800— 6600
Bifreiðastjórar (2)	—	4800— 6000
Sendimenn (1)	—	4200— 5400
Ritarar II. flokks (1)	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks (8)	—	3000— 4800
Ritarar III. flokks (4)	—	3000— 4800

4. gr.

		Árslaun
Sendiherrar (3) í London, Washington og Moskvu	kr.	11100
Sendifulltrúar (2)	—	10200
Aðalræðismaður í New York	—	9600
Sendiráðsritarar I. flokks	—	4800— 6000
Sendiráðsritarar III. flokks	—	3000— 4800

5. gr.

		Árslaun
Skrifstofustjóri Alþingis	kr.	11100
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis I. flokks (1)	—	7200— 9600
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis II. flokks (1)	—	6600— 9000
Húsvörður Alþingis	—	4800— 6000

6. gr.

		Árslaun
Hagstofustjóri	kr.	12000
Fulltrúi (1)	—	7200— 9600
Bókarar (2)	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks (9)	—	3000— 4800

7. gr.

		Árslaun
Hæstaréttardómarar (3—5)	kr.	14000
Hæstaréttarritari	—	6000— 7800

8. gr.

Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu í Reykjavík hafa að árslaunum:

Sakadómarinn, borgardómarinn, borgarfógeti, tollstjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík (5)	kr.	12000
Fulltrúar I. flokks (10)	—	7200— 9600
Skrifstofustjórar sakadómara og lögreglustjóra (2)	—	6000— 8400
Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra (2)	—	6600— 9000
Toll- og skattritarar I. flokks (10)	—	6000— 7800
Toll- og skattritarar II. flokks (12)	—	5400— 7200
Bókari í skrifstofu lögreglustjóra (1)	—	5400— 7200
Eftirlitsmaður með útlendingum (1)	—	5400— 7200
Tollvarðstjórar (3)	—	6000— 7800
Skráningarstjóri	—	6000— 7800
Tollverðir í Reykjavík (26), utan Reykjavíkur (10)	—	5400— 7200
Bátsformenn á tollbát (2)	—	5400— 7200

Ríkislögregluþjónar (ca. 30)	kr.	5400— 7200
Fangaverðir í Reykjavík (1), á Litla-Hrauni (1)	—	6000— 7800
Gæzlumenn á Litla-Hrauni (3)	—	5400— 7200
Innheimtumenn tollstjóra (8)	—	4800— 6000
Réttarritari borgardómara (1)	—	4800— 6000
Gjaldkeri hjá borgarfógeta (1)	—	5400— 7200
Firmaskrásetjari hjá borgarfógeta (1)	—	5400— 7200
Gjaldkeri borgardómara (1)	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks (13)	—	3000— 4800
(Hjá sakadómara 5, borgardómara og -fógeta 2, lögreglustjóra 1, tollstjóra 5.)		

9. gr.

		Árslaun
Bæjarfógetar og sýslumenn (20)	kr.	9600
Skattamáladómari	—	10200
Lögreglustjórar í kauptúnum (3)	—	6000— 8400
Fulltrúar I. flokks (?)	—	7200— 9600
Fulltrúar II. flokks (?)	—	6600— 9000
Sýsluskrifarar I. flokks (?)	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks (?)	—	3000— 4800

10. gr.

Eftirtaldir löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

Skipaskoðunarstjóri	kr.	10200
Skipaskoðunarmenn (2)	—	5400— 7200
Eftirlitsmaður véla og verksmiðja	—	10200
Aðstoðarmaður hans	—	6000— 7800
Eftirlitsmaður brunavarna	—	6000— 7800
Yfireftirlitsmaður bifreiða	—	6000— 8400
Fulltrúi við bifreiðaeftirlit	—	6000— 7800
Bifreiðaeftirlitsmenn (4)	—	5400— 7200
Forstöðumaður löggildingarstofu	—	6000— 7800
Viðgerðarmenn í löggildingarstofu (4)	—	4800— 6000
Löggæzlumenn á vegum (1)	—	6000— 7800

11. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

Landlæknir og berklayfirlæknir (2)	kr.	12000
Yfirlæknar á Vífilsstöðum, Kleppi, Kristnesi, Landsspítala (4)	—	11100
Aðstoðarlæknar í ríkissjúkrahúsum og berklayfirlæknis (4)	—	10200
Héraðslæknar (2)	—	11100
(Heilbrigðislæknar í Reykjavík og Akureyri.)		
Héraðslæknar (12)	—	10200
(Reykhóla-, Flateyjar-, Ögur-, Hesteyrar-, Reykjarfjarðar-, Höfðahverfis-, Öxarfjarðar-, Þistilfjarðar-, Vopnafjarðar-, Hróarstungu-, Berufjarðar- og Síðuhéruðum.)		
Héraðslæknar (5)	—	7200— 9600
(Reykdæla-, Fljótsdals-, Fáskrúðsfjarðar-, Hornafjarðar- og Mýrdalshéruðum.)		
Héraðslæknar (16)	—	6000— 7800
(Borgarfjarðar-, Ólafsvíkur-, Stykkishólms-, Dala-, Bíldudals-, Þingeyrar-, Flateyrar-, Bolungavíkur-, Hólmavíkur-, Miðfjarðar-, Hofsós-, Ólafsfjarðar-, Svarfdæla-, Reyðarfjarðar-, Rangár- og Grímsneshéruðum.)		

Héraðslæknar í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Ísafirði og á Siglufirði (4)	kr.	6000— 7800
Héraðslæknar (11)	—	4800— 6600
(Álafoss-, Akranes-, Borgarnes-, Patreksfjarðar-, Blönduós-, Sauðárkróks-, Húsavíkur-, Seyðisfjarðar-, Norðfjarðar-, Eyrarbakka- og Keflavíkurhéruðum.)		
Landlæknisritari	—	6000— 7800
Matvælaeftirlitsfulltrúi héraðslæknis í Reykjavík	—	5400— 7200
Yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með yfir 50 sjúklinga (4)	—	6000— 8400
Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur og yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með færri en 50 sjúklinga (3)	—	6000— 7800
Deildar-, röntgen-, skurðstofu- og næturhjúkrunarkonur (20)	—	5400— 7200
Aðstoðarhjúkrunarkonur (15)	—	4800— 6600
Skrifstofustjóri ríkisspítalanna	—	10200
Féhirðir	—	6600— 9000
Bókari II. flokks	—	5400— 7200
Umsjónarmaður Landsspítala	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks (2)	—	3000— 4800
Bústjórar að Kleppi, Kristnesi og Vífilsstöðum (3)	—	6000— 7800

12. gr.

		Árslaun
Yfirdýralæknir	kr.	6000— 7800
Dýralæknar (4)	—	5400— 7200

13. gr.

		Árslaun
Biskupinn yfir Íslandi	kr.	12000
Prófastar (21)	—	9000
Sóknarprestar (94), söngmálastjóri þjóðkirkjunnar (1)	—	6000— 8400
Biskupsritari (1)	—	6000— 7800
Ritari III. flokks í skrifstofu biskups	—	3000— 4800

14. gr.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa að árslaunum:

Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann (2)	kr.	14000
Aðrir prófessorar (10) og háskólabókavörður (1)	—	11100
Dósentar (4) og lektor (1)	—	7200— 9600
Háskólaritari	—	6000— 7800
Húsvörður	—	4800— 6000

15. gr.

Starfsmenn eftirtalinna vísindastofnana hafa að árslaunum:

Forstöðumenn rannsóknarstofu háskólans og atvinnudeildar (2)	kr.	11100
Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	—	10200
Deildarstjóri í atvinnudeild	—	10200
Sérfræðingar í atvinnudeild (6)	—	7200— 9600
Aðstoðarmenn I. flokks í atvinnudeild (1)	—	6000— 7800
Aðstoðarmenn I. flokks í rannsóknarstofu (3)	—	6000— 7800
Aðstoðarmenn II. flokks í rannsóknarstofu (2)	—	4800— 6000
Gjaldkeri í atvinnudeild (1)	—	4200— 5400
Húsvörður í atvinnudeild (1)	—	4800— 6000
Ritari III. flokks í rannsóknarstofu (1)	—	3000— 4800

Hjálparstúlkur (iðnmeyjar) í rannsóknarstofu og atvinnudeild eftir 6 ára starfsaldur (nú 2)	kr.	3600
Forstjóri veðurstofu	—	10200
Veðurfræðingar (3)	—	7200— 9600
Loftskeytamenn (2)	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks (1)	—	3000— 4800
Yfirsafnaverðir (3)	—	11100
(Landsbóka-, þjóðskjala- og fornminjaverðir.)		
1. bókavörður landsbókasafns	—	6600— 9000
Bóka- og skjalaverðir (6)	—	6000— 8400
Húsvörður safnahúss	—	4800— 6000

16. gr.

		Árslaun
Fræðslumálastjóri	kr.	12000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru fleiri en 20 kennarar (2)	—	10200
Fulltrúar fræðslumálastjóra (2), íþróttafulltrúi (1), námsstjórar (4)	—	7200— 9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar (6) ..	—	9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar (6) ..	—	9000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar (79) og heimavistarbarnaskólastjórar (14)	—	6000— 8400
Barnakennarar	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks í fræðslumálaskrifstofunni (2)	—	3000— 4800

Árslaun barnaskólastjóra og kennara eru miðuð við 9 mán. kennslustarf minnst, nema við heimavistarskólana er miðað við 7 mánaða kennslustarf minnst, en lækka um ⅛ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem skólinn starfar skemur.

17. gr.

Skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

Rektorar (skólameistarar) (2)	kr.	11100
Menntaskólakennarar (16)	—	7200— 9600
Skólastjórar kennaraskóla (1), stýrimannaskóla (1), vélskóla (1), búnaðar- og garðyrkjuskóla (3)	—	10200
Kennarar sömu skóla (16)	—	6600— 9000
(Kennaraskóla 5, stýrimannaskóla 3, vélskóla 2, búnaðar- og garðyrkjuskóla 6.)		
Húsverðir kennaraskóla (1), stýrimannaskóla (1) og menntaskóla (2)	—	4800— 6000
Skólastjórar við alþýðuskólann á Eiðum, íþróttakennaraskólann, húsmæðrakennaraskólann og daufdumbraskólann (alls 4) ..	—	9000
Kennarar við alþýðuskólann á Eiðum (2)	—	6000— 7800

18. gr.

Starfsmenn við ríkisútvarpið hafa að árslaunum:

Útvarpsstjóri	kr.	11100
Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs (2)	—	7200— 9600
Fréttastjóri	—	6600— 9000
Aðalféhirðir	—	6000— 8400
Hljómsveitarstjóri	—	6000— 8400
Forstöðumaður viðtækjasmiðju	—	6000— 8400
Stöðvarverðir á Eiðum, Vatnsenda (2), aðalmagnaravörður (1), þulir (2)	—	6000— 8400
Fréttaritarar (3)	—	6000— 7800
Útvarpsvirkjar I. flokks (3)	—	6000— 7800

Fulltrúi í skrifstofu útvarpsráðs	kr.	6000— 7800
Fulltrúi í skrifstofu útvarps	—	6000— 7800
Bókari í skrifstofu útvarps	—	4800— 6600
Afgreiðslumaður og bókari viðtækjasmiðju (1)	—	5400— 7200
Gæzlumaður plötusafns (1), afgreiðslumaður auglýsinga (1), iðnaðarmaður (1), afgreiðslumaður viðtækjasmiðju (1)	—	4800— 6600
Innheimtumenn (3), útvarpsvirkjar II. flokks (?)	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks (2)	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks (3)	—	3000— 4800

19. gr.

Starfsmenn skattheimtu hafa að árslaunum:

Skattstjórar (4—5)	kr.	10200
Skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur og ríkisskattanefndar (2)	—	7200— 9600
Fulltrúar í skattstofu Reykjavíkur (2)	—	6000— 8400
Bókarar í skattstofu Reykjavíkur (3) og hjá ríkisskattanefnd (1) I. flokks	—	6000— 7800
Bókarar í skattstofu II. flokks (3)	—	5400— 7200
Ritari í skattstofu II. flokks (1)	—	4200— 5400
Ritari í skattstofu III. flokks (1)	—	3000— 4800

20. gr.

Starfsmenn vegamála, vita- og hafnarmála og byggingarmála hafa að árslaunum:

Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins (3)	kr.	12000
Verkfræðingar (vegamál 2, vita og hafnar 4)	—	7200— 9600
Húsameistarar (4) (skipulagsnefnd meðtalin)	—	7200— 9600
Húsameistarar skipulagsnefndar (aðstoðarmaður)	—	6600— 9000
Skrifstofustjóri vegamálastjóra	—	7200— 9600
Mælingamaður vegamálastjóra	—	7200— 9600
Bókari og féhirðir vita- og hafnarmálastjóra (1)	—	6000— 8400
Birgða- og efnisverðir vega- og vitamála (2)	—	6000— 8400
Bókari II. flokks vegamálastjóra (1)	—	5400— 7200
Kortagerðarmaður vegamálastjóra (1)	—	5400— 7200
Aðstoðarmaður birgðavarðar vita- og hafnarmálastjóra (kafari)	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks (vitamála 1, vegamála 3)	—	3000— 4800

21. gr.

Starfsmenn við rafmagnseftirlit hafa að árslaunum:

Forstöðumaður	kr.	11100
Verkfræðingur	—	7200— 9600
Rafvirkjar (2)	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks (2)	—	3000— 4800

22. gr.

Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
Yfirverkfræðingur landssímans, skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, póstmeistarinn í Reykjavík (6)	—	10200
Póstmálafulltrúi (1), aðalbókari landssímans (1), aðalgjaldkeri landssímans (1), umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísa-		

firði, Siglufirði, Seyðisfirði (5), símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar (2)	kr.	7200—	9600
Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks á póststofunni í Reykjavík (?), umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingur (1), símastjórinn í Hafnarfirði (og póstmeistari á Akureyri?)	—	6600—	9000
Aðalteiknari landssímans, efnisvörður landssímans, eftirlitsmaður með langlínuafgreiðslu, eftirlitsmaður með viðbót og viðhaldi stöðva, varðstjórar við stuttbylgjustöðvar (2), ritsímavarðstjórar (7), verkstjórar á verkstæðum landssímans (4), fulltrúar II. flokks hjá pósti og síma (8)	—	6000—	8400
Símritarar (21) og loftskeytamenn I. flokks (4), símaverkstjórar (2), bókarar (6), gjaldkeri á aðalskrifstofu landssímans (1), bréfritari á aðalskrifstofu landssímans (1), verkstjóri í endurskoðunardeild landssímans (1) og símvirkjar I. flokks (12)	—	6000—	7800
Póstafgreiðslumenn (í Rvík 12, á Akureyri 3) og teiknarar hjá landssíma (1)	—	5400—	7200
Næturverðir við landssímastöðina í Reykjavík og Akureyri (2), iðnaðarmenn (1) og línumenn landssímans (16)	—	4800—	6600
Húsverðir landssímans í Reykjavík og pósthússins í Reykjavík (2), símvirkjar II. flokks (?), bréfberar í Rvík (12) og á Akureyri (1), aðstoðarmenn I. flokks (3), bifreiðarstjórar (2 hjá síma og 1 hjá pósti)	—	4800—	6000
Ritarar II. flokks (21) og yfirsendlar (2)	—	4200—	5400
Talsímakonur (ca. 90) og ritarar III. flokks (12)	—	3000—	4800

23. gr.

Starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri	kr.		12000
Skrifstofustjóri	—	7200—	9600
Aðalbókari og aðalféhirðir (2)	—	6600—	9000
Afgreiðslustjóri og innkaupastjóri (2)	—	6000—	8400
Verkstjóri við skipaafgreiðslu	—	6000—	7800
Bókarar I. flokks (1)	—	6000—	7800
Bókarar II. flokks (3)	—	5400—	7200
Ritarar III. flokks (6)	—	3000—	4800

24. gr.

Starfsmenn við iðnaðarfyrirtæki ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg (2)	kr.		10200
Skrifstofustjórar (2)	—	6600—	9000
Féhirðir landssmiðju	—	6000—	8400
Bókarar landssmiðju I. flokks (1)	—	6000—	7800
Bókarar landssmiðju II. flokks (2)	—	5400—	7200
Ritarar Gutenbergs III. flokks (1)	—	3000—	4800

25. gr.

Starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar (2)	kr.		10200
Lyfsölustjóri og útsölustjóri í Reykjavík (2)	—		10200
Skrifstofustjórar (2)	—	6600—	9000
Lyfjafræðingur	—	6600—	9000

Aðalbókarar (2) og aðalféhirðar (2)	kr.	6000—	8400
Bréfritarar (2)	—	6000—	7800
Sölumenn (4) (tveir hjá hvorri)	—	5400—	7200
Birgðavörður tóbakseinkasölu (1)	—	6000—	7800
Afgreiðslumenn tóbakseinkasölu (3)	—	4800—	6600
Innheimtumaður tóbakseinkasölu (1)	—	4800—	6000
Bókarar III. flokks í áfengisverzluninni (2)	—	4800—	6600
Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu (1)	—	4200—	5400
Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu (3), áfengisv. (5)	—	3000—	4800
Útsölustjórar áfengisverzlunar á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði (4)	—		9600
Útsölustjóri á Seyðisfirði	—		9000
Aðalverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	6000—	8400
Aðstoðarverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	5400 —	7200
Aðstoðarmenn í birgðahúsi áfengisverzlunar (10)	—	4800—	6000
Bifreiðastjórar (3)	—	4800—	6000
Iðnmeyjar, er unnið hafa í a. m. k. 6 ár (nú 7)	—		3600
Verkstjóri tóbaksgerðar	—	5400—	7200
Blöndunarmaður tóbaksgerðar	—	4800—	6600
Aðstoðarmenn (3)	—	4800—	6000

26. gr.

Starfsmenn áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins og viðtækjaverzlunar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar (2)	kr.		9600
Skrifstofustjórar (2)	—		9000
Útvarpsvirki I. flokks (1)?	—	6000—	7800
Sölumenn (2)	—	5400—	7200
Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar (1)	—	5400—	7200
Verkstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar (1)	—	5400—	7200
Bókari III. flokks hjá viðtækjaverzlun (1), afgreiðslumaður (1), iðnaðarmaður (1)	—	4800—	6600
Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar (2) og útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun (?)	—	4800—	6000
Ritarar III. flokks (áburðar- og grænmetisverzlun (1), viðtækjaverzlun (2))	—	3000—	4800

27. gr.

		Árslaun	
Fiskimálastjóri	kr.		9600
Fiskimatsmenn (5)	—	4200—	5400
Síldarmatsstjóri	—		7800

28. gr.

		Árslaun	
Skógræktarstjóri	kr.		9600
Sandgræðslustjóri	—		9600
Skógarverðir (4)	—	6000—	7800
Loðdýraræktarráðunautur	—		8400

29. gr.

		Árslaun	
Eftirlitsmaður sparisjóða	kr.		6600

30. gr.

Starfsmenn Landsbanka Íslands hafa að árslaunum:

Bankastjórar Landsbankans (3)	kr.	14000
Útibússtjórar Landsbankans (Akureyri og Ísafirði) (2), skrifstofustjóri (1), aðalféhirðir (1) og aðalbókari (1) í Reykjavík	—	11100
Útibússtjórar (Selfossi, Eskifirði)	—	10200
Eftirlitsmaður útibúa	—	10200
Forstöðumaður endurskoðunarskrifstofu	—	10200
Fulltrúar I. flokks	—	9600
Fulltrúar II. flokks	—	6600— 9000
Féhirðar og bókarar í útibúum	—	6600— 9000
Bókarar I. flokks (útibú meðtalin)	—	6000— 7800
Bókarar II. flokks	—	5400— 7200
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 4800
Sendimenn	—	4800— 6000
Næturverðir, dagverðir, húsverðir	—	4800— 6000

31. gr.

Starfsmenn Búnaðarbankans hafa að árslaunum:

Bankastjóri	kr.	14000
Útibússtjóri á Akureyri (1)	—	10200
Aðalbókari og aðalféhirðir (2)	—	10200
Skrifstofustjóri í afgreiðslusal (1)	—	9600
Fulltrúi (bókara)	—	9600
Forstjóri teiknistofu (1)	—	9600
Fulltrúar (3) og skrifstofustjóri Kreppulánasjóðs (1)	—	7200— 9600
Lögfræðingur bankans (1)	—	7200— 9600
Féhirðir og bókari útibús (2)	—	6600— 9000
Aðstoðarmaður í teiknistofu (3)	—	6600— 9000
Bókarar I. flokks (2)	—	6000— 7800
Bókarar II. flokks (2)	—	5400— 7200
Bókarar III. flokks (3)	—	4800— 6600
Næturvörður, dagvörður, húsvörður	—	4800— 6000
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 4800

32. gr.

Starfsfólk Tryggingastofnunar ríkisins hefur að árslaunum:

Forstjóri	kr.	12000
Tryggingayfirlæknir	—	12000
Deildarstjórar, aðalbókari og féhirðir (5)	—	7200— 9600
Bókarar I. flokks (2)	—	6000— 7800
Bókarar II. flokks (2)	—	5400— 7200
Ritari I. flokks (1)	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks (5)	—	3000— 4800

33. gr.

Starfsfólk Brunabótafélags Íslands hefur að árslaunum:

Forstjóri	kr.	10200
Skrifstofustjóri (1)	—	7200— 9600
Fulltrúi (1)	—	6600— 9000

Gjaldkeri (1)	kr.	6600— 9000
Bókari I. flokks (1)	—	6000— 7800
Bókari III. flokks (1)	—	4800— 6600
Ritari II. flokks (1)	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks (3)	—	3000— 4800

34. gr.

Starfsfólk Samábyrgðar Íslands hefur að árslaunum:

Forstjóri	kr.	9600
Bókari	—	6000— 7800
Ritari III. flokks	—	3000— 4800

35. gr.

Starfsfólk Fiskifélags Íslands hefur að árslaunum:

Fiskimálastjóri	kr.	10200
Fiskiðnfræðingur	—	10200
Efnafræðingur	—	7200— 9600
Skrifstofustjóri	—	6000— 8400
Vélfræðiráðunautur	—	6000— 8400
Ritari I. flokks	—	4800— 6000
Ritari III. flokks	—	3000— 4800

36. gr.

Starfsfólk Búnaðarfélags Íslands og nýbýlasjóðs hefur að árslaunum:

Búnaðarmálastjóri	kr.	10200
Búnaðarráðunautar (7)	—	6000— 8400
Tilraunastjóri á Sámsstöðum og tilraunastjóri Ræktunarfélags Norðurlands (2)	—	6000— 8400
Gjaldkeri og bókari (2)	—	6000— 8400
Ritarar III. flokks	—	3000— 4800

37. gr.

Skólastjórar og kennarar gagnfræða- og héraðsskóla hafa að árslaunum:

Skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 125 nemendur (4)	kr.	9600
Skólastjórar gagnfræðaskóla með undir 125 nemendur (4)	—	9000
Skólastjórar héraðsskóla með yfir 75 nemendur (3)	—	9600
Skólastjórar héraðsskóla með undir 75 nemendur (3)	—	9000
Kennarar gagnfræðaskólanna (20)	—	6000— 8400
Kennarar héraðsskólanna (15)?	—	6000— 7800

Allt miðað við minnst 7 mánaða kennslutíma.

38. gr.

Heilsuverndarhjúkrunarkonur (14) hafa að árslaunum ..... kr. 6000— 7800

39. gr.

Laun stundakennara skulu vera 80% af árlegum grunnlaunum fastra kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum, og njóti stundakennarar sambærilegra aldurshækkana.

40. gr.

Við opinberar stofnanir, sem settar eru á fót til bráðabirgða, skal haga launaflokkum í samræmi við lög þessi, en launagreiðslur skulu vera a. m. k. 15% hærri.

41. gr.

Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar.

42. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem húsaleigu, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaunum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Sé um að ræða risnu eða húsaleigu ráðherra, skal ákveða þar um í fjárlögum til viðbótar ráðherralaunum. Með reglugerð skal ákveða, hverjir ríkisstarfsmanna skuli fá ókeypis einkennisfatnað.

43. gr.

Laun samkv. lögum þessum miðast við vikulegan starfstíma sem hér segir:

48 stunda vinnuvika hjá tollvörðum, lögregluþjónum, símvirkjum, verkstjórum þeim og öðrum, sem vinna með félagsbundnu fólki í stéttarfélögum Alþýðusambandsins.
42 — — — loftskeytamönnum.
37 — — — póstafgreiðslumönnum.
36¼ — — — símriturum.
35½ — — — skrifstofufólki.
34–37 — — — afgreiðslustúlkum við langlínuafgreiðslu.
30 kennslustundir á viku hjá barnakennurum.
24 — — — — menntaskólakennurum og sérskólakennurum.

Nánari ákvæði um starfstíma skulu sett með reglugerð.

44. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og semja fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

45. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fastir starfsmenn samkvæmt lögum þessum eiga rétt á að fá ráðningarbréf fyrir starfa sínum.

46. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem unnt er að telja til aðalstarfs, aðrar en fyrir nauðsynlega yfirvinnu, svo og innheimtulaun þau, aukatekjur og skrifstofufé embættismanna, sem ætlað var til greiðslu starfslauna þess fólks, sem nú er tekið í launalög.

47. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

48. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Nú á fastráðinn starfsmaður að lækka í launum samkvæmt launastiga þessara laga, og haldast þá laun hans óskert, meðan hann gegnir starfinu.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, er fjármálaráðherra skipaði í júlímánuði 1943 til að undirbúa og gera tillögur um frumvarp til launalaga, sem ríkisstjórnin hafði í hyggju að leggja fyrir Alþingi þá um haustið. Var nefnd þessi skipuð samkvæmt ályktun Alþingis frá 1940 og 28. ágúst 1942, og áttu sæti í henni fulltrúar stjórnmálaflokkanna, ríkisstjórnarinnar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í desembermánuði 1943 afhenti nefndin fjármálaráðherra tillögur sínar um launaflokka og launastiga, en greinargerð og frekari tillögur bárust síðar. Til þessa hefur ríkisstjórnin ekki borið fram neinar tillögur á Alþingi um launamál starfsmanna hins opinbera og engar líkur til, að hún muni gera það, hvorki með flutningi frumvarps þess, sem milliþinganefndin samdi, né flutningi annars frumvarps. Flutningsmenn þessa frumvarps líta hins vegar svo á, að þegar hafi dregizt úr hófi fram, að sett yrði heildarlöggjöf um laun opinberra starfsmanna. Má á það benda, að oft hefur því verið lýst yfir hér á Alþingi, að þörf væri heildarlöggjafar um launakjör starfsmanna ríkisins, en allar aðgerðir jafnan strandað á því, að skort hefur endurskoðun á gildandi lagafyrirmælum um þetta efni og samræmdar tillögur um nýskipun launamálanna. Nú verður þessu ekki borið við lengur. Fyrir liggur frumvarp um laun starfsmanna ríkisins, samið af fulltrúum stjórnmálaflokkanna, starfsmanna hins opinbera og ríkisstjórnarinnar. Virðist okkur því rétt, að frumvarp þetta verði borið fram nú og launalög afgreidd á Alþingi því, er nú situr. Þess viljum við þó geta, að allir áskiljum við okkur rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum við einstök ákvæði frumvarpsins.

Milliþinganefnd lét svofellda greinargerð fylgja frumvarpi sínu:

Inngangur.

Með bréfi, dags. 12. júlí 1943, skipaði fjármálaráðherra 7 manna nefnd til „að undirbúa og gera tillögur um frumvarp til launalaga, sem ríkisstjórnin hefur í hyggju að leggja fyrir Alþingi, er það kemur saman í haust".

Nefndin var skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og áttu þessir menn sæti í henni:

Af hálfu Alþýðuflokksins Guðjón Guðjónsson, skólastjóri í Hafnarfirði.
— — Framsóknarflokksins Sigurvin Einarsson fulltrúi, Reykjavík.
— — Sjálfstæðisflokksins Jakob Möller alþm., Reykjavík.
— — Sósialistaflokksins — Sameiningarflokks alþýðu — Hlöðver Sigurðsson skólastjóri, Stokkseyri, og
— — Bandalags starfsmanna ríkis og bæja Andrés G. Þormar aðalgjaldkeri og Guðjón B. Baldvinsson skrifari.

Formaður nefndarinnar var skipaður skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Magnús Gíslason. Ritari nefndarinnar var kosinn Guðjón Guðjónsson skólastjóri. Hlöðver Sigurðsson hætti störfum í nefndinni 2. október, og tók þá sæti í hans stað Sigurður Thorlacius skólastjóri, Reykjavík, sem tilnefndur hafði verið af Sósialistaflokknum sem varamaður Hlöðvers. Nefndin kom saman á fyrsta fund sinn hinn 14. júlí s. l. og vann síðan að nefndarstörfum að staðaldri til 13. nóvember f. á., að nokkurt hlé varð á fundahöldum nefndarinnar. Eftir miðjan desember hófust fundir aftur, og hinn 20. s. m. kom nefndin á fund með fjármálaráðherra og afhenti honum tillögur sínar um launaflokkun og launastiga og tjáði honum, að greinargerð mundi afhent síðar. Jafnframt spurðist nefndin fyrir um framhaldsstörf, sérstaklega hvort hún ætti að vinna að breytingum á almenna kafla launalaganna. Ráðherra kvaðst mundu leggja málið fyrir ríkisstjórnina og láta nefndina vita, hvaða ákvörðun yrði tekin.

Áður en nefndin tók til starfa, hafði fjármálaráðuneytið hafið undirbúning að endurskoðun gildandi launalaga, nr. 71 frá 1919, einkum á II. kafla laganna,

og laga um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 frá sama ári. Hafði ráðuneytið látið semja launaskrá um alla starfsmenn ríkis og ríkisstofnana, þar sem sundurliðuð voru grunnlaun hvers einstaks eins og þau eru nú, þær uppbætur, sem greiddar eru á grunnlaun samkvæmt þingsályktun frá 16. marz 1943 og fjárlögum þess árs. Jafnframt hafði ráðuneytið gert frumdrætti að nýrri launaflokkun og tillögum um launagreiðslur í hverri starfsgrein fyrir sig.

Formaður lagði gögn þessi fram á fyrsta fundi nefndarinnar og gat þess jafnframt, að ríkisstjórnin hefði ekki tekið afstöðu til málsins og mundi ekki gera það, fyrr en álit og tillögur nefndarinnar lægju fyrir í heild. Undirbúningsstarf ráðuneytisins hefði því aðallega verið gert í því skyni að greiða fyrir störfum nefndarinnar.

Tildrög að skipun nefndarinnar mun mega rekja til tillögu til þingsályktunar um launamál og starfsmannahald ríkisins, sem samþykkt var á Alþingi árið 1940, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma eða láta framkvæma gagngerða endurskoðun á launagreiðslum til embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana og jafnframt athuga gaumgæfilega leiðir til þess að draga úr starfsmannahaldi hjá ríkinu eða á vegum þess með hagkvæmara og óbrotnara fyrirkomulagi á starfstilhögun allri. Er til þess ætlazt, að endurskoðun þeirri og rannsókn, er hér um ræðir, verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, og leggi stjórnin þá tillögur sínar fyrir þingið.

Tillögur og launagreiðslur skulu miðaðar við eðlilegt verzlunar- og vinnuárferði og við það, að hverjum manni verði ákveðin föst laun fyrir starf sitt, en horfið frá öllum aukagreiðslum."

Tillaga þessi var síðan áréttuð með þál. frá 28. ágúst 1942 um sérstakar launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun launalaganna svo sem unnt væri.

Hlutverk nefndarinnar.

Eins og málið var lagt fyrir nefndina og með hliðsjón af því, hve skammur tími henni var ætlaður til að ljúka störfum, leit hún svo á, að henni væri fyrst og fremst ætlað að beina störfum sínum að endurskoðun á launaflokkun og launagreiðslum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og gera þær einar breytingar á hinum almennu reglum launalaganna, sem nauðsynlegar væru til samræmis við þær breytingartillögur, er hún gerði á launagreiðslunum. Starfið væri þá í því fólgið:

1. að safna í eina heild öllum gildandi launaákvæðum, hvort sem þau væru sett með lögum eða ákveðin af framkvæmdavaldinu,
2. að samræma laun og launakjör þeirra starfsmanna á þann hátt, að verða mætti grundvöllur undir heildarlöggjöf, er búa mætti við fyrst um sinn.

Aðallöggjöfin um þetta efni eru lög um laun embættismanna, nr. 71 28. nóv. 1919, og lög um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 frá sama ári. Það er þó langt frá því, að þessi lög taki til allra starfsmanna ríkisins, því að síðan 1919 hafa á hverju þingi verið sett fleiri og færri lög, er varða launagreiðslur, bæði breytingar á sjálfum launalögunum, sem reyndar eru tiltölulega fáar, og þó einkum lög um ný ríkisfyrirtæki og embætti, sem stofnuð hafa verið, síðan launalögin voru sett. Telst nefndinni svo til, að í gildi séu nú auk launalaganna og laga um laun barnakennara 75 lög, er öll varða launagreiðslur úr ríkissjóði.

Er það athyglisvert, í hve tiltölulega fáum tilfellum laun hinna nýju starfsmanna hafa verið ákveðin af Alþingi sjálfu, svo sem gert er t. d. í lögum nr. 67 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og lögum nr. 90 1940, um eftirlit með sveitarstjórnum. Í öðrum lögum eru laun forstjóranna ákveðin, en ekki annarra starfsmanna fyrirtækjanna, svo sem lög nr. 68 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, lög nr. 35 1930, um fræðslumálastjórn, og lög nr. 69 1928, um einkasölu á áfengi.

En langflest lögin kveða svo á, að ráðherra skuli ákveða launin eða þau skuli greiðast úr ríkissjóði, og það, sem algengast er hin síðari ár, að þau skuli ákveðin í launalögum, án þess að nokkur launahæð sé tiltekin. Af þessu er það ljóst, að laun og launakjör hins mikla starfsmannafjölda, sem ríkið hefur tekið í þjónustu sína síðan 1919, hafa að mestu leyti verið ákveðin af framkvæmdavaldinu, en ekki Alþingi.

Í greinargerð fyrir launafrv. frá 1919, sem byggt var á áliti launanefndarinnar, sem starfaði 1915 og 1916, er tekið fram, að launin séu miðuð við það verðlag, sem gilti 1914, að viðbættum 25%. Nú hefur reynslan leitt í ljós, að síðan 1919 hefur verðlag ávallt verið langtum hærra en búizt var við, er lögin voru sett, og þau því aldrei verið í samræmi við það fjármálaástand, er ríkt hefur síðan. Það er því ekki að undra, þó að stórfellt ósamræmi hafi myndazt í launakjörum starfsmanna ríkisins, þar sem árlega hefur verið bætt við nýju fólki, laun þess í flestum tilfellum ákveðin af ríkisstjórninni og þá vitanlega miðuð við þau launakjör, sem giltu almennt í svipuðum starfsgreinum á hverjum tíma. Þetta ósamræmi er fyrir löngu orðið alkunnugt og hefur orðið tilefni til umræðna bæði á Alþingi og utan þings. Alþingi lét um eitt skeið mál þetta nokkuð til sín taka, og varð það úr, að á þinginu 1933 var skipuð milliþinganefnd til að endurskoða launalögin. Nefnd þessi skilaði allýtarlegu áliti síðari hluta ársins 1934, ásamt frv. til nýrra launalaga. Ríkisstjórnin lagði frumvörp þessi ekki fyrir þingið, en formaður nefndarinnar, Jörundur Brynjólfsson alþm., flutti þau sjálfur á Alþingi 1935, en frumvörpin urðu ekki útrædd.

Á þingi 1936 lagði sami þingmaður frv. þessi fram, en ekki náðu þau heldur fram að ganga þá. Síðan hefur ekkert frv. verið borið fram á Alþingi til nokkurra verulegra breytinga á launalögum. Hins vegar hefur bæði ríkisstjórn og Alþingi gert ýmislegt til að bæta launakjör starfsmanna ríkisins, en öll hefur sú viðleitni verið í molum og af handahófi og á ýmsan hátt jafnvel orðið til að auka á ósamræmið. Þannig hefur verið gripið til þess úrræðis að láta aldursuppbætur, sem ákveðnar eru í launalögum, koma til framkvæmda þegar í stað við veitingu embætta, svo sem átt hefur sér stað með presta og að nokkru leyti héraðslækna. Í sumum starfsgreinum hafa launin verið bætt með alls konar uppbótum, t. d. laun starfsfólks hjá pósti og síma, og loks er það ekki óalgengt fyrirbrigði, að embættis- og starfsmönnum ríkisins hafa verið falin ýmiss konar aukastörf, meira og minna óskyld aðalstarfi þeirra, oft og einatt í þeim tilgangi einum að bæta þeim upp sultarlaun, er þeir hafa átt við að búa.

Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði, eins og t. d. sést glöggt í nefndaráliti launanefndarinnar frá 1934, en þar stendur meðal annars:

„Þá hafa þær bætur mjög tíðkazt á launakjörum, ef bætur skyldi kalla, að greiða einstökum mönnum persónulegar launabætur eða hlynna að þeim með svonefndum bitlingum. Kveður svo rammt að þeim bótum, að þess eru eigi allfá dæmi, að slíkar launabætur starfsmanna ríkisins væru annaðhvort litlu minni eða jafnvel meiri en grunnlaunin og dýrtíðaruppbót samanlagt.

Þegar ný embætti hafa verið stofnuð, hefur sjaldan þótt fært að ákveða laun fyrir þau í samræmi við launalög. Stofnanir ríkisins, sem að einhverju eða öllu leyti hafa sjálfstæðan fjárhag, hafa líka með öllu forðazt að sníða sín launaákvæði eftir launalögum ríkisins, heldur hafa þær ákveðið starfsmönnum sínum laun eftir geðþótta eða eftir því, sem gerist í einkarekstri."

Hin síðari ár hafa þó nokkrar tilraunir verið gerðar til að bæta launakjörin, og skal hér drepið á það helzta.

Árið 1938 hækkaði ríkisstjórnin laun kennara við menntaskólana um 750 kr. á ári, en þeir höfðu verið með lakast launuðu embættismönnum ríkisins.

Árið 1940 var háskólakennurum, safnavörðum og verkfræðingum veitt 2000 króna launauppbót.

Árið 1941 fengu sýslumenn og bæjarfógetar 2000 kr. launauppbót hver, og á sama ári voru laun farkennara bætt til muna.

Árið 1942 voru laun héraðslækna og presta bætt á þann hátt, að þeim var greidd hæsta verðlagsuppbót, sem miðaðist við 7800 kr. grunnlaun, án tillits til þess, hver laun þeirra væru.

Allar þessar launabætur voru veittar fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar. En nú fór Alþingi einnig að láta þessi mál til sín taka. Hinn 28. ágúst 1942 var samþykkt svo hljóðandi ályktun á Alþingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta greiða embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins, ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana sérstaka uppbót á laun þeirra frá ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir tímabilið 1. júlí 1942 til 30. júní 1943 eins og hér á eftir segir.

Á fyrstu 2400 kr. grunnlaun ásamt verðlagsuppbót af þeirri fjárhæð, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 30%.

Á þann hluta grunnlauna, sem er ofan við kr. 2400.00 og allt að kr. 10000.00, ásamt verðlagsuppbót, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 25%. Uppbót þessi greiðist mánaðarlega.

Uppbót greiðist úr ríkissjóði eftir sömu reglum á tímakaup kennara, eftirlaun í fjárlögum og lífeyri úr lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra, svo og útborgað skrifstofufé og embættiskostnað, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

Grunnlaun í tillögu þessari merkja laun, sem ríkissjóður og aðrir, er tillagan greinir, greiða verðlagsuppbót á samkvæmt lögum nr. 48/1942. Með verðlagsuppbót er átt við þá verðlagsuppbót, sem greidd er samkvæmt sömu lögum.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun launalaganna svo sem unnt er.“

Ályktun þessi var síðan endurnýjuð fyrir árið 1943 með þál. frá 16. marz 1943, og loks var í 19. gr. fjárlaga fyrir sama ár sett ákvæði um sérstakar launabætur til sýslumanna, bæjarfógeta, lögmanns og sakadómara í Reykjavík, presta, héraðslækna, háskólakennara og safnavarða, 2000 kr. til hvers. Lögreglustjórum utan Reykjavíkur og barnakennurum við fasta skóla voru ætlaðar 1000 kr. hverjum og farkennurum 500 kr.

Engar uppbætur greiðast á þessar launabætur. Í fjárlögum fyrir 1944 hefur þessum launabótum verið bætt við grunnlaun þessara embættismanna. Enn fremur hefur ráðherrum verið ákveðin 5 þúsund kr. grunnlauauppbót hverjum.

Ríkisstjórnin og Alþingi hafa með þessum kjarabótum sýnt virðingarverða viðleitni til að bæta úr því ástandi, sem ríkt hefur, og er óneitanlega um mikla lagfæringu að ræða frá því, sem áður var.

En allt eru þetta þó nýjar bætur á gamla flík, sem launalöggjöfin er, og hefur jafnvel orðið til að gera ósamræmið enn þá berara, þar sem sumir starfsmenn voru svo hátt launaðir fyrir, að ástæðulaust var að hækka laun þeirra, en aðrir búa við sultarlaun enn, þrátt fyrir þessar uppbætur. Sá höfuðókostur fylgir þó þessari uppbótaaðferð, að hér er aðeins tjaldað til einnar nætur. Alþingi getur, hvenær sem er, svipt menn þessum kjarabótum og öryggisleysi launþeganna því meira en nokkru sinni fyrr, að ekki sé talað um alla þá skriffinnsku, sem þessi launaútreikningur hefur í för með sér, og margs konar vafstur og erfiðleika fyrir framkvæmdavaldið.

Nefndin þykist þó geta dregið þær ályktanir af þessum gerðum Alþingis:

1. Að Alþingi hafi komizt að raun um, að grunnlaun starfsmanna ríkisins hafi yfirleitt verið orðin allt of lág, miðað við laun annarra stétta, og þess vegna hafi ekki mátt dragast lengur að hækka þau.
2. Að mikið ósamræmi hafi verið orðið á launakjörum milli starfsgreina og því hafi Alþingi ákveðið sérstakar launabætur til ýmissa embættismanna.

Rannsókn nefndarinnar leiddi það og ótvírætt í ljós, að hér er þörf stórra umbóta, enda beindist allt starf hennar að því að finna réttlátan grundvöll fyrir launagreiðslum og launakjörum starfsmanna ríkisins, sem byggja mætti á heildarlöggjöf, er duga mætti til frambúðar, enda þótt augljóst sé, að endurskoðun á launalögum þurfi að fara fram með styttra millibili en átt hefur sér stað áður.

Nefndastörfin.

Eftir að nefndin hóf starf sitt, komst hún brátt að raun um, að rétt mundi að nota þá aðferð, sem ráðuneytið hafði viðhaft í undirbúningsstarfi sínu, að skipa hinum ýmsu starfsmönnum þannig í launaflokka, að sambærileg störf væru launuð eins. En til þess að geta komizt að sem réttastri niðurstöðu í þessu efni, taldi nefndin óhjákvæmilegt að afla sér ýtarlegri gagna en fyrir lágu.

Var í því skyni leitað umsagnar og tillagna forstöðumanna ríkisstofnana um starfsskiptingu og launaflokkun, og vikust flestir greiðlega undir þau tilmæli.

Einnig var leitað upplýsinga um launakjör hjá bönkunum og öðrum stofnunum, sem ekki geta talizt bein ríkisfyrirtæki, svo sem Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Brunabótafélagi Íslands o. fl.

Loks sneri nefndin sér til ýmissa einkafyrirtækja og fékk skýrslur frá nokkrum um launakjör starfsmanna þeirra.

Þá hafði nefndin til hliðsjónar í starfi sínu launataxta iðnfélaga í Alþýðusambandi Íslands, launasamþykkt Reykjavíkurbæjar frá 1939, launalög Danmerkur frá 1931 og niðurstöður 6 manna nefndarinnar um meðallaunatekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á árinu 1942.

Enn fremur skal þess getið, að spurningar voru lagðar fyrir miðstjórnir landsmálaflokkanna og stjórn B.S.R.B., sem að vísu varða meir almenn ákvæði launalaganna en launakjörin sjálf. Svör hafa ekki borizt við þessum spurningum svo glögg, að þau verði birt hér, en spurningarnar fylgja hér með sérstakar.

Nefndinni bárust einnig erindi og tillögur frá ýmsum félögum starfsmanna ríkisins, svo sem Prestafélaginu, Læknafélagi Íslands, Félagi héraðsdómara og Sambandi íslenzkra barnakennara o. fl. Enn fremur hafði nefndin í heild og einstakir nefndarmenn tal af forstöðumönnum ríkisfyrirtækja og stjórnendum starfsmannafélaga.

Loks stóðu fulltrúar stjórnmálaflokkanna í sambandi við miðstjórnir flokkanna um nefndarstörfin.

Öll þessi gögn hafði svo nefndin til hliðsjónar við starf sitt. Var eftir föngum reynt að fara eftir tillögum og óskum forstjóra ríkisstofnana og annarra aðila, enda þótt óhjákvæmilegt reyndist að víkja þar frá í mörgum greinum, til þess að sem mest samræmi fengist í launaflokkuninni.

Reyndi nefndin eftir mætti að fylgja þeirri meginreglu við flokkunina að líta fyrst og fremst á, hver væri þýðing starfanna, hver ábyrgð fylgdi þeim og hverrar menntunar væri krafizt af starfsmönnum, enn fremur, að fyrir því væri séð, að starfsmenn gætu lifað sómasamlegu lífi og ríkið jafnan átt völ á hæfum mönnum til starfa launanna vegna.

Eins og málið var lagt fyrir nefndina, áleit hún, að ætlunin væri, að allar uppbætur á laun, hverju nafni sem nefnast, nema verðlagsuppbætur, yrðu niður felldar, en grunnlaun ákveðin fyrir hvert starf.

Taldi nefndin þetta rétt og hagaði sér eftir því.

Um leið vaknaði sú spurning, eftir hvaða reglum skyldi greiða verðlagsuppbót á launin. Samkvæmt ákvæðum laga greiðist verðlagsuppbót á 7800 kr. árslaun, eða 650 kr. á mánuði. Hins vegar var ákveðið með þál. 28. ágúst 1942, að greiða skuli aukauppbót á launin 30 og 25% og verðlagsuppbót á þann hluta aukauppbótarinnar, sem greidd er á 7800 kr. laun. Þetta þýðir í framkvæmdinni, að verðlagsuppbót er greidd á kr. 822.50 mánaðarlaun, eða kr. 9870 árslaun.

Ef aukauppbótin yrði felld niður, án þess að breytt yrði ákvæðunum um verð-

lagsuppbót, mundi það þýða stórfelldan tekjumissi fyrir allan þann fjölda manna, sem taka laun frá 7800—9870 kr. á ári. Nefndin taldi ekki við hlítandi annað en verðlagsuppbót yrði greidd á að minnsta kosti sömu laun og nú er gert. Þetta leiddi aftur til þess, að nefndin tók til athugunar, hve miklu það mundi skipta ríkissjóð fjárhagslega, ef verðlagsuppbót yrði greidd á öll laun. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að miðað við núgildandi launagreiðslur og vísitölu 250 mundi hækkun verðlagsuppbótarinnar nema kr. 241596 en kr. 193940 sé miðað við tillögur nefndarinnar.

Taldi nefndin, að hér væri ekki um svo stóra fjárhæð að ræða, að setjandi væri fyrir sig, til að tryggja betra samræmi í launakjörum manna. Taldi nefndin óhjákvæmilegt, ef þessi leið yrði ekki farin, að ætla hæstu launaflokkum hærri grunnlaun en hún mundi annars gera, og kæmi því nokkurn veginn í sama stað niður, hvor leiðin yrði valin. En sú hætta vofði yfir, ef grunnlaunin yrðu ákveðin hærri í þessum flokkum, að fram kæmi ósamræmi í launaflokkunum, þegar verðlag lækkaði aftur. Nefndinni virðist og, að engin skynsamleg rök liggi fyrir því, að ekki sé greidd full verðlagsuppbót á öll laun, séu grunnlaun á annað borð réttlátlega ákveðin.

Það skal tekið fram, að nefndin taldi sér ekki fært að gera tillögur um samfærslu starfa, þó að svo virðist, að á ýmsum stöðum megi koma því við á auðveldan hátt, einkum í sambandi við efstu flokkana. Hitt kemur þó af sjálfu sér, að nokkru leyti að minnsta kosti, að starfsmannahald ríkisins verður óbrotnara og hagkvæmari not starfskrafta, ef stofnanir eru ekki of margar né óþarflega sundurgreindar.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess, að eigi virðist ríkjandi sterkur vilji til samfærslu, a. m. k. hefur ekki verið gerð nein gangskör að því að nota lagaheimildir í þessu efni, sem eru þó til. Fram hjá því verður ekki heldur gengið, að ýmislegt má spara á rekstri stofnana annað en starfsmannahald, sem athuga þyrfti um leið, en slíkt liggur fyrir utan verkahring nefndarinnar.

Það kom brátt í ljós, eftir að nefndin hóf starf sitt, að nokkuð voru skiptar skoðanir um launakjör og flokkun. Var ekki við öðru að búast, eins og nefndin var skipuð, en ólík sjónarmið kæmu fram, ekki eingöngu af hálfu fulltrúa B.S.R.B. annars vegar og annarra nefndarmanna hins vegar, heldur einnig á milli fulltrúa stjórnmálaflokkanna sjálfra. Á hinn bóginn kom öllum nefndarmönnum saman um, að brýna nauðsyn bæri til að setja heildarlöggjöf sem allra fyrst og bæta þann veg úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þessu efni, og horfur um framgang málsins á Alþingi væru betri, ef allir nefndarmenn gætu orðið sammála um einhverjar ákveðnar tillögur. Var því það ráð upp tekið að láta meiri hluta nefndarinnar ráða úrslitum í þeim atriðum, er ágreiningur varð um.

Tillögur nefndarinnar ber því ekki að skoða sem samhljóða álit allra nefndarmanna um hvert einstakt atriði, heldur samkomulag, byggt á þeirri nauðsyn, sem lýst hefur verið. Það fór þó svo, þegar niðurstöður nefndarinnar í heild voru bornar undir atkvæði, að einn nefndarmanna, Sigurvin Einarsson, lýsti sig óánægðan með þessa niðurstöðu og léta bóka eftirfarandi greinargerð á fundi nefndarinnar 18. desember 1943:

„Ég tel launaflokkuninni mjög ábótavant og að ekki sé unnt að ákveða hana til fullnustu, nema að taka allt málið fyrir í heild. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að undirbúa málið í heild svo snemma, að það geti fengið afgreiðslu á Alþingi á næsta ári.“

Fulltrúar B.S.R.B., Andrés G. Þormar og Guðjón B. Baldvinsson, létu bóka svofellda athugasemd:

„Um leið og við greiðum atkvæði um launastigann, viljum við taka fram:

1. Við göngum út frá því, að fastráðinn starfsmaður haldi óskertum þeim launum, er hann hefur nú, þó að starfinn séu lægra metinn í launastiga þessum.

2. Við teljum sjálfsagt, að almenni kafli launalaganna verði tekinn til endurskoðunar nú þegar og lögin þannig endurskoðuð í heild lögð fyrir næsta Alþingi.“

Launastigi og launaflokkun.

Er nefndin tók að skipa starfsmönnum ríkisins í launaflokka, taldi hún óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því, hvaða laun skyldu greidd í hverjum flokki. Með því móti einu fengist nægilega glöggur samanburður við launakjör hvers einstaks starfsmanns eins og þau eru nú, enda væri þá auðvelt að gera sér grein fyrir, hver áhrif launaflokkunin hefði á launagreiðslur ríkissjóðs í heild.

Nefndin samdi því og samþykkti eftirfarandi launastiga, sem er miðaður við, að launaflokkarnir verði 14, og séu hámarkslaun í 1. fl. 14000 kr., en 3600 í 14. flokki.

1. fl.	Byrjunarlaun	14000 kr.	Hámarkslaun	14000 kr.
2. —	——	12000 —	——	12000 —
3. —	——	11100 —	——	11100 —
4. —	——	10200 —	——	10200 —
5. —	——	7200 —	——	9600 —
6. —	——	6600 —	——	9000 —
7. —	——	6000 —	——	8400 —
8. —	——	6000 —	——	7800 —
9. —	——	5400 —	——	7200 —
10. —	——	4800 —	——	6600 —
11. —	——	4800 —	——	6000 —
12. —	——	4200 —	——	5400 —
13. —	——	3000 —	——	4800 —
14. —	——	3600 —	——	3600 —

Eru þetta árslaun, og skal bætast við þau verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, eins og hún er á hverjum tíma.

Enginn munur er gerður á byrjunar- og hámarkslaunum í 1.—4. fl., og er það byggt á því, að í þau störf, sem undir þá falla, veljist ekki nema reyndir menn, sem áður hafa gegnt ábyrgðarmiklum störfum. Starfsmenn í 5.—6. launaflokki skulu ná hámarki launa eftir 4 ára þjónustu, en starfsmenn í 7.—13. fl., að báðum meðtöldum, eftir 6 ár, með jöfnum greiðslum árlega.

Nefndin var í nokkrum vafa um, hvaða starfsgreinar skyldu taldar með, einkanlega gat orkað tvímæli um stofnanir, sem verða að teljast hreinar ríkisstofnanir, en starfa sjálfstætt og eru ekki nema að litlu leyti háðar eftirliti ríkisvaldsins, svo sem Landsbankinn og Búnaðarbankinn, svo og ýmsar sjálfseignarstofnanir, sem stofnsettar eru með lögum og ýmist njóta mjög takmarkaðs fjárhagslegs stuðnings ríkissjóðs, svo sem Brunabótafélag Íslands, eða byggja fjárhagsafkomu sína að miklu leyti á fjárframlögum úr ríkissjóði, svo sem Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands, héraðsskólarnir, gagnfræðaskólarnir o. fl.

Mælir margt með því, að launakjör starfsmanna þessara stofnana séu ákveðin með lögum, svo sem það, að ef slíkar stofnanir eru sjálfráðar um launakjör starfsmanna sinna, getur hæglega myndazt ósamræmi í launum hliðstæðra starfsmanna ríkisins, sem leitt getur af sér óánægju hinna lakar launuðu og kröfur um launabætur, auk þess sem aðalkostnaðurinn við rekstur ýmissa svokallaðra sjálfseignarstofnana eru launagreiðslur, og framlag ríkisins til rekstrar fyrirtækjanna fer að allverulegu leyti eftir því, hver laun starfsmönnum þeirra eru ákveðin, sem ríkisvaldið, eins og nú er háttað, hefur engin áhrif á. Hins vegar óttaðist nefndin, að ágreiningur kynni að rísa á Alþingi um það, hvort skipa skyldi starfsmönnum þessara stofnana á bekk með starfsmönnum ríkisins, og gæti slíkt orðið til trafala nauðsynlegum breytingum á launalögum. Varð það því niðurstaða nefndarinnar að taka ekki með í launaflokkunina aðra starfsmenn en þá, sem fá laun sín greidd beint úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum, sem hafa sameiginlegan fjárhag með ríkissjóði.

Hins vegar taldi nefndin rétt að gera einnig tillögur um launakjör starfsmanna opinberra stofnana á sama grundvelli og starfsmanna ríkisins. Gætu þær tillögur

orðið til stuðnings fyrir ríkisstjórn og Alþingi, ef rétt sýndist að taka þessa starfsmenn upp í launalögin.

Eftir að nefndin hafði komið sér niður á launaflokkunina, var samin skrá um launagreiðslur, þar sem gerður er samanburður á þeim eins og þær voru í maí árið 1943 og grunnlaunum, eins og þau mundu verða samkvæmt tillögum nefndarinnar, og jafnframt gert yfirlit yfir breytingar bæði til hækkunar og lækkunar.

Um launaflokkunina í heild er rétt að taka þetta fram:

Nefndin leitaðist við að koma betra skipulagi á greiningu starfa en verið hefur. Rak nefndin sig á, að starfsheitin voru mjög á reiki og ólík í hinum ýmsu starfsgreinum og gáfu oft alveg villandi upplýsingar um störfin. Á þetta sér einkum stað um skrifstofustörfin, þar sem menn ýmist eru nefndir t. d. bókarar, ritarar, aðstoðarmenn eða jafnvel fulltrúar, þó að raunverulega sé um sams konar starf að ræða. Þetta reyndi nefndin að færa til samræmis og álítur, að með þeirri greiningu, sem hún hefur gert, sé fenginn grundvöllur eða heildarskipulag, sem rúma megi alla á réttum stað.

Algengt er það og virðist færast í vöxt, að laun manna séu ákveðin að nokkru í öðru en peningum, svo sem húsnæði, ljósi, hita, fæði og þjónustu o. fl.

Nefndin taldi það óvinnandi verk við flokkunina að meta slík hlunnindi í hverju einstöku tilfelli og gerði því svofellda ályktun:

„Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem húsaleigu, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá launununum að viðbættri verðlagsuppbót.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu."

Nefndin gerir ráð fyrir því í tillögum sínum, að þóknun fyrir aukastörf, sem talizt geti hluti af því starfi, sem menn eru ráðnir til, skuli undantekningarlaust falla niður. Yfirleitt var nefndin þeirrar skoðunar, að hverfa bæri frá þeim ósið, sem mjög hefur tíðkazt hin síðari ár, að hlaða suma starfsmenn ríkisins mörgum launuðum aukastörfum, þar sem slíkt getur auðveldlega leitt til þess, að aðalstarfið verði ekki rækt sem skyldi.

Þetta fyrirkomulag má sennilega rekja til þess, að sum ábyrgðarmikil störf hafa verið svo smánarlega launuð, að ekki hefur þótt við hlítandi og því verið gripið til þessa óyndisúrræðis, en síðan hefur þetta leitt út í öfgar. Þykist nefndin með tillögum sínum hafa búið svo um, að hver maður geti eftir sínu starfi haft sómasamlegt uppeldi af þeim launum, sem honum eru ætluð.

Fjármálaráðuneytið hefur samið skrá um þær greiðslur úr ríkissjóði fyrir aukastörf, sem nú eru inntar af hendi, og fylgir hún hér með.

Nefndin álítur, að rétt sé að stefna að því, að aukatekjur, sem fylgja embættum, hverfi úr sögunni. Þó varð ekki hjá því komizt að gera ráð fyrir, að þær héldust hjá þremur embættismannastéttum, og skal það skýrt með nokkrum orðum, hvað veldur.

Læknum er skipað í fleiri launaflokka en áður var. Er héruðum skipt með það fyrir augum, hvernig reynzt hefur að fá lækna í þau og hverjar aukatekjur muni falla til í þeim.

Er nefndinni ljóst, að þessi flokkun er mjög á hverfanda hveli og breytingum háð.

Kemur þar einkum til greina, að fólk getur flutzt til milli héraða í stórum stíl, og þó fremur hitt, að sjálfstæðir — praktiserandi — læknar geta sezt að í betri héruðum og dregið mjög úr aukatekjum héraðslæknanna. Virðist því nauðsynlegt, að heilbrigðisstjórnin hafi rúmar hendur um samningu um þessi atriði.

Er ekki trúlegt, að þóknun fyrir læknisstörf hverfi að fullu og öllu í bráð, þar sem hún er nauðsynleg til varnar gegn óhóflegri notkun — misnotkun — læknanna.

Launahæð lækna er ákveðin með það fyrir augum, að gjaldskrá fyrir héraðslækna verði óbreytt frá því, sem var í stríðsbyrjun.

Nefndina skorti gögn til þess að ákveða laun presta með hliðsjón af því, að tekjur fyrir aukaverk falli niður. Virðast þó ýmsir í prestastétt vera á þeirri skoðun, að það sé æskilegt, og ber að stefna að því, úr því að sú skipun er, að ríkið launar stétt þessa. Þetta verður eigi gert af neinu réttlæti nema með rannsókn á umsvifum prestsverka miðað við mannfjölda í prestaköllum.

Ætlazt er til, að skrifstofufé presta, það er þeir nú hafa, falli niður, enda mun það aldrei hafa verið hugsað á annan veg en sem launauppbót. Með hærri árslaunum til prófasta er sömuleiðis gert ráð fyrir, að greiðslur fyrir prófastsstörf í núverandi mynd falli niður.

Það veldur e. t. v. mestum skoðanamun, hvað rétt sé varðandi aukatekjur sýslumanna og bæjarfógeta.

Félag héraðsdómara taldi réttast, að þessir embættismenn væru allir í sama launaflokki, ef aukatekjur héldust, því að þær væru nokkuð misjafnar, og færi það eftir umsvifum starfsins.

Aukatekjur þessara embættismanna af innheimtu ríkissjóðstekna voru s. l. 3 ár sem hér segir:

1940	30771.25
1941	46909.54
1942	64819.26

Þó ber þess að gæta, að þær koma allójafnt niður og að það fer saman, að í stærstu og umfangsmestu embættunum eru aukatekjurnar mestar, en jafnframt flestir starfsmenn.

Nefndin taldi eðlilegast og enda sjálfsagt, að starfsfólk þessara embættismanna yrði tekið inn í launalög, en skrifstofufé embættismanna síðan takmarkað við húsnæði og annan nauðsynlegan skrifstofukostnað skv. reikningi, sem dómsmálaráðuneytið úrskurðar. Er eðlilegt, að þessir ríkisstarfsmenn njóti sömu réttinda og kjara sem aðrir hliðstæðir, en varla hagkvæmt, að sýslumenn einir séu sjálfir launagreiðendur, þó að segja megi, að það sé sums staðar að nafninu aðeins. Það skal tekið fram, að nefndin miðar hér eingöngu við þá fulltrúa, sýsluskrifara eða innheimtumenn, sem teljast fastir starfsmenn.

En þær aukatekjur, sem eru þessum embættismönnum drýgstar, eru nú sem stendur innheimtulaun af gjöldum til Tryggingastofnunar ríkisins, og eru þau eins og sakir standa að nokkru leyti bundin samningum.

Ef launalög eiga að vera í föstum skorðum, verður að reyna að fyrirbyggja þær glompur, sem líklegar mega teljast til þess að skapa nýtt ósamræmi og nýtt ranglæti.

Þegar ríkið launar starfsfólkið, sem innir nauðsynleg störf af hendi, til þess að innheimta fari fram, þá virðist sanngjarnt, að ríkið fái innheimtulaunin í staðinn, eins og gert er ráð fyrir í sumum tilfellum, sbr. lög nr. 67 frá 31. desember 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Hitt er eigi réttlátt, að embættismaðurinn geti hirt ein, tvenn eða jafnvel þrenn árslaun í aukatekjum af innheimtu fyrir opinberar stofnanir.

Um þetta efni samþykkir nefndin svofellda ályktun:

„Nefndin lítur svo á, að með þeirri tilhögun, sem nú er á aukatekjum sýslumanna og bæjarfógeta, fái sumir þessara embættismanna óeðlilega mikil laun, samanborið við aðra starfsmenn ríkisins. Hún telur sér hins vegar ekki fært að gera tillögur um breytingar á þessu, með hliðsjón af því, að verulegur hluti af þessum aukatekjum er samningsbundinn, en telur æskilegt, að máli þessu verði komið í réttlátara horf.“

Um starfstíma er rétt að taka það fram, að nefndin ákvað laun skrifstofufólks með hliðsjón af þeim vikulega starfstíma, sem er algengastur, þ. e. 35½ vinnustund á viku, og að því er varðar annað starfsfólk, t. d. pósts og síma, er miðað við nú-

gildandi vikulegan starfstíma, þ. e. hjá símriturum 36¼ klst., afgreiðslustúlkum við langlínuafgreiðslu 34—37 klst., póstafgreiðslumönnum 37 klst., símvirkjum 48 klst., loftskeytamönnum 42 klst., tollvörðum 48 klst., kennurum eins og ákveðið er í lögum og reglugerðum um þeirra starf, við vöruhúsavinnu og iðjustörf eins og tíðkast samkv. samningum við verkalýðsfélögin.

Sé nauðsynlegt að láta vinna lengri tíma, ber að sjálfsögðu að greiða aukavinnukaup. Þó skal það fram tekið, að nefndin ætlast til, að yfirmenn ríkisstofnana séu þess umkomnir að framfylgja stundvísi í skrifstofum sínum, og vill leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að yfirmönnum — forstjórum og skrifstofustjórum — séu gefin fyrirmæli um fastan daglegan viðtalstíma, svo að kvartanir og klögumál um lélega afgreiðslu í skrifstofum ríkisins megi hverfa sem fyrst.

Launaákvörðun er líka við það miðuð, að full vinna sé í té látin, og ef svo er ekki gert af einhverjum ástæðum, t. d. styttri vinnutíma en eðlilegt telst, geta ákvæði launalaganna ekki gilt, heldur verður þá að semja sérstaklega þar um. Ætti það ekki að vera svo erfitt, þar sem félög starfsmanna eru fyrir hendi.

Þegar litið er yfir flokkunarskrána, kemur í ljós, að um er að ræða allstórfelldar breytingar á launagreiðslum frá því, sem nú er. Þannig nema launahækkanir samkvæmt tillögum nefndarinnar kr. 1362891, en lækkanir kr. 269331.

Búast má við, að mönnum verði starsýnt á hinar stórfelldu launalækkanir, sem tillögurnar gera ráð fyrir, þar sem yfirleitt mun hafa verið álitið, að laun embættismanna og starfsmanna ríkisins væru orðin lægri en annarra launþega í landinu.

En ástæðan er auðsæ. Þeir, sem búa við hin gömlu launakjör samkvæmt launalögum frá 1919, hafa dregizt aftur úr; öll hin nýrri embætti, en laun þeirra eru flest ákveðin af ráðherra, eru mjög sæmilega launuð og sum lítt við hóf og á engan hátt sambærileg við launakjör annarra starfsmanna.

Ef miða hefði átt launalög framtíðarinnar við laun þau, sem greidd eru sumum forstjórum, skrifstofustjórum, fulltrúum og jafnvel aðstoðarmönnum sumra ríkisstofnana, mundi hækkun launafúlgunnar hafa talizt ríkissjóði algerlega ofvaxin.

Það er því óhjákvæmilegt, til þess að halda samræmi á milli starfsgreinanna og á hina hliðina að afbjóða ekki gjaldþoli almennings, að jafna metin, lækka þau laun, sem orðin voru óeðlilega há, svo að hægt yrði að greiða sómasamleg laun fyrir þau störf, sem mestu skiptir fyrir alþjóð, að vel séu rækt og hæfir menn fáist til að gegna.

Búast má við, að þessar lækkunartillögur sæti nokkurri gagnrýni, ekki sízt þegar greiðslugeta almennings og þá um leið ríkissjóðs er meiri en nokkru sinni fyrr og ekkert lát virðist enn vera á kröfum um hækkuð laun í einni og annarri mynd og bætt kjör, en hitt er þá á að líta, að með nýrri launalöggjöf er væntanlega ekki ætlazt til, að tjaldað sé til einnar nætur, og hverjum manni ætti að vera ljóst, að sú velsæld, sem nú ríkir, getur átt sér skamman aldur.

Eins og áður er getið, nemur hækkunin alls kr. 1362891, ÷ lækkun kr. 269331, = kr. 1093560, eða alls 11,09% hækkun frá núverandi grunnlaunum, að viðbættum öllum grunnlaunauppbótum, sem nú eru greiddar. Ef menn vilja gera sér grein fyrir því, hvort hér sé um eðlilega hækkun að ræða eða ekki, verður fyrst og fremst að athuga þann grundvöll, sem launalögin frá 1919 eru byggð á. Í greinargerð fyrir launafrumvarpi stjórnarinnar frá því ári (A-deild Alþt. 1925, bls. 173—177) er það talið almennt viðurkennt, „að launakjör starfsmanna landsins séu yfirleitt svo lág, að þau séu ekki lífvænleg, að þau séu of lág í samanburði við atvinnukjör manna í öðrum stéttum þjóðfélagsins, svo lág, að nýtir menn fást ekki í þjónustu landsins, og að starfsmenn landsins eigi því réttmæta kröfu á endurbótum á launakjörum þeirra."

Frv. stjórnarinnar var að mestu leyti byggt á áliti og tillögum milliþinganefndar í launamálum, sem starfaði árin 1915 og 1916. Er í greinargerðinni talið ósennilegt, að verðlag það, sem gilti árið 1919, muni aftur komast niður í það, sem það var fyrir ófriðinn, fyrr en þá eftir mjög langan tíma. Fyrir því var í frv. gengið út frá 25%

hærra verðlagi en 1914 og launin miðuð við það. Greinilega kom í ljós síðar, að þetta var rétt til getið, því að á árunum 1919—1939 varð vísitalan lægst 226 stig árið 1923, en hæst steig hún árið 1920 í 446 stig. Launin hækkuðu að vísu nokkuð í meðförum þingsins, og til þess að bæta að nokkru upp hið háa verðlag, sem gilti, er launalögin voru sett, var bætt inn ákvæði í lögin um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ⅔ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr., eftir vísitölu, sem fundin var samkvæmt sérstakri verðlagsskrá, og var verðlagið frá 1914 lagt til grundvallar að viðbættum 25%. Skyldu þessi ákvæði haldast til ársins 1925. Það ár lagði ríkisstjórnin fram frv. til framlengingar á ákvæðum launalaganna um greiðslu dýrtíðaruppbótar til ársins 1928. Fylgdi frv. ýtarleg greinargerð, þar sem meðal annars var gerður samanburður á grunnlaunum 123 embættis- og sýslunarmanna árin 1914 og 1924 með þeirri niðurstöðu, að grunnlaunahækkunin á þetta tímabil sé 50%, en þessi hækkun samsvari lækkun þeirri, sem orðið hafi á gullgildi krónunnar á sama tíma, svo að launakjörin verði svipuð og 1914 með því að greiða grunnlaunin uppbótarlaus. Einnig er í greinargerðinni gerður samanburður á vísitölu á embættislaun, sem eins og áður segir, var reiknuð eftir sérstakri verðlagsskrá, og aðalvísitölu Hagtíðinda fyrir smásöluverð í október ár hvert og vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík, og kemur þá í ljós, að frá ⅔% til 17% vantar, til að launahækkunin í heild (fyrir þá, sem njóta óskertrar dýrtíðaruppbótar) hafi fylgzt með hækkun framfærslukostnaðar í Reykjavík. (A-deild Alþt. 1925, bls. 173—177). Ákvæðin um dýrtíðaruppbót voru síðan framlengd til ársins 1933. Síðan hefur þessi dýrtíðaruppbót verið ákveðin í fjárlögum og jafnan hin sama, 25% af launum undir 2800 kr. og síðan stiglækkandi niður í 10% af 4500 kr. og ekkert af hærri launum. Með þeirri lækkun á krónunni, sem lögfest var 1939, raskaðist hlutfallið á milli launa og framfærslukostnaðar enn, launþegum í óhag, sem sést meðal annars á því, að vísitalan hækkar um 9 stig á tímabilinu frá 1. okt. 1938 til 1. okt. 1939, eða úr 262 stigum í 271. Vísitöluhækkunin árið 1939 er 12 stig, sem nær einvörðungu stafar af verðfellingu krónunnar, þ. e. a. s. af hækkuðu verði á erlendum varningi, þar sem verðlag á innlendum varningi var lögfest meiri hluta ársins, svo sem kunnugt er.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má það ljóst vera, að launakjör þeirra, sem laun taka samkvæmt launalögum, hafa sízt verið betri í stríðsbyrjun 1939 en þau voru árið 1914, sem stafar af því, að launahækkunin frá 1919, með þeirri dýrtíðaruppbót, sem heimiluð var í launalögum, hefur aldrei vegið á móti þeirri hækkun framfærslukostnaðarins, sem orðið hefur á síðustu 30 árum, auk þess sem vitað er, að kröfur alls almennings í landinu til bættra lífskjara hafa stórum aukizt á þessu tímabili.

Með uppbótum þeim á grunnlaun, sem veittar hafa verið síðustu árin, hefur að vísu nokkuð verið úr þessu bætt, en þær uppbætur samsvara þó engan veginn þeirri almennu grunnkaupshækkun, sem orðið hefur í landinu frá stríðsbyrjun, en samkvæmt þeim gögnum, sem aflað hefur verið um þetta, nemur grunnkaupshækkun á tímavinnu í Reykjavík frá 44,9% upp í 120,6%, en frá 42% — 83,75%, þegar um vikukaup er að ræða.

Skýrsla um þetta fylgir hér með.

Að þessu athuguðu virðist sú grunnlaunahækkun, sem af tillögum nefndarinnar leiðir, ekki fjarri sanni, og raunar sízt of há, ef samræmi á að fást á launakjörum starfsmanna ríkisins og annarra launþega. Þess ber þó jafnframt að gæta, að störfum þessum fylgir samkvæmt lífeyrislögunum eftirlaunaréttur, sem telja verður allveruleg hlunnindi, enda þótt iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóð þýði í raun og veru tilfinnanlega skerðing á launum hvers einstaklings.

Erfitt er að gera sér grein fyrir, hver áhrif tillögur nefndarinnar mundu hafa á afkomu ríkissjóðs í framtíðinni, þar sem allt er mjög á huldu um það, hverjir verða munu tekjuöflunarmöguleikar ríkissjóðs, er fram líða stundir. En sé miðað við síðustu tölur, sem eru fyrir hendi um tekjur og gjöld ríkissjóðs, það er rekstraryfirlitið

fyrir 1942, og þær bornar saman við yfirlit, sem gert hefur verið yfir árið 1936, koma í ljós þessi hlutföll á milli tekna og gjalda ríkissjóðs annars vegar og greiddra launa hins vegar:

Ár	Visitala	Launagr. alls	Tekjur ríkissjóðs	Gjöld ríkissjóðs	Laun % af tkj.	Laun % af gj.
1936		5366000	16137147	16142000	33,24	33,25
1942	105,58	22523000	86736000	76112000	25,96	29,6

Launagreiðslur ríkissjóðs 1942 eru reiknaðar á grundvelli tillagna nefndarinnar. Þess er þó að gæta, að í launaupphæðinni 1936 eru ekki tekin með hlunnindi og ekki heldur hluti bæjar- og sveitarfélaga af kennaralaunum, en hvort tveggja er innifalið í tillögum nefndarinnar, þannig að hlutfallið yrði miklum mun hagstæðara fyrir ríkissjóð samkvæmt tillögum nefndarinnar, ef í báðum tilfellum væri aðeins reiknað með peningagreiðslum úr ríkissjóði.

Hækkunartillögur nefndarinnar koma nokkuð misjafnt niður á hinar ýmsu starfsgreinar, sem skiljanlegt er, þar sem sumir embættismenn búa við kjör þau, sem launalögin ákveða, en laun annarra hafa verið ákveðin síðar af framkvæmdavaldinu, eftir því sem við horfði á hverjum tíma.

Til glöggvunar hefur verið samin skrá um heildarlaunahækkanir nokkurra embættismanna og starfsmanna, þar sem breytingarnar eru mestar.

Sýslumenn og bæjarfógetar.

Gert er ráð fyrir, að laun þeirra hækki um kr. 21607 frá því, sem nú er, eða um 12,7%, hámarkslaun kr. 9600. Þessir embættismenn hafa um langt skeið verið hlutfallslega mjög illa launaðir, þó að nokkuð hafi um þokazt til batnaðar síðustu árin. Fara þeir að lögum með dómsvald og umboðsvald hver í sínu héraði og eru því í senn þjónar ríkisvaldsins og athvarf borgaranna gegn hvers konar órétti, er þeir telja sig beitta.

Störf þessara embættismanna aukast jafnt og þétt, svo að í Reykjavík hefur orðið að skipta embættum með tiltölulega fárra ára millibili. Ræður af líkum, að völ þurfi að vera á hæfum mönnum í þessi embætti, jafnþýðingarmikil og þau eru, og dugi því ekki að skera laun þeirra mjög við nögl.

Héraðslæknar.

Þess hefur orðið vart hin síðari ár, að erfitt hefur reynzt að fá lækna í fámenn og afskekkt læknishéruð, svo að til vandræða horfir. Hefur þetta verið nokkuð rætt á Alþingi, tilraunir gerðar til úrbóta, sem virðast þó ekki hafa borið neinn verulegan árangur. Nefndin leit svo á, að með verulega bættum launakjörum í þessum héruðum mætti ef til vill leysa þessi vandræði, og að minnsta kosti væri ekki horfandi í fé, ef árangur fengist. Fyrir því gerði hún mjög gagngerðar breytingar á flokkun læknishéraðanna og naut við það stuðnings landlæknis og formanns Læknafélags Íslands. Nemur launahækkunin kr. 47787, eða 16,04%. Þess er þó að geta, að héraðslæknar í lægst launaða flokknum lækka þó nokkuð frá því, sem nú er, eða um kr. 9637.

Sóknarprestar og prófastar.

Laun þeirra hækka alls um kr. 77915 frá því, sem nú er. Þessir embættismenn hafa einkum í seinni tíð verið mjög illa launaðir, með þeim afleiðingum, að stöðugt hafa færri ungir námsmenn lagt stund á guðfræði. Er nú svo komið, að 20 prestaköll eru laus til umsóknar og ekki völ á lærðum guðfræðingum í þessi embætti.

Á meðan ríkið heldur uppi kirkju og kristindómi í landinu, er það engan veginn vansalaust að búa þannig að prestastéttinni, að hæfir menn fáist ekki í þessar stöður. Prestastéttin er einhver gagnmerkasta stétt landsins, bæði fyrr og síðar, og

hefur lagt einna drýgstan skerf til viðhalds íslenzkrar menningar á umliðnum öldum. Mætti svo enn verða, ef búið væri að henni sem skyldi.

Barnakennarar.

Í tillögum nefndarinnar er svo ráð fyrir gert, að laun þeirra hækki alls um kr. 625556, úr kr. 2312463, eins og laun þeirra eru nú, í kr. 2939019.

Í þessum fjárhæðum eru talin öll launin, bæði þau, er ríkissjóður greiðir og bæjar- og sveitarfélög, svo og öll hlunnindi, er þessum embættum eru lögð, svo sem húsnæði, ljós, hiti og þjónusta, sem nefndin ætlast til, að metin verði til frádráttar, þegar til framkvæmda kemur.

Veldur þetta miklu um, hve framlag ríkissjóðs til kennaralauna er aukið í tillögum nefndarinnar, en ekki hitt, að laun hvers einstaks manns hafi hækkað svo mjög sem virðast mætti í fljótu bragði.

Þess ber að gæta, að kennarar eru langfjölmennasta launastétt ríkisins, og hljóta því breytingar á launum þeirra að velta á verulegum fjárhæðum. Telst svo til, að árið 1943 hafi alls verið starfandi á landinu 462 barnakennarar. Að óbreyttum þeim reglum, sem nú gilda um greiðslu á launum barnakennara, mundi sú hækkun launanna, sem ríkissjóði bæri að greiða, nema kr. 451103.00. Er þetta að vísu nokkurt fé. En þar sem nefndin lítur þannig á, eins og áður hefur verið tekið fram, að hlutverk hennar sé fyrst og fremst að gera launakerfið svo sanngjarnt og réttlátt sem henni er unnt, getur hún ekki hikað við að ætla þessum starfsmannahópi þau laun, sem hún telur réttlátt í hlutfalli við laun annarra starfsmanna, og skiptir þar engu máli, að hann er fjölmennur. Það verður að játa, að til þessa hefur kennurum verið vangoldið fremur en nokkrum öðrum starfsmönnum í opinberri þjónustu. Á þetta einnig við um kennara við menntaskóla og aðra framhaldsskóla. Því er munurinn á fjárhæð þeirri, sem greidd hefur verið til kennaralauna, og hinna, sem nefndin leggur til, svo mikill sem raun ber vitni.

Á það ber og að líta, að upphaflega var undirbúningsnámstími kennara aðeins 3 ár, og duglegir nemendur gátu jafnvel sloppið með 2, en á þessu ári hefur orðið mikil breyting. Nú tekur kennaranámið sjálft 4 ár, en gagnfræðaprófs eða sem því svarar er krafizt til undirbúnings. Er því námstíminn 6 ár alls. Mjög er sennilegt, að enn verði kröfurnar auknar, t. d. að stúdentspróf verði gert að skilyrði fyrir kennaranámi.

Árslaun barnakennara eru samkvæmt tillögu nefndarinnar miðuð við níu mánaða skólastarf minnst, en lækka um ⅑ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem skólinn starfar skemur. Sumir telja, að launin ættu að vera lægri, vegna þess að starfstíminn er ekki lengri. Við það er að athuga:

1. Sömu rök ættu þá einnig að gilda um aðra kennara, s. s. kennara við gagnfræðaskóla, menntaskóla, háskóla o. fl.
2. Almennt mun litið svo á, að kennurum æðri skólanna veiti ekki af þriggja til fjögurra mánaða sumarleyfi til hvíldar og til þess að halda við sérmenntun sinni og efla hana. Hið sama gildir að sjálfsögðu og engu síður um barnakennara.
3. Erlendis eru að vísu sumarleyfi barnakennara yfirleitt styttri en hér. Vikulegur starfstími er aftur á móti víðast hvar skemmri og allt niður í 16 stundir á móts við 30 stundir hér.
4. Á venjulegum tímum, eins og t. d. á tímabilinu milli heimsstyrjaldanna, eru þrír sumarmánuðir flestum kennurum gagnslausir að mestu eða öllu leyti til tekjuöflunar, enda illa séð af verkamönnum, að árslaunaðir starfsmenn keppi við þá um stopula vinnu.

Síðustu hundrað árin og einkum á tuttugustu öldinni hafa barnaskólar um allan heim orðið einn meginliður í alþýðumenningu þjóðanna, samtímis því sem þeir leggja grundvöllinn að æðri menntun. Búast má við, að hlutverk barnaskóla verði

meira að lokinni styrjöld en nokkru sinni fyrr, og íslenzka þjóðin, fámenn og menntafús, sem hlýtur umfram allt að treysta á manngildi og menntun þegnanna, má sízt af öllu við því nú að verða aftur úr í þessum efnum. Hún má ekki bregðast þeirri skyldu sinni að leggja fram nægilegt fé, til þess að kennararnir, sem eiga að hafa forgöngu um uppfræðslu æskunnar í landinu, búi við þau kjör, að þeir geti leyst hið þýðingarmikla starf sitt sómasamlega af hendi.

Í þessu sambandi vill nefndin einnig benda á, að eins og nú standa sakir, skortir nokkuð á, að nægilega margir kennaramenntaðir menn fáist til barnafræðslunnar. Samkvæmt upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar varð s. l. haust að ráða um 70 menn til barnakennslu, sem ekki fullnægðu menntunarskilyrðum til starfsins. Horfir þó enn verr framundan um þetta, þar sem nemendum kennaraskólans hefur fækkað að mun. Eru þeir nú í vetur innan við 50 á móts við um 100, þegar flest hefur verið. Má án efa rekja orsakir þessara fyrirbrigða til þess, hversu smánarleg launakjör barnakennarar eiga við að búa. Hvað mun þá, ef enn verður hert til muna á kröfum um undirbúningsmenntun þeirra, eins og nefndin telur líklegt, að verða muni.

Um skólastjóra og kennara heimavistarskóla er þess að geta, að nefndin gerir ráð fyrir því, að 7 mánaða starfstími í þeim jafngildi í launum 9 mánaða starfstíma í föstum heimangönguskólum, vegna þess hve daglegur starfstími í heimavistarskólum við kennslu, gæzlu og umönnun alla hlýtur að vera langur.

Enn fremur samþykkti nefndin að leggja til, að skólastjórum og kennurum heimavistarskóla skuli gerður kostur á landi til ræktunar, er nægi til þess, að þar megi reka smábúskap.

Samkvæmt gildandi lögum greiðir ríkissjóður helming launa utan kaupstaða og ⅓ hluta í kaupstöðum, en bæjar- og sveitarfélög hitt, svo og þau hlunnindi, sem ákveðin eru í lögum.

Dýrtíðaruppbót á laun barnakennara hefur ríkissjóður ávallt greitt að fullu, og svo er einnig um aukauppbót og aðrar launabætur, sem greiddar hafa verið á laun barnakennara í seinni tíð. Árið 1943 varð hluti ríkissjóðs af barnakennaralaunum kr. 3707085, en hluti sveita og bæja kr. 647788. Ríkissjóðshlutinn hefur því numið 85,13% af allri launafúlgunni, en hluti bæjar- og sveitarfélaga 14,87%. Með hliðsjón af því, hve mikinn hluta launanna ríkissjóður greiðir nú þegar og að eðlilegra sé, að þessir starfsmenn fái laun sín greidd hjá einum og sama aðila, ákvað nefndin að leggja það til, að sú skipun yrði tekin upp, að kennaralaunin skuli framvegis greiðast að fullu úr ríkissjóði.

Menntaskólakennarar.

Gert er ráð fyrir, að laun þeirra hækki um kr. 39479, eða um 35,3%. Þessum mönnum hefur verið vangoldið að undanförnu. Almennt er viðurkennt, að starf þeirra er eitt hið vandasamasta og gerir kröfur til þaulmenntaðra manna, sem stundað hafa langt nám og kostnaðarsamt við erlenda háskóla. Enn fremur er ástæða til að búa svo að þessum starfsmönnum, — eins og raunar mörgum fleirum, — að launakjör þeirra verði ekki því til fyrirstöðu, að þeir geti beitt sér óskiptir við starf sitt.

Hjúkrunarkonur.

Laun þeirra hækka samkvæmt tillögum nefndarinnar um kr. 88868, eða um 45,6% frá því, sem nú er. Þetta er hlutfallslega sú mesta hækkun, sem nefndin gerir tillögur um. En nefndin lítur svo á, að með hliðsjón af þýðingu starfsins, ábyrgð og kröfunum um undirbúningsmenntun sé sanngjarnt og rétt að skipa hjúkrunarkonunum í flokka á þennan hátt. Launin, sem nú eru greidd, virðast vera miðuð um of við framfærsluþarfir einhleypra kvenna. Það sjónarmið hefur nefndin ekki haft um aðrar starfsgreinar og getur því heldur ekki fallizt á að taka tillit til þess um þá starfsgrein, sem hér ræðir um. Enn fremur má benda á, að

svo mikill skortur er nú á hjúkrunarkonum til starfa, að til stórvandræða horfir. Er lítill vafi á því, að launakjörum er þar að nokkru leyti um að kenna.

Talsímakonur.

Gert er ráð fyrir, að laun þeirra hækki um 19,9%. Þær hafa verið mjög lágt launaðar, sennilega einkum af tveim ástæðum, — þær eru konur og nokkuð fjölmennar. Nú er krafizt af þeim gagnfræða- eða verzlunarskólaprófs hér í Reykjavík, og auk þess er starf þeirra mjög slítandi á sinn hátt. Eins og nú er, virðast konur með hliðstæða menntun vel geta fengið betur launuð og sízt erfiðari störf en hér er um að ræða. Virðist því með hliðsjón af framansögðu, að tillögur þessar geti sízt talizt óhóflegar.

Stundakennarar.

Nefndin taldi eigi réttlátt að ganga svo frá tillögum um laun kennara að setja hjá þá menn, sem fást við stundakennslu við skóla, þar sem föstum kennurum eru ákveðin laun. Leggur nefndin því til:

„Laun stundakennara skulu vera 80% af árlegum grunnlaunum kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum, og njóti stundakennararnir sambærilegra aldurshækkana.“

Starfsfólk pósts og síma.

Málaleitun hafði borizt um að taka upp í launalög fast starfsfólk á I. fl. B. stöðvum. Við athugun á þessu atriði og m. a. af umsögn póst- og símamálastjóra varð ljóst, að um þetta þarf að fjalla þannig, að betri skipan komist á. Taldi nefndin sjálfsagt, að það starfsfólk pósts og síma, sem hefur fullt starf, eigi að takast inn í launalög á sama hátt og gert var um starfsfólk sýslumanna og bæjarfógeta.

Um þetta atriði gerði nefndin svofellda samþykkt:

„Nefndina skortir gögn til að gera tillögur um laun starfsmanna á símastöðvum I. fl. B., en telur rétt og sanngjarnt, að laun þeirra og annarra starfsmanna pósts og síma, sem hafa fullt starf, verði ákveðin í lögum.“

Nefndin hefur miðað tillögur sínar við það, að jöfn laun séu greidd starfsmönnum ríkisins, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Mál þetta var mikið rætt á fundum nefndarinnar. Staðreynd mun það vera, að margar lífsnauðsynjar eru misdýrar eftir landshlutum og byggðarlögum. En tvær aðalástæður liggja til þess, að nefndin komst að ofangreindri niðurstöðu:

1. Engir vísitöluútreikningar eru til um mismun á verðlagi á lífsnauðsynjum víðs vegar á landinu og því enginn fastur eða öruggur grundvöllur til að miða við mismun á launagreiðslum eftir búsetu.
2. Reynsla undanfarinna ára er sú, að torveldara er að fá menn í stöður úti um land en t. d. í Reykjavík, sem þó mun almennt talinn sá staðurinn, sem dýrast er að lifa á.

Eins og áður er tekið fram, flokkaði nefndin sérstaklega starfsmenn ýmssa stofnana, er ekki teljast hreinar ríkisstofnanir, og fylgja niðurstöður hennar hér með á sérstakri skrá, merktri B.

Um margt í flokkun þessari þarf ekkert að segja sérstaklega, heldur nægir að vísa til skrár um launaflokkun, sem merkt er A, en þó vill nefndin taka þetta fram:

Af þeim stofnunum, sem þar hefðu átt heima, vantar síldarverksmiðjur ríkisins, og liggur til þess sú ástæða, að eigi lágu fyrir nauðsynleg gögn frá stjórn þeirra.

Sjálfsagt virðist, að kennurum héraðsskóla og gagnfræðaskóla séu ákveðin laun í launalögum, þó að ríkið annist ekki beint launagreiðslurnar sjálft. Kemur þar til m. a., að skólar þessir yrðu út undan um kennara, ef laun þeirra yrðu í ósamræmi við það, sem ákveðið er við aðra skóla.

Við flokkun héraðsskólakennara og skólastjóra var höfð hliðsjón af þeim vanda og umsvifum, er fylgja störfum í heimavistarskólum, á sama hátt og gert var um barnaskóla.

Við flokkun bankastarfsmanna var höfð hliðsjón af launareglugerð Landsbankans og upplýsingum um launagreiðslur hjá Búnaðarbankanum.

Gögn þau, sem nefndin hefur stuðzt við í starfi sínu, fylgja þessari greinargerð og afhendist fjármálaráðherra.

Reykjavík, 3. marz 1944.

Magnús Gíslason. Guðjón Guðjónsson. Jakob Möller.
Guðjón B. Baldvinsson. Andrés G. Þormar. Sig. Thorlacius.

Viðbót fulltrúa B. S. R. B.

Vegna athugasemdar, er vér létum bóka á nefndarfundi, þegar atkvæði var greitt um launastiga og flokkun, og birt er í nefndarálitinu, viljum vér undirritaðir taka fram:

1. Vér teljum mjög vafasamt, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að heimilt sé að færa niður laun heilla starfshópa, sem ákveðin hafa verið af löggjafarvaldi eða framkvæmdavaldi með þegjandi samþykki löggjafans. Vitað er og, að ýmsir þessara manna hafa árum saman búið við hrakleg launakjör, áður en þeir fengu úrbót þá, er veldur því, að þeir eru nú launahærri en aðrir starfsmenn, sem nefndin hefur sett í sama launaflokk.

   Væri því aðeins framið nýtt óréttlæti gagnvart mörgum þessara starfsmanna, ef laun þeirra væru nú færð niður. Það skal játað, að nokkrir starfsmenn mundu fljóta með, er í skjóli eldri starfsmanna hafa nú óeðlilega há laun, en þeir eru svo fáir, að eigi skiptir verulegu máli. Og í framtíðinni ætti launastiginn að réttlæta ákveðið hámark efsta stigs samkvæmt tillögunum.

   Telja má, að réttlátt hefði verið að miða launastigann við hæstu laun, sem nú eru í hverjum flokki, en þar eð vér töldum eðlilegt að vinna að sem beztu samkomulagi innan nefndarinnar, í von um að tryggja greiðari afgreiðslu á Alþingi, þá féllumst vér á þann launastiga, sem nefndin gerði í samráði við og með samþykki stjórnar B. S. R. B., og í því trausti, að laun einstaklinga yrðu ekki lækkuð, meðan þeir halda stöðu sinni.
2. Meðan unnið var að endurskoðun launakaflans, var eigi vitað, hverjar undirtektir ríkisstjórnarinnar mundu verða um endurskoðun hins almenna kafla launalaganna, sem vér lögðum áherzlu á, að lokið yrði jafnframt.

Hörmum vér þá ráðstöfun, að launamálanefndinni skyldi ekki vera falið að vinna að þeirri endurskoðun, þar sem hún hafði aflað sér ýmissa upplýsinga, sem gagnlegar eru og nauðsynlegar við það starf.

Viljum vér enn undirstrika þá skoðun vora og umbjóðenda vorra, — B. S. R. B. —, að eigi er síður brýn þörf á að samræma og kerfisbinda öll þau ákvæði, er lúta að skyldum og réttindum starfsmanna eða því, sem í einu orði er oftast nefnt starfskjör.

Vér látum að öðru leyti nægja að vísa til þess, er segir í nefndarálitinu, að meiri hluti nefndarinnar ákvað flokkun hverju sinni, er ágreiningur varð.

Reykjavík, í marz 1944.

A. G. Þormar. G. B. Baldvinsson.

Samanburður á grunnlaunum nokkurra starfsstétta árin 1939 og 1943.

Stétt	Laun 1939		Laun 1943	Hækkun í %
A. Tímakaup:				
1. Bólstrarar	á klst.	1.54	1. ár 2.80	81.80 %
	— —	1.54	síðan 3.15	104.50 —
2. Húsgagnasmiðir	— —	1.54	1. ár 3.04	97.40 —
	— —	1.54	síðan 3.35	117.50 —
	— —	1.70	við vélar 3.75	120.60 —
3. Skipasmiðir	— —	1.90	3.25	71.05 —
4. Verkakonur[1])	— —	0.90	1.40	55.55 —
5. Verkamenn[1])	— —	1.45	2.10	44.80 —
B. Vikukaup:				
1. Bakarar 4 ára		75.00	123.00	64.00 %
5 —		80.00	147.00	83.75 —
6 —		90.00	147.00	63.33 —
2. Bifvélavirkjar		74.40	145.00	94.90 —
3 ár og síðan		84.00	145.00	72.60 —
3. Bókbindarar		93.50	145.00	55.00 —
4. Klæðskerar		90.00	130.00	44.44 —
5. Prentarar og setjarar		97.05	138.00	42.19 —
Vélsetjarar		115.30	163.75	42.02 —
C. Mánaðarkaup:				
1. Bílstjórar (strætisv.)		300.00	450.00	50.00 %
— (Hreyfill)		300.00	550.00	83.33 —

Sþ. 307. Tillaga til þingsályktunar

um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert, á þann hátt, sem greinir í þessari ályktun.

Telja skal saman verðmæti allra landbúnaðarvara og sjávarafurða, sem notaðar eru af framleiðendum sjálfum og seldar innan lands og úr landi, — einnig framleiðsluverðmæti þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem vinna vörur eingöngu eða aðallega úr afurðum frá landbúnaði og sjávarútvegi, og fyrirtækja, sem framleiða veiðarfæri og vöruumbúðir.

Útflutningsvörur reiknast með verði þeirra á skipsfjöl á útflutningshöfn. Vörur, seldar innan lands, reiknast með söluverði. Framleiðsluvörur til eigin nota framleiðenda skal reikna til verðs með hliðsjón af markaðsverði, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verð fyrir aðkeyptar vörur til framleiðslunnar, svo sem áburð, sáðvörur, fóðurvörur, kol, olíur, salt, veiðarfæri, beitu, efnivörur til iðnaðar, vöruumbúðir o. þ. h., skal draga frá tekjunum. Birgðir af þessum vörum í eigu framleiðenda í ársbyrjun skal telja með keyptum vörum á árinu, en eftirstöðvar í árslok til frádráttar.

Jafnframt skal gera yfirlit um stofnfé framleiðslunnar ár hvert, þ. e. verðmæti lands, bygginga, bústofns, skipa, véla, verkfæra o. þ. h., sem notað er við fram-

1) Á þessu ári hefur grunnkaup verkakvenna hækkað í kr. 1.64 og verkamanna í kr. 2.45 á klst.

leiðsluna, eftir matsverði þessara eigna til skatts. Hæfilegt fyrningargjald af þessum eignum skal draga frá framleiðslutekjunum.

Í fyrsta sinn skal gera yfirlit um framleiðslutekjur þjóðarinnar árið 1943 eftir ályktun þessari. Sé því, ásamt yfirliti um tekjurnar árið 1944, lokið eigi síðar en í júnímánuði 1945. Síðan skal útreikningi teknanna lokið eigi síðar en í júnímánuði ár hvert fyrir næstliðið ár.

Kostnað, sem verða kann af framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu, er heimilt að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Árið 1943, hinn 30. marzmánaðar, var samþykkt í neðri deild Alþingis svofelld ályktun:

„Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fullkomið yfirlit, er sýni árlegar heildartekjur þjóðarinnar árin 1936—1942 og þær breytingar, sem á þeim hafa orðið. Sé þessu lokið haustið 1943, en síðan skal árlega reikna út þjóðartekjurnar á sama hátt."

Á framhaldsþingi haustið 1943 afhenti ríkisstjórnin þingmönnum yfirlit, sem hún hafði látið gera um þjóðartekjurnar árin 1936—1940 samkvæmt þessari ályktun. Sú aðferð hafði þar verið viðhöfð, að taldar voru saman skattskyldar tekjur landsmanna á þessum árum eftir skattskýrslum og þar við bætt áætluðum tekjum skattfrjálsra aðila.

Þessi skýrsla mun hafa verið gerð með nokkuð öðrum hætti en til var ætlazt af flutningsmönnum þeirrar þáltill., sem að framan er getið. Stafar það sennilega af því, að hvorki í till. sjálfri né í greinargerð, sem henni fylgdi, var nokkuð tekið fram um það, hvernig tekjuyfirlitið skyldi gert.

Heildaryfirlit um tekjur landsmanna eftir skattskýrslunum, jafnvel þótt þær væru allar réttar, er ekki öruggur mælikvarði á raunverulegar tekjur þjóðarinnar. Hins vegar er mögulegt að vinna úr skattskýrslunum nokkurt yfirlit um tekjur einstakra atvinnustétta til samanburðar við tekjur annarra, og getur komið að gagni að fá vitneskju um það atriði.

Til þess að fá yfirlit um þjóðartekjurnar virðist sú aðferð líklegust til réttrar niðurstöðu að telja saman verðmæti allrar vöruframleiðslu landsmanna. Koma hér til greina landbúnaðarvörur, sjávarafurðir og iðnaðarvörur, jafnt þær vörur, sem notaðar eru í landinu sjálfu, og hinn hlutinn, sem seldur er úr landi. Til frádráttar verði þeirra koma aðkeyptar vörur til framleiðslunnar og fyrningargjald af framleiðslutækjunum.

Vöruframleiðsla til innanlandsnotkunar og útflutnings er sá grundvöllur, sem efnaleg afkoma þjóðarinnar hvílir algerlega á, a. m. k. á venjulegum tímum. Það er því fyrst og fremst verðmæti framleiðslunnar, sem þarf að reikna út til þess að fá hugmynd um tekjur þjóðarbúsins ár hvert.

Verðmæti framleiðslunnar segir til um það, hve mikið þeir geta borið úr býtum, sem að henni vinna. En það eru ekki aðeins þeir, er vinna beinlínis að framleiðslustörfunum, sem eiga að taka laun fyrir vinnu sína í samræmi við þjóðartekjurnar. Aðrir eiga að réttu lagi að sitja við sama borð. Ákvörðun starfslauna og peningameðferð manna í landinu yfirleitt þarf, ef vel á að fara, að miðast við framleiðslutekjur þjóðarinnar á hverjum tíma. Með hliðsjón af þeim þarf Alþingi og ríkisstjórn að ákveða tekjuöflun og útgjöld ríkissjóðs, og fjármálaráðstöfunum bæjar- og sveitarfélaga þarf að haga á sama hátt.

Síðustu árin hafa landsmenn haft miklar tekjur og safnað töluverðum innstæðum hjá öðrum þjóðum. Þessar eignir mega ekki eyðast í tekjuhallabúskap á næstu árum. Þeim á að verja til framkvæmda, sem nauðsynlegar eru til að efla og tryggja atvinnuvegi þjóðarinnar í framtíðinni.

En til þess að unnt sé að takmarka árleg útgjöld við tekjurnar og koma í veg

fyrir tekjuhallarekstur, þarf að hafa sem gleggsta yfirsýn um það, hve miklu þær nema. Fullkomnar skýrslur um það eru nú ekki til. Er þar tilfinnanleg eyða í hagtíðindin, sem þarf að fylla, og að því er stefnt með flutningi þessarar þáltill.

Hagstofan gefur árlega út búnaðarskýrslur og fiskiskýrslur og hlunninda. Búnaðarskýrslurnar sýna búpeningseign landsmanna, en af þeim og öðrum upplýsingum, sem mögulegt er að safna saman, t. d. frá búnaðarfélögum, mjólkurbúum, kjötverðlagsnefnd og grænmetisverzlun ríkisins, ætti að mega komast nálægt því rétta um afurðir landbúnaðarins og verðmæti þeirra ár hvert. Í fiskiskýrslum og hlunninda eru upplýsingar um magn og verðmæti sjávaraflans. Hins vegar er ekki kunnugt, að gerðar hafi verið heildarskýrslur um aðkeyptar framleiðsluvörur til landbúnaðar og sjávarútvegs, svo sem tilbúinn áburð, sáðvörur, fóðurvörur, kol, olíur, veiðarfæri, vöruumbúðir o. s. frv., en slíkar skýrslur er nauðsynlegt að gera til þess að finna tekjur þjóðarinnar af þessum atvinnugreinum.

Um iðnaðarframleiðsluna eru mjög ófullkomnar upplýsingar, og þarf að bæta úr því. En vegna þess að þar er um allmikla fjölbreytni að ræða og vafasamt, að unnt sé í upphafi og á skömmum tíma að gera glöggar skýrslur um alla þá framleiðslu, er hér lagt til, að fyrst um sinn verði við útreikning framleiðsluteknanna aðeins teknar þær iðnaðarvörur, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðarbúskapinn. Eru það þær vörur, sem unnar eru úr innlendum hráefnum, svo sem framleiðsla síldarverksmiðjanna, fiskimjölsverksmiðja, niðursuðuverksmiðja, frystihúsa, mjólkurbúa og ullarverksmiðja. Einnig þykir rétt að taka hér með framleiðslu veiðarfæra og vöruumbúða, en sá iðnaður er nátengdur þeim framleiðslugreinum, sem þegar hafa verið nefndar.

Þótt ekki þyki fært að heimta fullkomnari skýrslur um iðnaðarframleiðsluna að svo stöddu, þarf að vinna að því, að fullnægjandi skýrslur um þann atvinnuveg verði gerðar svo fljótt sem unnt er.

Um einstök ákvæði tillögunnar þykir rétt að taka þetta fram til nánari skýringa:

Útfluttar vörur á að reikna með söluverði þeirra f.o.b. á útflutningshöfn, en framleiðsluvörur, sem seldar eru á innlendum markaði, reiknast með söluverði þeirra. Er hér átt við það verð, sem vörurnar eru seldar fyrir frá framleiðendum eða sölufélögum þeirra. Þegar sölufélög framleiðenda annast smásölu á vörunum, svo sem nú er t. d. um mjólkina, verður varan talin með smásöluverði, en þegar framleiðendur selja vörur í heildsölu til verzlana, eins og venjulegt er um iðnaðarvörur og sumar tegundir af landbúnaðarvörum, mun heildsöluverðið verða lagt til grundvallar, enda erfiðara að fá upplýsingar um smásöluverðið, þar sem smásöluálagningin mun vera misjafnlega mikil.

Með þessari reikningsaðferð fást að vísu eigi eingöngu tekjur **framleiðenda**, heldur er einnig þar með flutningskostnaður innan lands og sölukostnaður, sem fellur á vörurnar. En þar sem þetta mun auðveldasta aðferðin til að fá upplýsingar um vöruverðið, er lagt til, að hún verði notuð. Síðar mætti gera sérstakar skýrslur um flutnings- og dreifingarkostnað á þessum vörum. Væntanlega verða, áður en langt líður, gerðar heildarskýrslur um tekjur landsmanna af verzlun og flutningum, en sölu- og flutningskostnaður á innlendum afurðum verða þá liðir í þeim útreikningi.

Vörur, sem framleiðendur nota sjálfir, á að reikna til verðs með hliðsjón af markaðsverði þeirra, eftir reglum, sem um það verða settar. Er nauðsynlegt, að reikningsverð þeirra verði ávallt í eðlilegu samræmi við markaðsverð vörunnar og breytist með því.

Verð fyrir aðkeyptar vörur til framleiðslunnar skal draga frá tekjunum. Koma hér til greina innfluttar vörur, svo sem tilbúinn áburður, sáðvörur og fóðurvörur

til landbúnaðarins, kol, olíur, salt og veiðarfæri til sjávarútvegsins, efnivörur til iðnaðarins og umbúðir um innlendar framleiðsluvörur. Innlendar vörur, sem keyptar eru til framleiðslunnar, á einnig að telja til frádráttar. Nokkur dæmi má nefna um þannig viðskipti innan lands. Útvegsmaður kaupir beitusíld, og er verð hennar talið til frádráttar tekjum hans, enda talið með framleiðslutekjum seljandans. Síldarverksmiðjur telja verð fyrir síld, er þær kaupa eða taka til vinnslu, til frádráttar tekjum sínum, enda er síldarverðið talið með tekjum þeirra útvegsmanna, sem gera út skip til síldveiða. Bændur kaupa fóðurmjöl frá innlendum síldar- og fiskimjölsverksmiðjum. Verð mjölsins er talið með framleiðslutekjum verksmiðjanna og því rétt að telja það með öðrum aðkeyptum vörum til frádráttar tekjum landbúnaðarins.

Þá er lagt til, að gert verði yfirlit árlega um **stofnfé framleiðslunnar**, þ. e. verðmæti lands, bygginga (peningshúsa, verksmiðjubygginga, geymsluhúsa fyrir framleiðsluvörur o. s. frv.), bústofns, skipa, véla, verkfæra og þess háttar eigna, sem notaðar eru við framleiðsluna. Sé farið eftir matsverði þeirra til skatts. Fyrningargjöld af þessum eignum skal draga frá framleiðslutekjunum, og skal hér á það bent, að við ákvörðun þeirra gjalda virðist eðlilegt að fara eftir tillögum ríkisskattanefndar, sem mun hafa betri aðstöðu en aðrir til að framkvæma slíkt mat.

Það er mikilsvert, að skýrslugerð um tekjur hvers árs verði lokið svo fljótt sem verða má, eftir að árið er liðið. Er hér lagt til, að tekjuyfirlitið skuli fullgert eigi síðar en í júlímánuði ár hvert fyrir næstliðið ár. Ætti þetta að vera framkvæmanlegt. Að vísu getur komið fyrir, að þá sé óselt eitthvað af framleiðsluvörum frá liðnu ári, en verðmæti þeirra yrði þá að áætla svo nákvæmlega sem unnt væri eftir markaðshorfum, en mismunur á áætlunarverði og söluverði síðar gæti þá komið með tekjum eða til frádráttar tekjum næsta árs. Er hér lagt til, að fyrst verði taldar saman tekjur þjóðarinnar árið 1943 eftir þessari þál. og verði skýrsla um þær ásamt skýrslu um tekjurnar árið 1944 fullgerð eigi síðar en í júnímánuði 1945.

Sennilegt er, að ríkisstjórnin feli Hagstofu Íslands að gera þetta yfirlit um framleiðslutekjurnar, ef tillagan verður samþykkt. Gera má ráð fyrir, að aðrar stofnanir, svo sem búnaðarfélög, Fiskifélag Íslands og iðnaðarfyrirtæki, veiti ríkisstjórninni eða hagstofunni fúslega allar upplýsingar, sem óskað verður eftir og þær geta í té látið, til þess að skýrslur þessar geti orðið sem fullkomnastar. En ef samþykkt þessarar tillögu hefur sérstakan kostnað í för með sér, þykir sjálfsagt að heimila greiðslu á þeim gjöldum úr ríkissjóði.

Nd. 308. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 og 1. gr. l. 21/1936, sbr. 1. gr. l. 78/1941, orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild.

2. gr.

3. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 orðist svo:

Í laga og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

3. gr.

Stofna skal tvö dósentsembætti við heimspekideild Háskóla Íslands í bókmenntum og sögu.

4. gr.

Í verkfræðideild skulu vera 3 prófessorar.

5. gr.

Upphaf 4. gr. l. 21/1936, um Háskóla Íslands, orðist svo:
Rektor og forsetar deildanna 6 eiga sæti í háskólaráði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram borið að ósk háskólaráðs Háskóla Íslands. Felur það í sér þrjár breytingar frá gildandi lögum.

1. Með 2. gr. frv. eru lögfest embætti þeirra tveggja dósenta í viðskiptafræðum, sem nú eru. Með l. nr. 78 27. júní 1941 var viðskiptaháskólinn, sem starfaði á árunum 1938—1940, sameinaður lagadeild Háskóla Íslands, og hefur síðan farið fram kennsla í viðskiptafræðum við laga- og hagfræðideild háskólans. Til kennslunnar var þegar á árinu 1941 skipaður dósent, og árið 1942 var annar dósent settur til viðbótar. Um þessar tvær stöður eru hins vegar ekki til nein lagaákvæði. Þykir sjálfsagt að lögfesta embættin. Samþykkt þessa hefur engin aukin útgjöld í för með sér frá því, sem nú er.

   Frv. um þetta efni var flutt á síðasta þingi af menntmn. Nd. og var samþykkt einróma í þeirri deild, en náði eigi fullnaðarafgreiðslu í Ed., vegna þess hve mjög var liðið að þinglausnum.
2. Samkv. 3. gr. frv. skal stofna tvö dósentsembætti í bókmenntum og sögu við heimspekideild háskólans. Um það efni vísast til ýtarlegrar greinargerðar háskólakennaranna í íslenzkum fræðum, sem prentuð er hér á eftir (fylgiskjal nr. 1).
3. Þriðja breytingin er sú að setja lög um verkfræðideildina, sem starfað hefur síðan haustið 1940. Til skýringar og rökstuðnings því máli nægir að vitna til hinna glöggu greinargerða, sem prentaðar eru með frv. þessu (fylgiskjöl nr. 3—6).

Menntmn. fellst á þær tillögur háskólans, sem hér eru fluttar, og telur þær vera æskilegar og nauðsynlegar umbætur.

Fylgiskjal 1.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 14. okt. 1943.

Líklega hefur Íslendingum aldrei orðið svo tíðrætt um nauðsyn þess að efla þjóðlega menntun sína sem á þessum síðustu árum, enda hafa nýjar og áður óþekktar hættur steðjað að og ástandið í veröldinni minnt enn greinilegar en fyrr á það, sem einatt hefur verið viðurkennt, að þjóðmenning vor sé öflugasta vörn sjálfstæðis vors, undirstaða hvors tveggja: viðnáms sjálfra vor og virðingar annarra þjóða fyrir tilverurétti vorum. Minna hefur samt enn verið framkvæmt í þessu skyni en ætla mætti, og veldur því vafalaust hvorki viljaleysi né efnaleysi, heldur vandinn að finna ráð og leiðir.

Vér undirritaðir fastir kennarar háskólans í íslenzkum fræðum viljum beina athygli hins háa Alþingis að einni leið, sem vér hyggjum, að yrði affarasæl og kæmi

að miklu gagni í hlutfalli við það, sem þyrfti að leggja í sölurnar, þó að oss sé ljóst, að margt annað sé æskilegt að gera.

Hvort sem litið er á almenna eflingu þjóðlegrar, íslenzkrar menningar, varðveizlu tungu, glæðingu þjóðrækni og þjóðernisvitundar eða hagnýtingu þeirra verðmæta, sem þjóðin á í bókmenntum sínum og sögu, hlýtur meiri og betri þekking jafnan að verða traustasta undirstaðan. Engri einni stofnun er fremur ætlandi né skyldara að auka þá þekkingu en kennsludeild háskólans í íslenzkum fræðum. En til þess, að hún geti náð þeim tilgangi betur en hingað til, þarf að bæta skilyrði hennar til þess að leysa af hendi rannsóknir, gera þær aðgengilegar fyrir nemendur og vinna úr þeim, bæði fyrir fræðimenn og almenning. Þess verður að gæta, að víða er enn um lítt numið og rutt svið að ræða. Vér teljum framar öllu brýna þörf á meiri verkaskiptingu milli kennara deildarinnar en hingað til hefur átt sér stað. Úr þessu hefur þegar verið bætt á einu sviði. Þegar háskólinn var stofnaður, var einn kennari í bókmenntasögu og málfræði, og varð niðurstaðan sú, að málfræðin varð út undan. Síðan var stofnað sérstakt kennaraembætti í málfræði og loks nýlega greininni enn skipt milli tveggja kennara, er lektorsembætti í íslenzku nútíðarmáli var við bætt.

Það er nú tillaga vor, að eins verði farið að í sögu og bókmenntasögu, því að þörfin á verkaskiptingu er þar engu minni: stofnað eitt kennaraembætti í hvorri grein, lektorsembætti með dósentslaunum eða aukadósentsembætti, sem þyrftu ekki að vera háð lagareglunni um, að dósentarnir eftir tiltekið árabil yrðu prófessorar.

Með þessari aukningu kennaraliðs háskólans í íslenzkum fræðum höfum vér auk þess, sem áður er bent á, í huga, að unnt yrði að veita nemendum meiri og betri kennslu, meðal annars í erlendum bókmenntum og sögu, gera námið fjölbreyttara og kandídatana hæfari til skólakennslu, ef til vill svo, að áður en langt um liði, yrði bætt við til kennaraprófs aukagrein (t. d. einhverju af þeim erlendu málum, sem þegar eru kennd í háskólanum, almennri sögu eða almennri bókmenntasögu). Þetta mundi bæði auka atvinnuskilyrði kandídatanna og bæta úr kennaraskorti, sem nú er mjög tilfinnanlegur í skólum hér á landi.

Loks skal á það bent, að efling kennsludeildar háskólans í íslenzkum fræðum mundi framvegis kera kleift að sinna betur erlendum stúdentum, sem hingað munu leita, gera það tvímælalausara, að hér væri höfuðstöð íslenzkra og fornra norrænna fræða, og vera hin þungvægasta röksemd fyrir því, að Íslendingar endurheimtu handrit þau, er enn eru erlendis, en væru hvergi betur komin en hér á landi og því betur sem meir væri hér unnið af vísindalegum rannsóknum þessara fræða.

Að öðru leyti erum vér reiðubúnir að skýra þetta mál nánar, eftir því sem óskað kynni að verða.

Sigurður Nordal. Alexander Jóhannesson. Björn Guðfinnsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal 2.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 27. okt. 1943.

Háskólaráðið leyfir sér hér með að mæla hið bezta með erindi kennaranna í íslenzkum fræðum um aukna kennslu og tvo nýja lektora í íslenzkum fræðum.

Jón Hj. Sigurðsson,
rektor.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal 3.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 2. nóv. 1943.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Háskólaráðið leyfir sér hér með að fara þess á leit við háttvirta menntamálanefnd, að hún flytji á Alþingi frumvarp til laga um breyting á háskólalögunum á þessa leið:

1. grein laganna orðist svo: Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild.

Upphaf 4. greinar laganna orðist svo: Rektor og forsetar deildanna 6 eiga sæti í háskólaráði.

Enn fremur mælist háskólaráð til þess, að það verði ákveðið með lögum, að í verkfræðideild skuli vera 3 prófessorar.

Haustið 1940 var hafin undirbúningskennsla í verkfræði við Háskóla Íslands, og var leitazt við að haga náminu þannig, að fyrra hluta próf frá skólanum gæti yfirleitt veitt aðgang að framhaldsnámi við tekniska háskóla erlendis. Varð því að miða kennsluna við próf þeirra háskóla, sem gera mestar kröfur um bóklegt nám.

Sú reynsla, sem þegar er fengin, virðist benda til þess, að af kennslunni megi vænta góðs árangurs. — Þeir erlendir verkfræðingar, sem hafa kynnt sér námið, hafa látið í ljós viðurkenningu á tilhögun þess, og margir tekniskir háskólar í Bandaríkjunum hafa þegar tekið gilt fyrra hluta próf í verkfræði frá Háskóla Íslands. Þá hafa stúdentar tekið þessari undirbúningskennslu fegins hendi og fleiri sótt um að stunda verkfræðinám en unnt hefur verið að taka við. Hefur háskólaráð af þeim sökum neyðzt til þess að setja hömlur á aðgang að náminu.

Undirbúningskennslunni í verkfræði hefur til þessa verið haldið uppi með **stundakennslu** nokkurra verkfræðinga, en sú tilhögun er að sjálfsögðu ekki til frambúðar, enda telur háskólinn óviðunandi að halda uppi kennslu í víðtækum og mikilvægum fræðigreinum án þess að eiga þar nokkrum fastráðnum kennara á að skipa.

Ríkisstjórnin hefur verið hlynnt þeirri viðleitni að stofna verkfræðideild við háskólann, og hefur hún heimilað fé til framhaldskennslu í byggingarverkfræði, en þá grein verkfræðinnar telja sérfræðingar fært að kenna við háskólann án mikils tilkostnaðar, og voru færðar sönnur á það í álitsskjali nefndar, sem Verkfræðingafélag Íslands skipaði til undirbúnings þessa máls.

Á síðastliðnu vori luku hér 6 stúdentar fyrra hluta prófi í verkfræði, og stunda þeir nú allir framhaldsnám við háskólann í byggingarverkfræði. Í eldri deild fyrra hluta námsins eru 7 stúdentar, en í yngri deild 14. Stunda því alls 27 stúdentar verkfræðinám við háskólann, en kunnugt er, að nokkrir þeirra, sem enn hafa ekki lokið fyrra hluta prófi, hafa í hyggju að því prófi loknu að leggja stund á ýmsar sérgreinar verkfræðinnar við erlenda háskóla.

Um stofnun verkfræðideildar við Háskóla Íslands vill háskólaráð benda á eftirtalin atriði:

1. Með stofnun verkfræðideildar fengist innlend miðstöð í mörgum tekniskum fræðigreinum, en það mundi hafa víðtæk og örvandi áhrif á athafnir og verklegar framkvæmdir í landinu.
2. Með því næðist aukið menningarlegt sjálfstæði, og kennslumál ríkisins væru þá ekki með öllu ósjálfbjarga í jafnmikilvægum atriðum og teknisk málefni eru nú og munu verða framvegis.
3. Með því sparaðist erlendur gjaldeyrir, sem næmi tveggja ára náms- og dvalarkostnaði allra þeirra stúdenta, sem lykju fyrra hluta prófi hér við háskólann, en stunduðu framhaldsnám erlendis í véla- og rafmagnsverkfræði, stærðfræði, stjörnufræði o. fl. En auk þess sparaðist að miklu leyti erlendur gjaldeyrir í

4—5 ára námskostnað þeirra stúdenta, sem lykju námi í byggingarverkfræði hér við háskólann, en mundu ella stunda allt sérnám sitt erlendis.

4. Þótt námið sé fyrst og fremst fræðilegt og að því leyti alþjóðlegt, væri unnt að haga sérnámi byggingarverkfræðinganna eftir verkefnum og aðstæðum hér á landi.
5. Þeim stúdentum, sem stunduðu nám í framangreindum fræðigreinum, yrði miklum mun léttara að kljúfa kostnað við námið hér en erlendis.

Í sambandi við fjölgun íslenzkra verkfræðinga, sem að sjálfsögðu leiddi af stofnun verkfræðideildar við háskólann, má benda á, að miðað við íbúatölu munu vera færri verkfræðingar hér á Íslandi en í nokkru öðru menningarlandi. Þannig eru á Norðurlöndum um tvöfalt fleiri starfandi verkfræðingar miðað við íbúatölu en hér á Íslandi.

Kostnaðaráætlun.

Í tekniskum háskólum á Norðurlöndum og í Þýzkalandi er námstími byggingarverkfræðinga 4—4½ ár, 2 ár fyrir og 2½ ár eftir fyrra hluta próf. Gert er ráð fyrir, að verkfræðanám við háskólann hér verði 4½ ár, enda er sá námstími ákveðinn við Danmarks tekniske Höjskole, sem að mörgu leyti hefur verið tekinn til fyrirmyndar við tilhögun verkfræðanámsins við Háskóla Íslands.

Kostnaður við námið hefur verið áætlaður þannig fyrir hvert kennsluár, og er þá miðað við gildi íslenzkrar krónu fyrir ófriðinn:

A. Meðan kennslunni er haldið uppi að öllu leyti með stundakennurum:

1462 kennslustundir á kr. 10.00	kr. 14620.00
1028 — — — 15.00	— 15420.00
Aukakostnaður við landmælingar	— 3000.00
Kostnaður við próf og stjórn deildarinnar	— 5960.00
	Kr. 39000.00

B. Eftir að ráðnir hafa verið til kennslunnar 3 kennarar á föstum launum:

Laun 2 kennara á 8000 kr.	kr. 16000.00
1054 kennslustundir á kr. 10.00	— 10540.00
620 — — — 15.00	— 9300.00
Aukakostnaður við landmælingar	— 3000.00
Kostnaður við próf	— 3160.00
	Kr. 42000.00

Hér er gert ráð fyrir því, að ráðnir verði 3 fastir kennarar með prófessorslaunum. Einn af þessum kennurum mundi fyrst um sinn verða forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar í Atvinnudeild háskólans, herra Trausti Ólafsson, en þar sem hann tekur nú full laun úr ríkissjóði og mundi starfa við verkfræðideildina án frekari greiðslu, eru hér aðeins talin laun 2 prófessora. Hér er enn fremur gert ráð fyrir, að stundakennsla í síðara hluta verði greidd þriðjungi hærra en í fyrra hluta, en þessi mismunur stafar af því, að í síðara hluta fá nemendur heimaverkefni, sem talin eru með prófverkefnum, að gera áætlanir og uppdrætti að ýmsum mannvirkjum. Verkefni í hverri grein eru jafnmörg og nemendurnir eru, og verður kennarinn að semja verkefnin og fylgjast með úrlausn þeirra, en þetta er mjög mikil aukavinna fyrir kennarann. — Loks skal á það bent, að í áætluninni eru talin hámarkslaun prófessora, en byrjunarlaun eru 1500 kr. lægri hjá hvorum um sig.

Jón Hj. Sigurðsson,
rektor.

Fylgiskjal 4.

Álitsgerð um fullnaðarnám í byggingaverkfræði við Háskóla Íslands.

Þegar undirbúningskennsla í verkfræði var hafin við Háskóla Íslands haustið 1940, var leitazt við að haga náminu þannig, að fyrra hluta próf frá skólanum gæti yfirleitt veitt aðgang að framhaldsnámi við tekniska skóla erlendis. Varð því að miða kennsluna við próf þeirra háskóla, sem gera mestar kröfur um bóklegt nám.

Verkfræðideildin hefur nú starfað í 3 ár, og sú reynsla, sem þegar er fengin, virðist benda til þess, að af kennslunni megi vænta góðs árangurs. — Framhaldskennslu í verkfræði við háskólann ber að sjálfsögðu að miða við þann undirbúning að verkfræðinámi, sem nemendur skólans hafa þegar hlotið. Verður því einnig við síðara hluta námsins að leggja áherzlu á, að nám og kennsla í öllum aðalatriðum verði eigi minni en í þeim erlendu háskólum, sem vér kjósum að taka til fyrirmyndar.

Ef hafin yrði kennsla í byggingaverkfræði við háskólann, fengist innlend miðstöð í mörgum tekniskum fræðigreinum, en það mundi hafa víðtæk og örvandi áhrif á athafnir og verklegar framfarir í landinu. Í öðru lagi næðist með því aukið menningarlegt sjálfstæði, og kennslumál ríkisins væru þá ekki með öllu ósjálfbjarga í jafnmikilvægum atriðum og teknisk málefni eru nú og munu verða framvegis.

Kennslan.

Þótt íslenzkir verkfræðingar hafi ekki búið sig undir að taka að sér kennslu í verkfræðilegum greinum, hafa margir þeirra aflað sér talsverðrar reynslu og þekkingar á þeim viðfangsefnum, sem verkfræðingar hafa með höndum hér á Íslandi.

Tilhögun verkfræðikennslunnar við háskólann hér yrði nokkuð á annan veg en erlendis fyrir allan fjölda íslenzkra stúdenta. Vegna þess, hve nemendurnir yrðu fáir hér og náin samvinna um námið getur tekizt milli stúdents og kennara, mundu stúdentarnir fá mun betri hlutdeild í reynslu og þekkingu kennarans en tíðkast í skólum erlendis, þar sem kennarinn hefur marga tugi eða hundruð nemenda og engin persónukynni takast milli hans og þeirra. Mætti því búast við því, að kennslan gæti orðið notadrýgri hér en þar, þótt einstaka stúdent gæti lært meira af fræðimönnum þar, ef hann fengi tækifæri til þess.

Vér teljum því, að verkfræðideild við Háskóla Íslands gæti útskrifað verkfræðinga, sem að minnsta kosti fyrstu starfsárin væru eigi síður hæfir til þess að starfa hér á landi en þeir verkfræðingar, sem nám hafa stundað erlendis. En til þess að afla íslenzkum verkfræðikandídötum víðtækari menntunar teljum vér nauðsynlegt, að þeir að náminu loknu fengju tækifæri til þess að stunda sérgrein sína 1—2 ár erlendis, en þó helzt eftir að þeir hefðu kynnzt íslenzkum viðfangsefnum og starfsháttum. Þeir væru þá betur dómbærir um verkfræðistörf og betur fallnir til þess að flytja heim tekniskar nýjungar.

Eins og nú er högum háttað, er það algerlega undir því komið, hvort hægt sé að koma á verkfræðikennslu hér, að aðstoð nokkurra náttúrufræðinga og þeirra verkfræðinga, sem nú starfa í landinu, fáist. Nefndin hefur því látið leita til þeirra, sem völ er á, og með því rannsakað möguleikann á að fá fullnægjandi kennslukrafta og komizt að þeirri niðurstöðu, að skilyrði fyrir því, að þetta takist, sé, að ráðinn verði fastur kennari aðallega við fyrri hluta námið. Þá hafa og nokkrir verkfræðingar, er nefndin hefur haft samband við, tekið það vel í að aðstoða við kennsluna, að við væntum þess, að háskólinn muni geta fengið nægilega kennslukrafta á næsta hausti, til þess að unnt verði að hefja kennslu við Háskóla Íslands í öllum aðalgreinum byggingaverkfræðinnar.

Að sjálfsögðu yrði verkfræðideildin fyrstu 6—8 árin að búa að kennslu þeirra verkfræðinga, sem nú starfa í landinu, en eftir þann tíma ætti deildin að geta fengið liðstyrk nýrra manna, er framúrskarandi reyndust og stundað hefðu framhaldsnám erlendis í þeim tilgangi að verða kennarar í einhverri sérgrein verkfræðinnar.

Fjölgun byggingaverkfræðinga.

Í sambandi við þá fjölgun íslenzkra verkfræðinga, sem að sjálfsögðu leiddi af stofnun verkfræðideildar við háskólann, viljum vér benda á, að miðað við íbúatölu eru færri verkfræðingar hér á Íslandi en í nokkru öðru menningarlandi, sem vér þekkjum. Á Norðurlöndum eru tvöfalt til þrefalt fleiri verkfræðingar miðað við íbúatölu en hér á Íslandi. Íslenzkt þjóðfélag virðist enn ekki hafa lært eða átt kost á að hagnýta sér að fullu tekniska þekkingu, og það er nægileg ástæða til þess, að vér stöndum öðrum þjóðum að baki í tekniskum málum. Sú fjölgun á starfandi verkfræðingum, sem orðið hefur hér á landi síðastliðin 20 ár, bendir til þess, að vegna aukinna athafna þurfi nú árlega að bæta við starfsliðið 2 byggingaverkfræðingum, og þegar fram líða stundir, þarf enn 2—3 í viðbót á ári hverju í stað þeirra, sem þá láta af störfum.

Síðastliðin 10 ár hafa fengizt færri byggingaverkfræðingar til starfa hér á landi en þörf hefur verið fyrir. Er því sérstaklega nú mjög mikil vöntun á byggingaverkfræðingum. Tveir íslenzkir stúdentar hafa nýlega lokið námi, og 3 aðrir eru við nám í byggingaverkfræði. Þeir dveljast enn erlendis og munu varla komast til Íslands fyrr en að heimsófriðnum loknum, og þar sem þeir allir hafa fengið atvinnu erlendis, má búast við, að einhver þeirra ílendist þar.

Næstu íslenzku byggingaverkfræðingarnir ljúka prófi í fyrsta lagi árið 1946 og þá því aðeins, að þeir stúdentar, sem nú ganga undir fyrra hluta próf í verkfræði við Háskóla Íslands, fái aðstöðu til þess að ljúka framhaldsnámi á réttum tíma. — Þegar þessir fyrstu verkfræðinemar Háskóla Íslands ljúka námi, má áætla, að hér verði þörf fyrir 15—20 byggingaverkfræðinga auk þeirra, sem fyrir eru. Er þá fyrirsjáanlegt, að ekki verður offjölgun á íslenzkum byggingaverkfræðingum næsta áratug, þótt árlega bætist við að jafnaði 4—5 verkfræðingar, en þá er komið að því, að elztu byggingaverkfræðingarnir láti af störfum fyrir aldurs sakir. Þeir yrðu að vísu fáir fyrstu árin, en þeim fjölgar með hverju ári, sem líður, og verður þess þá ekki langt að bíða, að jafnvægi náist, ef 4—5 íslenzkir byggingaverkfræðingar ljúka námi á ári hverju.

En ef svo færi, að starfssviðið hér á Íslandi yrði of þröngt fyrir íslenzka verkfræðinga, ættu þeir engu síður en t. d. íslenzkir læknar að geta leitað sér atvinnu erlendis. Vafalaust munu sumir þeirra að loknu verkfræðiprófi við háskólann hér taka meistarapróf eða doktorspróf í sérgreinum við erlenda háskóla í þeim löndum, þar sem slík próf má skoða sem beint framhaldsnám eftir fullnaðarpróf, og stæðu þá vel að vígi um atvinnu erlendis.

Kostnaðaráætlun.

Í tekniskum háskólum í Þýzkalandi og víðar er algengt, að námstíminn eftir fyrra hluta próf í verkfræði sé 2 ár, en lengsti námstíminn mun þó vera 2½ ár, og er gert ráð fyrir, að sú tilhögun sé höfð hér.

Þær áætlanir, sem áður hafa verið gerðar um kostnað við framhaldskennslu í verkfræði við Háskóla Íslands, voru ásamt greinargerð um málið birtar í Tímariti V. F. Í. 1941, 3. hefti. Vér höfum einnig athugað kostnað við kennsluna samkvæmt fyrirhugaðri kennsluskrá og þá komizt að líkri niðurstöðu um kostnaðinn og áður hefur fengizt. — Teljum vér, að kostnaðurinn verði þannig fyrir hvert kennsluár, og er þá miðað við 15 kr. grunnlaun fyrir hverja kennslustund stundakennara og 7200 kr. árslaun kennara á föstum launum, en að sjálfsögðu verður að greiða þessi kennslustörf eftir því, sem um semst.

A. Meðan kennslunni er haldið uppi að öllu leyti með stundakennurum:

1028 kennslustundir á kr. 15.00	kr.	15420.00
Aukakostnaður við landmælingar	—	3000.00
Kostnaður við próf og stjórn skólans	—	3580.00
Samtals	**kr.**	**22000.00**

B. Eftir að ráðnir hafa verið til kennslunnar 3 kennarar á föstum launum:

Laun 3 kennara	kr.	21600.00
100 kennslustundir á kr. 15.00	—	1500.00
Aukakostnaður við landmælingar	—	3000.00
Kostnaður við próf og stjórn skólans	—	1900.00
Samtals	kr.	28000.00

Ef 5 menn ljúka námi á ári hverju, kostar síðari hluti námsins 4400 kr. á hvern þeirra, en 5500 kr., ef kandídatarnir eru 4, og er þá miðað við gildi ísl. krónu fyrir stríð.

Með núverandi vísitölu verður allur kostnaður við kennsluna 11000—14000 kr. á hvern kandídat, en fæði, húsnæði, föt og bækur í 2½ ár mun kosta um 10000 kr. að frádregnu því, sem stúdentinn getur unnið sér inn að sumrinu. Allur kostnaður við námið verður þá 21000—24000 kr. á hvern kandídat.

Í Bandaríkjunum er náms- og dvalarkostnaður íslenzkra stúdenta nú um 120 dollarar á mánuði, og haldist það verð óbreytt í 2½ ár, nemur það 26000 íslenzkum krónum. Þó er þess að gæta, að við nám í Ameríku verður að greiða fyrir hvern stúdent um 26000 ísl. kr. í dollurum, og vafalaust verður stúdentunum mun erfiðara að kljúfa kostnaðinn við námið þar en hér, þótt þeir fái styrk úr ríkissjóði, sem nemi að fullu kostnaði af kennslunni við háskólann hér.

Eins og nú er ástatt, er ekki unnt að gera sér fulla grein fyrir náms- og dvalarkostnaði stúdenta á Norðurlöndum og í Þýzkalandi, en 1937—38 mun þessi kostnaður hafa verið líkur í þessum löndum, um 3600 kr. á ári eða um 10000 kr. í 2½ ár. Á sama tíma var náms- og dvalarkostnaður stúdenta hér í Reykjavík um 200 kr. á mánuði eða um 5000 kr. í 2½ ár, og eru þá dregnar frá 600 kr., sem ætla mætti, að stúdentinn gæti unnið sér inn að sumrinu. Allur kostnaður við síðari hluta verkfræðinámsins, 2½ ár, yrði þá á hvern kandídat, miðað við, að 4—5 stúdentar lykju prófi árlega, og er þá enn miðað við verðlag fyrir stríð:

Í Reykjavík:	Kennsla	kr.	5000.00
	Dvalarkostnaður	—	5000.00
	Samtals	kr.	10000.00
Í Þýzkalandi og á Norðurlöndum		um kr.	10000.00
Í Bandaríkjunum, í hinum ódýrari skólum		um kr.	14000.00

Ef nemendur eru fleiri en miðað er við hér að ofan, verður námið ódýrara hér en erlendis, en hins vegar dýrara, ef færri eru.

Þótt þessi kostnaðarsamanburður sé gerður hér, teljum vér kostnaðinn engan veginn aðalatriði þessa máls, enda má gera sams konar kostnaðaráætlun með svipaðri niðurstöðu um námið við sumar aðrar deildir háskólans og við sérnám í lægri skólum hér á landi, þar sem fáir nemendur eru í árgangi hverjum, en þó blandast engum hugur um, að innlend fræðsla í þessum greinum eigi fullan rétt á sér.

Fyrst um sinn eru varla tök á að kenna hér aðrar greinar verkfræðinnar en byggingaverkfræði. Sú sérgrein nær og yfir stærst verksvið, og við tekniska háskóla erlendis stundar að jafnaði um helmingur af nemendunum byggingaverkfræði.

Til þess að veita hér kennslu í rafmagnsverkfræði, vélaverkfræði og efnafræði skortir enn nauðsynleg tæki, tilraunastofur o. fl.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt um kennslu og kostnað, teljum vér fært að hefja kennslu í byggingaverkfræði við Háskóla Íslands, og með tilliti til menningarlegs gildis, nauðsynjar á fjölgun íslenzkra byggingaverkfræðinga og núverandi ástæðna við verkfræðinám erlendis teljum vér rétt að hefja kennsluna þegar á næsta hausti.

Þess má vænta, að verkfræðiskóli verði stofnaður hér á landi, er tímar líða, og virðist að mörgu leyti hentugt að gera það nú.

Vegna núverandi ástands geta íslenzkir verkfræðinemar ekki sótt þá teknisku háskóla erlendis, sem íslenzkir námsmenn hafa leitað til undanfarna áratugi, en námið við þá teknisku háskóla, sem þeir nú geta sótt, verður þeim óhentugra og dýrara.

Þeir stúdentar, sem nám hafa stundað í verkfræðideild Háskóla Íslands, hafa byrjað námið í trausti þess, að þeir kæmust inn á tekniska háskóla á Norðurlöndum og í Þýzkalandi að loknu fyrra hluta prófi hér, enda hefur undirbúningsnám þeirra verið miðað við framhaldsnám í þessum löndum. Hefur því háskólinn nokkrar skyldur við þessa nemendur um framhaldsnám þeirra. Sex af nemendum verkfræðideildarinnar ljúka nú fyrra hluta prófi í lok þessa kennsluárs. Þeir hafa allir ákveðið að leggja stund á byggingaverkfræði og að njóta framhaldskennslu við Háskóla Íslands, ef þess er kostur.

Að öllu þessu athuguðu leyfum vér oss að mæla með því við háskólaráð, að framhaldskennsla í byggingaverkfræði verði hafin við Háskóla Íslands þegar á næsta hausti, að því tilskildu, að nægilegir kennslukraftar fáist.

Reykjavík, í júní 1943.

Geir G. Zoëga. Steingr. Jónsson.
Finnb. R. Þorvaldsson. Bolli Thoroddsen.

Fylgiskjal 5.

Álit um kennslu til fullnaðarprófs í byggingaverkfræði við Háskóla Íslands.

Við athugun þess, hvort tímabært sé að stofna til kennslu til fullnaðarprófs í byggingaverkfræði við Háskóla Íslands, teljum við aðalatriðið vera það, hvort kennsla þessi muni gera íslenzka verkfræðinga betur eða síður hæfa til þess að vinna hlutverk sitt innan þjóðfélags vors.

Vér Íslendingar erum enn þá miklir eftirbátar annarra vestrænna þjóða á sviði tækninnar og það svo mjög, að hverjum okkar verður það ljóst, jafnskjótt og hann kemur í erlenda höfn. Hlutverk íslenzkra verkfræðinga hefur því á undanförnum árum verið og er enn fyrst og fremst fólgið í því að flytja inn í landið þá tækniþekkingu, sem aðrar þjóðir eiga umfram okkur. Á því sviði hefur tvímælalaust áunnizt mikið, og höfum vér þar nálgazt aðrar þjóðir mjög á þeim eina mannsaldri, sem liðinn er, síðan fyrsti íslenzki verkfræðingurinn (Sigurður Thoroddsen) tók til starfa hér.

Samt er rétt að íhuga, hvar vér stöndum nú, og skal nefnt dæmi, sem lýsir því nokkuð. Sogsvirkjunin, eitt hið nýjasta mannvirki vort, er að mestu leyti áætluð verkfræðilega af norskum verkfræðingum. Hún er reist undir stjórn danskra verkfræðinga, rekin með vatnsaflsvélum og rafmagnsvélum smíðuðum og settum upp af sænskum verkfræðingum. Aukning Sogsvirkjunarinnar, sem nú er verið að framkvæma, var undirbúin verkfræðilega af dönskum verkfræðingum nú á þessu ári. Svipað má segja um ýmis önnur af hinum nýjustu og stærstu mannvirkjum vorum.

Enda þótt íslenzkir verkfræðingar að okkar dómi hefðu verið færir um að leysa ýmis þeirra verkefna, sem hér hefur þótt nauðsynlegt að fela útlendum verkfræðingum, mun þó sú skoðun vera rótgróin hér, að nauðsynlegt sé að fela erlendum verkfræðingum slík störf. Meðan sú skoðun er ríkjandi, getum við tæplega vænzt þess, að þeir verkfræðingar, sem útskrifaðir væru hér, mundu njóta þess trausts, sem væntanlegir kennarar þeirra njóta ekki.

Okkur dylst það ekki, að kennsla hér í verkfræði gæti haft ýmsa kosti í för með sér. Kennslan mundi án efa örva kennarana til þess að fylgjast betur með nýjungum á sviði þeirra. Nemendur kæmust þegar á námsárunum betur í kynni við íslenzkar framkvæmdir og aðferðir þær, sem hér eru notaðar, en verið hefði, ef þeir hefðu stundað nám erlendis. Þeir yrðu og aðnjótandi reynslu hinna eldri verkfræðinga, er miðast við íslenzka staðhætti.

Hins vegar yrði meiri hætta á stöðnun eðlilegrar þróunar á sviði tækninnar og beitingu einhæfra aðferða en vera mundi, ef hérlendir verkfræðingar væru útskrifaðir í ýmsum löndum. Þar hefðu þeir ekki eingöngu kynnzt mismunandi sjónarmiðum, heldur og um nokkurra ára skeið lifað í öðru umhverfi, þar sem tæknin er komin á hærra stig en hér er. „Heimskt er heimaalið barn," segir máltækið, og allir munu sammála um það, að verkfræðikandídat héðan þyrfti nauðsynlega að dveljast erlendis nokkurn tíma að afloknu námi. Væri horfið að því ráði, að menn væru skyldaðir til að fara utan að loknu verkfræðinámi hér, mundi það breyta öllu viðhorfi til málsins, bæði kostnaðarhlið og lengd námstímans. Námið væri þá alls ekki lengur sambærilegt við það nám, sem hér er rætt um og miðað er við skemmstan námstíma, 4½ ár.

Athuganir hafa leitt það í ljós, að ef brýn nauðsyn væri til, er hugsanlegt að fá kennslukrafta meðal íslenzkra verkfræðinga til síðari hluta byggingaverkfræðináms. Verður þó hér að gera kröfur til þess, að þeir einir séu fengnir til kennslu í hverri grein, sem þar hafa mikla verklega reynslu, því að eingöngu á þann hátt mundu þeir kostir koma fram, sem flutningur kennslunnar hingað gæti haft í för með sér. Allar áætlanir um flutning kennslunnar hingað verða því að byggjast á möguleika þess, að vissir menn vilji eða hafi aðstöðu til að taka að sér kennsluna í hverri grein.

Hér er nú mikill skortur verkfræðinga, m. a. vegna þess, að verkfræðingar, sem lokið hafa prófi erlendis, hafa ekki komið heim af ófriðarástæðum. Kennsla hér í verkfræði mundi fyrst um sinn enn frekar auka á skort verkfræðinga hér, þar sem starfskraftar margra hinna færustu verkfræðinga vorra færu að nokkru leyti til kennslunnar. Kennslan mundi binda sem svarar a. m. k. starfskröftum þriggja verkfræðinga.

Brýn nauðsyn virðist ekki vera á því nú að taka upp fullnaðarkennslu í verkfræði hér, þar sem leiðir eru opnar til náms erlendis.

Fjárhagshlið þessa máls teljum við ekki aðalatriði frá þjóðfélagslegu sjónarmiði. Vísum við þar til álits meiri hluta nefndarinnar, sem sýnir það, að kostnaður við kennsluna hér mundi svara ríflegum styrkjum til stúdentanna til þess að stunda sama nám erlendis. Um önnur atriði í málinu, sem hér eru ekki rædd, vísum við til sömu álitsgerðar.

Að þessu máli athuguðu teljum við ekki tímabært enn sem komið er að flytja kennslu til fullnaðarprófs í verkfræði inn í landið. Hins vegar væntum við þess, að eðlileg þróun þessara mála sé sú, að með aukinni tæknimenningu vorri komi sá tími, að æskilegt og eðlilegt sé, að kennsla þessi verði tekin hér upp. Af þeim ástæðum ber að taka málið til athugunar á nokkurra ára fresti.

Verði hins vegar horfið að því ráði að taka kennslu þessa upp nú, teljum við það ófrávíkjanlegt skilyrði, að til hennar fáist hinir allra færustu menn, sem hér eru til í hverri grein.

Reykjavík, 15. júní 1943.

Einar B. Pálsson. Steinþór Sigurðsson.

Fylgiskjal 6.

Vér undirritaðir nemendur Háskóla Íslands, sem lokið höfum fyrra hluta prófi í verkfræði í verkfræðideild háskólans, leyfum oss hér með að fara þess á leit við háttvirt háskólaráð, að það hlutist til um, að vér getum notið framhaldskennslu í byggingarverkfræði við háskólann. Fyrir þessari málaleitun færum vér eftirfarandi ástæður:

1. Það undirbúningsnám í verkfræði, sem vér nú höfum lokið við Háskóla Íslands, mun hafa verið miðað við framhaldsnám í tekniskum háskólum á Norðurlöndum og í Þýzkalandi, en eins og nú er ástatt, getum vér ekki stundað framhaldsnám í þessum löndum.

2. Vér teljum miklu skipta að geta hagnýtt oss sem bezt það undirbúningsnám, sem vér nú þegar höfum fengið, en framhaldsnám við þá teknisku háskóla erlendis, sem vér nú getum sótt, verður oss óhentugt og mjög dýrt, enda er með öllu óvisst, hvernig ræðst um nám íslenzkra stúdenta erlendis á næstu árum. Hins vegar berum vér fullt traust til góðs árangurs af framhaldsnámi við Háskóla Íslands.

Vér væntum þess, að háttvirt háskólaráð taki ákvörðun í þessu máli sem allra fyrst.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 15. júní 1943.

Helgi H. Árnason. Snæbjörn Jónasson. Guðmundur Þorsteinsson.
Ólafur Pálsson. Ingi Magnússon. Ásgeir Markússon.

Til háskólaráðs Háskóla Íslands, Reykjavík.

Sþ. 309. Tillaga til þingsályktunar

um verðlækkun á vörum innan lands.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lækka verð á vörum innan lands fyrst um sinn með framlagi úr ríkissjóði, til þess að koma í veg fyrir, að vísitala framfærslukostnaðar hækki úr 272 stigum.

Greinargerð.

Þann 15. þ. m. á verð landbúnaðarvara að hækka allmikið lögum samkvæmt, og mundi það valda nýrri hækkun vísitölunnar. Mun flestum vera ljóst, hvílík hætta steðjar að atvinnuvegum þjóðarinnar og afkomu hennar, ef nýrri dýrtíðaröldu verður sleppt lausri. Viðræður fara nú fram milli flokka þingsins um lausn þessa vandamáls, en þeim er ekki lokið. Verður því að gera bráðabirgðaráðstafanir til að hindra nýja verðbólgu, a. m. k. á meðan á þessum samningum stendur.

Verði tillaga þessi samþykkt, mun óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði tekna til að standast þau útgjöld, sem stafa af framkvæmd hennar, og verða þá tillögur um það efni lagðar fram.

Ed. 310. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 1. mgr. bætist ný málsgrein:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Skarðshreppi í Dalasýslu eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi.

2. Aftan við fyrirsögnina bætist: og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

Alþingi, 14. sept. 1944.

Páll Hermannsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
H. Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Ed. 311. Nefndarálit

um frv. til laga um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. EE var fjarstaddur, þá er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 14. sept. 1944.

Páll Hermannsson, form. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Kristinn E. Andrésson.
H. Guðmundsson.

Nd. 312. Frumvarp til laga

um bráðabirgðaverðlag landbúnaðarafurða.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Frá 15. sept. 1944 til 1. desember 1944, ef Alþingi tekur ekki aðra ákvörðun innan þess tíma, skal verðlag innan lands á landbúnaðarafurðum haldast óbreytt eins og það er nú og uppbótargreiðslur úr ríkissjóði vegna innanlandssölu á þessum vörum haldast óbreyttar.

Þó er heimilt að lækka verð þeirra landbúnaðarvara, sem að nokkru leyti eru fluttar inn frá útlöndum, með verðjöfnun.

Framkvæmd ákvæða í 3. málsgr. 4. gr. l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, frestast um jafnlangan tíma að svo miklu leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, mun verð á landbúnaðarafurðum, reiknað í samræmi við ákvörðun sex manna nefndarinnar, hækka 15. sept. n. k. um ca. 10%. Slík hækkun mundi án efa koma af stað nýrri verðhækkunaröldu og torvelda samkomulag um stöðvun dýrtíðarinnar.

Flutningsmenn telja, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir þessa hækkun og fá um leið svigrúm til samninga um heildarlausn þessara mála.

Sþ. 313. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs af erlendum hluthöfum hlutafjáreign þeirra í Útvegsbanka Íslands h.f.

Nd. 314. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkissjóður lætur reisa verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu köfnunarefnisáburðar. Skal vinnslugeta verksmiðjunnar fullnægja þörfum landsins af þessari áburðartegund. Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar verksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Verksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán að svo miklu leyti sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku til vinnslunnar, hvort heldur er með því að reisa orkuver vegna hennar eða tryggja henni orku með öðru móti.

2. gr.

Áburðarverksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja nema með sérstöku lagaboði.

3. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum. Velur stjórn Búnaðarfélags Íslands einn þeirra, stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga annan og ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hinn þriðja. Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár. Hún skal í fyrsta sinn skipuð, þegar eftir að lög þessi verða afgreidd á Alþingi og náð forsetastaðfestingu. Stjórnin velur sér sjálf formann úr sínum hópi.

4. gr.

Verksmiðjustjórnin hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Landbúnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Fyrsta stjórn verksmiðjunnar skal ákveða, hvar hún skuli reist. Hún annast síðan svo fljótt sem verða má um byggingu hennar og útbúnað allan, eftir að fram hefur farið nauðsynlegur undirbúningur.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur

prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum.

Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af áburðarverksmiðjunni framleiðslu hennar fyrir kostnaðarverð að viðbættum nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningar- og varasjóð verksmiðjunnar. Skal áburðarsalan gefa verksmiðjustjórn til kynna í tæka tíð áætlað áburðarmagn, sem framleiða þurfi hvert ár.

9. gr.

Verksmiðjan greiðir ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar hvert ár til þess sveitarfélags, sem hún er rekin í, þó ekki yfir 25% af útsvörum hlutaðeigandi sveitarfélags. Að öðru leyti er verksmiðjan undanþegin öllum sköttum og gjöldum til sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

10. gr.

Framlag verksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári:

a. Til varasjóðs 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.
b. Til fyrningarsjóðs 2% af fasteignamati húss, lóða og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti fram farið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

Reikningana skal árlega birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur landbúnaðarráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á undanförnum árum hefur allmikið verið rætt og ritað um stofnun áburðarverksmiðju hér á landi, án þess að þær umræður hafi þó enn þá hrint af stað framkvæmdum í málinu. Athuganir og rannsóknir hafa þó verið gerðar til undirbúnings því, að hafizt yrði handa. Atvinnumálaráðuneytið fékk hingað til lands á s. l. hausti verkfræðing frá einu þekktasta verkfræðingafirma í þessari grein í Bandaríkjunum. Álitsgerð hans og fleiri athuganir eru prentaðar hér með frumvarpinu sem fylgiskjöl. Það virðist vera skoðun áhugamanna í landbúnaðarmálum, að rétt sé og æskilegt að hraða stofnun áburðarverksmiðju, og telja ýmsir, að nú sé hinn hentugi tími til þess, ekki sízt vegna hins mikla fjármagns, sem þjóðinni hefur fallið í skaut á undanförnum árum fram yfir það, sem áður hefur verið og sennilega verður að loknu því stríðsástandi, sem nú er. Ríkisstjórnin er einnig þeirrar skoðunar, að ekki megi láta þessa velmegunartíma líða hjá, án

þess að gerðar séu fastar ákvarðanir um framkvæmdir þessar og markviss undirbúningur að því sé hafinn svo fljótt sem verða má.

Um stærð verksmiðjunnar er gert ráð fyrir, að vinnslugeta hennar nægi til framleiðslu köfnunarefnisáburðar þess, sem þarf í landinu. Munu ársþarfirnar vera 3000—4000 smál. af þeirri áburðartegund einni, og er þá miðað við innflutning síðustu ára til landsins og óskir jarðræktarmanna um kaup á honum. Ræktaða landið eykst árlega, og mörgum verður enn ljósari nauðsyn þess að bera nægilega vel og mikið á, og mætti því búast við, að ársþarfir yrðu vaxandi. Stærð verksmiðjunnar er því hugsuð miðuð við rúmlega 5000 smál. ársframleiðslu miðað við innihald 20½% köfnunarefnis.

Jafnframt því að reisa verksmiðjuna sjálfa er nauðsynlegt að tryggja henni nægilega orku til vinnslunnar. Fyrir því er ákveðið, að fjárframlag ríkisins nái einnig til útvegunar hennar. Ætlazt er til, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, og jafnframt eru sett ákvæði, sem tryggi það, að verksmiðjan sé hvorki seld né veðsett. Að því lúta ákvæði 2. gr.

Sjálfsagt virðist, að verksmiðjan hafi sérstaka stjórn, er skipuð sé af ríkisvaldinu og þeim aðilum, sem eru fulltrúar þeirrar atvinnugreinar, er mestra hagsmuna hefur að gæta og mest á undir því, hversu tekst um þessa stofnun, en það eru Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga. Mikill meiri hluti tilbúna áburðarins er keyptur af deildum þess síðarnefnda. Þriðja manninn í stjórninni er ætlazt til, að landbúnaðarráðherra skipi. Til þess að málinu sé ekki frestað umfram þörf, er hér gert ráð fyrir, að verksmiðjustjórnin taki til starfa strax að lokinni lagasetningu þessari. Að því lúta ákvæði í 3. gr. frumvarpsins.

Verksmiðjustjórninni er fengið það vald í hendur að ákveða, hvar reisa skuli verksmiðjuna, og að annast allan undirbúning um framkvæmdina. Er ætlazt til þess, að verksmiðjustjórnin hafi hin beztu skilyrði til þess að hafa þetta hlutverk á hendi. Á verksmiðjustjórnin síðan að vera raunveruleg yfirstjórn verksmiðjunnar, en ræður að sjálfsögðu framkvæmdastjórn fyrir hana.

Í 8. gr. er ákvæði um, að áburðarsala ríkisins kaupi af verksmiðjunni framleiðslu hennar fyrir kostnaðarverð. Verður verksmiðjan þá ekki verzlunarfyrirtæki sjálf, og virðist réttast, að áburðarsalan annist þau viðskipti, þar sem líka einhver aðili verður að hafa á hendi innflutning og verzlun með aðrar tegundir áburðar en þá, sem framleidd er í verksmiðjunni. Rétt þykir að ákveða, hver gjöld verksmiðjan greiði til sveitar, og er hér miðað við, að þau geti numið ½ af hundraði af kostnaðarverði framleiðslunnar, en sé annars alveg undanþegin öllum sköttum og gjöldum til sveitar og ríkis. Í 10. gr. eru ákvæði um framlög til varasjóðs og fyrningarsjóðs verksmiðjunnar. Er það hin mesta nauðsyn, að í þá sjóði sé lagt nægilega ríflega til þess að tryggja framtíð fyrirtækisins.

Fylgiskjal I.

Áætlun um verksmiðju fyrir tilbúinn köfnunarefnisáburð handa Íslandi.

Chemical Construction Corporation, 30 Rockefeller Plaza,
New York, 8. febrúar 1944.

Inngangur.

Hugmyndin um að stofnsetja köfnunarefnisiðju á Íslandi er ekki ný. Í nokkur undanfarin ár hefur Nitrogen Engineering Corporation og arftaki þess, Chem. Constr. Corp., haft vakandi auga á þessum möguleikum og eytt tíma til að rannsaka, hvort tiltækilegt væri.

Breyttar aðstæður í heiminum og ósk um að verða óháð erlendri framleiðslu á jafnþýðingarmiklu efni sem köfnunarefni hafa aftur beint athyglinni að innanlands-

vinnslu tilbúins áburðar. Er álitið, að smáframleiðsla köfnunarefnisáburðar á Íslandi gæti verið til mikils gagns fyrir landið, enda þótt álitin kynni að vera óarðvæn annars staðar.

Tilgangur þessarar skýrslu er að ræða hagræna hlið málsins og mæla með þeirri verksmiðjutegund, sem bezt hentar landinu. Mikið af upplýsingum um staðhætti á Íslandi hefur W. J. Rosenbloom, verkfræðingur Chemical Construction Corporation, safnað, en hann dvaldist nokkrar vikur í sept. og okt. 1943 á Íslandi að beiðni ríkisstjórnar Íslands og rannsakaði skilyrði fyrir stofnun áburðarverksmiðju.

Áætlunin er byggð á árlegri framleiðslu 3150000 kg ammóníumnítrats, áburðar, sem inniheldur 35% köfnunarefnis. Ammóníumnítrat, blandað möluðum kalksteini, gipsum og öðrum óvirkum fyllingarefnum, fært niður í 20½% köfnunarefnisinnihald, nýtur heimsmarkaðs undir ýmsum nöfnum, svo sem calnitro, nitrochalk o. s. frv. Nýleg þróun í Bandaríkjunum bendir til þess, að ónauðsynlegt sé að leggja út í aukakostnað með því að bæta kalksteini við, enda sé óblandað ammóníumnítrat hægt að bera beint í jarðveginn, sé það rétt lagað og malað, nema í rakari löndum. Þar, sem um mikla vætu er að ræða, má nota hreint ammóníumnítrat, ef það er húðað petrólatum-rósín-parafíni. Álitið er, að óhúðað ammóníumnítrat, sem eftir mölun er pakkað í vatnshelda pappírspoka, henti algerlega íslenzku loftslagi og selja megi alla framleiðsluna á þann hátt. Ef nauðsyn gerist, má húða með petrólatum-rósín-parafíni, og breytir það engu um framleiðslu, öðru en að úða nítratkornin, áður en þeim er pakkað. Ef einnig skyldi vera óskað eftir framleiðslu nítrókalks, væri tiltölulega einfalt að bæta við verksmiðju til að mylja kalkstein og blanda hann nítratinu. Framleiðsla 3500 smálesta ammóníumnítrats á ári svarar til h. u. b. hálfra afkasta minnsta CHEMICO ammóníakbreytis. Hægt væri að teikna minni breyti, en svo virðist sem aukakostnaður við teikningu og smíði slíks minni breytis mundi verða meiri en sparnaðurinn í efni. Álitið er, að 3150 smálestir á ári sé mjög nærri áburðarþörf Íslands nú, og ætti ekki að ganga fram hjá þeim möguleika að geta tvöfaldað framleiðslu ammóníaks með því að bæta við vetnisverksmiðju og þrýstivélum.

Athugaðir voru ýmsir staðir fyrir verksmiðjuna, svo sem Svalbarðseyri, Húsavík og Oddeyri á Norðurlandi og Brekka, Miðsandur og Elliðaár á Suðurlandi.

Oddeyri við Akureyri virðist bezti staðurinn á Norðurlandi. Raforka er fáanleg frá Laxárstöðinni um 43 km raflínu, ef lögð er 1 km leið yfir höfnina, eða 63 km línu, ef lögð er fyrir fjarðarbotn. Er áætlað, að 5700 árskw. til viðbótar í rafstöðinni með því einu að tvöfalda núverandi vatnspípur og bæta við vélum án breytinga eða viðbóta á stíflunni. Einnig er áætlað, að meir en 70000 kw. megi virkja á þessu svæði. Stórt, flatt landssvæði er fyrir hendi, og er það nógu stórt fyrir áburðarverksmiðju og allar viðbyggingar. Jarðvegur er aðallega sandur og möl og er sagður hafa um 4 smálesta burðarþol á ferfet. Norðan- og sunnanvindar eru algengastir og hámarksvindhraði talinn 50 metrar á sekúndu. Mesti meðalkuldi að vetri er ÷ 20° C, og mesti kuldi hefur mælzt ÷ 36° C. Frostdýpt er um 4 fet.

Verksmiðjustæðið liggur við höfn, sem venjulega er opin allt árið. Mælingar sýna 20 feta dýpt 90 fet frá fjöru. Hægt er að nota bryggju, sem þar er til, og ef óskað yrði, mætti byggja aðra til að tryggja útskipun framleiðsluvöru beint frá verksmiðjunni.

Glerá hefur lágmarksvatnsstraum 600—700 lítra á sekúndu, og er það meir en nóg fyrir verksmiðju þá, sem ráð er fyrir gert. Vatnshiti fer að sumri ekki fram úr 5° C., og að undanteknum fáeinum leysingadögum á ári er vatnið hreint og ógruggað. Nægilegt kælivatn má leiða inn í verksmiðjuna úr Glerá með 2 km leiðslu í litla stíflu, er liggur 38 metrum yfir verksmiðjustæðinu.

Elliðaárstöðin er álitinn bezti staðurinn á Suðurlandi. Raforku mætti fá úr Sogsstöðinni um 46 km raflínu. Nauðsynlegt væri að ljúka við stækkun Ljósafossstöðvarinnar og virkja efra hluta Sogs með stöð milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns.

Landrými er nóg fyrir hina fyrirhuguðu stöð ásamt stækkun. Jarðvegur er blá-

grýtisklöpp með burðarþoli talsvert yfir 4 smál. á ferþumlung. Nauðsynlegt mun vera að grafa 4 fet í jörð, út af sprungum í klöppinni. Ótakmarkað kælivatn og vatn til iðju má fá úr Elliðaám. 25 metra fall má fá, sé vatnið tekið úr stíflunni 1 km frá stöðinni. Vatnið er sagt alveg hreint og að hitastigi 2—6° C.

Mesti vindhraði er áætlaður 50 m á sek., og aðalvindáttir eru suðaustan og vestan.

Mesta kuldastig hefur mælzt ÷32°C og lægsti meðalkuldi ÷ 17° C.

Aðalatriði áætlunar.

Áætlun þessi er um stofnun verksmiðju á Íslandi fyrir tilbúin köfnunarefnisáburð, sem framleiði ammóníumnítrat-áburð með vatnsraforku. Er verksmiðjunni ætlað að geta framleitt með rekstri allt árið allt að 3150 smálestum ammóníumnítrats, er innihaldi 1100 smálestir köfnunarefnis. Að undanteknum smurningi og venjulegum margs konar verksmiðjunauðsynjum verður raforka hið eina, er reksturinn þarfnast, og annast hún framleiðslu vatnsefnis og rekstur þéttivéla, dælna og þess háttar.

Reynsla.

Verksmiðjur svipaðar þeirri, sem hér er áætluð, hafa verið reistar í flestum helztu löndum heims, og hefur full reynsla fengizt fyrir kostum þeirra. Nitrogen Engineering Corporation og arftaki þess, Chemical Construction Corporation, hafa sagt fyrir um verksmiðjur, er nota ólík hráefni, svo sem rafklofið vatnsefni, vatnsefni, er til fellur úr öðrum iðnaði, koks, brúnkol, gas úr koksofnum, kolagas. Fer hér á eftir upptalning verksmiðja, er nota N.E.C. framleiðsluaðferð ammóníaks:

Verksmiðjur fyrir tilbúið ammóníak, er nota N.E.C aðferðina.

1926 Mathieson Alkali Works, Niagara Falls, Bandaríkjunum.
1927 Commercial Solvents Corp., Peoria, Bandaríkjunum.
1928 Norsk Hydro, Notodden, Noregi.
1928 United Chemical Co., Aussig, Tékkóslóvakíu.
1929 State Nitrogen Works, Chorzow, Póllandi.
1929 Prince of Pless, Wyry, Póllandi.
1930 Prince of Pless, Waldenburg, Þýzkalandi.
1930 Prince of Pless, Wyry, Póllandi.
1930 Ewald, Herten, Þýzkalandi.
1930 Etablissements Kuhlmann, Lille, Frakklandi.
1930 Sumitomo Chemical Co., Niihama, Japan.
1931 Etablissements Kuhlmann, Chocques, Frakklandi.
1931 Etablissements Kuhlmann,Selzaete, Belgíu.
1931 Etablissements Kuhlmann, Tilleur, Belgíu.
1932 Etablissements Kuhlmann, Anzin, Frakklandi.
1932 Etablissements Kuhlmann, Harnes, Frakklandi.
1932 State Chemical Trust, Berezniki, Rússlandi.
1933 State Chemical Trust, Stalinogorsk, Rússlandi.
1933 Peti Nitrogen Co., Petfurdo, Ungverjalandi.
1933 Sumitomo Chemical Co., Niihama, Japan.
1934 State Chemical Trust, Berezniki, Rússlandi.
1934 Brambilla, Milano, Ítalíu.
1935 State Chemical Trust, Stalinogorsk, Rússlandi.
1935 Sumitomo Chemical Co., Niihama, Japan.
1936 Yungli Chemical Ind., Pukow, Kína.
1936 Canton Reconst. Dept., Canton, Kína.
1937 Sumitomo Chemical Co., Niihama, Japan.
1938 Mysore Chemical & Fertilisers, Ltd., Mysore, Indlandi.
1940 Welland Chemical Works, Kanada.

1940 Consolidated Mining & Smelting Company, Kanada.
1940 Alberta Nitrogen Co., Ltd., Kanada.
1940 Universal Trading Co., Kína.
1940 Universal Trading Co., Kína.
1941 Asiatic Petroleum Co., Java.
1941 Jayhawk Ordnance Works, Kansas, Bandaríkjunum.
1941 Ozark Ordnance Works, Arkansas, Bandaríkjunum.

Lýsing framleiðsluaðferða.

Teikningin P-2293 sýnir tillögu að fyrirkomulagi verksmiðjunnar. Er þetta fyrirkomulag sérstaklega miðað við hagkvæman rekstur á tiltölulega lítilli smálestatölu framleiðslu, en fyrirkomulaginu má breyta, ef nauðsyn þykir, svo að henti hvaða verksmiðjustærð, sem er.

Teikningin P-2310 sýnir framleiðsluröðina alla. Framleiðsla vatnsefnis og köfnunarefnis byggist á rafklofningi vatns í vatnsefni og súrefni. Síðan er vatnsefnis- og köfnunarefnisblanda gerð með því að bæta köfnunarefni við. Framleiðsla tilbúins ammóníaks er falin í því að tengja vatnsefni og köfnunarefni, svo að úr verði ammóníak. Í saltpéturssýruvél er um helmingi ammóníaksins brennt með lofti, og loft það, er þá kemur fram, er blandað vatni og myndar saltpéturssýrulausn. Í ammóníumnítrat-vélinni er saltpéturssýran gerð óvirk (neutraliseruð) með því, sem afgangs er ammóníaks, og þurrt, kornótt ammóníumnítrat, áburðarsalt, kemur fram. Verður hvorri þessara aðferða lýst nákvæmlega í því, sem á eftir fer.

Framleiðsla vatnsefnis-köfnunarefnis.

Teikningin P-2312 er „skematisk" og sýnir aðferð við framleiðslu á tilbúnu vatnsefnis- köfnunarefnis-lofti. Teikningin P-2316 sýnir grunnflöt og skurð þeirrar köfnunarefnisverksmiðju, sem fyrirhuguð er. Háspennuriðstraumur 6000 volta er leiddur um straumbreyti, er lækkar spennu ofan í það, sem hún á að vera, og breytir riðstraumi í rakstraum, sem síðan er leiddur um skiptiborð í rafklofasellurnar.

Chemico vatnsefnis-súrefnissellan, sem sýnd er á teikningunni P-1653, hefur reynzt hagkvæm og notadrjúg sella til framleiðslu vatns- og súrefnis. Jafnstraumur rafmagns um sellurnar klýfur vatnið, og safnast vatnsefnisloftið við katóðurnar, en súrefnið við anóðurnar. Teóretiskt klýfur ein amperst. rafmagns 418.6 cc vatnsefnis og 209.3 cc súrefnis miðað við frostmarkshita og þurrt loft 760 mm Hg (loftvog). Eigi kemur lægri spenna til greina en 1,67 volt, og er því lágmarkseyðsla rafmagns 4 kwst. fyrir hvern teningsm. vatnsefnis. En í praxís koma hvergi nærri slík aflnot til greina, því að mótstaða rafklofnings, yfirspenna elektróða og mótstaða selluhlutanna eykur spennuna upp í 1.9—3 volt á sellu, og kemur mismunur undir byggingarlagi sellu og straumafli, sem um hana leikur. Þetta vatnsefniskerfi er 100 sellur og er byggt á venjulegum rekstri, 10000 amper og 230 volt, og svarar til, að notuð sé 5½ kwst. í teningsmetra vatnsefnis. Álag á sellum má lækka eins og henta þykir, ef verksmiðjuna á að reka með minni afköstum.

Með eðlilegum rekstri sellnanna framleiða þær aukalega 200 teningsmetra súrefnis á klst., og er því sleppt út í loftið. Ef óskað er, væri hægt að þétta þetta súrefni á flöskur og nota til logsuðu eða annars, og gæti þá sala súrefnis verið tekjulind fyrir áburðarverksmiðjuna.

Eimað vatn, sem nota þarf á sellurnar, fæst með þrígengiseimi, sem sýndur er á teikningunni P-2314, er sýnir framleiðsluröð saltpéturssýru. Vatn rennur sjálfkrafa í sellurnar í stað þess, er eyðist við framleiðslu vatnsefnis.

Vatnsefnisgeymir „flýtur" á vatnsefnisleiðslunni, sem liggur úr sellukerfinu, og er honum ætlað að jafna smámisfellur á framleiðslu vatnsefnis og afnotum þess.

Köfnunarefni, sem þarf til að gera loftblönduna $3\,H_2 - 1\,N_2$, er leitt að sem hluti úrgangsloftblöndu þeirrar, er kemur úr hreinsara (Absorbtion Scrubber) saltpéturssýruvélanna, eða sem hreint andrúmsloft, séu saltpéturssýruvélarnar ekki í gangi.

Loftið er hreinsað með þynntri lútarupplausn og sameinað vatnsefni í hlutföllum, er gefa 3 hluta vatnsefnis á móti 1 hluta köfnunarefnis. Úrgangsloft saltpéturssýruvélanna inniheldur 2—3% súrefni, sem nægilegt er til að halda súrefniseyðinum (katalysator) á bezta hitastigi, sé vetnið áður hitað með þeim efnum, sem brenna. Þegar notað er andrúmsloft, sem inniheldur 21% súrefni, er í stað súrefniseyðis notaður snertir (contact mass), hitaður í háan hita. Í því tilfelli er óþarfi að hita vetnið áður, og hiti brennsluefna er notaður til að framleiða gufuafl.

Köfnunarefnis- og vetnisblandan, sem frá brennara kemur, er kæld óbeint með vatni í kæli og fer í loftblöndugeymi (sjá teikninguna P-2313).

Framleiðsla ammóníaks.

Framleiðsla tilbúins ammóníaks eftir Chemico-aðferð er sýnd með þverskurði á teikningunni P-2313. Teikningin P-2317 sýnir ráðgert fyrirkomulag útbúnaðar, og er rúm gert fyrir þrýsti- og hringrásarkerfi, sem síðar má setja, ef auka á afköst verksmiðjunnar.

Þrýsting vetnis- og köfnunarefnisblöndunnar fer fram í fjögurra stiga þrýstivél, og er eitt þeirra knúið hreyfli með breytilegum hraða. Þetta fyrirkomulag gerir að verkum, að kerfinu er hægt að haga að aðstæðum, og er það hentugt við verksmiðju af þessari stærð, enda má þá reka hana með hálfum afköstum, þegar öðrum þrýstinum er lokað vegna skiptinga á krönum eða annarra viðgerða.

Útbúnaðurinn til framleiðslu ammóníaks er miðaður við 300 loftþyngda (atmosfera) þrýsting, enda þótt líklegt sé, að vélarnar gangi lengst af með 250 loftþyngda eða minni þrýstingi. Má þá geyma hærri þrýstinginn til þess tíma, er auka þarf afköst verksmiðjunnar.

Teikningin P-2313 sýnir, hversu einföld aðferðin er. Loftblandan frá þrýstivélunum sameinast hringrásarloftinu við innrás kælisins. Hér er hringrásarloftið kælt óbeint með vatni, og fljótandi ammóníak er þéttað. Fljótandi ammóníakið er skilið frá óþéttu vetnis- og köfnunarefnisblöndunni í seperator og flutt í geymi fyrir vatnsfrítt ammóníak (sjá teikningu P-2314). Vetnis- og köfnunarefnisloftið fer í hringrásarkerfi og þaðan í síu (filter). Tvenn hringrásarkerfi og tvennar síur fylgja, og er því hægt að halda framleiðslu áfram, þótt gera þurfi við kerfin eða hreinsa. Þegar úr síunni kemur, fer gasið um breytikerfi, þar sem hluti vetnisins og köfnunarefnisins sameinast í ammóníak og rennur um hringrásarkerfi eins og að framan getur, unz öll blandan er orðin að fljótandi ammóníaki.

Chemico-kerfið starfar með 300 loftþyngda þrýstingi, og er hann nægur til að tryggja sparnað í kostnaði, en veitir um leið öryggi og einfalda byggingu. Með Chemico-aðferðinni er aðaláherzlan lögð á, að hægt sé að reka ammóníaksvinnsluna óslitið í langan tíma, og er það aðalatriði þess að geta framleitt með litlum tilkostnaði. Chemico-breytirinn þarfnast sjaldan skiptingar, og má nota hann árum saman, án þess að framleiðsla minnki. Nokkuð er þessi góði og dæmalausi árangur að þakka breytinum sjálfum, sem er hvort tveggja í senn hraðvirkur og ákaflega sterkbyggður. Enn meiri þýðingu hefur þó sá þáttur kerfisins, sem gerir ráð fyrir algerðri hreinsun loftsins, áður en það snertir breytinn, og hin nákvæma stilling á hita breytisins, sem kemur í veg fyrir, að hann eyðist á of miklum hita. Þetta þrennt, hraðvirkur og endingargóður breytir, alger hreinsun loftsins og nákvæm stilling hitans, er aðeins um að ræða í Chemico- ammóníaks-vinnslu. Áreiðanleiki í rekstri og lítill viðhaldskostnaður eru einnig afleiðing af nákvæmni og athygli við sköpun kerfisins. Í Chemico-verksmiðjum er ekki um að ræða leka á leiðslum og lokum, kranar lokast þétt, og allir vélahlutar eru miðaðir við að tryggja óhindraðan rekstur.

Saltpéturssýra.

Chemico-þrýstiaðferðin til framleiðslu saltpéturssýru er sýnd með þverskurði á teikningu P-2314.

Teikningin P-2315 sýnir ráðgert fyrirkomulag á aðalútbúnaði.

Almennt.

Til þess að geta sett upp afkastagóðar saltpéturssýruvélar þarf gagngera, teóretiska þekkingu á málinu, fyrsta flokks verkfræðihæfni og talsverða rekstrarreynslu. Þekking á efnum og reynsla í byggingu útbúnaðar, sem standast þarf háan hita og brunaáhrif saltpéturssýru, hafa meginþýðingu. Hæfni til þessa fæst aðeins með langri æfingu og með því að nota sér til hlítar beztu nútímatækni í stálblöndun.

Reynslu Chemical Construction Corporation um tilbúna saltpéturssýru má rekja frá því fyrst var farið að vinna að framleiðslu ammóníaks, með oxideringu, þegar félaginu var falið að teikna og byggja miklar saltpéturssýruverksmiðjur, er Bandaríkjastjórn lét reisa á árunum 1917—18 í sambandi við fyrirætlanir um hernaðarframleiðslu. Frá þeim tíma hefur saltpéturssýrugerð verið sérgrein félagsins, og margar verksmiðjur með smáum og stórum afköstum hafa verið reistar og nota ýmisleg kerfi með háum eða lágum þrýstingi við sýringu á ammóníaki.

Tillaga um aðferð fyrir Ísland.

Verksmiðjutegund sú, sem lagt er til við Ísland, er með þrýstiaðferð og mun framleiða þá 60% saltpéturssýru, sem ráðgerð er, og notar að hráefni hluta þess ammóníaks, sem framleitt er í ammóníaksmiðjunni.

Fljótandi ammóníakið er eimað í ammóníakseimi, og uppgufunarvarminn er fenginn frá heitavatni því, er til fellur af þrýstikælunum. Ammóníaksloft það, sem þannig fæst, er mælt og blandað í nákvæmum hlutföllum við upphitað þrýstiloft, og kemur þá fram stöðugur straumur ammóníaks- og loftblöndu, sem inniheldur um 9½% NH_3. Sjálfvirkur loki er hafður á loftleiðslunni, og stöðvar hann straum ammóníaks í blönduna, þegar er blandan fer að ammóníaksinnihaldi fram úr ákveðnu hámarki, og kemur hann í veg fyrir ofhitun vegna of mikils styrkleika. Hituð blanda ammóníaksloftsins er síuð vandlega til að nema burtu allt ryk og er síðan leidd í samband við breyti (katalysator) úr platínurhodium-neti við 860° hitastig á Celsíus. Hitastiginu er haldið jöfnu með nákvæmri hitun loftsins. Sýrist (oxiderast) ammóníakið nú í köfnunarefnissýring eftir þessum jöfnum:

$$92\ NH_3 + 191\ O_3 + 717\ N_2 = 92\ NO + 138\ H_2O + 76\ O_2 + 717\ N_2.$$

Hitastigi og snertingartíma ammóníak-loftsins við netið er haldið sem hentugustum, svo að eigi sé hætta á, að ammóníakið ofsýrist, nefnilega:

$$4\ NH_3 + 3\ O_2 = N_2 + 6\ H_2O.$$

Þegar heitt köfnunarefnisloftið fer frá breytinum, skilur það út nokkuð af hita sínum í loft það, sem inn kemur, er síðan kælt í gufukatli, sem framleiðir á þann hátt háþrýstigufu fyrir almennt starf verksmiðjunnar. Lokakæling og þétting vatnsins úr köfnunarefnisloftinu fer fram í þétti, þar sem einnig er kæliflötur til að sýra (oxidera) köfnunarefnissýring í tvísýring (dioxid). Sýring köfnunarefnissýrings (NO) í köfnunarefnis-tvísýring (NO_2) fer fram samkvæmt þessum jöfnum:

$$92\ NO + 139\ H_2O + 76\ O_2 + 717\ N_2 = 92\ NO_2 + 138\ H_2O + 30\ O_2 + 717\ N_2.$$

Það fer eftir hitastigi og þrýstingi lofttegundanna, hversu langan tíma tekur að sýra köfnunarefnissýring. Lágur hiti og hár þrýstingur flýtir fyrir. Þó er það nokkrum vandkvæðum bundið að nota háan, virkan þrýsting, aðallega óhóflegri notkun orku. Þessi verksmiðja er ráðgerð með 4 loftþyngda (atmosfera) þrýstingi, og er hann nægur, til að hagkvæm afköst nást, án þess að hann kosti ofboðslega orku.

„Absorbtion"-kerfið samanstendur af mörgum geymum, þar sem köfnunarefnisloftið er leitt um sífellt veikari sýru, þar til köfnunarefnissýran er svo til gersamlega uppétin og er orðin að saltpéturssýrulausn. Gang þessarar breytingar má skýra með:

$$3\ NO_2 + H_2O = 2\ HNO_3 + NO.$$

Nú veldur það, að vatn drekkur í sig köfnunarefnis-tvísýring (NO_2), því, að köfnunarefnissýringin myndast, og er því plúss ætlað í hverjum geymi fyrir endursýring hans.

„Absorbtions"-turninn lýkur við að nema burt hið síðasta af sýringnum. Fersku vatni er hleypt um efri enda turnsins, og rennur það niður um fyllinguna gegn loftstraumi, er upp leitar. Vatnið fellur út um neðri enda turnsins og er nú orðið veik sýra. Rennur það um „absorbtions"-geymana gegn lofttegundunum og er orðið 60% sýra, þegar það fer úr neðsta geymi. Sýruleka frá þéttinum er veitt inn í sýruna í kerfinu á þeim stað, þar sem styrkleiki beggja sýrulausna er jafn. Sýran, sem úr neðsta geymi rennur, er loks hreinsuð með lofti til að nema burt það, sem eftir kynni að vera af uppleystum köfnunarefnissýringi.

Ammóníumnítrat.

Vinnsla ammóníumnítrats og fyrirkomulag útbúnaðar eru sýnd á teikn. P-2300 og P-2302.

Fljótandi ammóníak og saltpétursupplausnir koma frá geymum verksmiðjunnar (sýnt á teikn. P-2314). Fljótandi ammóníakið er eimað í ammóníakseimi og flutt sem lofttegund í neutralisator, þar sem það sameinast saltpéturssýru og myndar ammóníumnítrat-lausn. Mest af vatninu í saltpéturssýrulausninni eimist burt með hita efnabreytingarinnar. Það, sem eftir er, er eimað burt með rafhita. Loftdælan heldur lausninni á hreyfingu og lækkar suðumark hennar með því að lækka vatnsgufuþrýstinginn yfir nítratlausninni. Eftir að vatnið hefur verið eimað, er bráðnu ammóníumnítratinu helt í kristallisatora, þar sem það er kælt og malað í þá stærð, sem vera ber á framleiðsluvörunni. Ef þurfa þykir, má bæta petrólatum-rósín-parafín-húð á nítratkornin, meðan þau eru í krystallisatornum, til þess að þau geti haldizt lengi í hlýju og röku loftslagi. En þess háttar úðun er ekki talin nauðsynleg fyrir efni, sem nota skal á Íslandi. Möluð varan er tekin úr krystallisatornum og pakkað í pappírspoka til geymslu og afskipunar til notenda, eftir að kornið hefur farið um sigti til að nema burt of stór korn. Vigt hvers pakka er metin á færanlega vog, áður en hann fer í geymslu. Raflyftuvagn, sem tekur hálfa smálest, er notaður til flutnings á pokum í geymslu og flutnings úr geymslu um borð, þegar útskipað er.

Rekstrarkostnaður.

Rekstrarútgjöld hafa verið metin með tilliti til reynslu af svipuðum rekstri annars staðar. Gert er ráð fyrir samfelldri framleiðslu allt árið, alls 3150 smál. ammóníumnítrats, er innihaldi 1100 smál. köfnunarefnis og að innihaldi samsvarandi 5370 smál. nótrókalks (20½% N_2).

Orkuverð er áætlað $ 0.005 (3 aura) fyrir kwst., sem afhent er til spennubreytis verksmiðjunnar með 6000 volta spennu.

Verkalaun eru áætluð $ 2640 árslaun á mann (17160 kr.), og er það talið meðalkaup á Akureyri og í Reykjavík.

Áætlunin sýnir ársútgjöld til rekstrar, alls $ 328.160 (..... kr.), og er þá kostnaður á smálest af ammóníumnítrati í pokum $ 104.18 (..... kr.), og jafngildir það $ 298.33 (..... kr.) fyrir smálest köfnunarefnis eða $ 61.11 (.... kr.) fyrir smálest af nítrókalki (20,5% N_2).

Sundurliðun áætlunar er þessi:

Efni: 63000 pokar á $ 0.12	$ 7 560
Nauðsynjar til rekstrar	– 10 000
Mannahald: 40 menn á $ 2640 á ári	– 105 600
Orka: 25 000 000 kwst. á 0.005	– 125 000
Viðhald	– 50 000
Stjórn	– 30 000
Samtals	$ 328 160

Kostnaður á einingar:

Fyrir 1000 kg nítrats	$ 104.18
Fyrir 1000 kg köfnunarefnis	– 298.33
Jafngildi nítrókalks (20,5% N_2)	– 61.11

Fylgiskjal II.

Áætlun Chemical Construction Corporation, dags. 9. febrúar 1944, um kostnað við stofnun áburðarverksmiðju.

a.	Vélar fob U. S. A.	$ 752 000
b.	Byggingar	– 170 000
c.	Uppsetning véla	– 70 000
d.	Farmgjöld og vátrygging	– 60 000
e.	Yfirstjórn o. fl. við byggingu, uppsetningu og reynslu	– 45 000
		$ 1 097 000

Hér er ekki áætluð jarðvinna vegna bygginga, vegagerð og bryggjugerð, ef þarf, — ekki heldur vatnsleiðsla eða rafleiðsla að verksmiðjunni.

Fylgiskjal III.

Umsögn William J. Rosenblooms um notkun næturrafmagns.

Mér er tjáð, að framleiðandi rafklofakerfa hafi lagt til, að þér notuðuð næturorku, sem til er umfram eftirspurn í Reykjavík, til framleiðslu þess vatnsefnis, er með þarf til framleiðslu á áburði úr köfnunarefni, og að beiðni yðar hef ég athugað þann möguleika.

Ég sé, að alls eru 40000 kwst. á sólarhring fyrir hendi með þessu móti, og yrði að nota orkuna á 12 klst. tíma. Mesta álag er 7000 kw. og minnsta 0.

Hægt er að nota þessa orku til vatnsefnisframleiðslu, hvaða vatnsefnissellur sem notaðar eru, með því að byggja nógu stóran geymi til að geyma vatnsefni, er framleitt yrði á 12 stundum, til 24 stunda. Þessi hugmynd er ekki framkvæmanleg, því að:

a. Óvíst er, hvort þetta orkumagn verður fyrir hendi í þessu skyni að 2—3 árum liðnum.
b. Ef gert er ráð fyrir 85% notum, er aðeins hægt að framleiða 3150 kílósmálestir nítrókalks, og er það ekki nóg til að fullnægja eftirspurn.
c. Verksmiðja, sem aðeins framleiddi 3150 smál., mundi kosta miklu meir á smálest hverja en 6000 smálesta verksmiðja. Kostnaður verksmiðjunnar, sem kallaður er „heildarkostnaður á árleg eftirköst" mundi verða 109% hærri fyrir fyrrnefnda verksmiðju.
d. Rekstrarkostnaður á smálest (að meðtöldu ódýru rafmagni fyrir 3150 smál. verksmiðjuna) yrði 23% hærri fyrir minni verksmiðjuna.
e. Ef gert er ráð fyrir 10% straumbreytitapi og meðal-voltatapi 2,25 volt á sellu, mundi þurfa svona margar 10 000 amp. sellur til að notfæra 7000 kw:
$7000 \times 9/2.25 \times 10 = 280$ sellur.
Til að framleiða 3150 smál. með samfelldu álagi þarf aðeins 68 sellur.

Aukastofnkostnaður fyrir 212 sellur, stærra straumskiptisett, vetnisgeymi og annan útbúnað mundi verða nálægt 400 000 dollarar.

Orkukostnaður á ári með næturstraumi áætlast á $ 0.0017 á kwst. .... $ 23 800
Orkukostnaður á ári með samfelldu álagi, reiknaður á 0.0045 á kwst.
$3150 \times 3800 \times 0.0045$ ..... – 54 000
Sparnaður við að nota næturstraum: $ 54 000 ÷ $ 23 800 = ... – 30 200
Þessi sparnaður borgar ekki vexti né afskriftir af $ 400 000 stofnfé.

Fylgiskjal. IV.

Umsögn Björns Jóhannessonar um áburðartegundina ammóníumnítrat.

Vegna þess að áburðartegund þessi er nýleg, óskaði atvinnumálaráðuneytið umsagnar og athugunar þessa efnilega vísindamanns á áburðartegundinni. Fer álit hans hér á eftir.

Notagildi ammóníumnítrats sem áburðar er ekki minna en notagildi ammóníumsúlfats og saltpéturs á hverja einingu köfnunarefnis, og er full ástæða til að ætla, að það gildi jafnt á Íslandi sem annars staðar. Í fjölda tilfella verður ekki gert upp á milli þessara þriggja áburðartegunda.

Ammóníumsúlfat hefur tilhneigingu til að auka sýrustig jarðvegsins (lækka pH). Slíkar breytingar eru þó litlar, nema mikið sé borið á í lengri eða skemmri tíma. Saltpétur dregur aftur á móti úr sýrustigi jarðvegsins (hækkar pH), ef mikið er borið á. Slíkar breytingar eru í flestum tilfellum án praktiskrar þýðingar, og er sérstök ástæða til að ætla, að þetta sé tilfellið heima, þar sem sýrustig jarðvegs er yfirleitt hagstætt fyrir jurtagróður og lítið um mjög súran eða mjög „basiskan" jarðveg.

Ammóníumnítrat hefur lítið eitt sýrandi verkun, um einn þriðja af sýringaraukningu ammóníumsúlfats á hverja einingu köfnunarefnis.

Dr. Moyer, forstjóri fyrir Cooperative Fertilizer Reseach Bureau, Baltimore, Md., segir svo í bréfi til undirritaðs, dags 25. þ. m.:

„In agronomic comparisions ammonium nitrate has consistently been equal to other nitrogen materials. It is superior to cyanamid and urea for several purposes."

Það virðist m. ö. o. vera fyllilega óhætt að ganga út frá því, að notagildi ammóníumnítrats, miðað við einingu köfnunarefnis, sé engu minna en notagildi annarra köfnunarefnissambanda, sem notuð eru til áburðar.

Geymslueiginleikar ammóníumnítrats valda því, að þetta efnasamband hefur ekki verið á markaðinum sem áburðarefni nema í blöndun með öðrum efnum, svo sem kalsíumkarbónati (nitrochalk). Þetta efnasamband dregur fljótt í sig raka og rennur síðan saman í harða hellu við geymslu.

Ammóníumnítrat er mikið notað sem sprengiefni, og framleiðsla þess hefur margfaldazt, síðan núverandi stríð hófst. Eftir stríð verða því geysilegir framleiðslumöguleikar fyrir þetta efnasamband.

Fyrir rúmu ári hófust hér í landi og í Kanada víðtækar tilraunir til þess að koma ammóníumnítrati í þannig form, að hægt væri að nota það til áburðar, og hnigu þær í þá átt að reyna að komast af með sem minnst af framandi efnum. Með því vinnst tvennt: í fyrsta lagi minni framleiðslukostnaður á hverja einingu köfnunarefnis og í öðru lagi minni umbúða- og dreifingarkostnaður.

Þó að lokareynsla um það, hve vel hefur tekizt að koma í veg fyrir samruna ammóníumnítrats við geymslu, má þó segja, að útlitið í dag sé mjög lofandi. Áætlað er, að um 225000 tonn af ammóníumnítrat-áburði verði selt hér í vor og sumar, og mun þó að vísu mest verða notað í áburðarblöndur.

Þær varúðarráðstafanir gegn samruna, sem hér eru notaðar, grundvallast á því að koma efninu í perluform og þekja síðan hverja perlu eða pillu með næfurþunnu lagi af petrolatum-rósín-parafíni eða með fíngerðu dusti. Þannig myndast einangrandi lag á snertingarpunktum perlnanna.

Sé um góð geymsluskilyrði og skamma geymslu að ræða, þykir ekki nauðsynlegt að bæta í framandi efnum. Það dust, sem notað er, er annaðhvort kaólín eða kísilgúr, en aðrar fíngerðar leirtegundir ættu að geta komið til mála. Í sumum tilfellum er leirtegundum aðeins bætt í, í öðrum tilfellum bæði parafíni og leir, og áætluðu verkfræðingarnir hjá Chemical Construction Corporation, að aukakostnaður við slíkt gæti numið allt að fimm dollurum á hvert tonn áburðar. Ef slík meðferð reynist nauðsynleg heima, þyrfti auðvitað að flytja parafínið inn og ef til vill leirdustið. Það er þó mögulegt, að heima séu lög af nægilega fíngerðum kísilgúr- eða kaólín-leir, og munu jarðfræðingarnir heima vera manna fróðastir í þessu efni.

Áburðurinn er sekkjaður í loft- og vatnsgufuþétta poka.

Um frekari upplýsingar viðvíkjandi þessu atriði framleiðslunnar leyfi ég mér að vísa til tímaritsgreina og bæklinga, sem ég sendi með þessu bréfi.

Full reynsla er enn ekki fengin fyrir því, hve langa geymslu hin ýmsu preparöt, sem nú eru á markaðnum, þola við breytileg geymsluskilyrði. Þó er vitað, að þau hafa ekki runnið saman við geymslu í a. m. k. fjóra vetrarmánuði í mið- og norðurhluta Bandaríkjanna.

Loftslag hefur, sem gefur að skilja, geysileg áhrif á það, hve lengi má geyma þennan áburð, án þess að hann renni í hellu. Það er stórum erfiðara að geyma hann í heitu, röku loftslagi en í köldu loftslagi. Rakastig loftsins er ekki réttur mælikvarði í þessu sambandi, heldur fremur „absolut" vatnsgufuþrýstingur loftsins. Heitt loft, sem er ekki mettað vatnsgufu, getur haft stórum hærri vatnsgufuþrýsting en kaldara loft, sem er mettað. Auk þessa hefur hiti bein áhrif, þar sem hraði allra efnabreytinga eykst að mun við aukinn hita. Þetta er nefnt til að gera það ljósara, að loftslag á Íslandi er mjög hagstætt fyrir geymslu ammóníumnítrats, miðað við flesta staði aðra, jafnvel þó að rakastig (ekki nauðsynlega vatnsgufuþrýstingur) loftsins sé oft hátt, einkum á Suðurlandi.

Vegna okkar kalda loftslags gerir Mr. Rosenbloom ráð fyrir því í uppkastinu að verksmiðjunni, að nægilegt muni vera að framleiða ammóníumnítrat í perluformi án þess að bæta í það framandi efnum.

Þar sem gera má ráð fyrir, að geyma verði sumt af framleiðslunni um tíu mánuði, og enn fremur, að mikið af áburðinum verði notað eitt saman, en ekki í áburðarblöndum,virðist að svo stöddu ekki vera hægt að ganga út frá því sem gefnu, að þetta eitt nægi til að verja áburðinn fyrir samruna. Aðeins geymslutilraunir í loftslagi, sem svipar til íslenzks loftslags, geta gefið svar við þessari spurningu, en þær eru ekki fyrir hendi. Þó má ætla, að aukin reynsla hér geti á næsta hausti eða vetri gefið nokkuð ákveðið svar. Tryggast væri samt sem áður að fá svar við þessari spurningu heima, og hafa í því sambandi verið gerðar ráðstafanir til að útvega nokkur sýnishorn af áburði, sem hér er á markaðinum, og senda heim til geymsluprufu.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að það hefur sáralitla breytingu á verksmiðjunni í för með sér, hvern veg haganlegast reynist að verja áburðinn gegn því að hlaupa í hellu. Ef blanda þarf í framandi efnum, krefur það aðeins smávegis **viðbótar** og aukins vinnuafls. Ef svo ólíklega reynist, að ekki takist að „preparera" áburðinn viðunanlega með aðferðum þeim, sem fyrr er getið, má alltaf grípa til þess að framleiða nitrochalk (ammóníumnítrat + kalsíum-karbónat), og krefur það viðbótar, en ekki annarra breytinga.

Hvað viðvíkur meðhöndlun ammóníumnítrat-áburðar, þá ber að viðhafa nokkra varúð vegna eld- og sprengihættu og þó varla meiri en ef um natríumnítrat væri að ræða. Þessi atriði eru ýtarlega rædd í bæklingi, sem fylgir hér með.

Þess ber auðvitað að gæta í geymslu og flutningi, að pokarnir blotni ekki, og gildir það að vísu um flestar áburðartegundir.

Er poki hefur verið opnaður, ætti að dreifa öllu innihaldi hans strax, annars má búast við samruna. Það er og varla gerlegt að selja áburðinn í smærri slöttum en í minnstu pokum, sem settir eru á markað. Það mundi sennilega vera ráðlegt að blanda nokkuð af „fullkomnum" áburði (inniheldur auk köfnunarefnis fósfor og kalíum) við verksmiðjuna -- eða annars staðar, ef hægara þykir, — til að mæta kröfum þeirra, sem hafa smá-matjurtagarða. Í slíkum blöndum veldur ammóníumnítrat litlum erfiðleikum.

Eftir því sem ég get bezt séð af uppkasti verksmiðjunnar, þá er hlutunum þar skynsamlega komið fyrir, enda er Chemical Construction Corporation betur trúandi til slíkra hluta en flestum öðrum, þar sem þeir hafa mikla reynslu að baki sér í þessum efnum. Ég játa þó hreinskilnislega, að jafnvel þó að eitthvað mætti betur fara á uppkastinu, þá eru líkurnar fyrir því, að ég kæmi auga á það, mjög litlar,

þar sem ég er aðeins kunnugur „principunum“, sem liggja til grundvallar í framleiðslunni. Býst ég við, að líkt sé farið um flesta íslenzka verkfræðinga, og verðum við að treysta á, að verkfræðingarnir hjá Ch. Constr. Corp. geri sitt bezta, enda full ástæða til að ætla, að það sé tilfellið.

Samkvæmt sögn verkfræðinga þeirra, sem ég hafði tal af, eru engir sérstakir erfiðleikar í sambandi við framleiðsluna. Krómnikkelstáltegundir, sem þola ammóníumnítrat, svo að áratugum skiptir, eru nú framleiddar, en áður fyrr var aðalvandamálið að fá efni, sem stæðist heita upplausn af ammóníumnítrati.

Þar sem ekki þarf að flytja inn önnur hráefni en poka og ef til vill eitthvað af efnum til að hindra samruna áburðarins, þá virðist tilveruréttur verksmiðju sem þessarar hafa óvenjulega heilbrigðan grundvöll frá hagfræðilegu sjónarmiði.

Ég hafði látið mér detta í hug, að í sambandi við byggingu áburðarverksmiðju heima mundi vera rétt að athuga möguleikana á verksmiðju, sem framleiddi þvagefni (urea, $CO(NH_2)_2$). Þetta efni hefur verið hér á markaðinum, en í smáum stíl. Það hefur verið dálítið ódýrara en ammóníumsúlfat á hverja einingu köfnunarefnis. Ammóníaki og kolsýru, sem fæst við bruna á kolum eða koksi, er breytt í þetta efni með hjálp vissra „katalysatora“, sem eru auðvitað „patenteraðir“. Í þessum „process“ þarf því ekki að breyta ammóníaki í saltpéturssýru, svo sem gert er í ammóníumnítrat-„processnum“. Og þessi breyting er dýrari en að framleiða ammóníak úr loftinu.

Aftur á móti er ýmislegt, sem mælir á móti þvagefnisframleiðslu:

1. Nær 21% af þvagefni er kolefni, og þyrftum við því að flytja inn kol sem þessu svarar, og fer áreiðanlega nokkuð til spillis í efnabreytingunum.
2. Þvagefni dregur í sig vatn og rennur í hellu, ef ekkert er að gert. Hér hafa m. a. verið notuð kókoshnotuhýði til að hindra samruna, og þyrfti ef til vill að flytja inn blöndunarefni.
3. Þvagefni er varla eins ákjósanlegur áburður og ammóníumnítrat. Þó er munurinn í mörgum tilfellum hverfandi og aðallega í því fólginn, að þvagefni verkar ekki eins fljótt, eftir að það er borið á.
4. Minni reynsla er fyrir hendi á framleiðslu þessa efnis í stórum stíl en á framleiðslu ammóníumnítrats og „processinn“ sennilega þræl-„patenteraður“.

Mér fannst rétt að geta þessa möguleika, þó að ég hins vegar hafi enga hugmynd um, hvort þessi framleiðsluaðferð á köfnunarefni standist samanburð við ammóníumnítrat-framleiðslu á Íslandi. Ein setning í bréfi dr. Moyers, sem fyrr var getið, bendir til, að svo sé ekki. Þar segir:

„In my opinion ammonium nitrate would be the logical product. From a cost of production standpoint, sulphate of ammonia, nitrate of soda, and other well established fertilizer materials are considerably more costly.“

Það er yfirleitt álit þeirra sérfræðinga á jarðræktarsviðinu, sem ég hef talað við, að ammóníumnítrat eigi mikla framtíð fyrir sér sem áburður, og þeir eru bjartsýnir á, að erfiðleikarnir í sambandi við geymslu þessa áburðar verði — eða séu þegar — að fullu sigraðir.

Fullnaðarsvör eru þó enn ekki fengin, svo sem áður er getið.

Fylgiskjal V.

Bréf Steingríms Jónssonar.

1. Núverandi virkjun.

Vér áætlum, að þegar viðbót þeirri, sem nú fer fram á Sogsstöðinni, er lokið, muni fást 20150 hestöfl við stöðina, eða 14200 kw. leidd til Reykjavíkur. Verða það 13000 kw. í útjaðri bæjarins. Skuldir verða um 14 millj. króna, árleg greiðsla 1500000 kr. eða kr. 116 fyrir hvert árskílóvatt, fullnotað.

Áætlað er, að þegar núverandi vélasamstæða er upp komin, muni Ljósafossstöðin fullsett á núverandi vatnsgeymslu, þegar vötnin ofan við stöðina eru notuð

sem varageymsla vatns. Afköst stöðvarinnar eru miðuð við almenningseyðslu 5000 fullsetnar stundir á ári, eða með árlegum álagsfaktor 0,57. Þar eð ekkert bendir til hærra álagsfaktors á komandi árum en 4000 stunda á ári eða 4,46 álagsfaktors, er hægt að nota virkjað vatn í Ljósafossstöðinni betur en með almennri notkun einni með því að auka fullsetnar stundir á ári úr 4000 í 5000. Með uppsettum vélum gerir þetta 14200000 kwst. á ári við rafstöð eða næstum 12.8 millj. kwst. komið í úthverfi Reykjavíkur, og er það um 40000 kwst. á dag í 320 daga á ári. Með þessari orku má reikna frá Ljósafossstöðinni umfram almenna notkun með núverandi framleiðsluskilyrðum, annaðhvort sem sérstakri næturhleðslu eða til iðnaðar, einkum sem næturhleðsla.

Fyrir stríðið var áætlað, að verð þessarar orku stæðist vel samanburð við 50 króna kolasmálest, ef það væri notað að næturlagi fyrir 0.7—1.0 eyri á kwst. Aðrar áætlanir hafa eigi verið gerðar um verð þessarar orku.

2. Ný virkjun Sogsins.

Áætlanir hafa verið gerðar um síðari virkjun Sogsins, og er næsta skrefið að virkja Efra-Sog með stöð milli Þingvalla og Úlfljótsvatns, sem fullvirkjuð væri 30000 hö. og hefði Þingvallavatn að varavatnsgeymi.

11000 ha. rafstöð mundi sem stendur kosta 22700000 kr. og háspennulína til Reykjavíkur með aðalskiptistöð þar 3300000 kr., alls 26000000 kr. eða 2600 kr. á hestafl komið til úthverfa Reykjavíkur. Er það um 350 fyrir árskw.

22000 ha. stöð mundi kosta tiltölulega minna eða um 40 millj. kr. með háspennulínu og aðalskiptistöð, um 270 kr. árskw. Væri Ljósafossstöð og Efra-Sog rekin sem eitt fyrirtæki, mundi hægt að selja orku í úthverfum Rvíkur fyrir 200 kr. árskw. allt að fullum afköstum Efra-Sogs eða alls 34000 kw. afhent í úthverfi Reykjavíkur.

Allar áætlanir að framan eru byggðar á núgildandi verði og miðaðar við fullt álag.

Ef þessar tvær stöðvar við Sog væru notaðar til almennra þarfa á sama hátt og Ljósafossstöðin er nú, mundi næturorka, sem selja mætti frá báðum stöðvum, aukast frá 40000 kwst. á dag frá Ljósafossi í 106000 kwst. á dag eða þar um bil í 320 daga á ári.

Reykjavík, 22. sept. 1943.

Steingrímur Jónsson.

Fylgiskjal VI.

VEGAMÁLASTJÓRINN
VATNAMÁLADEILD

Skýrsla Árna Pálssonar verkfr. um aukning Láxárvirkjunar í Suður-Þingeyjarsýslu, gerð í sambandi við rannsóknaraðstöðu til byggingar áburðarverksmiðju.

Aukin virkjun Laxár.

Skýrsla til atvinnumálaráðherra.

Undanfarna mánuði hefur að tilhlutun hv. atvinnumálaráðherra verið unnið að frumáætlunum um aukna virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Með bréfi, dags. 30. september þ. á., var farið fram á, að áætlanir yrðu gerðar um 4500 og 8000 hestafla aukningu ásamt nýrri háspennulínu að Oddeyrartanga. Eru áætlanir þessar gerðar vegna athugana, er nú fara fram á aðstöðu til byggingar áburðarverksmiðju, en ætlað er, að hún þurfi þá orku, sem að framan getur, eftir því, hver afköst henni verða ætluð.

Hér skal athygli á því vakin, að ef virkjun verður aukin vegna væntanlegrar áburðarverksmiðju, er eðlilegast, að aukning verði það rífleg, að umfram fáist

1000—2000 hestöfl minnst, er nota má þá til annarra þarfa, svo sem herzlustöðvar fyrir síldarolíu, til þarfa héraðsbúa o. fl.

Því hafa verið gerðar áætlanir um 6000 og 10000 hestafla aukningu, en kostnaður 4500 eða 8000 hestafla kemur þá fram sem hlutdeild í 6000 og 10000 hestafla aukningu.

Fara hér á eftir kostnaðaráætlanir, ásamt nokkrum skýringum á aðalatriðum virkjunar.

I. 6000 hestafla aukning.

1.	Þrýstivatnspípa	kr. 1500000
2.	Vélasalur og rúm fyrir spennu	— 840000
3.	Vélar í orkuveri og spennistöð andspænis Oddeyri	— 2590000
4.	Háspennulína frá orkuveri að spennistöð og sæstrengur þaðan í Oddeyri	— 1610000
5.	Vextir á byggingartíma og kostn. við lántöku, ca. 6%	— 390000
6.	Yfirstjórn framkvæmda og ýmisl. til viðb. áætlunarl. 1—4, ca. 7%	— 470000
	Samtals	kr. 7400000

Ef kostnaði er skipt milli orkuvers og háspennuleiðslu, verður hann þannig:

A.	Orkuver	kr. 5215000
B.	Háspennuleiðsla og spennistöð	— 2185000
	Samtals	kr. 7400000

Kostnaður við vegg orkuvers **kr. 869** á hvert hestafl. Kostnaður á Oddeyri **kr. 1234** á hvert hestafl orkuvers. Hlutdeild 4500 hestafla í heildarkostnaði verður því ..... kr. 5550000

Áætlanir eru miðaðar við það verðlag á byggingarefni, sem nú er, þ. e. timbur 24.50 kr. pr. ten.fet, sement 42.00 kr. tunnan (170 kg) og járn í steypu 1.75 kr. kg og vinnulaun við vísitölu 260.

Verð á vélum og rafbúnaði er sniðið eftir verðtilboðum frá Ameríku, er borizt hafa til þeirra virkjana, sem nú eru framkvæmdar hér.

Þá er og miðað við þau farmgjöld og tolla, sem nú eru.

Aukning virkjunar er í aðalatriðum þannig:

Frá inntaksklefa stíflunnar, sem nú er ónotaður, er lögð þrýstivatnspípa að orkuverinu. Þeirri pípu er ætlað að flytja vatn að einni vélasamstæðu 6000 hestafla; innanmál pípunnar er 2700 mm og lengd hennar um 670 m (sjá 1. blað).

Hinni nýju vélasamstæðu er ætlað stæði í álmu, sem gerð er vestur af þeim vélasal, sem nú er (sjá 1. og 2. blað). Stærð álmunnar er 19,5 × 13,5 m að utanmáli (sjá 2. bl.). Gerður er sérstakur frárennslisskurður fyrir hina nýju samstæðu, um 27 m að lengd með 7,5 m botnbreidd (sjá 2. blað).

Mælitækjum er komið fyrir í rúmi eldri byggingar, þar sem mælar nú eru.

Rafvélin framleiðir þrífasa víxlstraum með 6000 volta spennu, sem síðan er hækkuð í 30000 volt.

Byggja þarf nýja álmu fyrir þann spenni, 10,00 × 6,25 m að stærð, og liggur hún ofan við og þvert á rúm spenna, sem nú er þar (sjá 2. blað).

Gert er ráð fyrir, að síðari aukningum verði þannig fyrir komið, að vélasalur verði lengdur til vesturs, en hin nýja álma fyrir spenna til austurs.

Gerð verður ný háspennulína fyrir 30000 volt. Gildleiki víra er þar 3 × 50 mm² og að mestu leyti notuð gerð þeirrar línu, sem nú liggur milli Akureyrar og orkuversins. Línurnar liggja að mestu um sömu slóðir. Hin nýja lína liggur þó í vestanverðri Vaðlaheiði niður að sjónum andspænis Oddeyri. Þar er gerð spennistöð og spennan lækkuð í 6000 volt. Með þeirri spennu fer straumurinn um 1500 m langan sæstreng yfir í Oddeyri.

Þegar þessi leið er farin, verður lengd 30000 volta línunnar sem næst 49 km.

II. 10000 hestafla aukning.

1.	Þrýstivatnspípa	kr.	2180000
2.	Vélasalur og rúm fyrir spenni	—	1350000
3.	Vélar í orkuveri og spennistöð andspænis Oddeyri	—	3380000
4.	Háspennulína frá orkuveri að spennistöð og sæstrengur þaðan í Oddeyri	—	2280000
5.	Vextir á byggingartíma og kostn. við lántöku, ca. 6%	—	620000
6.	Yfirstjórn og ýmisl. til viðbótar áætlunarl. 1—4, ca. 7%	—	690000
	Samtals	kr.	10500000

Þegar kostnaði er skipt milli orkuvers og háspennuleiðslu, verður hann þannig:

A.	Orkuver	kr.	7300000
B.	Háspennuleiðsla og spennistöð	—	3200000
	Samtals	kr.	10500000

Kostnaður við vegg orkuvers **730 kr. á hestafl.** Kostnaður á Oddeyri **kr. 1050 á hvert hestafl orkuvers.** Hlutdeild 8000 hestafla í heildarkostnaði verður því ..... kr. 8400000

Tilhögun virkjunar er í öllum aðalatriðum eins og lýst var við 6000 hestafla aukningu.

Þó skal þess getið, að innanmál pípunnar er 3250 mm og pípunni er ætlað að flytja vatn að einni vélasamstæðu. Hér er um það mikið vatn að ræða, að réttara þykir að gera geymi til jöfnunar á þrýsting vatnsins til öryggis pípunni og gangstilli vatnsvélar. Er þeim geymi valinn staður um 310 m frá orkuveri (sjá 3. blað).

Hin nýja álma vestur af vélasalnum núverandi er sýnd á 4. blaði, 24,0 × 15,5 m að stærð. Gert er ráð fyrir, að mælum rafvélar verði komið fyrir á gólfi vélasals í suðausturhorni hans. Lengd vélasals er gerð nokkru meiri en raunveruleg stærð véla krefur, og fæst við það hæfilegt rúm á gólfi til nauðsynlegustu aðgerða vélahluta.

Rafallinn framleiðir þrífasa víxlstraum með 6000 volta spennu, en sú spenna er hækkuð í 60000 volt og orkan flutt með þeirri spennu áleiðis til Akureyrar. Til þessa er gerð ný háspennulína úr 3 × 50 mm² margþættum eirþráðum á staurum úr gegndreyptum við. Standa þeir saman tveir og tveir með 125 m bili að jafnaði.

Enn sem fyrr liggur línan niður að sjónum í Vaðlaheiði vestanverðri, andspænis Oddeyri, utan við skipalegur. Þar er gerð spennistöð 60000—6000 volt, og með þeirri spennu fer orkan um sæstreng yfir í Oddeyri.

60000 volta línan flytur orku allt að því 20000 hestafla. Það er því ákaflega ríflegt að láta 10000 hestafla aukningu bera fullan stofnkostnað línunnar, — 2280000 kr. Felur það í sér fjárhagslegt öryggi og er gert af því, að við því er búið, að fyrstu árin flytji línan ekki aðra orku og verði þá 10000 hestöflin að bera fullan stofnkostnað línunnar.

Verð orkunnar.

Á árinu 1942 var ársframleiðsla orkuvers 9309270 kwst. Ef gengið er út frá 10% heildarárstapi í línum og spennum svo og eiginnotkun orkuvers, hafa verið seldar 8400000 kwst. frá aðalspennistöð. Tekjur orkuversins námu kr. 290846.88 samkvæmt bókum Rafveitu Akureyrar. Meðalsöluverð frá spennistöð hefur þannig orðið 3.46 aurar á kwst.

Notkunartími orkuversins varð 5480 klst.

Bætt er nú við 4000 hestafla vélasamstæðu = 2800 kw., og kostnað við þá aukningu má áætla 1700000 kr.

Lánskjörin eru 4% með 15 ára afborgun. Eftir aukninguna er stærð orkuvers orðin 4400 kw. og þeim ætlað að framleiða orku til almenningsþarfa. Mun árlegur starfstími vélanna til slíkrar framleiðslu verða um 4500 klukkustundir.

Rekstrarkostnaður orkuversins var 275000 kr. á árinu 1942 með þeirri vísitölu, sem þá var.

Með hliðsjón af þeim rekstrarkostnaði og lánskjörum, sem að ofan eru greind, má ætla orkuverinu 510000 kr. árstekjur eftir þá aukningu, er nú fer fram.

Ef ráðizt er nú í 6000 hestafla aukningu með 7400000 kr. stofnkostnaði eða 10000 hestafla með 10500000 kr., er eðlilegt að reikna með þeim lánskjörum, sem nú eru einna algengust, þegar um slík lán er að ræða, svo sem 4% og 20 ára afborgun (annuitet). Á þeim grundvelli hafa verið áætlaðar nauðsynlegar tekjur eftir 6000 hestafla aukningu 1190000 kr., en 1480000 kr. eftir 10000 hestafla aukningu. Stærð orkuveranna er þá orðin 8700 kw. og 11500 kw.

Tekjur og verð orkunnar verður þá sem hér segir:

Stærð orkuvers	Árstekjur	Tekjur á kw. spennistöðvar
8700 kw.	1190000 kr.	**150 kr.**
11500 —	1480000 —	140 —

Verður þá hægt að selja árskílówattið á 150 kr. eða 140 kr. eftir því, hvort ráðizt verður í 6000 eða 10000 hestafla aukningu.

Í kemískum iðnaði starfa vélar nótt og dag, svo að ætla má, að hvert kw. verði notað þar um 7800 klukkustundir á ári, en það svarar til **1.9 aura** pr. kwst. við 6000 hestafla, en **1.8 aura** pr. kwst. við 10000 hestafla aukningu.

Í rekstraráætlunum er fyrning mannvirkja látin svara til afborgana hinna föstu virkjunarlána, og er þar reiknað með 20 ára afborgun.

Á virkjunarláni frá 1943 er þó aðeins 15 ára afborgun. Fyrning er því mjög rífleg.

Þá er reiknað með allt að 10% rekstrarhagnaði orkuvers, og þá gengið út frá, að slíkum hagnaði verði varið til að tryggja fjárhagslegan rekstur, og jafnframt er gengið út frá, að rekstrarhagnaði af slíkri álagningu verði varið til enn frekari aukningar orkuvers.

Fullvirkjun og orka Laxár.

Í kostnaðaráætlunum að framan er gengið út frá, að stíflan verði notuð óbreytt, með yfirfallsbrún í hæð + 107,0 m. Fallhæð er þá 38 m og fullvirkjað gefur það fall liðug 20000 hestöfl, þegar rennsli hefur verið miðlað í Mývatni í 50 tenm./sek.

Ef nú bætt er 2 m ofan á stíflu og fallhæð þannig aukin í 40 m, er framkvæmd hefur verið 6000 eða 10000 hestafla aukning, þá aukast afköst allra þeirra véla, sem í orkuverinu eru, sem hér segir:

12400	um	900	hestöfl í	13300	hestöfl
16400	—	1200	— -	17600	—
20000	—	1400	— -	21400	—

Þegar framkvæmd hefur nú verið 6000 eða 10000 hestafla aukning, fer meginhluti vatnsins um þær tvær pípur, sem þá liggja frá stíflunni. Þá er ákaflega auðgert að bæta ofan á stífluna, þar eð komizt verður hjá því að veita vatni frá vinnusvæðinu, svo sem gera verður við stíflugerðir almennt.

Því er hér ráð fyrir gert, að hækkun þessi verði þá fyrst framkvæmd, er 6000 eða 10000 hestafla aukning hefur átt sér stað, en þá er jafnframt eðlilegt, að hækkunin verði gerð mjög fljótlega, enda aukast við það teknisk gæði og rekstraröryggi orkuversins.

Kostnaður við þvílíka hækkun hefur verið áætlaður 400000 kr. að meðtöldum hreyfanlegum lokum í flóðgáttir stíflunnar. Hér er því um mjög ódýra aukningu að ræða, er lækka mundi það orkuverð, er að framan hefur verið tilgreint.

Þá hefur og verið ráðgert að auka afköst með því að hækka vatnsborð í + 114.0 m, en til þess þarf að gera alveg nýja stíflu neðan við þá, sem nú er. Kostnaðaráætlanir eru þó engar til um slíka stíflu, enda er bygging hennar ekki á döfinni

að svo stöddu. Með þeirri hækkun mundu afköst verða 25000 hestöfl og 28000 hestöfl, þegar tekið er tillit til lítils háttar dægurmiðlunar. Telst þá það fall, er hér um ræðir — milli + 60.0 m og + 114.0 m — vera fullvirkjað.

Þótt nú fallið sé fullvirkjað, er þó síður en svo, að orka árinnar sé til þurrðar gengin.

Þar, sem hún fellur hér um gljúfrin, er hver smáfossinn upp af öðrum, og um 600 m neðan við orkuverið eru svo nefndir Brúarfossar. Í þessu neðra falli er um 25 m fallhæð, er fullvirkjuð gefur 15000 hestöfl. Ofar í dalnum eru og nokkrar fallhæðir, og á það sérstaklega við um efsta hluta dalsins, í námunda Mývatns. Má þar nefna, að milli Brettingsstaða og Mývatns er um 100 m fall. Fyrir þessu hefur verið gerð grein í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands, 4. h. 1940, og vísast hér til þess, sem þar er sagt.

Að síðustu skulu hér tilfærðar þær fallhæðir og hestaflatölur, sem þar eru tilgreindar, og eru þær þessar:

	Fallhæð	Hestöfl
1. Mývatn — Brettingsstaðir	97 m	57000
2. Brettingsstaðir — Ljótsstaðabugða	36 m	21600
3. Birningsstaðaflói að vatnsb. í + 114 m við efri gljúfur	18 m	11200
4. Efri gljúfur, vatnsb. + 69—+ 114 m	45 m	28000
5. Neðri gljúfur, vatnsb. + 44—+69 m (Brúarfossar)	25 m	15700
6. Vatnsborð + 32.0 m — +44.00 m	12 m	7500
Samtals	233 m	141000

Reykjavík, í jan. 1944.

Árni Pálsson.

Nd. 315. Frumvarp til laga

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi sex farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma sex farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá atvinnumálaráðherra úr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.

Að jafnaði skal aðeins veita eitt sérleyfi á hverri sérleyfisleið.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa tvo samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfstímabil hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. 5. gr., a-lið. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir þrjú ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis eftir reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum póststjórnarinnar.
f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 10% — tíu af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið ákveðinni stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

Stofnun þessi skal hafa samvinnu við póstmálastjórnina um ferðaáætlanir og því um líkt.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og lög nr. 36 1. febrúar 1936, um breyting á nefndum lögum, nr. 62 frá 28. janúar 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lög um skipulag fólksflutninga með bifreiðum gengu í gildi árið 1935, og var þeim síðan breytt lítils háttar á næsta ári, 1936.

Við framkvæmd laganna hafa komið fram nokkrir örðugleikar. Fyrstu árin voru mjög víða fleiri en einn sérleyfishafi á sömu leið, og var það afleiðing ákvæða 9. greinar laganna frá 1935, nr. 62. Þetta leiddi aftur af sér ósamkomulag og tíða árekstra og deilur milli sérleyfishafanna, auk þess sem það torveldaði góða skipun ferðanna. Þetta hefur smám saman tekizt að lagfæra.

Þá hefur við hið óvenjulega ástand síðustu ára skapazt aukin flutningaþörf, og hafa sérleyfishafarnir á sumum leiðum ekki getað fullnægt eftirspurninni vegna bifreiðaskorts. Veldur þar um ekki sízt, hversu örðugt var um bifreiðainnflutning næstu árin fyrir stríðið.

Enn fremur hafa afgreiðsluskilyrði sérleyfisbifreiðanna, einkum í Reykjavík, valdið tilfinnanlegum örðugleikum, ekki sízt fyrir almenning, og torveldað m. a. skipulagsbundinn flutning böggla og smásendinga, sem mikil þörf er fyrir.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að 2. málsgr. hefur verið orðuð nokkru skýrar og síðasta málsgrein felld burt. Hins vegar er bætt aftan við greinina ákvæði um, að á hverri sérleyfisleið skuli að jafnaði vera aðeins einn sérleyfishafi. Reynsla undanfarandi ára hefur sýnt, að oftast er óheppilegt, að fleiri en einn sérleyfishafi séu á hverri leið, með því að það hefur valdið óheilbrigðri samkeppni, margs konar deilum og árekstrum, auk þess sem það hefur til muna torveldað hentuga skipulagningu ferðanna. Talið er, að úr þessum ágöllum megi bæta með því að veita eitt sameiginlegt sérleyfi þar, sem ekki yrði talið hjá því komizt, að fleiri en einn sérleyfishafi starfræktu sömu leið.

Um 2. gr.

Á þessu ári tók hið opinbera að forminu til í sínar hendur rekstur á einni af aðal-sérleyfisleiðum landsins, og hefur það gefið góða raun. Með tilliti til þessa og þar sem gera má ráð fyrir, að að því verði stefnt í framtíðinni, að ríkið taki í sínar hendur meira af sérleyfisakstrinum, þykir ekki ástæða til, að sérleyfishafar kjósi nema tvo menn í nefndina í stað þriggja, eins og nú er. Þá er einnig gerð sú breyting, að nefndin skal skipuð og kosin til þriggja ára í senn í stað

eins, og er ætlazt til, að starfstímabil hennar falli saman við sérleyfistímabilið, þó þannig, að ný nefnd sé skipuð um áramótin áður en nýtt sérleyfistímabil hefst (1. marz).

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá ákvæðum 5. gr. laga að öðru leyti en því, að e-liður hennar er felldur burt úr henni, en efni hans tekið upp í nýja grein.

Um 4. gr.

6. gr. núgildandi laga er felld burt, með því að reynslan hefur sýnt, að ákvæði hennar eru ekki framkvæmanleg. Í stað hennar kemur ný grein, þar sem tekið er upp ákvæði e-liðar 5. gr., að ríkisstjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiðanna. Þykir réttara, að þetta ákvæði sé í sérstakri lagagrein, þar eð gera verður ráð fyrir, að framkvæmd þessa sé skammt undan.

Um 5. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 6. gr.

Þessi grein er ný. Í henni er gert ráð fyrir, að hafizt verði handa um byggingu afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar og sérleyfisgjaldið (ferðaskrifstofugjaldið) gangi hér eftir til þessara framkvæmda. Sameiginleg afgreiðslumiðstöð fyrir sérleyfisbifreiðarnar er a. m. k. í Reykjavík orðin aðkallandi nauðsyn. Út frá Reykjavík ganga nú að meðaltali 110 sérleyfisbifreiðar á dag á sumrin. Bifreiðar þessar ganga frá ýmsum stöðvum víðs vegar um bæinn, og er það til mikilla óþæginda fyrir almenning og gerir alla afgreiðslu, ekki sízt á smásendingum, örðuga og mjög ótrygga. Sameiginleg bifreiðamiðstöð hér samsvarar að miklu leyti járnbrautarstöð í þéttbýlli löndum og hlýtur óhjákvæmilega að vera undanfari þess, að ríkisstjórninni sé unnt að taka í sínar hendur afgreiðslu og rekstur langferðabifreiða. Hefur fyrsti undirbúningur að þessu verki þegar verið hafinn fyrir nokkru og Herði Bjarnasyni arkitekt falið að gera frumdrætti að slíkri byggingu. Þá hefur málið og verið rætt við skipalsgnefnd bæja- og kauptúna og hún gert tillögur um ákveðinn stað í Reykjavík í þessu skyni.

Sjálfsagt þykir, að bær og ríki taki höndum saman um þetta mál og ríkisstjórn og bæjarstjórn komi sér saman um fjárframlög til þessa, með því að of seint mundi sækjast með sérleyfisgjaldinu einu, en það nemur nú rúmum 100000 kr. á ári.

Um 7. gr.

Í núgildandi lögum, nr. 62/1935, er ákveðið, að póstmálastjórnin hafi með höndum yfirstjórn með fólksflutningum í bifreiðum þeim, sem sérleyfi þarf fyrir. Með þessari grein er ákveðið, að ríkisstjórnin geti falið sérstakri stofnun stjórn sérleyfisakstursins, ef það yrði talið tryggja hagkvæmari rekstur.

Um 8. gr.

Þessi grein er samhlóða 8. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. gildandi laga að öðru en því, að sektarupphæðirnar eru hækkaðar.

Rétt þykir að fella niður 10. gr. núgildandi laga, enda mun hún hafa verið ætluð sem nokkurs konar bráðabirgðaákvæði.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. # 316. Frumvarp til laga

um beitumál.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Skipa skal fimm manna nefnd, og er verkefni hennar að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé til í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til þriggja ára í senn. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, og er hann formaður, en hinir fjórir skulu skipaðir eftir tilnefningu þessara aðila, einn af hverjum: Fiskifélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

3. gr.

Beitunefnd skal kappkosta að hafa sem nánast samband við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna um störf þau, er nefndin hefur með höndum. Kostnaður af störfum beitunefndar, þar með talin laun nefndarmanna, sem ráðherra ákveður, skal greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Beitunefnd skal áætla þörf landsmanna fyrir frysta beitu og kynna sér, hversu horfir um öflun hennar. Fiskifélag Íslands skal annast skýrslu- og upplýsingasöfnun fyrir nefndina. Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitusíld, og öllum útgerðarmönnum er skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir, hvenær sem þess er óskað.

5. gr.

Ef athugun beitunefndar leiðir í ljós, að sérstök ástæða sé til að óttast beituskort, er henni heimilt að fengnu samþykki ráðherra að frysta eða láta frysta síld til beitu.

6. gr.

Óheimilt er að selja frysta síld til beitu, nema hún hafi verið metin og vottorð fylgi um, að beitan sé góð og óskemmd vara og að henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

7. gr.

Fiskimatsmenn á hverjum frystingarstað annast beitumatið. Annast þeir starf það, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum beitunefndar. Matsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita sérstakt drengskaparheit um, að þeir vilji vinna störf sín vel og samvizkusamlega og fara eftir settum reglum um matið.

Þeir, sem síldina selja, greiða matsmönnum kaup þeirra.

8. gr.

Beitunefnd er heimilt að ákveða hámarksverð á frosinni beitu, enn fremur hámark frystigjalds á beitu, geymslugjalds á beitu og geymslugjalds á beittri línu.

Brot gegn verðlagsákvörðunum nefndarinnar varða sektum, allt að 50000 kr., auk þess sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í janúarmánuði 1943 var samþykkt á Alþingi þingsályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um beitumál. Atvinnumálaráðherra óskaði þess, að milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum tæki að sér að semja frumvarp um beitumálin. Meðfylgjandi frumvarp er samið með hliðsjón af tillögu nefndarinnar í þessum efnum, en þó nokkuð breytt.

Það er kunnugt, hve beitumál útgerðarinnar hafa verið í miklu öngþveiti víða um land undanfarin ár. Iðulega hefur það komið fyrir, að útgerð hafi dregizt saman eða stöðvazt í heilum verstöðvum vegna beituskorts. Slíkt hefur auðvitað valdið miklu tjóni, bæði fyrir þá, sem veiðin hefur stöðvazt hjá, og eins fyrir þjóðarheildina. Veiðistöðvun vegna beituskorts ætti að vera óþekkt fyrirbæri, þar sem jafnmikið veiðist til beitu og hér á landi.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að skipuð verði sérstök fimm manna nefnd, sem hafi umsjón beitumálanna með höndum.

Í 4. og 5. gr. frumvarpsins er leitazt við að setja reglur, sem koma eiga í veg fyrir beituskort. Er fyrst og fremst ætlazt til, að beitunefndin fylgist nákvæmlega með beitubirgðum á hverjum tíma og beiti sér fyrir, að nægilegt beitumagn sé til á hverjum stað. En auk þess þykir rétt, að hún hafi heimild til að efna til frystingar á beitu, ef sérstök hætta þykir á, að ekki verði tryggð næg góð beita á annan hátt.

Í 6. og 7. gr. eru ákvæði um, að meta skuli alla frysta beitu, sem höfð er til sölu.

Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er, að lög séu um slíkt, því að æðioft hefur það komið fyrir, að seld sé ónothæf beita. Þá er og kunnugt, að beitukaupendur kvarta oft undan því, að beitu, sem seld er eftir vigt, fylgi óeðlilega mikill klaki. Verður varla komizt hjá því að fyrirskipa mat á alla frysta beitu, ef tryggja á, að ekki sé seld skemmd eða svikin vara.

Í 8. gr. frumvarpsins er beitunefnd heimilað að setja hámarksverð á frosna beitu og ákvæði um annað það, sem nátengt er beituverði. Ákvæði þetta er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt verð, en reynslan sýnir, að verð á beitu er mjög mismunandi og í sumum tilfellum allt of hátt.

Ed. 317. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum vátryggingafélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að það hafi ekki í eigin áhættu einstakar áhættueiningar, er nemi hærri upphæðum en ⅕% af heildaráhættu þeirri, sem fé-

lagið ber, þó ekki yfir 5% af eignum þess. Nánar má ákveða um þetta í reglugerð, ef þurfa þykir. Að öðru leyti er það á valdi félagsins í samráði við hlutaðeigandi ráðherra að ákveða, hvað og hvar það endurtryggir eða samtryggir.

Áhættueining telst vera einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambrunahættu er að ræða, hvort tveggja að meðtöldu lausafé, sem vátryggt kann að vera í húsunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinar fastskorðuðu reglur 7. greinar laga félagsins, um endurtryggingu, eru hvorki nauðsynlegar lengur né samræmast hag félagsins.

Endurtryggingarsamningur sá, er félagið hefur nú, fellur úr gildi 15. október næstkomandi. Er félaginu því nauðsyn að fá endurtryggingarákvæði laganna breytt fyrir þann tíma, er það leitast fyrir um endur- eða samtryggingu á ný.

Breyting sú, er hér er farið fram á, að gerð sé á endurtryggingargrundvellinum, er byggð á áliti og tillögum, sem K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur, framkvæmdastjóri Stríðstryggingafélags ísl. skipshafna, gerði á s. l. ári eftir beiðni atvinnumálaráðuneytisins, og eru reglurnar í samræmi við það, sem tíðkast í mörgum erlendum brunatryggingafélögum.

Hér á landi eru nú starfandi þrjú innlend vátryggingafélög, sem líklegt er, að félagið geti náð samningum við, eitt eða fleira, á þeim vátryggingargrundvelli, sem frumvarpið ákveður.

Sþ. 318. Nefndarálit

um till. til þál. um verðlækkun á vörum innan lands.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt um tillögu þessa, en samkomulag náðist ekki um hana í nefndinni.

Undirritaður 1. minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að halda óbreyttu verðlagi innan lands til 23. sept. 1944, að þeim degi meðtöldum, á þeim vörum, sem haldið hefur verið niðri í verði að undanförnu með ríkissjóðstillagi.

Alþingi, 14. sept. 1944.

Pétur Ottesen, form., frsm. — Þorst. Þorsteinsson.

Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara. — Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 319. Nefndarálit

um till. til þál. um verðlækkun á vörum innan lands.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaður nefndarhluti leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. sept. 1944.

Jónas Jónsson, frsm. Helgi Jónasson, fundaskr.

Sþ. 320. Þingsályktun

um verðlækkun á vörum innan lands.

(Afgreidd frá Sþ. 14. sept.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að halda óbreyttu verðlagi innan lands til 23. sept. 1944, að þeim degi meðtöldum, á þeim vörum, sem haldið hefur verið niðri í verði að undanförnu með ríkissjóðstillagi.

Nd. 321. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um viðgerð á Ölfusárbrúnni.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær má vænta þess, að viðgerð á Ölfusárbrúnni verði lokið?

Greinargerð.

Það er kunnugt, að bilun Ölfusárbrúarinnar veldur miklum erfiðleikum víða um Suðurland. Menn geta fyllilega gert sér grein fyrir því, hvaða truflun það hefur í för með sér, ef slátrun sauðfjár austur í sýslum getur ekki byrjað, fyrr en komið er langt fram á haust. Meðan brúin er niðri, geta kjötflutningar ekki átt sér stað að austan. Kjötið verður ekki verzlunarvara, eftir að því hefur verið umstaflað við ána. Þungaflutningar austur hafa einnig stöðvazt. Bændur eystra eiga eftir að draga að sér fóðurbæti og annan vetrarforða. Það er óhugsandi að flytja allar þær vörur, er nema fleiri þúsundum tonna, á bátum eða litilli dragferju, þótt hún væri sett upp. Liggur það ljóst fyrir og þarfnast ekki frekari skýringa. Allir, sem hér eiga hagsmuna að gæta, bíða mjög óþolinmóðir eftir því, að viðgerð brúarinnar verði lokið. Það skal viðurkennt, að samgöngumálaráðherra hefur sýnt góðan hug á því að koma verkinu áfram. En vegna þess að hér er um stórmál að ræða og hagsmunir og afkoma í stórum landshluta eru í veði, verður aldrei of mikil áherzla á það lögð að hraða verkinu og setja meiri kraft á það en gert hefur verið hingað til. Til þess að flýta verkinu eins og unnt er þarf að fjölga mönnum við vinnuna og láta vinna nætur og daga, unz viðgerðinni er að fullu lokið.

Það mun vera ákveðið að hefjast handa og byggja nýja brú yfir Ölfusá. En það verk mun taka 10—12 mánuði. Gamla brúin verður því að komast í það ástand,

að hún þoli þungavöruflutningana, meðan á smíði nýju brúarinnar stendur. Ekkert annað verður talin viðunandi lausn í þessu máli.

Ef svo ógiftusamlega færi, að fullnaðarviðgerð brúarinnar drægist enn nokkrar vikur, verður að athuga nýjar leiðir til bráðabirgðaúrlausnar, svo sem hvort mögulegt er að koma við innrásarpramma á ánni og flytja á þann hátt hlaðna bíla yfir. Það mun vera hægt að fá slíkan pramma hjá setuliðinu, og ber því að athuga sem fyrst, hvort hugsanlegt er að nota hann, ef brúin verður ekki fær innan fárra daga.

Nd. 322. Frumvarp til laga

um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi er heimilt að taka í sínar hendur umráð yfir:

I. a. leigubifreiðum, skrásettum á bifreiðastöðvum,
   b. 10—37 farþega fólksflutningabifreiðum,
   c. vörubifreiðum, sem að áliti nefndarinnar eða fulltrúa hennar eru hæfar til fólksflutninga.

II. Að ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda, að fengnum tillögum Viðskiptaráðs.

Ákvæði þessi gilda dagana 16.—18. júní 1944.

2. gr.

Umráðamönnum bifreiða þeirra, er um getur í 1. gr., er skylt að gefa sig fram til skrásetningar samkvæmt auglýsingu þar um.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 31. maí 1944 voru gefin út bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem er lagt fyrir þingið samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, og fylgja bráðabirgðalögin hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944.

Ríkisstjóri Íslands

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir fólksflutningum þjóðhátíðardagana 1944 telji hann nauðsynlegt, að þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi verði gefin heimild til að taka

bifreiðar til sinna umráða dagana 16.—18. júní 1944 og ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi sé veitt ofannefnd heimild, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi er heimilt að taka í sínar hendur umráð yfir:

I. a. leigubifreiðum, skrásettum á bifreiðastöðvum,
b. 10—37 farþega fólksflutningabifreiðum,
c. vörubifreiðum, sem að áliti nefndarinnar eða fulltrúa hennar eru hæfar til fólksflutninga.

II. Að ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda, að fengnum tillögum Viðskiptaráðs.

Ákvæði þessi gilda dagana 16.—18. júní 1944.

2. gr.

Umráðamönnum bifreiða þeirra, er um getur í 1. gr., er skylt að gefa sig fram til skrásetningar samkvæmt auglýsingu þar um.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Einar Arnórsson.

Nd. 323. Nefndarálit

um frv. til laga um heilsuverndarstöðvar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er því meðmælt, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. sept. 1944.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Sigurður S. Thoroddsen, fundaskr., frsm.	Gunnar Thoroddsen.
Páll Zóphóníasson.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Nd. 324. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 49. gr. laganna falli burt.

2. gr.

2. málsgr. 62. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar í sérstökum eftirlauna- og lífeyrissjóðum, sem veita eigi minni réttindi en Lífeyrissjóður Íslands veitir, skulu undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Ef sjóðfélagi missir félagsréttindi sín, ábyrgist viðkomandi eftirlaunasjóður eða lífeyrissjóður fulla greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands á fjárhæð þeirri með vöxtum og vaxtavöxtum, er þeim manni hefði borið að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands, ef hann hefði ekki notið þessarar undanþágu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Embættismenn ríkisins og starfsmenn tveggja bankanna, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, hafa elli- og örorkutryggingu hjá sérstökum eftirlauna- og lífeyrissjóðum, og samkvæmt alþýðutryggingalögunum eru þeir undanþegnir tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. En hér á landi eru fleiri stofnanir, sem hafa stofnað eftirlaunasjóði fyrir starfsfólk sitt, og á það þá vitanlega einnig að njóta undanþágu frá gjaldskyldu til hins almenna lífeyrissjóðs. Er frv. þetta flutt til þess að afnema þann misrétt, sem nú ríkir í þessu efni.

Sþ. 325. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, og leggja frv. um þetta efni fyrir Alþingi, er það kemur næst saman.

Greinargerð.

Íslenzk löggjöf um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, er harla ófullkomin. Helztu ákvæði eru I. kafli launalaganna frá 1919, 7 greinar, er fjalla aðallega um tilhögun á launagreiðslum, lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá 1943, konungsbréf og úrskurðir frá 1844, 1857 og 1863 um íslenzkukunnáttu embættismanna, lögin frá 1915 um verkfall opinberra starfsmanna og XIV. kafli hegningarlaganna, um brot í opinberu starfi. Sum þessara fyrirmæla eru algerlega úrelt, og um fjölda mikilvægra atriða vantar lagaákvæði með öllu. Ákvæði vantar um það, hvort og þá með hverjum hætti skuli auglýsa opinberar stöður til umsóknar, hvort keppnipróf skuli í vissum tilfellum fara fram milli umsækjenda; reglur vantar, sem veitingarvaldið ætti að hafa til hliðsjónar við veitingu

starfa; um mat á hæfileikum umsækjenda og þekkingu, um starfsaldur, frammistöðu í fyrri störfum o. fl. Ákvæði vantar um eðli þess réttarsambands, sem skapast milli hins opinbera og starfsmannsins, um það, hvort ríkið geti sagt upp starfsmanni, sem hefur ekki brotið af sér, og á hinn bóginn, hvort starfsmenn geti sagt af sér og þá með eða án fyrirvara; um frávikning frá störfum, hvort dómstólar geti sett aftur inn í embætti þann, sem vikið hefur verið frá án saka, og hversu meta skuli bætur fyrir óréttmæta frávikningu. Ákvæði vantar um launarétt o. fl., ef starfsmaður er sjúkur, um aðstöðu hans, ef hann slasast við starf sitt. Fyrirmæli vantar um daglegan starfstíma, um aukavinnu, um heimild til að taka að sér aukastörf. Svo mætti lengi telja.

Úr ýmsum þessara atriða hefur reynt verið að leysa samkvæmt eðli máls og meginreglum laga. Dómstólar hafa skorið úr sumum, en um mörg þeirra ríkir óvissa. Á síðari árum hafa tvívegis verið gerðar tilraunir til að bæta úr þessum skorti skýrra laga. Árið 1933 bar ríkisstjórnin fram „Frv. til l. um réttindi og skyldur embættismanna“. Var frv. samið af dómsmálaráðherra, og fylgdi því allýtarleg greinargerð. Frv. fór til nefndar, en komst ekki lengra áleiðis. 1935 var borið fram frv. til launalaga, er milliþinganefnd í launamálum hafði undirbúið. I.—XII. kafli þess frv. fjölluðu um réttarstöðu opinberra starfsmanna. En ekki komst það frv. heldur lengra en til nefndar.

Ekki verður lengur unað við slíka óvissu og öryggisleysi um réttarstöðu opinberra starfsmanna. Báðum aðilum, ríki og starfsmönnum þess, er það full nauðsyn, að sett verði löggjöf um þessi efni. Fyrir þá sök er þessi þáltill. fram borin.

Frv. til nýrra launalaga hefur nú verið lagt fyrir hv. Ed. Af ýmsum ástæðum er hentugra að skilja þessi tvö mál að heldur en steypa þeim í eitt frv., eins og gert var 1935.

Sjálfsagt er, að við undirbúning þeirrar löggjafar, sem till. þessi fjallar um, sé haft samráð við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, svo að það geti komið á framfæri óskum og sjónarmiðum hinnar fjölmennu stéttar opinberra starfsmanna.

Sþ. 326. Tillaga til þingsályktunar

um stjórn íslenzkrar landhelgisgæzlu o. fl.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þá skipulagsbreytingu á stjórn íslenzkrar landhelgisgæzlu, að sett verði á stofn sérstök stofnun, sem hafi með höndum stjórn allra eftirlits- og björgunarskipa ríkisins.

Jafnframt verði athugað, á hvern hátt verði bezt samrýmt allt björgunar- og eftirlitsstarf við strendur landsins.

Greinargerð.

Þegar fullveldi Íslands var viðurkennt árið 1918, var einn liður dansk-íslenzku sambandslaganna um gæzlu íslenzkrar landhelgi. Sagði þar svo í 3. kafla, 8. grein: „Danmörk hefur á hendi gæzlu fiskiveiða í íslenzkri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hendur, að öllu eða nokkru leyti, á sinn kostnað.“

Enda þótt það væri metnaðarmál okkar Íslendinga, að slík gæzla á eigin skipum og undir eigin fána gæti hafizt sem fyrst, þá var það þó fyrst og fremst brýn nauðsyn aukinnar og meiri gæzlu, sem hratt málinu í framkvæmd.

Þróunarsaga íslenzku landhelgisgæzlunnar mun þingi og þjóð í svo fersku minni, að óþarfi er að rekja hana hér. Hún hefur vaxið frá lítilli byrjun sam-

hliða gæzlu sambandsþjóðarinnar til umsvifamikils starfs, er við einir berum af allan vanda og virðing, því að nú eru þessi mál algerlega í okkar höndum, og mun svo verða framvegis.

Af þessum ástæðum er einmitt nú á þessum tímamótum rétt að gera sér ljóst, hve mikilvæg þessi starfsemi er fyrir land og þjóð og hve þýðingarmikið það er, að hún sé vel skipulögð og starfrækt. Í fyrsta lagi er löggæzla varðskipanna á hafinu umhverfis Ísland, bæði innan og e. t. v. líka utan íslenzkrar landhelgi, þess eðlis, að óhjákvæmilegt er, að hún snerti á ýmsan hátt þær erlendar þjóðir, er stunda fiskveiðar hér við land, og þær því hafi nánar gætur á framkvæmd og skipulagningu okkar á þessari gæzlu. Lélega skipulögð og rekin landhelgisgæzla gæti því orðið þjóðinni til hins mesta tjóns og álitshnekkis út á við. Í öðru lagi er svo ýmis hjálparstarfsemi varðskipa, svo sem björgun, bátagæzla, ýmiss konar flutningar o. fl., orðin svo nauðsynleg daglegu lífi þjóðarinnar, að við getum ekki án hennar verið. Í þriðja lagi er ýmis vísindastarfsemi, eins og hafrannsóknir, djúpmælingar og fiskirannsóknir, sem allt er starfsemi, er við sem sjálfstæð þjóð eigum að setja heiður okkar í að framkvæma eftir beztu getu. Varðskipin hafa iðulega tækifæri til þess að framkvæma slíkar rannsóknir án mikils aukakostnaðar, og virðist því sjálfsagt, að þau séu einnig notuð í þeim tilgangi. Að þessu öllu athuguðu og þegar þess líka er gætt, að hér er um rekstur a. m. k. 4—5 skipa að ræða með árlegum kostnaði um eða yfir 1 millj. króna, þá er það augljóst, að hér er um svo umfangsmikla starfsemi að ræða, að eðlilegt væri, að sérstök stofnun gæti óskipt gefið sig að framkvæmd þessara mála, í stað þess að þau eru nú falin stofnun, sem fyrst og fremst hefur önnur og óskyld störf með höndum. Kostnaðaraukinn ætti ekki að verða mikill að slíkri skipulagsbreytingu á stjórn landhelgisgæzlu og björgunarstarfs við strendur landsins. Og jafnvel þótt kostnaður yrði eitthvað meiri, væri fráleitt að láta málið stranda á því. Hér er um eitt stærsta fullveldismál þjóðarinnar að ræða. Löggæzlunni á hafinu verður að vera stjórnað með eins öruggum hætti og unnt er. Þetta starf, landhelgisgæzluna, verður að sameina sem bezt öllu björgunar- og eftirlitsstarfi við strendur landsins, sem með ári hverju og auknum og réttmætum kröfum sjófarenda til öryggis verður æ víðtækara.

Ed. 327. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Guðjóni bónda Baldvinssyni á Skáldalæk hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Skarðshreppi í Dalasýslu eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 328. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Laxárdal og Ymjaberg á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum, en ekki orðið alls kostar sammála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmaður (JPálm) vildi samþykkja það óbreytt. Annar nm. (SG) vildi láta fella það. Þrír nefndarmenn (þeir JS, EmJ og BÁ) leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1 og 2, skulu seldar með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali samkv. l. nr. 116/1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Eyðijörðin Gröf í Staðarsveit selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

Alþingi, 18. sept. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.
Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 329. Frumvarp til laga

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af heildsöluverði varanna, ef þær eru seldar á innlendum markaði, en ella skal miða við söluverð þeirra fluttra um borð (fob) í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif) að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.

d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og af öðrum söluvörum bænda og hlunnindum.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra skýrslu um móttekið vörumagn ásamt söluverði þessara vara, svo sem reglugerð mælir fyrir.

4. gr.

Lögreglustjórar skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50--5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, er skipuð var af búnaðarþingi 1942, og flutt hér fyrir tilstilli nefndarinnar. Hefur það áður verið sent til umsagnar öllum búnaðarsamböndum landsins og hlotið þar einróma meðmæli.

Frá hendi milliþinganefndarinnar fylgdu því eftirfarandi skýringar:

„Búnaðarfélag Íslands hefur um langan aldur verið aðalstofnun landbúnaðarins. Hefur félagið nú innan sinna vébanda alla þá, sem landbúnað stunda. Hreppabúnaðarfélögin og búnaðarsamböndin eru sá grundvöllur heima í héruðum, sem þessi allsherjarfélagsskapur bændanna er reistur á. Búnaðarsamböndin kjósa fulltrúa á búnaðarþing, sem hefur æðstu stjórn þessara félagssamtaka að öðru leyti en því, að fjárhagsáætlun sú, sem þingið gerir, er háð samþykki atvinnumálaráðherra, enda er fjárhagsáætlun búnaðarþings, eins og nú er, að langmestu leyti bundin af fjárveitingu Alþingis til félagsins á fjárlögum hvers árs. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur að öðru leyti á hendi alla yfirstjórn þessara félagsmála.

Um langt skeið hefur Búnaðarfélag Íslands haft með höndum fyrir ríkisvaldið margvísleg og veigamikil störf á sviði jarðræktar, búfjárræktar, sandgræðslu o. fl. Auk þess leitar ríkisstjórnin og Alþingi að staðaldri álits og tillagna félagsstjórnarinnar og búnaðarþings um fjölda mála um þessi efni og á sviði verzlunar og viðskipta. Framkvæmd fjölda laga, sem Alþingi hefur sett og snerta landbúnaðinn, hvílir eingöngu á starfsemi Búnaðarfélagsins. Hefur félagið ávallt séð um að hafa í þjónustu sinni ráðunauta, er hlotið hafa þá menntun, sem slík starfsemi útheimtir. Eru nú starfandi á vegum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna 14 ráðunautar, sem inna af hendi fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi, og auk þessara manna eru trúnaðarmenn Bf. Ísl. hjá búnaðarsamböndum þeim, sem hafa ekki héraðsráðunauta.

Fjárveitingar Alþingis til Búnaðarfélags Íslands hafa að langsamlega mestu leyti farið til þess að bera uppi kostnað við þessa fræðslu og leiðbeiningarstörf. Þar sem Búnaðarfélagið hefur ekki, svo að teljandi sé, yfir öðrum tekjum að ráða

en fjárframlagi Alþingis, þá hefur búnaðarþing með beinum fjárstuðningi ekki getað nema í mjög óverulegum mæli stutt gagnlegar framkvæmdir, sem eru mjög mikilvægar fyrir búnaðinn og heildarstarfsemi félagsins.

Þetta ástand er engan veginn viðhlítandi til frambúðar. Úrbætur og framfarir á sviði landbúnaðarins byggjast mjög mikið á félagslegum samtökum og samvinnu. Þess vegna er það eitt meginatriði í starfsemi Búnaðarfélagsins, að því sé ekki svo þröngur stakkur sniðinn til stuðnings við nauðsynleg og aðkallandi verkefni. Eftir stríðið verður óhjákvæmilega að breyta um ýmsa starfshætti í rekstri landbúnaðarins frá því, sem nú er. Einkum er það augljóst mál, að draga verður úr kostnaði við framleiðsluna. Í því efni er það einkum og sérstaklega aukin vélanotkun við búreksturinn, sem þar kemur til greina. Verða félagssamtök bænda undir forustu Búnaðarfélags Íslands og með tilstyrk þess að beita sér fyrir hagnýtingu nýjustu tækni á þessu sviði til handa landbúnaðinum — og það sem allra fyrst, þar sem svo getur farið, að landbúnaðurinn verði að öðrum kosti að meira eða minna leyti óvirkur með framleiðsluvörur sínar í samkeppni á erlendum markaði.

Ýmis önnur verkefni bíða og úrlausnar hjá Búnaðarfélagi Íslands. Félagið býr nú í gömlu og gisnu timburhúsi. Er sá húsakostur svo þröngur, að það háir daglegri starfsemi félagsins. Auk þess eru verðmætar eignir félagsins og starfsáhöld í mikilli hættu í þessum húsakynnum. Þá verður félagið að leigja fundarsal, þar sem búnaðarþing er háð, og hafa undanfarin búnaðarþing verið mjög á hrakhólum með fundarstað. Má það ekki dragast öllu lengur, að bót verði á þessu ráðin. Það veldur miklum óþægindum — og það svo á stundum, að til vandræða horfir, — fyrir sveitafólk, sem kemur til Reykjavíkur, að fá dvalarstað, meðan það er að ljúka erindum sínum í bænum. Einn þáttur í starfsemi Búnaðarfélagsins er að ráða bót á þessu. Hefur búnaðarþing lagt fyrir stjórn félagsins, að um leið og nýtt hús yrði reist fyrir félagið, þá yrði komið fyrir í þeirri sömu byggingu gistiheimili fyrir sveitafólk. Hefur félagsstjórnin leitað samninga við stjórn Búnaðarbankans, sem hefur í hyggju að reisa bankahús og fengið í því skyni lóð í hjarta bæjarins, um það að eiga hluta í þeirri byggingu, er nægði fyrir starfsemi félagsins og til gistiheimilis samkvæmt framansögðu.

Þá er og af ýmsum talið mjög æskilegt, að Búnaðarfélagið gæti sinnt því meira en verið hefur að greiða fyrir kynnisferðum sveitafólks til annarra héraða.

Margt mætti fleira telja, er Búnaðarfél. þyrfti nauðsynlega að hafa aðstöðu til að geta hrundið í framkvæmd og greitt fyrir. En til þess að svo megi verða, þarf Búnaðarfélagið að fá fé, sem það getur varið í því skyni.

Þó að gengið sé út frá því, að fjárframlög þau, sem Alþingi árlega ákveður Búnaðarfélaginu, séu í réttu hlutfalli við störf þau, sem félagið innir af hendi fyrir ríkisvaldið á hverjum tíma, — en þau störf fara vaxandi með ári hverju —, og að félaginu sé auk þess falið til meðferðar nokkurt fé til að greiða fyrir framgangi nauðsynlegra verklegra framkvæmda, þá er það augljóst mál, að ef félagsstarfsemin á að geta náð tilgangi sínum, þá verður félagið að geta ráðið yfir meira fé en til félagsins rennur með þessum hætti. Sum af verkefnum félagsins eru þess eðlis, að fé til þeirra á að koma frá bændunum sjálfum. Má í því efni nefna húsbyggingu félagsins og að nokkru leyti kostnað við búnaðarþing.

Búnaðarfélagið og búnaðarþing hafa nú á síðari árum orðið að taka til meðferðar æ fleiri og fleiri mál, sem lúta ekki beint að framkvæmdum þeim, sem félagið hefur með höndum fyrir ríkið, heldur fjalla um sérhagsmuni bændastéttarinnar í ýmsum greinum. Má í því sambandi benda á það, að Alþingi og ríkisstjórn hafa nú undanfarið hvað eftir annað falið félaginu að taka að sér mikilsvarðandi ákvarðanir fyrir bændastéttina í heild, um þátttöku í verðlaginu á landbúnaðarvörum og samninga við önnur stéttarfélög landsins. Það varð því ekki lengur hjá því komizt, að Búnaðarfélag Íslands — jafnframt því að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar og bændanna um fagleg mál landbúnaðarins og annast framkvæmd þeirra mála, er ríkið felur því, — yrði einnig hinn opinberi fulltrúi fyrir hagsmunasamtök bænda

og í vissum atriðum samningsaðili fyrir þeirra hönd gagnvart öðrum stéttarfélögum. Að því er störf Búnaðarfélagsins og búnaðarþings lúta af þessum síðastnefnda þætti, er bæði réttmætt, að bændastéttin beri uppi kostnað við þau, enda er bændum metnaðarmál, að þessi félagsstarfsemi þeirra standi á eigin fótum.

Gjald það, sem um ræðir í þessu frumvarpi og lagt er á framleiðsluvörur bænda, á að bæta úr tilfinnanlegum skorti á því, að búnaðarþing og félagsstjórn geti sinnt þeim verkefnum, er fyrir liggja, og jafnframt gera það sjálfstæðara, svo að tilgangi félagsins verði náð.

Með þessari sjóðsstofnun, sem hér um ræðir, er aðstaða Búnaðarfélagsins styrkt og aukin í verulegum mæli. Með þeim hætti fær félagið fjármagn til nauðsynlegra og aðkallandi framkvæmda, — fé, sem ekki er háð ákvörðunum manna, er standa utan búnaðarins. Enn fremur er það meginstyrkur fyrir félagið, að fé þetta kemur frá landbúnaðinum einvörðungu. Með sama hætti hafa sjávarútvegsmenn nú um alllangt skeið lagt fram fé til eflingar fiskveiðasjóði o. fl., um 1¾% af verði útfluttra sjávarafurða. Sá sjóður er til þess stofnaður og hefur það markmið að styðja sjávarútveginn.

Það þarf sízt að efa, að bændur hafa á því fullan skilning, að þeim er það hvort tveggja í senn hagsmunamál og metnaðarmál að styrkja aðstöðu Búnaðarfélags Íslands með þeim hætti, sem hér er lagt til.

Nd. 330. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögunum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Næstu 10 ár frá gildistöku laga þessara skal:

a. þúfnasléttun í túni styrkt með 100% hækkun frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, að viðbættri verðlagsuppbót samkv. ákvæðum 10. gr. laganna;
b. venjuleg nýrækt styrkt með 100% álagi frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, ásamt verðlagsuppbót (sbr. 10. gr.), þar til býli það, er styrks nýtur, hefur 600 hesta (100 kg) heyskap á véltæku landi í meðalári;
c. greiða 50 kr. á hektara ásamt verðlagsuppbót fyrir sléttun engjalanda á þeim býlum, sem hafa ekki 600 hesta heyskap á véltæku landi.

Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands um nánari fyrirmæli viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt þessara jarðabóta til styrkgreiðslu, og skal þar m. a. ákveða reglur um, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland á túni og engjum skuli miðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er — eins og frumvarp það um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sem við flm. þessa frv. erum einnig flm. að, — samið af milliþinganefnd þeirri, sem síðasta búnaðarþing skipaði til þess að athuga og gera tillögur um landbúnaðarmál. Eru bæði frumvörpin samin með hliðsjón af frv. um breytingar á jarðræktarlögunum, sem vísað var til athugunar milliþinganefndarinnar síðastliðinn vetur.

Í þeim kafla fyrrnefnds frumvarps, sem lýtur að jarðræktarframkvæmdum, felst meginkjarni þess átaks til aukinna jarðræktarframkvæmda, sem milliþinganefndin leggur áherzlu á, að nú geti hafizt. Er þetta fólgið í tveimur atriðum:

a. Samtökum þeim og samstarfi um þessi mál innan búnaðarsambandanna, sem þar er stefnt að.
b. Fjárstuðningi þeim til kaupa á hraðvirkum jarðræktarverkfærum, sem þar er gert ráð fyrir.

Með sérstöku tilliti til þess annars vegar, hve vel unnar og varanlegar jarðræktarframkvæmdir eru kostnaðarsamar, og þess hins vegar, hver þjóðarnauðsyn það er, að því verði til vegar komið — og það á sem skemmstum tíma —, að bændur geti tekið sem mest af heyfeng sínum á véltæku landi, er í frv. þessu lagt til, að jarðræktarstyrkur til venjulegrar nýræktar sé hækkaður verulega og auk þess veittur nokkur styrkur til þess að gera engjalönd véltæk, en til þeirra framkvæmda er enginn styrkur veittur nú. Skal þessi styrkur veittur til ræktunar á hverju býli, þangað til því marki er náð, að þar sé hægt að afla 600 hesta heyskapar á véltæku landi.

Þá eru og tekin upp í þetta frumvarp ákvæði um það, að hámarksákvæði þau um styrkveitingar, sem felast í 11. og 13. gr. laganna, taki ekki til styrks þess, sem um ræðir í þessu frumvarpi.

Það þykir ekki rétt að láta takmarkanir þær á styrkveitingum til jarðræktar, sem um ræðir í fyrrnefndum lagagreinum, koma að neinu leyti til framkvæmda í þeim áfanga í ræktunarmálum, sem markaður er í þessu frv. Það er svo ákveðið, að ákvæði frv. þessa, ef að lögum verður, gildi í 10 ár miðað við gildistöku þeirra. Er þetta takmark sett með það fyrir augum, að eigi dragist lengur að hrinda í framkvæmd þessu mikilvæga ætlunarverki. Það væri óneitanlega mikilsvert fyrir efnalega afkomu þjóðarinnar og velmegun, ef takast mætti að ná settu marki á skemmri tíma.

Breytingar þessar á jarðræktarlögunum eru stílaðar við bráðabirgðaákvæði þeirra laga. Er það gert með sérstakri hliðsjón af því, að efnislega fellur þetta saman, auk þess sem breytingar þær, sem hér um ræðir, eru tímabundnar eins og bráðabirgðaákvæði laganna.

Loks er gert ráð fyrir því, að gefin verði út reglugerð, þar sem nánar er fram tekið um framkvæmdaatriði þau, er hér koma til greina, svo sem um mælingu túnþýfis og úttekt jarðabótanna, með sérstöku tilliti til þess, hvenær því marki er náð á hverju býli fyrir sig, að þar sé hægt að heyja 600 hestburði á véltæku landi o. fl.

Nd. 331. Frumvarp til laga

um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

I.

Um jarðræktarsamþykktir.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar jarðræktarframkvæmdir á sambandssvæðinu, til þess að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi. Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Framræsla.
2. Túnasléttun.
3. Nýrækt.
4. Sléttun engja.

2. gr.

Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á jarðræktarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að jarðræktarsamþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins með tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, — enn fremur tilkynningu um, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp með að minnsta kosti ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera jarðræktarsamþykkt samkv. lögum þessum eða það hefur dregizt eitt ár, eftir að tillaga hefur komið fram um það á sambandsfundi, og skal þá stjórn sambandsins skylt að gera tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði.

Við skiptinguna skal að því stefnt, þegar um búnaðarsambönd er að ræða, er ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, að hvert sýslufélag geti orðið samþykktarsvæði fyrir sig, eftir því sem unnt er og staðhættir leyfa. Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt. Lágmarksstærð samþykktarsvæðis skal miða við, að nægileg verkefni séu fyrir hendi að dómi Búnaðarfélags Íslands fyrir eina vélasamstæðu um langt árabil og tryggt þyki, að vélarnar verði árlega starfræktar að fullu.

Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði eða ræktunarfélög, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands. Stjórn sambandsins leggur því næst tillögur sínar ásamt umsögn Búnaðarfélags Íslands fyrir aðalfund sambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna. Ályktun sambandsfundar skal send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að skiptin brjóti í bága við ákvæði laga þessara, og skal það þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

Þegar skiptin hafa hlotið staðfestingu, getur hvert samþykktarsvæði innan þess sambands, er skiptin ná til, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Öllum undirbúningi undir þessar samþykktir svo og starfsemi þeirri, sem til er stofnað með þeim, skal haga eftir því, sem við getur átt, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um samþykktir og starfsemi búnaðarsambanda.

Ræktunarfélög þau, er hér um ræðir, skulu velja sérstaka framkvæmdastjórn og starfa undir eftirliti hlutaðeigandi sambands og Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í samþykktum skal kveða á um:

1. Verkefni, sem sambandið eða ræktunarfélagið tekur að sér.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að þeir, er minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið.
4. Að búnaðarsambandið eða ræktunarfélagið taki þær greiðslur fyrir ræktunarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins eða ræktunarfélagsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að samþykkt brjóti í bága við lög eða reglugerð

eða hún fari í bága við tilgang laga þessara, og skal hún þá endursenda hana með áritaðri athugasemd og fresta að leggja hana fyrir ráðherra, unz leiðrétting er fengin.

Þegar ráðherra hefur staðfest samþykktina, gildir hún upp frá því fyrir alla félagsmenn hreppabúnaðarfélaga á samþykktarsvæðinu.

Ráðherra skipar fyrir um birtingu samþykktarinnar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

5. gr.

Stjórn sambandsins annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands um eftirgreindar mælingar og athuganir á hverju samþykktarsvæði:

1. Stærð túna.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942.
3. Ræktunarástand túnanna.
4. Skilyrði til nýræktar.
5. Framræsluþörf jarðarinnar (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað).
6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau.

Kostnaður við athuganir og mælingar þær, er hér um ræðir, ásamt nauðsynlegri kortagerð greiðist að helmingi úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Ræktunarframkvæmdir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skulu framkvæmdar eftir fyrirsögn trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Ef jarðeigandi eða ábúandi, sé jörðin í leiguábúð, vill ekki hlíta ákvörðun trúnaðarmanns, getur hann skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um tilhögun verksins.

7. gr.

Þegar jörð er í leiguábúð, skal stjórn sambandsins gefa leiguliða kost á að gerast þátttakandi í ræktunarstarfinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar að jarðeiganda frágengnum, og fer þá um rétt ábúanda gagnvart jarðeiganda samkvæmt ákvæðum ábúðarlaganna.

8. gr.

Nú hefur ræktunarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá verkfæranefnd ríkisins vera stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis til aðstoðar og leiðbeiningar um kaup og val nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og verkfæra vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Verkfæranefnd ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr framkvæmdasjóði ríkisins á hverju sambands- eða samþykktarsvæði, miðað við eðlilega þörf sambandsins, stærð þess, vélakost og vinnuafköst vélanna.

9. gr.

Verja skal úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 3 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er verkfæranefnd ríkisins telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Styrkur þessi greiðist, jafnóðum og vélarnar eru keyptar.

10. gr.

Framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkv. lögum þessum, að hún nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóð-

um og þau verða ónothæf. Verkfæranefnd ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, meðan vélarnar eru nýjar og nýlegar, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum stjórnar verkfæranefndar ríkisins.

Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum.

11. gr.

Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæðum laga þessara, viðgerð þeirra og viðhaldi svo og, ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við jarðræktarframkvæmdir í sveitum. Skal hún hafa í þjónustu sinni nægilega marga vélfróða menn til að annast eftirlit þetta.

12. gr.

Búnaðarfélag Íslands og verkfæranefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af verkfæranefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Heimilt er stjórn sambands eða samþykktarsvæðis, sem hefur sett sér jarðræktarsamþykkt, að láta ræsa fram bithaga, ef eigandi jarðarinnar óskar þess og trúnaðarmaður sá, er framkvæmdi mælingarnar á jörðinni, telur þessa jarðabót nauðsynlega vegna búrekstrar þar.

14. gr.

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi sambandi jarðræktarstyrk hvers samþykktarsvæðis óskertan til afgreiðslu og úthlutunar að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 10. gr., nema sambandsstjórnin geri aðrar ráðstafanir.

II.

Um húsagerðarsamþykktir.

15. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að þau taki að sér byggingu íbúðar- og útihúsa á sambandssvæðinu á þann hátt, að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til fullkomnar vélar og tæki við vinnuna. Með samþykktinni skal stefnt að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum í sveitum og að bændur fái með þessum hætti svo vönduð, hagkvæm, smekkleg og ódýr hús sem kostur er á. Við framkvæmdir þessar sé þess gætt, að þeir, er hafa mesta þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

Byggingarframkvæmdir þær, er hér um ræðir, eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður og súrheystóftir.
4. Haughús, þvaggryfjur og safnþrær.
5. Geymsluhús.

Húsin afhendist fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

Um sambönd, sem ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, gilda ákvæði 2. gr.

16. gr.

Nú ákveður sambandsfundur að koma á húsagerðarsamþykkt, og skal þá undirbúningi og framkvæmdum hagað samkvæmt fyrirmælum 2. gr.

17. gr.

Í húsagerðarsamþykktum skal tekið fram um:

1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér, sbr. 15. gr.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að nauðsynlegt byggingarefni sé ávallt fyrir hendi, er vinnan hefst.
4. Að búnaðarsambandið taki þær greiðslur fyrir byggingarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

18. gr.

Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda, og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að leggja til byggingarfróða menn til þess að athuga og gera tillögur um, hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðarmaður þessi skal jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra, eftir því sem fært þykir.

Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins.

19. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar eftir teikningu og fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins eða trúnaðarmanns hennar. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, er fellir um þær fullnaðarúrskurð.

20. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins vera stjórn sambandsins til aðstoðar um kaup og val hentugra veggjamóta ásamt vélum og verkfærum, sem nota þarf við hinar fyrirhuguðu byggingar. Forstöðumaður teiknistofunnar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar skal kaupa, miðað við byggingarþörf hvers sambands og afköst vélanna.

21. gr.

Byggingarsjóður og nýbýlasjóður ríkisins leggja fram sem styrk ⅓ hvor af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins telur samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra.

Framlög þessi endurgreiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Reikna skal sérstakt viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum, vélum og verkfærum, sem keypt hafa verið með styrk frá byggingarsjóði og nýbýlasjóði. Búnaðarfélag Íslands ávísar greiðslum úr fyrningarsjóðnum samkv. tillögum forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins. Að öðru leyti skal hlíta um þetta ákvæðum 10. gr., eftir því sem við á.

23. gr.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 15. gr., skulu ráðnir í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

24. gr.

Styrkir, sem greiddir eru af opinberu fé vegna bygginga í sveitum, skulu, þegar byggingarnar eru reistar samkvæmt samþykktum þeim, sem hér um ræðir, greiðast óskertir — að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 22. gr. — til hlutaðeigandi sambandsstjórna, nema þær leggi annað fyrir.

25. gr.

Nú hefur nýbýlasjóður heitið styrk til húsagerðar, er búnaðarsamband hefur tekið að sér samkvæmt lögum þessum, og á þá sambandið kröfu til, að sjóðurinn greiði styrkinn, þegar er verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

III.

Almenn ákvæði.

26. gr.

Búnaðarsamböndum, sem taka að sér jarðræktar- eða húsagerðarframkvæmdir samkvæmt lögum þessum, ber að tryggja sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sínar hjá kostnaðarmanni framkvæmdarinnar, áður en vinna hefst.

27. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsamband samkvæmt lögum þessum, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum — og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða.

Skuldir þessar má taka lögtaki.

28. gr.

Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af milliþinganefnd búnaðarþings. Til nefndarinnar var vísað frv. til laga um breyting á jarðræktarlögunum, er flutt var á haustþinginu 1943 í Ed. ásamt rökstuddri dagskrá frá deildinni, þess efnis, að málið væri ekki svo rannsakað sem skyldi. Tók nefndin mál þessi til rækilegrar athugunar s. l. vor og í sumar. Við samning I. kafla þessa frv. var áðurgreint frv. haft til hliðsjónar og nokkur ákvæði þess tekin lítið breytt. Öðrum hefur nefndin breytt verulega og sett ný ákvæði. II. kafli frv. er nýmæli.

Árið 1900 telur hagstofan, að íbúar í sveitum og kauptúnum með færri en 300 íbúa hafi verið 62919, en árið 1940 46984. Þeim hefur því fækkað um 15935. Sveitirnar hafa þannig misst á þessu tímabili rúmlega ¼ af mannafla sínum og vinnukrafti. Á sama tíma má telja, ef tillit er tekið til aukinna afurða búfjárins á hvern einstakling, að framleiðsla landbúnaðarins hafi aukizt um nálega 50%. Jafnframt hefur töðufallið meir en tvöfaldazt síðustu 20 árin.

Þetta sýnir, að sveitafólkið hefur ekki legið á liði sínu. Þrátt fyrir þessi og önnur stór átök, miðað við allar aðstæður, vantar enn mikið á, að íslenzkur landbúnaður sé rekinn yfirleitt með nýtízkusniði, enda meiri örðugleikum bundið að koma því í kring en víða annars staðar. Það, sem nú þjáir landbúnaðinn, er skortur á vinnuafli, síhækkandi kaupgjald, stóraukinn framleiðslukostnaður, þröngur innanlandsmarkaður fyrir ýmsar landbúnaðarvörur og loks lágt verð á framleiðsluvörum bænda á erlendum markaði í hlutfalli við framleiðslukostnaðinn. Líklegt er, að einhverjar breytingar verði á þessu að stríðinu loknu, en varlegast er að gera ráð fyrir, að þær verði ekki stórvægilegar. Yfir mjög mörgum bændum vofir því sú hætta, að aðalsöluvörur þeirra seljist ekki fyrir framleiðsluverð og að framleiðsla þeirra stöðvist af þeirri ástæðu, en það gæti aftur valdið landauðn í sumum sveitum, ef ekkert væri að gert.

Það verður því að leita þeirra úrræða í tíma, sem líklegust eru talin til að sporna við vandræðum í þessu efni.

Samkv. rannsóknum, sem gerðar hafa verið, er vinnan langstærsti kostnaðarliðurinn í útgjöldum bænda. Jafnframt hefur komið í ljós, að hátt kaupgjald í landbúnaðarvinnu hér á landi — samfara minni vinnutækni og vinnuafköstum en hjá nágrannaþjóðum okkar — veldur mestu um, hve samkeppni er íslenzkum bændum erfið á erlendum mörkuðum.

Þegar þessa er gætt, er það augljóst, að líklegasta leiðin til úrbóta er, að bændur fái starfsskilyrði, er geri þeim kleift að létta mannahald, en auka í þess stað vélanotkun á öllum sviðum og hvers konar tækni utan bæjar sem innan, svo að vinnuhraðinn og afköstin aukist að miklum mun. Tilgangur þessa frv. er að gera bændum fært að koma á hjá sér slíkum starfsskilyrðum með félagslegum átökum.

Í frv. er áherzlan lögð á tvö meginatriði: 1) Aukna ræktun samfara því, að heyöflun bænda fari fram á véltæku landi, og 2) að gera bændum kleift að koma upp tiltölulega ódýrum, en vönduðum íbúðar- og útihúsum, þannig gerðum, að öll vinna í þeim verði sem auðveldust og spari vinnu.

Þessi síðari þáttur frv. er nýmæli, en engu minna nauðsynjamál, eins og byggingum í sveitum er víða háttað og örðugleikar eru að fá fólk til margvíslegra innanhússstarfa, jafnvel enn meiri en til jarðyrkju eða heyvinnu.

Kostir þessa skipulags umfram þá starfshætti, er nú tíðkast, eru:

1. Að það ýtir mjög við bændum um land allt að hefjast handa um ræktun og byggingar, strax og tök eru á.
2. Að félagsleg samtök, er ná yfir stór svæði, hafa allajafna meira lánstraust og fjárhagslegt bolmagn til að kaupa stórar og dýrar vélar og starfrækja þær, er eitthvað harðnar í ári.
3. Að allir á hverju samþykktarsvæði eiga þess kost að fá unnið — og þeir fyrst og fremst, er mesta hafa þörfina og skemmst eru á veg komnir.
4. Að komið er í veg fyrir, að einstök byggðarlög verði einangruð og útundan.
5. Að félagsvinna með fullkomnum og hentugum vélum verði að öllum jafnaði mun ódýrari.
6. Að tryggt er betur en áður, að ýmsar undirbúningsrannsóknir verði gerðar, er tryggja, að verkið verði unnið á réttan hátt.
7. Að viðhald véla og verkfæra, sem keypt eru samkv. ákvæðum frv., verður háð opinberu eftirliti.
8. Að ráðstafanir eru gerðar til að tryggja, að þeir einir fari með vélarnar, sem til þess eru hæfir.
9. Að tryggt er, eftir því sem verða má, að fé það, sem ríkið og félagsheildir leggja fram til vélakaupanna, verði ekki eyðslueyrir, heldur stofnfé, er geri sveitunum fært að endurnýja vélastofninn, jafnóðum og vélarnar ganga úr sér.

Framkvæmdasjóði ríkisins er ætlað það hlutverk að stuðla að umbótum og nýbreytni í atvinnuháttum landsmanna. Hefur nú þegar verið ákveðið að verja úr sjóðnum 5 millj. kr. til að styrkja menn til bátakaupa. Eftir munu þá vera um 6

millj. kr. Í frv. þessu er lagt til, að helmingur þessarar upphæðar, 3 millj. kr., gangi til styrktar kaupum á nýtízku, vélknúnum jarðvinnslutækjum, og er nauðsyn landbúnaðarins í þessu efni í alla staði sambærileg við þörf sjávarútvegsins fyrir aukningu og endurbætur á skipastólnum.

Ed. 332. Frumvarp til laga

um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ólafsfjarðarkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Ólafsfjarðarhrepp og heitir Ólafsfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Eyjafjarðarsýslu.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ólafsfjarðarhreppi, sem eru ekki útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Ólafsfirði.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins er: frá Brimnesi að austan og til Kotnefs að vestan, og taki lóðin á land upp 200 metra frá stórstraumsfjöruborði.

4. gr.

Þar til laun bæjarfógetans í Ólafsfirði verða ákveðin í launalögum, hefur hann sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 3. málsgr. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og

móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér, Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkv. lögum um hafnargerð í Ólafsfirði.

13. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur sén rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur —, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945. Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 40 28. jan. 1935, um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Ákvæði um stundarsakir.

Skipti á eignum og skuldum Eyjafjarðarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Ólafsfjarðarkaupstaðar skal fara eftir samþykkt sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu á aukafundi hennar 9. sept. 1944. Hefur hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps einnig á hana fallizt. Rísi nokkur ágreiningur um skiptin, sker ráðherra úr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps og áskorunum hreppsbúa. Á fundi í Ólafsfirði 26. febr. s. l. var samþykkt tillaga með 99 atkv. gegn 2, — en 2 fundarmenn greiddu ekki atkvæði, — um að skora á hreppsnefndina „að vinna kappsamlega að því, að Ólafsfjörður fái bæjarréttindi sem allra fyrst.“ Enn fremur var eftirfarandi tillaga samþ. í einu hljóði á þingmálafundi í Ólafsfirði 23. maí s. l.

„Þingmálafundur, haldinn í Ólafsfirði 23. maí 1944, telur hafnarbótaaðgerðir í Ólafsfirði lífsnauðsyn fyrir fjárhagslega afkomu íbúa Ólafsfjarðar, og þar sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur synjað um ábyrgð fyrir hafnarláni, en ábyrgð sýslusjóðs er samkvæmt hafnarlögunum skilyrði fyrir ríkisábyrgð, þá skorar fundurinn á þingmenn kjördæmisins að fá þetta skilyrði numið úr hafnarlögunum. En fáist það ekki, skorar fundurinn á þingmennina að beita sér fyrir því, að sett verði löggjöf um bæjarréttindi fyrir Ólafsfjörð, enda hefjist hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps nú þegar handa um nauðsynlegan undirbúning þessa máls.“

Eins og fundarsamþykkt þessi ber með sér, er það neitun sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um ábyrgð fyrir hafnarláni, sem hefur hrundið þessu máli af stað. Flutningsmaður þessa frv. sér sér ekki fært að bera fram tillögu um það að nema ákvæðið um ábyrgð Eyjafjarðarsýslu úr hafnarlögum Ólafsfjarðar vegna þess fordæmis, sem það mundi gefa, nema með því móti, að Ólafsfjörður sé skilinn frá sýslunni. Hins vegar er það rétt, sem í framanritaðri fundarsamþykkt segir, að

„hafnarbótaaðgerðir í Ólafsfirði eru lífsnauðsyn fyrir fjárhagslega afkomu íbúa Ólafsfjarðar.“ En eina leiðin til þess, að hægt sé að halda fyrirhuguðum hafnarbótum áfram, virðist vera sú, að Ólafsfjörður fái bæjarréttindi. Mundi það þá þykja sjálfsagt að nema ákvæðið um ábyrgð sýslunnar úr hafnarlögunum.

En þó að þessi ágreiningur út af neitun sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um ábyrgð hefði ekki verið fyrir hendi, mundi ekki hafa liðið á löngu, þar til Ólafsfirðingar hefðu beðið um bæjarréttindi, eða slík hefur þróunin a. m. k. verið í öðrum stærri kauptúnum, sem smám saman hafa verið gerð að kaupstöðum (Siglufjörður, Nes í Norðfirði, Akranes).

Ólafsfjörður er vaxandi kauptún. Íbúar þess eru nú 767, en samtals í hreppnum 900. Útgerð er þar mikil, sem kunnugt er, og á vafalaust mikla framtíð fyrir sér, þegar hafnarskilyrði batna.

Með lögum nr. 40 28. jan. 1935 var skipaður lögreglustjóri í Ólafsfirði með launum úr ríkissjóði, svo að af samþykkt frv. þessa mundi ekki leiða stofnun nýs embættis, heldur aðeins breyting á embætti, sem nú er til. Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð yrði því óverulegur.

Fylgiskjal I.

Samþykkt

sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu á aukafundi 9. sept. 1944 um skilyrði sýslunefndar fyrir skilnaði milli Ólafsfjarðarhrepps og Eyjafjarðarsýslu.

Ef á Alþingi nú verða samþykkt lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, eins og Ólafsfjarðarhreppur óskar, getur Eyjafjarðarsýsla fallizt á skilnað milli hreppsins og sýslunnar með þessum skilyrðum:

Sýslusjóður og sýsluvegasjóður gerast þannig upp, er skipti fara fram, að í hlut Ólafsfjarðarhrepps komi ⅓, ef um sjóðsinneign er að ræða, en Ólafsfjarðarhreppur greiði ⅓, ef um skuld er að ræða, samkvæmt úrskurðum reikninga greindra sjóða það ár, sem skiptin fara fram.

Frá sjóðnum dragast þó enn fremur skuldbindingar, sem sýslan hefur tekizt á hendur, áður en skiptin fara fram, að svo miklu leyti sem þeim er ófullnægt, eins og t. d. loforð sýslunnar um tillag til sjúkrahúss og björgunarskútu.

Tap eða gróði af „bragga“-kaupum eru Ólafsfirði óviðkomandi.

Þær ábyrgðir, sem sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu hefur þegar tekizt á hendur, séu sameiginlegar, meðan sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu stendur í ábyrgð vegna Ólafsfjarðarhrepps. Ef ábyrgðir þær, sem sýslan er í fyrir aðra en Ólafsfjörð, falla á sýsluna, þá skiptist tapið innbyrðis milli sýslunnar og Ólafsfjarðar þannig, að Ólafsfjörður greiði ⅓, en sýslan ⅔. Verði hins vegar tap á ábyrgð, sem sýslan er í fyrir Ólafsfjörð, greiði Ólafsfjörður það að sjálfsögðu að fullu.

Sérstakir sjóðir.

a. Þúsund ára afmælissjóður Eyjafjarðarsýslu verði framvegis eign sýslunnar.
b. Sjóður Guðm. Hjaltasonar sömuleiðis.
c. Sjóður Jóns Austmanns sömuleiðis.
d. Búnaðarsjóður sömuleiðis, enda greiði sýslan 1000 kr., er skiptin fara fram.
e. Kvennaskólasjóður Eyjafjarðarsýslu verði eign sýslunnar. Ólafsfjarðarhreppur hafi framvegis forgangsrétt fyrir tvo nemendur í kvennaskóla sýslunnar. Hins vegar er húsmæðraskólinn eign sýslunnar.
f. Jóns Sigurðssonar legat verður undir sömu stjórn og áður, en íbúar Ólafsfjarðarhrepps hafa framvegis sömu réttindi og áður til hlunninda úr sjóðnum.
g. Sjóð ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri gildir það sama um.
h. Minningarsjóð Maríu Stephensen gildir það sama um.

i. Bjargráðasjóður sýslunnar. Af honum hefur Ólafsfjarðarhreppur það, sem þaðan hefur verið borgað í hann, ásamt tiltölulegum vöxtum.

Um fjallskil í Ólafsfjarðarkaupstað skulu áfram gilda ákvæði fjallskilareglugerðar Eyjafjarðarsýslu.

....

Sig. Eggerz.

Þór. Kr. Eldjárn.	Einar G. Jónasson.	Einar Árnason.
Vald. Pálsson.	Eiður Guðmundsson.	Davíð Jónsson.
Hannes Davíðsson.	Kr. E. Kristjánsson.	Júlíus Oddsson.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefur í dag samþykkt þessi skilyrði fyrir sitt leyti.

Oddviti Ólafsvíkurhrepps, 12. sept. 1944.

Þórður Jónsson.

Fylgiskjal II.

Útskrift
úr gerðabók hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps.

Þriðjudaginn 12. september 1944 kom hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps saman á fund hjá oddvita. Allir aðalmenn voru mættir nema Jón Sig., en í stað hans var mættur Árni Valdimarsson.

Þá var tekið fyrir:

1. Nefnd sú, sem kosin var til að semja við sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu um fjárskipti milli hrepps og sýslu, lagði fram skilyrði þau, sem sýslunefnd setti viðkomandi skilnaðinum og verða bókuð hér á eftir. Hreppsnefndin samþykkti þessi skilyrði fyrir sitt leyti.

Út af því samþykkti hreppsnefndin, að nú þegar yrði unnið að því, að frumvarp til laga um bæjarréttindi fyrir Ólafsfjörð yrði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, og óskaði eftir, að lögin kæmu til framkvæmda um næstu áramót. Enn fremur óskar hreppsnefndin eftir, að strax eftir gildistöku laganna fari fram bæjarstjórnarkosning til þess tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.

....

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Þórður Jónsson. Ásgrímur Hartmannsson. Sigurður Baldvinsson.
Páll Sigurðsson. Kristinn Sig. Árni Valdimarsson.

Rétta útskrift staðfestir:

Oddviti Ólafsvíkurhrepps, 12. sept. 1944.
Þórður Jónsson.

Sþ. 333. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um endurbyggingu Ölfusárbrúar o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt við atvinnumálaráðherra, fjármálaráðherra og vegamálastjóra um mál þetta. Allir þessir aðilar létu í ljós áhuga á því, að allt yrði gert, sem unnt er, til að greiða úr þeim erfiðleikum, sem af því leiðir, að umferðin um brúna hefur teppzt.

Fyrir alllöngu hefur vegamálastjóri lokið við að gera uppdrátt og áætlun um kostnað við smíði nýrrar brúar á þessum stað, og var kostnaður við brúargerðina áætlaður 1 millj. og 600 þús. krónur. Hins vegar kom það fram í þessum viðræðum, að yrði brúarsmíðin hafin nú þegar, eins og ráð er fyrir gert, þá mundi kostnaður við brúargerðina nema um 2 millj. króna.

Fjárveitinganefnd leggur eindregið til, að hafinn verði nú þegar undirbúningur að smíði hinnar nýju brúar og því verði hraðað svo sem frekast eru föng á. Fjárveitinganefnd ræddi við ráðherra þá, er komu á fund hennar, um fjárhagshlið þessa máls og gengur út frá því, að ríkisstjórnin, sem þá hafði ekki endanlega gengið frá samningu fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár, beri fram tillögur, sem tryggi það, að fé verði fyrir hendi til þessara framkvæmda. Þá leggur nefndin á það megináherzlu, að kostað verði kapps um að greiða eftir beztu getu fyrir fólks- og vöruflutningum yfir ána og leitað til þess allra úrræða, sem að gagni mættu verða, bæði að því er snertir öryggi og afköst við flutningana. Reynslan hefur sýnt, að þetta verkefni er mjög torvelt. Þess vegna lítur nefndin svo á, að með því eina móti fáist viðunandi bráðabirgðalausn á þessu vandamáli, að kleift reynist að gera svo við gömlu brúna, að hún geti orðið nothæf til umferðar, meðan verið er að smíða nýju brúna, en það tekur eðlilega langan tíma.

Fjárveitinganefnd leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefja smíði nýrrar brúar yfir Ölfusá hjá Selfossi. Skal gerð og styrkleiki brúarinnar miðast við hinar hraðvaxandi flutningaþarfir, er þar koma til greina. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bæta úr erfiðleikum þeim, er skemmdir á Ölfusárbrúnni valda. Skal í því efni lögð sérstök áherzla á það, að gerðar séu ýtrustu tilraunir til þess að bæta svo skemmdir á brúnni, að hún geti — og það sem fyrst — orðið nothæf til flutninga, meðan á smíði hinnar nýju brúar stendur. Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmdum þeim, er tillagan fjallar um, heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.

Alþingi, 18. sept. 1944.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson.	Ásg. Ásgeirsson.
Lúðvík Jósefsson.	Sig. Kristjánsson.	Jónas Jónsson.

Ed. 334. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 19. sept. 1944.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.
Lárus Jóhannesson.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 335. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og lögum nr. 66 31. des. 1937.

Flm.: Jón Pálmason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Fyrsta gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 orðist svo:

Við sölu mjólkur og rjóma skulu ákveðin þessi verðjöfnunarsvæði:

1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Skaftafellssýsla vestan Mýrdalssands, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
2. Akureyri, Eyjafjarðarsýsla, Siglufjörður, Skagafjarðarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla.

Mjólkurframleiðendum er óheimilt að selja nýmjólk og rjóma utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á (sbr. þó 11. gr.).

2. gr.

Orðin: „og mjólkursölunefnd hefur ákveðið sem sölusvæði“ í fyrstu málsgr. 2. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935, samanb. 1. gr. laga nr. 66 31. des. 1937, falli burt.

3. gr.

Síðari málsgr. 6. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 falli burt.

4. gr.

A-liður 9. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 falli burt, og breytist stafliðatala greinarinnar samkvæmt því.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en náði ekki samþykki. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Mjólkurlögin, sem samþykkt voru á Alþingi 1934, eru í aðalatriðum einkasölulög. Þau gefa vissu svæði kringum hina stærri bæi einkarétt til að selja mjólk og mjólkurafurðir til þeirra kaupstaða, sem um er að ræða. Aðallega hafa komið til greina í þessu sambandi Reykjavik og Hafnarfjörður sunnan lands og Akureyri norðan lands. Jafnframt þessari einkasöluaðstöðu tryggja lögin verðjöfnun til hagsbóta fyrir þá, sem fjær búa, en á kostnað hinna, sem næstir eru sölustað. Þessi lög hafa valdið þrálátum deilum milli þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Gildir það þó aðeins Sunnlendinga. Meira hafa þær deilur þó snert framkvæmd laganna en tilverurétt, og víst er um það, að þessi lagasetning og framkvæmd hennar hefur haft misjöfn áhrif á hug einstakra sveita og einstakra manna.

Þeir bændur, sem fjær búa og útilokaðir hafa verið frá að njóta þeirra hlunninda, sem þessi einkasölu- og verðjöfnunarlög hafa skapað þeim sveitum, er þau eru sett fyrir, munu flestir hafa litið svo á, að þeim gæfist ekki svo fljótt færi á að rjúfa hringinn og komast sjálfir með sína framleiðslu inn á hinn lokaða markað.

Nú er aðstaðan orðin svo breytt, að við flutningsmenn, sem erum fulltrúar sumra þessara manna, teljum tíma til þess kominn að láta ekki lengur svo til ganga án þess að gera tilraun til breytinga.

Íbúafjöldi viðkomandi kaupstaða hefur aukizt stórkostlega, en aðstaða og atvinnugengi hinna útilokuðu sveita versnað að sama skapi. Þeir, sem njóta einkasölunnar, hafa ekki getað fullnægt þörfum kaupendanna, auk þess sem þrálátar kvartanir hafa verið um litla vöruvöndun og litla samningslipurð í þessum viðskiptum. Skal hér ekki dómur á það lagður, hver eða hverjir eiga þar mesta sök. Mun og gerð rækileg gangskör að því að fá sannar og öruggar upplýsingar í því efni.

Við flutningsmenn teljum víst, að mjög mikið mætti auka sölu mjólkur og mjólkurafurða í þeim bæjum, sem til greina koma, ef sæmileg og eðlileg ánægja gæti verið með viðskiptin á báða bóga. Er og víst, að þjóðinni allri er hollast að nota þessar heilnæmu vörur sem mest, og að hinu leytinu er framleiðendum nauðsynlegt að geta selt sem mest af þeim. Virðist öfugstreymið orðið nokkuð mikið, þegar slíkar vörur sem smjör eru fluttar úr annarri heimsálfu.

Aðalatriði þessa frumvarps er að lögbinda verðjöfnunarsvæðin sunnan lands og norðan og rjúfa þar með það sölubann, sem legið hefur á þeim héruðum, sem við leggjum til, að hætt sé við. Atvinnuaðstaða þessara héraða hvers um sig skal lítils háttar rakin í aðalatriðum til sönnunar því, að þeim sé rík þörf á þeim breytingum, sem það mundi hafa í för með sér, að þau kæmust inn á þann bezta markað, sem til er í landinu, með framleiðslu sína.

1. Snæfellsnessýsla er hérað, sem hefur byggt hag sinn aðallega á sauðfjárrækt og sjávarafla. Á síðustu árum hefur sauðfjárræktin þar orðið fyrir áföllum af mæðiveikinni, og er hagur bænda í mikilli hættu af þeim sökum. Nautgriparækt mætti auka til muna, ef mjólkursala kæmi til greina, og gæti þá framtíð landbúnaðarins byggzt mikið á henni. Inn í miðja sýsluna eru 80—100 km frá Borgarnesi og því engin vandkvæði á að flytja mjólk að búinu þar eða til Reykjavíkur.
2. Dalasýsla er eingöngu landbúnaðarhérað og hefur að mestu byggt á sauðfjárrækt. Hefur orðið þar mikið og tilfinnanlegt tjón af mæðiveikinni, og er framleiðslan því í mikilli hættu, ef ekki er nýrra ráða við leitað. Inn í miðja sýsluna er 80—90 km leið frá Borgarnesi.
3. Húnavatnssýslur er báðar líkt settar að því leyti, að sauðfjárræktin hefur þar verið aðalatvinnugreinin um langan aldur og er enn. Útgerð er þar enn lítil, en nokkuð vaxandi, aðallega á Skagaströnd og nokkuð á Hvammstanga. Mæðiveikin hefur leikið bændur þessara héraða svo hart, að eigi eru líkur til, að sauðfjárræktin þar bíði þess nokkru sinni bætur. Hrossarækt hefur mikið verið aukin til þess að reyna að bæta upp í skörðin. Hafa bændur og haft af henni talsverðar tekjur. En nú eru þau sund að lokast að miklu leyti vegna markaðsvöntunar. Eru horfur því mjög slæmar með framleiðsluna, ef eigi verður nýrra ráða leitað. Stórum aukin nautgriparækt og mjólkursala er helzta ráðið. Eru sumar sveitir þessara héraða svo vel fallnar til nautgriparæktar, að á betra verður naumast kosið. Frá aðalkauptúninu, Blönduósi, eru 179 km til Borgarness eða um 4 tíma akstur í góðri færð. Frá Hvammstanga eru 128 km til Borgarness.
4. Bæjarhreppur í Strandasýslu er háður sömu lögum og Dalasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla. Eru ekki nema 89 km til Borgarness frá Borðeyri.
5. Skagafjarðarsýsla er háð sömu lögum og Húnavatnssýsla að flestu leyti atvinnulega séð. En bændur þar hafa orðið fyrri til með að bjarga sér nokkuð frá ógnum fjárpestarinnar með aukinni nautgriparækt og mjólkurvinnslu ásamt sölu til Sauðárkróks og Siglufjarðar. Virðist einsætt, að Skagafjarðarsýsla sé tekin inn á verðjöfnunarsvæði Akureyrar, ef Skagfirðingar óska þess, sem líklegt má telja.
6. Suður-Þingeyjarsýsla er verst sett allra þessara héraða. Ber það til, að atvinnuvegur hennar hefur mest verið einskorðaður við sauðfjárrækt. Hrossarækt er þar eigi fær. Nú hefur mæðiveikin leikið þingeyska bændur svo hroðalega, að sumir forvígismenn þeirra telja til auðnar horfa, ef eigi verður til einhverra ráða gripið. Það er því fyllsta sanngirni að gefa þeim Þingeyingum, sem sjá sér fært að auka nautgriparækt sína, kost á að komast inn á Akureyrarmarkað með verð-

jöfnunarréttindum. Gæti það bjargað hag margra þeirra. Frá miðri Þingeyjarsýslu eru tæpir 60 km til Akureyrar.

Í öllum þessum sýslum mætti fjölga kúm um margar þúsundir og framleiða þar milljónir lítra af sölumjólk. En þetta verður ekki gert í einni svipan. Til þess þarf nokkur ár. Og það verður ekki gert, nema bændurnir þar fái vissu fyrir að njóta þess réttlætis, sem leiða mundi af þeirri breytingu mjólkurlaganna, sem þetta frumvarp hefur inni að halda.

Það er auðsætt mál, að full sanngirni mælir með því, að öll þau héruð, sem hér um ræðir, njóta sama réttar og þeim héruðum var veittur með mjólkurlögunum, sem nú eru á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en eru utan Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem á sínum tíma varð fyrir áníðslunni af þessari löggjöf.

Úr öllum þessum sveitum er auðvelt að flytja mjólk til Reykjavíkur og Akureyrar þá tíma árs, sem vegir eru snjólausir eða snjólitlir, og stundum er meira að segja Holtavörðuheiði fær, þó að Hellisheiði sé ófær. Þegar ekki er fært að flytja mjólk úr Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og Húnavatnssýslu, má ætla, að hin héruðin geti fullnægt mjólkurþörfinni, af því að þá er framleiðslan með meira móti og að minnsta kosti mun meiri en vor og haust. En þegar ekki er hægt að flytja mjólkina, þarf að vera aðstaða til að vinna úr henni. Það mál þarf undirbúning, og má búast við, að nauðsynlegar framkvæmdir taki nokkurn tíma. En þá fyrst verður hafizt handa, þegar víst er, að Alþingi sinnir þeirri sjálfsögðu sanngirniskröfu, sem hér er flutt. Þá koma til félagsstofnanir í viðkomandi héruðum og annar sá undirbúningur, sem þörf er á.

Menn kunna að halda því fram, að það gangi í öfuga átt til að fá betri vöru að stækka svæðið, en það er álit fróðra manna, að meðferð mjólkurinnar skipti mestu máli, og eins hitt, að mjólkin sé sem nýjust, þá er hennar er neytt. Hvort hún er í flutningi einum eða tveim tímum lengur eða skemur, skiptir litlu í því efni. Má og geta þess, að austan úr Mýrdal til Reykjavíkur eru yfir 200 km, og þaðan er mjólk flutt nú. Það er álíka leið og úr fjærstu sveitum Austur-Húnavatnssýslu til Borgarness. Að lokum má minna á það í þessu sambandi, að það ástand, sem nú er, og sú dýrtíðarlöggjöf, sem er í gildi, herðir mjög á í þessu máli. Bændum er lögákveðið tiltekið verð fyrir mjólk, sem á að gilda helzt um land allt. Meiri hlutinn af tekjum meðalbónda er áætlaður fyrir mjólk. Þeirra tekna njóta þeir bændur ekki, sem bönnuð er mjólkursala og búa í þeim héruðum, sem með þessu frumvarpi er ætlaður sami réttur og aðrir bændur hafa. Mjög margir menn í þessum héruðum hafa nú lægri tekjur en nokkrir aðrir menn í landinu. Úr því verður að bæta með öllum þeim ráðum, sem hugsanleg eru. Í þetta frumvarp eru aðeins teknar með þær breytingar laganna, sem eru bein afleiðing af lögbindingu verðjöfnunarsvæðanna. Lögin þurfa þó frekari endurskoðunar við, bæði um skipun mjólkursölunefndar og fleira.

Nd. 336. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Laxárdal og Ymjaberg á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Við 1. gr. — Við bætist nýr 3. tölul., svo hljóðandi:
   Kirkjujörðina Prestsbakkakot á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum, Jóni Steingrímssyni.
2. Í fyrirsögn frv. komi fyrir „jarðirnar ... Staðarsveit“: nokkrar opinberar jarðir.

Sþ. 337. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þingsályktunartillögu þessa, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að hún verði samþykkt eftir eftirfarandi

BREYTINGU.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunnar Rauðku gegn veðrétti í verksmiðjunni á eftir veðréttum samtals að upphæð 4 millj. króna. Ef þær 5 millj. króna samtals, er að framan getur, hrökkva ekki til að ljúka verkinu fyrir næstu síldarvertíð, er ríkisstjórninni falið að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sömu tryggingu, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.

Alþingi, 19. sept. 1944.

Þóroddur Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Ásg. Ásgeirsson.
Sig. Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 338. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um veðurfregnir.

Frá Pétri Ottesen.

Hver árangur hefur orðið af áskorun Alþingis á ríkisstjórnina í þingsályktun 17. febr. 1944 um að freista þess að fá því til vegar komið, að veðurstofan fái aðstöðu til að láta landsmönnum í té veðurfregnir og veðurspár, er að haldi megi koma?

Ed. 339. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skálholti í Biskupstungum.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

2. málsgr. sérákvæða um bændaskóla Suðurlands falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina breytingin, sem með frumvarpi þessu er lagt til, að gerð verði á lögum þeim, er ákveða, að bændaskóli skuli reistur á Suðurlandi, er í því fólgin, að skólasetrið sé lögákveðið í Skálholti, í stað þess, að landbúnaðarráðuneytið ákveði skólanum stað að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Eins og kunnugt er, tilnefndi Búnaðarfélag Íslands þrjá menn til að gera tillögur um skólasetrið. En svo illa tókst til, að nefnd þessi klofnaði. Meiri hluti hennar, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri og Jón Sigurðsson á Reynistað, tilnefndu Skálholt, en minni hlutinn, Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, lagði til, að skólinn yrði reistur í Kálfholti í Ásahreppi.

Þannig var málið lagt í hendur landbúnaðarráðherra til ákvörðunar, og skal það viðurkennt, að aðstaða hans til fljótra úrslita var ef til vill torveldari fyrir það, að nefndin gat ekki orðið á eitt sátt. En þegar betur er athugað, virðist eigi hafa verið úr vöndu að ráða. Yfirsýn og þekking meiri hluta nefndarinnar til úrlausnar því máli, er henni var falið, mun enginn draga í efa. Auk þess fylgdi sá kostur vali þeirra manna, að héraðapólitíkin gat á engan hátt glapið þeim sýn. Um hinn mikilhæfa bónda, er var þriðji nefndarmaðurinn, á hið síðarnefna hins vegar ekki við, og skal minnihlutaaðstaða hans eigi talin honum til ámælis. Hitt var aftur á móti ekki sem hyggilegast af Búnaðarfélagi Íslands að leiða hann í þessa freistni.

Hér var þannig að velja á milli Skálholts og Kálfholts — og þeirra staða einna samkvæmt tillögum af hálfu Búnaðarfélagsins, og þótt Kálfholtið sé landrúm jörð og ýmsum kostum búin, munu hinir norðlenzku búnaðarfrömuðir eigi hafa tekið Skálholt fram yfir án gildra raka. Þeir, sem þekkja til, vita, hve þar eru miklir möguleikar til fjölbreyttra búnaðarframkvæmda, landrými, nógur jarðhiti og jörðin prýðilega í sveit komin, þegar hin fyrirhugaða Hvítárbrú hjá Iðu verður reist. Einnig ber að þakka nefndarmeirihlutanum fyrir það, að þeir með tillögu sinni gerðu nokkra tilraun til að vekja metnað Sunnlendinga, er bent var á jörð til skólaseturs, sem sízt er óvirðulegri en Hólar í Hjaltadal eða Hvanneyri í Borgarfirði. — Að öllu þessu athuguðu virtist ekki úr vöndu að ráða. Er frumvarp þetta borið fram til staðfestingar á tillögum nefndarmeirihlutans. Það hefur og ýtt undir flutning frumvarpsins, hve langur dráttur er orðinn á ákvörðun þessari, og gæti samþykkt þess ef til vill leyst landbúnaðarráðherra frá því ómaki að verða að sinna nýjum tillögum og uppástungum, er að honum kunna að beinast um skólasetrið, og gæti það allt endað með hreinum og beinum áróðri, ef málsákvörðun fær enn að dankast svona. Með slíku fengi handahófsniðurstaða byr undir báða vængi.

Séu einhverjir mótfallnir bændaskóla í Skálholti, vegna þess að staðurinn þurfi allur og óskiptur að varðveitast í þágu kirkju og kristnihalds, þá er engin ástæða til slíks. Í þau nál. 150 ár, sem liðin eru, síðan biskupsstóll lagðist niður á þessu merka höfuðbóli, hafa satt að segja fáir orðið til þess að hvetja til veglegrar endurreisnar á staðnum. Bændaskólamálið hefur fyrst orðið til þess að vekja marga til þeirrar umhugsunar, að eitthvað þurfi fyrir Skálholt að gera. Sunnlenzk bændaefni, er leituðu sér þar menntunar, mundu aldrei verða illgresi í akrinum. Í Skálholti er grunnur fyrir margar vistarverur og verkefni nóg. Ætti íslenzk kirkja að verða fyrst til að leggja blessun sína yfir bændaskóla á þeim stað, og með framgangi málsins yrði jafnt á komið með hinum fornu biskupssetrum.

Jafnframt þessu er ástæða til að taka það fram, að verði bændaskólinn reistur í Skálholti, á bóndinn, sem hefur ábúðarréttinn og setur jörðina, er eigandi bygginga á staðnum o. s. frv., að sjálfsögðu ríflegan bótarétt fyrir alla þá röskun, er skólastofnunin mundi valda honum. En þess konar kæmi til greina, hvar sem skólinn yrði reistur.

Þess má geta, að tilboð, er landbúnaðarráðherra hefur borizt, um afhendingu Laugardælna í Flóa til bændaskólaseturs, hefur eigi fengið áheyrn hjá nefndum þeim á Alþingi, er leitað hefur verið umsagnar hjá um tilboðið. Mun sú synjun í sambandi við skilyrði þau, sem boðið var háð. Það mun því mega telja boð þetta á hinni ágætu

jarðeign, Laugardælum, þar með úr sögunni og því ekki ástæða til að víkja nánar að því hér.

Skal þess svo vænzt, að tillaga þeirra Steingríms búnaðarmálastjóra og Jóns á Reynistað um bændaskólasetur í Skálholti verði staðfest á Alþingi með samþykkt frumvarps þessa.

Nd. 340. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja fram fé úr ríkissjóði til aukningar á hlutafé Flugfélags Íslands h/f, þannig að ríkissjóður eigi 50% af öllu hlutafénu. Fé það, er ríkissjóður leggur fram, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Á hluthafafundum Flugfélags Íslands h/f skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti, að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

3. gr.

Þegar Flugfélag Íslands h/f hefur breytt samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 1. gr. og 2. gr. og ríkissjóður er orðinn eigandi að helmingi hlutafjár félagsins, getur atvinnumálaráðuneytið veitt Flugfélagi Íslands h/f einkarétt til flugferða hér á landi og til útlanda með farþega, póst og farangur.

4. gr.

Þegar ríkissjóður hefur eignazt helming hlutafjár Flugfélags Íslands h/f, skal það vera undanþegið tekju- og eignarskatti svo og því að greiða útsvar eftir efnum og ástæðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Flugsamgöngurnar eru nú orðnar svo verulegur þáttur í samgöngumálum vorum, að nauðsyn ber til, að ríkisvaldið hafi veruleg afskipti af rekstri þeirra og styrki þær eftir því, sem föng eru á. Í þessu augnamiði er lagt til í frumvarpi þessu, að ríkissjóður efli Flugfélag Íslands h/f með verulegum fjárframlögum. Hlutafé Flugfélagsins er nú um 1000000 kr., en heimilt er samkvæmt samþykktum þess að auka það upp í 1500000 kr. Framlag ríkissjóðs gæti þá orðið samkvæmt frumvarpinu um 1500000 kr.

Ef þessi leið yrði farin, verður að teljast eðlilegt, að Flugfélagi Íslands h/f yrði veittur einkaréttur til flugferða hér á landi og til útlanda með farþega, póst og farangur. Með þessu fyrirkomulagi yrði stjórn þessara mála einfaldari, reksturinn öruggari og ódýrari.

Skipulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er sniðið eftir því fyrirkomulagi, sem haft var á flugsamgöngum flestra Evrópulanda fyrir núverandi styrjöld.

Sþ. 341. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar o. fl.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefja smíði nýrrar brúar yfir Ölfusá hjá Selfossi. Skal gerð og styrkleiki brúarinnar miðast við hinar hraðvaxandi flutningaþarfir, er þar koma til greina. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bæta úr erfiðleikum þeim, er skemmdir á Ölfusárbrúnni valda. Skal í því efni lögð sérstök áherzla á það, að gerðar séu ýtrustu tilraunir til þess að bæta svo skemmdir á brúnni, að hún geti — og það sem fyrst — orðið nothæf til flutninga, meðan á smíði hinnar nýju brúar stendur. Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmdum þeim, er tillagan fjallar um, heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.

Nd. 342. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé nema því, sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð verðjöfnunartillags að fengnum tillögum kjötverðlagsnefndar. Heimilt er að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

Verðjöfnunartillagið hefur lögtaksrétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þegar lög um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim voru sett, var verðjöfnunargjaldið um 10% af kjötverðinu. Nú hefur kjötverðið margfaldazt. Ef þörf er á verðjöfnunargjaldi, þá eru 10 aurar á kg allt of lágt gjald, með núverandi verðlagi á kjöti, til þess að tilgangi laganna verði náð.

Af styrjaldarástæðum hefur útflutningur á kjöti stöðvazt til Norðurlanda, og markaðurinn í Stóra Bretlandi er í engu samræmi við verðlag hér á landi. Á meðan þetta ástand varir, er hætt við, að ekki verði hjá því komizt að gera árlega sérstakar ráðstafanir vegna kjötútflutningsins. Verðjöfnunargjaldið, 10 aurar á kg, var áður látið nægja til verðuppbóta á útflutt kjöt. Talsverð vinna og fyrirhöfn er samfara innheimtu gjaldsins, og þar sem það er auk þess algerlega ófullnægjandi undir núverandi kringumstæðum, þá virðist eðlilegra að leggja það á vald ráðherra á þann hátt, sem hér er ráð fyrir gert.

Sþ. 343. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að till. verði felld. Gerir Helgi Jónasson sérstaklega grein fyrir skoðun sinni á þessa leið:

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum. Enn fremur hefur nefndin leitað álits fjármálaráðherra og atvinnumálaráðherra um tillöguna. Samkomulag náðist ekki um tillöguna í nefndinni. Eins og kunnugt er, er ríkissjóður í 8 millj. króna ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað vegna rafvirkjunar, en milljóna eldri ábyrgð, og virðist það allrífleg fúlga fyrir ekki fjölmennari kaupstað en Siglufjörð. Virðist það því ekki hættulaust fyrir ríkissjóð að ganga í nýja milljónaábyrgð fyrir þennan kaupstað til jafnáhættusams fyrirtækis og bygging síldarverksmiðju er, eins og horfurnar eru nú í atvinnulífi þjóðarinnar. Ég get því ekki mælt með því, að slík ábyrgð verði veitt.

Jónas Jónsson rökstyður niðurstöðu sína með eftirfarandi sögulegum staðreyndum:

Baráttan við að koma ríkissjóði í ábyrgð fyrir síldarbræðslustöðina Rauðku á Siglufirði mun lengi í minnum höfð. Málinu er þannig háttað, að framgangur þess virðist hljóta að leiða til fjárhagshruns á Siglufirði og til stórtjóns fyrir ríkið. Hefur verið beitt meiri ofsa og offorsi til framdráttar þessu ábyrgðarmáli, bæði heima á Siglufirði og á Alþingi, heldur en við nokkurt annað þjóðmál, sem hinir „æfðu" stjórnmálamenn hafa fengizt við á síðari árum. Þykir þess vegna hlýða að skýra í stuttu máli aðaldrætti í sögu þessa einkennilega máls.

Meðan Siglufjörður var á bernskuskeiði, eignaðist danskt firma þar tvær fremur litlar síldarverksmiðjur og starfrækti þær um nokkurt árabil. En um síðir varð þessi rekstur þó svo óarðvænlegur, að firmað eða banki þess vildi selja alla eignina á Siglufirði, tvær síldarbræðslur, Gránu og Rauðku, og mjög mikið af sérstaklega verðmætum lóðum. Þormóður Eyjólfsson var þá mikill ráðamaður í bænum. Honum tókst að fá munnlegt loforð fyrir því að fá alla þessa umræddu eign handa Siglufirði fyrir 130 þús. kr. Þetta þótti vel að verið, og voru ráðamenn í bænum einhuga um að kaupa eignina með þessu verði. En þegar til átti að taka, höfðu tveir „spákaupmenn" á Siglufirði farið með leynd til hins danska seljanda, boðið 180 þús. kr. í eignirnar og fengið þær keyptar til eigin afnota. Þegar fréttin barst um þessi kaup til Siglufjarðar, urðu þau að vonum illa þokkuð. Beitti Þormóður Eyjólfsson sér fyrir mótstöðu í þessum efnum, og fór svo að lokum, að hinir nýju eigendur treystu sér ekki til að halda feng sínum öllum og sáu sér ekki annað fært en selja bænum aðra verksmiðjuna, hina sögufrægu Rauðku, en fyrir nálega jafnmikið verð og bærinn hefði fengið alla eignina, ef allir Siglfirðingar hefðu á drengilegan og heiðarlegan hátt stutt Þormóð Eyjólfsson til að fá eignina í heild fyrir 130 þús. kr.

Nú liðu nokkur ár þannig, að bærinn leigði einstökum mönnum Rauðku til rekstrar, og varð ávinningur lítill af þeirri iðju. Gróði bæjarins lá fyrst og fremst í því að eignast hinar verðmætu lóðir, sem fylgdu báðum verksmiðjunum. Ber nú ekki til tíðinda með Rauðku í sögu Siglufjarðar, fyrr en kommúnistar náðu undirtökum í stjórn kaupstaðarins. Byrjuðu þeir þá bæjarrekstur á Rauðku til að sýna stefnuna í sönnu ljósi, en höfðu litla ánægju af þeim framkvæmdum. Báru þeir því við, að verksmiðjan væri gömul og úr sér gengin. Ef bærinn endurreisti hana í nýjum stíl, mundi verða um svo stórfelldan gróða að ræða, að ekki þyrfti að jafna niður útsvörum nema á burgeisa og meiri háttar auðmenn. Urðu ýmsir til að trúa þessu og þótti gott að sleppa þannig frá erfiðum skattabyrðum. Hófu kommúnistar

og ýmiss konar áhangendur þess flokks baráttu í þessu máli, skömmu eftir að þjóðstjórn Hermanns Jónassonar tók við völdum. Ólafur Thors var þá atvinnumálaráðherra, og var fyrst leitað til hans um leyfi til að stækka Rauðku úr 1000 í 5000 mála verksmiðju. Urðu um þetta efni miklar sviptingar. Samkvæmt lögum og venjum átti ríkisstjórnin að leita álits stjórnar ríkisverksmiðjanna um slíka leyfisveitingu. Voru þrír mótfallnir leyfisveitingunni, þeir Þormóður Eyjólfsson, Þorsteinn M. Jónsson og Sveinn Benediktsson, en með Rauðku stóðu Finnur Jónsson og Jón Þórðarson á Siglufirði. Framsóknarmenn voru á móti heimildinni, Alþýðuflokksmaðurinn með leyfi, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins skiptust til helminga. Málið kom til umræðu í ríkisstjórninni, og var Eysteinn Jónsson eindregið á móti Rauðku og hafði Hermann Jónasson með sér að mestu. Atvinnumálaráðherra tók það ráð að veita báðum nokkra úrlausn. Leyfði hann, að Rauðka yrði stækkuð úr 1000 í 2500 mál. Ekki þótti kommúnistum þetta góð lausn, og lögðu þeir fæð mikla á þá ráðherra, sem ekki höfðu látið að óskum þeirra. Meðan barizt var um leyfisveitinguna, þóttust forgöngumenn málsins hafa næga peninga til byggingarframkvæmda, bæði frá Helga Guðmundssyni í Útvegsbankanum og frá Noregi. Nú gátu þeir sýnt mátt sinn og byggt 2500 mála bræðslu. En þegar til átti að taka, vantaði féð og framkvæmdaþrekið. Ekkert varð úr framkvæmdum, og svaf Rauðka á sínu eigin peningaleysi um nokkurra missira skeið.

Næst heyrðist Rauðku getið hið eftirminnilega sumar 1942, þegar kommúnistar voru eins konar stuðningsmenn þeirrar stjórnar, sem Ólafur Thors hafði myndað vorið 1942. Magnús Jónsson guðfræðiprófessor fór þá með stjórn atvinnumálanna. Hann varð nú ekki fyrir neinu aðhaldi frá framsóknarmönnum og veitti Siglufirði leyfi til þess að reka 5000 mála bræðslu á vegum bæjarfélagsins. Ekki tók Magnús Jónsson neitt tillit til þess, að meiri hluti stjórnar ríkisverksmiðjanna var enn mótfallinn leyfisveitingunni.

En um þessar mundir misstu kommúnistar meirihlutaaðstöðu sína um stjórn Siglufjarðar, er við bæjarstjórastöðunni tók sjálfstæðismaður og studdist við flokk sinn og fulltrúa framsóknarmanna í bæjarstjórn. Sinnti sá meiri hluti ekki hugmyndinni um bæjarrekstur fyrst í stað. En eftir því sem dýrtíðin magnaðist, með hækkandi vísitölu og seðlaflóði, minnkaði dómgreind Siglfirðinga á mjög áberandi hátt. Kommúnistar hófu nú enn umræður um Rauðkumálið, en í þetta sinn með nýstárlegum rökstuðningi. Bærinn var kominn út í háskalegan kostnað við virkjun Skeiðsfoss í Fljótum, og bentu allar líkur til, að kostnaður við virkjunina mundi ekki verða undir 12 milljónum króna, þegar þeirri framkvæmd yrði lokið. Þá höfðu kommúnistar á prjónunum jarðakaup við höfnina og stórfelld útgjöld við dýpkun hafnarinnar og skjólgarða. Voru þær framkvæmdir áætlaðar 7 milljónir króna. Nú sögðu formælendur Rauðku, að rafveitan ein gæti sligað fjárhag bæjarins. Það væri enga björg að finna til viðreisnar bænum, nema með því að græða stórkostlega á síldarbræðslu. En til þess þyrfti að endurbyggja Rauðku.

Verðbólga, dýrtíð og fullir vasar af seðlum hafa svipuð áhrif á dómgreind manna og ríflegur skammtur af sterku áfengi. Allir þykjast vera sterkir og djarfir. Þeim finnst torfærurnar vera hlemmigötur, og þeir þykjast ekki vita af neinum hindrunum. Verðbólgan og áróður kommúnista kom miklum hluta sæmilega skynsamra manna í þessu efni á svipað dómgreindarstig og margir Íslendingar komast á í góðum veizlum, þegar þeir hafa drukkið nokkrar tegundir borðvína með matnum, vænt staup af koníaki með kaffinu og tæmt þrjá whisky-„sjússa“. Slíkum mönnum þykir veröldin líkust litlu kálfskinni, sem þeir geti leikið sér með eftir geðþótta.

Eftir að dýrtíðin í landinu var komin á það stig, að skynsamir menn höfðu hætt öllum byggingarframkvæmdum, sem miðaðar voru við að bera sig, tókst kommúnistum að fá mikinn hluta Siglfirðinga til að fylkja sér um endurbyggingu Rauðku. Flokkur þeirra var altilbúinn, enda vissu leiðtogar flokksins glöggt, hvað þeir vildu, en það var að sýna borgaralega flokknum í bænum, að ekki þyrfti

blóðuga byltingu til að koma bænum í fjárhagslegt öngþveiti. Eins og vænta mátti, játaði Alþýðuflokkurinn á Siglufirði strax snjallræði mestu keppinauta sinna. Þar næst kom nálega allur Sjálfstæðisflokkurinn í bænum og að síðustu meiri hluti framsóknarmanna undir forustu Guðm. Hannessonar bæjarfógeta. Þormóður Eyjólfsson var fáliðaður eftir í mótstöðu gegn málinu. Hann hafði átt of mikinn þátt í að koma á þeim margháttuðu framförum, sem vekja ánægjulega eftirtekt þeirra, sem gista síldarbæinn, til þess að láta sér á sama standa, þegar sýnilegt var, að stefnt var að algerðu fjárhagshruni í bænum. Þormóður Eyjólfsson hafði endur fyrir löngu barizt fyrir því, að bærinn eignaðist tvær verksmiðjur og mikil lönd fyrir 130 þús. kr. Lóðin, sem bærinn fékk með Rauðku, er nú af kommúnistum talin 800 þús. kr. virði. Sömu ástæður, sem komu Þormóði Eyjólfssyni til að afla Siglufirði þessara góðu fasteignakaupa, komu honum nú til að leggja fram alla orku til að forða Siglufjarðarbæ frá algerðu fjárhagshruni.

Rauðkumálið á Siglufirði munaði einna mest um fylgi Guðmundar Hannessonar bæjarfógeta, enda var umvending hans hin sögulegasta. Hann hafði jafnan komið lítið við meðferð þjóðmála, en þótt fyrirmyndarborgari um alla fjárgæzlu. Embætti hans var eitt hið tekjumesta í landinu og ekki annstrangt. Bæjarfógetinn sinnti skyldustörfum sínum með stakri rósemi og sá verk sín bera ánægjulegan ávöxt. Hann fékk ríkulega uppskeru hér í lífinu. Lóðir hans og lönd á Siglufirði urðu með ári hverju víðáttumeiri, og sú trú komst á, að bæjarfógetinn á Siglufirði ætti meira af jarðneskum gæðum en nokkur stéttarbróðir hans í landinu. En nú gerðust þau undur, að þessi kyrrláti embættismaður, með fésælar hversdagsvenjur og nálega enga æfingu við lausn félagsmála utan við sitt takmarkaða skrifstofuherbergi, grípur allt í einu sverð og skjöld í hinu ægilegasta fjárhættumáli, sem nokkur kaupstaður á Íslandi hefur beitt sér fyrir. En skýringin á framkomu Guðmundar Hannessonar er um leið skýring á viðhorfi allra hinna fésterkari manna í bænum, sem með ótrúlegum hætti hafa snúizt til fylgis við upplausnaraðgerðir kommúnista í Rauðkumálinu.

Þegar kyrrlátur maður úr þröngum og fábreyttum verkahring, eins og Guðmundur Hannesson, tekur allt í einu að berjast fyrir fjárhættumáli, kemur slíkt tæplega fyrir nema sem tilraun til að vinna „vonarsigur" vegna eigin fjármuna. Guðm. Hannesson er orðinn efnaður maður á íslenzka vísu með langvarandi elju og umhyggju. Hann sér, að hinar ýmsu ráðagerðir forráðamanna bæjarins eru þess eðlis, að þær sýnast líklegar til að setja fjárhag efnamanna í bænum í mikla hættu. Rafveita, sem kostar fullgerð 12 milljónir króna, verður þung byrði fyrir bæ með tæplega 3000 íbúa. Skýringin á fylgi hins gætna og fésæla bæjarfógeta við fyrirtæki með fyrirsjáanlegum taprekstri er sú, að hann vill taka þessa áhættu í von um að geta bjargað eignum sínum og stallbræðra sinna úr því, sem hann telur augljósan voða. Hitt er annað mál, að hér á við hið fornkveðna, að ekki er bjargráð að stökkva úr öskunni í eldinn.

Eftir að Guðm. Hannesson var genginn í lið með kommúnistum í þessu efni, töldu þeir hyggilegt að beita honum fyrir. Var hann forustumaður í nefnd, sem skyldi hrinda málinu í framkvæmd. Heima á Siglufirði gerðist bæjarfógeti allmikilvirkur í liði framsóknarmanna, klauf flokksfélagið og stóð fyrir æsingum, sem ekki stóðu verulega að baki vinnubrögðum kommúnista á Siglufirði, þar sem þeir eru einir að verki. Bæjarfógetinn barðist með þvílíkum dugnaði við að heygja framsóknarmenn í bænum til fylgis við Rauðku eins og þegar ríkur maður og lífhræddur reynir að bjarga lífi og eignum úr skyndilegum voða. Síðan brá bæjarfógeti sér til Reykjavíkur með fjölmenna Rauðkunefnd, meðan Alþingi sat að störfum í fyrravetur, og sátu þessir áhugamenn svo mánuðum skipti í höfuðstaðnum við að fá lán og leyfi til að geta hafið verksmiðjubygginguna. En þrátt fyrir það, að bæjarfógeti og félagar hans sýndu hina mestu atorku í lántökubaráttunni, varð þeim ekkert ágengt. Fjármálaráðherrann, Björn Ólafsson, vildi ekki blanda ríkinu inn í þessa framkvæmd og var hinn erfiðasti. Hafði hann áður sýnt lof-

samlega varfærni um ríkisábyrgð fyrir rafveitulánum Siglufjarðar og ekki veitt ógætilegar tryggingar í því efni, nema eftir beinni fyrirskipun Alþingis. Landsbankinn neitaði sömuleiðis að leggja fé í Rauðku. Í þessum erfiðleikum sneri framkvæmdastjóri Rauðku sér til dugnaðarmanns í lántökum, Lárusar Jóhannessonar málfærslumanns, sem var auk þess þingfulltrúi Seyðfirðinga. Hann tók nú að sér að bjarga lántökumálum þeim, sem Guðm. Hannesson gat ekki ráðið fram úr. Eftir skýrslu, sem bæjarstjórinn á Siglufirði hefur gefið fjárveitinganefnd, er ýmiss konar kostnaður við lántöku og ferðalög áætlaður nokkuð á þriðja hundr. þús. króna. Eftir því, sem fram er haldið á Siglufirði, fær Lárus Jóhannesson í umsamin umboðslaun um 90 þús. kr., en mun verða að greiða af því um 20 þús. kr. samtals til tveggja aðstoðarmanna úr Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum.

Mjög skipti um til betri vegar um málefni Rauðku, þegar tekið var að beita hinni æfðu lögfræðitækni í Reykjavík í stað hins borgaralega áhuga bæjarfógetans á Siglufirði. Voru nú ekki lengur unnir „vonarsigrar", heldur vænkaðist ráð Rauðku í höndum Reykvíkinga með hverjum degi, að frátöldu því, að dýrtíðin óx og allar áætlanir hækkuðu eftir því, sem lengra leið.

Fyrsti stórsigur í málinu var það, að félagsmálaráðherrann, Björn Þórðarson, veitti Siglufirði leyfi til að ráðast í þetta fyrirtæki. Hefur það verið vandi þessa forsætisráðherra að láta undan kröfum annarra, hvort sem um var að ræða aukið frelsi þjóðarinnar eða aukna áhættu fyrir Siglufjörð. Næst var leitað eftir peningaláni. Tókst að fá vilyrði fyrir 2½ millj. króna frá Tryggingastofnun ríkisins og 1½ milljón frá Útvegsbankanum. En báðar þessar stofnanir munu hafa gert það að skilyrði, að ríkið lánaði eða ábyrgðist það, sem á vantaði, til þess að öll áhætta af byggingu og rekstri Rauðku lenti á ríkissjóði. Lárus Jóhannesson sá, að ekki dugði að nema hér staðar. Hann varð að geta útvegað ríkisábyrgð málinu til framdráttar, þó að bæði atvinnumálaráðherra (Vilhjálmur Þór) og fjármálaráðherra (Björn Ólafsson) væru því algerlega mótfallnir, að ríkissjóður gengi inn í þetta sérstaka áhættufyrirtæki.

Lárus Jóhannesson og þeir hjálparmenn, sem vildu veita honum liðsemd, tóku nú að safna þingfylgi utan þings. Sendi Lárus Jóhannesson mörgum þingbræðrum sínum skeyti og bað þá liðs. Játuðu sumir, en aðrir neituðu eða svöruðu ekki. Flokkur kommúnista veitti stuðning sinn í einu lagi. Á miðjum slætti var málfærslumaðurinn búinn að tryggja sér meiri hluta Alþingis með ríkisábyrgð fyrir 1½ millj. króna, sem var áhættufé verksmiðjunnar. Auk þess hafði hann nokkra þingmenn í varaliði, ef til þyrfti að taka. Rauðkunefndin á Siglufirði taldi þessar undirskriftir og loforð jafngild ákvörðun Alþingis og hegðaði sér um allar framkvæmdir eins og ríkisábyrgð væri fengin, þó að fjármálaráðherra væri henni algerlega mótfallinn og málið hefði ekki komið á dagskrá í þinginu.

En þegar haustþingið kom saman 1944, lagði Áki Jakobsson, þingmaður Siglfirðinga, fram tillögu þá til þingsályktunar, sem byggð er á fyrrgreindum undirskriftum. Var þar skýrlega tekið fram, að ríkið átti að njóta 3. veðréttar á eftir Tryggingastofnuninni og Útvegsbankanum. Fjárveitinganefnd fékk nú málið til meðferðar. Einn af þingmönnum kommúnista, Þóroddur Guðmundsson, lagði þá mikla áherzlu á, að ekki væri tekið fram í tillögunni, að ríkið hefði 3. veðrétt, heldur væri um þetta farið óljósari orðum. Þegar ekki var tekið undir röksemdir Þórodds Guðmundssonar, lét hann sækja lántökumann fyrirtækisins, þingmann Seyðfirðinga, Lárus Jóhannesson. Fór hann hinu sama fram. Var nú óskað eftir, að þessi umboðsmaður Rauðku sannaði nefndinni, hversu háttað væri hinum margumtöluðu undirskriftum. Varð þm. Seyðf. vel við þessum tilmælum, enda hafði hann með sér — að því er virtist — mjög fullkomið skjalasafn um málið. Kommúnistar höfðu heitið stuðningi sínum flokkslega, þannig að Brynjólfur Bjarnason afhenti loforð um ábyrgðarheimildina fyrir alla samherja sína, án þess að þeir væru skrásettir hver fyrir sig. Á næstu blaðsíðu í skuldaskilabók málfærslumannsins voru nöfn fjögurra Alþýðuflokksmanna. Þá komu ca. 10 sjálfstæðismenn, og

var helzt svo að sjá, sem þeir hefðu verið „króaðir af“ í Reykjavík, eins og laxar, sem dregið er fyrir í góðum veiðihyl. Þar næst komu einstakar eftirlegukindur, sem náðst höfðu með símskeytum. Lárus Jóhannesson taldi sig hafa lagt fram skilríki fyrir fullkomnum meirihlutastuðningi, en hann sagðist hafa nokkurt varalið og lagði þá fram undirskrift þriggja forustumanna úr Framsóknarflokknum, Bjarna Ásgeirssonar, Eysteins Jónssonar og Hermanns Jónassonar. Fylgdi undirskriftunum skýring um, að þessir þingmenn óskuðu helzt, að Rauðka gæti endurfæðzt án ríkisábyrgðar, en þar sem allur viðbúnaður Lárusar Jóhannesonar og vilyrði um lán til fyrirtækisins voru bundin við það, að ríkið bæri áhættuna, þá sýndust þessar fallegu óskir tæplega eiga heima í skjalatösku málfærslumanns, sem taldi sig vera búinn að koma eins konar gandreiðarbeizli á meira en helming þingfulltrúanna.

Lárus Jóhannesson neitaði að skilja þessi undirskriftarplögg með viðeigandi yfirlýsingum eftir hjá nefndinni, og verður þess vegna að skýra málsmeðferðina eftir ræðu hans í fundarherberginu. Af henni var ljóst, að hann hafði öruggan stuðning allra kommúnista og flestallra Alþýðuflokksmanna. Þó mun Haraldur Guðmundsson ekki hafa skrifað undir, af því að hann var lánveitandi fyrir hönd Tryggingastofnunarinnar. Úr Sjálfstæðisflokknum vantaði nöfn Ólafs Thors, Péturs Ottesens, Jóns Sigurðssonar, Ingólfs Jónssonar, Jóns Pálmasonar og Þorsteins Þorsteinssonar. Úr Framsóknarflokknum var Bernharð Stefánsson einn skrásettur með fullum stuðningi. Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson, Skúli Guðmundsson og Helgi Jónasson höfðu neitað með skeyti. Nokkrir framsóknarmenn virðast ekki hafa svarað. Lárus Jóhannesson tók enn fremur fram, að einstaka þingmenn, þar á meðal sá, sem þetta ritar, væru svo slæmir, að hann hefði alls ekki leitað til þeirra.

Mjög erfitt er að skilja afstöðu þeirra þingmanna, sem fylgja þessu máli. Enginn einstakur maður og ekkert gróðafélag hefði látið sér koma til hugar að byggja stóra síldarbræðslustöð, þegar verðbólgan er mest, rétt áður en hrunið og verðfallið kemur. Siglufjörður er fátækur bær, sem mun eiga nógu erfitt með að standa straum af rafveitu sinni og dýrum aðgerðum við höfnina, þó að ekki verði bætt við taprekstri á óhæfilega dýrri síldarbræðslu. Nú eru til í landinu fjórar síldarverksmiðjur, jafnstórar hinni fyrirhuguðu Rauðku, sem kosta ekki nema 25% af því, sem hún mun kosta fullgerð. Það verður vitanlega óhugsandi fyrir Rauðku að keppa við slík fyrirtæki. Til þess er stofnkostnaðurinn allt of mikill. Þetta má vera öllum ljóst og þá um leið hitt, að tapið á þessu fyrirtæki kemur eingöngu á ríkissjóðinn.

Það er eftirtektarvert, að Haraldur Guðmundsson og bankastjórar Útvegsbankans, sem fara með fé ríkissjóðs, neita algerlega að trúa Siglfirðingum eða verksmiðjustjórninni fyrir lánsfé, nema hafa Alþingi í bakábyrgð. Hvorki Tryggingastofnunin né bankinn vill tapa fé sínu með því að láta það í ótryggt lán. Nú eru þingmenn raunverulega eins konar bankastjórar. Þeir eru beðnir um lán. Meira að segja, einn af þingmönnum gengur um fyrir gott kaup og sælist eftir nægilega mörgum jáyrðum frá þessum 52 umráðamönnum ríkisfjárhirzlunnar, sem hér er leitað til. Meiri hluti þessara manna sýnir minni gætni en húsbændur áðurnefndra lánsstofnana. Þeir heita meira að segja fylgi sínu á óformlegan og óskemmtilegan hátt.

Í Englandi mundi það ekki hafa verið talið viðeigandi, að þingmaður hefði með höndum svipaðan áróður í Parlamentinu og Lárus Jóhannesson hefur uppi haft á Alþingi. Málfærslumaður getur tekið að sér að útvega lán gegn ómakslaunum eftir upphæð lánsins. En alþingismaður hefur ekki siðferðislegan rétt til að falast eftir atkvæðum þingbræðra sinna í sambandi við ábyrgð á hendur ríkissjóði.

Fyrrverandi ráðherrar Framsóknarflokksins, Eysteinn Jónsson og Hermann Jónasson, höfðu, meðan hagfelldara var að byggja en nú, sýnt mikinn dugnað við að standa á móti því, að Siglufjörður tæki þátt í áhættusömum atvinnurekstri. Nú er aðstaða þessara manna gerbreytt og það svo mjög, að þeir lána nöfn sín til framdráttar máli, sem er mörgum sinnum fráleitari framkvæmd en þegar þeir stóðu

með glöggum rökum gegn hinni fyrri sókn Siglfirðinga út í ófæruna. Að líkindum eru veðrabrigðin í hugum þessara tveggja leiðtoga Framsóknarflokksins að einhverju leyti í sambandi við hinar þrálátu tilraunir þeirra að ná samkomulagi við kommúnista um sameiginlega þátttöku í stjórn landsins. En hvernig sem á málið er litið, þá bera þessi skoðanaskipti ekki vott um, að aukin lífsreynsla hafi gert mennina dómhæfari um pólitísk vandamál.

Eins og fyrr er um getið, sækir Guðm. Hannesson Rauðkumálið með ótrúlegri bjartsýni. Hann á sinn þátt í, að grunnur Rauðku er metinn hinu nýja fyrirtæki á 800 þús. kr. Hann ræður miklu um það, að Rauðka selur Skeiðsfossvirkjuninni vararafvélar fyrir mörg hundr. þús. krónur. Hann hefur ekki þolað skynsamleg mótrök og gagnrýni í þessu mikla fjármáli. Þormóður Eyjólfsson hafði beðið ritstjórn framsóknarblaðsins Einherja fyrir stutta grein um Rauðkumálið, og var meginefni greinarinnar rökstuðningur þeirra Þormóðs Eyjólfssonar og Sveins Benediktssonar í stjórn ríkisverksmiðjanna, þar sem þeir lögðu fram mótmæli gegn því, að Siglufjörður endurreisti Rauðku. Þegar grein þessi hafði verið sett í prentsmiðjunni, kom Guðm. Hannesson þangað og bannaði sem meirihlutamaður í stjórn blaðsins að prenta greinina. Var ritgerðin þá send Degi á Akureyri, en ritstjórinn neitaði eftir fyrirmælum utan frá að ljá henni rúm í blaði sínu. Þormóður Eyjólfsson sendi Tímanum þá greinina. Ritstjórinn símaði honum um hæl og sagði, að greinin yrði ekki tekin. Mér þóttu þetta svo merkilegar aðferðir, að ég lét orð falla um, að mér þætti sennilegt, að þetta forboðna plagg yrði að koma fyrir sjónir almennings meðal röksemda um Rauðkubygginguna. Hvort sem þessi vitneskja hefur haft áhrif eða ekki, er svo mikið víst, að símað var til Þormóðs Eyjólfssonar um, að grein hans mundi verða birt í Tímanum.

Það hefur þótt hlýða að fylgja Rauðkumálinu úr hlaði með fáeinum orðum. Saga þessa fyrirtækis er eins og mannlífið og veðrið. Þar gætir mikilla umskipta. Það er ánægjulegt að minnast þess manns á Siglufirði, sem gerði með miklum þegnskap tilraun til að flytja eignaryfirráð íslenzks lands frá Kaupmannahöfn og heim til átthaganna. Það er sorglegt að sjá aðra Siglfirðinga fara um bakdyr inn til útlendra fjármálamanna til að spilla fyrir sínu eigin bæjarfélagi. Það er gleðilegt til þess að vita, að dómur almenningsálitsins á Siglufirði neyddi hina óheppnu borgara til að skila bænum aftur hinum leiðinlega fengnu eignum sínum. Síðan heldur leikurinn um Rauðku áfram, þangað til dýrtíðarvíman hefur svifið svo mjög á meiri hluta Siglfirðinga, að þeir njóta ekki í þessu máli meira af meðfæddri dómgreind en venjulegur Íslendingur í veizlulok, þar sem vel var veitt. Siglfirðingar hafa nú með höndum fjárhagsframkvæmd, þar sem Rauðka er, sem enginn einstakur maður á Íslandi mundi vilja gera fyrir eigin reikning. Þeir alþingismenn, sem kunna að hafa veitt Lárusi Jóhannessyni ádrátt um fylgi við mál, sem minnkun er að styðja, geta enn bjargað sér úr leiðinlegum hafvillum með því að fella Rauðkutillögu Áka Jakobssonar.

Alþingi, 20. sept. 1944.

Jónas Jónsson, frsm. Helgi Jónasson.

Nd. 344. Frumvarp til laga

um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Þ. Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita dr. med. Karl Kroner, fyrrum yfirlækni í Berlín, ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi. Fylgja því þau réttindi og skyldur, sem um getur í l. nr. 47 23. júní 1932.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dr. med. Karl Kroner, fyrrum yfirlæknir í Berlín, hefur dvalizt hér á landi síðan í desember 1938. Hann er þekktur sérfræðingur í taugasjúkdómum. Hér er oft til hans leitað um lækningar, en hann hefur orðið að vísa sjúklingum frá sér, vegna þess að hann hefur ekki íslenzkt lækningaleyfi. En samkv. gildandi lögum er íslenzkur ríkisborgararéttur skilyrði lækningaleyfis. Dr. Kroner hefur hins vegar ekki dvalizt hér enn þau 10 ár, sem krafizt hefur verið undanfarið til að veita ríkisborgararétt.

Dr. Kroner og frú hans eru góðkunnir Íslandsvinir, og stóð heimili þeirra í Berlín jafnan opið íslenzkum námsmönnum og öðrum Íslendingum, er þangað komu.

Dr. Kroner er nú 66 ára að aldri. Er það ekki vansalaust, að svo þaulreyndur og ágætur læknir hafi ekki leyfi til að liðsinna íslenzkum sjúklingum, er til hans leita, og neyðist til að stunda erfiðisvinnu sér til framfærslu.

Sþ. 345. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þessarar tillögu í fjárveitinganefnd. Hefur nefndin haldið nokkra fundi um málið og meðal annars átt viðræður við atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra um tillöguna. Fjárveitinganefnd hefur aflað upplýsinga hjá bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar um kostnað við endurbyggingu verksmiðjunnar, og hefur nefndin fengið sundurliðaða kostnaðaráætlun, sem sýnir, að ráð er fyrir því gert, að kostnaður við endurbygginguna verði 5000000 króna. Samkvæmt því hefði Siglufjarðarkaupstaður ekki þurft að leita eftir ábyrgð ríkisins fyrir hærra láni en 1000000 króna, þar sem hann hefur samkvæmt þingsályktunartillögunni tryggt sér 4000000 króna lán út á 1. og 2. veðrétt í verksmiðjunni. En eftir því, sem fram kemur í símskeyti bæjarstjórans til fjárveitinganefndar, þá gera lánveitendurnir, sem heitið hafa að lána umræddar 4000000 kr., en það eru, eftir því sem upplýst hefur verið, Tryggingastofnun ríkisins og Útvegsbanki Íslands h/f, kröfu til þess, að Siglufjarðarkaupstaður hafi auk áætlaðs stofnkostnaðar handbærar 500000 kr. til viðbótar, og séu þær til tryggingar því, að lokið verði við bygginguna fyrir næstu síldarvertíð. Þannig virðist í því liggja, að farið er fram á fyrir hönd Siglufjarðarkaupstaðar ríkisábyrgð fyrir 500000 króna hærra láni en kostnaðaráætlunin sýnir, að þurfa muni til að ljúka byggingunni. Eftir þessum upplýsingum að dæma er það ekki rétt með farið, sem í tillögunni stendur, að hér sé um rekstrarlán að ræða.

Nú ber því engan veginn að neita, að svo gæti farið, að nokkra fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð gæti leitt af þessari ábyrgð. Það er ekki vitað, hvernig tekst, þegar yfirstandandi hildarleik slotar, að sjá þeim fyrirtækjum farborða, sem reist eru á hápunkti dýrtíðarinnar. Og því fremur mætti segja, að það gæti orkað tvímælis frá fjárhagslegu sjónarmiði ríkissjóðs að bæta nú við ábyrgðarfúlgu þá, sem á ríkissjóði hvílir vegna Siglufjarðarkaupstaðar, að kaupstaðurinn hefur samtímis með höndum stóra og mjög kostnaðarsama framkvæmd, þar sem Skeiðsfossvirkjunin er.

Hins vegar má á það líta, að stækkun síldarverksmiðjunnar, miðað við veiðiafköst síldarflotans undanfarin ár, er í sjálfu sér mesta þarfamál og það þótt

meira væri að gert í því efni, meðan ekki tekst að finna ráð til þess að geyma síldina óskemmda, þótt dráttur verði á vinnslu hennar.

Nú er svo háttað um endurbyggingu verksmiðjunnar, að hún er alllangt á veg komin, en lúkning verksins veltur á því, að umrædd ríkisábyrgð verði veitt, þá virðist, eins og málum er komið, ekki rétt né hyggilegt frá almennu sjónarmiði séð að setja fót fyrir það, að lokið verði við verksmiðjubygginguna, og því beri að veita þessa ábyrgð.

En eins og þetta mál er vaxið og lýst er hér að framan, tel ég, sem að þessu nefndaráliti stend, sjálfsagt að breyta orðalagi tillögunnar og færa það til samræmis við nýjar upplýsingar í málinu og jafnframt slá varnagla við því, að hlutaka ríkissjóðs í ábyrgð vegna þessara framkvæmda verði meiri en þörf er á.

Að öllu þessu athuguðu legg ég til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar á síldarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti samtals að upphæð 4 millj. króna. Ef þær 5 milljónir króna samtals, er að framan getur, hrökkva ekki til að ljúka verkinu fyrir næstu síldarvertíð, er ríkisstjórninni falið að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.

Alþingi, 19. sept. 1944.

Pétur Ottesen,
form.

Nd. 346. Frumvarp til laga

um bygging og rekstur sjúkrahúss á Akureyri.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Reisa skal og reka fullkomið sjúkrahús á Akureyri fyrir Norðlendingafjórðung.

2. gr.

Kostnaður við byggingu og rekstur sjúkrahússins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Um yfirstjórn sjúkrahússins fer samkv. 9. gr. laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

4. gr.

Akureyrarspítali, sem nú er, skal afhentur ríkissjóði til eignar án endurgjalds ásamt fé því, er safnað hefur verið til fyrirhugaðrar sjúkrahúsbyggingar, er ákvæði þessara laga koma til framkvæmda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir alllöngu var Akureyrarspítali af dómbærum mönnum álitinn með öllu ófullnægjandi. Var það hvort tveggja í senn, að gamli spítalinn var talinn nálega ónothæfur sakir elli og hrörnunar og að hann fullnægði ekki kröfum tímans, hvað útbúnað snertir. Auk þess var hann allt of lítill, því að aðsókn að honum hefur allt-

af verið mikil víðs vegar af landinu. Nýbygging sjúkrahúss á Akureyri hefur því um langt skeið verið efst á baugi hjá forráðamönnum og heilbrigðisstjórn Akureyrarkaupstaðar. Akureyrarbæ var einum um megn að reisa nýtt og fullkomið sjúkrahús nægilega stórt fyrir Norðlendingafjórðung. Var því horfið að því ráði að endurbæta gamla spítalann, svo að hann mætti teljast nothæfur fyrir sjúklinga í bili, en samtímis var ráðizt í að byggja álmu nægilega rúmgóða fyrir skurð-, ljóslækninga- og röntgenstofur, og er hún hugsuð sem liður í væntanlegri nýtízku sjúkrahúsbyggingu. Þessi nýbygging hefur að vísu bætt úr bráðustu þörfinni. En þrátt fyrir það er öllum orðið ljóst, að bygging nýs sjúkrahúss má ekki dragast lengur. Háværar raddir úr bæ og byggðum Eyjafjarðar hafa iðulega heyrzt um þessa knýjandi þörf, en nú er svo komið, að almennur áhugi er vaknaður um allt Norðurland á þessari sjúkrahúsbyggingu. Um þrjú þúsund alþingiskjósendur úr Akureyrarkaupstað, báðum Þingeyjarsýslum, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu hafa þegar sent Alþingi áskorun um það, að ríkið láti nú reisa og reka nýtízku sjúkrahús á Akureyri, er fullnægi sjúkrahúsþörfum Norðlendingafjórðungs. En auk þessa veit ég, að á leiðinni eru sams konar áskoranir frá mörg hundruð alþingiskjósendum, og verða þær lagðar fram á Alþingi, jafnóðum og þær koma.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti á fundi sínum 12. þ. m. svofellda ályktun:

„Bæjarstjórn Akureyrar samþykkir að skora á hið háa Alþingi, að það samþykki, að ríkissjóður taki að sér rekstur sjúkrahússins á Akureyri og geri það þannig úr garði, að það fullnægi kröfum sem fjórðungsspítali á Norðurlandi, enda fái ríkissjóður til eignar sjúkrahúsið ásamt fé því, er safnað hefur verið til fyrirhugaðrar spítalabyggingar.

Jafnframt fer bæjarstjórnin fram á, að hið háa Alþingi samþykki í fjárlögum fyrir árið 1945 500000 króna fjárveitingu til byggingar nýs sjúkrahúss á Akureyri."

Á aukafundi sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, er haldinn var á Akureyri 9. þ. m., bar sýslumaður fram svo hljóðandi ályktun, sem var samþykkt með öllum atkv.:

„Það eru allir sammála um, að sjúkrahúsið á Akureyri er með öllu ófullnægjandi, bæði gamalt og úr sér gengið og auk þess allt of lítið. Hitt er og víst, að Akureyrarbær og aðliggjandi sýslur eru á engan hátt færar um að byggja nýtízku sjúkrahús. Er því ein leið, sem fær er í þessu máli, að ríkissjóður byggi sjúkrahúsið og reki það. Verður ekki annað séð en að það sé sjálfsögð skylda hins opinbera að taka forustuna í svo þýðingarmiklu heilbrigðismáli. Akureyrarbær er nú næststærsti bær á þessu landi, og virðist því eðlilegt, að ríkissjúkrahús sé byggt hér. Mundi þetta hafa mjög víðtæk áhrif fyrir heilbrigðismál þjóðarinnar. Ef hér yrði byggt nýtízku sjúkrahús, mundu læknar Norðurlands alltaf við og við geta komið hér og verið á sjúkrahúsinu og lært ýmislegt, svo að þeir yrðu færari að gegna störfum sínum. Það mundi þá myndast með byggingu sjúkrahúss eins konar heilbrigðismiðstöð fyrir Norðurland, og því meiri nauðsyn er á þessu, þar sem Landsspítalinn er ekki nógu stór fyrir allt landið. Sýslunefndin skorar því á Alþingi að taka þetta mál að sér nú þegar og láta byrja á byggingu sjúkrahússins sem allra fyrst."

Þá hefur sýslunefnd Þingeyjarsýslu samþykkt á aðalfundi sínum eftirfarandi:

„Sýslunefndin lítur svo á, að ríkið eigi að reisa og reka sjúkrahús á Akureyri fyrir allt Norðurland, eins og það rekur sjúkrahús í Reykjavík, enda eðlilegt, að samhjálp í heilbrigðismálum sé í aðalatriðum þjóðfélagsleg. Telur því nefndin, að mál þetta verði enn á ný að leggja fyrir heilbrigðisstjórn ríkisins og Alþingi."

Aðalfundur Sambands norðlenzkra kvenna samþykkti einnig ályktun í máli þessu, er gekk í sömu átt.

Ættu þessar áskoranir og ályktanir að nægja til þess að sýna, hve mikill áhugi og alvöruþungi fylgir þessu máli úr byggðum Norðurlands. Enda er sannast sagna ekki hægt að una lengur við það ástand, sem er í þessu máli.

Sþ. 347. Þingsályktun

um endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 21. sept.).

Samhljóða þskj. 341.

Ed. 348. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar. Nefndinni hefur borizt bréf Brunabótafélags Íslands, þar sem félagið mælir með því, að frv. nái fram að ganga á þinginu, og óskar jafnframt eftir, að 5. gr. laganna verði breytt. Allsherjarnefnd hefur athugað frv. og breytingu þá, sem Brunabótafélagið óskar á 5. gr. laganna um Brunabótafélag Íslands. Getur nefndin fallizt á rök þau, er félagið færir fyrir beiðni sinni, og leggur til, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU.

Framan við 1. gr. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er félaginu og vátryggjendum skylt að breyta árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

Hagstofan reiknar byggingarvísitöluna fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlok ár hvert.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast vátryggingarupphæð næstkomandi vátryggingarárs, þó þannig, að vátryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna.

Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbyggingarkostnað, er félaginu heimilt að láta fram fara endurvirðingu á öllum fasteignum, sem vátryggðar eru hjá félaginu.

Fylgiskjal.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 15. sept. 1944.

Fyrir hv. nefnd liggur frv. um breyt. á lögum félagsins. Um leið og vér leyfum oss að óska athygli og velvildar hv. nefndar á efni frumvarpsins og framgangi þess á þinginu, leyfum vér oss að óska þess, að hún í sambandi við það beri fram meðfylgjandi viðauka við 5. gr. laga félagsins.

Ástæður fyrir nefndum viðaukatillögum eru þessar:

Félagið hefur undanfarin styrjaldarár reynt að fá vátryggjendur til að halda vátryggingarupphæðum húsa sinna í samræmi við hið breytta og breytilega verðlag byggingarkostnaðar, ýmist með því að leyfa hlutfallshækkun án virðingar eða með endurvirðingum. Nokkuð hefur orðið ágengt í því efni, en hvergi nærri svo, að fullkomið samræmi hafi haldizt. Fyrirsjáanlegt er, að enn verða mörg ár, þangað til festa kemst á byggingarkostnað, enda ólíklegt, að verðlag komist nokkurn tíma til samræmis við það verðlag, sem var fyrir 1939. Ákvæði meðfylgjandi tillagna miðast við það, að húsavátryggingar geti á hverjum tíma verið í sem nánustu samræmi við raunveruleikann, á meðan verðlagið er breytilegt. Einnig miða tillögurnar að

því, að sem fyllst samræmi geti náðst á milli vátryggingarupphæðar og verðmætis, þegar ætla má, að festa sé komin á um byggingarkostnað.

Félagið er reiðubúið að gefa nefndinni þær nánari upplýsingar þessum atriðum viðkomandi, sem hún kynni að óska.

Virðingarfyllst.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS
H. Stefánsson.

Til allsherjarn. Ed. Alþingis.

Alþingi, 21. sept. 1944.

Bjarni Benediktsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Lárus Jóhannesson.
Bernh. Stefánsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 349. Nefndarálit

um frumvarp til laga um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið umsögn vitamálastjóra, og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. sept. 1944.

Emil Jónsson, p. t. form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.
Eysteinn Jónsson.

Nd. 350. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið umsögn vitamálastjóra um það. Mælir hún með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. sept. 1944.

Emil Jónsson, p. t. form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.
Eysteinn Jónsson.

Nd. 351. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Örlygshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta, fengið umsögn vitamálastjóra og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. sept. 1944.

Emil Jónsson, p. t. form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.

Eysteinn Jónsson.

Nd. 352. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur á Hvalskeri.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og fengið umsögn vitamálastjóra. Mælir hún með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. sept. 1944.

Emil Jónsson, p. t. form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.

Eysteinn Jónsson.

Ed. 353. Frumvarp til laga

um æskulýðshöll í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreitis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins.

2. gr.

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Nefnir hvor aðili sinn nefndarmann, en hæstiréttur oddamann. Varamenn í nefndina skulu jafnmargir vera og nefndir með sama hætti. Samþykki kennslumálaráðherra og bæjarráðs þarf til ákvörðunar á lóð undir höllina, uppdrátta að henni og til ákvörðunar um það, hverjum bygging hennar verði falin og með hvaða kjörum, svo og til ákvörðunar um allar aðrar meiri háttar ráðstafanir í sambandi við bygginguna.

3. gr.

Með sama hætti, sem í 2. gr. segir, skal nefna þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar. Nefndin ræður forstjóra og starfsmenn æsku-

lýðshallar og leysir þá frá starfi. Þó getur ráðherra og borgarstjóri leyst forstjóra og dyravörð, ef hann verður sérstakur ráðinn, frá starfi, ef einhver nefndarmanna leggur það til.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um allt, er rekstur æskulýðshallar varðar, skal setja í reglugerð, er bæjarráð og ráðherra setja.

5. gr.

Heimilt er aðilum þeim, er í 1. gr. getur, að starfrækja tómstundaheimili í þágu æskulýðs í Reykjavík, þar til æskulýðshöllin er tekin til starfrækslu. Um rekstur tómstundaheimilis fer eftir þeim reglum, sem að framan segir, eftir því sem við getur átt. Þó getur ráðherra og bæjarráð samið við æskulýðsfélagsskap, sem óháður er öllum stjórnmálasamtökum, um að taka að sér rekstur slíks heimilis, og þarf þá ekki að skipa sérstaka forstöðunefnd.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af fyrrverandi dómsmálaráðherra, dr. juris Einari Arnórssyni, og er flutt í samráði við hann.

Ed. 354. Breytingartillaga

við frv. til laga um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr.

Annar málsliður greinarinnar falli niður.

Nd. 355. Frumvarp til laga

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsókn í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

2. gr.

Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

3. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 356. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagning skatta árið 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 26. apríl 1944. Greinargerðin fyrir bráðabirgðalögunum er svo hljóðandi:

„Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að enn í ár sé nauðsynlegt að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í 14. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Eigi þetta einkum við í kaupstöðum, þar sem skattastörf eru umfangsmikil, og megi búast við, að frestur sá, sem ákveðinn er í fyrrgreindum lögum, reynist oft full-stuttur, einkum þegar til mála geta komið breytingar á skattalögum og störf skattanefnda tefjast vegna óvissu um afdrif þeirra breytinga á Alþingi.

Ráðherrann telur heppilegast, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem verið hefur undanfarin ár, veitt heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum og að heimildin verði til frambúðar.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur verði alls staðar á landinu löglega á lagðir 1944, en ekki sé ástæða til að svo stöddu að láta heimildina ná lengra en til álagningar skatta árið 1944, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:“

Nd. 357. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

2. gr.

Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða skv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann, og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveitarfélög, þar sem fasteignin er.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni, og skal hann vera lögfræðingur.

4. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

5. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 1. gr., ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfuhöfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 26. apríl 1944. Greinargerðin fyrir bráðabirgðalögunum er svo hljóðandi:

„Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir burtrýmingu hernaðarmannvirkja hér á landi, þegar að því kemur, og með það fyrir augum, að verðmæti þau, sem í þessum mannvirkum eru, komi að sem beztum notum fyrir landsmenn, telji hann nauðsynlegt, að ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs sé veitt heimild til að festa kaup á eignum setuliðsins.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs sé veitt ofannefnd heimild, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:“

Sþ. 358. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp.

Flm.: Ólafur Thors, Guðm. Í. Guðmundsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 1200 þús. kr., sem Keflavíkurhreppur tekur til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, og lán, að upphæð allt að 300 þús. kr., er Njarðvíkurhreppur tekur í sama skyni.

Greinargerð.

Nýverið var samþ. á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að kaupa allt það efni, er þá var fáanlegt í rafveitu Reykjaness. Efni þetta hefur nú verið keypt, og er búið að flytja nokkurn hluta þess til landsins, en annað er á leiðinni, og verður öllum flutningi hraðað sem föng eru á. Hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, og hefur ríkið þær með höndum. Kostar ríkið aðalorkuveituna frá Hafnarfirði til Keflavíkur, en hrepparnir verða að standast kostnað af innanhreppskerfum. —

Er hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánum, er Keflavíkurhreppur og Njarðvíkurhreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er slík ábyrgð hliðstæð ábyrgðum, sem ríkið hefur veitt fyrir kostnaði við rafveituframkvæmdir hjá öðrum sveitarfélögum.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við bráðabirgðaáætlun forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Keflavík og Njarðvíkum, en lengra verður Reykjanesveitunni eigi komið áleiðis með því efni, er enn hefur fengizt keypt erlendis til slíkra framkvæmda.

Sþ. 359. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1945 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur		21 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur	8000000		
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga	4000000		
		4 000 000	
			25 000 000
3. Vörumagnstollur		8 000 000	
4. Verðtollur		25 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni		800 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum		1 500 000	
			35 300 000
7. Fasteignaskattur		600 000	
8. Lestagjald af skipum		60 000	
9. Bifreiðaskattur		900 000	
			1 560 000
10. Aukatekjur		800 000	
11. Stimpilgjald		1 700 000	
12. Vitagjald		300 000	
13. Leyfisbréfagjöld		50 000	
14. Erfðafjárskattur		200 000	
15. Veitingaskattur		400 000	
			3 450 000
Samtals ...		. . .	65 310 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	616900	
2.	— áfengisverzlunar	13346920	
3.	— tóbakseinkasölu	6585901	
4.	— ríkisútvarps	204655	
5.	— ríkisprentsmiðju	260000	
			21 014 376
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs		346 300
			20 668 076
	Samtals ...	. . .	20 668 076
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		2 600 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður		239 000
	2. Póststofan í Reykjavík		1 082 000
	3. Önnur pósthús		588 300
	4. Póstflutningar		760 000
	5. Önnur gjöld		167 000
	6. Fyrning		10 000
	7. Orlofsfé og lífeyrissjóðsiðgjöld		100 000
			2 946 300
	Mismunur (halli) ...		346 300
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		10 550 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum		100 000
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	466700	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	1486000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	118500	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	199000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	2185000	
	6. Áhaldahúsið	120000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	357000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	249000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	157900	
	10. Símstöðin á Borðeyri	134400	
	11. Símstöðin í Vestmannaeyjum	169400	
	12. Símstöðin á Siglufirði	199700	
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	900000	
			6 742 600

3. gr.

		kr.	kr.
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	200 000	
d.	Viðbót og viðhald stöðva	548 500	
e.	Viðhald landssímanna	1 747 000	
f.	Framhaldsgjald	150 000	
g.	Ýmis gjöld	75 000	
h.	Fyrning á húsum og áhöldum	100 000	
i.	Lífeyrissjóðsiðgjöld	270 000	
			9 933 100
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	616 900
	Eignabreytingar landssímans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum		200 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		250 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		50 000
V.	Til birgðahúss í Reykjavík		450 000
VI.	Til póst- og símahúss á Akureyri		350 000
VII.	Til nýrra landssímalína		250 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	1 700 000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		15 500 000
II.	Gjöld:		
1.	a. Grunnlaun 230460		
	b. Aukauppbót 64572		
	c. Verðlagsuppbót 438048		
		733 080	
2.	Ýmislegur rekstrarkostnaður	280 000	
3.	Kostnaður við áfengisúthlutun	405 000	
4.	Flutningskostnaður	60 000	
5.	Útsvar	675 000	
			2 153 080
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	13 346 920
	4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		7 500 000
II.	Gjöld:		
a.	Laun:		
1.	Grunnlaun 97540		
2.	Aukauppbót 26941		
3.	Verðlagsuppbót 182596		
		307 077	
b.	Annar kostnaður	257 022	
c.	Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.	350 000	
			914 099
	Fært á 3. gr. A. 3	. . .	6 585 901

3. gr.

		kr.	kr.
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	1 325 000	
	b. Aðrar tekjur	300 000	
			1 625 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 222400		
	2. Aukauppbót 60325		
	3. Verðlagsuppbót 420900		
		703 625	
	b. Útvarpsefni	350 000	
	c. Skrifstofukostnaður	150 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	75 000	
	e. Til útvarpsstöðva	185 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	30 000	
	g. Óviss útgjöld	25 000	
	h. Vextir	15 000	
	i. Fyrning á húsum og vélum	50 000	
			1 583 625
		. . .	41 375
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	408 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun		
	a. Grunnlaun 51840		
	b. Aukauppbót 14040		
	c. Verðlagsuppbót 96570		
	162450		
	2. Annar kostnaður 96808		
		259 258	
			148 742
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:		
	a. Tekjur	270 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 46100		
	b. Aukauppbót 12485		
	c. Verðlagsuppbót 87877		
	146462		
	2. Efni 80000		
	3. Annar kostnaður 40500		
		266 962	
			3 038

3. gr.

			kr.	kr.
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:			
	a. Tekjur		175 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	24100		
	b. Aukauppbót	6700		
	c. Verðlagsuppbót	46200		
		77000		
	2. Efni	60000		
	3. Annar kostnaður	26500		
			163 500	
				11 500
	Fært á 3. gr. A. 4		. . .	204 655
	Eignabreytingar:			
	Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b)		. . .	89 100
	6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I.	Tekjur (prentvinna)			1 750 000
II.	Gjöld:			
	1. a. Laun starfsmanna:			
	1. Grunnlaun	39500		
	2. Aukauppbót	5500		
	3. Verðlagsuppbót	64000		
		109000		
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
	1. Grunnlaun	356400		
	2. Verðlagsuppbót	534600		
		891000		
			1 000 000	
	2. Efnivörur		257 000	
	3. Vélarekstur og viðhald		95 000	
	4. Vextir		5 000	
	5. Annar kostnaður		113 000	
	6. Fyrning		20 000	
				1 490 000
	Fært á 3. gr. A. 5		. . .	260 000
	7. Landssmiðjan.			
I.	Tekjur:			
	1. Vörusala		60 000	
	2. Járnsmíðadeild		350 000	
	3. Trésmíðadeild		60 000	
	4. Járnsteypa		10 000	
	5. Seld vélanotkun		100 000	
				580 000

3. gr.

			kr.	kr.
II.	Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	43430		
	b. Aukauppbót	9620		
	c. Verðlagsuppbót	78450		
			131 500	
	2. Vextir		50 000	
	3. Tap á skuldum		15 000	
	4. Annar kostnaður		150 000	
	5. Fyrning		150 000	
	6. Skattar í ríkissjóð		83 500	
				580 000
	8. Áburðarsala ríkisins.			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	16500		
	2. Aukauppbót	4738		
	3. Verðlagsuppbót	31375		
		52613		
b.	Annar kostnaður	107387		
			160 000	
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		160 000	
	9. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	33000		
	2. Aukauppbót	8937		
	3. Verðlagsuppbót	60290		
		102227		
b.	Annar kostnaður	97773		
			200 000	
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		200 000	
	B.			
	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1.	Arnarhvoll:			
	a. Tekjur		90 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun húsvarðar:			
	a. Grunnlaun	3600		
	b. Aukauppbót	1020		
	c. Verðlagsuppbót	6930		
		11550		

3. gr.

		kr.	kr.
2. Vextir	19458		
3. Annar kostnaður	53150		
4. Fyrning	3649		
		87 807	
			2 193
2. Tekjur af öðrum fasteignum			8 000
Samtals ...		. . .	10 193

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		153 785
2. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		12 211
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
4. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		139 434
5. Arður af hlutafjáreign		187 000
6. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	722 430

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1945 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		926 787
2. Lán í dönskum krónum		269 429
3. Lán í sterlingspundum		329 434
4. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 575 650

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		200 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 200 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		12 187
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 214 357

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	50000			
2. Aukauppbót	13100			
3. Verðlagsuppbót	74025			
4. Viðbótargreiðsla, 5000 kr. til hvers ráðherra, allt að	25000			
		162125		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra .	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1010			
		4010		
			191 135	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	59400			
2. Aukauppbót	16125			
3. Verðlagsuppbót	113287			
		188812		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	50002			
2. Aukauppbót	13537			
3. Verðlagsuppbót	95310			
		158849		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	111636			
2. Aukauppbót	29248			
3. Verðlagsuppbót	205928			
		346812		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	39452			
2. Aukauppbót	11102			
3. Verðlagsuppbót	75832			
		126386		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	18150			
2. Aukauppbót	4897			
3. Verðlagsuppbót	34571			
		57618		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:				
1. Grunnlaun	32052			
2. Aukauppbót	8909			
3. Verðlagsuppbót	61443			
		102404		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		185000		
			1 165 881	

10. gr.

			kr.	kr.
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	65200		
	2. Aukauppbót	17860		
	3. Verðlagsuppbót	119160		
		202220		
	b. Annar kostnaður	30000		
			232 220	
4.	Ýmis kostnaður:			
	a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	12000		
	b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
	1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200		
	2. Til pappírs og prentunar	70000		
	3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500		
		75700		
	c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	20000		
	d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046		
			109 746	
				1 698 982
II.	Hagstofan:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	50030		
	2. Aukauppbót	14187		
	3. Verðlagsuppbót	95951		
			160 168	
	b. Aukavinna		4 000	
	c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		60 000	
b. Verðlagsuppbót	1 350	
		2 250
7. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	750	
		1 250
8. Til áburðarverksmiðju, framlag ríkissjóðs, er leggist til hliðar til ráðstöfunar síðar		2 000 000
9. Til raforkusjóðs samkv. l. nr. 91 1942		500 000
Samtals C ...	. . .	2 834 350

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		31 000
2. Til alþýðutrygginga:		
a. Slysatryggingar	105 000	
b. Sjúkratryggingar	1 920 000	
c. Atvinnuleysistryggingar	15 000	
d. Ellilaun og örorkubætur	2 550 000	
e. Kostnaðartillag	205 000	
		4 795 000
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 19. og 21 gr. framfærslulaga nr. 135 1935		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		14 650
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík ..... enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.	7 000	
b. Til sex gamalmennahæla utan Reykjavíkur, kr. 3000 til hvers	18 000	
		25 000
7. Til kostnaðar við sumardvöl barna í sveit		150 000
8. Til barnaheimila og barnaverndar		30 500
9. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		70 000
10. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda	25 000	
		50 000
11. Til slysavarna		50 000
12. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
13. Bindindisstarfsemi:		
a. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi ..... Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 5000 kr.	40 000	
b. Til sömu, styrkur til húsbygginga, lokagreiðsla	15 000	
c. Til útbreiðslu bindindis	7 500	
d. Til áfengisráðunautar:		
1. Grunnlaun 3000		
2. Aukauppbót 870		
3. Verðlagsuppbót 5805		
	9 675	
		72 175

17. gr.

	kr.	kr.
14. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands	12 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		15 500
15. Til Íþróttasambands Íslands, til bókaútgáfu		10 000
16. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		100 000
17. Til vinnumiðlunar		20 000
18. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
19. Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar		200 000
20. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		375 000
21. Til Bálfararfélags Íslands		35 000
22. Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunar-starfsemi		5 000
23. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		40 000
Samtals ...	. . .	6 828 825

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Grunnlaun		110 000	
b. Aukauppbót		32 000	
c. Verðlagsuppbót		213 000	
			355 000
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	2660,00		
2. Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari	1000,00		
3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	640,00		
4. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1200,00		
5. Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis	1000,00		
6. Eiríkur Kjerúlf læknir	1000,00		
7. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1000,00		
8. Guðmundur Hannesson prófessor	1200,00		
9. Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	3403,19		
10. Halldór Júlíusson, fyrrv. sýslumaður	800,00		
11. Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	2000,00		
12. Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
13. Jakob Kristinsson, fv. fræðslumálastjóri	6000,00		
14. Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
15. Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri	1577,14		
16. Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	1546,80		
17. Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	1826,67		
18. Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	2000,00		
19. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
20. Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
21. Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1000,00		
22. Sigurður Magnússon, fyrrv. yfirlæknir	2000,00		
23. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	2000,00		
24. Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðslæknir	2067,12		
25. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	535,00		
26. Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1000,00		
27. Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	1328,00		
28. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	700,00		
29. Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	2000,00		
30. Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	1500,00		
		46 984	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	500,00		
2. Aðalbjörg Sigurðardóttir	1200,00		
3. Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	450,00		
4. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	600,00		
5. Ásta Einarson	600,00		
6. Camilla Hallgrímsson	760,00		
7. Cathinka Sigfússon	1000,00		

18. gr.

		kr.	kr.
8.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1200,00	
9.	Guðbjörg Tómasdóttir, kr. 600, auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	900,00	
10.	Guðlaug Magnúsdóttir	2000,00	
11.	Guðrún Björnsdóttir, læknisekkja ...	600,00	
12.	Harriet Jónsson	450,00	
13.	Helga Finnsdóttir	1200,00	
14.	Hrefna Einarsdóttir	600,00	
15.	Hrefna Jóhannesdóttir 600 kr., auk 300 kr. með hvoru barni í ómegð	1200,00	
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja ..	500,00	
17.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	400,00	
18.	Jenny Forberg	600,00	
19.	Júlíana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	500,00	
20.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ...	600,00	
21.	Laufey Vilhjálmsdóttir	2400,00	
22.	Magnea Ásgeirsson	200,00	
23.	Margrét Árnadóttir	600,00	
24.	Margrét Björnson	1000,00	
25.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	700,00	
26.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja ..	400,00	
27.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	900,00	
28.	Marie Helgason	2000,00	
29.	Ragnheiður Einarsdóttir sýslum.ekkja	600,00	
30.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	800,00	
31.	Rannveig Tómasdóttir	600,00	
32.	Rigmor Ófeigsson	800,00	
33.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja ...	800,00	
34.	Sigríður Blöndal	300,00	
35.	Sigríður Finnbogadóttir	800,00	
36.	Sigríður Fjeldsted	450,00	
37.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	400,00	
38.	Sigrún Bjarnason	600,00	
39.	Sofia Guðmundsson	2000,00	
40.	Soffía Hjaltested	600,00	
41.	Steinunn Frímannsdóttir	450,00	
42.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson ...	500,00	
43.	Theodóra Thoroddsen	1200,00	
44.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja ...	700,00	
45.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	600,00	
46.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ...	400,00	
47.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja ..	700,00	
48.	Þrúður Ingibj. Jónsdóttir	300,00	
			37 660
c.	**Uppgjafaprestar:**		
1.	Árni Þórarinsson	580,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	430,00	

18. gr.

		kr.	kr.
3.	Ásmundur Gíslason	385,00	
4.	Böðvar Bjarnason	1200,00	
5.	Einar Pálsson	730,00	
6.	Einar Thorlacius	355,00	
7.	Dr. Eiríkur Albertsson	6000,00	
8.	Halldór Bjarnarson	730,00	
9.	Hallgrímur Thorlacius	595,00	
10.	Ingvar Nikulásson	685,00	
11.	Jón Árnason	745,00	
12.	Jón Norðfjörð Johannessen	460,00	
13.	Kjartan Kjartansson	700,00	
14.	Kristinn Daníelsson	820,00	
15.	Magnús Bjarnarson	655,00	
16.	Matthías Eggertsson	765,00	
17.	Ófeigur Vigfússon	580,00	
18.	Ólafur Magnússon	420,00	
19.	Pálmi Þóroddsson	565,00	
20.	Runólfur Magnús Jónsson	730,00	
21.	Sigtr. Guðlaugsson	3000,00	
22.	Stefán Kristinsson	1000,00	
23.	Theódór Jónsson	1435,00	
24.	Vigfús Þórðarson	685,00	
25.	Þórður Ólafsson	670,00	
26.	Þorvaldur Jakobsson	1275,00	
27.	Þorvarður Þorvarðsson	775,00	26 970
d.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Kvaran frá Mælifelli	300,00	
2.	Anna Stefánsdótir frá Stað	200,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	200,00	
4.	Auður Gísladóttir	300,00	
5.	Bergljót Blöndal	200,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	200,00	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	500,00	
8.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	300,00	
9.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00	
10.	Dorothea Guðmundsson	300,00	
11.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	400,00	
12.	Guðbjörg Hermannsdóttir	181,70	
13.	Guðný Þorsteinsdóttir	173,56	
14.	Guðríður Helgadóttir	282,00	
15.	Guðríður Ólafsdóttir	164,26	
16.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	500,00	
17.	Guðrún Jónsdóttir 800 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	2600,00	
18.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 800 kr., auk 300 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	1100,00	
19.	Guðrún Runólfsdóttir	300,00	
20.	Guðrún Torfadóttir	300,00	
21.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	300,00	

18. gr.

		kr.	kr.
22.	Helga Skúladóttir	227,06	
23.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	300,00	
24.	Ingibjörg Magnúsdóttir	300,00	
25.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	300,00	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja .	300,00	
27.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ..	500,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir	500,00	
29.	Margrét Jónasdóttir	300,00	
30.	María Elísabet Jónsdóttir	300,00	
31.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal 800 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1700,00	
32.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja .	500,00	
33.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	300,00	
34.	Sigríður Hansdóttir	385,00	
35.	Sigríður Helgadóttir	300,00	
36.	Sigríður Jóhannesdóttir	300,00	
37.	Sigríður Kjartansdóttir, 800 kr. auk 300 kr. með hverju barna sinna	2000,00	
38.	Sigrún Kjartansdóttir	300,00	
39.	Sigurlaug Knudsen	300,00	
40.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	200,00	
41.	Steinunn Pétursdóttir	300,00	
42.	Vilborg Jónsdóttir	300,00	
43.	Þóra Jónsdóttir	217,28	
44.	Þórhildur Sigurðardóttir	300,00	
			19 531
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00	
2.	Anna Ásmundsdóttir	300,00	
3.	Ásdís Þorgrímsdóttir	300,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	200,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari ...	1200,00	
6.	Einar Hávarðsson	150,00	
7.	Elísabet Jónsdóttir	300,00	
8.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1000,00	
9.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1200,00	
10.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	2250,00	
11.	Hólmfríður Gísladóttir kennslukona ..	500,00	
12.	Ingivaldur Nikulásson kennari	400,00	
13.	Lárus Bjarnason skólastjóri	3600,00	
14.	Lárus Rist kennari	600,00	
15.	Ragnheiður Torfadóttir	400,00	
16.	Samúel Eggertsson	500,00	
17.	Sigurður Sigurðsson	400,00	
18.	Sigurjón Rögnvaldsson	200,00	
19.	Valdimar Snævarr	1648,00	
20.	Viktoría Bjarnadóttir	150,00	
21.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	300,00	
			16 098

18. gr.

		kr.	kr.
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisin eftir tillögum póst- og símamálastjóra	19 900	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi	2 000	
h.	Ólafur Friðriksson	1 800	
i.	Dr. Helgi Pétursson	6 000	
j.	Séra Guðmundur Einarsson	2 000	
k.	Sigurjón Friðjónsson	1 000	
l.	Páll E. Ólason dr. phil. enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.	7 200	
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur	5 550	
n.	Árni Pálsson	5 188	
o.	Páll Sveinsson yfirkennari	3 595	
p.	Árni Thorsteinsson tónskáld	3 000	
q.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
	1. Anna Pálsdóttir 600 kr., auk 300 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1200,00		
	2. Arnbjörg Einarsdóttir 300,00		
	3. Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
	4. Gíslína Kvaran 600,00		
	5. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson 600,00		
	6. Ólína Þorsteinsdóttir 500,00		
	7. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal 500,00		
	8. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara 500,00		
	9. Sigurlaug G. Gröndal 400,00		
	10. Valborg Einarsson 1000,00		
	11. Valgerður Benediktsson 2400,00		
	12. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 600,00		
		9 800	
r.	Hafnsögumenn og vitaverðir, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra	6 300	
s.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins	11 950	
t.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir 300,00		
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir 300,00		
	3. Andrés Johnsen, fornminjasafnari 5000,00		
	4. Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir 300,00		
	5. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. 300,00		
	6. Arndís Sigurðardóttir 300,00		
	7. Ásgeir Jónsson, Gottorp 300,00		
	8. Ásta Þorvaldsdóttir 300,00		
	9. Bjarni Magnússon fangavörður 300,00		
	10. Björg Guðmundsdóttir 400,00		
	11. Björn Einarsson 2000,00		
	12. Davíð Gíslason 600,00		
	13. Eggert Brandsson, sjómaður 1200,00		

18. gr.

		kr.	kr.
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ..	2000,00	
15.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00	
16.	Gestur Sigurðsson leiðsögumaður	300,00	
17.	Gróa Dalhoff	800,00	
18.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	300,00	
19.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00	
20.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	1500,00	
21.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	300,00	
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1200,00	
23.	Guðríður Eiríksdóttir	500,00	
24.	Guðrún Egilson	2000,00	
25.	Guðrún Ragúels	300,00	
26.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00	
27.	Halldóra Þórðardóttir	600,00	
28.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	800,00	
29.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	600,00	
30.	Hlín Johnson	1800,00	
31.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	300,00	
32.	Hólmgeir Jensson	300,00	
33.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	300,00	
34.	Ingibjörg Jakobsdóttir	300,00	
35.	Ingibjörg Loftsdóttir ljósmóðir	300,00	
36.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	600,00	
37.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	600,00	
38.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	300,00	
39.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	300,00	
40.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	600,00	
41.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00	
42.	Kristólína Kragh	300,00	
43.	Lára Bjarnadóttir	400,00	
44.	Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans	2400,00	
45.	Margrét Ásmundsdóttir	400,00	
46.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	500,00	
47.	Matthías Þórðarson frá Móum	1200,00	
48.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	600,00	
49.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	1000,00	
50.	Ólafur Ketilsson	500,00	
51.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	500,00	
52.	Petrea Jónsdóttir	300,00	
53.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00	
54.	Runólfur Pétursson, innhm.	600,00	
55.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	700,00	

18. gr.

		kr.	kr.
56.	Sigríður Gísladóttir	300,00	
57.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	300,00	
58.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	300,00	
59.	Sigurður Nielsson	1000,00	
60.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav. ..	1000,00	
61.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona ..	500,00	
62.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	500,00	
63.	Þóra Sigurðardóttir	300,00	
			44 350
u.	Dýrtíðaruppbót samkv. 22. gr. II.		65 000
v.	Aukauppbót		98 000
x.	Verðlagsuppbót		650 000
y.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943, og 8. gr. laga nr. 102 1943		750 000
			1 839 876
	Samtals ...	. . .	2 194 876

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 250 000 kr.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	330 000	
2. — 3. — B.	3 649	
3. — 9. —	2 170	
4. — 10. —	2 046	
5. — 11. — A.	7 070	
6. — 12. —	80 000	
7. — 13. —	187 622	
8. — 14. —	15 866	
9. — 15. —	4 350	
		632 773
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		1 050 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	1 742 773
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 1580426		
b. Lán í dönskum krónum 574552		
c. Lán í sterlingspundum 189641		
	2 344 619	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) 200000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 4.) 89100		
	289 100	
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		2 633 719
Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)		1 500 000
III. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhaldahúss	100 000	
b. Til að kaupa nýtt vitaskip	250 000	
c. Til að gera nýja vita	350 000	
		700 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		100 000
V. Til byggingar sjómannaskóla		1 000 000
VI. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		1 000 000
VII. Til byggingar búnaðarskóla á Suðurlandi		250 000
VIII. Til lögboðinna fyrriframgreiðslna		10 000
Samtals ...	. . .	7 183 719

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		65 310
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		20 668
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		722
5. gr.	Óvissar tekjur		100
	Samtals ...	...	86 810

firlit.
firlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		1 575 650
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		200 000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 214 357
0. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		2 799 450
1. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	5 889 008	
—	B.	Opinbert eftirlit	575 810	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	2 756 675	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	650 000	9 871 493
2. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		7 659 535
3. gr.	A.	Vegamál	13 972 947	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 380 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	3 129 850	
—	D.	Flugmál	600 000	21 082 797
4. gr.	A.	Kirkjumál	2 362 218	
—	B.	Kennslumál	12 066 048	14 428 266
5. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	1 412 730	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	1 603 150	3 015 880
6. gr.	A.	Landbúnaðarmál	7 019 648	
—	B.	Sjávarútvegsmál	709 150	
—	C.	Iðnaðarmál	2 834 350	10 563 148
7. gr.		Til félagsmála		6 828 825
8. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		2 194 876
9. gr.		Óviss útgjöld		250 000
		Rekstrarafgangur		5 135 422
		Samtals ...	. . .	86 810 699

II S.

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	86 810
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	632
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	1 050
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50
	Greiðslujöfnuður	315
	Samtals ...	88 868

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1945 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða á árinu 1945 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1944.

III. Að greiða Jakobi Jóh. Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1944—1945, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

IV. Að greiða skólastjóra og kennslubókahöfundi Karli Finnbogasyni eftirlaun, svo að laun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals ¾ af launum hans, er hann hættir störfum.

V. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.

VI. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

VII. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1944 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

firlit.

		kr.
	Út:	
.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	81 675 277
	Aðrar útborganir:	
0. gr. I.	Afborganir lána	2 633 719
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	1 500 000
— III.	Til vitamála, eignaaukning	700 000
— IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins	100 000
— V.	Til byggingar sjómannaskóla	1 000 000
— VI.	Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	1 000 000
— VII.	Til byggingar búnaðarskóla á Suðurlandi	250 000
— VIII.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna	10 000
	Samtals ...	88 868 996

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í athugasemdum við fjárlagafrumvarp, sem lagt var fyrir Alþingi í janúarmánuði s. l., var það tekið fram, að frumvarpið væri lagt fram til þess að fullnægja ákvæðum stjórnarskrárinnar, en að ríkisstjórnin mundi leggja fyrir Alþingi nýtt frumvarp, þegar nægilegur undirbúningur hefði farið fram um áætlun á væntanlegum tekjum og gjöldum ársins 1945.

Frumvarp þetta hefur nú verið samið, og þykir rétt að taka fram um einstaka liði þess það, er hér segir:

TEKJUBÁLKURINN

Um 2. gr.

Álagður tekjuskattur í ár nemur kr. 24 254 781 og stríðsgróðaskattur kr. 9 520 042. Gera má ráð fyrir samkvæmt venju, að þessar tölur lækki eitthvað í meðferð yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

Enda þótt gera megi ráð fyrir, að afkoma aðalatvinnuveganna verði sæmileg á þessu ári, þykir þó varhugavert að áætla tekjuskattinn hærra en hér er gert, eða 20 millj. kr. Stríðsgróðaskatturinn hefur reynzt 2,5 millj. kr. lægri en áætlað var, og má búast við frekari lækkun á næsta ári. Þykir því ekki varlegt að áætla þennan lið hærra en hér er gert eða 8 millj. kr. alls.

Ráðuneytið telur ekki rétt að færa hluta sveitar- og bæjarfélaga af stríðsgróðaskatti ríkissjóðs til útgjalda, eins og gert er á gildandi fjárlögum, og hækka þannig útgjaldahlið fjárlagafrv. að nauðsynjalausu.

Helmingur stríðsgróðaskatts á lögum samkvæmt að renna beint í sveitar-, bæjar- og sýslusjóði, þó að ríkið annist innheimtuna, og á því engan veginn að teljast til útgjalda ríkissjóðs. Þessu samkvæmt er aðeins ríkissjóðshlutinn af stríðsgróðaskattinum talinn með tekjum á 2. gr.

Verðtollurinn hefur það, sem af er þessu ári, fylgt áætlun þrátt fyrir lækkun á flutningsgjöldum.

Ef Norðurálfuófriðnum lýkur á þessu ári, sem útlit er fyrir, má búast við enn meiri lækkun á flutningsgjöldum á næsta ári og þar af leiðandi lækkuðu verðlagi á erlendum varningi. Að þessu athuguðu telur ráðuneytið ekki rétt að áætla þennan tekjulið hærra en 25 millj. kr., eins og hér er gert.

Aðrir tekjuliðir eru lítið breyttir frá því, sem er á fjárlögum fyrir 1944, og þá miðað við reynslu síðasta árs.

Um 3. gr.

Póstur og sími.

Fylgt hefur verið áætlun póst- og símamálastjóra með þessum breytingum. Ómagastyrkur hefur verið felldur niður hér sem annars staðar, vegna þess að hér er aðeins um heimild að ræða, sem óvíst er, hvort verður notuð, sérstaklega ef Alþingi samþykkir ný launalög.

Framlag til notendasíma í sveitum er lækkað úr 600 000 kr. í 100 000 kr., þar sem gengið er út frá samkvæmt skýrslu póst- og símamálastjóra, að erfitt verði að fá efni til þessara framkvæmda; af sömu ástæðu er framlag til nýrra símalína lækkað úr 500 000 kr. í 250 000. Þá hefur ekki heldur verið talið fært að leggja til, að fé verði veitt til bygginga nýrra símahúsa í Hrútafirði og Borgarnesi, þar sem landssíminn hefur með höndum aðrar kostnaðarsamar byggingarframkvæmdir.

Áfengisverzlun ríkisins.

Tekjur af Áfengisverzlun ríkisins eru áætlaðar kr. 13 346 920 eða um 3 millj. kr. hærri en á gildandi fjárlögum. Að vísu er hér um mjög ótryggan tekjustofn að ræða, en samkvæmt þessa árs reynslu virðist mega gera ráð fyrir, að áætlunin standist, enda haldist útsöluverð áfengis óbreytt.

Tóbakseinkasalan.

Tekjur af Tóbakseinkasölunni eru áætlaðar rúmum 800 000 kr. hærri en í fyrra, og er þá stuðzt við áætlun forstjóra einkasölunnar og gert ráð fyrir óbreyttu verðlagi.

Ríkisútvarp.

Tillögum útvarpsstjóra hefur verið fylgt. Útvarpsráð hefur lagt til, að varið yrði til útvarpsefnis kr. 400 000, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið leggur til, að tillögum útvarpsstjóra verði fylgt í þessu efni.

Landssmiðjan.

Í tillögum forstjóra Landssmiðjunnar er gert ráð fyrir tekjuafgangi kr. 55 000, en ekki gert ráð fyrir því, að skattur verði greiddur, svo sem lög mæla fyrir. Gjaldaáætlunin mun vera miðuð við reikning ársins 1943, en á rekstrarreikning þess árs voru engir skattar í ríkissjóð færðir. Landssmiðjan mun nú skulda í ríkissjóð um ¾ millj. króna í sköttum fyrir árin 1943 og 1944.

Fyrirtækið hefur fest mikið fé í byggingum á undanförnum árum, og má teljast gott, ef það gerir meira en að greiða upp skattskuldir sínar á næsta ári, og er því ekki gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi í ríkissjóð á árinu 1945.

Um 4. gr.

Vaxtatekjur sundurliðast á þennan hátt:

1. Veðdeildarbréf Landsbankans:				
5. fl., eign 1. júlí 1944	kr. 1 497 600,	vextir ½ 1945	kr. 37 440.00	
Áætl. útdr. 1944	— 400 000			
— eign ½ 1945 .	— 1 097 600,	áætl. v. ½ 1945	— 27 440.00	kr. 64 880.00
6. fl., eign 1. júlí 1944	kr. 1 284 000,	vextir ½ 1945	— 31 010.00	
Áætl. útdr. 1944	— 400 000			
— eign ½ 1945 .	— 880 400,	áætl. v. ½ 1945	— 21 010.00	— 52 020.00
7. fl., eign 1. júlí 1944	kr. 862 700,	vextir ½ 1945	— 21 567.50	
Áætl. útdr. 1944	— 250 000			
— eign ½ 1945 .	— 612 700,	áætl. v. ½ 1945	— 15 317.50	— 36 885.00

2. a. Veðdeildarbr. Landsbankans, eign ⅓ 1944 kr. 19000, 3. fl. v. áætl. kr. 500.00
   b. Jarðræktarbréf, eign ⅓ 1944 kr. 155000, vextir áætlaðir ..... — 6 500.00
   c. Kreppulánasjóðsbréf bænda, eign ⅓ 1944 kr. 12 070, vextir áætl. — 543.15
   d. Kreppulánasj.br. bæjar- og sv.fél., eign ⅓ 1944 kr. 84880, v. áætl. — 4 668.40
3. Dönsk ríkisskuldabréf:
   a. Kingdom of Denmark External Gold 6% Loan of 1921 due 1942, eign ⅓ 1944 $ 250 000, vextir áætl. 1945 $ 15 000, gengi 650.50 — 97 575.00
   b. Kingdom of Denmark External Gold 5½% Loan of 1925 due 1955, eign ⅓ 1944 $ 117 000, vextir áætl. 1945 $ 6 435, gengi 650.50 — 41 859.67

   Ríkisskuldabréf þessi voru keypt á árunum 1943 og 1944. Andvirði þeirra var tekið af hlaupareikningi í Landsbankanum, er gaf enga vexti.
4. Veðdeildarbréf Búnaðarbankans voru öll innleyst á þessu ári.
5. Áætlaðar tekjur af hlutafjáreign sundurliðast á þennan hátt:
   a. Hlutabréf í Útvegsbanka Íslands h.f., kr. 4,5 millj., áætl. 4% = kr. 180 000
   b. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f., 100 000 kr., áætl. 4% = — 4 000
   c. Hlutabréf í Raftækjaverksm. Hafnarfj. h.f., 50 000 kr., áætl. 6% = — 3 000

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1945 sundurliðast þannig:

	I. Innlend lán:	Afborganir kr.	Vextir kr
1.	Lán hjá Sáttmálasjóði 1919 (5%) uppsegjanlegt		50 000.00
2.	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu 1929 (5%)	2 600.00	1 300.00
3.	Lán vegna kaupa á Lækjargötu 3, Rvík (Gimli)	4 177.94	1 754.74
4.	Lán vegna kaupa á Austurstræti 20, Rvík, er skipt var fyrir Bankastræti 2	5 850.00	2 252.25
5.	Vega- og brúargerðalán		125.00
6.	Lán vegna kaupa á jarðeignum á Eyrarbakka og Stokkseyri	8 483.44	10 262.64
7.	Lán vegna kaupa á Skálholti	1 000.00	800.00
8.	Lán vegna kaupa á Skeiðaáveitu	8 666.67	2 383,33
9.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1938 kr. 850 000 til 22 ára (5½%)	42 500.00	38 568.75
10.	Lán vegna kaupa á Ammannsstíg 1	3 466.72	2 080.00
11.	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnesi	5 231.65	3 452.92
12.	Lán vegna kaupa á Syðra-Langholti í Rvík	8 000.00	
13.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1940 kr. 1 409 000 til 22 ára (5½%)	70 450.00	67 808.18
14.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1941 kr. 10 000 000 til 25 ára (4½%)	400 000.00	396 000.00
15.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1944 kr. 4 000 000 til 7 ára (3½%)	570 000.00	140 000.00
16.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1944 kr. 6 000 000 til 10 og 20 ára (3½%)	450 000.00	210 000.00
		1 580 426.00	926 787.00
	II. Lán í sterlingspundum:		
1.	Lán hjá Hambros Bank, Ltd., London 1935 (4%). Hluti ríkissjóðs: Afborgun £ 7232—14—1 Vextir £ 12564—4—9, gengi 26/22	189 641.50	329 434.31

Láni þessu hefur verið sagt upp til greiðslu á árinu 1945.

III. Lán í dönskum krónum:	Afborganir kr.	Vextir kr.
1. Lán hjá Forsörgelsesforeningen, Bicuben, Kbh., til Vífilsstaðahælis 1909 (4½%), afb. d. kr. 3703.40, vextir d. kr. 3796.60, gengi 125.78	4 658.14	4 775.36
2. Lán hjá Store Nordiske Telegrafselskab A/S, Kbh., til símalagnina 1917 (5%), afb. d. kr. 28952.92, vextir d. kr. 3400.42, gengi 125.78	36 416.98	4 277.05
3. Lán hjá Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926, til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d. kr. 82234.77, vextir d. kr. 47765.23, gengi 125.78	103 434.89	60 079.11
4. Lán hjá Det forenede Danske Livsforsikring-Aktieselselskab „Hafnia", Kbh., 1927, til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d. kr. 20506.48, vextir d. kr. 12801.52, gengi 125.78	25 793.05	16 101.75
5. Lán hjá sama 1927, í sama skyni (5%), afb. d. kr. 64030.36, vextir d. kr. 65383.64, gengi 125.78	80 537.39	82 239.54
6. Lán sjá A/S Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., í sama skyni (5%), afb. d. kr. 64030.36, vextir d. kr. 65383.64, gengi 125.78	80 537.39	82 239.54
7. Lán hjá Aalborg Værft A/S, Aalborg, vegna kaupa á Esju, afb. d. kr. 110000.00, vextir d. kr. 11092.50, gengi 125.78	138 358.00	13 952.15
8. Lán hjá Den Danske Landsmandsbank A/S, Kbh., yfirtekið af fiskiveiðasj. Íslands 1941, afb. d. kr. 83333.33, vextir d. kr. 4583.33, gengi 125.78	104 816.66	5 764.91

Um 8. gr.

Gerð hefur verið áætlun um kostnað við æðstu stjórn landsins, og fylgir hún með fjárlagafrumvarpinu til Alþingis. Ráðuneytið hefur talið heppilegast að áætla kostnaðinn ósundurliðaðan í fjárlögum, svo sem hingað til hefur verið gert. Að meðtöldum kostnaði við fálkaorðuna, sem rétt þykir að færa framvegis á 8. gr., er kostnaðurinn áætlaður kr. 200 000.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður samkvæmt tillögum skrifstofustjóra Alþingis. Tillögur hans byggjast á reynslu síðustu ára.

Um 10. gr.

I.1.c. Forsætisráðherra hefur nú afhent utanríkisráðherra ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu. Því er gert ráð fyrir jafnhárri húsaleigugreiðslu fyrir hann sem greidd hefur verið fyrir utanríkisráðherra undanfarið.

I.2. Laun starfsmanna í ráðuneytunum eru áætluð svo sem þau eru nú. Hækkun grunnlauna í fjármálaráðuneytinu stafar aðallega af auknu starfsliði við endurskoðunina vegna breytinga á fyrirkomulagi hennar.

Annar kostnaður er áætlaður samkvæmt reynslu ársins 1943. Hann sundurliðast svo:

1. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting	kr.	80 000
2. Ritföng	—	15 000
3. Bifreiðakostnaður	—	40 000
4. Áhöld	—	20 000
5. Bækur og blöð	—	10 000
6. Viðhald á skrifstofuvélum og áhöldum	—	5 000
7. Ýmislegur kostnaður	—	15 000
	Kr.	185 000

III. Utanríkismálakostnaður hefur hækkað um kr. 173 200 frá fjárlögum 1944. Hækkunin stafar aðallega af stofnun sendiráðs í Moskva, en annars er glögg greinargerð fyrir kostnaðinum frá utanríkisráðuneytinu, og fylgir hún frumvarpinu.

Um 11. gr.

1. Hæstiréttur. Laun eru áætluð jafnhá sem 1944, en annar kostnaður er áætlaður kr. 25 000 hærri. Áætlun annars kostnaðar 1944 mun hafa reynzt allt of lág og einkum mun útgáfa hæstaréttardóma verða dýr.

2. og 3. Í stað lögmannsembættisins í Reykjavík eru nú stofnuð 2 ný embætti, borgardómaraembætti og borgarfógetaembætti. Áætlun um kostnað við hin nýju embætti er gerð eftir tillögu dómsmálaráðuneytisins.

4. Áætlun um kostnað við sakadómaraembættið er gerð eftir tillögu dómsmálaráðuneytisins að öðru en því, að annar kostnaður, sem þykir ríflega áætlaður, er lækkaður lítils háttar.

5. Áætlun um kostnað við lögreglustjóraembættið er gerð eftir tillögum dómsmálaráðuneytisins að öðru leyti en því, að annar kostnaður hefur verið lækkaður.

11. Kostnaður við lögreglumál og sakamál er áætlaður í samræmi við það, sem hann reyndist á árinu 1943.

Um 11. gr. B.

4. Launagreiðslur til bifreiðaeftirlitsmanna eru áætlaðar samkvæmt tillögu dómsmálaráðuneytisins. Er í þeim gert ráð fyrir, að laun bifreiðaeftirlitsmannsins í Mýra- og Borgarfjarðarumdæmi verði að hálfu greidd af þessum lið, en að hálfu af löggæzlukostnaði.

Tekjur af skoðunargjöldum og prófgjöldum eru áætlaðar að munu nægja til greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Ætla má, að yfir 3500 bifreiðar hljóti skoðun á árinu og greiddar verði kr. 40.00 fyrir hverja. Prófgjald er kr. 40.00 á mann.

5. Gert er ráð fyrir, að hækkuð verði gjöld fyrir störf löggildingarstofunnar, þannig að tekjur og útgjöld standist á.

6. Kostnaður við skipulag bæja og sjávarþorpa er áætlaður samkvæmt tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Skipulagssgjald samkvæmt lögum nr. 64 1938 skal greiða í ríkissjóð og renna til þess að greiða kostnað við eftirlitið. Svonefndur skipulagssjóður er ekki til, heldur er fé það, sem í þeim sjóði er, talið eftirstöðvar af óeyddu skipulagsgjaldi í ríkissjóði.

Svo virðist, sem tekjur af skipulagsgjaldi á árinu 1944 fari fram úr kostnaði við eftirlitið, og er því áætlað, að tekjur og gjöld eftirlitsins standist á í frumvarpinu.

11. Kostnaður við eftirlit með sparisjóðum. Þessi liður er nýr, en fé þetta hefur áður verið greitt af viðskiptamálaráðuneytinu, sem á að annast eftirlitið lögum samkvæmt.

12. Kostnaður við viðskiptaráð er áætlaður mjög svipaður sem 1944. Viðskiptaráðsgjald og umboðslaun eru áætluð að bera uppi kostnaðinn.

13. Kauplagsnefndarkostnaður er áætlaður óbreyttur frá 1944.

14. Kostnað við húsaleigunefndir hefur eigi verið unnt að sundurliða, en er áætlaður í einu lagi kr. 100 000.

Nefndirnar starfa í flestum kaupstöðum og kauptúnum, og hefur reynzt ógerningur að fá sundurliðun á kostnaðinum, sem er áætlaður í samræmi við reynslu s.l. árs.

Gjaldeyriskaupanefnd var lögð niður á árinu 1944.

Kostnaður við ungmennaeftirlit fellur niður samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Um 11. gr. C.

I.a. Áætlaðar grunnlaunagreiðslur eru um kr. 50 000 hærri en í fjárlögum 1944. Tollstjórinn hefur gert grein fyrir þessari hækkun í bréfi, sem fylgir með fjárlagafrumvarpinu. Með tilliti til reynslu ársins 1943 hefur annar kostnaður verið áætlaður kr. 85 000 hærri en 1944.

b. Annar kostnaður en laun tollgæzlunnar í Reykjavík er samkvæmt reynslu ársins 1943 áætlaður ca. kr. 100 000 hærri en 1944.

II.a. Kostnaður við ríkisskattanefnd er áætlaður ca. kr. 9000 hærri en 1944.

b. Kostnaður við skattstofu Reykjavíkur er áætlaður nokkru hærri en 1944, aðallega vegna aukins mannahalds og væntanlega aukins húsnæðis.

c. Með tilliti til hækkunar, sem óhjákvæmilegt var að gera á launum skattanefnda, er kostnaðurinn við þær áætlaður kr. 150 000 hærri en 1944.

d. Kostnaður við nýbyggingasjóðsnefnd er áætlaður kr. 5000, þóknun til nefndarmanna, og kr. 1800 auk uppbóta til ritara nefndarinnar.

Um 11. gr. D.

Símakostnaðurinn reyndist ca. kr. 273 000 á árinu 1943 og er áætlaður nú kr. 300 000.

Burðargjald reyndist ca. kr. 118 000 1943 og er því áætlað eins og í fyrra kr. 100 000.

Kostnaður við prentun eyðublaða, auglýsingar o. fl. reyndist 1943 ca. kr. 235 000 og er því áætlaður hér kr. 250 000.

Um 12. gr.

III. Ríkisspítalarnir. Fylgt hefur verið tillögum skrifstofu ríkisspítalanna. Gert er ráð fyrir heldur meiri rekstrarhalla en 1944. Í stað G-liðs í fjárlögum 1944 er nú áætlaður kostnaður við fávitahælið á Kleppjárnsreykjum.

VI.-liður 12. gr. í fjárlögum 1944 hefur verið felldur niður, en í hans stað gert ráð fyrir jafnhárri launagreiðslu frá háskólanum til Ólafs Þorsteinssonar, læknis, vegna kennslu í læknadeild. Hin forsendan fyrir greiðslunni, ókeypis læknishjálp, má heita úr sögunni, síðan sjúkrasamlag kom í Reykjavík.

IX.-liður 12. gr. í fjárlögum 1944 er felldur niður, með því að landlæknir telur styrkveitinguna ekki ná tilgangi sínum. Í stað þess er fjárveitingin til læknisvitjanasjóða hækkuð upp í kr. 30 000.

Fjárveitingin til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana er flutt til 20. gr.

XI.-liður d. í 12. gr. fjárlaga 1944 hefur ekki verið tekinn upp í frumvarpið, með því að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður láni sjálfur til þar nefndra læknisbústaða í stað þess að greiða vaxtastyrk.

l-, m- og n-liðir í XI. lið 12. gr. fjárlaga 1944, styrkir til að hafa lærðar hjúkrunarkonur í Súgandafirði, Bolungavík og Flatey á Skjálfanda, hafa verið felldir niður, með því að heilbrigðisráðuneytið hefur ekki lagt til, að þeir væru teknir í frumvarpið.

Um 13. gr. A.

I. Fylgt hefur verið tillögum vegamálastjóra um kostnað við stjórn og undirbúning vegagerða, en þessi liður hækkar um rúmar 100 000 krónur.

II.a. Vegamálastjóri hefur gert tvenns konar tillögur um framlög til nýrra akvega. Hefur lægri tillögunni verið fylgt.

II.b. Tillögum vegamálastjóra hefur verið fylgt, enda fyrirsjáanlegt, að viðhaldskostnaður muni aukast stórlega á næsta ári.

III. Gert er ráð fyrir, að kostnaður við endurbygging Ölfusárbrúarinnar verði kr. 2 000 000. Lagt er til, að helmingur kostnaðarins verði greiddur af tekjum ársins 1945.

Að öðru leyti hefur tillögum vegamálastjóra verið fylgt.

Um 13. gr. B.

Samkvæmt tillögum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins er gert ráð fyrir, að framlag til strandferða hækki frá gildandi fjárlögum um ca. 1 000 000 kr.

Um 13. gr. C.

Tillögum vitamálastjóra hefur verið fylgt, hvað reksturinn snertir. Tillögur hans um nýbyggingu eru færðar á 20. gr., og hefur þar framlag til nýrra vita verið lækkað í kr. 350 000 og tillag til kaupa á dýpkunarskipi fellt niður.

Um 14. gr. A.

Í flestu er hér farið eftir tillögum biskups.

II.4. Til húsabóta á prestssetrum eru nú áætlaðar kr. 500 000 eftir eindreginni ósk kirkjumálaráðuneytisins.

Um 14. gr. B.

I. Háskólinn. Kennurum hefur verið og er ætlað að fjölga, og er því gert ráð fyrir ca. 120 000 hærri launagreiðslum en 1944.

Styrkur til starfrækslu leiðbeiningaskrifstofu stúdentaráðsins er nú réttilega talinn undir II. lið með námsstyrkjum.

Liðurinn til móttöku erlendra vísindamanna er felldur niður. Kostnaðurinn er áætlaður með ýmsum gjöldum.

Laun dr. Símonar Jóh. Ágústssonar eru áætluð með launum annarra kennara í háskólanum.

II. Námsstyrkur til Skúla Jenssonar hefur verið felldur niður í samræmi við það, að allir slíkir námsstyrkir til einstakra manna voru felldir niður úr fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1944. Í stað þess hefur eins verið farið að nú og þá, að menntamálaráði hefur verið skrifað og á það verið skorað að taka upp styrkveiting til Skúla.

IV. Stundakennslukaup við æðri skóla hefur verið hækkað um 50% samkvæmt tillögu kennslumálaráðuneytisins.

VI. Launauppbót til skólastjóra og kennara er nú talin með grunnlaunum.

VII. Þegar sjómannaskólinn tekur við af stýrimannaskólanum, í nýjum húsakynnum, má vænta allmikillar hækkunar á rekstrarkostnaði skólans. Skólastjórinn gerir ekki ráð fyrir því, að flutningurinn eigi sér stað fyrr en haustið 1945, og er því ekki gert ráð fyrir neinni verulegri hækkun á næsta fjárhagsári.

IX. 1. Á árinu 1943 voru greiddar ca. kr. 9000.00 fyrir aukakennslu. Verður því gert ráð fyrir jafnhárri fjárhæð til aukakennslu og 1943.

XI. Hámarksstyrkur til verzlunarskóla er hér ákveðinn jafnhár sem 1944 eftir tillögum kennslumálaráðuneytisins, en rétt þykir, að miða styrkinn við nemendafjölda, þannig að greiddar verði 75 kr. á hvern nemanda að viðbættri verðlagsuppbót.

Sanngjarnt þykir, að greidd sé verðlagsuppbót á þóknun prófdómenda við próf löggiltra endurskoðenda.

XIII. Nokkur fjölgun hefur orðið á kennaraliði í barnaskólum, og eru launagreiðslur til fastra barnaskólakennara því áætlaðar um 355 000 kr. hærri en 1944.

5. Þessi liður er hækkaður um kr. 20 000 frá fjárlögum 1944 samkvæmt tillögum kennslumálaráðuneytisins.

8. Ráðskonukaupið hefur verið hækkað, og hækkar því þessi liður um rúmar 20 000 kr.

XIV. Launauppbót til skólastjóra og kennara á Eiðum er nú talin með grunnlaunum.

Styrkur til byggingar gagnfræðaskóla er áætlaður með tilliti til þess, að lokið verði á árinu 1945 byggingu gagnfræðaskólahússins í Reykjavík og Akureyri.

Um 15. gr.

I. Framlag til bókakaupa Landsbókasafnsins hefur verið hækkað um kr. 20 000.

Um 16. gr. A.

1. Styrkur til Búnaðarfélags Íslands er hækkaður um 70 000 krónur samkvæmt tillögum búnaðarmálastjóra.

3. Sömuleiðis styrkir til nýbýla um 50 000 krónur.

4.b. Sömuleiðis framlag til verkfærakaupasjóðs um 60 000 krónur.

g. Til ræktunarframkvæmda og vélasjóðs hefur búnaðarmálastjóri lagt til, að verði varið 250 000 krónum. Tekin er upp 125 000 króna fjárveiting í þessu skyni.

6. Fjárveiting til tilraunastarfsemi í þarfir landbúnaðarins er hækkuð um 28 000 krónur.

19. Tekin er upp 300 000 króna byggingarstyrkur til mjólkurstöðvar í Reykjavík. Heimild var til greiðslu þessa framlags á árinu 1943, en var þá ekki notuð.

26. Fylgt hefur verið tillögum sauðfjárveikivarnanna að öðru leyti en því, að uppeldisstyrkur hefur verið lækkaður úr 1 000 000 króna í 500 000 krónur, og bætur vegna niðurskurðar um 200 000 krónur.

Um 16. gr. B.

1. Fylgt er tillögum fiskiþingsins um framlag til Fiskifélags Íslands og nemur hækkun á þessum lið 169 500 krónum.

Um 16. gr. C.

3. Til byggingar iðnskóla í Reykjavík er veittur kr. 200 000 styrkur. Er ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram $^3/_5$ kostnaðar við byggingu iðnskólans, og hafa, að ofangreindum kr. 200 000 meðtöldum, nú verið veittar kr. 500 000 til þessarar skólabyggingar.

8. Lagt er til, að veittar séu til áburðarverksmiðju á næsta ári 2 000 000 krónur.

Um 17. gr.

2. Framlag til alþýðutrygginga hækkar um kr. 2 465 000. Þrátt fyrir þessa stórkostlegu hækkun telur ráðuneytið ekki annað fært en að fara eftir tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

5. Styrkir til styrktar- og sjúkrasjóða eru áætlaðir samtals með sömu fjárhæð og árið 1944, kr. 14 650.

Eðlilegt virðist, að félagsmálaráðuneytið skipti þessum styrkjum milli félaga þeirra, er á honum þurfa að halda.

6. Til gamalmennahæla utan Reykjavíkur eru veittar kr. 25 000. Um þennan lið er hið sama að segja sem 5. lið.

Um 18. gr.

Sú breyting hefur verið gerð á 18. gr., að styrktarlaun vitavarða og hafnsögumanna og ekkna þeirra hafa verið færð saman í einn lið og til þess ætlazt, að atvinnumálaráðuneytið skipti þessu fé eftir tillögum vitamálastjóra.

Sömuleiðis hefur styrktarfé til matsmanna verið sameinað í einn lið og til þess ætlazt, að atvinnumálaráðuneytið úthluti því.

Enn fremur er styrktarfé póstmanna-, pósta og ekkna þeirra sameinað í einn lið og gert ráð fyrir, að póst- og símamálastjóri skipti því fé.

Tekinn er upp nýr liður, framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóðs barnakennara og ekkna þeirra, og er það gert samkv. lögum nr. 101 og 102 1943.

Er hér aðeins um lífeyrissjóðsgjald þeirra manna að ræða, sem laun sín taka hjá ríkisféhirði.

Framlag til lífeyrissjóðs af launum þeirra starfsmanna ríkisins, sem laun taka annars staðar og eru sjóðfélagar, er fært á rekstraryfirlit hlutaðeigandi stofnunar.

Ed. 360. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 25. sept. 1944.

Pétur Magnússon, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Brynj. Bjarnason. Magnús Jónsson.

Ed. 361. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er félaginu og vátryggjendum skylt að breyta árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

Hagstofan reiknar byggingarvísitöluna fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlok ár hvert.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast vátryggingarupphæð næstkomandi vátryggingarárs, þó þannig, að vátryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna.

Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbyggingarkostnað, er félaginu heimilt að láta fram fara endurvirðingu á öllum fasteignum, sem vátryggðar eru hjá félaginu.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum vátryggingafélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að það hafi ekki í eigin áhættu einstakar áhættueiningar, er nemi hærri upphæðum en $\frac{1}{5}\%$ af heildaráhættu þeirri, sem félagið ber, þó ekki yfir 5% af eignum þess. Nánar má ákveða um þetta í reglugerð, ef þurfa þykir. Að öðru leyti er það á valdi félagsins í samráði við hlutaðeigandi ráðherra að ákveða, hvað og hvar það endurtryggir eða samtryggir.

Áhættueining telst vera einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambrunahættu er að ræða, hvort tveggja að meðtöldu lausafé, sem vátryggt kann að vera í húsunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 362. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um línurit yfir vegi.

Frá Gísla Jónssyni.

Hver árangur hefur orðið af ályktun Alþingis frá 3. des. 1943, þar sem ríkisstjórninni er falið að láta gera línurit, er sýni vegi landsins í km í hverri sýslu, og senda Alþingi niðurstöður fyrir 15. febr. 1944?

Greinargerð.

Í des. 1943 var í Sþ. afgreidd þál., sem fól ríkisstjórninni að láta gera línurit yfir alla vegi á landinu, svo að þingmönnum væri ljóst, hvernig vegakerfið skiptist niður á hinar ýmsu sýslur í landinu. Þótti alveg nauðsynlegt, að slík gögn lægju fyrir á Alþingi, áður en teknar væru fullnaðarákvarðanir um skiptingu vegafjár á hverjum tíma. Var frestur sá, sem stjórninni var settur til þess að láta ljúka verkinu, þ. e. 15. febr. 1944, miðaður við það, að þessar upplýsingar lægju fyrir, áður en gengið yrði að fullu frá fjárlögum fyrir árið 1945.

Þessi gögn hafa enn ekki verið lögð fram á Alþingi. Er þess því vænzt, að ríkisstjórnin upplýsi, á hvaða stigi málið standi, hvað drættinum valdi og hvenær vænta megi, að gögnin verði lögð fram alþingismönnum til afnota og gagnlegra upplýsinga.

Nd. 363. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og á l. nr. 43 1940, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Sigurður Þórðarson, Sigurður Hlíðar.

1. gr.

Síðari málsliður 3. málsgr. 1. gr. laga um iðnaðarnám, nr. 100 frá 11. júní 1938, falli burt.

2. gr.

4. gr. laga nr. 43 12. febr. 1940, um breyting á lögum frá 11. júní 1938, um iðnaðarnám, falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði gildandi laga um iðnaðarnám, sem að því miða að takmarka tölu nemenda svo mjög sem þar er gert, torvelda svo aðgang ungra manna að iðnaðarnámi, að telja verður þau alveg óviðunandi, eins og nú horfir við, og má enda draga í efa, hvort slík ákvæði hafa nokkurn tíma átt rétt á sér.

Fyrri breytingin miðar að því að fella úr lögum það ákvæði, er heimilar sveinum og meisturum að semja sín á milli og án íhlutunar iðnfulltrúanna um tölu nemenda í viðkomandi iðngrein og loka þannig iðngreinunum að meira eða minna leyti fyrir iðnnemum.

Síðari breytingin miðar að því að fella úr gildi þá lagagrein úr lögunum frá 1940, um breyting á lögum um iðnaðarnám, sem bannar meisturum að hafa fleiri en einn nemanda á móti hverjum fullgildum iðnaðarmanni, sem hjá honum vinnur.

Ýmsar ástæður hafa verið fram færðar af hálfu þeirra, er takmarka vilja tölu iðnnema, og er ein þeirra sú, sem oft er á loft haldið, að vegna náms iðnnemanna þurfi að setja ríkar skorður við því, að meistararnir taki ekki óhæfilega marga nemendur á vinnustaði sína í ábataskyni, af því að þeir hafi þar ódýran vinnukraft, er svo njóti ekki nægrar tilsagnar við vinnubrögðin. Ef um það er að ræða, af hverjum meistarinn hefur mestan hagnað, þá er auðsætt, eins og nú er reiknað álag á vinnulaunin, að þeir hafa mestan hag af því að hafa sem flesta fullgilda menn, svo fremi að verkefni séu næg fyrir hendi. Og þau mun hvergi skorta nú á tímum. Auk þess er það á valdi iðnfulltrúanna, sem samþykkja verða alla námssamninga, að hafa eftirlit með því, að hæfilega margir nemendur séu ráðnir á hvern stað.

Takmörkun sú, sem nú er á tölu nemenda, er leyft er að ráða í hinar ýmsu iðngreinir, mun að mestu stafa frá áhrifum þeirra, er svo óheillavænlega stefna að hafa sem fæsta fullgilda iðnaðarmenn í hverri iðngrein.

Vera má, að hjá sumum liggi sú hugsun til grundvallar, að bægja beri frá iðngreinunum hættu, sem af því gæti stafað, að á einhverjum tíma væru til fleiri faglærðir menn í iðngrein en atvinnureksturinn krefðist þá í bili. Sönnu nær mun þó, að mestu ráði um tilhneigingin til að bæta með þessu aðstöðu sumra þeirra, sem fullgildir eru, hvað réttindi snertir, til að halda velli fyrir nýjum og ef til vill hæfari mönnum, eða til að knýja fram á hverjum tíma þær kröfur um kaup eða kjör, sem þeir kunna að vilja gera til atvinnurekenda, hvort sem sanngirni mælir með þeim eða ekki. Hvort sem ráðið hafa þessari lagasetningu þær ástæður, sem hér hafa verið nefndar, eða einhverjar aðrar, þá er með þessum ákvæðum allt of langt gengið í að skerða rétt hinnar uppvaxandi kynslóðar til að velja sér lífsstarf við sitt hæfi, og má segja, að ráðizt sé á sjálfsögðustu mannréttindi þann veg. Enn fremur er með þessum útilokunarákvæðum beint til þess stefnt, að tilfinnanlegur skortur iðnfaglærðra manna verði í landinu, enda er nú svo komið, eins og síðar mun vikið að. Fer þetta mjög illa saman við þá þróun atvinnulífsins, sem hér hefur orðið og verða mun meiri, er stundir líða fram, og allir landsmanna virðast fagna. Í iðngreinunum er nú unnið meir og meir með vélum. Við húsasmíðar, vegagerðir, landbúnaðarvinnu og að heita má í öllum greinum eru landsmenn auk þess að taka vélaaflið meir og meir í þjónustu sína. En ljóst er, að slíkt krefur aukinnar fagþekkingar í meðferð og viðgerðum, ef ekki smíði á hvers konar vélum eða vélahlutum. Samhliða þessu er látin vera við lýði svo afturhaldssöm löggjöf, hvað menntun snertir á þessu sviði, að með henni er beinlínis stefnt í öfuga átt við heilbrigða þróun í atvinnumálum landsins. Auk hins framangreinda má geta þess t. d., hvað járnsmíði og vélamennsku snertir, að í vélstjóraskólann fær enginn inntöku nema að undangengnu þriggja ára starfi í smiðju. Má ef til vill þangað rekja að nokkru þann tilfinnanlega skort á lærðum vélstjórum á fiskiskipin, sem einatt er fyrir hendi, og undanþágufarganið, sem jafnan fylgir þeim vandræðum.

Þrátt fyrir þetta er í lögum um iðnaðarnám ekkert tillit til þess tekið, að þeir, sem læra vilja vélgæzlu, þurfa að eiga greiðan aðgang að námi í smiðju. Nú er það svo að kunnugra manna sögn, að aðeins um ¼ af þeim, sem járnsmíði nema, staðnæmist í smiðjunum til frambúðar. Hinir fara til annarra starfa á sjó og landi, þar sem þetta nám kemur þeim að notum. Í smiðjunum er hins vegar þannig ástatt, að um ⅕ þeirra manna, er þar starfa, hefur iðnréttindi. Hitt eru gervismiðir eða vélstjórar ýmiss konar og svo nemendur.

Þó að ekki sé nákvæmlega eins ástatt í ýmsum öðrum iðngreinum, eiga þær allar sammerkt í því, að löggjafinn hefur torveldað eðlilegt aðstreymi nemenda og lagt með því grundvöllinn að skorti á mönnum, sem iðnréttindi hafa. Af þessu leiðir svo það, að þegar skortur er á mönnum þeim, er réttindi hafa í hinum ýmsu iðngreinum, er gripið til ófaglærðra manna, sem þó krefjast allt að því eins mikils kaups og þeir, sem fullgildir eru í iðninni. Gervismiðir í ýmsum greinum hafa oft heyrzt nefndir þessi árin, og er það skorturinn á smiðum með iðnréttindi, sem hefur skapað þetta hugtak.

Þetta ófremdarástand þarf að víkja fyrir hollara og frjálsara fyrirkomulagi. Löggjafinn á ekki að torvelda ungum mönnum aðganginn að því verklega námi, sem þeir hafa hæfileika og löngun til að stunda, heldur miklu fremur að hjálpa þeim til að komast að þeim störfum, er til þjóðnytja horfa og hugur þeirra stendur til.

Einangrun iðngreinanna eða meiri og minni útilokun hinnar uppvaxandi kynslóðar frá því að læra gagnleg iðnaðarstörf undirbýr jarðveginn fyrir atvinnuleysi og skort, en greiður aðgangur að námi fjölbreyttra verklegra starfa er efnilegum unglingum byr undir báða vængi og bezta framtíðartrygging þeirra, en atvinnulífi þjóðarinnar öryggi, sem það má ekki án vera.

Sþ. 364. Nefndarálit

um till. til þál. um áætlun strandferðaskipa og flóabáta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt tillöguna og auk þess sent hana til umsagnar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og póst- og símamálastjóra. Hafa þeir báðir tjáð sig fylgjandi því, að samdar verði og gefnar út áætlanir fyrir strandferðaskipin svo fljótt sem því verði við komið.

Að fengnum þessum gögnum leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem unnt er semja áætlun um ferðir allra þeirra skipa, sem sigla í strandferðum við Ísland og gerð eru út af Skipaútgerð ríkisins eða eru á hennar vegum um lengri tíma. Skal áætlunin samin þannig, að skipakostur sá, sem útgerðin hefur yfir að ráða, verði notaður á sem allra hagkvæmastan hátt, bæði til fólks-, póst- og vöruflutninga, um leið og þess sé gætt, að staðir og héruð, sem lélegar eða engar bílasamgöngur hafa við aðalvegakerfi landsins, fái hlutfallslega meiri not af farþegaskipunum en þau héruð eða staðir, sem möguleika hafa á því að fullnægja fólksflutningi með bifreiðum. Áætlunin sé birt almenningi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. des. 1944.

Samfara þessu skal ríkisstjórnin einnig hlutast til um, að samdar verði áætlanir fyrir alla flóabáta, sem styrk hafa úr ríkissjóði, og séu þær birtar almenningi að minnsta kosti 30 dögum áður en ferðirnar hefjast. Við samningu umræddra áætlana skal leita samvinnu við póststjórnina.

Alþingi, 25. sept. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Ásgeir Ásgeirsson.
Jón Sigurðsson.	Páll Zóphóníasson.	Steingr. Aðalsteinsson.
	Ingólfur Jónsson.	

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar koma til framkvæmda heimild í 33. lið 22. gr. fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár um aukið húsrými fyrir geðveikisjúklinga.

Greinargerð.

Síðasta þing samþykkti heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja við geðveikrahælið á Kleppi eða taka húsnæði á leigu fyrir geðveikisjúklinga og verja fé úr ríkissjóði til greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar hins nýja hælis.

Að sjálfsögðu hefur heimildin verið veitt, af því að brýn nauðsyn er til úrbóta í þessum efnum og í trausti þess, að þeir, er með þessi mál fara, notuðu hana til einhverra þeirra aðgerða, sem um ræðir í heimildinni. Ástandið í þessum málum virðist vera orðið svo alvarlegt, að telja verður aðkallandi nauðsyn, að ríkisstjórnin hefjist handa til að framkvæma eitthvað af því, sem hér er fram á farið.

Þótt ekki þyki tiltækilegt að byrja nú viðbótarbyggingu á Kleppi og hafi ekki þótt í sumar, þá virðast geta komið til greina aðrar lausnir þessa máls til bráðabirgða til að gera það unnt að taka a. m. k. erfiðustu sjúklingana á spítala og leysa þannig vandræði þeirra, sem fyrir þeim verða að sjá nú á annan hátt, t. d. með afar kostnaðarsamri vörzlu sökum vöntunar á spítalaplássi fyrir þessa menn. Má í því sambandi benda á það, að nú munu hafa losnað m. a. nokkur sjúkrahús, sem setuliðið hefur haft til afnota, og er líklegt, að við þau eða eitthvert þeirra mætti notast til bráðabirgða, þar til hægt er að koma upp þeirri viðbótarbyggingu, sem fyrirhuguð er á Kleppi, en því miður hefur dregizt óhæfilega lengi að koma upp.

Flm. þessar þingsályktunartillögu er kunnugt um það, að yfirlæknirinn á Kleppi, dr. med. Helgi Tómasson, hefur einmitt og það fyrir alllöngu gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um þess konar bráðabirgðalausn, meðan annars betra húsnæðis er ekki kostur

Ríkisstjórnin hefur enga afstöðu tekið eða treyst sér til að taka til þess, er yfirlæknirinn hefur farið fram á, að reynt yrði, og ekki heldur, svo að vitað sé, hafzt neitt að því til framdráttar, sem Alþingi ætlaðist til með samþykkt umræddrs fjárlagaákvæðis. Þykir eigi mega við svo búið standa, að eigi sé gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði — jafnalvarlega og nú horfir í þessum málum, og fyrir þeirra hluta sakir er flutt tillaga sú til þingsályktunar, er hér liggur fyrir.

Á gamla Kleppsspítalanum (1907/1929) var ætlað rúm fyrir 50 sjúklinga, en þar voru að jafnaði 70. Þegar nýja spítalanum var bætt við, varð rúm fyrir 100 sjúklinga til viðbótar, en þegar á fyrsta ári, 1929—1930, bættust við á þessa spítala um 120 sjúklingar. Nú er alltaf talsverður hundraðshluti þeirra sjúklinga, sem inn eru lagðir, þannig haldnir, að þeir verða „kroniskir", sem kallað er, en það þýðir ef til vill sjúkrahúsvist í tuttugu til þrjátíu ár. Á árunum 1937—1938 var þegar svo komið, að ekki var lengur hægt að bæta sjúklingum við, en þó hefur verið neytt allra bragða af hálfu spítalastjórnarinnar til að haga svo til, að unnt væri að taka inn erfiðustu sjúklingana, eftir því sem hægt hefur verið, og svo það fólk, sem útlit hefur verið fyrir, að gæti fljótlega náð séð, — þyrfti skamma dvöl á sjúkrahúsi. T. d. hafði spítalinn til afnota húsnæði í Laugarnesspítala fyrir 12 sjúklinga árin rétt fyrir stríðið, en missti það, er setuliðið hernam hann. Þeir sjúklingar, sem þar höfðu verið, voru þá fluttir í kjallara á Kleppi, sem starfsfólkið hafði haft fyrir bústað, en það flutt með búi spítalans að Syðra-Langholti.

Hlöðu og fjósi á Kleppi var hvoru tveggja breytt í sjúkrahús og tekið í notkun árið 1942. S. l. 2 ár hefur spítalinn haft húsrúm í sjúkrahúsi Stykkishólms fyrir

sjúklinga (18 konur) frá Kleppi, en sökum fjarlægðar eru á þessu mikil vandkvæði, því að ágerist sjúkdómur slíkra sjúklinga og verði þeir erfiðir viðfangs, verður að flytja þá aftur að Kleppi, því að vestra eru ekki tök á að hafa aðra en „rólega" sjúklinga. — Þá hefur Reykjavíkurbær í s. l. 3—4 ár starfrækt býlið á Elliðavatni sem vistheimili fyrir geðbilaða karlmenn, sem lögheimili eiga í Reykjavík, og er vistheimili þetta starfrækt sem nokkurs konar deild úr Kleppsspítala.

Er sýnt af því, sem hér hefur verið talið, að spítalastjórnin hefur neytt ýmissa bragða til að gegna hlutverki sínu, — því að veita viðtöku til umönnunar geðbiluðum sjúklingum. Hitt er ljóst, að sjúkrapláss fyrir geðveika hafa jafnan verið of fá miðað við þörfina — og eru það enn. Ekkert hefur verið gert til að mæta eðlilegri fólksfjölgun í landinu.

Af þessu leiðir, að árlega fækkar þeim rúmum, sem hægt er að hafa til ráðstöfunar fyrir þá sjúklinga, sem sjúkrahúsvistar þarfnast.

Þar sem reynt hefur verið að láta erfiðustu sjúklingana ganga fyrir, hefur þeim fjölgað þar meir en öðrum, og er nú svo komið, að slíkir sjúklingar eru nær eingöngu eftir á Kleppi.

Við þetta hefur hlaðizt æ meira erfiði á starfsfólkið, og er það — ásamt þeirri eftirspurn, sem frá öðrum heilbrigðisstofnunum er fyrir hendi eftir starfsfólki, — að verða þess valdandi, að hjúkrunarlið spítalans er allt of fáliðað.

Nú er svo ástatt í landinu, að alls staðar eru vandræði, hvað snertir aðstoð á heimilunum. Það gerir enn örðugra að stunda sjúklinga heima, og á það ekki sízt við um geðveika. Þessi vandræði hafa aldrei verð meiri en nú. Er því enn meir en áður sótt eftir að koma sjúklingunum á sjúkrahús, enda er af yfirlækni spítalans talið víst, að ef Kleppur gæti nú tekið við sjúklingum eins og óskað væri eftir, mundu þangað leita þegar í stað um 200 nýir sjúklingar í viðbót við þá, sem fyrir eru.

Hér hefur verið reynt að skýra nokkuð málið, og mætti þó mörgu við bæta. En líklegt er, að flestum þingmönnum sé þegar fyrir fram ljós hin brýna nauðsyn, sem á því er að útvega aukið húsrúm fyrir geðbilað fólk, og að þeir telji óverjandi, að engar tilraunir séu til þess gerðar.

Sþ. 366. Tillaga til þingsályktunar

um verðlækkun á vörum innan lands.

Flm.: Jón Pálmason, Skúli Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Sameinað Alþingi felur ríkisstjórninni að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum með ríkisframlagi, þar til frumvarpið á þingskjali 367 hefur fengið afgreiðslu í þinginu.

Greinargerð.

Frumvarp það um breytingar á dýrtíðarlögunum frá 14. apríl 1943, sem fram er lagt á Alþingi í dag og byggt er á samþykkt um verðlagsmálin á búnaðarþingi, felur í sér ákvarðanir um verð á landbúnaðarafurðum til 15. sept. 1945. En þar sem gera má ráð fyrir, að afgreiðsla á frumv. í þinginu taki nokkra daga, er óhjákvæmilegt að gera bráðabirgðaráðstafanir til að afstýra hækkun á verðlagi á þessum vörum, meðan á meðferð málsins stendur. Er því tillaga þessi fram borin.

Nd. 367. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

1. Hækkun sú á verði landbúnaðarafurða eftir verðlagsvísitölu samkvæmt lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 14. apríl 1943, sem ganga átti í gildi 15. sept. 1944, skal falla niður og verð landbúnaðarafurða á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945 reiknast eftir vísitölu næsta tímabils á undan, sbr. þó 2. lið.
2. Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu- og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út mánaðarlega, og koma þær til framkvæmda næsta mánuð á eftir.
3. Ríkisstjórnin leggur fram fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Fjárframlag ríkissjóðs í þessu skyni greiðist mánaðarlega og að öðru leyti á sama hátt og verið hefur.
4. Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar árið 1945, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái verð fyrir þær samkvæmt 1. og 2. lið þessara laga. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum, um leið og kaupendur borga vörurnar.
5. Bráðabirgðaákvæði þessi halda gildi sínu til 15. sept. 1945 þrátt fyrir ákvæði 3. málgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er byggt á ályktunum um verðlagsmál, sem samþykktar voru á nýafstöðnu búnaðarþingi. Eru ályktanir búnaðarþingsins birtar hér með sem fskj. Flutningsmenn hafa óbundin atkvæði um breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Fylgiskjal.

Ályktanir aukabúnaðarþings 1944 um dýrtíðar- og verðlagsmál.

I. Búnaðarþingið lýsir yfir því, að það heldur fast við réttmæti ályktana sinna frá 1943, þar sem það lýsir yfir því, að það sé reiðubúið að samþykkja, að verð á landbúnaðarvörum yrði fært niður, ef samtímis færi fram hlutfallsleg lækkun á launum og kaupgjaldi, og endurnýjar nú þetta tilboð til þeirra aðila, er hlut eiga að máli.

Jafnframt vill búnaðarþing taka fram, að það telur enn sem fyrr, að það sé á engan hátt vegna sérhagsmuna landbúnaðarins, að fært sé niður útsöluverð á landbúnaðarvörum með greiðslu neytendastyrks úr ríkissjóði um stundarsakir.

II. En með því að upplýst er, að eins og nú standa sakir, næst ekki samkomulag um gagnkvæma niðurfærslu kaupgjalds og verðlags, lýsir búnaðarþing yfir því, að það getur vegna nauðsynjar alþjóðar á því að stöðva verðbólguna í landinu fallizt á, að ákveðin sé nú þegar niðurfærsla sú af hálfu landbúnaðarins, sem um ræðir í fyrsta lið, með því að gera ekki kröfu til að fá greidda þá 9,4% hækkun á sölu-

verði framleiðsluvara þeirra, sem þeim ber frá 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945 samkvæmt útreikningi hagstofunnar.

Tilboð þetta er gert í trausti þess, að hér eftir fari fram hlutfallslegar kauplækkanir í landinu. Fari hins vegar svo, að samræmingar verði gerðar í kaupgreiðslum, skal hagstofunni falið að afla jafnóðum gagna til að reikna út, hvort þær hafi áhrif á verðlagsvísitölu landbúnaðarvara eða vinnslu- og sölukostnað þeirra til hækkunar, og skal þá verð á þeim vörum þegar hækkað á innlendum markaði í samræmi við það..

III. Framlag bænda, sem hér um ræðir, til stöðvunar verðbólgunni, er bundið því skilyrði, að bændur fái greiddar uppbætur á útflutningsafurðir sínar, sem koma á markaðinn eftir 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945, miðað við landbúnaðarvísitölu síðastliðins tímabils.

IV. Að lokum lýsir búnaðarþing yfir því, að ekki komi til mála, að bændur færi niður verð á afurðum sínum á nýjan leik, fyrr en tilsvarandi lækkun, þeirri er hér um ræðir, hefur farið fram á launum og kaupgjaldi.

Sþ. 368. Þingsályktun

um verðlækkun á vörum innan lands.

(Afgreidd frá Sþ. 26. sept.)

Samhljóða þskj. 366.

Nd. 369. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Laxárdal og Ymjaberg á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Eftir öðrum tölulið 1. gr. komi 3 nýir töluliðir, og breytast töluliðir eftir því:

a. (3.) Að selja jörðina Refstað í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu ábúandanum, Páli Metúsalemssyni.
b. (4.) að selja jörðina Snotrunes í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu ábúandanum, Halldóri Ármannssyni.
c. (5.) Að selja eyðijörðina Steinboga í Hjaltastaðahreppi Geirmundi Eiríkssyni, bónda á Hóli.

Nd. 370. Lög

um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

(Afgreidd frá Nd. 27. sept.)

Samhljóða þskj. 119.

Nd. 371. Lög

um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

(Afgreidd frá Nd. 27. sept.)

Samhljóða þskj. 120.

Ed. 372. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Ef tveimur eða fleirum ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fáist ekki skipuð hvert í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tillögu landlæknis, og gerir hann fyrir því eftirfarandi grein:

Fæðingum fækkar svo í strjálbýlinu, að í fjölda ljósmóðurumdæma fæðast aðeins 1—2 börn á ári, og í æði mörgum líður svo heilt ár, að ekkert barn fæðist. Árið 1942 fæddust í heilu sveitalæknishéraði, sem í eru 4 ljósmóðurumdæmi, ein 3 börn, og var engin mæðranna frumbyrja. Í öðru heilu læknishéraði ól engin frumbyrja barn, og í 2 héruðum voru frumbyrjurnar 2 í hvoru. Sums staðar þar, sem fæðingar eru orðnar svo strjálar, að illt er að hemja þar ljósmæður, eru samgönguskilyrði þau, að vinnandi vegur er, að ein ljósmóðir gegni 2 eða jafnvel fleirum samliggjandi umdæmum, jafnframt því sem kunnugt er um ljósmæður, sem ófáanlegar eru til að taka að sér umdæmi, þar sem 1—2 börn fæðast á ári og jafnvel ekkert barn sum ár, en mundu tilleiðanlegar að gefa kost á sér í víðáttumeiri umdæmi, enda væru þeim tryggð aukin laun, sem því svaraði. Liggja þegar fyrir beiðnir um, að leyfð verði sú tilhögun á launagreiðslum ljósmæðra, sem frumvarpið fer fram á.

Frumvarp þetta ber að meta sem tillögu um bráðabirgðaráðstafanir, unz ljósmæðraskipunin hefur verið endurskoðuð í heild.

Sþ. 373. Nefndarálit

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og orðið sammála um að samþykkja hana óbreytta. — Einn nefndarmanna (PZ) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 29. sept. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.
Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.	Jón Sigurðsson.	Ásg. Ásgeirsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. **374. Frumvarp til laga**

um ríkisstuðning við bæjar- og sveitarfélög til framleiðsluaukningar.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Áki Jakobsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir bæjar- og sveitarfélög lán, er þau kunna að taka til þess að koma upp nýjum framleiðslutækjum í viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum með þeim hætti, er greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisábyrgð samkv. 1. gr. skal einkum veita fyrir lánum til að kaupa eftirgreind framleiðslutæki og mannvirki: Fiskiskip, dráttarbrautir, síldarverksmiðjur, niðursuðuverksmiðjur og aðrar verksmiðjur og mannvirki til vinnslu á sjávarafurðum; vatnsveitur, raforkuveitur, tunnuverksmiðjur, enn fremur meiri háttar kaup landbúnaðarvéla, verksmiðjur til úrvinnslu landbúnaðarvara og auk þess önnur þau framleiðslutæki, sem líkleg eru til þess að geta veitt atvinnu og geta verið fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki.

3. gr.

Sveitarstjórn, sem óskar að verða aðnjótandi ríkisábyrgðar samkv. lögum þessum, skal senda umsókn til atvinnumálaráðuneytisins, sem úrskurðar um veitingu ríkisábyrgðar að fengnu samþykki sérstakrar fimm manna nefndar, sem kosin er hlutbundinni kosningu í sameinuðu þingi. Umsókninni skal fylgja ýtarleg greinargerð og rökstuðningur og enn fremur allar byggingaráætlanir, teikningar og rekstraráætlanir.

4. gr.

Ábyrgðir, sem veittar eru samkvæmt lögum þessum, mega ekki vera hærri en 5 millj. króna til sama sveitarfélags.

5. gr.

Nefnd sú, er um ræðir í 3. gr., skal ákveða, til hve langs tíma hvert lán skal vera, um vaxtaupphæð og annað, er að lántökunni lýtur, en fjármálaráðherra annast lánsútboð. Nefndin skal gæta þess sérstaklega, þegar hún samþykkir umsókn, að þau framleiðslutæki, sem fyrirhuguð eru, komi íbúum sveitarfélagsins að gagni og séu í samræmi við alþjóðarhagsmuni, bæði um legu, stærð og fyrirkomulag.

Nefndin hefur rétt til þess að ráða sér sérfræðilega aðstoð.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af mikilvægustu verkefnum íslenzku þjóðarinnar nú er að umbreyta atvinnuháttum sínum svo, að allir landsmenn hafi jafnan næga atvinnu við þjóðnýt störf og að vinnuorka hvers einstaklings komi að sem mestu gagni fyrir þjóðarheildina.

Nú er því svo farið, að þúsundir landsmanna hafa lítið sem ekkert að gera, svo að mánuðum skiptir á hverju ári, og há er sú tala fullvinnandi Íslendinga, sem vinna við slík starfsskilyrði, bæði til lands og sjávar, að vinnuafköst þeirra eru í engu samræmi við strit og starfstíma.

Allir þekkja dæmin um þetta úr sveitinni, þar sem hundruð bænda vinna enn við hin frumstæðustu vinnuskilyrði. Við sjávarsíðuna eru enn mörg hundruð sjó-

manna, sem fiskveiðar stunda á litlum, opnum vélbátum með handfæri, og gefur að skilja, að vinnuafköst þeirra geta ekki verið nema brot af því, sem þau eru hjá fiskimönnum á stærri bátum og skipum, sem unnið geta með miklu fullkomnari veiðarfærum.

Það er stórt átak og fjárfrekt að umbreyta framleiðsluháttum heilla byggðarlaga. Reynslan hefur sýnt, að ýmis sveitarfélög, sem vilja og skilning hafa haft til að auka og fullkomna framleiðslutæki sín, hafa ekki reynzt fær um að koma því í framkvæmd af fjárhagsástæðum.

Fiskiþorp með 500—800 íbúa þarf allmikið fjármagn til þess að eignast stór og góð fiskiskip í stað smábáta og til þess að reisa hraðfrystihús, sem skapa mundi þorpsbúum nýja og stóraukna möguleika til atvinnu.

Það er dýr framkvæmd og ofviða flestum sveitarfélögum að byggja síldarverksmiðju, tunnuverksmiðju, niðursuðuverksmiðju og önnur slík mannvirki, ef ríkið veitir ekki einhverja aðstoð.

Enginn mun þó efast um gagnsemi slíkra fyrirtækja fyrir þjóðarheildina, séu þau byggð á réttum stöðum og stærð og fyrirkomulag sem hagkvæmast.

Það er álit okkar flm. þessa frv., að óhjákvæmilegt sé, að ríkið veiti aðstoð sína til þeirrar framleiðsluaukningar og umbóta á framleiðsluháttum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er slíkur stuðningur tvímælalaust réttmætur.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að veita ríkisábyrgðir í þessu skyni fyrir allt að 100 milljónum króna, en þó aldrei til sama sveitarfélags hærri ábyrgð en 5 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir, að skipuð verði fimm manna nefnd, sem hafi sérstakt eftirlit með því, að stuðningur skv. lögum þessum verði veittur þannig, að að sem mestu gagni komi. Þannig ætti hún að hlutast til um, að þeir útgerðarstaðir, sem bezt liggja við fiskimiðum og vel eru fallnir til fiskveiða, verði studdir til aukinnar fiskframleiðslu og að þeir bæir, sem bezt hafa skilyrði til vinnslu úr afurðum eða til iðnrekstrar, gangi fyrir hinum um stuðning, sem verr eru fallnir til þeirra framleiðslustarfa. Hið sama er að segja um stuðning til landbúnaðarframleiðslunnar.

Lán, sem ríkisábyrgð yrði veitt fyrir skv. lögum þessum, yrðu væntanlega hagstæð lán með lágum vöxtum. Ætti það að vera ríkisvaldinu í lófa lagið að hafa áhrif þar á.

Nái frv. þetta fram að ganga, má fullvíst telja, að mikill skriður komi á framleiðsluaukningu landsmanna, því að mörg sveitarfélög munu hafa fullan hug á stórframkvæmdum í þessu skyni, þó að enn hafi ónóg fjárráð hamlað öllum aðgerðum.

Sþ. 375. Tillaga til þingsályktunar

um póstsamband milli Íslands og Ameríku.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita nú þegar samninga við Bandaríkjastjórn um bættar póstsamgöngur milli Íslands og Ameríku, enda verði rík áherzla lögð á póstflutning loftleiðis og að sem minnstar tafir verði á póstinum vegna bréfaskoðunar Bankaríkjanna.

Telji ríkisstjórnin nauðsynlegt að senda fulltrúa til Ameríku til þess að semja um þessi mál, skal henni heimilt fé til þess úr póstsjóði.

Greinargerð.

Verzlunarviðskipti Íslendinga hafa, eins og kunnugt er, færzt meira og meira vestur um haf á undanförnum árum, svo að segja má, að um 80% af öllum inn-

flutningi landsmanna komi nú frá Vesturálfu. Bendir margt til þess, að fyrst um sinn verði ekki á þessu verulegar breytingar, m. a. skrá sú, sem gerð er af nefnd Breta og Bandaríkjamanna í Washington, en þar segir til um það, hvar kaupa skuli hinar ýmsu vörur, sem áætlað er, að fluttar verði inn á þessu ári. Það er því ljóst, að þegar svo er komið, að verzlun landsins hefur verið ráðstafað með samningum til ákveðinna landa, ber að sjálfsögðu einnig brýna nauðsyn til að tryggja sem bezt allt póstsamband milli þessara sömu landa, því að það er eitt meginskilyrði eðlilegra og hagkvæmra viðskipta, að póstsambandið milli aðilanna geti haldizt óruggt og bréf gengið á milli með sem allra minnstum töfum. En á þessu eru svo miklir annmarkar, sem kunnugt er, að varla er við unandi. Má það teljast hreinasta tilviljun, ef svar við bréfi getur komizt hingað frá Ameríku á tveimur mánuðum. Sjá allir, hversu óþolandi slíkt ástand er í póstsamgöngum við það land, sem meginhluti innflutningsins kemur frá. Á sama tíma verða menn þess varir, að blöð, sem gefin eru út í Ameríku, hafa sézt hér fáum dögum eftir útkomudag þar og þá komið hingað eftir öðrum leiðum en venjulegur póstur.

Í því trausti, að ríkisstjórninni takist að fá hagkvæma samninga um þessi mál við viðkomandi aðila, er þáltill. þessi borin hér fram.

Það kann að vera nauðsynlegt, að póst- og símamálastjóri eða einhver annar fulltrúi ríkisstjórnarinnar takist ferð á hendur til þess að semja um þessi mál, og má ekki láta þann kostnað, sem af því kann að leiða, standa í vegi fyrir því, að þessum málum verði komið í viðunandi horf. Hefur því þótt rétt að setja einnig ákvæði um þetta atriði í tillöguna.

Sþ. 376. Nefndarálit

um till. til þál. um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna á þrem fundum og fengið flutningsmenn og hagstofustjóra til viðtals.

Hagstofustjóri lítur svo á, að með samþykkt tillögunnar og framkvæmd fáist ekki eins fullkomið yfirlit yfir heildartekjur þjóðarinnar og með því að leggja skattskýrslur allra landsmanna til grundvallar. Hins vegar telur hann, að vel sé unnt að framkvæma tillöguna, ef til vill með lítið eitt auknu fólkshaldi á Hagstofunni, og hann telur, að með þeim upplýsingum, er þannig fáist, fái almenningur fróðlegt yfirlit yfir landbúnaðar- og útgerðartekjur þjóðarinnar og geti sá samanburður frá ári til árs orðið fróðlegur.

Hins vegar telur hann tímatakmark það, er nefnt er í næstsíðustu málsgrein tillögunnar, of þröngt, og óskar eftir, að í stað „júnímánuði“ á tveim stöðum komi: septembermánuði.

Einn nefndarmaður (GJ) fylgir tillögunni með fyrirvara, en hinir nefndarmennirnir leggja til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Í stað orðsins „júnímánuði“ á tveim stöðum í næstsíðustu málsgrein komi: septembermánuði.

Alþingi, 30. sept. 1944.

Gísli Jónsson, form., með fyrirvara.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Steingr. Aðalsteinsson.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Ed. 377. Frumvarp til laga

um nýbyggðir og nýbyggðasjóð.

Flm.: Kristinn E. Andrésson, Brynjólfur Bjarnason.

I. KAFLI
Um nýbyggðastjórn.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum yfirstjórn allra nýbyggðamála í landinu.

2. gr.

Skipaður skal sérstakur nýbyggðastjóri, sem hafi á hendi umsjón með öllum framkvæmdum, sem heyra undir lög þessi, og skulu laun hans vera hin sömu og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Nýbyggðastjóri ákveður styrk og lán til byggðahverfa og nýbýla.

4. gr.

Nýbyggðastjóri nýtur við framkvæmd laga þessara aðstoðar og ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Um nýbyggðasjóð.

5. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir nýbyggðasjóður. Markmið hans er:

a. að lána fé til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðahverfum;
b. að lána fé til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar;
c. að lána fé til endurbygginga íveruhúsa í sveitum.

6. gr.

Sjóðurinn starfar í þrem deildum, sem heita byggðahverfasjóður, nýbýlasjóður og byggingarsjóður. Skulu sjóðirnir hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald. Búnaðarbanki Íslands hefur reikningshald og útborganir nýbyggðasjóðs með höndum og stjórn, lán- og styrkveitingar byggingarsjóðs.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Byggingarsjóður og nýbýlasjóður, eins og þeir eru nú;
b. tíu millj. króna framlag úr ríkissjóði til byggðahverfa.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af útistandandi lánum;
2. framlag úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum í hvert sinn, þó aldrei minna til byggðahverfasjóðs en 500 þús. kr. á ári og til byggingarsjóðs 300 þús. kr. auk framlaga samkv. 17. og 33. gr. þessara laga.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða gefa út vaxtabréf fyrir allt að 10 millj. kr. handa nýbyggðasjóðnum til stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætluð samkv. lögum þessum.

9. gr.

Stjórn nýbyggingasjóðsins ákveður, hvað lagt skuli í varasjóð af tekjuafgangi þeim, sem verða kann samkv. árlegum reikningsskilum sjóðsins. Af fé varasjóðs skal greiða tap, sem nýbyggingasjóður kann að verða fyrir.

10. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum samkv. 8. gr. er:

1. Skuldabréf frá lántakendum,
2. varasjóður viðkomandi deildar nýbyggingasjóðs,
3. höfuðstóll deildarinnar,
4. ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, er það gert í þeirri röð, sem hér er talið.

11. gr.

Lán úr byggðahverfasjóði til bygginga í byggðahverfum veitist til byggða félaga og einstaklinga, sem gerzt hafa félagar í byggðafélögum, samkv. nánari ákvæðum í lögum þessum og reglugerð.

12. gr.

Lán úr nýbýlasjóði til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum eru veitt með þessum skilyrðum:

1. að lántaki sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja;
2. að hið nýja býli uppfylli skilyrði IV. kafla (um nýbýli) í lögum þessum;
3. að lántakandi skuldbindi sig til að fullrækta 10 ha túns á eigi skemmri tíma en tíu árum og minnst tíunda hluta þess á ári:
4. að trúnaðarmenn frá Búnaðarfélagi Íslands, sem falið hefur verið að rannsaka hæfni bújarða á landinu, hafi gefið yfirlýsingu um, að býlið sé reist á stað, sem vel sé fallinn til framtíðarábúðar;
5. að lántakandi sanni með síðustu skattskýrslu sinni, að hann geti ekki af eigin rammleik reist nauðsynlegar byggingar á býlinu.

13. gr.

Lán úr byggingarsjóði til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum eru veitt með þessum skilyrðum:

1. að lántakandi sanni með síðustu skattskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á jörð sinni;
2. að húsin séu gerð úr góðu og viðurkenndu efni, sem stjórn sjóðsins tekur gilt, og sé gerð þeirra innan og utan samþykkt af henni;
3. að lögð sé fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunabótafélags Íslands;
4. að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða trúnaðarmanni nýbýlastjóra, ef ekki næst til trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, yfirlýsing um, að húsið verði reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o. s. frv.

14. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn hverju því fasteignaveði, sem stjórn sjóðsins tekur gilt;
b. gegn ábyrgð sýslu-, bæjar-, hrepps- eða byggðarfélaga, að áskildu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

15. gr.

Lán veitist með þessum kjörum:

1. Vextir og afborganir séu ekki yfir 3% af allri lánsupphæðinni í 42 ár í byggðahverfa- og nýbýlasjóði, en 5% í byggingarsjóði.

2. Lán þessi mega nema:
   a. til byggðahverfa allt að fullu kostnaðarverði nauðsynlegra bygginga að frádregnum styrk til býlisins;
   b. til bygginga á nýbýlum allt að 15 þús. kr. og þó aldrei yfir 40% af kostnaðarverði. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti, og má lánið þó aldrei vera hærra en svo, að það ásamt því, sem hvílir á 1. veðrétti, nemi 15 þús. kr.;
   c. til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabæjum allt að 12 þús. kr. til sama manns.

16. gr.

Lánin greiðir sjóðurinn að jafnaði í þrem hlutum, þannig:
Fyrsta hluta, þegar efni til byggingarinnar er keypt og komið á staðinn.
Annan hluta, þegar byggingin er komin undir þak.
Þriðja og síðasta hluta, þegar byggingin er fullgerð.
Skal hin útborgaða upphæð í hvert sinn miðuð við útborgaðan hluta kostnaðar.

III. KAFLI
Um byggðahverfi.

17. gr.

Ríkisstjórnin lætur undirbúa stofnun byggðahverfa í sveitum, við kauptún og í kauptúnum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 1500000 kr. á ári. Stofnun byggðahverfanna skal framkvæmd eftir þeirri röð, er landbúnaðarráðherra með ráðum nýbyggðastjóra þykir rétt.

18. gr.

Byggðahverfi verða reist á þessum stöðum:

A. Byggðahverfi í sveitum:
   Leirár- og Melasveit, Borgarfjarðarsýslu.
   Andakílshreppur (2), Borgarfjarðarsýslu.
   Álftaneshreppur, Mýrasýslu.
   Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.
   Saurbæjarhreppur, Dalasýslu.
   Torfalækjarhreppur, A.-Húnavatnssýslu.
   Seyluhreppur, Skagafirði.
   Ljósavatnshreppur, S.-Þingeyjarsýslu.
   Valla- og Eiðahreppur, S.-Múlasýslu.
   Holta-, Ása- og Djúpárhreppur, Rangárvallasýslu.
   Ölfushreppur, Árnessýslu.
B. Byggðahverfi við kauptún:
   Skilmannahreppur, Borgarfjarðarsýslu.
   Reykjahverfi, S.-Þingeyjarsýslu.
   Í Nesjahreppi, Hornafirði.
C. Byggðahverfi í kauptúnum:
   Akranes.
   Skagaströnd.
   Húsavík.
   Höfn, Hornafirði.

19. gr.

Byggðahverfi nefnast í lögum þessum minnst tíu býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu a. m. k. ætlaðir tólf ha til túnræktunar eða jafngildi þess í skil-

yrðum til garðyrkju auk nauðsynlegs beitilands. Þá njóta og sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, er minna land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, sem að dómi nýbyggðastjóra teljast nauðsynleg fyrir búrekstur byggðahverfisins.

20. gr.

Framkvæmdir að stofnun byggðahverfa skulu fara fram á landi, sem ríkið er eigandi að, eða bæir, sveitarfélög eða byggðafélög vilja leggja til. Keypt skal land í þessu skyni, þegar það telst nauðsynlegt, og enn fremur er heimilt að taka stórjarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð, eignarnámi til þessara nota.

21. gr.

Áður en framkvæmdir eru hafnar, leggur nýbyggðastjóri fram rökstuddar tillögur með rannsóknarniðurstöðum um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, jarðhita, samgangna, markaðs o. fl. Jafnframt skal hann leggja fram skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun og enn fremur gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur skuli stundaður í byggðarhverfinu. Að fengnum tillögum nýbyggðastjóra skal Alþingi síðan ákveða með lögum, hvaða byggðahverfi skuli stofnuð.

22. gr.

Er Alþingi hefur ákveðið, að byggðahverfi skuli stofnuð á ákveðnum stöðum, lætur ríkið á sinn kostnað undirbúa landið allt til ræktunar, girða það, ræsa það fram, leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skólpæðar, plægja það og rækta a. m. k. 6 ha á hvert áætlað býli.

23. gr.

Samtímis því, sem undirbúningur þessi fer fram, skal nýbyggðastjóri láta reisa í byggðahverfum íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús og fær til þess lán úr nýbyggðasjóði handa hverju býli í hverfinu. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér. Lánið er vaxta- og afborgunarlaust, þangað til ábúandi hefur tekið það að sér. Allt að 25% af byggingarkostnaði á hverju býli má veita sem styrk af fé því, sem varið er til byggðahverfa samkv. lögum þessum, enda sanni sá, er tekur við býlinu, með síðustu skattskýrslu sinni, að hann geti ekki af eigin rammleik staðið undir kostnaði af byggingunni.

24. gr.

Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 21. gr., og fasteignamat hefur farið fram, skulu lönd þessi leigð með erfðaleigu einstaklingum eða byggðafélögum samkv. skilmálum, sem teknir verða fram í reglugerð.

25. gr.

Leiga á býlum innan byggðahverfa skal auglýst með minnst eins árs fyrirvara. Forgangsrétt hafa bændur á byggðahverfasvæðinu, bændasynir og aðrir, sem hafa að dómi nýbyggðastjóra hæfni til búrekstrar, og þar næst ábúendur á þeim jörðum, sem ekki njóta styrks samkv. jarðræktarlögunum vegna þess, að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

26. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún til að öðlast gildi vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbyggðastjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir og byggingar, vélar o. s. frv. skulu vera félagseign. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykkta byggðarfélaga skulu sett með reglugerð.

27. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnurekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum, enda sé minnst tíundi hluti þess ræktaður á ári hverju. Vanræki ábúandi þessar skyldur sínar, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum. Skal nýbyggðastjóra skylt að hafa eftirlit með, að jarðirnar séu vel setnar, og getur það varðað ábúðarmissi, ef stórfelldar vanrækslur eiga sér stað.

28. gr.

Segi ábúandi upp leigu eða missi ábúðarrétt sinn samkvæmt 27. gr., skal fara fram mat (eftir nánari ákvæðum í reglugerð) á þeim framkvæmdum, sem hann hefur unnið á jörðinni, og ber viðtakanda býlisins að greiða honum framkvæmdir hans samkv. því mati svo og þann hluta, sem hann hefur eignazt í byggingum. Styrkur sá, sem veittur hefur verið af opinberu fé til framkvæmdanna, er dreginn frá matsverðinu.

29. gr.

Byggðarfélögum eða einstökum ábúendum í byggðarhverfum veitist fjárhagsleg aðstoð sem hér segir:

a. Styrkur samkv. 9. kafla jarðræktarlaganna til framhaldsræktunar og húsabóta þeirra, er þar um ræðir;
b. lán úr nýbyggðasjóði og styrkur til byggingar íbúðarhúsa og gripahúsa samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

Nú stofna tíu menn eða fleiri með sér félag, er hefur það að markmiði að reisa byggðahverfi á ákveðnu landssvæði, og skulu þeir þá senda nýbyggðastjóra tillögur sínar þar um. Skal hann láta fara fram rannsókn á landinu, og vilji hann mæla með byggðarstofnun þar, lætur hann gera skipulagsuppdrátt, tillögur um kaup á landi, ef þörf gerist, áætlanir um kostnað og framleiðslu og leggur það fyrir Alþingi, er ákveður, hvort taka skuli þetta væntanlega byggðarhverfi upp í nýbyggðalög.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, ef bæjar- eða sveitarfélög vilja reisa byggðarhverfi.

IV. KAFLI
Um nýbýli.

31. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu þau nýbýli njóta stuðnings ríkisins, sem reist verða á ræktuðu landi eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar eða búskapar. Skal hið nýja býli hafa minnst 10 ha ræktanlegs lands auk nægilegs beitilands eða önnur landgæði ígildi þess að dómi nýbyggðastjóra. Nýbýlið fái útskipt land með ákveðnum landamerkjum, eftir því sem við á og nauðsynlegt er.

32. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými að dómi nýbyggðastjóra, að nægi meðalfjölskyldu til framfæris miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha — eða önnur landgæði ígildi þeirrar ræktunar — og ræktanlegs túns í viðbót 6 ha auk nægilegs beitilands.

33. gr.

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla.

34. gr.

Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 15 þús. kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera

hærri en það, að hann nemi 40% af stofnkostnaði býlisins. Styrkur ríkisins greiðist eftir því, sem um semst milli nýbyggðastjóra og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því, sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýlis, sem er í einkaeign, en byrjað er á byggingum.

35. gr.

Til þess að nýbýli njóti stuðnings hins opinbera, skal það vera reist á jörð, sem vel er fallin til framtíðarábúðar samkv. yfirlýsingu trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands, sem falin hefur verið rannsókn á því, hverjar jarðir á landinu eru hæfar til framtíðarábúðar. Enn fremur getur nýbyggðastjóri sett skilyrði um það, hvers konar búskapur sé stundaður á býlinu og hvaða afurðir séu þar framleiddar.

36. gr.

Heimilt er nýbyggðastjóra með samþykki landbúnaðarráðherra að láta reisa nýbýli á jörð í eigu hins opinbera. Skulu þá um undirbúning allan undir stofnun býlanna gilda sömu ákvæði og um byggðarhverfi í lögum þessum, sömuleiðis um forgangsrétt að býlunum.

37. gr.

Sá, er reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér umráðarétt á landi, sendi nýbyggðastjóra umsókn sína. Nýbyggðastjóri lætur athuga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á staðnum og úrskurðar, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

38. gr.

Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbyggðastjóra, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að hann samþykki hann.
2. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefur til þeirra lagt.

V. KAFLI

Um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl.

39. gr.

Nýbyggðastjórn skal halda skýrslu yfir byggðahverfi og nýbýli, sem reist eru samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefur veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög ábúenda. Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum. Þá skal og nýbyggðastjórn afla sér upplýsinga um rekstrarafkomu hvers býlis, og leggur hún í því skyni þá kvöð á ábúendur að halda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna eftir reikningsfyrirmyndum, sem nýbyggðastjórn gefur út í samráði við búreikningaskrifstofu ríkisins. Heildarskýrslur um þessi efni er nýbyggðastjórn heimilt að birta.

40. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, sem lán hefur verið veitt til úr nýbyggðasjóði. Trúnaðarmenn, er stjórn hans skipa, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

41. gr.

Nú verða ábúendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við nýbyggðasjóð, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið, frá því að mat fór fram. Þó skal draga frá sem nemur hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til býlisins, þar með talinn jarðræktarstyrkur. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, skal mat á þeim háð sömu reglum og um sölu væri að ræða.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

42. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingarframkvæmdum á býlum þeim, sem reist verða samkv. lögum þessum.

43. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd laga þessara.

44. gr.

Um endurskoðun nýbyggðasjóðs, starfsskýrslu o. fl. fer eins og mælt er fyrir í lögum frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög samþykkt á Alþingi 19. maí 1941, um landnám ríkisins, og I., II., IV. og VI. kafli laga frá 9. okt. 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim köflum í lögum frá 30. júní 1942, svo og önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúskapur á Íslandi er orðinn þjóðhagslegt vandamál, sem ekki hefur fundizt nein lausn á. Með hverju ári stefnir hins vegar út í æ meiri ógöngur. Niðurgreiðslur á afurðaverði innanlands, uppbætur á útfluttu vörurnar eru neyðarráðstafanir, sem engin björgun er að og öllum líkar illa, jafnt bændum sem öðrum. Það sjá allir, hvílíkt ólag er á framleiðslunni. Annars vegar er tilfinnanlegur skortur á mjólkurvörum, hins vegar offramleiðsla á kjöti. Framleiðslukostnaðurinn er hlaupinn úr hófi fram. Landbúnaðarvörur má flytja hingað vestan um haf og selja fyrir aðeins brot af því verði, sem kostar að framleiða þær hér á landi. Hins vegar eru búnaðarvörur okkar ekki seljanlegar til útlanda, nema gefið sé með þeim. Hér er komið í algert óefni, sem styrjaldarástandið ber reyndar mikla sök á, en þó mundi ekki rakna úr á friðartíma. Eins og landbúnaðurinn er rekinn, er hann hvorki því hlutverki vaxinn að veita fólki, sem stundar hann, sambærileg lífskjör og menningarskilyrði við aðrar atvinnustéttir þjóðfélagsins né sjá þjóðinni fyrir nægum, góðum, fjölbreyttum og ódýrum neyzluvörum. Þó að margs konar ráðstafanir hafi verið gerðar til að styðja landbúnaðinn, heldur fólki stöðugt áfram að fækka í sveitum, og æskulýðnum þar gefst ekki kostur á að búa sér viðunanleg lífsskilyrði.

Þrátt fyrir þetta alkunna ástand hafa miklar breytingar og framfarir orðið í landbúskap á undanförnum áratugum, ræktun og framleiðsla stórum aukizt, véla-

notkun farið í vöxt og afköst fólksins aukizt. Engum dettur í hug að kenna ódugnaði þeirra, er í sveitum búa, um það, hvernig málefnum landbúskaparins er komið. Öðru nær, sveitafólkið leggur hart að sér. Hins vegar hefur sú stjórnarstefna, sem fylgt hefur verið, leitt á margan hátt til öfugstreymis. T. d. má nefna, að kjöt, sem ekki er nægur markaður fyrir, hefur verið verðbætt svo hátt, að víða hefur orðið meiri gróði að því að framleiða það en mjólkurvörur, sem mikil vöntun er á. Annað öfugstreymi, sem einkum snertir lífsafkomu fólksins, er það, hvernig uppbótagreiðslum er háttað, að því efnaðri sem bændur eru, því meiri uppbætur eru þeim greiddar. Hitt er þó meginatriðið í þessum málum, að sjálfir framleiðsluhættir landbúnaðarins eru orðnir á eftir tímanum og verða að gerbreytast, ef varanleg lausn á að fást.

Það hefur margsinnis verið rætt og ritað um nauðsyn þess, að tekin sé upp ný skipun í landbúnaði. Æ fleiri virðast hallast að því, að slík nýskipun sé óhjákvæmileg. Hins vegar ganga þær ráðstafanir eða tillögur, sem gerðar eru, alls ekki í þá átt, að þær sýni, að þeim stjórnmálamönnum, sem fremstir þykjast standa í landbúnaðarmálum, sé mikil alvara í hug, er þeir ræða eða rita um nýja skipun landbúnaðar. Þeir komust reyndar svo langt að gera tillögur um, að ræktun og vélanotkun sé aukin, og minnast jafnvel á félagsleg samtök í því sambandi. Það má taka undir hvert orð, er þeir segja, að búskapur verði ekki til lengdar stundaður í sveitum, nema hann taki tækni nútímans í þjónustu sína, og eins, er þeir rita, að öll heyvinna eigi að fara fram á ræktuðu landi. Hvort tveggja er hárrétt, en þó er með því hvorugu komið að öllum kjarna málsins. Til viðbótar þessu eru sérstaklega tvö atriði, sem ekki mega heyrast nefnd, breyting á skipun byggðarinnar og ný tilhögun á framleiðslunni, en án þeirra verður engin alvarleg nýskipun gerð á íslenzkum landbúskap. Auðvitað er það eitt frumskilyrðið, að rányrkjan og gömlu vinnuaðferðirnar hverfi, en tekin verði upp tækni nútímans í landbúnaði sem öðrum atvinnugreinum. En með afnámi rányrkjunnar, aukinni ræktun og vélanotkun hlýtur jafnframt skipun byggðarinnar að breytast. Hin forna byggðaskipun, strjálbýlið, sem hér hefur haldizt um aldir, er bein afleiðing af rányrkjunni, sem krefst mikils landrýmis. Vélyrkju á ræktuðu landi er hins vegar eðlilegt, að fylgi þéttbýli og samvinna. Hjá því getur ekki farið, að með breyttum búskaparháttum, nýrri véltækni og ræktun breytist skipun byggðarinnar, a. m. k. fyrst í stað, í það horf, að þéttbýli og þorpsmyndanir taka við af strjálbýlinu, enda hefur þróun allra undanfarinna ára glögglega sýnt, hvert stefnir. En vegna þess, að hindrað hefur verið eða ekkert til þess gert, að þýttbýli myndaðist í sveitunum, hefur fólkið, sem varð að flytjast úr strjálbýlinu, orðið að leita til bæja og kaupstaða. Menn leysa ekki vandamál landbúnaðarins, ef þeir vilja ekki gera sér grein fyrir því, að skipun byggðarinnar, eins og hún er enn, og nýir framleiðsluhættir, sem allir viðurkenna, að verði að taka upp, eru í mótsögn sín í milli. Því verður ekki neitað, að einn aðalþröskuldurinn í vegi fyrir því, að unnt sé að koma íslenzkum landbúnaði á heilbrigðan grundvöll, er strjálbýlið, sem svarar til úreltra framleiðsluhátta, rányrkjunnar, en ekki þeirrar þróunar, sem á að verða.

Menn verða að gera sér ljóst, að með nýrri tækni og aukinni ræktun verður búskapurinn að taka fleiri breytingum. Þjóðarhagur leyfir ekki, að hægt sé að stunda búskap búskaparins vegna né ræktun aðeins vegna ræktunar. Það er engin leið að leggja fé úr ríkissjóði, svo að nokkurt gagn væri að, til allra staða á landinu í senn, styrkja búskap, hvar sem er, rækta land, hvar sem er, án tillits til neins annars. Slíkt er ekki framkvæmanlegt og yrði aldrei nema kák. Það verður að vera eitthvert vit í því, hverjar framkvæmdir ríkið styrkir og í hvaða röð það gerir það. Það verður enn fremur að vera eitthvert vit í því, hvað framleitt er. Engin skynsemi mælir með öðru en því, að framleiðslan sé miðuð við markaðsþarfirnar. Hitt leiðir út í það óefni, sem þessum málum er komið, að ekkert skipulag er á framleiðslunni, jafnvel styrkt meira af hálfu ríkisins sú framleiðsluvaran, sem nægur markaður er ekki fyrir, en hin, sem skortur er á.

Um leið og menn þykjast vilja nýja skipun landbúnaðar, verður sú nýskipun að vera raunhæf og stefna í eðlilega og rétta þróunarátt.

Hin eina raunhæfa stefna, sem bent hefur verið á, er stofnun byggðahverfa í þeim sveitum, sem eiga bezt framtíðarskilyrði. Ríkið hefur ekki bolmagn til þess að verja fé til neinna verulegra framkvæmda alls staðar. Það verður að beina fjárframlögum sínum til ákveðinna framkvæmda á ákveðnum stöðum, fyrst og fremst með þjóðhagslegt sjónarmið fyrir augum. Það verður að taka fyrst fyrir þær sveitir, þar sem búskaparskilyrðin eru bezt með tilliti til ræktunar, jaðhita, markaða, samgangna o. s. frv. Þangað verður fyrst að veita fjármagninu og skapa þar þau búnaðarskilyrði, sem nútíminn krefst, nýja framleiðsluhætti með skipulagningu, sem er í samræmi við þá. Í byggðahverfum, sem rísa á þessum stöðum, verður þéttbýli mest í sveitum, en þéttbýli er einmitt sú byggðarskipun, er svarar til búskaparhátta, þar sem unnið er með vélum á ræktuðu landi. Í þéttbýlinu getur tekizt samvinna með bændum við ræktun og aðrar búnaðarframkvæmdir, en samvinna — eða samyrkja — verður sá búskaparháttur, sem framtíðarþróunin heimtar. Í byggðahverfunum verða fjölbreyttari lífshættir og betri menningarskilyrði en einangrun strjálbýlisins fær nokkru sinni veitt. Það starf og fjármagn, sem lagt er í stofnun byggðahverfa, er unnið fyrir framtíðina. Það felur í sér, að lagður er nýr grundvöllur að íslenzkum landbúnaði. Reynsla er ekki fengin fyrir því, hvort fólk vill una búskap í sveitum nú á tímum, fyrr en þessi nýbyggðaskipun hefur verið framkvæmd.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, miðar að því, að tekin sé upp ný, raunhæf stefna í landbúnaðarmálum með stofnun allmargra byggðahverfa, sem ríkið gengst fyrir og leggur fram fjármagn til. Byggðahverfahugmyndin er ekki fyrst komin fram hér. Nær væri að segja, að stofnun byggðahverfa væri þegar orðið kjörorð sveitaæskunnar. Búnaðarmálastjóri og margir fleiri hafa ritað um þetta mál. Áður var uppi svipuð hugmynd um samvinnubyggðir, og var hún jafnvel fest í lög. Lög um (nýbýli og) samvinnubyggðir hafa verið til síðan 1936 og lög um landnám ríkisins síðan 1941. Í rauninni má segja, að frumvarpið hér sé ekki nýtt, heldur sniðið eftir þeim lögum, sem nefnd voru, og lögum um byggingar- og landnámssjóð. Nýjung er þó fólgin í því, að í þessu frumvarpi eru byggðahverfin gerð að meginatriði og teknir til ákveðnir staðir, þar sem þau skuli reist, og ætlað til þeirra ákveðið framlag úr ríkissjóði og lagt til, að hár sjóður verði stofnaður til stuðnings þessum framkvæmdum. Nýbýlalöggjöfin hefur á síðari árum sætt harðri gagnrýni, og allir eru sammála um, að hún hafi ekki komið að því gagni, sem til var ætlazt. Henni hefur ekki tekizt að stemma stigu fyrir fólksfækkun í sveitunum né efla neina viðreisn í landbúnaðarháttum. Þó er það nýbýlalöggjöfin ein, sem til framkvæmda hefur komið, en alls ekki lögin um samvinnubyggðir eða landnám ríkisins. Í „Hugleiðingum um nýbýlamálið", ritgerð eftir Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra, í Búnaðarriti 1943, er gerð grein fyrir ástæðunum. Það hafði staðið á fjárveitingu frá Alþingi. Hins vegar er varla um það að ræða, að hart hafi verið rekið á eftir. Litlar eða engar rannsóknir höfðu verið látnar fara fram á því, hvar bezt væru skilyrði til byggðahverfastofnunar, og engar ákveðnar tillögur komið fram opinberlega.

Á Alþingi 1942, um sumarið, báru þm. Sósíalistaflokksins fram till. til þál. um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði. Till. fékkst ekki afgreidd, en var borin fram aftur á haustþinginu og samþykkt á Alþingi 9. febr. 1943. Till. var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela Búnaðarfélagi Íslands eftirfarandi verkefni:

1. Að láta fara fram rannsókn á því, hvar heppilegust eru skilyrði með tilliti til ræktunar, rafvirkjunar, samgangna o. s. frv. til landbúnaðarframleiðslu í ýmsum greinum með aukið þéttbýli og stofnun byggðahverfa fyrir augum.
2. Að gera áætlun um rafvirkjun sveitabyggða og samgöngukerfi sveitanna með hliðsjón af rannsókn þeirri, er greinir í 1. lið, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi ríkisstofnanir.

3. Í sambandi við ofangreinda rannsókn að gera tillögur um stofnun fyrirmyndarbúa á ýmsum stöðum á landinu og um fyrirkomulag þeirra, og skulu verkefni þeirra vera m. a. að gera tilraunir í ræktun og búrekstri, halda námskeið fyrir bændur, útvega vélar o. s. frv.
4. Að undirbúa löggjöf um framkvæmdir og aðstoð við landbúnaðinn á grundvelli þess undirbúningsstarfs, sem að ofan greinir, og að endurskoða gildandi búnaðarlöggjöf til að greiða fyrir þróun hans í samræmi við þær niðurstöður, sem rannsókn sú, er um getur í 1. lið, leiðir í ljós."

Á búnaðarþingi 1943 var milliþinganefnd falið að láta gera rannsóknir samkvæmt 1. lið þessarar tillögu. Nefndin leitaði umsagnar Pálma Einarssonar jarðræktarráðunautar og nýbýlastjórnar, og hafa verið birtar tillögur og kostnaðaráætlun um stofnun þrettán byggðahverfa í sveitum, þriggja byggðahverfa við kauptún og sex byggðahverfa í kauptúnum, og er áætlaður býlafjöldi í sveitahverfunum alls 435, en þar af eru 120 býli fyrir á svæðunum. Landstærð þessara býla að meðaltali var áætluð: ræktað land 12,8 ha, ræktað beitiland 13,5 ha og óræktað beitiland 35,5 ha. Heildarkostnaður á býli (landverð, húsaverð, bústofn, vélar og búsáhöld) er áætlaður kr. 172000.00.

Með starfi þessu er gerð sú undirbúningsrannsókn, sem nauðsynleg var, til þess að hægt sé að hefjast handa um framkvæmdir. Í fram komnum tillögum hefur verið bent á ákveðna staði, sem séu ágætlega fallnir til stofnunar byggðahverfa. Eftir er þá hlutur Alþingis og ríkisvaldsins að gera ákvarðanir um framkvæmdir og fjárframlög til framkvæmda.

Þegar farið er að athuga eldri lög um samvinnubyggðir og landnám ríkisins með tilliti til þess, að framkvæma mætti eftir þeim stofnun byggðahverfa, kemur í ljós, að þau lög þurfa endurskoðunar og mikilla breytinga við. Samvinnubyggðarlögin voru aldrei annað en hluti af nýbýlalöggjöfinni, samofin henni og án ákvæða um fjárframlög. Og lögin um landnám ríkisins eru langt frá því að vera nógu ýtarleg. Áður en hrundið verður af stað stofnun byggðahverfa, er því óhjákvæmilegt að fá samþykkt á Alþingi ný lög, þar sem stofnun byggðahverfa verður fest með skýrum ákvæðum.

Í frv. þessu er megináherzlan lögð á byggðahverfin, þó að jafnframt séu samin upp nýbýlalögin og lögin um byggingar- og landnámssjóð. Hefur oft verið að því vikið, að nýbýlalögin þyrftu endurskoðunar við, og er það gert hér um leið.

Frv. þessu er valin fyrirsögnin nýbyggðir og nýbyggðasjóður. Nýbyggð er hér sameiginlegt heiti yfir byggðahverfi og nýbýli. Nýbyggðasjóður felur í sér þrjár deildir: byggðahverfasjóð, nýbýlasjóð og byggingarsjóð.

Frv. er í sex köflum: I. kafli um nýbyggðastjórn, II. kafli um nýbyggðasjóð, III. kafli um byggðahverfi, IV. kafli um nýbýli, V. kafli um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl., VI. kafli ýmis ákvæði.

Eins og tekið hefur verið fram, er aðaltilgangur þessa frumvarps að koma á löggjöf um byggðahverfi til þess að hraða því, að hið opinbera fari að snúa sér að framkvæmdum í þessu nauðsynjamáli. Ætlazt er til, að ríkið leggja árlega fram 1½ millj. kr. til þessara framkvæmda, en jafnframt verði stofnaður byggðahverfasjóður með 10 millj. kr. stofnfé og lagt til hans árlega 500 þús. kr. að minnsta kosti. Hið árlega framlag, 1½ millj. kr., er ætlazt til, að gangi til framræslu, ræktunar og annars undirbúnings að stofnun byggðahverfanna, er ríkið lætur framkvæma, en nokkuð af upphæðinni fer sem styrkur til bygginga. Byggðahverfasjóður hefur hins vegar það hlutverk að veita lán til byggingar íbúðarhúsa og nauðsynlegustu peningshúsa á býlunum. Hér er að vísu um allmiklar fjárhæðir að ræða fyrir ríkið. En þegar fara tugmilljón króna greiðslur í verðuppbætur, er eðlilega spurt: Hví er þessum gífurlegu fjárframlögum ekki heldur varið til þess að koma rekstri landbúnaðarins í það horf, að framleiðslan verði ódýrari og betri og framtíð hans tryggari og lífsskilyrði þess fólks öruggari, sem í sveitunum starfar? Til slíkra ráð-

stafana væri fásinna að telja eftir rífleg framlög frá ríkinu, þar sem þær hljóta að fela í sér þjóðarhagnað, en ekki sóun.

Breytingin á nýbýlalögunum samkv. frumvarpi þessu er aðallega í því fólgin, að hækkað er til þeirra bæði lán og styrkur, en hins vegar ætlazt til þess, að nýbýlastofnun, er hið opinbera styður, fari fram á ræktuðu landi og aðeins séu gerðar undantekningar með óræktað land, ef það er dæmt sérstaklega hentugt til búskapar. Lán og styrkur til samans getur orðið 30 þús. kr. eftir þessu frumvarpi.

Framkvæmd löggjafar um byggðahverfi af hálfu hins opinbera er ætlazt til, að verði með svipuðu sniði og er um vega- og brúargerðir, eins og nánar er lýst hér á eftir í skýringum við einstaka kafla frumvarpsins.

Um frumvarpið í heild eða megintilganginn, sem því er ætlaður, skal að lokum tekið fram, að það er óhjákvæmilegt að gera stórfelldar og róttækar ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði. Það er þjóðhagsleg nauðsyn að tryggja framtíð landbúnaðarins. Öllum er ljóst, að ástand það, sem nú er, sé óviðunandi. Grundvallarorsökin liggur í því, að framleiðsluhættir landbúnaðarins eru orðnir á eftir tímanum. Nýja raunhæfa skipun verður að taka upp, og þar er stofnun byggðahverfa kjarni málanna. Það er enginn vafi, að sveitaæskan hefur trú á því, að með samstarfi og nútímatækni og viturlegri skipulagningu sé fullkomlega fær leið til þess að skapa örugga framtíð í sveitum landsins. Margt af því æskufólki, sem alið er upp í sveitunum, þráir að mega helga krafta sína því starfi að rækta landið og framleiða þau verðmæti, sem þjóðinni allri eru nauðsynleg til lífsviðurværis. Það er óforsvaranlegt af þjóðfélaginu að gefa þessari æsku ekki tækifæri til að geta búið sér örugga framtíð í sveitinni. Jafn óafsakanlegt væri hitt að ginna hana út í ævintýri, sem eru fyrirsjáanlegur ófarnaður, hvetja hana til kostnaðarsamra framkvæmda, sem mundu fjötra hana við ævilangt basl, án þess að það hefði nokkurn þjóðhagslegan tilgang. Byggðahverfi, stofnuð í beztu sveitunum næst markaði bæja og kauptúna, hljóta að skapa bezta framtíðaröryggið. Þau eiga að geta fært starfsömu æskufólki sveitanna góð og batnandi lífskjör og fullkomnari menningarskilyrði.

Skýringar við einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla. Um nýbyggðastjórn.

Með lögum um nýbýli og samvinnubyggðir frá 1936 var ákveðið, að skipaður yrði sérstakur nýbýlastjóri og nýbýlanefnd honum til aðstoðar. Þetta starf var falið búnaðarmálastjóra þar til 1941, að bæði nýbýlanefnd og nýbýlastjóri voru felld burtu, en í þess stað kom nýbýlastjórn ríkisins, sem hefur haft yfirstjórn þessara mála síðan.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir mjög auknum og umfangsmiklum framkvæmdum í nýbyggðamálum, og verður því óhjákvæmilegt að fela stjórn og umsjón þeirra einum manni, sem hefur ekki öðrum störfum að gegna. En hins vegar er eðlilegt, að hann njóti allrar aðstoðar, er hann þarf, hjá Búnaðarfélagi Íslands, og er því sérstök nýbyggðanefnd talin óþörf. Verður starf nýbyggðastjóra eftir lögum þessum hliðstætt við starf vegamálastjóra eða vitamálastjóra.

Um II. kafla. Um nýbyggðasjóð.

Aðalefni þessa kafla er það, að stofnaður skuli sjóður, er heitir nýbyggðasjóður, með gömlu sjóðunum, nýbýlasjóði og byggingarsjóði, eins og þeir eru nú, og nýrri deild, byggðahverfasjóði. Skal stofnfé byggðahverfasjóðs vera 10 millj. kr., en framlag til hans a. m. k. 500 þús. kr. árlega. Hinar tvær sjóðsdeildirnar starfa sem áður. Er sú ein breyting gerð með byggingarsjóð, að honum er ætlað að vera að öllu leyti undir stjórn Búnaðarbankans, enda er slíkt eðlilegra en lánveitingar og styrkveitingar séu undir tveim stjórnum, eins og nú er.

Hlutverk byggðahverfasjóðs er að veita lán til byggingar íbúðarhúsa og nauðsynlegustu peningshúsa í byggðahverfum. Er gert ráð fyrir, að ríkið láti reisa þessar byggingar fyrir fé úr sjóðnum, og sé lánið vaxtalaust, þar til ábúendur þeir, er flytjast á býlin, taka við þeim.

Þessi lán (sjá 15. gr.) eiga að vera mjög hagstæð, aðeins 3% vextir og afborganir af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Er auðvitað meginskilyrði varðandi framtíðarbúrekstur í byggðahverfunum, að vextir og afborganir hvíli ekki of þungt á ábúendum. Eins og byggingarkostnaður er nú, verða jafnvel þessir lágu vextir og afborganir allhá upphæð árlega. Hins vegar verður í byggðahverfunum um allstór bú að ræða og vel í hendur búið um ræktun og önnur skilyrði, auk þess sem gera má ráð fyrir, að þegar farið verður að byggja í hverfum, geti byggingarkostnaður orðið stórum mun lægri en á einstökum og afskekktum býlum.

Auk þessara hagstæðu lánskjara eiga efnalitlir menn kost á styrk allt að 25% af byggingarkostnaði, en lán er hins vegar heimilt að veita fyrir öllum byggingarkostnaði.

Varðandi lán til nýbýla (sjá einnig 15. gr.) er líka sú breyting gerð frá eldri lögum, að vextir og afborganir skulu lækka ofan í 3%, og lánsupphæðin, sem heimilt er að veita, hækkar upp í 15 þús. kr., en má þó ekki fara yfir 40% af kostnaðarverði. Jafnframt er styrkur til nýbýla hækkaður upp í 15 þús. kr. Þar, sem á annað borð er varið fé til að stofna nýbýli, er sjálfsagt, að nýbýlastofnendur séu ekki neyddir til að byggja svo smátt eða með svo slæmum lánskjörum, að þeir rísi aldrei undir. Með slíku er þeim gert ógagn eitt.

Um III. kafla. Um byggðahverfi.

Í þessum kafla eru aðalnýmæli frumvarpsins, sem er stofnun byggðahverfa. Að vísu er hann saminn með hliðsjón af lögum um samvinnubyggðir frá 1936 og lögum um landnám ríkisins frá 1941, en felur þó í sér miklar breytingar frá þeim. Hér er í fyrsta sinn gert ráð fyrir í lögum, að ríkið láti stofna ákveðin byggðahverfi á nokkrum stöðum á landinu, þar sem eru einna bezt skilyrði til þess að dómi þeirra manna í Búnaðarfélagi Íslands, sem hafa rannsakað þessi mál.

Jafnframt er hér gert ráð fyrir (í 17. gr.) háu árlegu framlagi eða einni og hálfri milljón króna, til þess að þessar framkvæmdir geti orðið í svo stórum stíl, að þær komi að varanlegu gagni fyrir framtíðina.

Það er gert ráð fyrir, að stofnun byggðahverfa skuli framkvæmd með sama hætti og t. d. brúargerðir og vega. Í vegalögum eru þjóðvegir ákveðnir og brýr, er ríkið tekur að sér að sjá um framkvæmd á. Þessi lög eru endurskoðuð árlega, bætt við nýjum þjóðvegum eða brúm eftir tillögum vegamálastjóra með samþykki Alþingis. Fyrst voru þjóðvegir ákveðnir um stærstu byggðir landsins og brýr á þær ár, þar sem nauðsynlegast var fyrir samgöngur, en jafnframt var haldið við sýslu- og hreppavegum. Síðan fjölgaði, eftir því sem geta ríkisins var til, þjóðvegum og brúm. Á sama hátt er hér ætlazt til, að verði um framkvæmdir byggðahverfa. Fyrst rísa þau á þeim stöðum, þar sem öll skilyrði eru hentugust, en haldið er áfram eftir sem áður búskap í strjálbýli og stofnun nýbýla, eftir því sem þörf þykir. En þegar búskapur í byggðahverfum tekur að blómgast og eftir því sem framkvæmdir ríkisins aukast, eru tekin upp í byggðahverfalög ný byggðahverfi eftir tillögum nýbyggðastjóra. Þegar byggðahverfunum fjölgar, má gera ráð fyrir, að búskapurinn færist þangað að miklu leyti og bændur flytji þangað úr afskekktustu sveitum, í stað þess, að þeir eru neyddir til þess nú að flytja í bæi eða kauptún. Alveg eins og með vegi og brýr skal stofnun byggðahverfanna framkvæmd í þeirri röð, sem landbúnaðarráðherra með ráðum nýbyggðastjóra þykir rétt. Þau byggðahverfi, sem hér eru í fyrsta sinn tekin upp, eru flest þeirra, sem um getur í áðurnefndum tillögum. Gert er ráð fyrir (í 22. gr. og 23. gr.), að ríkið láti undirbúa jarðirnar (ræktun, framræslu o. s. frv.) og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, áður en væntanlegur ábúandi tekur við býlunum. Þessi fram-

kvæmd af hálfu ríkisins er óhjákvæmileg, því að oft verða þessi býli ætluð mönnum, sem búa annars staðar og hafa engin tök á að sjá um byggingar og ræktun á býlunum, fyrr en þeir flytjast þangað. Auk þess fylgja því margir kostir, að ríkið sjái um þessar framkvæmdir. Byggingar t. d. ættu bæði að geta orðið ódýrari og betur gerðar með þessu móti.

Aftur á móti er hvorki nauðsynlegt né heppilegt, að ríkið skili öllu ræktunarlandinu fullræktuðu í hendur viðtakanda. Með því móti mundi verða of mikil skyndiræktun, gerð með tilbúnum áburði, og ekki yrði heldur komið við jafnfjölbreyttum ræktunaraðferðum. Er því aðeins gert ráð fyrir, að ríkið fullrækti 6 ha, en láti hins vegar undirbúa allt landið til ræktunar.

Samkv. 25. gr. frv. hafa bændur, bændasynir og aðrir, sem heima eiga á svæði byggðarhverfisins, með vissum skilyrðum forgangsrétt að býlunum, en næstir þeim þeir bændur, sem búið hafa á jörðum, sem dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar eftir rannsóknum, sem ætlazt er til, að Búnaðarfélagið láti fara fram. Er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þessir bændur, sem annars hlytu að flosna upp, sitji fyrir við úthlutun þessara býla, er ríkið lætur reisa. Ekkert ákvæði hefur verið sett hér inn í lögin um það, hvernig ráðstafað skuli þeim jörðum, er bændur flytja af. Væri sennilega eðlilegast, að Búnaðarfélag Íslands léti meta þessar jarðir og ríkið tryggði sanngjarnt verð fyrir þær, því að bændum mundi ekki veita af að fá eitthvað fyrir þessar eignir sínar. Getur ríkið síðan selt þær hreppsfélögum eða öðrum, er kynnu að hafa not fyrir þær.

Eins og í lögum um samvinnubyggðir er hér ákveðið (26. gr.), að ábúendur í byggðahverfum stofni með sér byggðafélög og setji sér samþykkt, er landbúnaðarráðherra staðfestir eftir tillögu nýbyggðastjóra. Byggðafélögunum er í sjálfsvald sett að ákveða, hvort þau vilja taka upp samvinnurekstur eða að hve miklu leyti, og hvað af stofnunum, byggingum, vélum o. s. frv. skuli vera félagseign. Er þannig gert ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag geti verið með ýmsu móti, eftir því sem ábúendum hvers byggðarhverfis þykir bezt henta. En ótrúlegt er annað en bændur í byggðahverfum komist fljótlega sjálfir að þeirri niðurstöðu, að samvinnurekstur eða jafnvel alger samyrkja verði hagsælasta fyrirkomulagið. En úr þessu verður reynslan sjálf að skera.

Hvatning eða tillögur um stofnun byggðahverfa geta komið frá bændunum sjálfum (sjá 30. gr.), ef tíu menn eða fleiri taka sig saman, og hið sama gildir um bæjar- eða sveitarfélög. Gangur þessara mála er þá sá, að menn senda nýbyggðastjóra umsóknir sínar og hann lætur þá fara fram rannsókn á þeim stað, þar sem tillögur eru um að stofna byggðarhverfið, og vilji hann mæla með því, gerir hann tillögur sínar til Alþingis.

Um IV. kafla. Um nýbýli.

Aðalbreytingar í þessum kafla frá eldri nýbýlalögum eru þær, að hér er ætlazt til, að stofnun nýbýla sé mestmegnis takmörkuð við ræktað land og aðeins gerðar undantekningar með óræktað land, sem þá sé sérstaklega vel til búskapar fallið vegna ágætra skilyrða, t. d. jarðhita.

Hins vegar er styrkur til þeirra nýbýla, sem á annað borð er veitt fé til, hækkaður upp í 15 þús. kr. (sjá 34. gr.), en má þó ekki vera meiri en 40% af stofnkostnaði býlisins.

Enn fremur eru sett strangari ákvæði (35. gr.) um það, að nýbýli njóti því aðeins stuðnings hins opinbera, að það sé reist á jörð, sem er vel fallin til framtíðarábúðar samkv. yfirlýsingu trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands, sem falin hefur verið rannsókn á því, hverjar jarðir á landinu eru hæfar til framtíðarábúðar.

Þessar breytingar eru hér gerðar í samræmi við þá reynslu, er orðið hefur af nýbýlalöggjöfinni, og jafnframt með hliðsjón af því, að aukning býla í sveitum fari aðallega fram í byggðahverfunum, eftir að lög þessi hafa verið samþykkt. Reynsla af stofnun nýbýla á óræktuðu landi hefur orðið mjög slæm. Í annan stað

hefur bæði lán og styrkur til þeirra nýbýla, sem stofnuð hafa verið, verið allt of mjög af skornum skammti, svo að bændum hefur gengið seint og illa að koma fótum undir sig, og hafa þessi framlög stundum gert þeim ógagn eitt, hvatt þá út í bústofnun, sem aldrei gat veitt þeim sæmileg lífsskilyrði. Eru því framlögin hér hækkuð að mun, um leið og reistar eru skorður við því, að menn leiðist til nýbýlastofnunar á stöðum, sem eru illa til búskapar fallnir. Nýbýlastofnun í strjálbyggðum sveitum getur engan vanda leyst í landbúnaðarmálum, en hins vegar er ekki rétt að taka fyrir slíka býlastofnun, meðan ekki hafa risið nægilega mörg byggðahverfi til þess að taka við fólksfjölgun í sveitum. Ýmsar jarðir eru þannig, að þær eru vel fallnar til skipta eða þær liggja þannig í byggð, að nýbýli, sem þar eru reist, gætu síðar orðið stofn byggðahverfa.

Nýmæli er það einnig í þessum kafla (36. gr.), að nýbyggðastjóra er veitt heimild til með samþykki landbúnaðarráðherra að láta reisa nýbýli á jörð í eigu hins opinbera. Eru þá látin gilda sömu ákvæði um undirbúning af hálfu ríkisins og um byggðahverfin.

V. og VI. kafli

þurfa ekki skýringa við.

Sþ. 378. Þingsályktun

um áætlun strandferðaskipa og flóabáta.

(Afgreidd frá Sþ. 2. okt.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem unnt er semja áætlun um ferðir allra þeirra skipa, sem sigla í strandferðum við Ísland og gerð eru út af Skipaútgerð ríkisins eða eru á hennar vegum um lengri tíma. Skal áætlunin samin þannig, að skipakostur sá, sem útgerðin hefur yfir að ráða, verði notaður á sem allra hagkvæmastan hátt, bæði til fólks-, póst- og vöruflutninga, um leið og þess sé gætt, að staðir og héruð, sem lélegar eða engar bílasamgöngur hafa við aðalvegakerfi landsins, fái hlutfallslega meiri not af farþegaskipunum en þau héruð eða staðir, sem möguleika hafa á því að fullnægja fólksflutningi með bifreiðum. Áætlunin sé birt almenningi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. des. 1944.

Samfara þessu skal ríkisstjórnin einnig hlutast til um, að samdar verði áætlanir fyrir alla flóabáta, sem styrk hafa úr ríkissjóði, og séu þær birtar almenningi að minnsta kosti 30 dögum áður en ferðirnar hefjast. Við samningu umræddra áætlana skal leita samvinnu við póststjórnina.

Nd. 379. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má greiða fé úr sjóðnum nema samkvæmt sérstökum lögum í hvert sinn.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um hafnarbótasjóð er svo ákveðið í 4. gr., að ekki megi greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum. Samkvæmt þessu er ekki hægt að veita fé úr sjóðnum, fyrr en þetta hefur verið gert. Í þessu frv. er kveðið á um það, með hverjum hætti skuli veita fé úr sjóðnum. Verður ekki annað ráðið af 4. gr. laganna en tilætlunin sé, að þetta verði gert með sérstökum lögum í hvert sinn, eins og lagt er til í frv.

Þá eru einnig tekin upp í frv. ákvæði um vörzlu sjóðsins og ávöxtun hans. Samkvæmt eðli málsins getur það ekki orkað tvímælis, að fjármálaráðherra sé falin umsjá hans og að sjóðurinn sé ávaxtaður í þjóðbanka landsins þannig, að fé hans sé jafnan handbært.

Nd. 380. Frumvarp til laga

um framlag úr hafnarbótasjóði til hafnargerðar á Akranesi og ríkisábyrgð fyrir láni í sama skyni.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi skal verja á árinu 1945 1000000 — einni milljón — króna úr hafnarbótasjóði gegn jafnmiklu framlagi frá hafnarsjóði Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 850000 — átta hundruð og fimmtíu þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Akraneskaupstaðar kann að fá til þess að fullnægja ákvæði 1. gr. um framlag af hans hálfu á móti tillagi hafnarbótasjóðs.

3. gr.

Um yfirumsjón verksins og reikningshald fer eftir ákvæðum 2. gr. laga nr. 64 1931, um hafnargerð á Akranesi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Faxaflóa eru, eins og alkunnugt er, einhver beztu og aflasælustu fiskimið, sem til eru við strendur landsins. Á tímabilinu frá áramótum til loka maímánaðar er þar iðulega slíkur uppgripaafli, að slíks eru tæplega dæmi annars staðar. Af þessum sökum kosta fiskimenn í öðrum landshlutum mjög kapps um það að halda úti bátum sínum frá verstöðvum við Faxaflóa á þessu tímabili, enda er á þeim tíma að jafnaði lítil fiskivon við Norður- og Austurland. Þessi mikla fiskisæld í Faxaflóa hefur þó ekki til þessa getað orðið til þeirra almenningsnota, sem efni

standa til sökum hafnleysis og erfiðra löndunarskilyrða á þeim stöðum við flóann, sem stytzt er frá á miðin og hægast til sóknar, en það er af Akranesi við flóann norðanverðan og af Reykjanesskaganum að sunnan.

Reynslan undanfarið um alllangt árabil sýnir, að mjög eru áhöld um fiskignægð og aflabrögð á miðunum í norðanverðum flóanum og sunnanverðum. Hitt er alkunnugt, að veiðarfæraslit og línutap er miklum mun minna á nyrztu miðum flóans, þeim sem aðallega er sótt á af Akranesi, en það stafar af því, að föll eru þar ekki jafnþung og sunnar í flóanum og eigi svipað því jafnskarpt hraun í botni eins og á þeim miðum, sem sótt er á frá verstöðvunum á Reykjanesskaga. Tilkostnaðurinn við veiðarfærin er nú orðinn mjög stór og veigamikill þáttur í útgerðinni, og er það því mikilsvert atriði, að lögð sé megináherzla á það að bæta aðstöðuna til þess að hagnýta þau fiskisvæði í flóanum, sem hafa upp á að bjóða beztu og hagkvæmustu aðstöðuna að þessu leyti. Gildir þetta jafnt hag þeirra, sem heima eiga við Faxaflóa, og hinna, sem heimilsfang eiga í öðrum landshlutum, en leita þangað með báta sína á vertíðinni. Akranes er sá staður, sem liggur langsamlega bezt við til sóknar á fiskisvæðin í norðanverðum Faxaflóa. En þar skortir mikið á, að þau hafnarskilyrði séu fyrir hendi, er svari til nauðsynjar alþjóðar á því að eiga þess kost að geta hagnýtt þessi aflasælu og hagstæðu fiskimið. Á Akranesi hefur nú um nokkurt árabil verið unnið að hafnarbótum, enda mikil úrbót fengin, miðað við það, sem áður var. Er nú verið að ljúka við að byggja bryggju innan við hafnargarðinn. Var það verk hafið á síðastliðnu vori. Bætir þetta nokkuð úr mjög tilfinnanlegum skorti á löndunaraðstöðu.

En þrátt fyrir þetta er hafnarmálum Akraness ekki lengra á veg komið en það, að eftir er að leysa til fullnustu einn meginþátt þeirra, en hann er að fá þar gerða örugga legu fyrir bátaflotann. Hafnargarðurinn er byrjun á þessu mikla verki. Með lengingu á garðinum í beinni stefnu fram og síðan hliðarálmu í stefnu til lands er fengin góð og örugg lega fyrir stóran bátaflota. En framkvæmd sú, sem hér er miðað við, mundi kosta með núverandi verðlagi um 4 millj. króna. Ástæðan til þess, að hafnargerð á Akranesi er svo mjög kostnaðarsöm, er sú, að dýpi er mikið á hafnarsvæðinu. Af þessum sökum verða hafnarmannvirkin mjög dýr, en það er þó bót í máli, að bátalegan innan hafnargarðsins svarar betur en ella til þeirrar þróunar í útgerðinni, að skipin stækki.

Akurnesingar eru einhuga um það að einbeita orku sinni að því, að þarna komi örugg bátahöfn. En fyrirætlanir þeirra í því efni eru ekki einskorðaðar við heimaútgerð staðarins, heldur það, að útgerðarmenn og sjómenn í öðrum landshlutum geti og fengið þar jafna aðstöðu við þá. Hér er þess vegna um framkvæmd að ræða, sem einnig og ekki síður tekur til þorskveiðaútgerðarinnar í fjarlægum landshlutum og getur haft mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir hana. Alþjóðarhagsmunir á sviði fiskveiða eru tengdir við þessa framkvæmd, enda er það vitað, að útgerðarmenn og fjöldi sjómanna víðs vegar um land telja það mikið hagsmunamál fyrir sig og bíða þess með hinni mestu óþreyju, að hafnarskilyrðin á Akranesi verði sem fyrst bætt.

Þótt hafnarbætur á Akranesi séu slíkt alþjóðamál sem hér hefur verið lýst, þá hafa þær framkvæmdir eigi til þessa notið fjárframlags af því opinbera í hlutfalli við þá sérstöðu. Brýna nauðsyn ber til þess, að úr þessu verði bætt. Framkvæmdir á jafndýru verki velta á því, að það sé gert. Því er í þessu frv. farið fram á það, að úr hafnarbótasjóði verði á næsta ári varið 1 millj. króna til hafnargerðarinnar gegn jafnmiklu framlagi frá hafnarsjóði Akraneskaupstaðar.

Það orkar ekki tvímælis, að tilgangi hafnarbótasjóðs, eins og hann er markaður í 1. gr. laganna, að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða, sé vel og réttilega fullnægt með því að veita fé úr sjóðnum til hafnargerðar á þessum stað. Betur verður ekki sú hugsjón, sem þessi löggjöf á að þjóna, sýnd í verki.

Um framkvæmd hafnargerðarinnar, sem lýst er hér að framan og áætlað er, að kosta muni með núverandi verðlagi um 4 millj. króna, er það að segja, að þegar búið væri að vinna fyrir helming þeirrar upphæðar, er fengið legupláss fyrir allstóran hóp báta, ef við er höfð svipuð tilhögun á hagnýtingu legunnar og gert er nú í Vestmannaeyjum og Keflavík. Hin brýna þörf á bættum hafnarskilyrðum á Akranesi knýr því mjög fast á um það, að með einu átaki verði hrundið í framkvæmd því verki, sem lagður er fjárhagsgrundvöllur að í þessu frv. Framhaldi verksins úr því mætti svo þoka áfram í fleiri skrefum með fjárstuðningi þess opinbera á grundvelli núgildandi hafnarlaga. Við hverja viðbót aukast þá óðfluga skilyrðin fyrir aukinni útgerð á þessum stað. Þeim fjölgar nú með ári hverju, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, aðkomubátunum, sem gerðir eru út frá Akranesi á vetrarvertíðinni. Flestir voru þeir um tíma níu talsins, á s. l. vetrarvertíð.

Hafnarbætur á Akranesi eru, eins og nú er komið, svo veigamikill þáttur í bættri aðstöðu landsmanna til hagnýtingar á hinum fiskauðugu miðum í Faxaflóa, að eigi verður hjá því komizt, að nú þegar verði hafizt handa um stórfellt átak til úrlausnar því máli. Frv. það, sem hér um ræðir, er þýðingarmikill liður í framgangi þessa mikla og aðkallandi nauðsynjamáls.

Ed. 381. Frumvarp til laga

um nýbyggingarsjóð útvegsmanna.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist nýbyggingarsjóður útvegsmanna. Skal sá hluti af varasjóðum útgerðarmanna, sem nefndur er nýbyggingarsjóður og afhentur hefur verið bönkunum á sérstakan reikning samkv. lögum nr. 9 5. maí 1941 og lögum nr. 20 20. maí 1942, greiðast til sjóðsins, og er það stofnfé hans. Sjóðurinn veitir einnig móttöku öllu því fé, sem greiða ber í nýbyggingarsjóð útvegsmanna samkv. lögum á hverjum tíma, svo og öðru því fé, er einstaklingar eða félög kynnu að vilja verja til endurnýjunar á framleiðslutækjum í þágu sjávarútvegsins samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Útgerðarmenn og aðrir, sem fé greiða til nýbyggingarsjóðs, ákveða sjálfir, í hvaða mynt þeir greiða féð, innan takmarka laga um gjaldeyrisverzlun, eins og þau eru á hverjum tíma. Þó skulu greiðslur þær, sem um getur í 1. gr., afhentar sjóðnum í þeirri mynt, sem þær eru skráðar í á reikningum eigenda.

3. gr.

Sjóðsstjórnin gefur út nýbyggingarsjóðsbréf gegn sérhverri upphæð, sem sjóðnum er afhent. Skulu bréfin skráð á nafn þess, er féð greiðir, og bera með sér, í hvaða mynt féð hefur verið greitt. Minnsta upphæð, sem sjóðstjórnin gefur bréf út fyrir, er eitt þúsund krónur eða tilsvarandi upphæð í annarri mynt, en minni upphæðir standa sem inneign á reikningi eiganda hjá sjóðnum.

4. gr.

Sjóðsstjórnin ávaxtar inngreitt nýbyggingarsjóðsfé í tryggum lánum. Skal leggja vexti þá, sem sjóðurinn greiðir, inn á reikning eigenda, þar til þeir hafa náð lágmarksupphæð samkv. 3. gr. Ber þá að gefa út fyrir það fé nýbyggingarsjóðsbréf á nafn eigenda á sama hátt og um innborgað fé væri að ræða.

5. gr.

Engu fé, sem greitt hefur verið í nýbyggingarsjóð útvegsmanna, má verja til annars en endurnýjunar á framleiðslutækjum í þágu sjávarútvegsins, og gildir þetta jafnt um vexti sem höfuðstól. Skal fylgja þeirri meginreglu að nota féð til nýbygginga á eigi lakari skipum en þeim, er féð hefur komið frá. Þó er sjóðsstjórninni heimilt að víkja frá þessari reglu og leyfa féð til greiðslu fyrir aðrar tegundir skipa eða til byggingar frystihúsa, niðursuðuverksmiðja eða annars, sem að hennar dómi á hverjum tíma er hagkvæmast fyrir afkomu sjávarútvegsins. Hins vegar er eigendum bréfanna heimilt að veðsetja þau eða selja eins og hver önnur verðbréf, enda beri þau það með sér, að þau verði ekki innleyst nema samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú óskar eigandi nýbyggingarsjóðsbréfa að fá þau innleyst, og skal hann þá tilkynna það sjóðsstjórninni og setja um leið tryggingar fyrir því, að féð verði notað eftir því, sem mælt er fyrir um í 5. gr. Taki sjóðsstjórnin tryggingarnar gildar, greiðir hún féð í þeirri mynt, sem bréfið ákveður, innan sex mánaða frá kröfudegi, nema aðilar hafi komið sér saman um annað. Ákvæði, sem sett kunna að verða um gjaldeyrisverzlun, skerða ekki þennan rétt bréfaeigenda.

7. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára, þannig: einn samkvæmt tilnefningu frá hverjum eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Alþýðusambandi Íslands. Stjórnin kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Þóknun fyrir störf sjóðsstjórnarinnar skal greidd úr ríkissjóði. Um framkvæmd þessara laga að öðru leyti fer eftir reglugerð, er ráðuneytið setur.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn c-liður (57. gr.) 14. gr. laga nr. 20 20. maí 1942 svo og önnur ákvæði þeirra laga, sem fara í bága við ákvæði þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reynslan hefur sýnt, að sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein, sem þjóðin verður að byggja að langmestu leyti á efnalega afkomu sína. Því nýrri og betri tæki, sem honum eru tryggð, því öruggari má telja rekstur hans í hvívetna. Alþingi viðurkennir þessar staðreyndir, er það setur þau ákvæði í lög um tekju- og eignarskatt, að ákveðinn hluti tekna skuli undanþeginn skatti gegn því, að hann sé greiddur í nýbyggingarsjóði, er síðar verði notaðir til endurbyggingar íslenzka flotans. Um þessa sjóði hafa þó enn eigi verið sett nein lög önnur en ófullnægjandi fyrirmæli í sjálfum skattalögunum, sem á engan hátt tryggja að fullu, að féð verði notað á þann hátt, sem til er ætlazt, þar sem m. a. leyft er að nota féð til greiðslu á taprekstri gegn skattgreiðslu af fénu í ríkissjóð, og hverfa þær upphæðir að fullu úr sjóðnum, án þess að smíðuð séu fyrir þær skip eða önnur framleiðslutæki í þágu útvegsins. Kröfur, sem fram hafa komið um það, að allt varasjóðstillagið skuli ganga til nýbyggingarsjóða í stað helmings, eins og nú er lögboðið, mundu hafa það í för með sér, ef samþykktar yrðu, að enn meiri hætta yrði á því, að sjóðnum yrði skipt upp milli eigenda til greiðslu á rekstrartapi og sköttum til ríkissjóðs, og væri slíkt óverjandi gagnvart þjóðinni. Það er því nauðsynlegt, að málum þessum sé skipað nú þegar í fast form og það tryggt, svo sem unnt er, að fé það, sem greitt

er í nýbyggingarsjóði, verði aldrei notað á annan hátt en til endurnýjunar framleiðslutækjum sjávarútvegsins.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, tryggir þetta, jafnframt því, sem það gerir eigendum fjárins mögulegt að hagnýta sér eign sína án þess að rýra sjóðinn, ef þeim er það nauðsynlegt til atvinnurekstrar síns, því að þótt bréf sjóðsins séu veðbundin eða seld, breytir það engu um sjálft fé, sem eigi verður greitt eigendum bréfanna nema því aðeins, að full trygging sé gefin fyrir því, að það sé notað eins og til er ætlazt. Eins og nú er ástatt, eru margir eigendur að smærri upphæðum í nýbyggingarsjóði, sem sjáanlega geta ekki á næstunni eða jafnvel aldrei aukið þær svo, að nægilegar séu til smíði veglegs skips. Með frumvarpi þessu er það gert kleift að sameina slíkar upphæðir á eina eða fleiri hendur, og er það bæði eðlilegt og sjálfsagt. Þá miðar ákvæði 5. gr., sem fyrirskipar, að vextir skuli aðeins greiddir út í nýjum bréfum, að því, að sjóðurinn verði notaður, þegar tækifæri gefast, enda er enginn vafi á, að svo hefði verið gert, jafnvel á erfiðustu árum útgerðarinnar, einkum sá hluti, sem greiðsluskyldur væri í erlendum gjaldeyri.

Þá eru þau nýmæli í frumvarpinu, að einstaklingar og félög, sem ekki er skylt að leggja fram fé í nýbyggingarsjóð, megi einnig greiða til hans fé. Eru kröfur sjómanna nú svo háværar um stækkun sjóðsins, að líklegt má telja, að þeir vilji einnig gjarnan taka þátt í að byggja upp þennan nauðsynlegasta atvinnuveg þjóðarinnar, og að minnsta kosti væri það rangt að fyrirmuna þeim það.

Þjóðin mun ekki þola það, að nýbyggingarsjóðirnir verði gerðir að eyðslufé, hvort heldur væri fyrir einstaklinga eða ríkissjóð, svo mjög sem endurnýjun flotans er nauðsynleg, jafnskjótt og því verður við komið. Þau lagafyrirmæli, sem til eru, tryggja á engan hátt, að svo verði ekki, og því er óhjákvæmilegt, að nú þegar verði sett lög, sem tryggja þetta að fullu.

Nd. 382. Nefndarálit

um frv. til l. um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „Austur-Barðastrandarsýslu“ bætist inn í greinina orðin: þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Einn nefndarmaður (BÁ) var fjarstaddur.

Alþingi, 2. okt. 1944.

Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson. Emil Jónsson.

Sigurður Guðnason.

Nd. 383. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Í stað „kr. 50000.00“ í niðurlagi 2. gr. laganna komi: kr. 100000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós, að hámarkið fyrir skaðabótaskyldu ríkissjóðs í lögunum frá 1943 er of lágt, þar sem vitað er um kröfur, er nema miklu meira en þeirri upphæð, og þykir því rétt að hafa hámarkið eins og segir í frumvarpi þessu.

Nd. 384. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, og leggur meiri hluti hennar til, að frv. verði samþykkt, en áskilur sér rétt til að hafa málið áfram til athugunar til 3. umræðu. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um tillögur, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. okt. 1944.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr., frsm.	Jakob Möller, með fyrirvara.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 385. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 337 (Ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað).

Frá Eysteini Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti, samtals að fjárhæð 3,5 millj. kr. Nú fer kostnaður við endurbygginguna fram úr 5 milljónum króna, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.

Sþ. 386. Tillaga til þingsályktunar

um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tilnefna þrjá sérfróða menn í nefnd til að athuga burðarmagn Ölfusárbrúar nú, eftir að viðgerð hefur farið fram á henni, og ákveða í samræmi við það hámarksþunga, sem flytja megi hvert sinn yfir á henni. Reynist burðarmagn brúarinnar ekki nægilegt til, að ákveða megi hámarkið 8—10 smálestir, skulu þessir þrír sérfróðu menn gera tillögur um, hvað gera þurfi til styrktar brúnni, til að hún þoli slíkt álag.

Greinargerð.

Viðgerð á Ölfusárbrú hefur nú farið fram og brúin aftur tekin til notkunar. Er það allra mál, að vel hafi tekizt til um aðgerð þessa, og brúin jafnvel af sumum talin styrkari en hún hefur áður verið. En hvað sem því líður, hefur vegamálastjóri nú ákveðið, að hámarksálag á brúna skuli vera aðeins 6 smálestir. Er þetta vitanlega mikil bót frá því að vera brúarlaus, en þó er það hvergi nærri fullnægjandi og veldur miklum erfiðleikum og auknum kostnaði þeim, sem annast eiga þungaflutninga á þessari fjölförnu leið. Bifreiðar frá flestum, sem flutninga annast úr héruðum austan Ölfusár, eru nú fullfermdar allmiklu þyngri en 6 smálestir. Er því ekki um annað að ræða, ef þetta hámark á að gilda, en hafa bifreiðarnar ekki fullhlaðnar eða létta á farminum yfir brúna og flytja hann í tvennu lagi. Hvorugur er þessi kostur góður og gerir flutninga að mun dýrari en ella. Sérstaklega er þetta óþægilegt fyrir þá, sem flytja úr fjarlægari héruðum austan brúarinnar. Hafa þeir engan mannafla við Ölfusá til að selflytja farminn, og tilfinnanlegast er þeim að geta e. t. v. ekki nema hálfhlaðið bifreiðarnar, þar sem um svo langan veg er að flytja.

Ekki er vitað, á hverju vegamálastjóri byggir hámark það, sem nú hefur verið sett, og má vel vera, að fyllri athugun leiddi í ljós, að ástæðulaust væri að setja það svo lágt sem gert er. Sé það hins vegar miðað við raunverulegt burðarmagn brúarinnar nú, er full ástæða til að athuga nú þegar af færum mönnum, hvort ekki sé hægt með tiltölulega léttu móti að styrkja brúna enn frá því, sem nú er, svo að hún geti þolað alla venjulega flutningaumferð, eins og áður var, og mun þá hámarkið verða að miðast við a. m. k. 8—10 smálestir.

Nd. 387. Nefndarálit

um till. til þál. um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar vegamálastjóra, og er álit hans prentað hér á eftir sem fylgiskjal. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. október 1944.

Gísli Sveinsson, form.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Barði Guðmundsson.	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 3. október 1944.

Vegarstæði að Ögri í N.-Ísafjarðarsýslu.

Með bréfi, dags. 20. f. m., sendi háttvirt samgöngumálanefnd mér til umsagnar tillögu á þskj. 282 um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð.

Leið þessi er öll, að heita má, sýsluvegur. Fyrir nokkrum árum fór umsjónarverkstjóri okkar einn þar um og leiðbeindi um endurbætur, en þær hafa þó verið gerðar mjög litlar fram að þessu. Vegarlengd er nær 50 km, og vil ég gjarnan láta ákveða vegarstæðið og gera yfirlit yfir kostnað. Ég vil þó vekja athygli á, að mikið liggur fyrir af slíkum rannsóknum vegarstæða, sem tekið er fyrir, eftir því sem starfskraftar eru fyrir hendi, en vegna skorts á þeim verður ekki alltaf komizt yfir að afgreiða slík mál eins fljótt og æskilegt væri.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.

Ed. 388. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, er fram eru teknar í greinargerð frv., og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (GÍG) var ekki á fundi, þegar frv. var afgreitt, og skrifar því ekki undir nál.

Alþingi, 4. okt. 1944.

Bjarni Benediktsson, form.	Bernharð Stefánsson, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.
	Lárus Jóhannesson.	

Ed. 389. Nefndarálit

um frv. til laga um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt. eða fylgja þeim, ef fram koma.

Einn nefndarmanna (GÍG) gat ekki komið á fund í nefndinni, er málið var afgreitt, og tók því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 4. okt. 1944.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson.	Bernharð Stefánsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 390. Nefndarálit

um frv. til l. um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndarmenn eru allir sammála um efni þessa máls, að dr. Kroner verði veitt lækningaleyfi. Landlæknir, sem nefndin hefur rætt málið við, telur unnt að veita leyfið samkv. gildandi lögum án nýrrar lagasetningar, og er einn nefndarmanna (PZ) á sömu skoðun. Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar ekki heimilt að veita umrætt leyfi nema með því að samþykkja frv. það, er hér liggur fyrir.

Leggja fjórir nm. því til, að frv. verði samþ. óbreytt, en PZ telur það óþarft, en er þó ekki á móti því.

Alþingi, 3. okt. 1944.

Sigurður E. Hlíðar, form. — Sigurður Thoroddsen, fundaskr. — Gunnar Thoroddsen, frsm.

Páll Zóphóníasson. — Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 391. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 1. gr. Á eftir 3. tölul. komi nýr töluliður, er hljóði svo:

Fyrir sama tímabil og til er tekið í 3. tölulið skal ríkisstjórnin kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig, enda skal ríkisstjórninni heimilt að verja í því skyni fé úr ríkissjóði eftir því, sem með þarf.

Nd. 392. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi sínum. Hefur meiri hluti nefndarinnar orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna, Sigurður Guðnason, lýsir sig andvígan samþykkt frv.

Alþingi, 2. okt. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Jón Sigurðsson, frsm.

Emil Jónsson. — Sig. Guðnason.

Sþ. 393. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn.

(Afgreidd frá Sþ. 5. okt.)

Samhljóða þskj. 325.

Sþ. 394. Þingsályktun

um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 5. okt.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert á þann hátt, sem greinir í þessari ályktun.

Telja skal saman verðmæti allra landbúnaðarvara og sjávarafurða, sem notaðar eru af framleiðendum sjálfum og seldar innan lands og úr landi, einnig framleiðsluverðmæti þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem vinna vörur eingöngu eða aðallega úr afurðum frá landbúnaði og sjávarútvegi, og fyrirtækja, sem framleiða veiðarfæri og vöruumbúðir.

Útflutningsvörur reiknast með verði þeirra á skipsfjöl á útflutningshöfn. Vörur, seldar innan lands, reiknast með söluverði. Framleiðsluvörur til eigin nota framleiðenda skal reikna til verðs með hliðsjón af markaðsverði, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verð fyrir aðkeyptar vörur til framleiðslunnar, svo sem áburð, sáðvörur, fóðurvörur, kol, olíur, salt, veiðarfæri, beitu, efnivörur til iðnaðar, vöruumbúðir o. þ. h., skal draga frá tekjunum. Birgðir af þessum vörum í eigu framleiðenda í ársbyrjun skal telja með keyptum vörum á árinu, en eftirstöðvar í árslok til frádráttar.

Jafnframt skal gera yfirlit um stofnfé framleiðslunnar ár hvert, þ. e. verðmæti lands, bygginga, bústofns, skipa, véla, verkfæra o. þ. h., sem notað er við framleiðsluna, eftir matsverði þessara eigna til skatts. Hæfilegt fyrningargjald af þessum eignum skal draga frá framleiðslutekjunum.

Í fyrsta sinn skal gera yfirlit um framleiðslutekjur þjóðarinnar árið 1943 eftir ályktun þessari. Sé því, ásamt yfirliti um tekjurnar árið 1944, lokið eigi síðar en í septembermánuði 1945. Síðan skal útreikningi teknanna lokið eigi síðar en í septembermánuði ár hvert fyrir næstliðið ár.

Kostnað, sem verða kann af framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu, er heimilt að greiða úr ríkissjóði.

Ed. 395. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur, og leggur hún einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. okt. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Ed. 396. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur, og leggur hún einróma til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „nema samþykki“ í 1. málsgr. komi: lendingarsjóðsstjórnar og.

Alþingi, 4. okt. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.
Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Nd. 397. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á mörgum fundum og leitað álits um það utan Alþingis. T. d. var frv. sent til umsagnar Fiskifélagi Íslands, Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélagi Íslands, forstjóra Stýrimannaskólans og Alþýðusambandi Íslands. Hafa þessar stofnanir sent meðmæli sín nema Alþýðusambandið, sem ekkert álit hefur látið uppi.

Að þessu athuguðu hefur nefndin einróma samþykkt að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. a-lið. Liðinn skal orða þannig:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann o. s. frv.

Alþingi, 3. okt. 1944.

Emil Jónsson, p. t. form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Eysteinn Jónsson.
Sig. Kristjánsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 398. Nefndarálit

um frv. til laga um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu þeirri við 5. gr. þess, er á eftir fer. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 5. gr.

Í stað orðanna „Um kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið fer eftir því, sem um semst milli skólanefndar og hlutaðeigandi sjúkrahúsa“ komi: Kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið skal ákveðið af skólanefnd, hlutaðeigandi sjúkrahúsum og Félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna.

Alþingi, 5. okt. 1944.

Sigurður E. Hlíðar, form. Sigurður S. Thoroddsen, fundaskr., frsm. Gunnar Thoroddsen.

Páll Zóphóníasson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 399. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka ekki til dósentsembætta þeirra, er stofnuð verða samkvæmt þessari grein.

Ed. 400. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 5. okt.)

Samhljóða þskj. 277.

Nd. 401. Frumvarp til laga

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsókn í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

2. gr.

Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

3. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 402. Tillaga til þingsályktunar

um byggingarmál.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu fimm manna milliþinganefnd til að athuga og gera tillögur um, með hverjum hætti bezt verði af opinberri hálfu greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Nefndin skal meðal annars taka til endurskoðunar lög um verkamannabústaði og lög um byggingarsamvinnufélög. — Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila áliti og tillögum eigi síðar en fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Allur kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum landsins eru um þessar mundir mikil húsnæðisvandræði.

Í Reykjavík hefur t. d. nú þegar þurft að taka h. u. b. 190 hermannaskála til íbúðar, og búa þar h. u. b. 215 fjölskyldur. Þrátt fyrir þetta er enn mikill fjöldi manns, sem enga úrlausn hefur getað fengið á húsnæðisvandræðum sínum, svo sem sjá má af því, að hjá húsaleigunefnd eru umsóknir um húsnæði frá hér um bil 290 fjölskyldum og einstaklingum, sem eigi hefur verið unnt að verða við. Að

sjálfsögðu er þörf þessa fólks misjafnlega brýn, en um það verður þó eigi villzt, að vandræðin eru mikil.

Húsnæðisskorturinn í Reykjavík er þeim mun ihugunarverðari sem árin 1940—1943 hafa að jafnaði árlega verið byggðar mun fleiri íbúðir en árlega var gert á næsta 10 ára bili þar á undan. Á því 10 ára bili var að jafnaði aðeins byggð 231 íbúð árlega, en á síðustu fjórum árum voru byggðar 256 íbúðir árlega, og eru þá þó ekki taldar með 104 bráðabirgðaíbúðir í Höfðaborg, þ. e. 26 íbúðir á ári að jafnaði til viðbótar. Fyrstu stríðsárin, einkum 1940, var mjög lítið byggt í Reykjavík, en 1942 var byggð 361 íbúð og 1943 354, og hefur aldrei fyrr verið byggt nálægt því eins mikið í Reykjavík og á þessum síðustu árum. Er harla ólíklegt, að nokkurs staðar annars staðar í Norðurálfu hafi verið hlutfallslega jafnmikið um byggingar á þessum árum og hér hefur verið. Samkv. áreiðanlegum upplýsingum voru t. d. á árunum næstu fyrir stríð í Englandi árlega byggð 300 þús. til 350 þús. hús, en frá því í marz 1940 hafa þar aðeins verið reist 55 þús. hús. Er það miklu minna en eyðilagzt hefur af stríðsvöldum.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir er óumdeilanlegt, að mjög mikill húsnæðisskortur er í kauptúnum og kaupstöðum víða um land, en þó einkum í Reykjavík. Verður og að horfast í augu við það, að hermannaskálarnir eru óhæfir til íbúðar, a. m. k. fyrir konur og börn, nema um skamma hríð, og er því þörf á nýbyggingum fyrir allan þann fjölda, sem þar dvelur nú. En auk hermannaskálanna eru vitanlega mjög margar aðrar óhæfar íbúðir, eigi sízt í bráðabirgðahúsum eða skúrum, sem reistir hafa verið leyfislaust.

Ástæðurnar til hinna miklu húsnæðisvandræða eru ýmiss konar, og er eigi unnt að rekja þær hér. Hinar miklu nýbyggingar í Reykjavík sýna þó, að frumástæðan til vandræðanna þar er aðstreymi utanbæjarfólks til bæjarins. Höfuðorsök þess er aftur á móti hin mikla setuliðsvinna, sem í bænum og nágrenni hans hefur verið undanfarin ár. Eftirspurnin eftir vinnuafli hefur verið svo mikil, að lítt hefur stoðað, þótt hömlur hafi verið settar gegn flutningi í bæinn með því að takmarka rétt utanbæjarmanna til að setjast að í húsnæði í bænum.

Aðstreymið til Reykjavíkur og þar af leiðandi húsnæðisvandræði þar er þannig af ástæðum, sem bæjarfélagið hefur ekki á neinn hátt ráðið við né átt sök á. Bæjarfélagið hefur engu að síður lagt sig mjög fram um að greiða úr þessum vandræðum. Sjálft hefur bæjarfélagið á stríðsárunum látið reisa h. u. b. 50 fyrirmyndar íbúðir og komið upp rúmlega 100 bráðabirgðaíbúðum í Höfðaborg. Þá hefur stórfé verið greitt úr bæjarsjóði til lagfæringar á hermannaskálunum, áður en fólk flytti þangað inn. Enn þýðingarmeira er þó, að bæjarfélagið hefur lagt til og leigt lóðir undir hér um bil öll þau íbúðarhús, sem í bænum hafa verið reist hin síðari ár, og lagt holræsi, götur o. þ. h., sem nauðsynlegt er fyrir byggðina. Þykir slíkt að vísu sjálfsagt hér og er það vissulega, þótt eigi sé svo talið alls staðar. En mikið fé og fyrirhöfn kosta slíkar framkvæmdir, eigi sízt nú á tímum.

Bæjarfélag og ríki styrkja hvort um sig jafnt byggingarsjóðinn, sem veitir lán til byggingarfélaga verkamanna. Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík hefur frá því 1939 byggt 122 íbúðir, en Byggingarfélag alþýðu hafði, frá því lögin um verkamannabústaði voru sett 1929 og þangað til hitt félagið tók við, komið upp h. u. b. 175 íbúðum. Bygging verkamannabústaða hefur því verið haldið áfram eftir föngum í stríðinu.

Mjög hefur aftur á móti dregið úr starfsemi Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur. Það hefur eigi komið upp nema 14 íbúðum, meðan á stríðinu hefur staðið, og hefur raunar sáralítið byggt síðan árið 1934, en alls hefur þetta félag þó látið byggja 61 íbúð.

Láta mun nærri, að af h. u. b. 1025 varanlegum íbúðum, sem komið hefur verið upp í Reykjavík á árunum 1940—1943, séu samtals 154 byggðar af Reykjavíkurbæ, Byggingarfélagi verkamanna og Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur. Auk þessa eru svo bráðabirgðaíbúðir bæjarins í Höfðaborg, rúmlega 100 að tölu. Af þessu

er ljóst, að einstaklingsframtakið hefur, með aðstoð bæjarfélagsins um lóðaúthlutun og fyrirgreiðslu ríkisins varðandi útvegun byggingarefnis frá útlöndum, átt langmestan þátt í að koma upp íbúðum í bænum, jafnvel á þeim erfiðleikatímum, sem verið hafa og enn eru. Virðist bæði þessi reynsla og önnur fyrri benda til, að haldbezt verði að ætla einstaklingsframtakinu einnig í framtíðinni sem mestan hlut í úrlausn þessara mála. Er og vitað, að byggingar af hálfu einstaklinga mundu enn stóraukast, þegar byggingarefni fæst, ef takast mætti að lækka hinn gífurlega byggingarkostnað, sem nú er. Að fróðra manna sögn, er hann nú fimm- eða sexfaldur á við það, sem fyrir stríð var. Til samanburðar má geta þess, að Englendingum hefur þótt það óhófleg hækkun hjá sér, að byggingarkostnaður skyldi í nóvember 1943 hafa nærri tvöfaldazt frá því, sem var 1939. Áhrifaríkasta ráðið til að greiða fyrir byggingum er tvímælalaust það að lækka byggingarkostnaðinn.

Hinu verða menn þó að vera við búnir, að ýmsar beinar aðgerðir þurfi af hálfu þess opinbera til að ráða bót á þeim miklu húsnæðisvandræðum, sem nú eru. Verða bæði ríki og sveitarfélög að standa að þeim aðgerðum. Tillaga sú, sem hér er borin fram, er flutt til þess, að gagnger rannsókn fari hið fyrsta fram á því, hverjar framkvæmdir í þessum efnum séu tiltækilegastar.

Sem fylgiskjöl eru prentuð tvö bréf frá Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík og Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur varðandi þetta efni.

Fylgiskjal I.

BYGGINGARFÉLAG VERKAMANNA
REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. júlí 1944.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Reykjavík.

Í tilefni af heiðruðu bréfi yðar, hr. borgarstjóri, dags. 13. f. m., þar sem þér spyrjist fyrir um, hvaða breytingar við teljum nauðsynlegar á lögunum um verkamannabústaði, til að þau nái tilgangi sínum, viljum við taka þetta fram:

Á aðalfundi í félagi okkar svo og á stjórnarfundum hefur oft verið um það rætt, að nauðsynlegt væri að taka lögin um verkamannabústaði til gagngerðrar endurskoðunar. Teljum við, að í sambandi við þá endurskoðun sé nauðsynlegt að athuga vel meðal annars, hvort ekki væri rétt og þá með hverjum hætti framkvæmanlegt, að skipta hverju byggingarfélagi nokkuð í deildir eftir mismunandi heimilisástæðum og afkomu félagsmanna og hafa síðan kjörin á lánum úr Byggingarsjóði með mismunandi hætti, eftir því hvaða deildir ættu í hlut, þannig að þeir, sem verst væru stæðir og þyngst hefðu heimilin, fengju haganlegustu kjörin, en þeir, sem betur væru stæðir, fengju ekki eins góð kjör. Gæti þetta komið fram í því, að til íbúða þeirra efnaminni væri lánað meira en til íbúða hinna, endurgreiðslutími lánanna væri lengri og vextirnir jafnvel lægri. Þá teljum við og athugandi, hvort ekki væri hægt að færa starfsemi byggingarfélaganna þannig út, að jafnhliða því, sem félögin reistu hús í bæjunum, þá ættu þau og hlut að því að koma upp smáhúsahverfum (einbýlishúsum) utan við bæinn, sem þannig væru í sveit sett, að hafa mætti þar einhver hlunnindi af ræktun. Er þetta ekki hvað sízt athugandi hér í bænum í sambandi við stækkun bæjarlandsins.

Óhjákvæmilegt virðist að gera þá breytingu á lögunum um verkamannabústaði, að stofnaður sé eins konar sparisjóður í sambandi við byggingarfélögin með þeim hætti, að börn og unglingar geti safnað í hann sparifé sínu, en átt þess í stað rétt á því, þegar ákveðin upphæð er komin í sjóðinn og eftir ákveðinn tíma, frá því söfnunin hófst, að viðkomandi byggingarfélag byggi íbúð og afhendi sparifjáreiganda. Útfærsluna á þessu þyrfti vel að athuga, en stjórn Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík er sannfærð um, að þessi hugmynd er skynsamleg og má ekki falla niður.

Við höfum nefnt hér nokkur atriði, sem við teljum óhjákvæmilegt að taka til athugunar í sambandi við lögin um verkamannabústaði. Öll eiga þessi atriði sammerkt um það, að þau þurfa gaumgæfilegrar athugunar við, eins og öll endurskoðun þessara laga. Teljum við eðlilegast, að sett yrði sérstök nefnd og þá helzt milliþinganefnd til að endurskoða lögin um verkamannabústaði. Þó viljum við geta þess, að eins og málin standa nú, teljum við óhjákvæmilegt að gera þegar í stað tvær breytingar á þessum lögum, ef öll starfsemi byggingarfélaganna á ekki að stöðvast:

Fyrri breytingin er sú, að Byggingarsjóðurinn þarf að fá meira eigið fé til lánastarfsemi. Það þarf að hækka styrkinn til Byggingarsjóðs. Kemur þetta til af því, hversu mjög allur tilkostnaður við byggingar hefur hækkað og hversu gífurlega þörfin fyrir byggingu nýrra íbúða hefur aukizt.

Síðari breytingin, sem gera verður þegar í stað á lögunum, er sú, að stjórn Byggingarsjóðsins verður að fá heimild til að lækka vexti af lánum úr sjóðnum um 1% til þeirra húsa, sem byggð eru nú á þessum dýrustu tímum. Þessi breyting er óhjákvæmileg, til þess að þeir, sem þegar hafa keypt íbúðir hjá byggingarfélögunum, missi þær ekki á fyrsta degi, sem eitthvað ber út af með atvinnu, svo og til þess, að meðlimir byggingarfélaganna þori að leggja í nýbyggingar nú.

Byggingarfélag verkamanna leyfir sér að vænta þess, að þér, herra borgarstjóri, vinnið að því, að þessar tvær breytingar verði gerðar nú þegar á lögunum um verkamannabústaði og jafnframt verði gerð ráðstöfun til almennrar endurskoðunar á þessum lögum. Stjórn Byggingarfélags verkamanna er fús til þess að láta í té allar þær upplýsingar, sem hún getur, um málið og væntir hins bezta af hálfu yðar og bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

f. h. Byggingarfélags verkamanna.

Guðm. Í. Guðmundsson. Magnús Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

BYGGINGARSAMVINNUFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 25. sept. 1944.

Í bréfi, dags. 13. júní síðastl., óskið þér, herra borgarstjóri, fyrir hönd bæjarráðs Reykjavíkur, eftir umsögn um, hverjar breytingar Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur telur æskilegt, að gerðar verði á lögum um byggingarsamvinnufélög, til þess að þau nái betur tilgangi sínum.

Félagsstjórninni er ljúft að verða við þessum tilmælum og leyfir sér að senda meðfylgjandi breytingartillögur, er hún telur, að verða muni til bóta.

Fyrsta breytingartillagan, um útborgun stofnsjóðsins. Þar þykir oss réttara, að sé nokkru rýmra en gert er ráð fyrir í samvinnufélagslögunum. Stofnsjóðstillagið er hér eingöngu hugsað sem framlag til byggingar á íbúð fyrir eiganda stofnsjóðsinnstæðunnar. Ekki þykir oss rétt að torvelda honum að nota þetta fé, ef hann gæti á einhvern hátt fengið hentugt tækifæri til þess að kaupa íbúð utan félagsins.

Vér teljum hepppilegra að hafa ekki lágmarksákvæði um fjölda félagsmanna í hverjum lánaflokki. Sérstaklega getur það verið óhentugt fyrir fámenn félög í smákauptúnum, því að litlar líkur eru til, að oft þyrftu 15 manns eða fleiri að byggja þar á einu og sama ári, og geta núverandi ákvæði því torveldað eðlilega starfsemi slíks félags.

Breytingin á d-lið 7. gr. teljum vér, að sé nauðsynleg. Með núgildandi peningaverði er 6000 króna tekjuákvæðið alveg úrelt. Ákvæðið í a-lið þessarar greinar ætti líka að nægja til þess að fyrirbyggja, að óþarflega stórar og dýrar íbúðir

verði byggðar af byggingarsamvinnufélögum, er njóta stuðnings þessara laga, þar sem tekið er fram, að íbúðirnar mega ekki vera stærri en 500 teningsmetrar.

Ákvæði 13. gr., eins og hún er nú, gerir það að verkum, að lögin eru sem stendur alveg gagnslaus. 15 þús. króna ábyrgð fyrir láni út á 1. veðrétt íbúðar er svo lítið, að einskis virði er. Vér teljum, að ekki þurfi hér önnur ákvæði en þau, sem felast í 5. gr., og fjármálaráðherra sé þá í sjálfsvald sett, hve hátt lán hann vill láta ríkið ábyrgjast í hvert skipti, innan þeirra takmarka, sem 5. gr. gerir ráð fyrir.

Ekkert ákvæði er í lögum þessum, er miðar að því að sjá byggingarsamvinnufélögum fyrir lánsfé fram yfir það, er felst í heimildinni um ríkisábyrgð. Til þess að tryggja það, að lög þessi komi að tilætluðum notum og stuðli að áframhaldandi starfsemi slíkra félaga, sem hér um ræðir, þarf að tryggja þeim möguleika til þess að fá lánsfé. Bezt mundi fyrir því séð með stofnun sérstaks sjóðs, eins og gert er ráð fyrir í nýrri grein, er komi næst á eftir 13. gr. og verði 14. gr., samkvæmt breytingartillögum þeim, er hér fylgja. Með sjóði, eins og þá er gert ráð fyrir, er það tryggt, að félögin hafi jafnan eitthvert fé, sem þau geti fengið lánað til áframhaldandi starfsemi. Stofnun slíks sjóðs er eitt aðalatriði til þess, að lög þessi komi að tilætluðum notum.

Æskilegt væri, að breytingartillögur þessar, er hér um ræðir, yrðu lagðar fyrir yfirstandandi þing, ef vera kynni, að þær næðu þar fram að ganga, svo að félagið gæti nú í vor hafizt handa um byggingar með stuðningi þessara laga með áorðnum breytingum.

Virðingarfyllst,

f. h. Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur.

Guðl. Rósinkranz,
formaður.

Til borgarstjórans í Reykjavík.

Tillögur til breytinga á lögum um byggingarsamvinnufélög.

1. Síðasta málsgrein í A-lið 3. gr. orðist svo:
   Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við burtflutning af félagssvæði, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.
2. Úr 3. gr. c-lið falli niður orðin „ekki mega vera færri en 15“ að greinarskilum.
3. 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum allt að 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn öðrum veðrétti, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.
4. Úr 7. gr. d-lið falli niður orðin „Þeir félagsmenn, sem eigi hafa haft yfir 6000“ o. s. frv. að greinarlokum.
5. 13. gr. orðist svo:
   Ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að lánin séu tryggð með fyrsta veðrétti í íbúðum félagsmanna.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, er verði 14. gr., svo hljóðandi:
   Stofnaður skal lánasjóður byggingarsamvinnufélaga, er myndaður sé með framlagi úr ríkissjóði, að upphæð 1 milljón ísl. krónur, og auk þess árlegu ríkissjóðstillagi, er nemi minnst kr. 50000.00, þar til sjóðurinn er orðinn að upphæð 3 millj. króna. Hlutverk sjóðs þessa er að veita lán til bygginga samkvæmt lögum þessum, og fari vextir ekki yfir 4%. Það fé sjóðsins, sem ekki

er í útlánum, skal ávaxtað í Landsbanka Íslands. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Kýs Alþingi 4, en ríkisstjórnin skipar einn, er sé formaður sjóðsstjórnar.

Sþ. 403. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta hefur verið tekið fyrir á fimm fundum nefndarinnar. Það hefur verið sent til umsagnar til Fiskifélags Íslands. Taldi félagið nefndarskipunina óþarfa, þar sem reikningaskrifstofu sjávarútvegsins sé ætlað sama hlutverk og till. mælir fyrir um.

Að fenginni þessari umsögn gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn (PZ og SÞ) vildu leggja til, að tillagan yrði samþ. með litlum breytingum, en meiri hl. leggur til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Alþingi lítur svo á, að með lögum nr. 90 16. des. 1943, um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, sé lagður traustur grundvöllur að því að safna gögnum um afkomu útgerðarinnar og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar og þá fyrst og fremst á því sviði, sem þáltill. fjallar um, og sér því eigi ástæðu til frekari aðgerða í málinu að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. okt. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Ingólfur Jónsson. Jón Sigurðsson.

Steingr. Aðalsteinsson. Ásgeir Ásgeirsson.

Fylgiskjal.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

4. marz 1944.

Stjórn Fiskifélagsins hefur á fundi sínum í dag tekið til meðferðar till. til þál. á þskj. 31 „um athugun framleiðslukostnaðar sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins“, er hv. allsherjarnefnd sendi oss með bréfi dags. 17. f. m.

Var samþykkt eftirfarandi:

Stjórninni er það fullkomlega ljóst, að athuganir þær, sem tillagan leggur til, að framkvæmdar verði, eru nauðsynlegar og geta haft mikla þýðingu fyrir útvegginn. Hins vegar er óhjákvæmilegt, til þess að sá árangur náist, sem unnt verði að byggja á, að safna mjög yfirgripsmiklum gögnum.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, en hlutverk þeirrar stofnunar, þegar hún tekur til starfa, má segja, að sé það sama og rætt er um í tillögunni, þ. e. að safna gögnum um afkomu útgerðarinnar og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst á því sviði, sem tillagan fjallar um.

Mun stjórnin leita til ríkisstjórnarinnar um fjárveitingu til reikningaskrifstofunnar samkv. áðurnefndum lögum, svo að hefja megi starfrækslu hennar þegar á þessu ári, og ætti þess ekki að gerast þörf að skipa sérstaka nefnd í því skyni, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Ed. 404. Breytingartillögur

við frv. til laga um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Skulu tveir þeirra kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn þriðji tilnefndur af ríkisstjórninni. Varamenn í nefndinni skulu vera jafnmargir og með sama hætti til komnir. Byggingarnefnd skal í starfi sínu styðjast við tillögur fulltrúaráðs, sem æskulýðsfélögin í Reykjavík mynda þannig, að þau kjósa einn fulltrúa hvert í ráðið. Samþykki kennslumálaráðherra o. s. frv.
2. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Með sama hætti sem í 2. gr. segir skal setja þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar, og skal hún í starfi sínu styðjast við tillögur fulltrúaráðs æskulýðsfélaganna í Reykjavík á sama hátt og segir í 2. gr. Nefndin ræður forstjóra o. s. frv.

Nd. 405. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.
   59. gr. laganna verði 55. gr. og hljóði svo:
   Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi og siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði fyrir gildistöku laga þessara á skipi yfir 15 rúmlestir brúttó og eru 30 ára að aldri, réttindi til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum allt að 120 rúmlestum að stærð.
   60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „Á eftir 58. gr.“ í upphafi greinarinnar kemur: Á eftir 59. gr.

Ed. 406. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. okt. 1944.

H. Guðmundsson, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Brynjólfur Bjarnason, frsm.

Bjarni Benediktsson. — Hermann Jónasson.

Nd. 407. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Í stað 1.—5. gr. komi ein grein, er verði 1. grein, svo hljóðandi:
   Auk þeirra kennara, sem nú starfa við Háskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 36 30. júlí 1909 og lögum nr. 21 1. febr. 1936, er ríkisstjórninni heimilt að ráða fasta kennara við háskólann til 15. júní 1946 sem hér segir:
   2 kennara í viðskiptafræðum,
   2 kennara í bókmenntum og sögu,
   3 kennara í verkfræði.
2. 6. grein verði 2. gr.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um heimild til að ráða kennara við Háskóla Íslands til bráðabirgða.

Nd. 408. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. okt. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Þóroddur Guðmundsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 409. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun laga um verkamannabústaði og um byggingarsamvinnufélög.

Frá Gunnari Thoroddsen og Sigurði Bjarnasyni.

Hvað líður endurskoðun þeirri á lögum nr. 3 frá 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 71 frá 1938, um byggingarsamvinnufélög, sem neðri deild Alþingis skoraði á ríkisstjórnina að láta fram fara með ályktun deildarinnar 4. sept. 1942?

Greinargerð.

Á sumarþinginu 1942 fluttum við fyrirspyrjendur till. til þál. um athugun á húsnæðismálum í kauptúnum landsins. Fylgdi tillögunni svo hljóðandi greinargerð, sem rétt þykir að birta hér, þótt nokkur breyting hafi á orðið síðan:

„Árið 1935 voru sett lög um verkamannabústaði. Lög um byggingarsamvinnufélög höfðu verið sett 1932 og voru endurskoðuð árið 1938, og eru þau lög nú í

gildi. Þessi tvenn lög miðuðu að því að gera verkamönnum og öðrum efnaminni borgurum kleift að koma sér upp híbýlum og eignast þau. Í lögunum eru félögum þeim, sem stofnuð eru samkvæmt lögunum, veitt ýmiss konar hlunnindi og aðstoð, svo sem bein fjárframlög úr ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum, ríkisábyrgð fyrir lánum til bygginganna, ákvæði um hagkvæma vaxta- og afborgunarskilmála o. s. frv.

Samkvæmt þessum tvennum lögum hafa verið stofnuð nokkur byggingarfélög og allmörg hús reist. Samkv. lögunum um byggingarsamvinnufélög hafa verið stofnuð þrjú félög, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri. Lögin um verkamannabústaði hafa verið hagnýtt í Reykjavík og nokkrum öðrum kaupstöðum og allmikill fjöldi húsa byggður, mestmegnis í Reykjavík.

En sú hefur orðið raunin á, að ekki eitt einasta kauptún í landinu hefur orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem lögin veita, og ná þó hvor tveggja lögin til kauptúna ekki síður en kaupstaða. Er þetta vissulega íhugunarefni, þar sem vitað er, að bæði nú og undanfarin ár hefur verið tilfinnanlegur húsnæðisskortur í mörgum kauptúnum landsins, víða mjög léleg húsakynni og úr sér gengin, sem fjölskyldur hafa neyðzt til að búa í, og einnig talsverð brögð að því, að húsnæðisskortur hefur í mörgum tilfellum beinlínis komið í veg fyrir um lengri eða skemmri tíma, að ungt fólk gæti stofnað heimili.

Orsakir þessara vandræða eru vitaskuld margar og sumar kunnar, ekki sízt bágur efnahagur á undanförnum árum. En samt er það atriði, sem vert er fullrar athugunar og rannsóknar, hvers vegna ekkert kauptún landsins hefur notfært sér umrædda löggjöf og þá aðstoð og hlunnindi, sem ríkið veitir með henni. Flm. er að vísu kunnugt um eina ástæðu, og hún er sú, að allvíða hefur fólk í kauptúnum og sveitarstjórnirnar sjálfar álitið, að lögin um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög næðu aðeins til kaupstaðanna, en ekki til kauptúna. En einnig er mjög trúlegt, að hlunnindi laganna, sem sérstaklega eru miðuð við hina stærri kaupstaði, einkum Reykjavík, eigi ekki við óbreytt um hin fámennari kauptún, með nokkur hundruð íbúa, og fullnægi ekki þörfum þeirra. Vegna hinnar gerbreyttu afkomu almennings og breytinga á verðgildi peninganna eru einnig sum ákvæði laganna orðin úrelt og þarfnast breytinga, svo sem skilyrðið um vissar hámarkstekjur eða hámarkseign til þess að njóta hlunninda laganna.

Við flutningsmenn teljum brýna þörf á að leita einhverra ráða til þess að bæta úr þessum húsnæðiserfiðleikum ýmissa kauptúna. Þess vegna viljum við með þessari tillögu vekja athygli á málinu og fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, rannsaka, hverjar ástæður muni liggja til þess, að kauptúnin hafa ekki notfært sér aðstoð gildandi laga, og reyna að finna aðrar leiðir, sem betur gætu bætt úr því öngþveiti, sem nú ríkir um húsnæðismálin í mörgum sjávarplássum.“

Ekkert hefur heyrzt frá ríkisstjórninni um það, hvað gert hafi verið í þessu aðkallandi og þýðingarmikla máli. Er þess nú vænzt, að ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir því.

Ed. 410. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta á Látrum í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi

annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Látraþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Látraþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Sléttuhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sléttuhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Sléttuhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Látraþorps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Látrum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Látralendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglu-

gerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sléttuhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 411. Breytingartillögur

við frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá Bernharð Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 2. málslið greinarinnar komi: Veita skal þó móttöku framlögum til æskulýðshallarinnar frá félögum æskumanna í Reykjavík og öðrum, er málið vilja styðja.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „en hæstiréttur oddamann“ komi: en þriðja nefndarmanninn tilnefnir fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, sem óháð eru öllum stjórnmálasamtökum, enda hafi þau lagt fram fé til hallarinnar samkv. 1. gr. Hafi ekkert fé verið lagt fram frá þeim, tilnefnir hæstiréttur oddamann í nefndina.

Sþ. 412. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill afgreiða tillöguna með rökstuddri dagskrá, en við, sem erum í minni hlutanum, leggjum til, að tillagan verði samþykkt með lítilli breytingu.

Við teljum brýna nauðsyn bera til þess, að nú fari fram sú athugun á afkomu sjávarútvegsins, sem tillagan gerir ráð fyrir, og sérstaklega með tilliti til þess fyrirhyggjuleysis, sem ríkt hefur í landinu og hefur nú þegar haft þær afleiðingar, að ekki má tæpara standa um afkomu sjávarútvegsins. Það er almenn skoðun, að ef bændur landsins hefðu ekki nú sýnt þann þegnskap að bjóðast til þess að falla frá þeirri verðhækkun á landbúnaðarvörum, er þeim bar eftir áliti sex manna nefndarinnar, þá hefði útgerðin stöðvazt strax á eftir, vegna aukins kostnaðar vegna hækkaðrar framfærsluvísitölu. Þrátt fyrir þetta er enn haldið áfram tilraunum til þess að hækka kaupgjald í landinu og þar með framleiðslukostnaðinn.

Það er því áríðandi, að nú sé gerð hlutlaus athugun á því, hversu ástatt er um aðalútflutningsatvinnuveg þjóðarinnar. Meiri hl. n. vill vísa till. til reikningaskrifstofu sjávarútvegsns og telur, að frá henni fáist þær upplýsingar, er till. greinir. Minni hl. n. álítur, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins eigi að geta lagt til þýðingarmikil gögn, líkt og búreikningaskrifstofa ríkisins lagði til til afnota fyrir sex manna nefndina á sínum tíma, en telur jafnframt, að þetta verk sé svo vandasamt, að þar þurfi að kveða fleiri til, til þess að niðurstöðurnar verði ekki rengdar.

Þótt nefnd sú, er kosin verður eftir tillögunni, fái að sjálfsögðu mikilsverðar upplýsingar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, þarf hún án efa að viða að sér efni víðar að og kemst því ekki af án þess að hafa fé til umráða. Fyrir því leggur minni hl. til, að till. verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU.

Aftan við tillgr. bætist:
Kostnað af störfum nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

Alþingi, 8. okt. 1944.

Páll Zóphóníasson, frsm. Sigurður Þórðarson.

Ed. 413. Breytingartillaga

við frv. til l. um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkv. lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

Nd. 414. Lög

um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 10. okt.)

Samhljóða þskj. 361.

Nd. 415. Breytingartillaga

við frv. til l. um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 4. gr. Í stað orðanna „6 vikna“ komi: 6 mánaða.

Nd. 416. Frumvarp til laga

um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkið heldur uppi heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntar hjúkrunarkonur, Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans. Að öðru leyti annast stjórn skólans undir yfirstjórn ráðherra fimm manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, yfirhjúkrunarkona Landsspítalans og þrír aðrir, er ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, annan samkvæmt tillögu þeirra sjúkrahúsa, annarra en Landsspítalans, þar sem nemendur skólans eru að jafnaði vistaðir til verklegs náms, og hinn þriðja, er sé sérfróður um skóla- og uppeldismál.

3. gr.

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntuð skólastýra, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hennar skal ákveða í launalögum. Aðalkennarar skólans, auk skólastýru, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

Til aukakennslu ræður skólanefnd kennara eftir þörfum að fenginni heimild ráðherra til að greiða kennslukaupið.

4. gr.

Námstími skólans er þrjú ár, auk 8—12 vikna forskóla, og skal eigi síðar en að honum loknum skorið úr því, hvort nemandi teljist hæfur til að hefja hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 6 mánaða reynslutíma skal skorið úr því af skólanefnd eftir tillögum skólastýru, hvort nemandi er hæfur til að halda námi áfram.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í skólanum, en hið verklega í sambandi við hjúkrunarstörf á Landsspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, þar sem nemendur verða vistaðir til starfa á vegum skólanefndar.

Að öðru leyti fer um inntökuskilyrði, almennar skólareglur, tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir eftir ákvæðum í reglugerð skólans, er skólanefnd semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Skólavistina skal veita nemendum ókeypis að forskólanámi loknu. Forskólanemendur greiði sérstakt skólagjald, er ráðherra ákveður eftir tillögum skólanefndar. Kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið skal ákveðið af skólanefnd, hlutaðeigandi sjúkrahúsum og félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna.

6. gr.

Í reglugerð skólans má setja reglur um allt að eins árs almennt framhaldsnám hjúkrunarkvenna, svo og 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum (geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skólanefndar fyrir slíku almennu framhaldsnámi og sérnámi.

7. gr.

Í reglugerð skólans má ákveða, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, þ. á m. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum ásamt ljósmóðurstörfum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi þau ákvæði laga nr. 13 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er varða sérstaklega hjúkrunarkvennaskóla.

Nd. 417. Frumvarp til laga

um launa- og kaupgjaldsgreiðslur.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Frá byrjun næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara skulu laun eða kaup fyrir hvaða starf sem vera skal eða annað, sem dýrtíðaruppbót hefur verið greidd af, reiknað með aðeins 90% af gildandi framfærsluvísitölu.

2. gr.

Engum er heimilt að hækka grunnkaup, á meðan lög þessi eru í gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er flestum hugsandi mönnum ljóst, að kaupgjaldsboginn er nú þegar spenntur of hátt. Verður því ekki hjá því komizt að gera ráðstafanir atvinnuvegunum til bjargar, áður en það er um seinan.

Lagafrumvarp þetta er mjög í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum um dýrtíðarráðstafanir, sem meiri hluti fjárhagsnefndar neðri deildar Al-

þingis flytur. Þar er lagt til, að bændur falli frá allt að 10% hækkun á afurðaverði. Búnaðarþing samþykkti nýlega tillögur í þá átt. Var það gert í trausti þess, að launastéttirnar kæmu af fúsum vilja á eftir. Enn hefur ekki sézt móta fyrir því, að launastéttirnar vilji taka framréttri hönd bændanna með þeim skilningi. En þar sem tilslökun frá hendi bænda nægir ekki ein út af fyrir sig til þess að vinna bug á dýrtíðinni, verður ekki hjá því komizt að setja lög um það, er að launastéttunum snýr. Á þann hátt leggja bændur og launþegar svipaðan skerf fram til þess að koma fjármálum og atvinnulífi þjóðarinnar á heilbrigðan og öruggan grundvöll. Hlutur bænda verður þó heldur verri en launastéttanna, þar sem þeir afsala sér 9,4% af verði framleiðslunnar, en launþegum er ætlað að hafa grunnkaupið óbreytt, og tilslökun þeirra nær því aðeins til verðlagsvísitölunnar.

Búast má við, að skoðanir manna muni verða nokkuð skiptar um þetta frumvarp, þótt augljóst sé, að brýn nauðsyn sé á því að lækka framleiðslukostnaðinn bæði til sjós og lands.

Evrópustyrjöldin er sennilega brátt á enda. Englendingar fara sjálfir að gera út skip til fiskveiða í stórum stíl. Er því eðlilegt að ganga út frá verðfalli á útflutningsafurðunum og það ef til vill mjög bráðlega. Það liggur því ljóst fyrir, að takist ekki að draga úr tilkostnaði á útflutningsframleiðslunni, þá verða atvinnuvegirnir ekki samkeppnisfærir á erlendum markaði og hætta því starfsemi sinni. Það er skylt að koma í veg fyrir stöðvun á atvinnulífinu. Slíkt leiðir hrun og böl yfir landsmenn alla.

Hver er svo skammsýnn að vilja engu offra um stundarsakir, til þess að þjóðin geti haldið áfram að lifa menningarlífi og verið sjálfstæð þjóð? Hver vill loka augunum fyrir þeirri hættu, sem fram undan er, ef ekkert er að gert, og leiða atvinnuleysi, fátækt og vesaldóm yfir fólk, sem hefur ótal möguleika til að lifa góðu lífi?

Stéttirnar og flokkarnir verða að hætta togstreitunni, þegar velferð alþjóðar er í veði. Allir verða að leggja sinn skerf fram og bjarga þeim verðmætum, sem eru í hættu. Verði frumvarp þetta samþykkt, sýna hinir pólitísku flokkar, að þeir eru á verði um hagsmunamál þjóðarinnar í nútíð og framtíð.

Nd. 418. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar og dráttarbrautar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði 2/5 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 580000.00 — fimm hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn 3/5 hlutum úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 870000.00 — átta hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar og byggingar dráttarbrautar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá aðalbreytingu á núgildandi hafnarlögum Neskaupstaðar, að fjárhæðin, sem gert er ráð fyrir, að varið verði úr ríkissjóði til hafnarframkvæmdanna, er hækkuð um kr. 280000.00 og ábyrgðarheimild ríkisins fyrir mótframlagi kaupstaðarins hækkuð tilsvarandi. Þá er einnig gert ótvírætt, að heimilt sé að verja fé samkvæmt hafnarlögunum til byggingar dráttarbrautar.

Fjárupphæðir hafnarlaganna eru þegar orðnar of lágar vegna þeirra hafnarframkvæmda, sem unnar hafa verið og yfir standa. Auk þess hefur svo bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkt að efna til mjög verulegra umbóta á höfninni með byggingu hafnargarðs á Neseyri. Einnig hefur bæjarstjórn ákveðið að byggja dráttarbraut á vegum hafnarsjóðs.

Framangreindar ástæður gera það nauðsynlegt, að hafnarlögum Neskaupstaðar verði breytt eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Sþ. 419. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar eða annarra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir skattsvik.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar löggjöf í því skyni að koma í veg fyrir skattsvik eða gera aðrar ráðstafanir, er að gagni mega koma í því efni.

Greinargerð.

Það er fullyrt af mörgum, að skattsvik eigi sér stað í stórum stíl hér á landi. Ef það er rétt, ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíkt. Það er almennt talað um háa skatta, sem oft eru mjög tilfinnanlegir hjá þeim, sem samvizkusamlega telja fram. Skattsvik — ef þau eiga sér stað — eru þess eðlis, að vítavert má teljast. Skattsvikarar skjóta sér undan réttmætum skyldum, sem þeim ber að inna af höndum fyrir þjóðfélagið. Þeir stuðla að því, að byrðarnar verði um of þungar á meðborgurunum. Þeir koma í veg fyrir það, að nauðsynlegar framfarir eigi sér stað í þjóðfélaginu með því að halda fyrir ríkissjóði fjármunum, sem nota ber í þarfir alþjóðar. Skattsvik verður því að útiloka í þjóðfélagi, sem ætlar að byggja stjórnarfar sitt á lýðræði og réttlæti. Skattsvikin leiða spillingu yfir þjóðina, viðhalda óréttlæti, óheilindum og þróa hugarfar, sem ekki samrýmist þegnskap né þjóðhollustu.

Sþ. 420. Breytingartillögur

við till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við tillgr. bætist: svo og lán, að upphæð allt að 100 þús. kr., er Grenjaðarstaða- og Múlahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu taka til þess að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni að 12 heimilum í hverfunum.
2. Fyrir „Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp“ í fyrirsögn till. kemur: Keflavíkurhrepp, Njarðvíkurhrepp og Grenjaðarstaða- og Múlahverfi.

Ed. 421. Lög

um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

(Afgreidd frá Ed. 11. okt.)

Samhljóða þskj. 292.

Ed. 422. Frumvarp til laga

um manneldisráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Í manneldisráði eiga sæti landlæknir, sem er forseti ráðsins, og fjórir læknar aðrir, er ráðherra skipar til fimm ára í senn, og skal að minnsta kosti einn þeirra vera sérfróður um heilbrigðis- og manneldismál.

Ef manneldisráð telur þörf á, skipar ráðherra samkvæmt tillögum ráðsins einn eða tvo sérfræðinga til viðbótar í ráðið. Menn þessir skulu skipaðir til ráðuneytis um tiltekin viðfangsefni.

2. gr.

Það er hlutverk manneldisráðs að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er að manneldi lúta, og gera tillögur um framkvæmdir rannsókna á því sviði.

3. gr.

Manneldisráð semur að hverju ári liðnu skýrslu um starfsemi sína, og skal hún birt í heilbrigðisskýrslum landlæknis.

4. gr.

Ákveða má nánara um starfsháttu manneldisráðs í reglugerð, er ráðið semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Kostnaður af starfsemi manneldisráðs og manneldisrannsóknum á vegum þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 5. júní 1939 var stofnað til rannsókna á mataræði landsmanna og til þess skipuð sjö manna nefnd, sem síðan hefur að jafnaði gengið undir heitinu manneldisráð. Í ráðinu átti sæti landlæknir, og var hann forseti ráðsins, kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann, sem jafnframt var framkvæmdastjóri þess, forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, berklayfirlæknir, tryggingayfirlæknir, hagstofustjóri og einn af bankastjórum Landsbankans (Vilhjálmur Þór).

Ráðið skilaði af sér störfum með bréfi til ráðuneytisins dags. 2. desember s. l., en þá lágu fyrir skilríki um niðurstöður rannsóknanna í sérstakri bók eftir framkvæmdastjórann, dr. med. Júlíus Sigurjónsson: Mataræði og heilsufar á Íslandi.

Hefur bók þessi verið send bókasöfnum, blöðum og tímaritum og ýmsum stofnunum, þar á meðal Alþingi og alþingismönnum.

Kostnaður ríkissjóðs af þessum ráðstöfunum, auk útgáfukostnaðar ritsins, nam samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins þessum fjárhæðum:

1939	kr.	11975.00
1940	—	9200.00
1941	—	8500.00
Samtals	kr.	29675.00

Auk þessa lagði Reykjavíkurkaupstaður fram kr. 5000.00 til rannsóknanna. Nefndarstörfin voru unnin kauplaust.

Bréf það, er fylgdi ritinu til ráðuneytisins, var svo hljóðandi:

„Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. júní 1939, var skipuð nefnd — manneldisráð — til þess að sjá um framkvæmd nokkurra rannsókna á mataræði þjóðarinnar samkvæmt áður gerðri áætlun. Hefur ráðið nú, með samþykki ríkisstjórnarinnar, gefið út rit það um árangur og niðurstöður þessara rannsókna, sem hér með fylgir.

Til yfirlits yfir helztu niðurstöður rannsóknanna má vísa til niðurlagsorða ritsins, bls. 105—106. Eins og þar er greint frá, virðist svo, að algengustu ágallar mataræðis hér á landi séu þeir, að minna sé af ýmsum vítamínum í daglegu fæði manna en æskilegt er talið, og á þetta einkum við um C- og að líkindum D-vítamín.

Gefur þetta tilefni til athugunar, hverjar almennar ráðstafanir væri tiltækilegt að hefja til úrbóta, og vill ráðið í því sambandi einkum benda á það, sem hér fer á eftir:

1. Með tilliti til C-vítamíns ber að stefna að stóraukinni framleiðslu grænmetis og ávaxta, þeirra tegunda, er líkur eru til, að ræktaðar verði hér á landi án óhæfilegs tilkostnaðar, enda sé jafnframt aflað vitneskju um það með tilraunum og rannsóknum, í hverjum tegundum sé mest C-vítamín og hverjar geymsluaðferðir henti bezt til varðveizlu þess. Kartöfluneyzla landsmanna þyrfti og að aukast allverulega frá því, sem nú er. Meðan þessu er ekki komið í viðunandi horf — en viðbúið er, að það muni taka alllangan tíma — er sérstök ástæða til að greiða sem mest fyrir innflutningi ferskra ávaxta, einkum þeirra tegunda, sem auðugastar eru af C-vítamíni, svo sem sítrónum, appelsínum og öðrum Citrustegundum, enda sé jafnframt hlutazt til um, að unnt sé að selja ávextina við sem vægustu verði og skömmtun tekin upp, líkt og á sér stað um aðrar erlendar neyzluvörur, til þess að tryggja almenna dreifingu þeirra.

2. Greiðasta leiðin til tryggingar gegn skorti á A- og D-vítamínum er að neyta daglega þorskalifrar eða lýsis, og er þess einkum þörf börnum og barnshafandi konum. Ráðið telur mjög æskilegt, að teknar verði upp reglubundnar lýsisgjafir í öllum barna- og unglingaskólum landsins, jafnt í sveitum sem kaupstöðum. En frá skólum og heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru, mætti og beina áhrifum í þessa átt til heimilanna, t. d. með því að senda þangað áletruð spjöld, þar sem bent væri á nauðsyn þess að byrja nógu snemma að gefa börnum lýsi. Þá mætti og útbúa sams konar spjöld til afhendingar hverri barnshafandi konu.

3. Þótt svo virðist, sem yfirleitt sé nokkru betur séð fyrir B_1-vítamíni í fæðu vorri en hinum vítamínunum, þeim er rannsóknirnar ná til, er hætt við, að víða — og þá einkum í kaupstöðum — geti nokkuð skort á, að svo mikið fáist af því sem æskilegt er talið.

Svo sem kunnugt er, hafa sumar styrjaldarþjóðirnar horfið að því ráði að auka B_1-vítamínmagn fæðunnar með því að blanda hreinu B_1-vítamíni (thíamíni) saman við allt hveiti, sem notað er til brauðgerðar, hafi það áður við mölunina verið svipt mestöllu B-vítamíni. Enn fremur hafa verið teknar upp sérstakar mölunaraðferðir, sem ætlað er að tryggja, að vítamínmagnið skerðist lítið þrátt fyrir mikla mölun, en geymsluþol hveitisins verði meira en venjulegs hveitis.

Vill manneldisráð leggja til, að leitað verði frekari upplýsinga um þá reynslu, er þegar hefur fengizt í þessum efnum, svo og hvort þannig malað hveiti væri fáanlegt og þá með hvaða kjörum. Annars er athugandi, hvort ekki væri hagkvæmast að vinna að því, að allt korn verði flutt inn ómalað, en malað hér á landi með þeim aðferðum og á þann hátt, er bezt þætti henta.

Af öðrum einstökum atriðum viðvíkjandi mataræði almennings má nefna, að í kaupstöðum mun neyzla mjólkur og mjólkurafurða enn víða vera minni en æskilegt er, einkum þar sem börn og unglingar eiga í hlut. Heildarmjólkurframleiðslan mun þó vera nægileg til þess að sjá öllum landsmönnum farborða, og víðast mun mega bæta úr mjólkurskortinum með aukinni ræktun í grennd við kauptún og kaupstaði, enda hafa víða orðið framfarir í þessum efnum á seinni árum.

Neyzla eggja er almennt miklu minni en æskilegt er, og væri vel, ef takast mætti að auka framleiðslu þeirra að mun eða svo, að eggjaneyzla landsmanna gæti orðið sem svarаði einu eggi á mann á dag.

Þá væri og æskilegt, ef takast mætti að auka síldarneyzluna verulega. Ekki skortir þar framleiðsluna, en að vísu mun, þótt ótrúlegt mætti virðast, víða óhægt um vik að afla sér hæfilegs heimilisforða af góðri síld.

Enn má finna það að mataræði almennings, að mjög víða er tilfinnanlegur skortur nýmetis. Mikils hluta kjöts síns neyta landsmenn saltaðs og misjafnlega verkaðs eða eftir að það hefur verið of lengi geymt frosið. Nýr og óskemmdur fiskur er fátíður á borðum sveitafólks, og jafnvel í sumum kaupstöðum er soðningarfiskur yfirleitt stórum verri en skyldi, einkum í Reykjavík. Nýrrar lifrar og hrogna, eins hins hollasta nýmetis vors, eiga flestir landsmenn sjaldnast nokkurn kost á að afla sér. Er mikil þörf á, að um þetta sé bætt.

Að lokum vill manneldisráð, sem hér með telur lokið þeim störfum, sem því hafa verið falin, gera það að tillögu sinni, að skipað verði með sérstakri löggjöf fast ráð kunnáttumanna til þess að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um ýmis mál, er varða manneldi, svo sem víðast tíðkast erlendis. Mundi það m. a. vera með í ráðum um tilhögun mataræðis í sjúkrahúsum og öðrum opinberum stofnunum, og gera tillögur um frekari rannsóknir varðandi manneldi almennt. Vill ráðið leggja áherzlu á, að slíkum rannsóknum sé haldið áfram, því að svo má líta á, að með þeim rannsóknum, sem þegar hafa verið gerðar, sé aðeins stigið fyrsta skrefið til öflunar nauðsynlegrar þekkingar á mataræði þjóðarinnar, kostum þess og göllum, en hér má heita, að um ótæmandi rannsóknarefni sé að ræða."

Bréfi þessu svarаði ráðuneytið síðan hinn 3. janúar 1944 á þessa leið:

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf manneldisráðs, dags. 2. des. s. l., þar sem skýrt er frá niðurstöðum rannsókna þess á mataræði þjóðarinnar. Fellst ráðuneytið á, að heppilegt sé, að skipað verði með sérstakri löggjöf fast ráð kunnáttumanna til þess að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um ýmis mál, er varða manneldi. Ráðuneytið vill hér með óska þess, að þér, herra landlæknir, semjið frumvarp til laga um þetta efni, í samráði við læknadeild háskólans."

Eru hér greind tildrög þess, að frumvarp þetta hefur verið samið og borið fram. Um gildi manneldisrannsókna og nauðsyn þess, að slíkum rannsóknum sé haldið uppi hér á landi eins og í öðrum menningarlöndum, virðist ekki þörf að ræða. Hins vegar þykir sýnt, að nefndarstörf manneldisráðs komi að litlu haldi, ef ekki verður á að skipa sérstökum kunnáttumanni, er hafi með höndum verklegar framkvæmdir ráðsins, skipuleggi rannsóknir, leysi þær að sumu leyti sjálfur af hendi og vinni jafnóðum úr þeim gögnum, er saman verða dregin. Til þessarar starfsemi er bezt fallinn heilbrigðisfræðingur, og færi vel á, auk þess sem hagkvæmt væri kostnaðar vegna, að sameina þessi störf heilbrigðisfræðikennslunni við háskólann, sem nú er rækt af aukakennara, og undir hælinn lagt, að slík skipun tryggi til frambúðar, að fyrir þeirri þýðingarmiklu fræðslu verði jafnan séð sem skyldi. Fyrir því er jafnframt þessu frumvarpi flutt annað frumvarp um að stofna prófessorsembætti í heilbrigðisfræði í læknadeild háskólans, þar sem tilskilið er, að prófessor þessi starfi jafnframt

að manneldisrannsóknum í samráði við manneldisráð. Það tryggir góð starfsskilyrði hins fyrirhugaða prófessors að því er snertir almennar heilbrigðisfræðilegar rannsóknir, sem hingað til hefur skort á, að unnt væri að leysa af hendi hér á landi, svo og hinar ráðgerðu manneldisrannsóknir sérstaklega, að læknadeildinni hefur nýlega áskotnazt gjöf úr sjóði Rockefellers m. a. til kaupa á nauðsynlegustu tækjum í rannsóknarstofu til heilbrigðisfræðilegra rannsókna. Hefur meiri hluta þessara tækja þegar verið aflað.

Ed. 423. Frumvarp til laga

um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Stofna skal prófessorsembætti í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Auk kennslu í heilbrigðisfræði í læknadeild háskólans skal prófessorinn í heilbrigðisfræði annast heilbrigðisfræðilegar rannsóknir fyrir ríkisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð.

3. gr.

Um prófessorinn í heilbrigðisfræði gilda að öllu sömu reglur sem um prófessorana, sem fyrir eru við háskólann.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um greinargerð fyrir frumvarpi þessu vísast til athugasemda við frumvarp til laga um manneldisráð, sem flutt er jafnframt.

Nd. 424. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Ef bankinn á einhverjum tíma á að dómi ráðherra nægilegar innistæður í erlendum gjaldeyri, getur ráðherra leyst bankann undan skyldunni til að leggja til hliðar erlendan gjaldeyri um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þegar lög nr. 50 1941 voru sett, mun hafa verið gert ráð fyrir því, að Landsbankinn yrði að binda í gjaldeyrisvarasjóði fé, sem hann annars gæti ávaxtað að fullu. Þá mun menn ekki hafa grunað, að hérlendis bankar eignuðust svo miklar innistæður í erlendum gjaldeyri sem raun varð á.

Á meðan bankinn á andvirði hundruð milljóna króna í erlendum gjaldeyri, er að sjálfsögðu ástæðulaust að skylda hann til að leggja til hliðar andvirði 12 millj. Því er í frumvarpinu lagt til, að ráðherra verði heimilað að undanþiggja bankann skyldu þessari um óákveðinn tíma. Þegar er hætta er orðin á því, að birgðir bankans í erlendum gjaldeyri fari að ganga til þurrðar, getur ráðherra þá að nýju skuldbundið bankann með því að taka aftur undanþágu sína. Enn má geta þess, að líklegt er, að Ísland verði aðili að alþjóðlegum gjaldeyrissjóði (International Monetary Fund), og mundi sá sjóður taka við hlutverki því, sem gjaldeyrisvarasjóði er nú ætlað.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1945, sem lagt var fyrir Alþingi, er nú situr, var ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiddi Landsbankanum vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs samkvæmt 5. gr. laga nr. 50 1941, með því að þá var ráðið að leggja þetta frumvarp fram og nota heimild þess, ef það yrði samþykkt.

Sþ. 425. Nefndarálit

um till. til þál. um ábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu þessa til meðferðar á nokkrum fundum og enn fremur leitað álits forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins um tillöguna.

Hinn 12. nóvember 1943 var samþ. á Alþingi þingsályktunartillaga, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að verja úr ríkissjóði allt að einni milljón króna til kaupa á efni í langlínu til Keflavíkur ásamt aðalspennistöðvum og háspennuveitu um kauptúnið. Ríkisstjórnin hefur notað heimildina og keypt efni það, er um ræðir í tillögu þessari.

Í framhaldi af þessu hefur ríkisstjórnin, er hún hafði fengið til þess samþykki miðstjórna stjórnmálaflokkanna, ákveðið að láta gera háspennuveituna og verja til þess fé úr ríkissjóði. Hins vegar er svo um samið, að íbúar Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa leggi á sinn kostnað innanhreppskerfi rafveitunnar, og er kostnaður við þær framkvæmdir í báðum hreppunum áætlaður 1500000 krónur.

Eftir upplýsingum, sem fjárveitinganefnd hafa borizt frá forstöðumanni rafmagnseftirlits ríkisins, er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við lagningu háspennulínunnar og aðalspennistöðvar, sem ríkissjóður samkvæmt framansögðu stendur straum af, muni nema um tveim millj. króna.

Í þessu sambandi þykir fjárveitinganefnd ástæða til þess að vekja athygli á því, að hin formlega heimild Alþingis til handa ríkisstjórninni til aðgerða í þessu máli er bundin við það eitt að verja allt að einni millj. króna til efniskaupa í veituna. Ríkisstjórnin hlýtur því, áður en langt um líður, að afla sér formlegrar heimildar til þess að verja úr ríkissjóði því fé, sem vantar til að ljúka verkinu. Auk þess *lítur fjárveitinganefnd* svo á, að eðlilegra sé, ef hér er ekki aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, að þessari framkvæmd sé skipað með lögum.

Hvað viðkemur efni þessarar tillögu, að ríkisstjórninni sé heimilað að ábyrgjast allt að 1500000 króna lán, er Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppar ætla að taka

til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, þá leggur fjárveitinganefnd það til, að heimild þessi verði veitt.

Um allflestar stærri rafmagnsframkvæmdir er því þannig varið, að grípa hefur þurft til ríkisábyrgðar, og hefur þá verið sá háttur hafður á, að ábyrgðin hefur einnig verið látin ná til kostnaðar við innanhrepps- eða innanbæjarkerfin. Er ábyrgð þessi því, hvað þetta snertir, í samræmi við það, sem áður hefur gerzt í þessum málum.

Alþingi, 11. október 1944.

Pétur Ottesen, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Þorst. Þorsteinsson. Sig. Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.
Þóroddur Guðmundsson. Finnur Jónsson. Jónas Jónsson.

Ed. 426. Frumvarp til laga

um byggingu raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur á árinu 1944 og annast rekstur hennar fyrst um sinn.

Rekstur raforkuveitu þessarar getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 1800000 kr. lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þingsályktun frá 12. nóvember 1943 var ríkisstjórninni falið að festa kaup á efni til lagningar rafveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa.

Alþingi hafði samþykkt, að efnið skyldi greitt úr ríkissjóði í bili, en tók enga ákvörðun um framkvæmd verksins að öðru leyti.

Um þetta atriði leitaði ríkisstjórnin álits rafmagnseftirlits ríkisins. Það var þess hvetjandi, að undirbúningi að framkvæmd verksins yrði hraðað sem mest, þannig að mannvirkjunum yrði komið upp, þegar er efnið væri komið til landsins. Hin amerísku firmu töldu sig geta afgreitt það nægilega snemma, til þess að framkvæmdum öllum mætti ljúka haustið 1944 eða fyrri hluta þessa vetrar. Rafmagnseftirlitið taldi einnig, að um annað hvort af tvennu væri að ræða, að ríkið kæmi upp veitunni og ræki hana, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, eða samið yrði við Rafmagnsveitu Reykjavíkur um að gera veituna og reka hana með svipuðum skilmálum og hún rekur nú orkuveituna frá Elliðaánum til Hafnarfjarðar. En svo sem kunnugt er, er nú starfandi milliþinganefnd í raforkumálum, og er bráðlega vænzt tillagna frá henni um heildarskipulag á rafveitum um allt land. Ríkisstjórnin leitaði nú einnig álits þeirrar nefndar, og mælti nefndin eindregið með því, að ríkið kæmi upp veitunni og ræki hana.

Þá skrifaði ríkisstjórnin stjórnum þingflokkanna fjögurra og leitaði álits þeirra um það, hvort ríkið skyldi koma upp veitunni og hvaðan fé skyldi tekið til að kosta þá framkvæmd. Svör flokkanna voru á þá leið, að þeir voru allir samþykkir því, að ríkið legði raflínuna. Hins vegar voru þeir ekki sammála um, á hvern hátt fjár skyldi afla til framkvæmdanna. Tveir þeirra, Sjálfstæðisflokkurinn og Sósialistaflokkurinn, vildu, að fé yrði tekið úr raforkusjóði, en Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn vildu, að fé yrði tekið að láni.

Allir aðilar, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa verið sammála um þá tilhögun, að innanbæjar- eða innanhreppsveitur í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum skuli vera eign sveitarfélaganna eða sérstakra rafveitufyrirtækja, sem sjái um dreifingu orkunnar innan hreppanna, en ríkið annist aðeins og reki aðalorkuveituna frá Hafnarfirði til Keflavíkur, að meðtalinni aðalspennistöðinni við Keflavík, en frá henni verði orkan afhent innanhreppsveitunum.

Síðasta áætlun rafmagnseftirlits ríkisins um kostnað þessara veitufram-kvæmda er þannig:

1.	Línan frá Hafnarfirði til Keflavíkur ásamt endaspennistöð ..	kr. 1800000.00
2.	Háspennuhluti innanhreppsveitnanna í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum	— 1200000.00
3.	Gizkað á, að endurbætur á lágspennuveitum innan sveitar kosti um	— 300000.00
	Samtals	kr. 3300000.00

Tillaga til þingsályktunar hefur verið lögð fram um ríkisábyrgð á rafveituláninu handa Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi, að upphæð allt að 1500000 krónum. Verði sú ábyrgð veitt, munu hrepparnir væntanlega að öðru leyti sjá um útvegun fjár til innansveitarveitnanna.

Með þessu lagafrumvarpi er leitað staðfestingar Alþingis á samþykki flokkanna til þess, að ríkisstjórnin komi upp aðalorkuveitunni og taki til þess lán að upphæð allt að 1800000 krónum og að ríkið reki síðan veituna til bráðabirgða, þar til er heildarskipulag verður gert um rafveitur landsins eða þar til að öðruvísi kann að verða ákveðið.

Þegar er samþykki þingflokkanna var fengið, svo sem að framan greinir, gerði ríkisstjórnin ráðstafanir til þess, að vinna við framkvæmd verksins yrði hafin, og er verkið unnið undir umsjón rafmagnseftirlits ríkisins. Töluverður hluti af efni til veitunnar er þegar kominn til landsins, en von á því, sem eftir er, hingað innan skamms. Tilætlunin er að ljúka verkinu svo fljótt sem verða má, og er þess vænzt, að veituna verði hægt að taka í notkun á þessum vetri.

Nd. 427. Frumvarp til laga

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkv. lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

2. gr.

Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi

vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

3. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 428. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á grundvelli verðlagsvísitölunnar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort innlendar neyzluvörur ganga ekki að of miklu leyti inn í verðlagsvísitöluna, miðað við aðrar nauðsynjavörur, með þeim aðferðum, sem nú eru notaðar við útreikning verðlagsvísitölunnar.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að landbúnaðarvörurnar hafa meira áhrif á verðlagsvísitöluna en aðrar neyzluvörur. Útlendu vörurnar, svo sem kornvörur, sem þjóðin notar daglega, hafa miklu minni áhrif á vísitöluútreikningana en innlendar neyzluvörur. Þá má einnig minna á fatnað og ýmsar fleiri vörur, sem nauðsynlegar mega teljast, en virðast hafa tiltölulega lítil áhrif á vísitöluna, eins og hún er nú reiknuð út.

Það er nauðsynlegt að endurskoða þann grundvöll, sem nú er byggt á í þessum efnum. Það má benda á, að það virðist vera algerlega rangt að láta vörurnar ganga með jafnmiklu magni inn í verðlagsvísitöluna þá mánuði ársins, sem þær eru helzt ófáanlegar. Má t. d. nefna egg og smjör, sem á ýmsum tímum ársins er, eins og nú er ástatt, lítt fáanlegt.

Þetta er nauðsynlegt að endurskoða rækilega, til þess að tryggt megi vera, að verðlagsvísitalan sé á hverjum tíma rétt. Það má ekki koma fyrir, að dýrtíðin hækki um mörg stig, vegna þess að grundvöllurinn, sem útreikningarnir eru byggðir á, er ekki með öllu réttur.

Nd. 429. Lög

um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

(Afgreidd frá Nd. 13. okt.)

Samhljóða þskj. 410.

Ed. 430. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Selárdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 25 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarbótasjóði Selárdals að jafnri tiltölu og lendingarbótasjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Ketildalahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarbótasjóði Ketildalahrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarbótasjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju dalsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Ketildalahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 krónum.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Ketildalahrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hrepppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Ketildalahreppps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarbótasjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Ketildalahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarbótasjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarbótasjóð Ketildalahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Selárdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarbótasjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarbótasjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Ketildalahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarbótasjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarbótasjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk lendingarbótafélagsins „Brimbrjóts“ í Selárdal og hreppsnefndar Ketildalahrepps.

Lendingarbótafélagið var stofnað nokkru fyrir núverandi öfrið af íbúum í Selárdal til þess að hafa forgöngu um lendingarbætur þar. Hafa þegar fyrir atbeina þess verið athuguð skilyrði til lendingarbóta og teikningar gerðar af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Þá hefur félagið einnig safnað nokkru fé í sjóð, sem allt hefur komið inn fyrir frjáls framlög, skemmtanir eða happdrætti, sem félagið hefur gengizt fyrir.

Í Selárdal er ágætt útræði og mjög stutt á fiskimið. En lending er þar slæm, nema eitthvað sé að gert. Stórt lón er fyrir framan lendinguna, en fyrir hafátt

grandi og sker, sem þó fellur yfir um flóð. Er ætlunin að hlaða grandann upp fyrir flóðhæð og mynda þannig öruggt bátalægi á lóninu, jafnt vetur sem sumar. Mundi þetta bæta stórlega möguleika til sjósóknar á þessum aflasæla stað.

Sþ. 431. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni til að fullgera Reykjanesrafveituna svo og aðalspennistöðvar þessarar rafveitu og í háspennuveitur um þorpin á Suðurnesjum.

Greinargerð.

Svo sem fram hefur komið hér á Alþingi áður, hefur það verið eitt mesta áhugamál Suðurnesjabúa nú um skeið að verða aðnjótandi rafmagns frá Sogsvirkjuninni til heimilisþarfa og iðnaðar. Árið 1942 var talið, að fengið væri fyrirheit í Bandaríkjunum fyrir efni í rafveitu um Reykjanes, og ef allt hefði gengið svo sem áformað var, hefði Reykjanesrafveitan átt að vera fullgerð nú. Þegar til kom, fékkst ekki leyfi í Bandaríkjunum fyrir efni í þessa rafveitu að undanteknu því, sem talið var fullnægjandi til að koma Keflavík og Njarðvíkum í samband við Sogsveituna. Aðrir staðir á Suðurnesjum, svo sem Grindavík, Garður, Miðnes, Hafnir og Vatnsleysuströnd, voru settir til hliðar og talið óframkvæmanlegt að útvega leyfi fyrir efni í rafveituna, að því er til þeirra tók. Þetta þótti þeim, sem þannig urðu útundan, ekki góð málalok, og hefur því verið unnið að því að útvega leyfi í Bandaríkjunum fyrir efni einnig í þann hluta Reykjanesrafveitunnar, sem eftir varð haustið 1943, er lausnin fékkst á máli Keflvíkinga, og er nú svo komið, að því er sendiráðið í Washington símar utanríkisráðuneytinu hér, að ástæða er til að ætla, að framhaldsleyfi muni nú fást til Reykjanesrafveitunnar, ef um það verður sótt.

Þegar leyfið var veitt í Bandaríkjunum fyrir efninu í Keflavíkurrafveituna, heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efninu. Leitaði ég þá eftir því, að þessi heimild yrði einnig látin taka til efnis í aðra hluta Reykjanesrafveitunnar, en því var synjað. Þess í stað veitti þingið ríkisstjórninni almenna, tímabundna heimild til kaupa á rafveituefni, og er sú heimild nú niður fallin. Nú, þegar líkur eru fyrir því, að efnið í framhald Keflavíkurveitunnar sé fáanlegt, er því engin heimild til fyrir ríkisstjórnina til kaupa á þessu efni, og er því tillaga þessi borin fram.

Sþ. 432. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp, Njarðvíkurhrepp og Grenjaðarstaða- og Múlahverfi.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 1200 þús. kr., sem Keflavíkurhreppur tekur til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, og lán, að upphæð allt að 300 þús. kr., er Njarðvíkur-

hreppur tekur í sama skyni, svo og lán, að upphæð allt að 100 þús. kr., er Grenjaðarstaða- og Múlahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu taka til þess að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni að 12 heimilum í hverfunum.

Nd. 433. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1200000.00 — tólf hundruð þúsundum króna — gegn því, að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi ⅗ kostnaðar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1800000.00 — átján hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðarinnar. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 41 27. júní 1941 úr gildi felld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt mál, að Skagastrandarkauptún er einhver allra álitlegasti staður á landinu til aukinnar framleiðslu og atvinnu. Byggist það á sérstaklega æskilegum skilyrðum til fiskveiða og síldveiða samfara ágætri aðstöðu til ræktunar og aukinnar landbúnaðarframleiðslu út frá kauptúninu. Síldin er á hverju sumri sótt næstum að hafnarstaðnum á Skagaströnd og flutt til Siglufjarðar og það í stórum stíl, og bezta síldin er venjulega Húnaflóasíldin. Samgönguskilyrðin við Skagaströnd eru betri en við nokkurn annan síldveiðistað á Norður- og Vesturlandi. Frá Reykjavík er þangað rúmlega hálfs dags akstur að sumri til, og tiltölulega lítið vantar til, að þangað sé hægt að komast á svipuðum tíma allan ársins hring, þegar fært er til Norðurlands. Það, sem veldur því, að þarna er ekki komin síldveiðistöð og stórt kauptún, er það, hve Alþingi hefur verið smátækt á fjárveitingar til hafnargerðarinnar. Kostnaður við að fullgera hana var í upphafi áætlaður 800 þús. krónur. Fyrir þá upphæð hefði mátt ljúka verkinu, ef að því hefði verið gengið eins og ég lagði til 1934 og þá tekið lán til framkvæmdanna. Nú mundi samkvæmt meðfylgjandi áætlun vitamálastjórnarinnar kosta 3 millj. króna að fullgera þetta verk. Þar af er búið að vinna fyrir rúmlega 690 þús. kr. á síðustu 10 árum. Það, sem eftir er að framkvæma, er þetta:

1. Sextíu metra lenging á hafnargarðinum, og er það verk áætlað 990 þús. kr.
2. Bátakví og bryggjur, áætlað 1105 þús. kr.
3. Garður út í Árbakkasteina, áætlaður 257 þús. kr.

Samkvæmt þessum áætlunum fer ég fram á það í þessu frumvarpi að breyta hafnarlögunum í það horf að hækka fjárveitingarheimildina úr 400 þús. í 1200 þús. kr. og ábyrgðarheimildina úr 600 þús. í 1800 þús. kr. Þau mannvirki, sem hér er um að ræða, er áríðandi að framkvæma hið fyrsta, en mest aðkallandi er að ljúka við hafnargarðinn sjálfan. Þegar hann er kominn, geta öll þau skip lagzt að, sem nú eru í notkun innan lands við veiðar og flutninga.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 12. október 1944.

Hafnargerð á Skagaströnd. Kostnaðaráætlun.

I. Lenging hafnargarðs:		
Lenging aðalhafnargarðs um 60 m, miðað við sömu gerð og áður (steinsteypuker). Garðbreidd 7,5 m	kr.	990000.00
II. Bátakví og bryggjur:		
1. Framlenging skipabryggju um 30 m	kr.	185000.00
2. Vesturgarður við bátakví (125 m)	—	59000.00
3. Að fullgera austurgarð:		
a. 80—90 m viðbót fram að beygju	—	148000.00
b. 50 m grjótfyllt staurabryggja í enda garðs	—	300000.00
4. Aðrir garðar	—	83000.00
	kr.	775000.00
Dýpkun og fylling ca. 33000 m³ á kr. 10.00	—	330000.00
Bátahöfn samtals	kr.	1105000.00
III. Garður frá landi í Árbakkasteina, lengd ca. 250 m	kr.	257000.00

Samandregin kostnaðaráætlun.

I. Framlenging hafnargarðs	kr.	990000.00
II. Að fullgera bátahöfn	—	1105000.00
III. Garður í Árbakkasteina	—	257000.00
	Kr.	2352000.00

Nd. 434. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 328 (Sala á jörðum).

Frá landbúnaðarnefnd.

Í stað orðanna „tölul. 1 og 2“ komi: tölul. 1, 2 og 3.

Nd. 435. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir orðunum „Skáldalækjareyju í Svarfaðardal“ komi: Eyjan selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Skáldalæk.

Sþ. 436. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp, Njarðvíkurhrepp og Grenjaðarstaða- og Múlahverfi.

(Afgreidd frá Sþ. 17. okt.)

Samhljóða þskj. 432.

Nd. 437. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Evald Mads Karl, lögregluþjónn í Neskaupstað, fæddur 21. maí 1905, í Danmörku.
2. Jensen-Brand, Svava Andrea, ungfrú, Reykjavík, fædd 7. marz 1920, í Kanada.
3. Pedersen, Johan, matsveinn, Siglufirði, fæddur 11. júní 1906, í Noregi.
4. Kristensen, Aksel, lyfjafræðingur, Reykjavík, fæddur 24. febr. 1893, í Danmörku.
5. Sen, Jón, nemi, Reykjavík, fæddur 9. febr. 1924, í Kína.
6. Torgilstveit, Martin Hansen, járnsmiður, Reykjavík, fæddur 19. febr. 1905, í Noregi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun dómsmálaráðuneytisins.

Torgilstveit, Martin Hansen, dvaldist með konu sinni og barni hjá ættingjum sínum í Noregi frá hausti 1937 til hausts 1938.

Enginn umsækjenda hefur aflað sér hegningarvottorðs frá útlöndum, en að öðru leyti fullnægja umsækjendur þeim skilyrðum, sem lög og venjur krefjast.

Ed. 438. Breytingartillaga

við frv. til laga um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðanna „en hæstiréttur oddamann“ komi: en þriðja nefndarmanninn tilnefnir fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, er skipað sé einum fulltrúa frá hverju félagi, er lagt hefur fram fé til hallarinnar samkvæmt 1. gr.

Nd. 439. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 17. okt. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 440. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist, sem hér segir:

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: Sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. i-lið þessarar greinar.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða a: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða a: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða a: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða a: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.

14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist, sem hér segir:

Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.

Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.

15. gr. laganna verði 11. gr.

16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist, sem hér segir:

Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.

20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist, sem hér segir:

Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.

21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.

50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist, sem hér segir:

Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:

4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.

Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“ komi:

Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.

Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.

Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.

Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.

59. gr. laganna falli burt.

60.—63. gr. laganna verði 55.—58. gr.

10. gr.

Á eftir 58. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

a. Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

b. Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. laganna, og þá undirbúningsfræðslu, sem þarf til þess að setjast í fiskimannadeild Stýrimannaskólans í Reykjavík, getur atvinnumálaráðuneytið á þessu tímabili falið skólastjóra Stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeið á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð fyrir Stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til undirbúningsprófs fyrir fiskimannadeildina skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

Nd. 441. Lög

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

(Afgreidd frá Nd. 17. okt.)

Samhljóða þskj. 427.

Nd. 442. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. október 1944.

Barði Guðmundsson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.
Sigurður Bjarnason. Sigfús Sigurhjartarson.

Nd. 443. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (StJSt) var ekki á fundi og tók því ekki afstöðu til málsins.

Alþingi, 16. okt. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson. Gunnar Thoroddsen.
Þóroddur Guðmundsson.

Ed. 444. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Guðjóni bónda Baldvinssyni á Skáldalæk hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal. Eyjan selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Skáldalæk.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Skarðshreppi í Dalasýslu eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 445. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

1. Kirkjujörðina Laxárdal í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu ábúandanum, Jóel Gíslasyni.
2. Kirkjujörðina Ymjaberg (Emmuberg) í sama hreppi ábúandanum, Jónasi Guðjónssyni.
3. Kirkjujörðina Prestsbakkakot á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum, Jóni Steingrímssyni.
4. Eyðijörðina Gröf í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu Gísla Þórðarsyni oddvita á Ölkeldu.

Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1, 2 og 3, skulu seldar með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali samkv. l. nr. 116 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Eyðijörðin Gröf í Staðarsveit selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 446. Frumvarp til laga

um gjaldeyri til kaupa á framleiðslutækjum.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Af þeim erlenda gjaldeyri, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f áttu 1. okt. 1944, skulu 85% — áttatíu og fimm af hundraði — færast á sérstaka reikninga í bókum þeirra. Af þeim innstæðum má aðeins selja gjaldeyri gegn sérstökum leyfum viðskiptaráðs til kaupa á framleiðslutækjum og efni til þeirra, svo sem skipum og efni til skipasmíða, vélum til skipa, landbúnaðarvélum, efni til rafveitna og vélum og efni til verksmiðja, einkum þeirra, er vinna vörur úr innlendum hráefnum.

2. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frv. er lagt til, að mestur hluti þess erlenda gjaldeyris, sem íslenzku bankarnir eiga nú, skuli færður á sérstaka reikninga hjá bönkunum og að sá gjaldeyrir skuli eingöngu seldur þeim, er vilja kaupa fyrir hann framleiðslutæki eða efni til þeirra, svo sem nánar er fram tekið í 1. gr. frumvarpsins. Er með þessu stefnt að því að tryggja, svo sem tök eru á, að inneignir landsmanna hjá öðrum þjóðum verði notaðar til eflingar atvinnuvegum þjóðarinnar, en eyðist ekki til kaupa á venjulegum neyzluvörum.

Enn liggja ekki fyrir skýrslur um inneignir bankanna í útlöndum 1. þ. m., en gera má ráð fyrir, að þær séu nálægt 540 milljónum króna. Samkvæmt því ætti sú upphæð, sem lögð yrði til hliðar á þann hátt, er frumvarpið gerir ráð fyrir, að jafngilda um það bil 460 millj. kr.

Þannig þarf að búa að sjávarútveginum, að á næstu árum verði mikil eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri til aukningar og endurnýjunar skipastól landsmanna og til kaupa á vélum og öðru, er með þarf til aukinnar hagnýtingar sjávarafurða, og verður því meiri hluti þessarar fjárhæðar væntanlega notaður í þarfir sjávarútvegsins. Þess má geta, að nýlega hefur Alþingi borizt áskorun frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands um að lögfesta, að eigi minna en 300 millj. króna af gjaldeyriseign bankanna skuli varið í þarfir sjávarútvegsins, og ætti það að vera tryggt, ef frv. þetta verður samþykkt, að þeir, er vilja leggja fé til aukningar skipaflotanum og á annan hátt til eflingar sjávarútveginum á næstu árum, geti fengið keyptan erlendan gjaldeyri, sem nemur a. m. k. þeirri fjárhæð, sem nefnd er í erindi Farmanna- og fiskimannasambandsins.

Þá þarf að líta á þarfir landbúnaðarins að þessu leyti og tryggja, að nægur gjaldeyrir verði til kaupa á stórvirkum vélum til jarðræktar og öðrum landbúnaðarvélum, sem nauðsynlegt er að kaupa, til þess að unnt verði á næstu árum að koma ræktun og heyöflun í það horf, að allur heyfengur landsmanna verði tekinn á ræktuðu, vélfæru landi. En til þess að fullnægja þeirri þörf landbúnaðarins ætti ekki að þurfa nema tiltölulega lítinn hluta þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri, sem hér er lagt til, að verði lagður til hliðar á sérstökum reikningum.

Enn má minna á það, að á næstu árum þarf að verja miklu af erlendum gjaldeyri til kaupa á efni í rafveitur, til þess að unnt verði að koma rafmagninu í allar byggðir landsins. Er til þess ætlazt, að gjaldeyrir til kaupa á rafveituefni verði tekinn af því fé, sem á að leggja til hliðar samkv. frumvarpi þessu.

Þótt flm. frv. telji rétt að gera þær ráðstafanir, sem frumvarpið fjallar um, er það skoðun þeirra, að því aðeins að framleiðslustarfsemi þjóðarinnar beri sig, sé hægt að tryggja örugglega, að gjaldeyrisinnstæður landsmanna verði ekki að eyðslueyri. Ef framleiðslan verður til lengdar rekin með tapi og þjóðin lifir um efni fram, hlýtur svo að fara, að gjaldeyrisinnstæðurnar eyðist og komi landsmönnum ekki að því gagni, sem vera ætti. Það eitt er því ekki nóg að gera ráðstafanir til, að inneignir landsmanna erlendis verði aðallega notaðar til kaupa á atvinnutækjum, heldur þarf jafnframt að koma í veg fyrir taprekstur aðalatvinnuveganna og að þjóðin noti meira fé til venjulegrar eyðslu en hún aflar á hverjum tíma. Er því nauðsynlegt, að þannig sé haldið á atvinnumálum þjóðarinnar og viðskiptamálunum, að inneignirnar erlendis verði ekki upp étnar á skömmum tíma vegna taprekstrar atvinnuveganna og greiðsluhalla í viðskiptunum við önnur lönd.

Í 1. gr. frv. er ákveðið, að þann gjaldeyri, sem lagður er til hliðar samkvæmt fyrirmælum þeirrar greinar, megi aðeins selja til að kaupa fyrir hann framleiðslutæki og efni til þeirra, gegn sérstökum leyfum viðskiptaráðs. Fyrir sjávarútveginn er þar fyrst og fremst um að ræða skip og efni til skipasmíða ásamt vélum til skipa, sem smíðuð eru hér á landi. Vegna landbúnaðarins koma hér til greina m. a. vélar til jarðræktar og enn fremur heyvinnuvélar og aðrar vélar, sem nauðsynlegar eru við búreksturinn. Þá er ákveðið, að innflutt efni til rafveitna megi borga af

þessum gjaldeyri, og enn fremur vélar og efni til verksmiðja, einkum þeirra, sem vinna vörur úr innlendum hráefnum. Af slíkum fyrirtækjum má nefna áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og verksmiðjur, sem vinna úr afurðum frá sjávarútvegi og landbúnaði, svo sem síldarbræðslustöðvar, lýsisherzluverksmiðju, niðursuðuverksmiðjur og frystihús.

Samkv. 2. gr. frv. er til þess ætlazt, að í reglugerð verði sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

Nd. 447. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta miðar að því að veita skattþegnum landsins almenna heimild til að gefa fé til líknarstarfsemi og menningarmála, allt að 10% af tekjum sínum, og draga frá tekjunum, áður en skattur er á þær lagður. Þessi heimild er þó takmörkuð við 10 þús. kr. sem hámark hjá einstökum skattgreiðendum.

Fjárhagsnefnd hefur rætt þetta mál og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Áki Jakobsson.

Jakob Möller. Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 448. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin gaf út 26. apríl s. l., og varðar eingöngu breytingu á frestum þeim, sem um ræðir í tekju- og eignarskattslögunum.

Fjárhagsnefnd mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Áki Jakobsson.

Jakob Möller. Skúli Guðmundsson.

Nd. 449. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkvæmt 2. efnismálsgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1944.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á Alþingi 1943, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Útgerðarmönnum eru í skattalögum ætluð þau hlunnindi, að skattfrjáls skuli einn þriðji tekna þeirra, ef þeir leggja þann hluta í nýbyggingarsjóð, sem verja ber til báta- og skipakaupa eða annarra útgerðarframkvæmda. Vafalaust mun hafa verið gengið út frá því, að útvegsmenn mundu einnig njóta þessara hlunninda við álagningu útsvara. Misbrestur mun þó hafa orðið á slíku, og er því í þessu frumvarpi lagt til, að með lögum sé tryggt, að svo verði alls staðar framvegis. Samkvæmt frumvarpi þessu er skylt að draga nýbyggingarsjóðstillagið frá tekjum útvegsmanna, áður en útsvar er lagt á tekjurnar."

Sþ. 450. Nefndarálit

um till. til þál. um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og borið hana undir vegamálastjóra. Hann hefur sent nefndinni álit sitt um tillöguna, og fylgir það hér með sem fylgiskjal. Af því er ljóst, að vegamálastjóri hefur þegar gert ráðstafanir til að framkvæma efni tillögunnar, og fyrir því leggur nefndin til, að háttvirt Alþingi samþykki svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Þar sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að framkvæma efni tillögunnar og í trausti þess, að þeirri rannsókn verði hraðað og ríkisstjórnin láti þegar styrkja brúna, ef rannsóknin leiðir í ljós, að burðarmagn brúarinnar þoli ekki umferð þungra hlassa eða bílfarma, er vega allt að 9½ tonni, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Sigurður Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.	Jón Sigurðsson.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 13. október 1944.

Út af framkominni þingsályktunartillögu á þskj. 386 um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna vil ég taka fram eftirfarandi.

Þótt sumir burðarliðir brúarinnar séu nú styrkari en áður, þótti ekki öruggt að leyfa umferð þyngri bifreiða en 6 smálesta. Er það gert á grundvelli þeirra athugana, sem gerðar hafa verið um styrkleik brúarinnar í því ástandi, sem hún er nú, og þó jafnframt tekið nokkurt tillit til, hve brúin er gömul, og geta því verið í henni leyndar veilur, sem rýra burðarþol hennar.

Enn er ekki að öllu leyti lokið ákveðinni aðgerð á brúnni, og veldur því smíðaverkfallið.

Okkur verkfræðingunum er það ljóst, að það er mjög bagalegt að takmarka þannig hlassþunga bifreiða. Að vísu eru mjög fáar bifreiðar, sem samkvæmt skrásetningarvottorði mega vega meira. Hins vegar er það vitanlegt og hefur verið óátalið, að menn ofhlaði bifreiðar sínar, þótt það vitanlega valdi mjög auknu sliti á hjólbörðum.

Þar sem vitanlega er nauðsynlegt að auka öryggi brúarinnar eftir því, sem frekast er fært, og jafnframt, ef mögulegt telst, að leyfa um hana þyngri bifreiðar en 6 smálesta, helzt upp í 8½ smálest, þá hafa þeir verkfræðingarnir Árni Pálsson, Benedikt Gröndal og Árni Snævarr samkvæmt beiðni minni haft með höndum að rannsaka enn ýtarlegar burðarþol brúarinnar og gera tillögur um, hvort og þá á hvern hátt væri mögulegt að styrkja hana svo, að öruggt teldist að leyfa um hana þyngri bifreiðar en nú. Munu þeir hraða útreikningum og athugunum, og vænti ég því, að álit þeirra og tillögur liggi fyrir mjög bráðlega.

Virðist því ekki, að minnsta kosti á þessu stigi málsins, þörf að skipa aðra 3 sérfróða menn til slíkrar rannsóknar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að þegar hefur verið hafinn undirbúningur að því að styrkja festar Þjórsárbrúar með aukavírum, og taka þeir sömu verkfræðingar einnig til athugunar á sama hátt burðarþol þeirrar brúar.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Nd. 451. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.
   59. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi ný gr., sem verði 55. gr., og hljóði svo:
   Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.

2. Við 10. gr. Í stað „58. gr.“ í upphafi greinarinnar kemur: 59. gr.
3. Á eftir ákvæðunum til bráðabirgða komi ný grein, er verði 11. gr., og hljóði svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 13. jan. 1938 um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 85 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.
4. Á eftir 11. gr., sem verður 12. gr., komi ný gr., sem verði 13. gr., svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr. l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 452. Þingsályktun

um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegagerð.

(Afgreidd frá Nd. 18. okt.)

Samhljóða þskj. 282.

Nd. 453. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „heildsöluverði varanna“ komi: því verði er framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.
   b. Á eftir orðunum „eða söluverð erlendis (cif.) að“ komi: viðbættum útflutningsuppbótum, ef greiddar eru, en að ....
2. Við 2. gr. Niðurlag e-liðar greinarinnar orðist svo: svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Emil Jónsson. Sig. Guðnason.

Nd. 454. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Gísla Sveinssyni, Sveinbirni Högnasyni, Helga Jónassyni, Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna í niðurlagi 1. mgr. „og Laugarvatni í Árnessýslu“ komi: Laugarvatni í Árnessýslu, Ytri-Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu.

Ed. 455. Frumvarp til laga

um æskulýðshöll í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreitis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins. Veita skal þó móttöku framlögum til æskulýðshallarinnar frá félögum æskumanna í Reykjavík og öðrum, er málið vilja styðja.

2. gr.

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Nefnir hvor aðili sinn nefndarmann, en þriðja nefndarmanninn tilnefnir fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, er skipað sé einum fulltrúa frá hverju félagi, er lagt hefur fram fé til hallarinnar samkvæmt 1. gr. Varamenn í nefndina skulu jafnmargir vera og nefndir með sama hætti. Samþykki kennslumálaráðherra og bæjarráðs þarf til ákvörðunar á lóð undir höllina, uppdrátta að henni og til ákvörðunar um það, hverjum bygging hennar verði falin og með hvaða kjörum, svo og til ákvörðunar um allar aðrar meiri háttar ráðstafanir í sambandi við bygginguna.

3. gr.

Með sama hætti, sem í 2. gr. segir, skal nefna þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar. Nefndin ræður forstjóra og starfsmenn æskulýðshallar og leysir þá frá starfi. Þó getur ráðherra og borgarstjóri leyst forstjóra og dyravörð, ef hann verður sérstakur ráðinn, frá starfi, ef einhver nefndarmanna leggur það til.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um allt, er rekstur æskulýðshallar varðar, skal setja í reglugerð, er bæjarráð og ráðherra setja.

5. gr.

Heimilt er aðilum þeim, er í 1. gr. getur, að starfrækja tómstundaheimili í þágu æskulýðs í Reykjavík, þar til æskulýðshöllin er tekin til starfrækslu. Um rekstur tómstundaheimilis fer eftir þeim reglum, sem að framan segir, eftir því sem við getur átt. Þó getur ráðherra og bæjarráð samið við æskulýðsfélagsskap, sem

óháður er öllum stjórnmálasamtökum, um að taka að sér rekstur slíks heimilis, og þarf þá ekki að skipa sérstaka forstöðunefnd.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Nd. 456. Nefndarálit

um frv. til laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á mörgum fundum. Telur hún, að frv. gangi í rétta átt og ákvæði þess geti orðið mikilsverður þáttur í ræktun og endurbyggingu sveitanna.

Breytingar, sem nefndin leggur til, miða eingöngu að því að gera ákvæði frv. skýrari eða fyllri í einstökum atriðum.

Frv. var lagt fyrir aukabúnaðarþing það, er kom saman 21. sept. s. l. Samþykkti búnaðarþingið með 23 shlj. atkv., að frv. yrði í aðalatriðum gert að lögum eins og það lá fyrir. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „samþykktarsvæði“ í niðurlagi 1. málsgr. komi: enda liggi fyrir kröfur um það frá einu eða fleiri hreppabúnaðarfélögum innan sambandsins.
   b. Á eftir „Búnaðarfélags Íslands“ í niðurlagi 1. málsl. 3. málsgr. komi: og hlutaðeigandi búnaðarfélaga.
2. Við 4. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna „og skal hún þá endursenda hana“ komi: og skal það þá endursenda hana.
3. Við 5. gr. Upphaf 5. tölul. orðist svo:
   Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún skuli unnin.
4. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og tækjum.
5. Við 10. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi eða ræktunarfélagi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma.
6. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara að dómi verkfæranefndar eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.
7. Við 15. gr. Fyrir „2. gr.“ í niðurlagi greinarinnar komi: 3. gr.
8. Við 16. gr. Fyrir „2. gr.“ komi: 2. og 3. gr.
9. Við 18. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda, og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingarfróða menn athuga og gera tillögur um .... o. s. frv.
   b. Í stað orðanna „Trúnaðarmaður þessi skal“ í upphafi síðari málsl. 1. málsgr. komi: Trúnaðarmenn þessir skulu.
10. Við 19. gr. Fyrir „trúnaðarmanns“ komi: trúnaðarmanna.

11. Við 20. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Þar, sem rætt er um veggjamót í lögum þessum, er um að ræða mót af varanlegri gerð, sem auðvelt er að flytja milli vinnustaða.
12. Við 21. gr. Aftan við fyrri málsgr. komi: Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.
13. Við 22. gr. Á eftir orðunum „byggingarsjóði og nýbýlasjóði“ komi: á sama hátt og segir í 10. gr.

Alþingi, 19. okt. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.
Sigurður Guðnason, með fyrirvara. Emil Jónsson.

Ed. 457. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

17. gr. laganni falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undir eins og jarðræktarlagafrumvarp það, er samþykkt var og staðfest 1936, kom fram, hraus mörgum búandmanni hugur við ákvæðum 17. gr. þess. Töldu þeir, að þau skilyrði, sem þar voru sett fyrir jarðræktarstyrknum, drægju úr höndum landeiganda að nokkru þann óvéfengda eignarrétt, er hann áður hafði yfir jörð sinni. Þótt jarðræktarlög þessi veittu stórum meira fé til jarðabóta en áður hafði verið, náði það skammt til þess að kefja kurr þann, sem þegar var orðinn í sveitum landsins gegn ákvæðum nefndrar greinar. Kvað svo rammt að þeirri óánægju, að ýmsir tryggustu fylgismenn annars þess flokks, sem aðallega stóð að kvaðagrein þessari, gerðu ágreining og létu líklega, að þeir mundu slíta af sér flokksböndin, ef ekki yrði ráðin þar bót á. Hafa ýmsir bændur kosið heldur að verða án þess styrks, er þeim bar fyrir unnar jarðabætur, en leggja haft á eignarjörðina. Margt hefur verið rætt og ritað um þessa illræmdu lagagrein, og helzt enn fullkomlega sú gremja, er greinin vakti í öndverðu. Þykir mörgum þrengra fyrir dyrum, þegar meiri eða minni hluti jarðar þeirra er sérmetinn í fasteignabókum og þeir eru ekki framar óvéfengdir eigendur hans. Þá hafa margir þeirra, er framarlega stóðu í formælendaflokki 17. greinarinnar, lýst yfir því, að ákvæði greinarinnar hefðu ekki náð þeim tilgangi, sem þeim í upphafi var ætlað að ná. Var og milliþinganefnd sú, er búnaðarþingið kaus 1939, sammála um að fella greinina niður, en þegar á búnaðarþing kom 1941, skiptust leiðir þingmanna um það, hver ákvæði skyldu koma um fasteignir í stað hennar eða hvort nokkrar hömlur bæri að leggja á fasteign, þótt ríkisstyrkur væri veittur á umbætur, sem á henni væru framkvæmdar. En á síðastliðnu aðalbúnaðarþingi var því samhljóða lýst yfir af þingheimi, að ákvæði 17. gr. hefðu ekki náð því marki, er aðstandendur hennar höfðu gert ráð fyrir, og bæri því að leita annarra leiða til að halda niðri verðlagi jarða.

Reynt hefur verið hér þing eftir þing að fá afnumda þessa illræmdu grein jarðræktarlaganna, en verndarar hennar hafa jafnan orðið liðfleiri. Þrátt fyrir það skal

enn gerð tilraun til þess að höggva af bændum það helsi, sem á þá hefur verið lagt með ákvæðum téðrar greinar. Benda má á það, að stórlendueigendur innan kaupstaða hafa fengið kvaðalausan jarðræktarstyrk á jarðabætur, sem á þeim löndum hafa verið gerðar, en slíkir styrkir hafa oft verið margfaldir að upphæð við kvaðastyrki 17. gr.

Þá hefur verið talið, að kvaðir þær, er fylgja byggingarstyrkjum til sveitabýla, ættu samleið með kvöðum 17. gr., og tel ég það rétt vera, að hvort tveggja hverfi sem allra fyrst. Þó hef ég ekki í frv. þessu tekið upp breytingar annarra laga en jarðræktarlaganna. Fái frv. þetta góðan byr hér á þingi, má gera annað af tvennu, eftir því sem við þykir eiga, taka upp í frv. þetta þau ákvæði, er fella niður kvaðir vegna byggingarstyrks sveitabýla, eða bera fram sérstakt frv. um það efni.

Nd. 458. Nefndarálit

um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. gaumgæfilega og rætt það á mörgum fundum. Hún hefur borið það saman við gildandi lög um þetta efni og kannað tillögur þær, er fram komu á f. á. frá póst- og símamálastjóra og skipulagsnefnd fólksflutninga, en upp úr þeim er þetta frv. ríkisstjórnarinnar að allmiklu leyti samið, þótt misjafnt tillit sé til þeirra tekið. Hefur nefndin enn leitað álits þessara aðila, og hefur póst- og símamálastjóri gert því ýtarleg skil, en skipulagsnefndin aðeins vísað til fyrri tillagna sinna. Loks hefur stjórn Félags sérleyfishafa (sem er nýstofnað) sent nefndinni glögga greinargerð.

Niðurstaðan hefur orðið sú, að þótt nefndin fallist á frv. í flestum höfuðatriðum, þá vill hún þó breyta því í nokkrum greinum, þar er henni allri eða meiri hluta nefndarmanna þykir yfirleitt betur fara, svo sem einkum að þessu leyti:

1. Í „skipulagsnefnd“ skulu, eins og frv. greinir (2. gr.), vera 5 menn (ekki 6) og kjör hennar gilda til þriggja ára (ekki eins), en af þeim sé einn kosinn af Búnaðarfélagi Íslands jafnhliða Alþýðusambandi Íslands, en ráðherra skipar þá einn (formann).
2. Póststjórninni verði áfram falin yfirumsjón þessara mála (heimild til handa ráðuneytinu), en engin ný nefnd stofnuð til þessa (7. gr.). Um þetta hefur þó einn nefndarmanna fyrirvara (SvbH).
3. Rétt þykir að hækka nokkuð sérleyfisgjaldið, en nefndin féllst ekki á svo mikla hækkun sem frv. gerir ráð fyrir (10% af andvirði afhentra farmiða í stað 5%). Telur nefndin gjaldið hæfilega sett 7%.
4. Loks telur nefndin, að sýslu- og sveitarfélög mættu öðlast nokkurn rétt til þess að fá sérleyfi framar ýmsum öðrum, og ber fram brtt. þar að lútandi (við 1. gr.).

Annað, sem hér kemur til mála, er minni háttar, og að öðru leyti taldi nefndin ekki brýna þörf frekari breytinga á frv. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að taka afstöðu til brtt., er fram kunna að koma frá öðrum. Málið verður nánar rakið í framsögu.

Nefndin leggur þannig til, að frv. verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr.
   a. Síðasta málsgr. falli niður.
   b. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

II. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, Búnaðarfélag Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa tvo samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfstímabil hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. 3. gr., a-lið. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra.

III. Við 6. gr. Fyrir „10%“ komi: 7%.

IV. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
Ráðuneytið getur falið póststjórninni að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

Alþingi, 19. okt. 1944.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr., með fyrirvara. Sigurður Bjarnason.
Lúðvík Jósefsson. Barði Guðmundsson.

Sþ. 459. Breytingartillaga

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna (þskj. 431)

Frá Kristni E. Andréssyni og Eiríki Einarssyni.

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitur frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun, jafnóðum og það verður fáanlegt, til eftirtalinna staða: Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss, Hveragerðis og Suðurnesja, Húsavíkur og Reykjahverfis.

Sþ. 460. Nefndarálit

um till. til þál. um stjórn íslenzkrar landhelgisgæzlu o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa ýtarlega og leitað umsagnar um hana frá þeim aðilum, er hér greinir: Dómsmálaráðherra, er svaraði með bréfi, dags. 5. okt., Farmanna- og fiskimannasambandinu, er svaraði með bréfi, dags. 10. okt., stjórn Fiskifélags Íslands og Skipaútgerð ríkisins, er hvor um sig svaraði með bréfum, dags. 29. sept. Að því er snertir fyrri hluta tillögunnar, útgerðarstjórn varðskipanna, þá eru dómsmálaráðherra, Fiskifélagið og Skipaútgerðin mótfallin því, að sú breyting sé nú á þessu gerð, sem tillagan fer fram á. Farmanna- og fiskimannasambandið sendi hins vegar sem svar við málaleitan nefndarinnar samþykkt 7. sambandsþings F. F. S. Í., sem að vísu er ekki beint svar við fyrirspurn nefndarinnar, en snertir þó þau atriði, sem um er rætt í tillögunni. Þar kemur fram sú skoðun, að stjórn þessara mála eigi að vera í höndum Slysavarnafélags Íslands, og virðist það vera með sérstöku tilliti til þeirra björgunar- og eftirlitsstarfa, sem varðskipin hafa með höndum,

enda leggur 7. sambandsþing F. F. S. Í. mjög mikla áherzlu á það, að varðskipin geti framvegis samhliða strandgæzlunni sinnt björgunar- og eftirlitsstörfum betur en hingað til hefur átt sér stað.

Fyrir nefndinni lágu enn fremur eftirtalin skjöl: Bréf Skipaútgerðarinnar til ríkisstjórnarinnar, dags. 10. ágúst 1935, 4. febr. 1941, 21. febr. 1941, 17. marz 1941 og 6. júlí 1944, um landhelgisgæzlu, strandferðir og eyðingu tundurdufla. Þá hafði nefndin einnig til hliðsjónar skýrslu þeirra aðila, sem samkv. þál. frá 1. apríl 1935 voru af þáverandi atvinnumálaráðherra skipaðir til að athuga og koma fram með tillögu um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun. Skýrslan er dags. 4. sept. 1935. Þá lágu enn fremur fyrir bréf Skipaútgerðar ríkisins 9. nóv. 1934 til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, um útbúnað vélbáta til strandgæzlu, sem og bréf sendiráðsins, dags. 30. nóv. 1943, ásamt bréfum frá Marineministeriet í Khöfn, dags. 29. jan. 1935, og frá sama aðila, dags. 30. nóv. 1943, og bréf Skipaútgerðarinnar til sendiráðsins, dags. 9. jan. 1935, öll um útbúnað vélbáta til strandgæzlu. Bréf dómsmálaráðuneytisins ásamt fskj. frá brezku sjóhernaðaryfirvöldunum hér á landi til Skipaútgerðarinnar viðvíkjandi tundurduflaeyðingu lá og fyrir. Loks hafði nefndin einnig fengið að kynna sér tillögur forstjóra Skipaútgerðarinnar, dags. 6. júlí 1944, sendar til ríkisstjórnarinnar, en hún hefur lagt þær fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis, og fjalla þær um framtíðartilhögun landhelgisgæzlunnar.

Nefndinni virðist ekki tímabært að svo stöddu að koma á fót sérstakri útgerðarstofnun, sem hafi með höndum stjórn allra eftirlits- og björgunarskipa ríkisins. Ber þar margt til, og má drepa á nokkur atriði hin helztu, er sem stendur mæla á móti slíkri skipulagsbreytingu.

Eins og kunnugt er, hefur Skipaútgerðin nú á hendi útgerðarstjórn þessara skipa og rekur þau samhliða útgerð hinna reglulegu strandferðaskipa ríkisins og hefur haft um alllangt skeið. Vegna skorts á strandferðaskipum eru mjög mikil brögð að því, að nota verði strandgæzluskipin til fólks- og póstflutninga og einnig til vöruflutninga við strendur landsins. Þessi ráðstöfun hefur orðið landsmönnum til mikils hagræðis, þótt ekki sé hægt að telja hana hið æskilegasta fyrirkomulag á strandferðum. Jafnhliða þessu eru svo skipin við eftirlits- og landhelgisstörf og björgunarstörf, þegar þörf krefur. Meðan svo er ástatt, að grípa verður til þessara skipa til að bæta úr samgöngum við strendur landsins milli þess, að þau sinna aðalverkefnum sínum, virðist það fyrirkomulag hagkvæmast, að þau séu rekin af Skipaútgerð ríkisins, sem hefur að öðru leyti farþega- og vöruflutninga á hendi, enda hafa engin gild rök verið að því leidd, að þetta hafi sakað hingað til. Að vísu er rétt, eins og tekið var fram í greinargerð till., að landhelgisgæzla, björgunarstörf og vísindastarfsemi, t. d. hafrannsóknir og djúpmælingar, sem framkvæma má á varðskipunum, eru svo umfangsmikil, að eðlilegt væri, að sérstök stofnun gæti gefið sig óskipta að framkvæmd þeirra. En hér verður að horfast í augu við þá staðreynd, er fyrir liggur, að nota verður í bili skip þessi til að fylla í eyður þær, sem annars mundu verða í strandferðunum, og er það út af fyrir sig næg ástæða til að hafa útgerðarstjórnina eins og hún er, meðan brýn þörf kallar eftir því, að skipin hjálpi til þess eftir megni að fullnægja fólksflutninga- og vöruflutningaþörfinni. Þá er og þess að gæta, að ný útgerðarstofnun í því skyni, sem till. gerir ráð fyrir, mundi valda verulegum kostnaði aukalega við það, sem er nú þegar, og ef að vanda lætur, mundi sú stofnun síga á allfljótlega með tilkostnaðinn, eins og því miður margar ríkisstofnanir gera, þótt lítið sé gert úr því í fyrstu, hver kostnaður af þeim muni verða fyrir ríkissjóðinn. Þá verður og að athuga það, að Skipaútgerð ríkisins hefur alveg sérstaka aðstöðu til að reka varðskipin á ódýrari hátt en ef ný stofnun hefði það hlutverk. Skipaútgerðin hefur umboðsmenn í hverri höfn, þar sem strandferðaviðkoma er, sem annast alla fyrirgreiðslu þeirra skipa, sem á vegum útgerðarinnar eru, þar á meðal varðskipanna, og í mörgum tilfellum hafa liggjandi birgðir nauðsynja handa skipunum. Þetta kerfi er nauðsynlegt vegna rekstrar skipanna. Ef varðskipin væru skilin frá Skipaútgerðinni og

sett undir aðra útgerðarstjórn, yrði sú stofnun að afla sér umboðsmanna á mörgum stöðum, er hefðu fyrirgreiðslu þeirra á hendi, og mundi þetta hafa einhvern töluverðan kostnað í för með sér.

Þótt nefndin, eins og áður segir, geti ekki fallizt á að koma nýrri útgerðarstofnun á fót fyrir varðskipin, eins og nú horfir við, þykir henni rétt að taka undir með flm. till., að því er athugun á framtíðarfyrirkomulagi björgunar- og eftirlitsstarfsins snertir. Í því sambandi vill nefndin benda á, að allmikill skoðanamunur mun vera ríkjandi um það, með hvers konar skipum framkvæma eigi landhelgisgæzluna. F. F. S. Í. telur slíka gæzlu á hinum smærri varðbátum vera til álitshnekkis fyrir landið og að hún nái ekki tilgangi sínum. F. F. S. Í. leggur til, að smíðuð verði fjögur stór varðskip, á stærð við venjulega togara, og er þeim ætlað að sinna landhelgisgæzlunni ásamt björgunarstörfum, hafrannsóknum, mælingum o. s. frv.

Hins vegar varð niðurstaða þeirra, sem gerðu tillögur um þessi mál 1935 að tilhlutan þings og stjórnar, sú, að bezt væri séð fyrir landhelgisgæzlunni með fjórum til fimm vélbátum og einu skipi á borð við Ægi, og gera þeir þá um leið ráð fyrir, að þessir farkostir eigi að starfa að björgunarmálum og hafa samvinnu við Slysavarnafélag Íslands með þetta fyrir augum. Þessu hinu sama var þegar haldið fram 1920, þegar gamli Þór var keyptur til Vestmannaeyja til þess að starfa þar að björgun, að eftirlit með landhelginni færi vel saman við það að aðstoða fiskibátana á miðunum. Lögðu forgöngumenn þess máls þá þegar áherzlu á, að slík skip yrðu að vera þannig, að þau hefðu greinilega yfirburði yfir fiskibátana, þá er þau ættu að hjálpa í sjávarháska, bæði að ganghraða og stærð, og enn fremur, að þau ættu að hafa strandgæzlu á hendi samfara björgunarstörfum. Virðist reynslan hafa sannað það greinilega síðan, að stefna Vestmannaeyinga í þessu efni var rétt.

Í tveim bréfum, sem forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur á þessu ári látið frá sér fara, hið fyrra frá 6. júlí til ríkisstjórnarinnar og hið síðara til fjvn. frá 29. sept., hefur hann látið uppi þá skoðun, að reynslan af varðbátnum Óðni og öðrum slíkum bátum, er starfað hafa undanfarin ár að landhelgisgæzlunni ásamt Ægi, sýni það, að stefnan frá 1935, sú að hafa fjóra til fimm vélbáta til gæzlunnar ásamt Ægi, sé rétt. Leggur hann í bréfi sínu til ríkisstjórnarinnar áherzlu á það, að hafizt verði handa um að smíða fleiri slíka varðbáta í viðbót við þann eina, sem fyrir er, Óðinn. Samt sem áður tekur hann það fram, að bátarnir þurfi að hafa meiri ganghraða en Óðinn og vera stærri en hann eða um 100 smálestir.

Er af þessu ljóst, að ekki virðist enn vera fundin sú lausn á þessum málum, sem allir geti sætt sig við. Þótt sú tillaga, sem hér um ræðir, fari ekki fram á, hvað þetta atriði snertir, annað en athugun á því, hversu bezt verði samræmt björgunar- og eftirlitsstarfið, leiðir þó af slíkri athugun að gera sér sem ljósast grein fyrir því, hvers konar skip geta bezt fullnægt hinum ýmsu verkefnum, sem nauðsynlega verður að fela varðskipunum, og þeim, sem auk þess er talið hentugt, að skipin hafi með höndum, svo sem hafrannsóknir og sjómælingar.

Síðan 1935, að horfið var að því ráði að hafa hin smærri skip til gæzlunnar, hefur margs konar reynsla fengizt og mörg tæki borið fyrir augu landsmanna, sem notuð hafa verið af hinum útlendu hernaðaryfirvöldum, sem hér dveljast nú, til gæzlu þeirrar, er framkvæmd er við þetta land og frá því. Er næsta eðlilegt, að ýmsum hafi til hugar komið, hvort ekki væri hugsanlegt, að einhver sú varðskipagerð, sem þessir aðilar hafa notað hér, gæti komið að betri notum við landhelgisgæzluna og annað en þeir bátar og skip, sem enn höfum vér. Enn fremur mundi það og þykja athugandi, hvort heppileg stærð sjóflugvélar gæti ekki komið að góðum notum í þessu skyni og jafnvel sparað mjög siglingar varðskipanna á landhelgisvæðinu.

Þótt margt sé talið geta komið til greina og menn séu ekki ásáttir um gerð og stærð skipa, er gæzlunni henti, eða jafnvel álíti, að skip megi að einhverju leyti

spara með flugvélum, virðist það nú vera orðin almenn skoðun þeirra, er um þessi mál fjalla, að landhelgisgæzlan og björgunarstörfin eigi samleið og varðskip ríkisins eigi að sinna þessum verkefnum. En af þessu leiðir svo það, að miða verður stærð og útbúnað varðskipanna meðal annars við þetta.

Þá er og það auðsætt, að af fjárhagsástæðum verður að notast sem mest við varðskipin til hinna annarra starfa, svo sem hafrannsókna og sjómælinga, en þá eru stór og dýr skip ekki sem hentugust, en til björgunar skipa úr strandi hefur Ægir reynzt afkastadrjúgur, sem kunnugt er.

Vill nefndin leggja áherzlu á það, að sem fyrst verði að því undið að taka þessi mál til athugunar og að landhelgisgæzlan ásamt þeim öðrum verkefnum, er hlýða þykir, að varðskipin hafi á hendi, verði færð í það horf, er allir megi við una.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að till. verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvernig landhelgisgæzlunni verði bezt og haganlegast fyrir komið. Í því efni verði athugað sérstaklega, með hverri gerð og stærð varðskipa náist beztur árangur af gæzlunni með kleifum kostnaði, og verði í því tilliti aflað vitneskju um nýja gerð skipa erlendis, er að haldi mætti koma, og útbúnað þeirra. Einnig verði það atriði gaumgæfilega rannsakað, að hve miklu leyti nota megi flugvélar til aðstoðar við gæzluna.

   Jafnframt er stjórninni falið að láta athuga, með hverjum hætti megi sameina landhelgisgæzluna björgunarstarfseminni og eftirliti á fiskimiðum við strendur landsins.

   Niðurstöður af rannsókn þessari skal stjórnin leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.
2. Fyrirsögn till. skal orða svo:

   Tillaga til þingsályktunar um landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Jónas Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.	Þorst. Þorsteinsson.
Sig. Kristjánsson.	Finnur Jónsson.	Þóroddur Guðmundsson.

Sþ. 461. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti, samtals að fjárhæð 3,5 millj. kr. Nú fer kostnaður við endurbygginguna fram úr 5 millj. kr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.

Nd. 462. Nefndarálit

um frv. til l. um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað þetta mál og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Þóroddur Guðmundsson.
Gunnar Thoroddsen. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 463. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 122 30. des. 1943, um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Aftan við staflið d. í 3. mgr. laganna komi nýr stafliður e., er hljóði svo:

Til Jóns Magnússonar, fyrrverandi starfsmanns Tóbakseinkasölu ríkisins, kr. 2000.00 og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Aftan við síðustu mgr. komi svofelld viðbót: og samkvæmt staflið e. á rekstrarreikning Tóbakseinkasölu ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Jón Magnússon, sem nú er um áttrætt, hefur starfað við ríkisstofnanir um margra ára bil, fyrst við landsverzlunina og síðar við Tóbakseinkasölu ríkisins, þangað til hann lét þar af störfum fyrir skömmu.

Nd. 464. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Jóni Sigurðssyni og Sigurði Þórðarsyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu" komi: í nágrenni Varmahlíðar í Skagafirði.

Nd. 465. Nefndarálit

um frv. til l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Í stað upphafsmálsgr. komi:

Kirkjubækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveizlu, áður en 50 ár eru liðin frá löggildingu þeirra, og má aldrei halda þeim lengur en 15 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

Alþingi, 20. okt. 1944.

Barði Guðmundsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Sigurður Bjarnason. Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 466. Breytingartillaga

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna.

Frá Kristni Andréssyni og Eiríki Einarssyni.

Fyrir „Reykjanesrafveituna“ í fyrirsögn till. komi: raforkuveitur.

Sþ. 467. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 459 (Reykjanesrafveitan).

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Niðurlag brtt. orðist þannig: Húsavíkur, Reykjahverfis og út um Eyjafjörð vestanverðan til Dalvíkur.

Sþ. 468. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 459 (Reykjanesrafveitan).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Brtt. hljóði þannig:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitur frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun, jafnóðum og það verður fáanlegt, til eftirtalinna staða: Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Selfoss, Hveragerðis og Suðurnesja, Húsavíkur og Reykjahverfis.

Ed. 469. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 20. okt.)

Samhljóða þskj. 444.

Sþ. 470. Tillaga til þingsályktunar

um vantraust á núverandi ríkisstjórn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Greinargerð.

Svo mörg missmíði eru á tilkomu og stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar, að ekki verður hjá því komizt, að Alþingi lýsi yfir viðhorfi sínu til hennar og starfshátta þeirra, sem þar eru boðaðir.

Þrír flokkar standa að ríkisstjórninni: tveir lýðræðisflokkar og byltingarflokkur, sem ekki byggir starf sitt á þingræðisgrundvelli og er auk þess sannanlega undir áhrifum valdamanna erlendis um stefnu og störf í íslenzkum þjóðmálum. Er þess skemmst að minnast, að meðan óvinátta var með Rússum og Þjóðverjum, sótti íslenzki Kommúnistaflokkurinn á að afflytja sem mest málstað nazista. Eftir að Þjóðverjar og Rússar gerðu með sér bandalag, snerist þessi sami íslenzki flokkur til meðhalds með nazistum, en opinberrar óvináttu við Breta, sem stóðu þá einir uppi með samveldislöndum sínum til varnar frelsinu í heiminum. En þegar styrjöld hófst með Rússum og Þjóðverjum, snerust kommúnistar hér á landi aftur til velvildar við Breta og fjandskapar við Þjóðverja. Sá flokkur, sem sýnir svo berlega, að hann er algerlega háður forráðamönnum í öðrum ríkjum, á aldrei að fá tækifæri til að stýra Íslandi með lýðræðisflokkum. Reynslan er líka sú erlendis, að allir þroskaðir menn í lýðræðisflokkum þingstjórnarlanda neita algerlega að hafa nokkur félagsleg samráð við kommúnista.

Í öðru lagi er núverandi ríkisstjórn byggð á tryggðrofi við bændastétt landsins. Fyrir nokkrum dögum hétu forráðamenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fulltrúum bænda á búnaðarþingi því að mynda saman borgaralega ríkisstjórn, án þátttöku byltingarflokksins, ef búnaðarþing mælti með, að bændastéttin gæfi eftir 8—10 milljónir af samningsbundnum atvinnutekjum á yfirstandandi ári. Búnaðarþing varð við þessari ósk. Bændastéttin verður svipt 8—10 millj., en í stað samstjórnar borgaraflokkanna kemur Kommúnistaflokkurinn í landsstjórnina, með úrslitaáhrifum á meðferð hinna vandamestu mála. Eftirgjöf bænda er síðan notuð til að hækka tekjur þeirra manna í þjóðfélaginu, sem minnstan eðlilegan rétt höfðu í þessu efni.

Þá koma þeir meinbugir á ráði hinnar nýmynduðu stjórnar, sem leiðir af því, að Kommúnistaflokkurinn er þar þátttakandi. Heitið er góðu um að halda lítið eða ekki breyttu kaupi fram um næstu kosningar, þó að afurðir landsmanna falli stórlega á erlendum markaði. Á þennan hátt á að skapa tekjuhallabúskap, sem hlyti á skömmum tíma að eyða þeim eignum, sem þjóðin á nú. Samhliða þessu á að setja ný launalög á þingi nú fyrir jól. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að íslenzkir launamenn búi við allt að þriðjungi hærri tekjur en stéttarbræður þeirra í löndum,

sem eru rík og búa að gamalli fjármálamenningu. Hagur ríkissjóðs er nú á þeim vegi, að í fjárlögin vantar 6½ milljón króna, til að hægt sé að halda við verklegum framkvæmdum á sama hátt og á undangengnum árum. Rúmlega 40 vegakaflar hafa verið felldir niður vegna tekjuleysis ríkissjóðs. Þrátt fyrir það, að landsmenn eiga nú að greiða nálega 100 millj. til þarfa ríkisins, verður enn miklu við að bæta, ef halda á í horfinu, þó að ekki sé bætt við auknum útgjöldum. En nú á hin nýja stjórn að hækka stórlega hin föstu útgjöld til starfsmanna ríkisins og festa þau til langframa, rétt áður en tekjurýrnun atvinnuveganna byrjar fyrir alvöru. Jafnframt þessu er samið um að lögleiða stórfelld útgjöld af almannafé til aukinna persónutrygginga, eftir fyrirmynd, sem rætt hefur verið um í Bretlandi, en hvergi verið framkvæmd. Meginhluti ríkisútgjaldanna fer nú í laun til manna, sem á einn eða annan hátt starfa fyrir ríkið, og mjög er gengið nærri almennum framkvæmdum, eins og áður er sagt. En ofan á þetta á að bæta stórfelldum útgjöldum til launþega og í persónutryggingar. Ef svo er haldið fram stefnunni, mundi skjótlega verða að fella krónuna, eyða þannig innstæðunum og kippa algerlega fótum undan fjármálasjálfstæði einstaklinga og stofnana, um leið og ríkið yrði vanmegnugt að halda uppi verklegum framkvæmdum í þágu almennings.

Þó er ekki enn komið að stærsta óhappamáli hinnar nýju stjórnar, en það er þjóðnýting útgerðarinnar. Talið er, að kommúnistar hafi heimtað, að hinir nýju stjórnarflokkar taki með ýmiss konar þvingunarráðstöfunum í sínar hendur svo skiptir hundruðum milljóna af sparifé landsmanna til ráðstöfunar, án íhlutunar eigendanna. Hér er vitaskuld um að ræða byltingaraðgerð og hana ekki af bezta tagi. Ef ráð er fyrir gert, að þetta lánist og stjórnin kaupi mikinn skipastól fyrir sparifé landsmanna og bjóði skipin síðan til sölu, þó að ekki væri nema fyrir síðasakir, þá mundu fáir þora að kaupa skipin til að gera þau út, þar sem kommúnistar héldu kaupinu langtum hærra en í þeim löndum, sem íslenzkur útvegur yrði að keppa við. Þá mundi krafizt, að hinn nýi floti yrði rekinn á kostnað ríkis og bæja með fyrirsjáanlegu stórtapi. Einstakir útvegsmenn mundu þá flýta sér að kasta frá sér skipum og bátum. Yrði þá íslenzkur útvegur um nokkra stund rekinn á kostnað allra landsmanna, meðan verið væri að eyða eignum þjóðarinnar með því að lifa á allan hátt langt yfir efni fram.

Sú ríkisstjórn, sem nú hefur verið mynduð, er af sumum talin mynduð vegna hagsmuna Reykjavíkur og að hún eigi að starfa í mótsetningu við hagsmuni byggðanna og annarra kaupstaða og kauptúna. Þetta er þó ekki nógu nákvæmt. Stjórnin á samkvæmt stofnsamningum sínum að vera framkvæmdanefnd launþega á hernámssvæðunum og starfa á móti réttmætum og eðlilegum hagsmunum framleiðenda í byggðum og bæjum, þar með talinn sjálfur höfuðstaðurinn. Má vel geta sér til, hve lengi verður unnt að halda þeim leik áfram að íþyngja framleiðslunni, þar til hún sligast undan byrðum, sem ekki er unnt að bera.

Hið nýja ráðuneyti Ólafs Thors táknar stefnubreytingu í íslenzkum landsmálum, eins og sannað er hér að framan. Kommúnistar ætla að nota þátttöku sína og áhrif til að koma atvinnuvegum landsmanna á kné, eyða eignum borgaranna með tekjuhallarekstri og koma á þjóðnýtingu atvinnuveganna. Fram að þessu hafa borgarar landsins ekki skilið þessa hættu og eytt orku sinni í innbyrðis átök og kapphlaup um vegtyllur og metorð í þjóðfélaginu. En sem betur fer er þjóðin nú að byrja að átta sig á, hvert stefnt er með hinum giftulitlu samfylkingartilraunum borgaraflokkanna við kommúnista. Á næstu vikum, mánuðum og missirum munu framleiðendur til sveita og sjávar sameinast til varnar móti þessari upplausn og skaðsemd, sem byltingarflokkur, háður valdamönnum í öðru landi, vinnur að hér á landi.

Nd. 471. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Eftir að hafa athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög, er nefndin sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. okt. 1944.

Sigurður E. Hlíðar, form. Sigurður Thoroddsen, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Gunnar Thoroddsen. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 472. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 og 1. gr. l. 21/1936, sbr. 1. gr. l. 78/1941, orðist svo:
Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild.

2. gr.

3. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 orðist svo:
Í laga og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

3. gr.

Stofna skal tvö dósentsembætti við heimspekideild Háskóla Íslands í bókmenntum og sögu.
Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka ekki til dósentsembætta þeirra, er stofnuð verða samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Í verkfræðideild skulu vera 3 prófessorar.

5. gr.

Upphaf 4. gr. l. 21/1936, um Háskóla Íslands, orðist svo:
Rektor og forsetar deildanna 6 eiga sæti í háskólaráði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 473. Nefndarálit

um frv. til laga um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndinni hefur borizt álitsgerð landlæknis, dags. 7. okt., um þetta mál og fengið um það umsögn Læknafélags Reykjavíkur, dags. 13. okt. Báðir þessir aðilar eru því út af fyrir sig meðmæltir, að dr. Kroner fái lækningaleyfi, en leggja til, að því verði komið til vegar með öðrum hætti en í frv. segir. Landlæknir gerir tillögu um breytingu á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., og fer hún í þá átt, að ráðherra geti með samþykki læknadeildar og landlæknis veitt lækningaleyfi, þótt hinum almennu skilyrðum sé ekki fullnægt. Læknafélagið aftur á móti telur heppilegra að veita dr. Kroner ríkisborgararétt heldur en lækningaleyfi með sérstökum lögum, vegna þess fordæmis, sem það kunni að gefa.

Þrátt fyrir þessar umsagnir er nefndin sammála um að leggja til, að frv. til laga um lækningaleyfi dr. Kroners sé samþykkt óbreytt. Nefndin telur svo sjálfsagt, að dr. Kroner fái lækningaleyfi hér á landi, að á því megi enginn dráttur verða. Hitt sé heldur til vansa, hversu lengi það hefur dregizt. Sýnist og fara mjög vel á því, að maður, sem um langa hríð hefur kynnt sig að slíkri góðvild og greiðasemi í garð umkomulítilla íslenzkra námsmanna sem dr. Kroner gerði, á meðan hann var í Berlín, fái lækningaleyfi með sérstakri samþykkt Alþingis, og getur það aldrei orðið hættulegt fordæmi. Hitt mun nefndin svo að sjálfsögðu athuga alveg óháð máli dr. Kroners, hvort ástæða er til að breyta lögunum um lækningaleyfi á þann veg, sem landlæknir hefur gert að tillögu sinni.

Einn nefndarmanna, Hermann Jónasson, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. okt. 1944.

H. Guðmundsson, form. Bjarni Benediktsson, frsm. Lárus Jóhannesson.
Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 474. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu rannsóknarstöðvar á Keldum í Mosfellssveit.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja af tekjuafgangi yfirstandandi árs allt að 750 þús. krónum til þess að koma upp rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum á Keldum í Mosfellssveit, enda komi jafnhátt framlag á móti annars staðar að.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra Vilhjálmur Þór hefur ritað fjárveitinganefnd bréf, þar sem hann vekur athygli á því, að ef tekin verði nú ákvörðun um að reisa hina fyrirhuguðu rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum, sem ætlaður hefur verið staður á Keldum í Mosfellssveit, þá séu sterkar líkur fyrir því, að Rockefellerstofnunin í Bandaríkjunum muni veita fé til rannsóknarstöðvarinnar, allt að helmingi stofnkostnaðar. Hefur ráðherrann látið gera áætlun um stofnkostnað fullkominnar rannsóknarstöðvar, en samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir, að rannsóknarstöðin kosti

1500000 krónur. Rockefellerstofnunin í Bandaríkjunum, sem um langt skeið hefur veitt styrki til ýmissa menningarstofnana í öðrum löndum, gerir það að skilyrði fyrir styrkveitingum í þessu skyni, að í viðkomandi landi sé áður búið að ákveða fjárveitingu til stofnunarinnar. Nú hagar svo til um slíkar fjárveitingar hjá Rockefellerstofnuninni á þessu ári, að ákvörðun verður um þær tekin 1. desember n. k. Leggur ráðherrann því áherzlu á það, að hraða þurfi aðgerðum í þessu máli, til þess að vonir séu til, að styrkur fáist af þessa árs úthlutun stofnunarinnar. Atvinnumálaráðherra átti í utanför sinni á þessu sumri viðræður um þetta mál við forseta Rockefellerstofnunarinnar, og telur ráðherrann, að undirtektir forsetans hafi verið á þá lund, að hann leggur til, að hraðað verði undirbúningi málsins og að því loknu send umsókn um styrkinn.

Það hefur að vonum verið rætt um það á undanförnum árum, að koma þyrfti upp fullkominni rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum. Í landbúnaðinum er mikil vá fyrir dyrum af völdum búfjársjúkdóma. Sauðfjársjúkdómar eru á sumum svæðum á landinu að leggja fjárræktina í rústir. Til viðbótar við þetta herja nú skæðir sjúkdómar á nautgripastofninn. Svo miklum búsifjum hafa bændur orðið fyrir af þessum völdum, að sums staðar hafa þeir misst meira en helming af kúastofni sínum á skömmum tíma. Þá hafa þeir, sem svínarækt stunda, ekki farið varhluta af því að gjalda afhroð í þeim rekstri vegna kvilla í stofninum. Sama er að segja um hænsnaræktina. Eins og af þessu má sjá, á annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar mjög í vök að verjast vegna þessara skæðu sjúkdóma, og yfir þjóðinni vofir sú hætta, verði eigi bót á ráðin, að innan skamms verði verulegur skortur á kjöti, mjólk og ull til klæðnaðar, en án þessara vara getur þjóðin ekki verið frekar hér eftir en hingað til. Aldrei hefur í sögu Íslendinga reynt meir á um það, að kostað sé kapps um að hagnýta vísindin og nýjustu tækni á því sviði, ef hægt væri, sem vonir standa til, með þeim hætti að bægja þessum háska frá bæjardyrum þjóðarinnar. Sigur vísindamanna víðs vegar um heim í baráttunni við sýkla, sem valda sjúkdómum í mönnum og skepnum, á að vera Íslendingum hvöt og uppörvun til þess að búa svo í hendur þeim mönnum hér, sem að slíkum málum vinna, að þeir geti þeirra hluta vegna notið sín við þetta erfiða og torleysta viðfangsefni. Með því að reisa fullkomna rannsóknarstofnun á þessu sviði eru kunnáttumönnum okkar í þessari grein sköpuð svipuð eða sams konar starfsskilyrði og stéttarbræðrum þeirra víðs vegar erlendis, og má áreiðanlega mikils af þeim vænta til úrbótar, eftir að þessu væri hrundið í framkvæmd.

Kostnaðurinn við þessa framkvæmd þarf okkur engan veginn að vaxa í augum. Væntanlegur styrkur frá Rorkefellerstofnuninni léttir mjög undir með að koma rannsóknarstofnun þessari upp. Stofnkostnaðartillagið tekur bæði til húsa þeirra, er reisa þarf, og öflunar á tækjum til vísindalegra rannsókna. Samkvæmt bráðabirgðakostnaðaráætlun, sem fyrir liggur um rekstur stofnunarinnar, þá er hér ekki um að ræða verulega hækkun á rekstrarkostnaði frá því, sem nú er. Þeir menn, sem að þessum málum vinna nú á ýmsum stöðum við misjöfn og erfið skilyrði, flytja starfsemi sína að sjálfsögðu yfir í hina nýju stofnun, og verður það kjarninn í starfsliði hennar. Þá munu stofnuninni falla til nokkrar tekjur af sölu bóluefna, vítamínrannsóknum o. fl. Gert er ráð fyrir því, að tekjur stofnunarinnar fari vaxandi eftir því, sem fram líða stundir. Þótt starfsemi rannsóknarstofnunar þessarar sé aðallega miðuð við rannsóknir búfjársjúkdóma, þá benda allar líkur til, að hún geti orðið allþýðingarmikil fyrir sjávarútveginn í sambandi við efnagreiningu á meðalalýsi, en fullkomin efnagreining á þessu sviði bíður bættra starfsskilyrða.

Gert er ráð fyrir, að fé til þessara framkvæmda — móti væntanlegum styrk — taki ríkisstjórnin af tekjuafgangi þessa árs. Í viðtali við fjármálaráðherra, Björn Ólafsson, kom það í ljós, að hann lítur svo á, að fjárhagsafkoma ríkissjóðs á þessu ári mundi leyfa, að þessari greiðslu væri séð borgið með þeim hætti.

Eins og drepið er á hér að framan, fer úthlutun á styrkjum Rockefellerstofnunarinnar til þess að reisa rannsóknarstöðvar og aðrar menningarstofnanir utan

heimalandsins fram 1. desember n. k. Þarf af þessum sökum að hraða afgreiðslu málsins.

Samkomulag náðist ekki í fjárveitinganefnd um flutning þessarar þingsályktunartillögu. Meiri hluti nefndarinnar, sem að tillögunni stendur, leggur — með tilliti til þess, hversu ástatt er í þessum efnum í landinu, — áherzlu á samþykkt tillögunnar í tæka tíð.

Nd. 475. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr.

Meginmálslið ur greinarinnar orðist svo:

h. Fé, sem gefið er til líknarstarfsemi, íþróttastarfsemi og menningarmála, allt að 10% af nettótekjum skattgreiðanda, þó ekki hærri upphæð en kr. 10000.00. Fjármálaráðherra setur reglur um það, hvað telja skuli gjafir til líknarstarfsemi, íþróttastarfsemi og menningarmála.

Nd. 476. Frumvarp til laga

um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Stjórn Fiskifélags Íslands skal fara með störf þau, er fiskimálanefnd hefur á hendi samkvæmt lögum nr. 75 31. des. 1937, sbr. lög nr. 48 12. febr. 1940.

2. gr.

Stjórn Fiskifélags Íslands getur með samþykki atvinnumálaráðherra ráðið sér fulltrúa til aðstoðar við störf þau, sem henni eru falin samkv. 1. gr., svo og annað starfsfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Ráðherra ákveður þóknun til Fiskifélags Íslands fyrir störf stjórnar þess samkv. 1. gr.

Kostnað allan af framkvæmd laga þessara skal greiða úr fiskimálasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945, og falla þá niður umboð þeirra manna, er nú eiga sæti í fiskimálanefnd.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að stjórn Fiskifélags Íslands sé falið að fara með störf þau, er fiskimálanefnd hefur á hendi.

Fiskifélag Íslands fer, eins og kunnugt er, með margháttuð störf fyrir ríkið, enda nýtur það árlega fjárframlags frá ríkinu til starfsemi sinnar. Störf Fiskifélagsins fyrir ríkisvaldið eru, eins og að líkum lætur, að langsamlega mestu leyti á sviði atvinnumálanna, þó einkum og sér í lagi sjávarútvegsins. Hefur stjórn Fiskifélagsins af þeim sökum mest saman að sælda við atvinnumálaráðuneytið og

atvinnumálaráðherra, og er samband og samstarf félagsins við ráðherrann svo náið, að tilskilið er, að hann t. d. samþykki fjárhagsáætlun félagsins. Nú er því þannig farið, að lögin um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. kveða svo á um, að atvinnumálaráðherra hefur úrskurðarvald og yfirstjórn allra þeirra framkvæmda, sem þar um ræðir. Það er því í beinu framhaldi af því nána samstarfi, sem er á milli Fiskifélagsins og atvinnumálaráðherra um margþætt og mikilsverð málefni, sem sjávarútveginn varða, í alla staði eðlilegt og hallkvæmt, að stjórn Fiskifélagsins sé falin framkvæmd fyrrnefndra laga. Fleiri stoðir hníga og undir það, að þetta sé gert. Fiskifélag Íslands stendur nú, eftir þá breytingu, sem gerð var á lögum félagsins á síðasta fiskiþingi, í beinu og nánu sambandi við deildir félagsins hvarvetna í verstöðvum landsins og fjórðungssamböndin, en þar eru í fararbroddi áhuga- og framtaksmenn á sviði sjávarútvegsmála. Slík sambönd við hina lifrænu starfsemi eru mikilsverð og raunar nauðsynleg, til þess að raunhæfur árangur geti náðst af þeirri margþættu og þýðingarmiklu tilraunastarfsemi og nýbreytni í útgerð og hagnýtingu sjávarafurða, sem lögin gera ráð fyrir, að stutt sé að og hrundið í framkvæmd.

Þá er hið nána samband og samstarf, sem stjórn Fiskifélagsins hefur við sjávarútvegsmenn úti um land, mjög veigamikill þáttur í því, að komið verði á tryggu eftirliti með þeim fyrirtækjum, sem lánað er fé til úr fiskimálasjóði.

Að öllu þessu athuguðu getur það ekki orkað tvímælis, að stjórn Fiskifélagsins hefur miklum mun betri og sterkari aðstöðu til þess að standa fyrir þessum málum en nokkur annar aðili, sem hér gæti komið til greina.

Fiskifélag Íslands er stofnun sjómanna, útgerðarmanna og annarra, sem áhuga hafa á sjávarútvegsmálum. Þeir ræða og gera ályktanir um mál sín í deilum, á fjórðungsþingum og fiskiþingi. Fiskiþing velur til þess að veita þessum málum forstöðu menn, sem það á hverjum tíma álítur líklega til þess að sinna þeim með alúð og árvekni.

Fiskifélag Íslands, þessi áhugafélagsskapur sjómanna og útgerðarmanna, er til þess kjörið að vera sterkur og áhrifaríkur þáttur í þeirri starfsemi, sem hér um ræðir. Þess vegna ber að nota þessi félagssamtök til hins ýtrasta í þágu þessa þýðingarmikla málefnis, sem annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar á svo mikið undir, að lögð sé full rækt við.

Þótt mikið hafi óneitanlega áunnizt á síðustu árum í hagnýtingu sjávarafurða, öflun nýrra markaða og fleira, þá erum við eigi að síður skammt á veg komnir í þessu efni. Margir og miklir möguleikar blasa hér óneitanlega við. Við strendur landsins eru einhver auðugustu fiskimið veraldar. Ný og áður óþekkt fiskimið hafa á síðustu árum fundizt á landgrunni því, sem liggur í allar áttir út frá ströndum landsins. Það má heita tilviljun ein, að þessi mið hafa fundizt. Allar rannsóknir í því efni hafa til þessa að heita má verið vanræktar. Við svo búið má ekki standa. Hér er fyrir hendi mikið verkefni. Án alls efa mundu rannsóknir á þessu sviði leiða í ljós, að til eru hér enn ónumin fiskigrunn, þar sem fólgnar eru miklar auðlindir.

Þá bíður nú úrlausnar margháttuð nýbreytni í verkunaraðferðum sjávarafurða. Nauðsynin á því að flytja um óraleiðir ný matvæli í styrjöld þeirri, sem nú geisar, hefur knúið fram margháttaða tækni til lausnar á þessu erfiða og torleysta viðfangsefni. Þessar nýjungar geta valdið miklum straumhvörfum í hagnýtingu sjávarafla hér á landi. Gæði fisksins, sem veiðist við strendur landsins, eru viðurkennd. Hér eru því skilyrði til hinnar beztu hráefnaframleiðslu þessarar tegundar. Hin nýja tækni í meðferð og geymslu fisksins er því meira virði fyrir okkur sem eðlisgæði fisksins eru meiri en víðast annars staðar, ef miðað er við sambærilegar tegundir. Fyrir þessara hluta sakir er Íslendingum það lífsnauðsyn að leggja sig í framkróka um það að tileinka sér hina nýju tækni, jafnskjótt og þess er kostur, og vera við því búnir að gera þær ráðstafanir innan lands, sem nauðsynlegar eru til þess að geta hrundið í framkvæmd nýbreytni í þessum efnum.

Ýmsar breytingar og endurbætur á veiðarfærum hafa rutt sér til rúms á undanförnum árum. Sumum af þessum endurbótum hefur verið komið á hér á landi, einkum við síldveiðarnar. Margt stendur þó enn til bóta í þessu efni. Hér er ekki síður en í þeim atriðum, sem drepið er á hér að framan, mikið verk að vinna. Úrlausn í því efni byggist á tvennu: eigin hugkvæmni landsmanna og hagnýtingu þeirra á erlendri nýbreytni.

Öflun nýrra markaða er eins og ekki síður mikið viðfangsefni. Kröfur til fisksins hafa í þeim löndum, sem aðalmarkaður okkar er í, verið mjög einskorðaður við fornar venjur. Nýbreytni í verkunaraðferðum átti þar því mjög erfitt uppdráttar. Á stríðsárunum hefur aðstaðan að þessu leyti gerbreytzt. Milljónir manna hafa á þessum árum vanizt á að neyta fisks, sem framleiddur er með gerbreyttum verkunaraðferðum. Þetta mun að sjálfsögðu valda því, að kröfur til fjölbreyttari framleiðslu verða háværar eftir stríðið. Íslendingar verða því að vera við því búnir að mæta þeim breytingum, sem þetta veldur í aðalmarkaðslöndum þeirra. Þá verða þeir og að leggja á það megináherzlu að ryðja fiskinum braut í þeim löndum, sem þeir áður höfðu ekki aðstöðu til að skipta við. Kemur Mið-Evrópa þar einkum til greina, og ýmislegt bendir einnig til þess, að renna megi í þessu efni vonaraugum til Ameríku. Þar, sem áður voru lokaðar leiðir til slíkra viðskipta, virðast nú, á brautum nýrrar tækni, allar leiðir opnar til stórfelldrar sölu hins ágæta fisks okkar og fiskafurða margs konar.

Að þessu leyti standa Íslendingar nú á mjög merkilegum tímamótum. Ný verkefni blasa við þeim eftir stríðið í hagnýtingu hinnar miklu matvörufamleiðslu, bæði til lands og sjávar. Öll sú margháttaða nýbreytni og tækni á þessu sviði, sem hrundið hefur verið í framkvæmd á styrjaldarárunum, á að geta verið gullnáma fyrir Íslendinga, svo framarlega sem þeir eru á verði og þekkja sinn vitjunartíma. Framtak einstaklingsins verður hér sem annars staðar að vera driffjöðrin í því, að þeim verkefnum, sem hér bíða úrlausnar, verði komið áleiðis. En það má fullkomlega gera ráð fyrir því, að þau verkefni, sem hér hefur verið lýst, séu svo fjárfrek og kostnaðarsöm í byrjun, að hið opinbera þurfi að leggja fram verulegar fjárhæðir í þessu skyni. Öll viðleitni einstaklinga og félaga, sem beinist í þá átt að leysa þetta stóra verkefni, er athyglis- og stuðningsverð, slíkt þjóðnytjamál, sem hér er um að ræða.

Fjárráð þau í þessu skyni, sem tiltæk eru samkv. lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., eins og lögin eru nú úr garði gerð, eru allsendis ófullnægjandi til þess að sinna eins og verðugt er þessu mikla verkefni. Það verður því óhjákvæmilega að auka tekjur fiskimálasjóðs þannig, að framkvæmdir á þessu sviði geti átt í honum öflugan bakhjarl. Þær breytingar, sem gera þarf á lögum, til þess að stuðningur hins opinbera við þessar margháttuðu og þýðingarmiklu framkvæmdir missi ekki marks, verða fyrst og fremst að vera með tvennum hætti: að fela þeim aðila á hendur framkvæmd þessara mála, sem bezta aðstöðuna hefur til þess að ná góðum árangri, eins og gert er í þessu frv., og að veita ríflegan fjárstuðning í þessu skyni.

Þótt þetta frv. taki ekki til nema annars þáttarins af breytingum þeim, sem vikið er að hér að framan, að gera þurfi á lögunum, er það engan veginn af því, að flm. hafi ekki áhuga á því, að aukið sé fé fiskimálasjóðs, heldur af hinu, að nú stendur yfir undirbúningur að afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, og er ekki enn séð, hvaða afstöðu Alþingi tekur til tekjuöflunar til þess að mæta nýjum útgjöldum, en á því veltur, hvort kleift reynist að efla fiskimálasjóð eða ekki. Ef fjárhagsaðstæður leyfa, mun flm. að sjálfsögðu beita sér fyrir þeim breytingum á frv., að fé fiskimálasjóðs verði aukið svo sem frekast eru föng á.

Ed. 477. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1945 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 6 1944, sem heimila að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944, en þetta frumvarp veitir sömu heimild fyrir árið 1945.

Sþ. 478. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd póstmála.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta eins fljótt á næsta ári og tök eru á framkvæma breytingar þær á póstsamgöngum í landinu, er felast í tillögum þeim frá milliþinganefnd í póstmálum, er nýlega hefur verið útbýtt á Alþingi.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd þessari.

Greinargerð.

Langt er síðan menn fundu tilfinnanlega til þess, hve strjálar — og nú hin síðari ár líka lítt ábyggilegar — póstferðirnar kringum landið og um það eru. Þetta leiddi til þess, að Alþingi kaus milliþinganefnd, til þess ásamt póststjórninni að athuga póstsamgöngurnar og fleira viðvíkjandi póstmálunum.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað áliti sínu og tillögum, og hefur þeim verið útbýtt á Alþingi. Ekki hefur nefndin lagt þetta fyrir í frumvarpsformi, og er það því á valdi póststjórnarinnar, hvort og að hve miklu leyti tillögur nefndarinnar verða framkvæmdar, þar sem fjárveitingar í fjárlögum til póstmála mega nánast skoðast áætlunarupphæðir.

Engum blandast hugur um það, að verði tillögur nefndarinnar framkvæmdar, verða stórbreytingar til bóta á póstferðunum, og mundu undantekningarlaust allir fagna því. Þess verður því að krefjast, að þeim verði hrundið eins fljótt í framkvæmd og tök eru á. Landpóstferðirnar, eins og þær eru hugsaðar í tillögum nefndarinnar, eru að verulegu leyti byggðar á því, að strandferðaskipin sigli eftir föstum, fyrir fram gerðum áætlunum. Þetta hefur ekki þótt gerlegt að láta þau gera undanfarið vegna ófriðarins, en nú hefur Alþingi samþykkt tillögu, og er ætlazt til þess, að um áramótin næstu geti skipin farið að sigla eftir föstum áætlunum, fyrir fram sömdum og auglýstum. Ætti þá úr því ekkert að vera því til fyrirstöðu

að geta farið að skipuleggja póstferðirnar eftir tillögum nefndarinnar, en að sjálfsögðu tekur það tíma að koma breytingunum á um allt landið. En því fyrr sem byrjað er á að undirbúa breytinguna, því fyrr getur hið breytta póstsamgöngukerfi komið til framkvæmda. En það er það, sem allur almenningur krefst, að verði sem fyrst.

Með samþykkt tillögu þessarar er lagt fyrir ríkisstjórnina að hraða því svo sem frekast er auðið, að hið nýja skipulag póstferðanna komist á og að það verði á næsta ári, 1945.

Þar sem áætlað er, að breytingin kosti allmikið fé, en ekki er vitað, hvenær á árinu hún kemur til framkvæmda, — en væntanlega verður það smám saman, — er ekki unnt að áætla, hvað breytingin kosti nú þetta fyrsta ár, og því þótti réttara að taka hér upp heimild til fjárveitingar, enda þótt segja megi, að til þessa verði ætlað fé í fjárlögum.

Ed. 479. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 5 9. marz 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þriggja ára reynsluskilyrði einkamálalaganna fyrir því, að lögfræðingar yrðu skipaðir í föst dómaraembætti, miðar að því að tryggja það, að lögfræðingar komi ekki með öllu óreyndir í hinar vandasömu stöður beint frá prófborði. Þriggja ára vinna við þau störf, sem greinir í 32. gr. einkamálalaganna, á að hafa veitt þeim þessa reynslu. Á síðasta þingi var ákvæðum þessarar greinar m. a. breytt á þann hátt, að skrifstofustjóri Alþingis og fulltrúi í skrifstofu þess skyldu öðlast greind réttindi eftir sama reynslutíma. Var það fyllilega rétt, að þessir aðilar nytu í þessum efnum sama réttar og samsvarandi starfsmenn í stjórnarráðinu. Það verður því að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að lögfræðingar, sem eiga sæti á Alþingi og öðlast við það margháttaða reynslu og þekkingu á lögum og framkvæmd þeirra, fái þessi sömu réttindi. En að því miðar frv. þetta.

Ed. 480. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. okt. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.
Magnús Jónsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 481. Nefndarálit

um frv. til laga um heilsuverndarstöðvar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Landlæknir hefur samið frv. þetta í samráði við berklayfirlækni og tryggingayfirlækni, og samþykkti neðri deild frv. óbreytt.

Nefndin hefur rætt og athugað frv. á nokkrum fundum og leitað umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur, Sjúkrasamlags Reykjavíkur og hjúkrunarfélagsins Líknar. Hafa allir þessir aðilar mælt með því, að frv. verði gert að lögum.

Nefndarmenn eru sammála um, að heilsuverndarstarfsemi sú, sem rekin hefur verið undanfarin ár, hafi gefizt þann veg, að sjálfsagt sé að halda henni áfram og koma jafnframt á fastara skipulagi en verið hefur, einkum að því er varðar tryggingar fyrir áframhaldandi föstum greiðslum til starfseminnar, enda fari ekki milli mála, hverjum beri að inna þær greiðslur af hendi. Þá telur nefndin eðlilegt, að heimilað sé að fela sjúkrasamlagi rekstur heilsuverndarstöðvar, ef ástæður mæla með því, að svo sé gert.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „í reglugerð“ í 2. málsgr. komi: sjúkrasamlagi eða.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi bæjarsjóðs, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.
3. Við 5. gr. Orðin „enda njóti ... skilyrðum“ í 1. málsl. falli burt.

Einn nm. (HermJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 24. okt. 1944.

H. Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. Bjarni Benediktsson.
Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara.

Nd. 482. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Aftan við 70. gr. laganna bætist:

5. Nú hefur samkomulag náðst um bætur, og skal þá jarðareiganda skylt að leita um það samþykkis sveitarstjórnar þess sveitarfélags, sem jörðin tilheyrir. Neiti sveitarstjórnin að staðfesta samkomulagið, skal mat fara fram.
6. Nú verða landspjöll af völdum miðlunarvirkis, og skal þá þriggja manna nefnd hafa á hendi varðveizlu bótafjárins og eftirlit með því, að fénu sé varið lögum samkvæmt. Nefndin skal skipuð þannig: einn skal tilnefndur af þeim landeigendum, sem fyrir landspjöllunum hafa orðið, annar af hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum, ef svo hagar til, að landspjöll frá sama vatnsvirki ná til jarða í fleiri hreppum, en þriðja manninn tilnefnir Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin hefur reikningshald geymslufjárins og starfar undir yfirumsjón Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins, sem endurskoðar reikninga nefndarinnar.
7. Bótum, sem greiddar eru vegna landspjalla af völdum miðlunarvirkja, má aðeins verja til umbóta á þeim jörðum, er fyrir skemmdum hafa orðið. Bætur þessar skulu afhentar sem geymslufé áður greindri nefnd, er ávaxtar það á tryggum stað og greiðir það eigendum þess eftir því, sem umbótum á jörðinni miðar áfram. Hver jörð heldur séreign sinni í geymslufénu, og fylgir það jörðinni, sé hún seld eða henni ráðstafað á annan hátt. Þessi ákvæði taka þó ekki til þeirra jarða, er vegna landspjalla eða af öðrum ástæðum eru taldar lítt byggilegar eða óbyggilegar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þegar svo hagar til, er jarðareiganda heimilt að verja bótafé sínu til þess að koma upp nýbýli á hentugum stað innan sama sveitarfélags eða til umbóta á eldra býli í sama sveitarfélagi, allt í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nefnd þá, er áður greinir.
8. Nú fær jarðareigandi, sem verður að flytja af ábýlisjörð sinni af framan greindum ástæðum, ekki jarðnæði eða treystist ekki til að halda áfram búrekstri, og á hann þá kröfu á, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni ásamt geymslufé hennar, með þeim skyldum, er því fylgja, fyrir það matsverð, sem bæturnar voru miðaðar við.
9. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 5.—8. málsgr. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan vatnalögin voru sett, 1923, hafa tvö stór orkuver verið reist, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, bæði án vatnsmiðlunarvirkja, og af þeim hafa ekki hlotizt teljandi landspjöll. Þriðja orkuverið er í smíðum, Skeiðsfossvirkjunin, og í sambandi við hana er fyrirhuguð allmikil vatnsmiðlun, sem eyðileggur eða stórspillir mörgum jörðum. — Í vatnalögunum er svo fyrir mælt, að þegar ráðherra hefur ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu, séu landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að láta af hendi lönd sín og mannvirki og þola hvers konar takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi.

Með ákvæðum þessum er leitazt við að tryggja framkvæmdir til almenningsþarfa og jafnframt, að hinn aðilinn, einstaklingarnir, fái skaða sinn bættan. Aftur á móti er í vatnalögunum gengið fram hjá þriðja aðilanum, sveitarfélaginu, sem einnig getur átt mikið á hættu. Þessa annmarka á lögunum gætir einkum, þegar framkvæmdir þær, er vatnalögin fjalla um, valda miklum landspjöllum og á mörgum jörðum í sama sveitarfélagi. Þegar þannig fer, er ekki nægilegt, að jarðareigandi fái fullar bætur fyrir tjón sitt. — Ef eigandi slíkrar jarðar er búsettur í öðru sveitarfélagi, hirðir hann bótaféð og lætur ef til vill við það sitja. Nokkur hætta er á, að ábúendur, sem sjá árangur að margra ára striti eyðilagðan með samþykki og aðstoð þess opinbera, leggi árar í bát, selji leifarnar af jörðum sínum, ef kaupandi fæst, og flytjist burtu með bótaféð til að setjast að í öðru sveitarfélagi, sem ekki hefur orðið fyrir slíkum eða öðrum áföllum. Ef slíku færi fram, sæti sveitarfélagið eftir með meira eða minna eyðilagðar jarðir, sem fáir hirtu um, og lítið eða ekkert handbært fé til að bæta þær. Tjóni sveitarfélags af slíkum aðförum þarf tæplega að lýsa, og fyrir lítið sveitarfélag gæti þetta með fleiru, er þessu fylgir, valdið fjárhagslegu öngþveiti í sveitarfélaginu. Það getur tæplega talizt sæmilegt, að ríkisstjórn leyfi eða fyrirskipi framkvæmdir, sem baka einstökum sveitarfélögum stórtjón, án þess að tryggja hagsmuni þeirra á nokkurn hátt. En eins og löggjöfinni er nú háttað, virðast sveitarfélögin standa varnarlaus gagnvart þessu, t. d. þegar um vatnsmiðlun er að ræða.

Tilgangur okkar flutningsmanna með þessu frv. er að bæta úr þessu, reyna að tryggja hag sveitarfélaganna, án þess að gera jarðareigendum beinlínis tjón eða veruleg óþægindi.

Sþ. 483. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og l. nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á efni tillögunnar, að tími sé kominn til endurskoðunar á vinnulöggjöfinni, en telur þó óþarft, að Alþingi mæli fyrir um skipun fjölmennrar nefndar til þess starfs. Þeim manni eða mönnum, sem ríkisstjórnin felur endurskoðunina, er innan handar og raunar sjálfsagt að hafa samstarf við alla aðila, sem hlut eiga að máli eða sérstaka reynslu hafa í þessum efnum. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að framkvæma endurskoðun og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur.

Alþingi, 25. okt. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Páll Zóphóníasson.	Steingr. Aðalsteinsson.
	Jón Sigurðsson.	

Ed. 484. Lög

um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

(Afgreidd frá Ed. 25. okt.)

Samhljóða þskj. 344.

Nd. 485. Lög

um byggingarmálefni Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Nd. 25. okt.)

Samhljóða þskj. 286.

Nd. 486. Lög

um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

(Afgreidd frá Nd. 25. okt.)

Samhljóða þskj. 332.

Nd. 487. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd sendi mál þetta vitamálastjóra til umsagnar. Mælir hann með samþykkt frumvarpsins með einni breytingu, sem nefndin hefur fallizt á.

Nefndin hefur borið frv. saman við gildandi hafnarlög Akureyrar og hafnarlög, sem Alþingi hefur samþykkt á síðari árum, og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við b-lið 1. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því): Á eftir 7. gr. laganna kemur ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:
   Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

Alþingi, 24. okt. 1944.

Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Sig. Kristjánsson, frsm. Ásg. Ásgeirsson.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 488. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Aftan við tillgr. bætist:

Skilyrði ábyrgðarinnar er, að stjórn verksmiðjunnar verði, auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar, skipuð mönnum, kosnum hlutfallskosningu af bæjarstjórn Siglufjarðar.

Nd. 489. Frumvarp til laga

um nýbyggingarráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Af inneignum Landsbanka Íslands erlendis skal jafngildi að minnsta kosti 300 milljóna ísl. króna lagt á sérstakan reikning, og skal eingöngu verja fjárhæð þeirri til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar, samkvæmt nánari ákvörðun nýbyggingarráðs.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð.

Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og, hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins.

Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi til framangreindra ráðstafana á fé samkvæmt 1. gr. skulu veitt samkvæmt tillögum nýbyggingarráðs.

Kostnaður við störf nýbyggingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð nánar um starf nýbyggingarráðs. Nýbyggingarráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína. Fela má nýbyggingarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og í raforkumálum, ef ríkisstjórnin álítur það hentugra, svo að starfið vinnist fljótar og betur, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður, jafnóðum og nýbyggingarráð tekur við störfum þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt af ríkisstjórninni til þess að lögfesta einn hluta af stefnuskrá hennar. Birtist hér á eftir sá hluti stefnuskrárinnar, er varðar efni frumvarpsins:

Það er meginstefna stjórnarinnar að tryggja það, að allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur.

Þessu markmiði leitast stjórnin við að ná m. a. með þessu:

1. Af erlendum gjaldeyri bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum sé jafnvirði eigi minna en 300 millj. ísl. kr. sett á sérstakan reikning. Má eigi ráðstafa þeim gjaldeyri án samþykkis ríkisstjórnarinnar og eingöngu til kaupa á eftirtöldum framleiðslutækjum:
   a. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl., samtals a. m. k. 200 millj. kr.
   b. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerðar, skipasmíða o. fl. — um 50 millj. kr.
   c. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbúnaðarafurða og jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl. — um 50 milljónir kr.

   Fært skal milli flokka, ef ríkisstjórnin telur ráðlegt, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. lið hér á eftir. Nefnd sú geri sem fyrst tillögur um frekari hagnýtingu erlendra innstæðna, svo sem um efniskaup til bygginga. Almennt byggingarefni, svo sem sement og þess háttar, telst með venjulegum innflutningi. Efni til skipa, véla og þess háttar, sem smíðað er innan lands, telst með innflutningi framleiðslutækja.
2. Ríkisvaldið hlutast til um, að slík tæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands, svo fljótt sem auðið er.
3. Tæki þessi skulu seld einstaklingum eða félögum og slík félög m. a. stofnuð að opinberri tilhlutun, ef þörf gerist.

   Framleiðslutæki, sem keypt kunna að verða fyrir framlag hins opinbera að nokkru eða öllu leyti, skulu ekki seld með tapi, nema öll ríkisstjórnin samþykki eða Alþingi ákveði.
4. Ríkisstjórnin skipar nefnd, er geri áætlanir um, hver atvinnutæki þurfi að útvega landsmönnum til sjávar og sveita til að forðast, að atvinnuleysi skapist í landinu.
5. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og vald hennar. Skal það m. a. ákveðið, að nefndin skuli leita fyrir sér um kaup framangreindra framleiðslutækja erlendis og smíði þeirra innan lands og hafa milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

   Komi í ljós, að vegna viðskiptareglna annarra þjóða verði talið hagkvæmt eða nauðsynlegt, að einungis einn aðili fjalli um kaup ofangreindra tækja, svipað og nú er um sölu á flestri útflutningsvöru landsmanna, skal ríkisvaldið hafa alla milligöngu í þessum efnum.
6. Við nýsköpun þá á atvinnulífi þjóðarinnar, er hér hefur verið getið, skal hafa sérstaka hliðsjón af þeim sölumöguleikum, sem tekst að tryggja Íslandi í heimsviðskiptunum.

   Framkvæmdum innan lands í sambandi við öflun þessara framleiðslutækja skal haga með hliðsjón af atvinnuástandi í landinu, í því skyni, að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi, meðan verið er að útvega hin nýju framleiðslutæki.

   Ríkisstjórnin mun taka til athugunar, hverjum öðrum framkvæmdum ríkisvaldið skuli beita sér fyrir í því skyni að forðast atvinnuleysi.

   Fjár til þessara þarfa skal, að svo miklu leyti sem það fæst eigi með sköttum, aflað með lántökum, e. t. v. skyldulánum. Athugað skal, hvort til greina komi skylduhluttaka í atvinnutækjum eftir fjáreign.

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að framkvæma endurskoðun og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Sþ. 491. Tillaga til þingsályktunar

um hlutleysi ríkisútvarpsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að í fréttum ríkisútvarpsins verði gætt hlutleysis gagnvart stjórnmálastefnum og stjórnmálaflokkum í landinu og stjórnmálaáróður ekki leyfður í útvarpinu nema í almennum umræðum, þar sem stjórnmálaflokkum er ætlaður jafn ræðutími.

Greinargerð.

Í „reglum um flutning innlendra frétta ríkisútvarpsins“, sem út eru gefnar 17. jan. 1939, segir í fyrstu grein á þessa leið: „Fréttir þær, sem ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.“

Reglur þessar voru settar samkv. reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins 24. jan. 1936 og samþykktar af útvarpsráði 10. jan. 1939 „til leiðbeiningar og eftirbreytni öllu starfsliði fréttastofu ríkisútvarpsins, sem annast innlendar fréttir“.

Yfirleitt mun það hafa verið álit almennings, að ríkisútvarpið eigi að gæta fyllsta hlutleysis í stjórnmálum, enda hefur þessa hlutleysis ekki einungis verð gætt í hinum almennu fréttum, heldur einnig haft eftirlit með tilkynningum, sem fluttar eru í auglýsingatíma, svo að þar yrði eigi stjórnmálaáróðri við komið, og brýnt fyrir þeim, er erindi flytja, að bregðast ekki trausti útvarpsins í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, hefur nýlega dregið til nokkurra stjórnmálaviðburða hér á landi með myndun nýrrar ríkisstjórnar. En slíkir viðburðir í stjórnmálalífinu valda ottast meiri og minni deilum, og er þá sérstaklega áríðandi, að útvarpinu takist að vernda hlutleysi sitt.

Útvarpsráð virðist líka um það leyti, sem stjórnarmyndunin varð kunn, hafa ætlað að gæta fyllstu varkárni í þessu efni, og það svo, að ýmsum þótti of langt gengið. Hinn 16. október birtist í fréttum útvarpsins viðtal við Ólaf Thors, formann Sjálfstæðisflokksins, þar sem hann skýrði frá því, að Sjálfstæðisflokkurinn og tveir aðrir þingflokkar hefðu komið sér saman um stjórnarmyndun. Næsta dag afhentu fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins útvarpinu yfirlýsingu, þar sem skýrt var frá því, að þeir tækju ekki þátt í stjórnarmynduninni. Þingmenn þessir munu hafa talið, að hér væri aðeins um leiðréttingu að ræða eða nauðsynlega skýringu, af því að formaður flokks þeirra hafði ekki getið um sérafstöðu þeirra í viðtalinu. En útvarpsráð mun sennilega hafa litið svo á, að leiðréttingin kynni að verða skoðuð sem ádeila á hinn væntanlega forsætisráðherra, og samþykkti á fundi, að ekki mætti birta hana í útvarpsfréttum.

En síðan núverandi ríkisstjórn settist að völdum, virðist hér hafa orðið mikil breyting á. Hvað eftir annað hafa verið birtar í útvarpsfréttunum ályktanir funda í stéttarfélögum eða stjórnum stéttarfélaga um afstöðu til ríkisstjórnarinnar og stofnun hennar. Þar er sums staðar hrósað happi yfir því, að fyrrverandi ríkisstjórn sé farin frá völdum, og látin í ljós ánægja yfir myndun hinnar nýju stjórnar, en hreytt ónotum í þá, sem ekki eru stuðningsmenn hennar. Í einni ályktuninni er — jafnhliða lofinu um stjórnina — talað um, að stefna hennar „muni mæta andspyrnu þeirra þjóðfélagsafla, sem andvíg eru atvinnulegum framförum", og stjórnarandstæðingum þannig gerðar upp sakir um, að þeir séu á móti framförum í landinu. Í annarri „skorar fundurinn á verkalýðssamtökin um allt land að veita ríkisstjórninni stuðning". Í þeirri þriðju lýsir fundur sig „samþykkan málefnasamningi þeim, sem hún (ríkisstjórnin) hefur gert, og heitir henni fullum stuðningi sínum". Í hinni fjórðu eru núverandi forsætisráðherra færðar „beztu þakkir fyrir unnið afrek í þágu þjóðarinnar".

Engum, sem hlýðir á þessar stjórnmálafréttir, getur blandazt hugur um, að þær eru mjög „mengaðar ... hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum" og jafnvel um „einstaka menn", svo að þrætt sé nákvæmlega orðalag um það, sem bannað er í fréttareglum útvarpsins. En auk hinna „hlutsömu umsagna" eru þær einnig mengaðar „ádeilum".

Það er eftirtektarvert, að allar þessar „hlutsömu" stjórnmálafréttir eru birtar undir fyrirsögninni: „Frá skrifstofu forsætisráðherra hefur fréttastofunni borizt ..." o. s. frv. Má af því draga þá ályktun, að hér sé látið undan húsbóndavaldi ríkisstjórnarinnar, enda ólíklegt, að útvarpsráð gæti samþykkt birtingu slíkra frétta, þegar litið er á afstöðu þess til a. m. k. mjög hlutlitilla stjórnmálafregna eins og áðurnefndrar leiðréttingar hinna fimm stjórnarandstöðuþingmanna úr Sjálfstæðisflokknum.

Rétt er að geta þess, að á stéttarfélagafundum þeim, er gert hafa téðar ályktanir, hafa engir fulltrúar verið mættir af hálfu þess hluta Alþingis, sem styður ekki ríkisstjórnina. Hins vegar hafa á sumum fundunum mætt tveir ráðherrar úr ríkisstjórninni til að halda fram málstað hennar, en í sumum félögunum eru forsætisráðherrann og vandamenn hans meðal helztu ráðamanna. Þessar staðreyndir draga vitanlega úr gildi ályktananna og hinna pólitísku dóma, sem í þeim felast, a. m. k. í augum þeirra, sem kunnugir eru. En rétt þykir að koma í veg fyrir það þegar í byrjun, að sá háttur verði upp tekinn að nota útvarpið til einhliða áróðurs fyrir stjórnarvöld landsins, enda hefur slíkur áróður haft þær afleiðingar sums staðar erlendis, að flestum ætti að vera minnisstætt. Verður að telja það skyldu Alþingis að sjá svo um, að hér verði þegar bót á ráðin.

Nd. 492. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 1935 og afnám laga nr. 22 1943, um hafnargerð á Hornafirði.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 58 1935 orðist svo:

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði $^3/_5$ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1080000.00 — einni milljón og áttatíu þúsund krónum —, gegn $^2/_5$ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns.

Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingarleiðinni.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 720000.00 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1935 voru fyrst sett lög um hafnargerð á Hornafirði. Samkvæmt þeim lögum var heimilað að verja til hafnarframkvæmda þar 130 þús. krónum. Var unnið fyrir nokkurn hluta þeirrar upphæðar um sama leyti og lögin voru sett. Með því var þó ekki leyst af hendi nema lítið eitt af því, sem gera þarf til endurbóta á höfninni.

Þegar séð var, hvað hin fyrsta framkvæmd kostaði, varð augljóst, að fjárframlag það, sem hafnarlögin heimiluðu, var alls ekki fullnægjandi og þeim mun síður, er dýrtíðin óx.

Á þinginu 1942—43 var því hafnarlögunum breytt í það horf, að heimilað var að leggja fram samtals hálfa milljón króna til hafnargerðarinnar. Þá hafði ekki verið rannsakað til fulls, hvað gera skyldi, svo að ekki þótti gerlegt þá að spenna bogann meira en gert var.

Síðan hafa verið gerðar athuganir um nauðsynlegar umbætur á höfninni. Hefur vitamálaskrifstofan nú lokið við áætlanir og uppdrátt að þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á þessum stað. Kemur þá í ljós, að það fjárframlag, sem hafnarlögin heimila til framkvæmdanna, muni reynast allt of lágt. Kostnaðaráætlun vitamálastjóra fylgir hér með. Nær hún yfir flestar þær framkvæmdir, sem rætt hefur verið um, að gera þyrfti á þessum stað, þótt ekki sé enn fullráðið um þau verk, sem sumir liðir áætlunarinnar fjalla um.

Kostnaðaráætlunin nemur samtals 360 þús. krónum. Er þá miðað við verðlag, eins og það var fyrir stríðið. Þess vegna má ætla, að kostnaðurinn reynist nú fjórum til fimm sinnum hærri en þar er talið, og eru ákvæði frumvarpsins miðuð við það. Hér er því farið fram á að breyta ákvæðum laganna í það horf að heimila einnar millj. og átta hundruð þús. króna framlag til hafnarbóta á þessum stað.

Hornafjörður er í senn eini verzlunarstaður Austur-Skaftafellssýslu og mikil fiskveiðistöð. Um það eiga héraðsbúar ekki einir hlut að máli. Þangað sækja árlega tveir til þrír tugir vélbáta úr öðrum sýslum, einkum af Austfjörðum, til fiskveiða á vetrarvertíð. Hornafjörður er því í raun réttri fiskihöfn fyrir heilan landsfjórðung. Vegna þeirrar sérstöðu, sem Hornafjörður hefur að þessu leyti, og sökum þess að óhjákvæmilegt er að hefjast þarna handa um miklar framkvæmdir, m. a. til að greiða götu allra þeirra, sem leita til Hornafjarðar á vetrarvertíðinni, er hér vikið frá ákvæðum laganna, eins og þau eru nú, um þátttöku ríkisins í hafnargerðinni, og lagt til, að ríkissjóður greiði ⅗ hluta alls kostnaðarins.

Fylgiskjal.

Áætlun vitamálastjóra um kostnað við hafnargerð á Höfn í Hornafirði.

Hér fer á eftir kostnaðaráætlun að framkvæmdum þeim, sem helzt hefur komið til mála, að gerðar yrðu, eftir athugun staðhátta og viðtali við ráðandi menn á staðnum. Er í öllum áætlununum miðað við verðlag 1938.

Dýpkun. Hvað dýpkun viðvíkur, þá virðist eindregin ósk allra hlutaðeigandi, að svæðið framan kauptúnsins yrði aðalhafnarsvæði staðarins, þannig að bátar gætu komizt að bryggjum þeim, sem þar eru, hvernig sem stæði á sjó, og haft legupláss við bryggjurnar og á svæðinu fram af. Í samræmi við það hefur verið gert ráð fyrir að dýpka niður í þriggja m dýpi við stórstraumsfjöruborð, í fyrsta lagi 20 m breiða rennu eða rás, sem gengi frá Mikleyjarál og inn undir Heppu, og í öðru lagi allt svæðið frá Heppu og inn fyrir bryggju Sig. Ólafssonar. Yrði það einnig dýpkað í þriggja m dýpi um lægstu fjöru. Breidd þess dýpkunarsvæðis yrði allt að 60 m um miðbikið, en mjókkandi til beggja enda. Gæti þá orðið þar allgott legupláss og snúningspláss fyrir báta og skip. Það magn, sem taka þyrfti upp, yrði samkvæmt nýjustu dýptarmælingum ekki undir 40000 m³. Með því að reikna með kr. 3.00 dýpkunarkostnaði pr. m³ yrði þessi upphæð kr. 120000.00.

Sandvarnargarður. Þar sem mikill straumur er austur sundin, sem stafar frá, að kvísl úr Hornafjarðarfljóti fellur þar í gegn, er hætt við, að sandur og leir berist á hið dýpkaða svæði. Er talið nauðsynlegt, að garður verði lagður frá landi og út í Ósland til að loka fyrir straum þennan. Er vegalengd þessi um 530 m. Ef rekið yrði niður plankaþil með svipuðu sniði og garður sá, sem gerður var frá Heppu í Standey árið 1935 og reynzt hefur vel, má gera ráð fyrir um kr. 90.00 kostnaði á hvern lengdarmetra garðs eða samtals kr. 48000.00. Þyrfti garðurinn að vera gerður um svipað leyti og dýpkunin færi fram. Væri þá straumur útilokaður nema sjávarfallsstraumur inn á sjálfan pollinn, og mætti þá gera ráð fyrir, að ekki yrði mikil hætta á sandburði úr því.

Bryggja. Gert hefur verið ráð fyrir að gera bryggju úr víkinni og yrði hún eign hafnarinnar sjálfrar. Er hún 50 m á breidd og allt að 60 m löng. Er hún gerð sem fylling með grjót- og malarfláa á hliðum, en fremsti hlutinn er staurabryggja, 6 m breið (og 50 m löng). Hæðin er ca. einn m yfir stórstraumsflóð. Mætti sennilega nota eitthvað af efni því, sem mokað yrði upp í fyllinguna. Er bryggja þessi áætluð á kr. 50000.00. Þar af er staurabryggjan kr. 30000.00 og fyllingin kr. 20000.00.

Hafskipabryggja. Loks hefur verið gerð áætlun að hafskipabryggju út frá Standey fram í Mikleyjarál. Nær hún út í ca. 6 m dýpi. Er hún gerð sem staurabryggja. Er landgangur bryggjunnar 7,0 m á breidd og ca. 66 m á lengd og aðalbryggjan 50 m á lengd og 12 m á breidd. Er bryggjan áætluð á kr. 110000.00.

Vegur. Til þess að bílfært verði að bryggjunni, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera uppfyllingu fyrir vegi frá Heppu í Standey og leggja veg eftir Standey að bryggjustæðinu. Kemur vegurinn meðfram strandvarnargarði þeim, sem lagður var 1935, og er hann ca. 7,5 m á breidd að ofan með grjót- og malarfláa á útbrún. Hæð vegar er ca. 10 m yfir stærsta flóð. Mætti, eins og áður er sagt, nota efni það, sem grafið yrði, sem fyllingu undir veginn. Er reiknað með kr. 3.00 pr. m³ fylling, og verður þá vegurinn frá Heppu í Standey kr. 32000.00.

Heildarkostnaður yrði þá sem hér segir:

I. Sandvarnargarður í Ósland 530 m	kr.	48000.00
II. Dýpkun ca. 40000 m³ á kr. 3.00	—	120000.00
III. Bryggja í Víkinni með fyllingu 50 m breið	—	50000.00
IV. Vegur frá Heppu í Standey	—	32000.00
V. Hafskipabryggja frá Standey	—	110000.00
	Kr.	360000.00

Fyrir utan það, sem nú er talið, væri æskilegt, að innsiglingarleiðin yrði dýpkuð. Er aðallega um haft að ræða fram og inn af eynni Helli. Samkvæmt mælingum, sem gerðar voru á síðasta sumri, reyndist dýpi þar ekki nema 3—4 m miðað við stórstraumsfjöru á ca. 400 m breiðri spildu. Væri dýpkuð þar renna 30 m breið, mætti gera ráð fyrir, að taka þyrfti um 15000 m^3 burtu, ef dýpkað yrði niður í 5,0 m (miðað við fjöru), og bætist þá sá kostnaður við það, sem áður er talið.

Þar sem dýpkunin ásamt hinum nauðsynlega sandvarnargarði er stærsti liðurinn í áætluninni, gæti komið til mála að dýpka í fyrstu aðeins lítið svæði milli Standeyjar og Álaugaeyjar ásamt svæðinu sunnan hinnar væntanlegu hafskipabryggju við Standey. Gæti maður þá hugsað sér, að byrjað yrði á því og gerð yrði hafskipabryggjan ásamt vegi út í Standey. Þótt ekki yrði gert meira í fyrstu, mætti telja það mjög mikilvæga umbót á hafnarskilyrðum staðarins. Hins vegar verður að telja nokkra hættu á, að sandur berist aftur á hið dýpkaða svæði.

Sþ. 493. Breytingartillaga

við till. til þál. um byggingu rannsóknarstöðvar á Keldum í Mosfellssveit.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fyrir „750 þús.“ í tillögugreininni kemur: 950 þús.

Nd. 494. Breytingartillögur

við frv. til l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Sigurði Guðnasyni.

1. Við 2. gr.
   Á eftir orðunum „næsta aðalfundi sambandsins“ í fyrstu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þegar búnaðarsambandsfundur hefur ákveðið að koma á jarðræktarsamþykkt, skal Búnaðarfélag Íslands láta fara fram nákvæma rannsókn á byggðasvæði sambandsins, er leiði í ljós, hvaða jarðir eru óhæfar til framtíðarábúðar sökum slæmra ræktunarskilyrða, ágangs af völdum náttúruafla, erfiðleika á að komast í samband við vegakerfi, rafveitu og annað, er nauðsynlegt má telja, svo að hægt sé að reka menningarbúskap, og skulu þær jarðir ekki koma til greina við framkvæmdir, er gerðar verða eftir ákvæðum þessara laga.
2. Við 3. gr.
   Á eftir orðunum „staðhættir leyfa“ í 2. málsgr. falli niður setningin: „Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt.“
3. Við 4. gr.
   a. Aftan við 3. tölul. bætist: ef rannsókn leiðir í ljós, að jörðin sé hæf til framtíðarábúðar.
   b. Aftan við 3. málsgr. bætist: Sbr. þó ákvæði 2. gr.

Nd. 495. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „Staðarfelli í Dalasýslu“ komi: Helgafelli í Snæfellsnessýslu.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar

um þátttöku í alþjóðlega verkamálasambandinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku í alþjóðlega vinnumálasambandið (I. L. O.) og greiða kostnað við þátttökuna úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun Alþingis frá 15. október 1943 var ríkisstjórninni falið að athuga um þátttöku í alþjóðlega vinnumálasambandinu (I. L. O.). Mun síðan ekkert hafa gerzt í málinu, fyrr en Íslandi var boðin þátttaka í alþjóðlega vinnumálaþinginu á þessu ári.

Í málefnasamningi um ríkisstjórnina segir svo:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið og tryggt, að samþykkt verði á Alþingi, að Ísland gerist nú þegar þátttakandi í I. L. O. eða í þeirri stofnun, er við hennar störfum kann að taka.“

Hið alþjóðlega vinnumálasamband er félagsskapur þjóða, kostaður af ríkisstjórnum og stýrt á lýðræðisgrundvelli af fulltrúum ríkisstjórna, vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Var það upphaflega einn þáttur þjóðabandalagsins, en þó óháð því, þannig að þátttaka í vinnumálasambandinu er eigi háð þátttöku í þjóðabandalaginu. Í stríðsbyrjun flutti alþjóðlega vinnumálasambandið aðalskrifstofu sína til Montreal í Kanada, en hefur auk þess skrifstofu í nokkrum öðrum löndum og heldur áfram starfi sínu þrátt fyrir ófriðinn.

Markmið þess er að efla félagslegt réttlæti í öllum löndum heims. Í því skyni viðar það að sér upplýsingum um verkamál og ástand í félagsmálum, ákveður lágmarkskröfur hvarvetna og samræmir kröfurnar í hverju landi eftir högum þess og þörfum.

Starfræksla sambandsins er eins og hér segir:

Alþjóðlega vinnumálaskrifstofan annast nauðsynleg skrifstofustörf, alþjóðaupplýsingastarfsemi og útgáfustarf. Við hana vinna sérfræðingar frá ýmsum löndum, en kunnáttu þeirra, reynslu og ráðlegginga geta allar þær þjóðir notið, sem eru meðlimir sambandsins. Það hefur útibú í mörgum löndum og auk þess samband við aðrar skrifstofur víða um heim.

Í stjórnarnefndinni eru 16 fulltrúar ríkisstjórna, 8 fulltrúar vinnuveitenda og 8 fulltrúar verkamanna. Hún er framkvæmdanefnd sambandsins, hefur yfirumsjón með starfsemi skrifstofunnar og semur fjárhagsáætlun hennar.

Alþjóðlega vinnumálaþingið er alheimsþing um verkalýðs- og félagsmálefni. Í nefnd frá hverri þjóð til að mæta á ársfundum eru fjórir nefndarmenn, tveir fyrir hönd ríkisstjórnar, einn fyrir hönd vinnuveitenda og einn fyrir hönd verkamanna.

Hver hinna þriggja fulltrúaflokka hefur óbundin réttindi til umræðna og atkvæðagreiðslu, svo að öll sjónarmið geti komið fyllilega í ljós.

Þingið samþykkir alþjóðlegar lágmarkskröfur, sem eru felldar inn í sérstaka alþjóðasamninga, er nefnast **samþykktir** (Conventions) eða **álitsskjöl** (Recommendations). Byggjast þær á nákvæmri rannsókn og umræðum. Þar sem ⅔ hluta atkvæða þarf til samþykkis þeirra, þá má segja, að það, sem í þeim felst, sé allherjarsamkomulag, byggt á rökstuddu almenningsáliti um heim allan. Síðan á fyrsta þinginu 1919 hefur vinnumálaþingið gefið út 67 samþykktir og 73 álitsskjöl. Eru þau um vinnudag, orlof með launum, barnavernd og kvenna, varnir gegn og bætur fyrir slys, tryggingar gegn atvinnuleysi, sjúkdómum, elli og dauða, verkalýðsvandamál í nýlendum, aðbúnað sjómanna o. s. frv. Meginákvæði allra samþykkta og álitsskjala hafa ásamt málsskjölum og upplýsingum um alþjóðaástand í vinnumálum verið dregin saman í bók, sem nefnist The International Labour Code (Lagasafn um alþjóðavinnumálefni), sem skrifstofan gaf út 1941.

Ákvarðanir þingsins eru ekki bindandi fyrir hvert ríki, fyrr en þær hafa hlotið samþykki þjóðarþings. Hafi löggjafarþing staðfest samþykkt vinnumálaþings, hljóta stjórnarvöldin að beita samþykktinni og leggja fram árlega skýrslu um, hvernig framkvæmd hefur verið hagað, og er sú skýrsla endurskoðuð af sérstökum starfsnefndum hins alþjóðlega vinnumálasambands.

Vinnumálasambandið hafði eigi haldið þing í 5 ár, þangað til á þessu ári, að þing var kvatt saman í Philadelphia.

Samþykkti þingið yfirlýsingu, sem staðfestir, að höfuðmarkmið hins alþjóðlega vinnumálasambands í innanlands- og alþjóðamálefnum séu félagsmál. Það samþykkti einnig álitsskjöl um atvinnu, almannatryggingar og lágmarkskröfur í vinnumálum nýlendna.

Fulltrúi Íslands á þinginu var Þórhallur Ásgeirsson sendiráðsritari í Washington. Hefur hann sent ríkisstjórninni greinargóða skýrslu um störf þingsins, þar sem getið er einnig helztu starfa vinnumálasambandsins. Telur Þórhallur að fengnum upplýsingum, að árlegur kostnaður við þátttöku Íslands í vinnumálasambandinu muni vera 2000—3000 dollarar, en að auki kemur svo kostnaður við að senda fulltrúa á þing sambandsins, sem munu verða haldin annað hvert ár.

Þar eð vinnumálaskrifstofan mun verða mikill þáttur í alþjóðlegu samstarfi að ófriðnum loknum og hefur þegar unnið merkilegt félagsmálastarf, verður að teljast mikilsvert, að Ísland gerist þátttakandi nú þegar í hinu alþjóðlega vinnumálasambandi.

Nd. 497. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

3. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur, allt að 1000000.00 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í 3. gr. laga nr. 102/1936, um landssmiðju, eru ákvæði um, að ríkisstjórnin skuli afhenda landssmiðjunni lóð undir nauðsynleg mannvirki og þegar lóðin hafi

verið afhent, skuli landssmiðjunni heimilt að hefja smíði þeirra verkstæða, er henni eru nauðsynleg. Þá er svo ákveðið í téðri lagagrein, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur til bygginga og vélkaupa, allt að 1000000 krónum.

Nú hefur landssmiðjan byggt stórt og fullkomið hús yfir starfsemi sína og keypt mikið af nýtízku vélum. Þessar framkvæmdir hafa kostað mikið fé, og hefur landssmiðjan orðið fram til þessa að sæta óhagkvæmum lánskjörum. Til þess að bæta úr þessu er lagt til í frumvarpinu að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 1000000 króna lán fyrir landssmiðjuna í þeim tilgangi, að hún fái löng og vaxtalág lán.

Sþ. 498. Breytingartillaga

við till. til þál. um byggingu rannsóknarstöðvar á Keldum í Mosfellssveit.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fyrir „750 þús. krónum“ í tillögugreininni kemur: 1 milljón króna.

Sþ. 499. Þingsályktun

um endurskoðun á löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur.

(Afgreidd frá Sþ. 14. nóv.)

Samhljóða þskj. 490.

Sþ. 500. Tillaga til þingsályktunar

um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja á næsta ári smíði brúar yfir Jökulsá á Fjöllum.

Greinargerð.

Þegar ákveðið var að láta ⅕ hluta af benzínskatti renna í brúasjóð og það síðar hækkað í ⅖ hluta, var fram tekið, að úr brúasjóði skyldi fyrst tekið fé til að smíða brú á Jökulsá á Fjöllum. Í árslok 1945 má ætla, að komið verði nægjanlegt fé í brúasjóð til að smíða brúna fyrir, og er því tímabært að hefja smíði hennar á næsta ári, enda líklegt, að þá verði hægt að fá byggingarefni, svo að brúarsmíðin þurfi ekki að stranda á því. Um þörfina á brúnni þarf ekki að ræða. Allir vita, að bílleiðin milli Akureyrar og Austurlands styttist um 86 km, ef brúin kæmi, og má margt segja um, hvers virði það er í tímasparnaði, benzínsparnaði og sparnaði í viðhaldi bifreiða. En jafnframt er svo á hitt að líta, að brúin á Jökulsá í Axarfirði er hengibrú og orðin gömul, en mun endast miklu lengur, ef aðalbílaumferðin milli Norður- og Austurlands verður færð á hina nýju brú, sem ætlað er að smíða yfir Jökulsá ofar eða á Hólsfjöllum.

Sþ. 501. Þingsályktun

um byggingu rannsóknarstöðvar á Keldum í Mosfellssveit.

(Afgreidd frá Sþ. 14. nóv.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja af tekjuafgangi yfirstandandi árs allt að 1 milljón króna til þess að koma upp rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum á Keldum í Mosfellssveit, enda komi jafnhátt framlag á móti annars staðar að.

Sþ. 502. Nefndarálit

um till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hélt alls 4 fundi um þetta mál. Leitaði hún um það umsagnar landlæknis og yfirlæknisins á Kleppi, dr. Helga Tómassonar. Er bréf landlæknis birt hér með sem fylgiskjal, en með því að erindi dr. Helga Tómassonar er löng og ýtarlega skýrsla um gang þessara mála á síðustu 11 árum, m. a. langir kaflar teknir þar upp úr skýrslum Nýja spítalans yfir þetta tímabil, auk þess, sem hann og landlæknir virðast vera sammála um meginástæðurnar fyrir því ástandi, sem nú ríkir í þessum málum, svo og um framtíðarlausn þessara mála í aðalatriðum, þótti nefndinni ekki ástæða til að láta birta erindið sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Nefndin kvaddi til sín á fund báða fyrrnefnda lækna, eftir að hún hafði meðtekið umsagnir þeirra og athugað þær, og ræddi við þá gaumgæfilega um málið frá ýmsum hliðum. Kom í ljós við þessar umræður og við þær upplýsingar aðrar, er nefndin hafði aflað sér, að meginorsakirnar fyrir því öngþveiti, sem þessi mál eru nú í, eru sem hér segir:

a) Tilfinnanlegur skortur á húsnæði fyrir geðveikt fólk, ekki aðeins til bráðabirgða, heldur um alla framtíð. Hefur Alþingi og fyrrverandi ríkisstjórnum verið þetta kunnugt um mörg ár, þótt ekki hafi verið gerð gangskör að því að bæta úr því, eins og þörfin þó krafðist.

b) Svo tilfinnanlegur skortur er nú á starfsmannaliði spítalans, að ógerlegt er að bæta við nýjum sjúklingum, þótt húsnæði væri fyrir hendi, nema því aðeins, að fyrst yrði bætt úr þeim vandræðum, sem stafa af skorti á hjúkrunarliði.

Hvað snertir hið fyrra atriði, þá leit nefndin svo á, að nauðsyn bæri til þess að hefja þegar undirbúning að framtíðarlausn geðveikismálanna í landinu. Kemur þá til greina:

1) Hvort reisa skuli eitt nýtt sjúkrahús, er væri nægilega stórt til þess að fullnægja þörfinni eins og hún er nú eða kann að verða á hverjum tíma, og þá jafnframt að velja þeim spítala heppilegan stað.

2) Hvort gerlegt þætti og heppilegra að hafa spítalana smærri og fleiri og jafnvel að byggja þá að einhverju leyti í sambandi við héraðsspítala.

3) Hvort halda skuli áfram að byggja við núverandi spítala á Kleppi, eftir að vitað er, að þar er þegar fyrirhugað stórt athafnasvæði með margvíslegum mannvirkjum, er ekkert eiga sameiginlegt með spítalastofnun, auk þess, sem árlega þrengist að spítalanum vegna íbúðarhúsa, sem fjölgar umhverfis hann árlega.

Um þetta vill nefndin ekki að svo stöddu kveða upp neinn dóm, en hún vill leggja áherzlu á, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin láti nú þegar gera gangskör að

því, að úr þessu verði skorið án tafar, svo að það út af fyrir sig þurfi ekki að tefja aðrar framkvæmdir í málinu.

Hvað snertir síðara atriðið, þá er nefndinni fullljós sú þörf, sem á því er að fá bætt til bráðabirgða úr því hörmungarástandi, sem ríkir í þessu máli víðs vegar um landið. En með því að ljóst er, að skortur á hjúkrunarliði veldur hér mestu um, er ljóst, að það er ekki á valdi þingnefndar að bæta úr því nema að því leyti, sem snertir launakjör starfsfólksins. En það atriði hefur verið tekið til meðferðar með frv. því til launalaga, sem liggur fyrir þessu þingi, og er því ekki ástæða fyrir þessa nefnd að gera um það neinar sérstakar ályktanir. Hins vegar væntir nefndin þess, að ríkisstjórnin geri allt, sem unnt er, til þess að bæta úr brýnustu þörfinni bæði um húsnæði og fólkshald til bráðabirgða, án þess þó að stofnað sé til kapphlaups á milli sjúkrahúsa landsins um starfskrafta þá, sem fyrir eru og ekki mundi leiða til annars en nýrra erfiðleika fyrir alla aðila.

Þá vill nefndin einnig benda á, að á meðan þetta ástand ríkir, er nauðsynlegt, að þeim einum sjúklingum sé veitt móttaka á geðveikisspítalanum eða haldið þar, sem nauðsynlegast þurfa spítalavistarinnar með og m. a. eru hættulegastir fyrir þjóðfélagið, ef lausir gengju, eða kunna að leggja í rústir heil heimili, ef eigi er unnt að koma þeim á spítala, en hinir fluttir til, sem hægara kynni að vera að hafa meðal annarra sjúklinga.

Nefndin er því einróma sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning að framtíðarlausn geðveikismála og gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða til þess að bæta úr brýnustu þörf, m. a. um húsnæði og fólkshald.

Alþingi, 9. nóv. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson. Sigurður Þórðarson. Ásg. Ásgeirsson.
Jón Sigurðsson. Ingólfur Jónsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN
Reykjavík, 16. október 1944.

Til svars erindi nefndarinnar, dags. 7. þ. m., varðandi þingsályktunartillögu á þingskjali 365 um aukið húsrými fyrir geðveikt fólk, sendi ég yður hér með hjálagða skýrslu um legudagafjölda á Kleppi síðan árið 1939 svo og afrit af bréfi yfirlæknisins á Kleppi, dags. 11. þ. m., þar sem hann svarar fyrirspurnum mínum í bréfi, dags. 9. þ. m., er ég hafði beint til hans í tilefni af erindi nefndarinnar, og fylgir einnig afrit af því bréfi mínu.

Með tilvísun til þessara gagna, svo og fyrir kunnugleika minn á þessum málum að öðru leyti, verð ég að líta svo á, að hjúkrunarkvennaskortur og önnur starfsfólksvandræði séu, eins og stendur, erfiðasti þröskuldurinn, þegar um það er að ræða að búa auknum fjölda geðveikra sjúklinga samastað. Tel ég mig hafa ástæðu til að bera kvíðboga fyrir því, að á þeim erfiðleikum hljóti að stranda flestar skyndiráðstafanir um útvegun húsnæðis í þessu skyni, og því fremur sem meira bráðabirgðasnið yrðu á húsnæðinu og öllum aðbúnaði. Vildi ég eiga þess kost að ræða mál þetta ýtarlega við nefndina. Jafnframt mundi ég vilja láta bera á góma, hver höfuðnauðsyn er á því, að ekki dragist lengur að hefja ráðstafanir til að auka

til frambúðar sjúkrahúsrými fyrir geðveika sjúklinga, til þess að ekki þurfi að koma til þess, þegar úr raknar starfsfólksvandræðunum, að þá verði eftir sem áður ekkert unnt að gera vegna húsnæðisvandræða. Hef ég árum saman aldrei þagnað á því, hver höfuðnauðsyn er að láta verða úr því að reisa hina margfyrirhuguðu deild fyrir órólega sjúklinga á Kleppi, en allar ríkisstjórnir og Alþingi jafnan daufheyrzt við. Og meðfram þess vegna er nú svo komið sem komið er.

Vilm. Jónsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 503. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar, allt að þriggja milljóna króna lán, sem Vestmannaeyjakaupstaður tekur til þess að standast kostnað við stækkun rafstöðvarinnar og við endurbætur á rafleiðslukerfi bæjarins.

Greinargerð.

Með ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja var þingmanni kjördæmisins falið að flytja það mál á Alþingi, er hér ræðir um.

Stækkun og endurbót á rafstöð og rafleiðslum í Vestmannaeyjum er orðin mjög aðkallandi. Bærinn býr við mjög léleg skilyrði, hvað rafmagn snertir. Hinar hraðfara framfarir, sem orðið hafa í Vestmannaeyjum í útgerð, skipasmíðum, fiskiðnaði og öðrum iðnaði, kalla mjög á aukið rafmagn, bæði til ljósa og iðnaðar.

Sú aukning, sem nú stendur fyrir dyrum, er aðkallandi nauðsyn fyrir þá miklu framleiðslu á útflutningsvörum, sem fer fram í Vestmannaeyjum.

Nánar í framsögu.

Ed. 504. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 481 [Heilsuverndarstöðvar].

Frá félagsmála- og dómsmálaráðherra.

Við tölul. 2. Aftan við liðinn bætist:

Ráðherra úrskurðar reikninga heilsuverndarstöðva að fengnu áliti berklayfirlæknis og tryggingayfirlæknis.

Ed. 505. Frumvarp til laga

um heilsuverndarstöðvar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra víðtækari heilsuverndarstarfsemi eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nú verður ágreiningur milli bæjarstjórnar og stjórnar sjúkrasamlags um verksvið heilsuverndarstöðvar og önnur ákvæði reglugerðar varðandi skipun hennar eða rekstur, og sker þá ráðherra úr ágreiningnum, að fengnum tillögum berklayfirlæknis og tryggingayfirlæknis.

3. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi stjórn heilsuverndarstöðvar, og tilnefnir hlutaðeigandi bæjarstjórn einn mann í nefndina, stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags annan, en ráðherra samkvæmt tillögu berklayfirlæknis hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

Fela má með ákvæðum í reglugerð sjúkrasamlagi eða almennt viðurkenndu líknarfélagi rekstur heilsuverndarstöðvar.

Heilsuverndarstöð skal háð sérstöku eftirliti hlutaðeigandi héraðslæknis, nema hún sé undir stjórn sérstaks læknis, er ráðherra hefur viðurkennt.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi bæjarsjóðs, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs. Ráðherra úrskurðar reikninga heilsuverndarstöðva, að fengnu áliti berklayfirlæknis og tryggingayfirlæknis.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að staðfesta reglugerð um rekstur heilsuverndarstöðvar í sveitarfélagi, þó að ekki sé kaupstaður. Nú er ekki rekið sjúkrasamlag í slíku sveitarfélagi, og skal þá sveitarsjóður ábyrgjast greiðslu á tvöföldu framlagi á móti styrk ríkissjóðs. Um stjórn slíkrar heilsuverndarstöðvar fer eftir hliðstæðum reglum þeim, er getur í 3. gr., eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með ráði berklayfirlæknis að heimila, að heilsuverndarstöð sveitarfélags taki að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir annað eða önnur sveitarfélög fyrir umsamið hæfilegt gjald, og fer um þann kostnað í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr.

Í reglugerð má og ákveða, að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur einnar heilsuverndarstöðvar. Um skipun, rekstur og stjórn slíkrar stöðvar fer í sem fyllstu samræmi við ákvæði þessara laga, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Nd. 506. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og á l. nr. 43 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar og leitað umsagnar Alþýðusambands Íslands, Iðnnemasambands Íslands, Meistarafélags járniðnaðarmanna og iðnfulltrúanna.

Meiri hluti hinna síðast töldu taldi sig samþykkan frv., en minni hlutinn telur eigi rétt að samþykkja það óbreytt, en vill breytingu, er auki vald iðnfulltrúanna, sem þó ekki útiloki þann möguleika, að sveinar og meistarar geti samið um þessi mál. Meistarafélag járniðnaðarmanna mælir með samþykkt frv., en telur það þó ekki nema góða byrjun á lagfæringum á iðnlöggjöfinni. Alþýðusambandið og Samband nemenda mæla hins vegar á móti frv.

Meiri hl. er sannfærður um, að hann berst fyrir réttu máli, þegar hann vill rýmka aðgang ungra manna að iðngreinunum, eins og segir í frv., og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1944.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Sigurður Þórðarson. Sigurður E. Hlíðar.

Sþ. 507. Framhaldsnefndarálit

um till. til þál. um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrú.

Frá allsherjarnefnd.

Síðan allsherjarnefnd skilaði áliti sínu á þskj. 450, hafa verkfræðingar þeir, er vegamálastjóri fékk til þess að athuga burðarþol Ölfusárbrúarinnar, lokið starfi sínu, og fer álit þeirra hér á eftir:

„Til vegamálastjóra, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni vegamálastjóra höfum vér undirritaðir athugað burðarþol Ölfusárbrúarinnar miðað við núverandi ásigkomulag brúarinnar og möguleikann fyrir því að styrkja hana þannig, að öruggt væri að leyfa umferð þyngri bifreiðum en nú er heimiluð.

Aðgerðir þær, sem fram fóru á brúnni, eftir að hún féll niður, voru allar miðaðar við það, að unnt yrði að nota brúna til bráðabirgða fyrir létta umferð, á meðan verið væri að byggja nýja brú, og var þá gengið út frá því, að sá tími yrði 12 mánuðir.

Skal hér gerð grein fyrir einstökum hlutum brúarinnar.

1. **Festarstöplar.**

Festarstöplar brúarinnar eru allir hlaðnir úr grágrýti. Við borun í stöplana kom í ljós, að steinlími því, sem heldur saman steinunum, er orðið mjög ábótavant, og varð vart við holur í þeim. Stöplarnir vestan árinnar hafa fyrir nokkrum árum verið styrktir með þeim hætti, að utan um þá hefur verið steypt steinsteypukápa með styrktarjárnum, og er auðvitað að því talsvert öryggi.

Enn fremur var nú norðvesturstöpullinn þyngdur með því að hækka hann um ca. 75 cm.

Má því telja, að óhætt sé að treysta stöplunum þann tíma, sem um er að ræða, að brúin verði notuð héðan í frá (ca. 12 mánuði), enda þótt um hana verði leyfður þungaflutningur allt að 6 tonnum. En þó skal á það bent, að ekkert er hægt að segja um ásigkomulag festajárnanna í stöplunum, en þó er ólíklegt, að þau hafi ryðgað, þar sem þau hafa legið í steinsteypu og eru smíðuð úr seigu smíðajárni, eins og tíðkaðist fyrir 50 árum.

2. **Turnar.**

Turnarnir eru smíðaðir úr sterkri vinkiljárngrind, sem hefur verið vel haldið við, og má ganga út frá, að þeir séu fulltraustir.

3. **Turnundirstöður** eru hlaðnar úr grásteini, og er sama um þær að segja og stöplana, að steinlímið er farið að láta á sjá, og í einni undirstöðunni losnuðu steinarnir, þegar brúnni var lyft, vegna þess að átakið varð þá nokkuð skakkt á turntoppinn.

Yfir allar turnundirstöðurnar hafa nú verið steyptar járnbentar steypuplötur til þess að halda saman steinunum í undirstöðunum.

4. **Burðarstrengir.**

Áður en brúin féll niður, voru burðarstrengir þrír hvorum megin, 1 stk. 3″ vír og 2 stk. 2″ vírar (miðað við þvermál). Var vírunum fest í festihólka, sem síðan voru boltaðir við festijárn steinstöplanna. Vírarnir drógust út úr hólkunum við norðvesturstöpul brúarinnar, og féll brúin þá niður að norðanverðu, hékk með öllum þunga á syðri strengjasamstæðunni. Ekki voru sjáanlegar breytingar á þeim vírum eða festum, þrátt fyrir þessa miklu áreynslu.

Til styrkingar þeim vírafestum voru samt klemmdir 8—10 stk. 1″ vírar (þvermál) utan um gömlu vírana við hvorn stöpul og þeim fest í festijárn stöplanna. Vírum þeim, sem losnað höfðu úr festihólkunum við norðvesturstöpulinn, var fest með hliðstæðum hætti (en fleiri vírum) við festijárn þess stöpuls. Síðan var bætt einum nýjum burðarstreng (1¾″ þvermál) við hverja vírasamstæðu, þannig að nú er hvor hlið borin uppi af 1 stk. 3″ vír, 2 stk. 2″ vírum og 1 stk. 1¾″ vír.

Hinum nýju burðarstrengjum var fest þannig, að utan um hvorn festistöpul á vesturbakka var sett vírvaf úr 1¾″ vír og burðarstrengnum fest í það. Á austurbakka árinnar var hinum nýju burðarstrengjum fest á þann hátt, að nýjum festibolta var komið fyrir í brúarstöplinum og vírunum fest í hann, en síðan steyptur nýr steinstöpull fyrir aftan þann gamla og yfir bolta og víra. Var það gert sem öryggi til þess að þurfa ekki eingöngu að treysta á gömlu festijárnin.

Má telja, að með þessu séu burðarstrengirnir fullöruggir fyrir umferð 6 tonna vagna, en þó er þess að gæta, að festingarnar eru ekki til frambúðar og þurfa nákvæms eftirlits við.

5. **Togbönd.**

Togbönd þau, sem haldið höfðu uppi brúargólfinu, höfðu öll skemmzt meira eða minna og voru flestöll endurnýjuð með traustum böndum, sem eru nægilega sterk til að þola þunga umferð.

Togböndunum hafði verið fest í járneyru, sem hnoðuð voru við þverbita brúargólfsins með 2 stk. ¾″ hnoðum, og var það mjög veik festing. Nú hafa þessi eyru verið rafsoðin við þverbitana, svo að þau má telja traust.

6. **Brúargólf og gólfbitar.**

Gólfbitana má nú telja einna veikasta hluta brúarinnar, og veldur sá veikleiki því, hversu brúin svignar, þegar þung ökutæki fara eftir henni.

Langbitar brúarinnar eru U-járn nr. 22, og er það mjög grönn stærð, þegar miðað er við þann ökuþunga (6 tonn), sem er nú heimilaður. Sjálft brúargólfið og langtrén undir því voru tekin upp, þegar búið var að rétta brúna við, og tréð alls staðar endurnýjað þar, sem það var fúið eða brotið.

7. **Athuganir á brú, eftir að henni var lyft.**

Eftir að aðgerðir fóru fram á brúnni, voru gerðar athuganir og mælingar á formbreytingum brúarinnar, og kemur þá í ljós, að hún svignar 8—10 cm á miðju, þegar 6 tonna bíll ekur hægt yfir hana.

Þegar 7½ tonns bíll ekur hægt yfir brúna, svignar hún um 12 cm á miðju.

Það má fullyrða, að slíkar formbreytingar, sem hér um ræðir, eru mun meiri en traust megi telja, þegar einnig er tekið tillit til þess, að flestir hlutar brúarinnar eru orðnir 53 ára gamlir, svo sem stöplar, burðarstrengir og þverbitar.

Langbitar voru endurnýjaðir fyrir ca. 15 árum, og sömuleiðis mun brúargólfið vera yngra.

8. **Burðarþol brúar.**

Samkvæmt fyrrgreindum athugunum á ástandi brúarinnar, teljum vér ekki rétt, að leyft verði þyngri ökutækjum en 6 tonna að fara yfir brúna og að fólk í hinum stóru áætlunarbílum sé látið ganga yfir brúna. Vegna aldurs brúarinnar og hinnar miklu svignunar langbitanna, leggjum við til, að úr því verði bætt með því að setja nýja þverbita með tilheyrandi togböndum í bilin á milli núverandi þverbita. Mundi það dreifa vagnþunganum betur á strengi og langbita og á þann hátt auka öryggið.

9. **Aukið burðarþol.**

Eins og áður hefur verið tekið fram, er viðgerð sú, sem fram fór á brúnni, eftir að hún féll niður, öll miðuð við það, að brúin sé til bráðabirgða eða til ca. eins árs notkunar. Fari aftur á móti svo, að útlit verði fyrir, að nota þurfi brúna um lengri tíma, verður að sjálfsögðu að gera frekari ráðstafanir í tæka tíð, áður en 12 mánuðir eru liðnir, og mundum vér leggja til, að bætt yrði einum 2½″ burðarstreng í hvora brúarhlið og þeim fest í steypta stöpla, svo að öruggt verði til lengri notkunar, þannig að hinn nýi strengur létti áreynslu af þeim bráðabirgðafestingum, sem eru nú á gömlu strengjunum.

Einnig hafa verið athugaðir möguleikar á því að setja mun gildari langbita í stað þeirra, sem nú eru, en þá kemur í ljós, að þyngdaraukning, sem þá er orðin, er það mikil (ca. 65 kg pr. hl.m. hvorum megin), að hætta er á, að öðrum eldri hlutum brúarinnar, þ. e. stöplum og turnum, verði ofboðið.

Verði áður nefndar styrkingar framkvæmdar á brúnni, yrði aftur athuguð svignun brúarinnar og ástand, og teljum vér þá líklegt, að óhætt verði að leyfa um hana umferð 8 tonna bíla.

Reykjavík, 10. nóvember 1944.

Árni Pálsson. Benedikt Gröndal. Árni Snævarr.“

Að fengnu áliti verkfræðinganna hefur vegamálastjóri ritað nefndinni eftirfarandi:

VEGAMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 13. nóvember 1944.

„Hér með sendist afrit af áliti þeirra verkfræðinganna Árna Pálssonar, Árna Snævarrs og Ben. Gröndals um burðarþol Ölfusárbrúar.

Komast þeir að þeirri niðurstöðu, „að ekki verði leyft þyngri ökutækjum en 6

tonna að fara yfir brúna, og að fólk í hinum stóru áætlunarbílum sé látið ganga yfir brúna.“ Leggja þeir jafnframt til, að til frekara öryggis verði fest nýjum þverbitum undir brúna og þeir festir í strengina með nýjum togböndum.

Jafnframt telja þeir, að ef horfur verði á því, að nota þurfi brúna um lengri tíma, þ. e. fram yfir 1 ár, þá verði að gera frekari öryggisráðstafanir, og leggja til, að þá verði bætt einum burðarstreng 2½ þuml. að þvermáli í hvora brúarhlið til þess að létta áreynslu af þeim bráðabirgðafestingum, sem nú eru á gömlu strengjunum. Telja þeir líklegt, að þá yrði óhætt að leyfa umferð 8 tonna bifreiða um brúna.

Með tilvísun til þessa, tel ég og sjálfsagt að hefjast sem fyrst handa um að koma fyrir nýjum þverbitum undir brúna. Það mun kosta, mjög lauslega áætlað, ekki minna en 40 þús. kr.

Kemur þá til álita, hvort ekki ætti þegar í stað að reyna að útvega 2 nýja burðarstrengi. Strengirnir, svo og að koma þeim fyrir, kostar sennilega ekki minna en 75 þús. kr.

Enn hefur ekki verið unnt að byrja á nýrri brú, sérstaklega vegna þess, að nægilegt efni er hér ekki fáanlegt og brezk yfirvöld hafa neitað um útflutningsleyfi á steypustyrktarjárni, og hafði þó utanríkisráðuneytið mjög eindregið farið fram á sérstaka undanþágu, enda var talin ærin ástæða til að vænta þess, að Bretar féllust á, að hér væru alveg óvenjulegar ástæður fyrir hendi. Verður nú að leita til Ameríku, en þaðan hefur sótzt mjög seint að ná í járn. Er því hæpið, að byrjað verði á nýju brúnni að nokkru ráði fyrr en síðla vetrar eða í vor snemma, með því líka, að timbur í steypumót kemur ekki fyrr en undir áramót. Ég tel þó, að þess megi vænta, að nýja brúin geti verið fullgerð undir árslok 1945, ef ekki stendur á brúarefni. Þrátt fyrir það tel ég öruggara og eftir atvikum réttara að reyna að útvega sem fyrst tvo nýja strengi frá Bretlandi, þó að það taki 2—3 mánuði minnst. Má þá sjá til, er þeir koma, hvort henta þætti að kosta því til að bæta þeim við á gömlu brúna eða geyma, þar til hún yrði ef til vill sett upp annars staðar, styrkt og endurbætt, og þá meðal annars á nýjum strengjum, því að ekki mundi þykja öruggt að nota lengur gömlu strengina.

Leyfi ég mér því að leggja það til, að rökstuddu dagskránni verði breytt þannig, að ríkisstjórninni verið falið að styrkja brúna á þann hátt, sem lagt er til í áliti verkfræðinganna.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.“

Með tilliti til þessara nýju gagna hefur allsherjarnefnd orðið sammála um að taka aftur rökstuddu dagskrána á þskj. 450, en leggur í þess stað til, að Alþingi samþykki eftirfarandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ.

Þar sem meginefni tillögunnar hefur þegar verið framkvæmt samkv. upplýsingum frá vegamálastjóra, og með því að ákveðið er, að ný brú verði smíðuð á næsta ári, og í fullu trausti þess, að fulls öryggis sé gætt um viðhald og styrkleika gömlu brúarinnar, þar til er nýja brúin er tilbúin, sér þingið ekki ástæðu til frekari aðgerða og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. nóv. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.
Ingólfur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Ásg. Ásgeirsson.
	Sigurður Þórðarson.	

Ed. 508. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til rækilegrar athugunar, leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands og kynnt sér álitsgerðir, er lágu fyrir og varða staðarval fyrir bændaskóla Suðurlands. Lauk með því, að nefndin klofnaði, þannig að undirritaðir leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmanna (PHerm) kveðst hins vegar eigi geta fylgt því.

Verði frumvarpið að lögum, koma ákvarðanir þær, er landbúnaðarráðuneytið mun nú þegar hafa gert um stað fyrir bændaskóla Suðurlands, að sjálfsögðu ekki til framkvæmda.

Með því að meiri hl. nefndar þeirrar, er stjórn Búnaðarfélags Íslands skipaði til þess að gera tillögur um stað fyrir Bændaskóla Suðurlands, lagði til, að skólinn yrði reistur í Skálholti, þykir rétt að birta álit þess nefndarmeirihluta hér á eftir. Svo langt, sem álitsgerð sú nær, er hún í fullu samræmi við niðurstöðu vora og tillögu um, að frumvarp þetta fái samþykki Alþingis.

Alþingi, 16. nóv. 1944.

Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson. Þorst. Þorsteinsson.

Kristinn E. Andrésson.

Fylgiskjal.

Álit meiri hluta nefndar þeirrar, er stjórn Búnaðarfélags Íslands skipaði til þess að gera tillögur um stað fyrir Bændaskóla Suðurlands.

Við undirritaðir gátum ekki orðið samnefndarmanni okkar, Guðmundi Þorbjarnarsyni, sammála um það, hvora jörðina, **Skálholt** eða **Kálfholt**, skyldi velja fyrir bændaskólastað. Við leggjum til, að Skálholt verði fyrir valinu, en Guðmundur mælir með Kálfholti.

Samkomulag náðist innan nefndarinnar um lýsingu beggja jarðanna. Vísum við því algerlega til þess, sem fram er tekið í hinni sameiginlegu greinargerð um það, en munum hér í örstuttu máli gera grein fyrir því, hvers vegna við teljum Skálholt betur fallið til þess að vera aðsetur fyrir væntanlegan bændaskóla Suðurlands. En það eru einkum þau atriði, er nú skal greina:

1. Okkur virðist land Skálholts öllu betur fallið og skemmtilegra til ræktunar. Þar er mikið af þurrlendum valllendismóum, sem eru hið ákjósanlegasta land til ræktunar. Mýrar eru þar einnig hæfilega hallandi og liggja að öllu leyti ágætlega við til ræktunar. Okkur er að vísu ljóst, að ágætt ræktunarland er einnig í Kálfholti og því ekki rétt að gera mikið upp á milli staðanna á þessum grundvelli. Þó verðum við að telja þennan samanburð Skálholti fremur í vil.
2. Við teljum það Skálholti mjög til gildis, hversu auðvelt er að veita Hvítá yfir Skálholtstungu og fá á þann hátt áveituengi, — því að þótt áveituræktun eigi ef til vill ekki mikla framtíð fyrir sér, þá er þó áveituræktun svo mikill þáttur enn og mun verða alllengi í búskap okkar, að mjög heppilegt er, að bændaefni geti kynnzt þeirri ræktunaraðferð í bændaskóla. Hvorki á Hvanneyri né Hólum eru skilyrði til þess að taka jökulvatn til áveitu, svo að nokkru nemi. Flæðiengjar Hvanneyrar eru svo sérstæðar, að þær geta tæpast orðið sem almenn

fyrirmynd um það, hvernig vatn skuli hagnýtt til áveitu. Hin stóru áveitufyrirtæki Suðurlandsundirlendisins (Flóaáveita, Skeiðaáveita) gera það enn eðlilegra, að skilyrði séu til áveituræktar á bændaskólasetri Suðurlands. Það orkar því ekki tvímælis að okkar dómi, að hin hagfelldu áveituskilyrði í Skálholti eru mikils virði.

3. Þá verðum við að telja, að jarðhitalindir þær, sem eru í landi Skálholts, séu þeim stað mjög til framdráttar. Vísum við til þess, sem sagt er í greinargerð nefndarinnar um þau not, sem að áliti hennar má hafa af jarðhitalindum Skálholts.
4. Töðufall er allmiklu meira í Skálholti en Kálfholti, og véltækar engjar eru þar, sem engar eru til í Kálfholti. Þetta teljum við vera kost á Skálholti sem bændaskólastað, því að í Skálholti má, hvenær sem er, byrja með allumfangsmikinn búrekstur án þess að þurfa að gera þar stórfelldar ræktunarframkvæmdir, áður en skólinn tekur til starfa. En í Kálfholti virðist okkur, að muni þurfa að byrja á miklum jarðræktarframkvæmdum, áður en skóli yrði stofnaður.
5. Okkur þykir fegurra útsýni í Skálholti og fallegra umhverfi. Við teljum, að ekki sé hægt að ganga fram hjá því að taka nokkurt tillit til þessa. Þótt segja megi, að slíkt verði ekki látið í askana, þá teljum við þó, að taka beri það til athugunar ásamt fleiru, þegar velja skal stað fyrir menntastofnun, sem ætlazt er til, að standi um fleiri aldir.
6. Við höfum orðið þess varir, að sumir telja, að Skálholt sé nokkuð afskekkt í héraði til þess að geta talizt ákjósanlegur staður fyrir bændaskóla. Við vísum til þess, sem sagt er í hinni sameiginlegu greinargerð nefndarinnar um legu Skálholts. Teljum við, að þar séu færð rök að því, að samgöngur við Skálholt, þegar brú kemur yfir Hvítá hjá Iðu, verði hinar beztu. Við teljum, að nemendur bændaskólans þurfi að kynnast starfi þeirra stofnana á Suðurlandsundirlendinu, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins, svo sem tilraunastöðin á Sámsstöðum, sandgræðslan í Gunnarsholti og Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Við teljum jafnauðvelt, hvor staðurinn, Skálholt eða Kálfholt, sem valinn verður, að nemendur geti kynnzt starfi þessara stofnana, og getum því ekki gert upp á milli þessara staða af þessum ástæðum.
7. Að lokum skal það viðurkennt, að saga Skálholts frá fyrstu tímum og helgi sú, er yfir þeim stað hvílir í augum allra Íslendinga, á sinn þátt í því, að við mælum með Skálholti sem skólastað. Við teljum okkur ekki þurfa að bera fram nokkrar afsakanir í þessu efni. Við, sem að þessu áliti stöndum, vitum vel, hvers virði Hólar í Hjaltadal eru Skagfirðingum og öllum Norðlendingum. Sá staður hefur verið reistur við úr hinni mestu niðurníðslu á þann hátt, að bændaskóli var stofnaður þar fyrir 60 árum. Hólar í Hjaltadal hafa síðan öðlazt mikið af sinni fornu frægð aftur. Allir Sunnlendingar telja, að vegna sögulegra minja verði að endurreisa Skálholtsstað. Öllum er ljóst, að slíkt verður því aðeins gert, að ríkið standi þar að með einhverjum opinberum aðgerðum. Reynslan frá Hólum í Hjaltadal sannar, að slíkt má vel framkvæma í sambandi við bændaskólasetur.

Vegna þess, sem hér hefur verið nefnt, lítum við svo á, að hafi Skálholt þá kosti til að bera — frá búfræðilegu sjónarmiði —, sem krefjast verður af jörð, þar sem reisa á bændaskóla, og það er öll nefndin í raun og veru sammála um, þá hljóti allir Sunnlendingar að geta sameinazt um Skálholt sem skólastað og að þeir láti hvorki sýslumörk né togstreitu milli einstakra sveita hafa þar áhrif á.

Reykjavík, 1. nóv. 1943.

Steingr. Steinþórsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 509. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar. Hún hefur sent það til umsagnar vitamálastjóra, sem mælir með, að það verði samþykkt.
Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Lúðvík Jósefsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.
Eysteinn Jónsson. Sig. Kristjánsson.

Ed. 510. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Ólafsfjörð.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — einni milljón króna —, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1500000.00 — einnar millj. og fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Ólafsfjarðar, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu opinberra lánsstofnana, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftur tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 500—2000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

6. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja þrír menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og bæjarstjórn ber ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Ólafsfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 81 1943.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að gera nauðsynlegar breytingar á hafnarlögum fyrir Ólafsfjörð, sem beinlínis leiðir af því, að nú hafa verið sett lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, en nýmæli eru engin í frv.

Ed. 511. Nefndarálit

um frv. til l. um beitumál.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt það mjög gaumgæfilega á mörgum fundum. Hún hefur sent það til umsagnar Fiskifélagi Íslands, sem vildi láta samþykkja það í grundvallaratriðum, en mæltist þó til, að á því yrðu gerðar nokkrar breytingar, m. a. þær að fela Fiskifélaginu framkvæmd málsins. Er birt hér sem fylgiskjal I bréf félagsstjórnarinnar.

Nefndin ræddi einnig gaumgæfilega uppkast að frv. til laga um beitumál, er milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði samið og sent ríkisstjórninni, og fékk jafnframt umsögn um það frá stjórn Fiskifélagsins. Er bréf stjórnarinnar birt hér með sem fskj. II. Hafði fiskiþingið haft það frv. til meðferðar og lagt eindregið á móti því, að það yrði samþykkt.

Að fengnum þessum gögnum öllum komu fram í nefndinni breytingartillögur, sem í meginatriðum eru sem hér segir:

1. Að beitu skuli meta, áður en hún er fryst. Er það nýmæli frá ákvæðum frumvarpsins.
2. Að framkvæmd málsins sé falin Fiskifélagi Íslands í stað þess að skipa sérstaka beitunefnd, eins og til er ætlazt í frumv. ríkisstjórnarinnar.
3. Að skýrslusöfnunin sé gerð miklu ýtarlegri en gert er ráð fyrir í frumv., svo að ávallt sé unnt að fylgjast með beitubirgðum, og að Fiskifélaginu sé skylt að aðvara aðila, ef hætta sé á beituskorti, og hafa áhrif á, að úr verði bætt, enda aðstoði það við beituöflun, ef þess sé óskað.

Voru breytingartillögur þessar ræddar við fulltrúa frá Fiskifélaginu, sem mætti á fundi með nefndarmönnum, og tjáði hann sig samþykkan því, að frv. yrði að lögum með þeim breytingum. Nefndin gat þó ekki orðið sammála um að afgreiða málið þannig. Minni hl. (StgrA) vildi láta breyta frumvarpinu í það horf, sem milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði lagt til, og gera þó á því nokkrar viðtækari breytingar, og skilar hann því sérstöku áliti. Meiri hl. (GJ, IngP og GÍG) vill, að frumvarpið verði fært í það horf, sem að framan greinir. Leggur meiri hl. því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi:

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Enga beitu, sem ætluð er til sölu, má frysta, nema hún hafi áður verið metin af beitumatsmanni.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Óheimilt er að selja frysta beitu, nema hún hafi verið metin og vottorð fylgi um, að hún sé góð og óskemmd vara og henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Þar, sem unnt er að koma því við, annast síldarmatsmenn beitumatið, en annars fiskimatsmenn á hverjum frystingarstað. Um skyldur og réttindi beitumatsmanna fer eftir ákvæðum gildandi laga um síldar- og fiskimat á hverjum tíma.
Kostnaður af beitumati greiðist af seljendum.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands að ákveða hámarksverð á nýrri og frystri beitu, frystigjald á beitu og geymslugjald á beitu og beittri línu. Brot gegn slíkum verðlagsákvæðum varða sektum, allt að kr. 10000,00, auk þess, sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir 1. ágúst ár hvert ber Fiskifélagi Íslands að hafa safnað skýrslum um land allt um eftirfarandi atriði:
1. Beitubirgðir.
2. Beitumagn, sem frystihús, útgerðarmenn eða aðrir ætla sér að frysta til 1. október það ár.
3. Áætlaða beitunotkun á komandi ári.

Enn fremur skal Fiskifélag Íslands safna skýrslum vikulega um beitubirgðir um land allt á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. október ár hvert.
Komi það í ljós að fengnum þessum upplýsingum, að hætta sé á beituskorti, ber Fiskifélagi Íslands að aðvara viðkomandi aðila og hafa áhrif á, að úr verði bætt í tæka tíð. Hafi eigi verið bætt úr fyrirsjáanlegum beituskorti að áliti Fiskifélags Íslands innan 1. sept. ár hvert, er því heimilt að fengnu leyfi ráðherra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til beituöflunar, enda hafi viðkomandi útgerðarstaðir óskað þess.
Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitu, svo og öllum útgerðarmönnum og öðrum, sem óskað er upplýsingar frá um beituforða eða annað í sambandi við beitumál, skal skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té allar upplýsingar, sem það óskar eftir og mál þetta snerta.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra setur reglugerð um mat samkv. 1.—3. gr. þessara laga og gefur matsmönnum erindisbréf.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að kr. 5000,00.
Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
Frumvarp til laga um mat á beitu o. fl.

Alþingi, 16. nóv. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Ingvar Pálmason. Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS
Reykjavík.

Reykjavík, 29. sept. 1944.

Stjórn Fiskifélagsins tók fyrir á fundi í dag frumvarp til laga um beitumál, sem fylgdi bréfi hv. nefndar dags. 20. þ. m., og samþykkti um það mál eftirfarandi:

1. Félagsstjórnin er í grundvallaratriðum samþykk frumvarpinu.
2. Hún er því meðmælt, að Fiskifélaginu verði falin framkvæmd málsins, ef frumv. verður að lögum, enda er það í samræmi við tillögur síðasta fiskiþings.
3. Félagsstjórnin telur rétt, að heimilað verði í lögunum að setja nánari ákvæði um framkvæmd einstakra atriða í reglugerð, t. d. um fyrirkomulag beitumats.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Fiskifélag Íslands.
Arnór Guðmundsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS
Reykjavík.

Reykjavík, 9. marz 1944.

Frumvarp það til laga um beitumál, sem hv. nefnd sendi oss til umsagnar með bréfi, dags. 24. des. f. á., lögðum vér fyrir nýafstaðið fiskiþing.

Fiskiþingið afgreiddi þetta mál með svo hljóðandi tillögu og greinargerð:

„Fiskiþingið leggur eindregið á móti samþykkt frumvarps til laga um beitumál, sem vísað var til fiskiþingsins af milliþinganefnd Alþingis í sjávarútvegsmálum. Hins vegar ítrekar fiskiþingið þá kröfu sína, að sett verði heimildarlög um hámarksverð á ferskri og frosinni síld, sem seld er til beitu, og lögboðið sé mat á beitusíld, sem tekin er til frystingar, bæði þegar hún er tekin í frystihúsin og þegar síldin er tekin úr frystihúsunum. Þótt verðlagsstjóri hafi, eins og nú standa sakir, heimild til að ákveða hámarksverð á beitu, telur fiskiþingið heppilegast að fela Fiskifélaginu þessi mál og sett sé um það sérstök löggjöf, sem m. a. ákveði, að á tímabilinu 1. ág. til 1. okt. ár hvert sé vikulega safnað skýrslum um beitubirgðir, og sé fyrir ágústmánaðarlok útlit fyrir beituskort, heimilast Fiskifélaginu að gera ráðstafanir um auknar beitubirgðir í samráði við ríkisstjórnina.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem liggur fyrir til umsagnar, gerir ráð fyrir að taka upp stórfelldan ríkisrekstur á frystingu beitu fyrirvaralaust og að ríkissjóður leggi fram stórfé í þessu skyni. En slíkur rekstur virðist nefndinni alveg ástæðulaus, eins og nú standa sakir, þar sem fjöldi útgerðarmanna víðs vegar um landið á stærri eða smærri hluti í hraðfrystihúsum, og hefur í því efni orðið mikil breyting síðustu árin, enda hefur beituverðið ekki hækkað, svo að neinu nemi, nú síðustu árin, þrátt fyrir hækkað kaupgjald og hækkað verð á innkeyptri síld.

Er það aukin samkeppni, sem þessu veldur. Hér við Faxaflóa starfa nú 22 frystihús, sem flest hafa meira eða minna af beitu til frystingar. Á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð eru 5 frystihús, á Vestfjörðum og við Ísafjarðardjúp 13, við Húnaflóa

6, við Skagafjörð 3, á Siglufirði og við Eyjafjörð 10 og austan Eyjafjarðar að Langanesi 4, á Austfjörðum 7, Stokkseyri 1 og í Vestmannaeyjum 5. Er þessi fjöldi frystihúsa nú orðinn svo mikill og þannig settur, að engar verstöðvar þurfa að vera út undan eða afskiptar með beitu.

Til grundvallar fyrrnefndu frumvarpi liggur m. a. sá tilgangur að koma í veg fyrir beituskort á hverjum tíma. Má segja, að slíkt geti komið fyrir, þótt frystihúsin séu orðin ærið mörg og víða dreifð, en varla nema sem sjaldgæf undantekning.

En nefndinni virðist, að því marki megi ná með miklu auðveldari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir með því að fela Fiskifélaginu að fylgjast ávallt með, hvað mikið af síld er fryst til beitu, og fái félagið um það vikulega skýrslu á tímabilinu frá 1. ág. til 1. okt. ár hvert.

Leiði skýrslusöfnin í ljós, að beituskortur geti vofað yfir, miðað við meira en meðalútgerð, skal Fiskifélagið í samráði við ríkisstjórnina gera ráðstafanir um auknar beitubirgðir. Stendur Fiskifélagið bezt að vígi að fylgjast með þessum málum, og skýrslugerðir þess um beitubirgðir mundu ekki hafa teljandi aukakostnað í för með sér, heldur verði sem viðbót við aflaskýrslur þær, sem félagið safnar nú.

Vegna náins kunnugleika stendur Fiskifélagið einnig bezt að vígi að dæma um, hvenær væri þörf aukinna beitubirgða, og gæti þá fyrirvaralítið úr því bætt í samráði við ríkisstjórnina á hverjum tíma."

Þetta álit og greinargerð frá sjávarútvegsnefnd fiskiþingsins var samþykkt í einu hljóði.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Arnór Guðmundsson.

Til milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum, Reykjavík.

Nd. 512. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 405 [Atvinna við siglingar].

Frá Eysteini Jónssyni.

Í stað orðanna „i 36 mánuði" kemur: 5 ár.

Nd. 513. Frumvarp til laga

um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálnaregistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Auk þess skulu sóknarnefndarformenn í hverri sókn færa slíkar bækur, að því er til sóknarinnar tekur, og geyma þeirra. Heimilt er sóknarnefnd að fela öðrum, er hún telur sérstaklega vel til þess hæfan, að rita bækurnar. Bækur þessar skal rita greinilega og án nokkurrar undanfellingar. Skylt er sóknarpresti að láta sóknarnefndar-

formanni eða kirkjubókarritara í té alla nauðsynlega vitneskju við færslu framangreindra bóka. Þeir skulu bera bækurnar vandlega saman að minnsta kosti einu sinni á ári, í janúarmánuði ár hvert, en aldrei mega þær vera eina nótt undir sama þaki báðar. Ákvæði þessarar greinar um manntalsbækur taka þó ekki til þeirra kaupstaða, þar sem öðrum en prestum er með lögum falið að skrá manntal.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal hlutast til um, að ávallt sé kostur á hentugum kirkju- og manntalsbókum úr vönduðum pappír og í því formi, er tíðkazt hefur eða hún ákveður síðar. Bækurnar séu gegnþræddar, innsiglaðar og löggiltar af biskupi. Hlutaðeigandi prófastur skal hafa eftirlit með því á yfirreiðum sínum, að þær séu vel og samvizkusamlega færðar, og annast um, að misfellum í því efni verði kippt í lag. Andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Kirkjubækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveizlu, áður en 50 ár eru liðin frá löggildingu þeirra, og má aldrei halda þeim lengur en 15 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

Kirkju- og manntalsbækur sókna skulu afhentar hlutaðeigandi héraðs- eða kaupstaðarbókasafni til eignar og geymslu, þegar þær eru fullskrifaðar. Nú er ekki til héraðsbókasafn, og skal þá afhenda bækurnar hlutaðeigandi prófasti, sem kemur þeim í örugga geymslu innan héraðs.

Forstöðumanni héraðs- eða kaupstaðarbókasafns er heimilt að gefa fæðingarvottorð og önnur vottorð samkvæmt kirkjubókum safnsins þeim, er þess óska, og gegn sama gjaldi og greitt er til þjóðskjalasafnsins fyrir slík vottorð.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Nd. 514. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (1. gr.) Til hafnargerðar á Akureyri veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1500000 — einni og hálfri milljón króna — gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

b. (2. gr.) Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 3000000 — þriggja milljóna króna — lán, er hafnarsjóður Akureyrarkaupstaðar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 515. Frumvarp til laga

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma, ef þær eru seldar á innlendum markaði, en ella skal miða við söluverð þeirra fluttra um borð (fob) í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif) að viðbættum útflutningsuppbótum, ef greiddar eru, en að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra skýrslu um móttekið vörumagn ásamt söluverði þessara vara, svo sem reglugerð mælir fyrir.

4. gr.

Lögreglustjórar skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. 516. Nefndarálit

um frv. til laga um beitumál.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hef ekki getað fallizt á afgreiðslu hv. meiri hluta nefndarinnar í þessu máli. Ber þar sérstaklega á milli, að meiri hl. vill fela Fiskifélagi Íslands alla framkvæmd laganna, en ég tel nauðsynlegt, að sérstök nefnd, skipuð fulltrúum þeirra aðila, sem beinna hagsmuna hafa að gæta um þetta mál, hafi það sem sérstakt starf og beri ábyrgð á því gagnvart umbjóðendum sínum. Fiskifélag Íslands getur hins vegar ekki talizt umbjóðandi fyrir nema nokkurn hluta þeirra manna, sem hér um eiga beinna hagsmuna að gæta.

Í frv. er gert ráð fyrir, að fimm manna nefnd fjalli um þessi mál, og sé hún auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar, skipuð eftir tilnefningu þessara aðila: Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Meiri hl. sjútvn. vill fella þessa nefnd alveg niður og fela Fiskifélaginu einu framkvæmdina. Ég tel hins vegar, eins og áður segir, að sérstök nefnd þurfi að fjalla um þetta, en álít, að hún eigi ekki að vera skipuð fulltrúum eigenda frystihúsanna, sem auðvitað hafa tilhneigingu til að selja hina frystu beitu sem hæstu verði, heldur — auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar — aðeins fulltrúum kaupenda beitunnar, sem leiti með venjulegum hætti viðskiptasamninga við eigendur frystihúsanna. Legg ég því til, að nefndin sé skipuð aðeins þremur mönnum: einum án tilnefningar, einum eftir tilnefningu Fiskifélagsins og einum eftir tilnefningu Alþýðusambandsins.

Í tillögum milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum, sem þetta frumv. er byggt á, er gert ráð fyrir, að beitunefnd geti, ef hún telur þörf á, sjálf annazt frystingu beitu, og sé henni þá heimilt, með samþykki ráðherra, að „leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu“, enda heimilist þá ríkisstjórninni að ábyrgjast 500 þús. króna lán til þess stofnkostnaðar og 200 þús. króna rekstrarlán.

Í frv. er tekin upp heimild til handa beitunefndinni til að „frysta eða láta frysta síld til beitu“, án þess að nokkur fjárráð fylgi, sem geri slíkt framkvæmanlegt.

Ég tel nauðsynlegt, að beitunefndin hafi í bakhöndinni úrræði, sem grípa megi til, ef samningar við eigendur frystihúsanna reynast torveldir. Hins vegar er vafasamt, að rétt sé, að sett sé á laggirnar sérstök stofnun, sem hafi það verkefni eitt

að frysta beitu. Tel ég heppilegra, ef til þarf að taka, að ráðherra geti lagt fyrir síldarverksmiðjur ríkisins að annast frystinguna, enda ábyrgist þá ríkissjóður stofnkostnað, eins og gert er ráð fyrir í tillögum milliþinganefndarinnar, en verksmiðjurnar yrðu eftir sem áður einfærar um rekstrarfé.

Þá tel ég, að mat á beitunni verði öruggara, ef það er falið sérstökum beitumatsmönnum, sem beitunefnd bendir á.

Samkv. framansögðu legg ég til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „fimm manna“ komi: þriggja manna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til tveggja ára í senn. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Hinir tveir skulu skipaðir, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ef beitunefnd telur nauðsynlegt og gerir um það tillögur, getur ráðherra lagt fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins að reisa og reka í sambandi við síldarverksmiðjurnar frystihús til frystingar beitu.
   Ef til slíkra framkvæmda kemur, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, sem kann að verða tekið vegna byggingar frystihússins, þó ekki hærri fjárhæð en 500 þús. kr.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „metin og vottorð“ komi: metin af beitumatsmanni og vottorð hans.
5. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Lögreglustjóri á viðkomandi frystingarstöð skipar beitumatsmenn, eftir tillögu beitunefndar. Annast þeir starf það o. s. frv.

Alþingi, 17. nóv. 1944.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 517. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Niðurlag greinarinnar, orðin „ef þær eru seldar á innlendum markaði“ og það, sem þar fer á eftir, til loka greinarinnar, falli burt.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „ásamt söluverði þessara vara“ í 2. málsgr. komi: og verð fyrir þær til framleiðenda.

Sþ. 518. Tillaga til þingsályktunar

um stækkun símastöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta stækka og endurbæta símastöðina í Vestmannaeyjum á næsta ári og endurbæta innanbæjarsímakerfið og símasambandið við meginlandið á sama stað.

Greinargerð.

Í síðastliðnum júnímánuði var ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja í framangreinda átt send póst- og símamálastjóra ásamt ýtarlegri greinargerð.

Með því að embættismaður sá, sem um ræðir, virðist ekki enn þá hafa tekið afstöðu til málsins, er málið tekið upp hér til flutnings, þar eð það ástand, sem í þessum málum ríkir í Vestmannaeyjum, er alveg óviðunandi og hefur raunar verið um langan tíma, án þess að vart hafi orðið neinna tilþrifa til umbóta af hálfu póst- og símastjórnarinnar að öðru leyti en því að gera við sæsímaslitin, sem oft koma fyrir milli Eyja og lands. Hin mikla starfsemi í útgerð og öðru, sem fram fer á jafneinangruðum stað og Vestmannaeyjar eru, krefst mikillar símanotkunar og það því fremur sem samgöngur eru nú sökum óviðráðanlegra orsaka miklu stopulli og erfiðari en oft hefur áður verið. Er það næsta undarlegt, hve lengi dregst úr hömlu hjá símastjórninni að gera ráðstafanir til þess að búa sómasamlega að viðskiptamönnum símans í Vestmannaeyjum, þegar á það er litið, hve miklu er kostað til símalagninga annars staðar, þar sem afgreiðsluþörfin virðist þó hljóta að vera miklu minni en hún er á þeim stöðum, þar sem atvinnulífið er í fjöri og framleiðslan til lands og sjávar rekin af kappi. Vestmannaeyjar eru ein hin helzta framleiðslumiðstöð landsins, og veltur ekki lítið á því fyrir þjóðarbúskapinn, að atvinnulífið þar sé sem blómlegast. Það er ekki ofmælt, að nú orðið sé hið slæma ástand í símamálum Eyjanna farið að torvelda eðlilegan viðskiptagang og nauðsynlega þróun atvinnulífsins austur þar.

Til frekari ábendingar um nauðsyn þessa máls er hér prentað með sem fylgiskjal bréf bæjarstjórans í Vestmannaeyjum til póst- og símamálastjóra, dags. 1. júní 1944, um þetta mál.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN

Vestmannaeyjum, 1. júní 1944.

Á síðasta fundi bæjarstjórnar var eftirfarandi tillaga samþykkt af öllum bæjarfulltrúum:

„Bæjarstjórn ályktar að skora á þingmann kjördæmisins að beita sér fyrir því, að hér verði tafarlaust byggð fullkomin símastöð, innanbæjarsími og langlínusamband aukið og endurbætt verulega frá því, sem nú er, en hvort tveggja er úrelt og með öllu ófullnægjandi. Til bráðabirgða verði þeirri skipan nú þegar komið á, að langlínusamtöl verði afgreidd allan sólarhringinn við þær stöðvar, sem hafa næturvaktir.“

Tillaga þessi er fram komin vegna þess, að ástand það, sem að undanförnu hefur ríkt hér í símamálum, er með öllu óviðunandi, bæði hvað snertir innanbæjar- og langlínusamtöl.

Helztu ágallar innanbæjarsímans eru þeir, að hvorki er hægt fyrir opinberar stofnanir, fyrirtæki né einstaklinga að fá síma og að öll aðstaða til afgreiðslu við skiptiborð landssímans er það óhagstæð, að ómögulegt er að fullnægja eftirspurn samtals með eðlilegum hraða og stundum ekki hægt að svara hringingu nema með þeim hætti að rjúfa önnur samtöl.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að geta þess, að skiptiborð það, sem nú er notað, er frá því 1926. Það er tvöfalt, og er annar hluti þess notaður fyrir innanbæjarsamtöl, en hinn hluti þess fyrir langlínusamtöl. Við þetta eina borð er því tvöföld afgreiðsla. Enn fremur er borðið fyrir löngu úr sér gengið, og auk þess er það allt of lítið. Úr þessu mætti vafalaust bæta með nýjum og auknum borðum, ef húsakostur væri ekki með öllu því til fyrirstöðu.

Um langlínusamtölin má það segja, að sambandi við Reykjavík og kaupstaði

verður ekki með nokkru móti náð nema með hraðsambandi, og vill það oft og tíðum ganga mjög illa. Mun þetta stafa af því, að milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja eru aðeins tvær línur, en önnur þeirra er nær eingöngu notuð fyrir millistöðvar. Þar af leiðir, að aðeins ein lína verður að nægja mikinn hluta dags fyrir samtöl við Reykjavík, allt Vestur-, Norður- og Austurland.

Má af þessu marka, eins og atvinnuháttum, einangrun og viðskiptalífi er hér háttað, að ein lína milli Reykjavíkur og Eyja getur á engan hátt fullnægt þörfinni, enda eru þess dæmi, að hraðsamtöl hafa ekki fengizt afgreidd samdægurs og um þau hefur verið beðið.

Úr þessum ágalla verður sennilega ekki bætt með öðrum hætti en að leggja nýja línu milli Reykjavíkur og Eyja. Þó má vera, að fjölsíma mætti koma við.

Hér að framan hefur verið drepið á þá tvo helztu annmarka, sem Eyjabúar daglega verða varir við, en langt er frá því, að um tæmandi upptalningu ágalla sé að ræða, því að fullyrða má, að stöðvarhúsið sjálft sé allt of lítið, og leyfi ég mér að árétta þá staðhæfingu með eftirfarandi:

1. Biðsalur landssímahússins hér er það lítill, að það er ekki óalgengt, að menn þurfi að standa í hópum fyrir utan húsið, hvernig sem viðrar, til þess að reyna að ná langlínusamböndum. Þegar þannig stendur á, er ekki hægt að koma skeytum til símans nema með krókaleiðum. Auk þess má geta nærri, hvernig því fólki líður, sem þarf heila og hálfa daga að híma í þröngum og loftlitlum biðsal án þess að hafa sæti og oft og tíðum að þurfa frá að hverfa án þess að hafa lokið erindi sínu, svo að ekki sé minnzt á þá menn, sem úti verða að standa.

Enn fremur hefur þessi þröngi og litli biðsalur þau óþægindi í för með sér, að símaleigjendur hafa ekki stundlegan frið fyrir utan- og innanbæjarfólki, sem fer þess á leit að mega bíða í heimahúsum eftir langlínusamtölum og ber þá fyrir sig, að ekki sé hægt að komast inn í biðsal símahússins eða að þar sé svo þröngt, að menn standi þar hver öðrum til þrengsla og að aðeins nokkrir menn fái þar sæti.

Það er nú svo komið, að þessi hlið málsins er ekki orðin veigaminnst. Hvar sem tveir menn hittast, er talað um, hvernig þessum málum sé háttað og hve erfitt og leiðinlegt sé að hafa síma upp á þau kjör að þurfa á hverjum degi og hverju kvöldi að hafa gesti, sem eru að bíða eftir samtölum.

Það má að vísu segja, að hægt sé og frjálst hverjum að vísa þessu fólki á bug, en því til fyrirstöðu er vissan um líðan þess í biðsal símans, enda er það óspart notað.

Þá vil ég aðeins drepa á þá staðreynd, að símaklefarnir, sem eru tveir, eru það þröngir, að einungis ein persóna kemst inn í þá, en það leiðir til þess, að ef tveir eða tvennt þarf og vill hlýða á hvors annars samtal, þá verður klefahurðin að vera opin, en það verður að teljast heldur óviðeigandi. Auk þess er viðskiptavininum ekki gefinn nokkur kostur á að hripa samtal niður.

2. Inn af þessum litla biðsal, sem um hefur verið getið, er stofa sú, sem afgreidd eru í innanbæjar- og langlínusamtöl. Þar er því borð með tveimur afgreiðsluplássum. Það eitt sýnir þrengsli þau, sem í húsi þessu eru. Stúlka, sem er önnum kafin við að afgreiða innanbæjarsímtöl við ill skilyrði, er neydd til þess að sitja við hliðina á annarri stúlku, sem er allan daginn að kalla til Reykjavíkur, norður eða austur á land.

Vegna afgreiðslu og nauðsynlegs sambands við biðsalinn er litla gatið á milli þessara sala opið allan daginn. Kveður því rödd stúlknanna þar stöðugt við, og var þó alls ekki á óþægindin þar bætandi. Við þetta litla gat fer síðan fram mikið af afgreiðslu stöðvarinnar. Þar er skeyta- og kvaðningamóttaka og innheimta símgjalda, og auk þess verða allir, sem ekki hafa síma, að snúa sér þangað, ef þeir þurfa við landssímann að skipta.

Þetta símaherbergi er auk þess notað sem stofa fyrir sendla og fatageymsla fyrir starfsfólk landssímans. Verður þá ekki annað sagt en að stofa þessi sé fullnýtt.

3. Næsta stofa, sem er inn af nefndu símaherbergi, er notuð fyrir ritsíma- og

loftskeytastöð, og þar er einnig talstöðvarafgreiðsla fyrir báta. Auk þess er þar komið fyrir radíóvita, en í sambandi við hann eru mjög plássfrek tæki.

Á þessari hæð er einnig skrifstofa stöðvarstjóra, og má þá heita, að allt rúm hússins sé upp talið, að undanskilinni loftíbúð stöðvarstjóra og fjölskyldu hans, sem að hálfu leyti er undir súð og má telja mjög ófullnægjandi.

Eins og sjá má af framanritaðri lýsingu, er ekkert salerni eða þvottaherbergi fyrir starfsfólk Auk þess er engin fatageymsla fyrir það og engin matstofa, enn fremur ekkert sendlaherbergi og engin geymsla fyrir tæki eða eyðublöð. Ofan á allt þetta bætist, eins og að framan segir, að stúlkur og starfsfólk allt verður að vinna við óviðunandi þröngan húsakost.

Virðingarfyllst.

Hinrik Jónsson.

Til póst- og símamálastjórnarinnar, Reykjavík.

Nd. 519. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur á Djúpavogi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það vitamálastjóra til umsagnar. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, sem þó er aðeins leiðrétting.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 1. gr. Í stað „Breiðdalsvíkur“ komi: Búlandshrepps.

Alþingi, 17. nóv. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Eysteinn Jónsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.
Lúðvík Jósefsson.	Sig. Kristjánsson.	

Nd. 520. Lög

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 372.

Ed. 521. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist, sem hér segir:

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: Sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. i-lið þessarar greinar.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.
14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist, sem hér segir:
Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.
Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.
Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.
Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.
15. gr. laganna verði 11. gr.
16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist, sem hér segir:
Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.
Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.
Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.
20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist, sem hér segir:
Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.
21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist, sem hér segir:
Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.
50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist, sem hér segir:
Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:
4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.
Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“ komi:
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.
Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.
Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.
59. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi ný gr., sem verði 55. gr. og hljóði svo:
Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.
Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.
60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.

10. gr.

Á eftir 59. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

a. Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða

smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

b. Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. laganna, og þá undirbúningsfræðslu, sem þarf til þess að setjast í fiskimannadeild Stýrimannaskólans í Reykjavík, getur atvinnumálaráðuneytið á þessu tímabili falið skólastjóra Stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeið á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð fyrir Stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til undirbúningsprófs fyrir fiskimannadeildina skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 85 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

13. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr. l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 522. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr.

a. Síðari málsgr. 2. liðs orðist svo: Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp.

b. Á eftir orðunum „greiðist mánaðarlega“ í 3. lið komi: eftir áætlun.

Sþ. 523. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna láni, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Gönguskarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kauptúnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 80% af stofnkostnaði rafveitunnar.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar, svipaðs efnis og þessi, var flutt á sumarþinginu 1942 og var þá ekki útrædd. Enn fremur var flutt á vetrarþingi sama ár frv. til laga um virkjun Gönguskarðsár í Skagafirði. Var því vísað til milliþinganefndar í rafmagnsmálum, og hefur ekkert frá henni heyrzt um það síðan. Fyrir aðkallandi nauðsyn Sauðárkrókskauptúns og siendurteknar áskoranir þaðan leyfum við okkur að flytja þessa ábyrgðarbeiðni, sem er svipaðs eðlis og nýflutt tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað á þskj. 503.

Á Sauðárkróki eru talin góð virkjunarskilyrði í Gönguskarðsá og sá höfuðkostur, að aflstöðin verður þar í miðju kauptúninu, svo að engar leiðslur þarf nema innan staðarins.

Á Sauðárkróki eru nú um eitt þúsund manns, og rafmagn er vart til ljósa. Verður því ekki lengur unað. Ef Gönguskarðsá verður virkjuð, fæst þar 800 ha. orka, og verður hún fljótlega fullnotuð af kauptúninu. Fyrirtækið ætti því að geta borið sig fjárhagslega, þótt í það yrði ráðizt á dýrum tíma. Væri bætt úr rafmagnsþörf Sauðárkróks, mundi sparast innflutningur á olíu til frystihúsa staðarins og kolainnflutningur til hitunar og suðu. Sömuleiðis mun fyrirhuguð síldarbræðslustöð á Sauðárkróki þurfa mikið rafmagn. Eins og nú eru miklir erfiðleikar á um innflutning á kolum og olíu, er það að vonum, að keppt sé að því að koma upp rafstöðvum þar, sem virkjunarskilyrði eru góð, eins og hér er um að ræða.

Nd. 524. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbyggingarráð.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er um það tvennt að leggja til hliðar jafnvirði 300 millj. króna af erlendri gjaldeyriseign Landsbanka Íslands, í því skyni, að sá gjaldeyrir verði notaður til kaupa á framleiðslutækjum, og að skipa fjögurra manna nefnd til að gera áætlun um framfarir í þjóðarbúskapnum.

Undirritaður telur það skynsamlega ákvörðun að leggja til hliðar verulegan hluta af gjaldeyriseign bankanna og að sá gjaldeyrir verði aðeins seldur þeim, er vilja kaupa fyrir hann ný framleiðslutæki og annað, sem miðar að framförum í atvinnulífinu. En með slíkri ráðstöfun er það þó engan veginn fulltryggt, að þessar erlendu innieignir eyðist ekki til annarra hluta. Það verður því aðeins örugglega tryggt, að þannig verði búið að framleiðslustarfseminni í landinu, að hún geti vel þrifizt, og þannig haldið á viðskiptamálum þjóðarinnar, að ekki verði meira notað af erlendum gjaldeyri til daglegrar eyðslu en hægt er að borga af þjóðartekjunum á hverjum tíma. Ef út af ber í þessum efnum, hlýtur svo að fara, þótt hluti af núverandi gjald-

eyriseign verði færður á sérstaka reikninga í bókum bankanna, að þessir fjármunir eyðist til kaupa á venjulegum neyzluvörum eða skuldir myndist erlendis til kaupa á þeim. En þrátt fyrir það, þótt þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig sé ekki fullnægjandi, verður hún að teljast spor í rétta átt.

Ég tel þá upphæð, sem nefnd er í 1. gr. frv., of lága. Ástæða er til að vekja athygli á því, að í ályktun, sem Alþingi hefur nýlega borizt frá þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, er farið fram á, að eigi minna en 300 milljónir króna af gjaldeyriseigninni verði ætlað til kaupa á skipum og öðru í þarfir sjávarútvegsins. En auk þess þarf að nota allmikinn gjaldeyri til kaupa á vélum til landbúnaðarins og til kaupa á efni í rafstöðvar og rafveitur. Milliþinganefnd í raforkumálum, sem starfað hefur að undanförnu, er um þessar mundir að skila áliti og tillögum, og gerir hún ráð fyrir miklum framkvæmdum í þeim efnum á næstu árum.

Gjaldeyriseign bankanna mun nú jafngilda a. m. k. 550 millj. ísl. kr. Virðist sjálfsagt, að meginhluti þeirrar fjárhæðar verði lagður til hliðar og ætlaður til sérstakra, nauðsynlegra framkvæmda. Má í þessu sambandi geta um lagafrumvarp, sem nú liggur fyrir háttv. neðri deild, um gjaldeyri til kaupa á framleiðslutækjum. Var frumvarp þetta flutt af undirrituðum og hv. 2. þm. S.-M., nokkru áður en frumvarp það um nýbyggingarráð, sem hér um ræðir, kom fram. Er þar lagt til, að 85% af gjaldeyriseign bankanna verði færð á sérstaka reikninga og það fé ætlað til kaupa á framleiðslutækjum. Meiri hluti fjárhagsnefndar, sem fékk það mál til athugunar, hefur ekki viljað fallast á að mæla með samþykkt frumvarpsins. Ég legg því til, að sú breyting verði gerð á 1. gr. þessa frv., að í stað a. m. k. 300 milljóna komi 450 millj. króna, og að báðum bönkunum, sem eiga erlendan gjaldeyri, verði gert að skyldu að leggja fé til hliðar á þann hátt, sem áður er um getið.

Í upphafi 2. gr. frv. er ákvæði um stjórnskipaða nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. Ráð þetta á að gera heildaráætlun um „nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar“, en ekki eru því samkvæmt frumvarpinu ætluð nein fjárráð til framkvæmda. Verkefni þess eru því aðallega rannsóknir varðandi atvinnulífið og að gera tillögur um framkvæmdir. Er þetta að miklu leyti áframhald þeirra starfa, sem milliþinganefndir, kosnar af Alþingi, hafa að undanförnu unnið að. Má segja, að eðlilegra hefði verið, að Alþingi kysi slíka nefnd, heldur en að hún yrði skipuð af ríkisstjórninni, en þó tel ég, eftir atvikum, eigi ástæðu til að gera ágreining um það atriði.

Ég er því samþykkur, að slíkri nefnd verði falið að gera ýtarlegar athuganir og tillögur um framfarir í þjóðarbúskapnum. En ég tel nauðsynlegt, að nánar verði ákveðið um verkefni nefndarinnar en nú er í frv. og að henni verði m. a. falin athugun á þýðingarmiklum atriðum varðandi atvinnulífið, sem ekki eru nefnd í frv. Flyt ég því tvær breytingartillögur við 2. gr. frv.

Í 2. málsgr. 2. gr. frv. eru talin helztu verkefni nýbyggingarráðs. Ég legg til, að þeirri málsgrein verði breytt. Efnislega er þar aðallega um þá breytingu að ræða, að samkvæmt minni tillögu á ráðið að athuga sérstaklega, hvort hægt sé að fá ný framleiðslutæki gerð innanlands fyrir eigi hærra verð en þarf að borga fyrir þau, ef keypt eru frá öðrum löndum, en um þetta er ekkert fram tekið í frumvarpsgreininni eins og hún nú er orðuð.

Það er að sjálfsögðu þarflegt, að gerðar séu athuganir á því, hvað þjóðin þurfi að eignast af atvinnutækjum, samgöngutækjum, byggingum og öðru slíku, og að tillögur verði gerðar um útvegun á þeim nauðsynlegu hlutum. En fleira þarf að gera til þess að tryggja efnalega afkomu þjóðarinnar. Það er nauðsynlegt, að jafnframt fyrrnefndum athugunum sé tekið til vandlegrar íhugunar, hvort eigi sé þörf fleiri ráðstafana til þess að byggja atvinnurekstrinum traustan grundvöll og hverjar þær ráðstafanir skuli vera. Ákvæði um þetta vantar í frv., og legg ég því til í 3. brtt. minni, að nýbyggingarráði verði falið að athuga, hverjar aðrar ráðstafanir þurfi að gera, til þess að landsmenn geti framleitt vörur, seljanlegar í samkeppni við framleiðslu annarra þjóða. M. a. legg ég þar til, að ráðinu verði falið að athuga fyrirkomulag á rekstri hinna stærri atvinnufyrirtækja og hvernig unnt sé að stuðla

að því, með almennari þátttöku í þeim eða á annan hátt, að þeir, sem við þau vinna, beri úr býtum endurgjald fyrir vinnu sína í samræmi við afkomu fyrirtækjanna og eigi þannig beinna hagsmuna að gæta um rekstrarniðurstöðuna. Í þessu sambandi legg ég einnig til, að nýbyggingarráði verði falið að athuga möguleika til að koma á ákvæðisvinnu í sem flestum atvinnugreinum. Það fyrirkomulag er nú mjög notað í Rússaveldi og þykir þar vel gefast. Er það miklu algengara þar í landi, að verkamönnum séu greidd laun eftir afköstum þeirra hvers um sig, heldur en ákveðið dagkaup eða tímakaup. Er vissulega ástæða til að fela nýbyggingarráði að kynna sér þetta sem vandlegast og athuga, hvort eigi sá ástæða til að taka upp þetta fyrirkomulag í atvinnurekstri hér á landi.

Stjórnarvöld landsins þurfa ávallt að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að atvinnuvegir landsmanna geti starfað á heilbrigðum grundvelli. Sú viðleitni þarf að koma glöggt fram hjá Alþingi og ríkisstjórn að búa þannig að atvinnurekstrinum, að hann gæti borið sig, til þess að landsmenn verði fúsir að leggja fram fé sitt og vinnuafl til framleiðslustarfseminnar. Þetta tel ég mjög þýðingarmikið atriði, og því er 3. brtt. mín fram borin.

Fjórða breytingartillaga mín er við 3. gr. frv. Í þeirri grein er heimild fyrir ríkisstjórnina til að fela nýbyggingarráði störf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og raforkumálum. Verði þetta samþykkt, getur ríkisstjórnin látið nefndirnar hætta störfum þegar eftir gildistöku laga þessara, hvernig sem störfum þeirra verður þá komið. Ég tel, að betra gagn muni verða af vinnu þessara nefnda, ef þeim er gefinn kostur á að ljúka störfum og skila álitum. Legg ég því til, að þeim verði veittur ákveðinn frestur, eigi skemmri en 3 mánuðir, til að ljúka störfum, en hins vegar geti nýbyggingarráð þegar eftir skipun þess fengið allar þær upplýsingar, sem það óskar að fá um störf þessara milliþinganefnda.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Af innieignum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f erlendis skal jafngildi 450 millj. króna fært á sérstaka reikninga í bókum þeirra, hlutfallslega jafnmikið hjá bönkunum eftir gjaldeyriseign þeirra. Af þeim innstæðum má aðeins selja gjaldeyri gegn sérstökum leyfum viðskiptaráðs til kaupa á framleiðslutækjum og efni til þeirra, svo sem skipum og efni til skipasmíða, vélum til skipa, landbúnaðarvélum, efni til rafveitna, vélum og efni til verksmiðja og efni til bygginga, sem nauðsynlegar eru í sambandi við framfarir í atvinnulífi þjóðarinnar.
2. Við 2. gr.
   a. 2. málsgr. skal orða svo:
      Verkefni þess er að gera heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um framfarir í þjóðarbúskapnum. Skal þar áætlað, hvaða atvinnutæki, samgöngutæki, rafveitur, hafnarmannvirki, verksmiðjur, byggingar og aðrar sambærilegar umbætur þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir landsmenn geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig nýjungum þessum verði komið í framkvæmd á heppilegastan hátt, þ. á m. hver skuli vera afskipti ríkisvaldsins af þeim framkvæmdum og stuðningur við þær. Enn fremur sé athugað, hvar unnt er að fá ný framleiðslutæki og efni til nauðsynlegra framkvæmda með hagkvæmustum kjörum, og í því sambandi skal sérstaklega athuga, hvort hægt er að fá ný framleiðslutæki gerð innanlands fyrir eigi hærra verð en þarf að greiða fyrir þau, ef keypt eru frá öðrum löndum.

b. Á eftir 4. málsgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn fremur skal nýbyggingarráð athuga, hverjar aðrar ráðstafanir þurfi að gera, til þess að atvinnuvegir landsmanna geti framleitt vörur, sem unnt er að selja í samkeppni við framleiðslu annarra þjóða.

Nýbyggingarráð skal einnig athuga í sambandi við hinar nýju framfarir, hvernig bezt verði fyrir komið stóratvinnurekstri í landinu og stuðlað að því, að þeir, sem við hann starfa, beri úr býtum endurgjald fyrir vinnu sína í samræmi við afkomu atvinnufyrirtækjanna og hafi þannig beinna hagsmuna að gæta um rekstrarafkomu þeirra. M. a. séu athugaðir möguleikar til þess að koma á ákvæðisvinnu í sem flestum atvinnugreinum.

3. Við 3. gr. 3. málsliður orðist þannig:

Nýbyggingarráð skal leita upplýsinga hjá og hafa samráð við milliþinganefndir þær, sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og raforkumálum, og er nefndum þessum skylt að veita ráðinu allar þær upplýsingar, er þær geta í té látið. Ríkisstjórnin getur sett milliþinganefndum þessum hæfilegan frest, þó ekki skemmri en 3 mánuði frá gildistöku laga þessara, til að ljúka störfum og skila áliti.

Alþingi, 19. nóv. 1944.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 525. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbyggingarráð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. nóv. 1944.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. | Jón Pálmason, fundaskr. | Jakob Möller. | Sigfús Sigurhjartarson.

Ed. 526. Frumvarp til laga

um brunamál í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Reykjavík er í höndum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

2. gr.

Bæjarráð Reykjavíkur hefur á hendi framkvæmd brunamála bæjarins, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Bæjarráð skal hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er sett skal samkvæmt þeim.

3. gr.

Bæjarstjórn setur reglugerð um brunamál í Reykjavík, er ráðherra staðfestir. Í reglugerðinni skulu vera almenn ákvæði um:

1. Skipun slökkviliðs bæjarins og starfsreglur þess, einkennisfatnað og tæki þess.
2. Notkun vatns, þegar bruna ber að höndum.

3. Meðferð elds og ljóss.
4. Gerð og útbúnað reykháfa og eldfæra, hreinsun þeirra og eftirlit með þeim.
5. Öryggistæki í húsum.
6. Sérstakar varúðarráðstafanir í húsum, þar sem er óvenju mikil hætta af eldi vegna margmennis, sökum starfrækslu, sem þar á sér stað, eða af öðrum orsökum, svo sem í samkomuhúsum, skólum, sjúkrahúsum, barna- og elliheimilum, bifreiðaskýlum, verksmiðjum, vinnustofum og vörugeymsluhúsum.
7. Geymslu á timbri.
8. Uppskipun, geymslu- og dreifingu eldfimra efna og sprengiefna.
9. Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í reglugerð, er eigi verður talið til neins töluliðar hér að framan, og skal þá eigi að síður heimilt að taka ákvæðið upp í reglugerðina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem talin eru í fyrri töluliðum þessarar greinar.

4. gr.

Slökkviliðsstjóranum í Reykjavík er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði sem slökkviliðsmenn.

5. gr.

Sérhver, sem verður eldsvoða var, skal tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Vegfarendur skulu víkja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðarstjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi.

6. gr.

Slökkviliðið hefur frjálsan aðgang að húsum og lóðum á brunastað og í nágrenni hans. Það hefur rétt til að láta ryðja í burtu mannvirkjum, svo sem húsum, girðingum og öðru, sem torveldað getur starf þess, og gera hverjar ráðstafanir aðrar, er stjórn þess telur nauðsynlegar til þess að slökkva eldinn eða hindra útbreiðslu hans.

Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

7. gr.

Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum slökkviliðsins samkv. 6. gr., skal skoða sem brunatjón. Verði það ekki bætt af vátryggingarfélögum, skal bæjarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati tveggja óvilhallra manna, er borgardómari kveður til.

8. gr.

Lögreglusveit úr lögregluliði Reykjavíkur skal ávallt vera viðstödd bruna og aðalæfingar slökkviliðsins. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, hve fjölmenn lögreglusveitin skuli jafnaðarlega vera, svo og skipun hennar.

9. gr.

Lögreglusveitinni er skylt að halda uppi aga og góðri reglu við bruna og æfingar. Hún skal, eftir ákvörðun slökkviliðsstjóra, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

10. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að ákveða, að menn, sem torvelda starf slökkviliðsins eða gera sig seka um óhlýðni við stjórn þess, verði teknir fastir og fjar-

lægðir frá brunastað, meðan á slökkvistarfi stendur. Lögreglusveitinni er skylt að framkvæma slíka skipun á ábyrgð slökkviliðsstjóra.

11. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim, skal fara sem opinber lögreglumál. Brot varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Sektarfé rennur í bæjarsjóð Reykjavíkur.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 15. okt. 1875, um brunamál í Reykjavík.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um brunamál í Reykjavík gilda nú lög nr. 20 15. okt. 1875 og reglugerð nr. 102 26. okt. 1875.

Það lætur að líkum, að svo gömul löggjöf er fyrir löngu orðin mjög á eftir tímanum. Bæjarstjórn Reykjavíkur skipaði á árinu 1941 nefnd til að endurskoða gildandi ákvæði um brunamál í Reykjavík. Nefnd þessi hefur nú skilað til bæjarstjórnar tillögu að reglugerð um brunamál í Reykjavík, sem er í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur síðan framangreind lagaákvæði voru sett. — Nefndinni reyndist að sjálfsögðu ómögulegt að byggja reglugerðina á ákvæðum laga nr. 20/1875 og fór þess því á leit, að ráðstafanir væru gerðar til, að þeim lögum yrði breytt í samræmi við þær tillögur, er hún hafði gert með reglugerðarfrv.

Frv. þetta er byggt á þeim tillögum, er nefndin hefur gert, eftir ýtarlega athugun. Rétt er að taka fram, að slökkviliðsstjórinn í Reykjavík, Pétur Ingimundarson, var formaður nefndar þessarar, en hann hefur allra manna mesta reynslu í þessum málum, og hefur slökkviliðið þar getið sér mikinn orðstír undir stjórn hans nú á seinni árum.

Um sérstakar greinar skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar skýrir sig sjálft og er í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Um 2. gr.

Með núgildandi lögum er stjórn brunamála höfuðstaðarins fengin í hendur sérstakri nefnd, brunamálanefnd. En með l. nr. 59/1929 og samþykkt nr. 73/1932 var bæjarráð Reykjavíkur stofnað og undir það lögð flest mál, er fastanefndir höfðu áður með höndum. Hér er lagt til, að framkvæmd brunamálanna verði fengin bæjarráði í hendur og brunamálanefndin verði lögð niður. Er það í samræmi við þá almennu breytingu á meðferð bæjarmála, sem gerð er með l. nr. 59/1929 og samþykkt nr. 73/1932 og fullyrða má, að gefizt hefur vel.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 20/1875 er heimild bæjarstjórnar Reykjavíkur til þess að setja reglugerð um þessi mál mjög takmörkuð. Frvgr. gefur bæjarstjórninni frjálsari hendur.

Um 4.—6. gr.

Nauðsynlegt er að gefa slökkviliðsstjóranum í Reykjavík þá heimild, sem hér er farið fram á.

Um 7. gr.

Bótaskylda bæjarsjóðs verður að vera ótvíræð, til þess að ákvæði frv. komi að fullum notum.

Um 8.—10. gr.

Eðlilegast er að fela slökkviliðsstjóra alla stjórn á brunastað og láta hann einan bera alla ábyrgð.

Um 11.—13. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 527. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvernig landhelgisgæzlunni verði bezt og haganlegast fyrir komið. Í því efni verði athugað sérstaklega, með hverri gerð og stærð varðskipa náist beztur árangur af gæzlunni með kleifum kostnaði, og verði í því tilliti aflað vitneskju um nýja gerð skipa erlendis, er að haldi mætti koma, og útbúnað þeirra. Einnig verði það atriði gaumgæfilega rannsakað, að hve miklu leyti nota megi flugvélar til aðstoðar við gæzluna.

Jafnframt er stjórninni falið að láta athuga, með hverjum hætti megi sameina landhelgisgæzluna björgunarstarfseminni og eftirliti á fiskimiðum við strendur landsins.

Niðurstöður af rannsókn þessari skal stjórnin leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Nd. 528. Lög

um heilsuverndarstöðvar.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 505.

Ed. 529. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Varla verður um það ágreiningur, að á Suðurlandsundirlendi, þessu samfelldasta og að ýmsu leyti frjóasta landbúnaðarsvæði landsins, eru tugir bújarða, sem hver um sig er hið bezta aðsetur fyrir bændaskóla. Af þessu leiðir, að þegar velja á einn ákveðinn stað fyrir skólasetur, verður það álitamál, hver þeirra sé beztur, þegar alls er gætt.

Nú er svo komið um væntanlegan bændaskóla á Suðurlandi, að um það er keppt, hvort skólinn skuli vera í Skálholti í Biskupstungum eða á Sámsstöðum í Fljótshlíð. Greinir menn á um þetta, svo sem einatt vill verða um álitamál. Bent er með réttu á ýmsa kosti á báðum þessum stöðum.

Í Skálholti er mikið land og gott, fjölbreytt skilyrði til búnaðar og búnaðarkennslu og nægur jarðhiti í landareigninni. Ljómi hvílir og yfir þeim stað frá eldri tímum. Á Sámsstöðum er land mjög frjótt og veðursæld ein hin mesta á landi hér. Fljótshlíðin er nærri miðju Suðurlandsundirlendisins, þéttbýl og fögur. Byrjað er á fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts, og gera ýmsir sér vonir um, að þarna grói upp mikið land og frjósamt, er auki landkostina stórum. Þá telja og margir, að gagnlegt sé það fyrir bændaskóla að búa í nágrenni við starfsemi, sem þarna er fyrir, tilraunastöð á aðra hönd, en skógræktarstöð á hina. Ég undrast ekkert, þótt skoðanir reynist skiptar, þá er velja á um þessa tvo staði, ef ekkert fleira kemur til greina en staðarvalið eitt. En mér þykir hér vera á fleira að líta.

Í lögum um bændaskóla, þeim er breyta á með frv. þessu, er mælt svo fyrir, að landbúnaðarráðuneytið skuli ákveða stað fyrir bændaskóla á Suðurlandi, eftir að hafa leitað um það atriði álits Búnaðarfélags Íslands. Ég tel víst, að þannig hafi verið frá þessu gengið í lögunum vegna þess, að forgöngumenn málsins á Alþingi, þingmenn af Suðurlandsundirlendinu, vissu, að ágreiningur var um það, hvar skólinn skyldi verða, gátu ekki sjálfir orðið sammála um staðinn og stuðluðu því að því á Alþingi, að ráðherra yrði falið í lögunum að ákveða, hvar skólinn skyldi vera. Búnaðarfélag Íslands fól þriggja manna nefnd að rannsaka málið og benda á skólasetur. Sú nefnd klofnaði. Steingrímur búnaðarmálastjóri og Jón á Reynistað töldu Skálholt rétta staðinn, en Guðmundur á Stóra-Hofi, formaður Búnaðarsambands Suðurlands, taldi Kálfholt í Ásahreppi heppilegast. Sjálfsagt hafa þessir menn allir lagt það til málanna, er þeir töldu réttast. Þó urðu þeir ekki sammála. Nú hefur landbúnaðarráðherra, samkvæmt lagafyrirmælum, ákveðið skólanum stað. Fyrir vali ráðherrans hefur orðið jörðin Sámsstaðir í Fljótshlíð, ásamt smájörðum þar í nágrenni.

Svo sem að framan greinir, hefur Alþingi árið 1942 falið ráðherra að ákveða, hvar bændaskóli Sunnlendinga skuli vera. Þetta hefur ráðherrann gert. Þykir mér það of mikið hverflyndi frá hálfu Alþingis að gera nú, eftir aðeins tvö ár, þessar ákvarðanir sínar að engu, nema þá því aðeins, að skólasetrið teljist svo illa valið, að óviðunandi sé með öllu En engan hef ég heyrt halda þeirri skoðun fram í alvöru og býst varla við, að hún sé til meðal alþingismanna. Verður prentaður sem fylgiskjal á eftir nál. þessu kafli úr bréfi frá Klemenz Kristjánssyni á Sámsstöðum varðandi þetta atriði.

Þar sem mér virðist, að svo megi það kallast, að bændaskóli Sunnlendinga sé nú löglega setztur að á Sámsstöðum í Fljótshlíð, vil ég ekki eiga hlut að því að flytja hann þaðan í burtu, hvorki að Skálholti né annað. Ræður það miklu um þá ákvörðun mína, að úr því að skólanum hefur samkv. lagafyrirmælum verið ákveðinn sæmilegur staður, eigi að láta þar við sitja og á þann einn hátt verði fullt samræmi í afskiptum Alþingis af málinu. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ráðherra hefur þegar ákveðið, að bændaskóli Suðurlands skuli vera á Sámsstöðum í Fljótshlíð, telur deildin ekki þörf á frekari afgreiðslu þessa frumv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Með áliti meiri hl. landbúnaðarnefndar er prentað sérálit þeirra Steingríms búnaðarmálastjóra og Jóns á Reynistað sem fylgiskjal.

Mér þykir rétt að birta hér kafla úr séráliti Guðmundar á Stóra-Hofi, og verða þeir prentaðir hér á eftir sem fylgiskjal II.

Alþingi, 20. nóv. 1944.

Páll Hermannsson.

Fylgiskjal I.

Kafli úr bréfi Klemenzar Kristjánssonar.

Búnaðarskóli er betur settur á góðum stað í Rangárvallasýslu en í Árnessýslu, m. a. af því, að í þessari sýslu starfa tvær ræktunarstöðvar, Tilraunastöðin á Sámsstöðum og Skógræktarstöð ríkisins, sem sjálfsagt er að hafa samband við og not af við hina verklegu kennslu í jarðrækt. Skógræktin er líka jarðrækt, sem, ef rétt er á haldið, þarf að komast inn í hina almennu landbúnaðarframleiðslu, og hið sama má segja um hina ungu akuryrkju, að hún nær því aðeins útbreiðslu, að hún verði kennd verklega og bóklega í skóla. Aðstaða skólans til að reka akuryrkju — kornyrkju, garðrækt, grasfrærækt, sáðskiptatúnrækt o. fl. — á eigin búi verður hægari og óeðað raungildari, ef skólinn er ekki langt frá Tilraunastöðinni á Sámsstöðum og hefur samvinnu við hana um ræktunartilhögun og framkvæmd hennar. En segja má með fullum rétti, að fyrst um sinn verður akuryrkja bezt kennd næst þeim stað, er hún hefur fyrst vaxið úr grasi.

Það er framkvæmdaratriði fyrir starfrækslu hins nýja skóla, að hann notfæri sér við kennsluna þau kennslugögn, sem til eru á sviði jarðræktarinnar og starfa nú lífrænt á sviði akuryrkju og skógræktar.

Það er ekkert aðalatriði, að skóli sé settur á mjög stóra jörð. Óþarflega stórt land er ekkert kennslugagn fyrir skóla, nema því aðeins, að byggt sé á sauðfjárbúskap í stórum stíl og hrossarækt, þar sem þörf er á mikilli úthagabeit. Skóli reistur á ræktunarbúskap þarf vart meira en 70—100 ha ræktanlegt land auk nokkurrar úthagabeitar. Þetta er miðað við, að skólinn hafi 25—30 kýr, hafi svínarækt, hænsnarækt og lítið sauðfjárbú, 70—100 ær, og hross þau, sem með þarf til búrekstrar.

Land skólabús, sem á að kenna ræktunarbúskap, þarf að vera vel yrkt og ekki í mjög stórum stíl, því að ætla má, að í framtíðinni verði ekki stórrekstur, sem hentar landbúnaði, heldur smábýlabúskapur og nokkru stærri. Þetta virðist vera stefna nágrannalanda vorra. Skólabú, sem hefði 20 ha undir plóg árlega, gæti kennt betur verklega framkvæmd akuryrkju en nú er gert á okkar stóru búnaðarskólum, auk þess, að vel rekin og hæfilega stór jarðrækt — túnrækt, kornrækt, grasfrærækt og garðyrkja — hefur sín áhrif á nemendurna, því að hún getur með útliti sínu sýnt og sannað, hvernig á að standa að þessum framkvæmdum.

Með því að hafa 20 ha undir plóg árlega, yrði 20 ha sáðskiptagraslendi inni í því sáðskipti, sem hæft væri. Sáðskiptatúnið gefur fóður fyrir 25—30 kýr einslegið auk töluverðrar beitar fyrir kýr. Hið opna akurlendi gæti verið 15 ha kornland árlega og 5 ha garðland og grasfóður. Hið opna land 20 ha gæti árlega gefið ca. 600 hesta hálms, 250—300 tn. korn, 400—500 tn. söluhæfar kartöflur og grasfóður ca. 120—200 hesta.

Þótt ekkert annað land en 40 ha væri yrkt og nytjað til fóðurframleiðslu, væri þar nóg fóður fyrir það skólabú, er að framan getur. Þetta hefur starfsemin á Sámsstöðum sannað um fjöldamörg ár, og það sama er hægt að útfæra við rekstur skólabús, ef hugur fylgir máli og unnið er eftir ákveðnum markmiðum. Má eftir þessu, sem ég hef hér lítillega drepið á, gera fastlega ráð fyrir, að skóli, sem kennir verkleg og bókleg fræði fyrir landbúnaðinn, þurfi ekki yfir 70—80 ha ræktanlegt land auk nokkurrar úthagabeitar (fyrir sauðfé og hross).

Fylgiskjal II.

Úr áliti frá minni hluta nefndar þeirrar, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands skipaði til þess að gera tillögur um stað fyrir Bændaskóla Suðurlands.

— — —

Ástæður fyrir því, að ég get ekki fylgt meiri hluta nefndarinnar að málum, er hún bendir á Skálholt sem hinn æskilegasta stað fyrir Búnaðarskóla Sunnlendinga, eru tvíþættar:

1. Ég tel sanngirni og mikla nauðsyn bera til þess, að skólinn sé í Rangárvallasýslu.
2. Valið á Skálholti tel ég, að sé að verulegu leyti mótað af viðhorfi, er hvergi nærri samrýmist þeim hugsjónum, er ég tel, að ekki megi frá víkja við stofnun og starfrækslu nýs bændaskóla.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir þessu hvoru tveggja.

1. Í hvaða sýslu á skólinn að vera?

Eins og kunnugt er, eru það fjórar sýslur, er hér eiga hlut að máli, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, V.-Skaftafellssýsla og Vestmannaeyjasýsla. Æskilegt er, að skólinn sé settur sem mest miðsvæðis í þessum sýslum, og með tilliti til þess fellur valið án alls efa á Rangárvallasýslu. En hér ber einnig fleira til. Æskilegt er, að slíkar mennta- og menningarstofnanir nái sem víðast til, enginn mundi hugsa vel til þess, að allir þeir skólar, er í sveitum starfa, s. s. bændaskólar, húsmæðraskólar, héraðsskólar o. s. frv., væru samankomnir í einni og sömu sveit eða sýslu, jafnvel þó að vegalengdir væru orðnar það lítið atriði og samgöngur svo fullkomnar, að **þess vegna** skipti litlu máli, hvar skólarnir væru í sveit settir. Menn vilja, sem vonlegt er, dreifa skólunum, láta sem flestar sýslur njóta þeirra heima fyrir og þeirra áhrifa, er það hefur, að skóli starfar innan sýslu eða héraðs.

Nú vill svo til, að í Rangárvallasýslu starfar enginn skóli nema barnaskólar, en í Árnessýslu starfa fleiri skólar: héraðsskóli, 2 húsmæðraskólar, garðyrkjuskóli og 2 íþróttaskólar. Þar eru einnig reknar allmargar garðyrkjustöðvar við sérstök skilyrði, er veita hagnýta starfsfræðslu í þeirri grein, þ. e. garðyrkju við jarðhita. Þessar ástæður í skólamálum Sunnlendinga ættu einar út af fyrir sig að vega drjúgum til þess, að hinn væntanlegi Bændaskóli Sunnlendinga yrði settur í Rangárvallasýslu, ef þar fyrirfyndist heppilegur staður fyrir skólann.

Þótt stundum sé deilt um það, hve heillavænleg áhrif skólar, t. d. héraðsskólar, hafi fyrir þær sveitir, sem þeir starfa í, er þess að vænta, að rétt reknir skólar séu og verði menningarstofnanir, er til heilla horfi fyrir umhverfi þeirra. Á þetta þó alveg sérstaklega við um fagskóla eins og bændaskólana. Mætti nefna margt því til sönnunar, að mikla nauðsyn ber til, að í Rangárvallasýslu rísi upp fleiri menningarstofnanir en tilraunabú Búnaðarfélags Íslands á Sámsstöðum, en þeirri stofnun skal sízt gleyma, hversu mikilsvert það er fyrir sýsluna, að hún skuli vera þar; ef það verði ekki, muni sýslunni hnigna um margt það, er eigi skyldi, eða að minnsta kosti verða lítið um framsókn og menningarþroska miðað við það, sem náttúran hefur þar að bjóða og hagnýta til hagsældar, ef menntun og þroski eflist og er að verki.

Það, sem hér hefur verið sagt um Rangárvallasýslu, styðst enn við það, og er ekki lítilsvert, að fyrir Skaftfellinga er miklu auðveldara og happavænlegra að sækja skóla á góðum stað í Rangárvallasýslu heldur en í Árnessýslu, án þess að Árnesingum séu nein ókjör boðin að sækja bændaskóla austur yfir Þjórsá.

Fyrir Vestmannaeyinga má einu gilda, hvort skólinn er í Árnessýslu eða Rangárvallasýslu. Fyrir þá er aðalatriði, að skólinn sé **ræktunarskóli**, en ekki mótaður af landrýmisákefð og víðáttubúskap.

Læt ég svo útrætt um þetta atriði, tel öll rök styðja, að skólinn eigi að vera í Rangárvallasýslu, ef þar finnst heppileg jörð fyrir hann, vel í sveit sett, en um það efast enginn, að margar slíkar jarðir er þar að finna.

2. Bændaskóli Suðurlands.

Hvernig á fyrirkomulag og rekstur skólans að vera? Val á skólasetri með tilliti til þess.

Hið stærsta og samfelldasta gróðurlendi á landi hér er Suðurlandsundirlendið. Þar eru mestir möguleikar fyrir framtíðarþróun íslenzks landbúnaðar. Hversu sem fer um hana, hvort sem hún verður ör eða hæg, hvort sem býlin verða tiltölulega lítil og rekin af fáliðuðum bændum sem einkarekstur þeirra eða þau verða stór og rekin

með félagssniði í einhverju formi, blandast engum hugur um það, að þróunin hlýtur að verða í þá átt, að ræktunin aukist og yfirferð minnki. Túnrækt með ívafi akuryrkju verði aðalatriði, áveitulönd verði ræst fram og ræktað á einn eður annan hátt o. s. frv. Óhófleg stærð lands, sem á er rekinn rýr fleytingsbúskapur, verður ekki um alla eilífð hnyðja á bóndanum og skylduliði hans, amstur, sem aldrei sér út yfir og engin leið sést til þess að losna við. Frá þessu verður horfið og haldið heim á leið, að nytja viðráðanlegt land á viðráðanlegan hátt án vonlausra átaka.

Af þessu viðhorfi, af þessari framtíð á væntanlegur Bændaskóli Suðurlands að mótast, — hann á fyrst og fremst að verða ræktunarskóli.

Ef litið er til þeirra tveggja bændaskóla, sem fyrir eru, valda ýmsar aðstæður því, að óhægt er um vik að sveigja þá fljótt og vel í þá átt, sem hér hefur verið litið, meðal annars sökum þess, að þeir eru fullstórir — fullfjölmennir — til þess. Þeim mun meiri nauðsyn er til, að hinn nýi skóli mótist af því, sem koma skal, og að þar sé fortíð látin eiga sem var.

Það kom á tímabili mjög til orða að velja skólanum stað á Sámsstöðum. Sú hugmynd átti ekki eingöngu rót sína að rekja til þess, að þar væri auðveldast að koma skólanum á fót, með minnstum tilkostnaði o. s. frv. Hún var einnig og líklega miklu fremur sprottin af þeirri raunsæi, að rekstur væntanlegs skóla og skólabús ætti í meginatriðum að stefna í sömu átt og rekstur tilraunabúsins á Sámsstöðum, í ræktunarátt, — mikla og vandaða ræktun takmarkaðs lands. Þótt hugmyndin um að hafa skólann á Sámsstöðum sé lögð á hilluna, er þessi hugmynd hin bezta bending um, hvert stefna skuli og hvers menn vilja vænta af hinum nýja skóla.

Um stærð skólans eða réttara sagt nemendafjölda má segja, að flest bendi til þess, að hún eigi að vera minni heldur en þeirra bændaskóla, sem fyrir eru. Reynsla þeirra hefur sýnt, að örðugt er með þeim nemendafjölda, sem þar er, að veita nemendum þá verklegu þjálfun, sem þó er sanngjarnt og sjálfsagt að krefjast, að nemendur fái í bændaskóla. Þetta strandar meðal annars á því, að ef hinum mikla nemendafjölda væri beitt fullum fetum að verklegu ræktunarnámi, mundu skólarnir vaxa sér sjálfum yfir höfuð, — sprengja sig. Er því á þessum skólum valin, að nokkru leyti, sú illa leið að spara verklega námið við nemendurna, þó að það kosti þá miklu fórn, að nemendurnir verði miður en skyldi til þess færir að gerast forystumenn um verklega tækni úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Sé þetta rétt — sem ég vænti, að vart verði hrakið —, á val á setri fyrir hinn nýja skóla meðal annars að mótast af því, að þar sé nóg verkefni að stofna til ræktunar, þar sem ekki var miklu fyrir að fara áður, gnægð af verkefni allt um kring, án þess að gapa yfir endalausri víðáttu, fyrir hæfilega fjölmennan hóp nemenda, ekki fjölmennari en svo, að þeir vinni lærdómsverk, en flækist ekki hver fyrir öðrum.

Að meiri hluti nefndarinnar velur Skálholt sem hið æskilegasta skólasetur, virðist á áberandi hátt mótað af öðru viðhorfi en því, sem ég hef nú drepið á. Val Skálholts, með mjög miklu landi, meðal annars miklu áveitulandi mjög fjarri heimatúni — þar sem allt bíður heim umsvifamiklum yfirferðabúskap — virðist stefna í sömu átt og það, sem mörgum þykir miður um rekstur gömlu bændaskólanna, benda til þess, að frekar sé hugsað um að ganga áfram troðnar götur heldur en að ryðja nýjar brautir, frekar sé hugsað um stærð og yfirferð heldur en að plægja og plægja djúpt.

Ed. 530. Frumvarp til laga

um eyðing á rottum og músum.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum og músum sé eytt.

2. gr.

Eyðing á rottum og músum skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu, þar sem þeirra verður vart. Bæjar- og sveitarstjórnir láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar.

Á öðrum tímum árs skal eyðing fara fram eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar eða fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.

Rottueitur skal vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, þar sem ekki eru lyfjabúðir.

3. gr.

Rottum og músum skal eyða með eitrun eða á annan hátt, er heilbrigðisstjórnin ákveður. Við eitrun skal aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepnum, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterkari eiturtegunda þar, sem rottu- eða músafaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

4. gr.

Þær einar eiturtegundir má nota og hafa til sölu, er heilbrigðisstjórnin hefur leyft. Um meðferð og notkun eiturs skal fara eftir þeim reglum, er nú gilda eða settar kunna að verða.

5. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslur um eyðingu á rottum og músum í sveitarfélaginu. Skal þar lýst eyðingarstarfinu, getið eiturtegunda og eiturmagns, kostnaðar og árangurs, ef kostur er.

6. gr.

Nú vanrækir bæjar- eða sveitarfélag að láta framkvæma eyðingu á rottum og músum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnarinnar, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er í aðalatriðum byggt á till. heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík og er samið að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur, enda mælir það með samþykkt þess.

Eyðing á rottum og músum er eitt af vandamálum flestra sveitarfélaga á landinu, og er víða varið til þess miklu fé og fyrirhöfn. Um þetta er ekki til nein löggjöf, og er frv. þetta fram borið til þess að bæta úr því.

Með frv. er eyðingarstarfið falið bæjar- og sveitarstjórnum, hverri á sínum stað, en eftirlit látið vera í höndum heilbrigðisstjórnarinnar. Kostnaði er skipt milli bæjar-

og sveitarsjóða annars vegar og ríkissjóðs hins vegar, þannig að bæjar- og sveitarsjóðir greiða ⅔ hluta, en ríkissjóður ⅓ hluta.

Annars staðar á Norðurlöndum var löggjöf um þetta efni sett skömmu eftir síðustu aldamót. Var þar, a. m. k. í Danmörku, í fyrstu reynt annað fyrirkomulag en hér er lagt til, að lögfest verði. Fyrst var ákveðið að greiða ákveðin verðlaun fyrir hvert dýr, er drepið var, og síðar að láta bæjar- og sveitarstjórnir ákveða, hvenær eyðing skyldi fara fram, og þeim þá jafnframt heimilað að leggja verulegan hluta kostnaðarins á eigendur fasteigna í umdæminu. — Þetta mun ekki hafa reynzt vel, því að lögunum var síðar breytt og tekið upp svipað fyrirkomulag og hér er lagt til, að lögfest verði. Í Svíþjóð og Danmörku er framkvæmd eyðingarstarfsins í höndum bæjar- og sveitarstjórnanna, en kostnaðurinn greiddur að nokkru leyti úr ríkissjóði.

Um einstakar greinar skal þetta sagt:

Um 1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum er falið að sjá um eyðingarstarfið, en yfirstjórnin látin vera í höndum heilbrigðisstjórnarinnar.

Um 2. gr.

Rottur og mýs leita mest að híbýlum manna haust og vor, og er því lagt til, að aðaleyðingarnar fari þá fram, þar sem það er vænlegast til árangurs. Einnig er sjálfsagt að framkvæma þetta á sama tíma í öllum sveitarfélögum, til þess að koma í veg fyrir, að dýrin berist á milli.

Einnig er gert ráð fyrir, að eyðing fari fram á öðrum tímum árs, þegar þörf krefur, og að kostnaður við það greiðist á sama hátt og við hinar lögboðnu aðaleyðingar. Auk þess er mælt svo fyrir, að rottueitur skuli alltaf vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, svo að húseigendur eigi þess kost að eitra í húsum sínum, þegar þeir óska, án íhlutunar annarra.

Um 3. og 4. gr.

Í gr. er gengið út frá því, að eitur sé aðallega notað við eyðinguna, enda er það sú aðferð, sem gefið hefur bezta raun. Um meðferð þess og sölu er vitnað til þeirra fyrirmæla, er nú gilda og sett kunna að verða.

Heilbrigðisstjórninni er falið að ákveða, hvaða tegundir skuli nota, svo að öruggt sé, að eingöngu verði um góða vöru að ræða.

5.—7. gr.

þarfnast ekki skýringar.

Nd. 531. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Umsögn vitamálastjóra er birt sem fylgiskjal.

Alþingi, 21. nóv. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Jósefsson, fundaskr. Sig. Kristjánsson.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 21. nóv. 1944.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Þær verklegu framkvæmdir, sem hér um ræðir, eru í samræmi við uppdrætti og áætlanir, sem gerðar hafa verið hér á vitamálaskrifstofunni, enda ekki annað en áframhald á því, sem byrjað hefur verið á og flestir sammála um, að þurfi að koma.

Það, sem mér skilst, að mest liggi á, er 30 m framlengingin á skipabryggju, sem sennilega væri hægt að framkvæma í sumar, ef staurar til framlengingarinnar fást í tæka tíð

Framlenging aðalhafnargarðs er einnig mjög aðkallandi, en ég tel tæplega fært að ætla því verki minna en tvö sumur. Hagkvæmast væri að steypa alla kassana og geyma þá uppi á landi, þangað til í býti hitt vorið, svo að hægt væri að ljúka garðinum fyrri hluta þessa sumars.

Dýpkun og uppfyllingar verða að sjálfsögðu háðar því, hve fljótt verður hægt að fá til þess nothæf tæki.

Það er því augljóst mál, að þótt þetta frumvarp yrði að lögum nú, þá mundi kostnaðurinn, sem af því leiddi, skiptast á næstu þrjú ár.

Ég vil eindregið mæla með því, að haldið verði áfram byggingu Skagastrandarhafnar og það eins fljótt og hægt er að vinna með hagkvæmu móti.

Axel Sveinsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 532. Frumvarp til laga

um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I.

Um jarðræktarsamþykktir.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar jarðræktarframkvæmdir á sambandssvæðinu, til þess að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi. Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Framræsla.
2. Túnasléttun.
3. Nýrækt.
4. Sléttun engja.

2. gr.

Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á jarðræktarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að jarðræktarsamþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins með tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, — enn fremur tilkynningu um, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp með að minnsta kosti ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera jarðræktarsamþykkt samkv. lögum þessum eða það hefur dregizt eitt ár, eftir að tillaga hefur komið fram um það á sambandsfundi, og skal þá stjórn sambandsins skylt að gera tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði, enda liggi fyrir kröfur um það frá einu eða fleiri hreppabúnaðarfélögum innan sambandsins.

Við skiptinguna skal að því stefnt, þegar um búnaðarsambönd er að ræða, er ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, að hvert sýslufélag geti orðið samþykktarsvæði fyrir sig, eftir því sem unnt er og staðhættir leyfa. Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt. Lágmarksstærð samþykktarsvæðis skal miða við, að nægileg verkefni séu fyrir hendi að dómi Búnaðarfélags Íslands fyrir eina vélasamstæðu um langt árabil og tryggt þyki, að vélarnar verði árlega starfræktar að fullu.

Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði eða ræktunarfélög, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarfélaga. Stjórn sambandsins leggur því næst tillögur sínar ásamt umsögn Búnaðarfélags Íslands fyrir aðalfund sambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna. Ályktun sambandsfundar skal send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að skiptin brjóti í bága við ákvæði laga þessara, og skal það þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

Þegar skiptin hafa hlotið staðfestingu, getur hvert samþykktarsvæði innan þess sambands, er skiptin ná til, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Öllum undirbúningi undir þessar samþykktir svo og starfsemi þeirri, sem til er stofnað með þeim, skal haga eftir því, sem við getur átt, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um samþykktir og starfsemi búnaðarsambanda.

Ræktunarfélög þau, er hér um ræðir, skulu velja sérstaka framkvæmdastjórn og starfa undir eftirliti hlutaðeigandi sambands og Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í samþykktum skal kveða á um:

1. Verkefni, sem sambandið eða ræktunarfélagið tekur að sér.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að þeir, er minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið.
4. Að búnaðarsambandið eða ræktunarfélagið taki þær greiðslur fyrir ræktunarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins eða ræktunarfélagsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að samþykkt brjóti í bága við lög eða reglugerð eða hún fari í bága við tilgang laga þessara, og skal það þá endursenda hana með áritaðri athugasemd og fresta að leggja hana fyrir ráðherra, unz leiðrétting er fengin.

Þegar ráðherra hefur staðfest samþykktina, gildir hún upp frá því fyrir alla félagsmenn hreppabúnaðarfélaga á samþykktarsvæðinu.

Ráðherra skipar fyrir um birtingu samþykktarinnar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

5. gr.

Stjórn sambandsins annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands um eftirgreindar mælingar og athuganir á hverju samþykktarsvæði:

1. Stærð túna.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942.
3. Ræktunarástand túnanna.
4. Skilyrði til nýræktar.
5. Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún skuli unnin (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað).
6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau.

Kostnaður við athuganir og mælingar þær, er hér um ræðir, ásamt nauðsynlegri kortagerð greiðist að helmingi úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Ræktunarframkvæmdir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skulu framkvæmdar eftir fyrirsögn trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Ef jarðeigandi eða ábúandi, sé jörðin í leiguábúð, vill ekki hlíta ákvörðun trúnaðarmanns, getur hann skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um tilhögun verksins.

7. gr.

Þegar jörð er í leiguábúð, skal stjórn sambandsins gefa leiguliða kost á að gerast þátttakandi í ræktunarstarfinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar að jarðeiganda frágengnum, og fer þá um rétt ábúanda gagnvart jarðeiganda samkvæmt ákvæðum ábúðarlaganna.

8. gr.

Nú hefur ræktunarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá verkfæranefnd ríkisins vera stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis til aðstoðar og leiðbeiningar um kaup og val nauðsynlegra jarðvinsluvéla og verkfæra vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Verkfæranefnd ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr framkvæmdasjóði ríkisins á hverju sambands- eða samþykktarsvæði, miðað við eðlilega þörf sambandsins, stærð þess, vélakost og vinnuafköst vélanna.

9. gr.

Verja skal úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 3 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er verkfæranefnd ríkisins telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Styrkur þessi greiðist, jafnóðum og vélarnar eru keyptar. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og tækjum.

10. gr.

Framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkv. lögum þessum, að hún nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Verkfæranefnd ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að

leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, meðan vélarnar eru nýjar og nýlegar, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi eða ræktunarfélagi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum stjórnar verkfæranefndar ríkisins.

Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum.

11. gr.

Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæðum laga þessara, viðgerð þeirra og viðhaldi svo og, ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við jarðræktarframkvæmdir í sveitum. Skal hún hafa í þjónustu sinni nægilega marga vélfróða menn til að annast eftirlit þetta. Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara að dómi verkfæranefndar eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.

12. gr.

Búnaðarfélag Íslands og verkfæranefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af verkfæranefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Heimilt er stjórn sambands eða samþykktarsvæðis, sem hefur sett sér jarðræktarsamþykkt, að láta ræsa fram bithaga, ef eigandi jarðarinnar óskar þess og trúnaðarmaður sá, er framkvæmdi mælingarnar á jörðinni, telur þessa jarðabót nauðsynlega vegna búrekstrar þar.

14. gr.

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi sambandi jarðræktarstyrk hvers samþykktarsvæðis óskertan til afgreiðslu og úthlutunar að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 10. gr., nema sambandsstjórnin geri aðrar ráðstafanir.

II.

Um húsagerðarsamþykktir.

15. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að þau taki að sér byggingu íbúðar- og útihúsa á sambandssvæðinu á þann hátt, að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til fullkomnar vélar og tæki við vinnuna. Með samþykktinni skal stefnt að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum í sveitum og að bændur fái með þessum hætti svo vönduð, hagkvæm, smekkleg og ódýr hús sem kostur er á. Við framkvæmdir þessar sé þess gætt, að þeir, er hafa mesta þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

Byggingarframkvæmdir þær, er hér um ræðir, eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður og súrheystóftir.

4. Haughús, þvaggryfjur og safnþrær.
5. Geymsluhús.

Húsin afhendist fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

Um sambönd, sem ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, gilda ákvæði 3. gr.

16. gr.

Nú ákveður sambandsfundur að koma á húsagerðarsamþykkt, og skal þá undirbúningi og framkvæmdum hagað samkvæmt fyrirmælum 2. og 3. gr.

17. gr.

Í húsagerðarsamþykktum skal tekið fram um:

1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér, sbr. 15. gr.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að nauðsynlegt byggingarefni sé ávallt fyrir hendi, er vinnan hefst.
4. Að búnaðarsambandið taki þær greiðslur fyrir byggingarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

18. gr.

Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda, og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingarfróða menn athuga og gera tillögur um, hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðarmenn þessir skulu jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra, eftir því sem fært þykir.

Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins.

19. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar eftir teikningu og fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins eða trúnaðarmanna hennar. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, er fellir um þær fullnaðarúrskurð.

20. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins vera stjórn sambandsins til aðstoðar um kaup og val hentugra veggjamóta ásamt vélum og verkfærum, sem nota þarf við hinar fyrirhuguðu byggingar. Forstöðumaður teiknistofunnar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar skal kaupa, miðað við byggingarþörf hvers sambands og afköst vélanna.

Þar, sem rætt er um veggjamót í lögum þessum, er um að ræða mót af varanlegri gerð, sem auðvelt er að flytja milli vinnustaða.

21. gr.

Byggingarsjóður og nýbýlasjóður ríkisins leggja fram sem styrk ⅓ hvor af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins telur samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.

Framlög þessi endurgreiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Reikna skal sérstakt viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum, vélum og verkfærum, sem keypt hafa verið með styrk frá byggingarsjóði og nýbýlasjóði, á sama hátt og segir í 10. gr. Búnaðarfélag Íslands ávísar greiðslum úr fyrningarsjóðnum samkvæmt tillögum forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins. Að öðru leyti skal hlíta um þetta ákvæðum 10. gr., eftir því sem við á.

23. gr.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 15. gr., skulu ráðnir í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

24. gr.

Styrkir, sem greiddir eru af opinberu fé vegna bygginga í sveitum, skulu, þegar byggingarnar eru reistar samkvæmt samþykktum þeim, sem hér um ræðir, greiðast óskertir — að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 22. gr. — til hlutaðeigandi sambandsstjórna, nema þær leggi annað fyrir.

25. gr.

Nú hefur nýbýlasjóður heitið styrk til húsagerðar, er búnaðarsamband hefur tekið að sér samkvæmt lögum þessum, og á þá sambandið kröfu til, að sjóðurinn greiði styrkinn, þegar er verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

III.

Almenn ákvæði.

26. gr.

Búnaðarsamböndum, sem taka að sér jarðræktar- eða húsagerðarframkvæmdir samkvæmt lögum þessum, ber að tryggja sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sínar hjá kostnaðarmanni framkvæmdarinnar, áður en vinna hefst.

27. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsamband samkvæmt lögum þessum, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum — og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða.

Skuldir þessar má taka lögtaki.

28. gr.

Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 533. Nefndarálit

um frumv. til laga um áburðarverksmiðju.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og farið rækilega yfir allar greinar þess. Er nefndin á einu máli um það að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Um einstakar breytingartillögur er nefndin hins vegar ekki sammála.

Meiri hluti nefndarinnar (BG, JPálm og SG) leggur til, að með bráðabirgðaákvæði sé ríkisstjórninni falið að tryggja nægilega raforku til vinnslunnar og láta gera nákvæmar áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrirtækisins, áður en verkið er hafið. Sé með því fengin frekari vissa en nú liggur fyrir um það, að fyrirtækið geti fullnægt því hlutverki að framleiða áburð, er eigi sé dýrari en sambærileg aðflutt vara.

BÁ og JS vilja láta kjósa verksmiðjustjórnina strax og fela henni þennan undirbúning í samráði við landbúnaðarráðherra. Telja þeir, að á þann hátt muni málinu tryggður fljótari og öruggari framgangur. Verksmiðjustjórnin ætlast þeir þó til, að starfi fyrst um sinn án kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Aðrar breytingartillögur, sem ekki er fullt samkomulag um, standa í sambandi við þann ágreining, sem þegar hefur verið nefndur.

Breytingartillögur flytur nefndin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. nóv. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Barði Guðmundsson.

Jón Sigurðsson. Sig. Guðnason.

Ed. 534. Frumvarp til laga

um mat á beitu o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Enga beitu, sem ætluð er til sölu, má frysta, nema hún hafi áður verið metin af beitumatsmanni.

2. gr.

Óheimilt er að selja frysta beitu, nema hún hafi verið metin og vottorð fylgi um, að hún sé góð og óskemmd vara og henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

3. gr.

Þar, sem unnt er að koma því við, annast síldarmatsmenn beitumatið, en annars fiskimatsmenn á hverjum frystingarstað. Um skyldur og réttindi beitumatsmanna fer eftir ákvæðum gildandi laga um síldar- og fiskimat á hverjum tíma.

Kostnaður af beitumati greiðist af seljendum.

4. gr.

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands að ákveða hámarksverð á nýrri og frystri beitu, frystigjald á beitu og geymslugjald á beitu og beittri

linu. Brot gegn slíkum verðlagsákvæðum varða sektum, allt að kr. 10000.00, auk þess, sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

5. gr.

Fyrir 1. ágúst ár hvert ber Fiskifélagi Íslands að hafa safnað skýrslum um land allt um eftirfarandi atriði:

1. Beitubirgðir.
2. Beitumagn, sem frystihús, útgerðarmenn eða aðrir ætla sér að frysta til 1. október það ár.
3. Áætlaða beitunotkun á komandi ári.

Enn fremur skal Fiskifélag Íslands safna skýrslum vikulega um beitubirgðir um land allt á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. október ár hvert.

Komi það í ljós að fengnum þessum upplýsingum, að hætta sé á beituskorti, ber Fiskifélagi Íslands að aðvara viðkomandi aðila og hafa áhrif á, að úr verði bætt í tæka tíð. Hafi eigi verið bætt úr fyrirsjáanlegum beituskorti að áliti Fiskifélags Íslands innan 1. sept. ár hvert, er því heimilt að fengnu leyfi ráðherra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til beituöflunar, enda hafi viðkomandi útgerðarstaðir óskað þess.

Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitu, svo og öllum útgerðarmönnum og öðrum, sem óskað er upplýsingar frá um beituforða eða annað í sambandi við beitumál, skal skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té allar upplýsingar, sem það óskar eftir og mál þetta snerta.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um mat samkv. 1.—3. gr. þessara laga og gefur matsmönnum erindisbréf.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 535. Breytingartillaga

við till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við tillgr. bætist: með þeim hætti, sem hér segir: Hefja næsta vor, undir eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, byggingu geðveikrasjúkrahúss á Akureyri og ljúka við húsrúm fyrir 50 sjúklinga svo fljótt sem unnt er. Taka sömuleiðis til viðgerðar og afnota kjallarann undir þeirri álmu sjómannaskólans, sem ekki verður notuð til kennslu fyrst um sinn, og gera þar bráðabirgðahæli fyrir sjúklinga, sem ekki rúmast á Kleppi.

Ed. 536. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1944.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.
Lárus Jóhannesson. Kristinn E. Andrésson.

Nd. 537. Tillaga til þingsályktunar

um skipulag á framleiðslu kindakjöts fyrir innlendan markað.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvernig bezt verði tryggt, að þau héruð, sem bezt eru fallin til sauðfjárræktar eða vegna legu sinnar verða að stunda hana sem aðalframleiðslu, fái forgangsrétt að hinum innlenda kindakjötsmarkaði, á svipaðan hátt og viss héruð hafa nú einkarétt til sölu mjólkur og rjóma á helztu markaðsstöðum landsins.

Að lokinni rannsókn skal ríkisstjórnin láta undirbúa frumvarp til laga um þessi mál og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Á síðustu 3—4 áratugum hafa orðið hraðari breytingar á atvinnulífi vor Íslendinga en nokkru sinni fyrr. Þjóðin hættir að vera frumstæð bændaþjóð, sem að mestu býr að eigin framleiðslu, og fer að hagnýta sér auðlindir þær, er sjórinn hefur að bjóða. Á stuttum tíma skapast stórútgerð, er fyllilega jafnast á við það bezta, sem annars staðar gerist á því sviði. Jafnframt eykst iðnaður og verzlun til stórra muna. Eðlileg afleiðing af slíkri þróun atvinnulífsins er þéttbýli það, sem myndazt hefur í kaupstöðum og sjávarþorpum. En samfara þessu hefur hlutverk landbúnaðarins í atvinnulífinu tekið miklum breytingum. Í stað þess að framleiða aðallega til eigin nota á heimilum og lítið eitt til útflutnings hefur skapazt stórkostlegur markaður í landinu sjálfu. Þar með hefur landbúnaðinum skapazt nýtt verkefni, að fylla þann markað með svo fjölbreyttum matvælum sem hægt er að framleiða hér heima.

Ekki þýðir annað en viðurkenna þá staðreynd, að skilyrði til landbúnaðarframleiðslu eru að ýmsu leyti lakari hér en í nágrannalöndum vorum. Nú er sú stefna mjög ofarlega á baugi úti um heim, að skipuleggja beri framleiðslu og dreifingu vara með alþjóðasamtökum. Verða þá hverfandi litlar líkur til þess, að vér Íslendingar getum selt landbúnaðarframleiðslu á erlendum markaði fyrir það verð, er skapað geti bændum og búaliði sæmilega lífsafkomu. Þetta þarf þó ekki að hafa þau áhrif, að landbúnaðarframleiðslan sem heild þurfi að minnka, því að enn þá er mjög tilfinnanlegur skortur á ýmsum landbúnaðarvörum til innanlandsneyzlu. Má í því sambandi benda á mjólkurskort þann, er sífellt gerir vart við sig hér í Reykjavík og víðar. Smjör er oftast ófáanlegt, og garðávexti þarf að flytja

inn í landið að heita má á hverju ári, og fleira mætti telja. Aftur á móti er kindakjötsframleiðslan svo mikil, að selja verður allmikinn hluta dilkakjötsins úr landi fyrir verð, sem óhugsandi er, að geti skapað framleiðendum sæmilega fjárhagsafkomu, eftir að styrjöldinni lýkur.

Enn þá hefur ekkert verið gert af hálfu löggjafarvaldsins til að lagfæra þetta ástand. Verðuppbætur ríkissjóðs á útflutt kjöt munu fremur hafa stuðlað að aukinni þróun í þessa átt, með því að sökum hins háa kjötverðs innan lands hafi kjötframleiðslan á sumum helztu mjólkurframleiðslusvæðum landsins verið aukin á kostnað mjólkurframleiðslunnar. Er auðsætt, hvílík hætta stafar af slíkri þróun, ekki aðeins fyrir bændastétt landsins, heldur einnig þjóðina sem heild. Nú er það viðurkennt af öllum, að verðlagsuppbætur ríkissjóðs séu vandræðamál og hljóti að falla niður þegar á næsta ári. Verði jafnframt verðfall á erlendum markaði í styrjaldarlokin, er bændum þeim, er ekki geta stundað annað en sauðfjárrækt, stórhætta búin fjárhagslega, ef ekkert er að gert.

Það, sem gera þarf því hið allra fyrsta, er að beina þróuninni í gagnstæða átt, fá bændur á þeim svæðum, sem vel eru fallin til mjólkurframleiðslu og vegna legu sinnar geta notað mjólkurmarkaðinn, til að leggja niður sauðfjárrækt, og í öðru lagi að tryggja þeim héruðum, sem ekki geta framleitt mjólk til sölu, forgangsrétt að kindakjötsmarkaðinum innan lands. Í flestum tilfellum eru það þau héruð, sem bezt eru fallin til sauðfjárræktar, þótt fyrst um sinn verði að taka þar með ýmis önnur héruð og sveitir, sem vegna legu sinnar geta ekki stundað aðra framleiðslu, eins og nú er háttað.

Þess ber einnig að gæta, að við slíka verkaskiptingu innan bændastéttarinnar, þar sem hver hlutinn leggur eingöngu kapp á framleiðslu þeirra vörutegunda, er bezt eiga við náttúruskilyrði viðkomandi framleiðslusvæðis, notast bæði starfsorka framleiðenda og náttúruskilyrði landsins betur en áður, og er hún því bezta tryggingin fyrir því, að hægt sé að lækka framleiðslukostnað og þar með verðbólguna í landinu.

Þá skal það einnig tekið fram, að sú aðferð að ákveða verðlag landbúnaðarvara á innlendum markaði eftir sérstakri landbúnaðarvísitölu hefur orðið mjög vinsæl meðal bænda, og mun þeim flestum þykja öryggi atvinnurekstrar síns allmikið skert, ef frá því væri horfið. Slíkri verðlagningu er ekki hægt að koma við gagnvart útfluttum vörum. Eina örugga ráðið til tryggingar landbúnaðinum er því það að skipuleggja framleiðsluna þannig, að hið allra fyrsta megi takast að fylla innanlandsmarkaðinn með gnægð af þeim vörum, sem hér er hægt að framleiða, og hætta útflutningi vara, sem vér erum ekki samkeppnisfærir með á erlendum markaði.

Samkvæmt lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, er vissum héruðum veittur einkaréttur til þess að framleiða þessar vörur fyrir helztu markaðsstaði landsins. Það verður því að teljast full ástæða til þess að veita öðrum héruðum, er ekki geta stundað annað en sauðfjárrækt, hliðstæðan forgangsrétt að innlendum kindakjötsmarkaði og þannig verði byrjað að beina þróuninni inn á þá braut, sem heppilegust mun reynast fyrir framtíð landbúnaðarins.

Nd. 538. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, aðallega eftir tillögum tollstjórans í Reykjavík, sem nefndin

leitaði álits hjá um málið, og hefur fjármálaráðuneytið fallizt á breytingarnar. Eru breytingartillögurnar á sérstöku þingskjali, en umsögn tollstjórans er birt aftan við þetta nefndarálit sem fylgiskjal.

Alþingi, 22. nóv. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jakob Möller, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Sigfús A. Sigurhjartarson.	

Fylgiskjal.

TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 1944.

Með bréfi, dags. 11. þ. m., hefur háttvirt fjárhagsnefnd neðri deildar sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Út af þessu skal þetta tekið fram um hinar einstöku greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

1. Um 1. lið.
   Með þessum lið er 7. kafli tollskrárinnar orðaður um, eins og fram er tekið í athugasemdinni við þennan lið frumvarpsins.
   Uppsetning kaflans er ekki alveg rétt í frumvarpinu, og er lagt til, að þetta verði leiðrétt og kaflinn orðaður svo sem segir í 1. breytingartillögunni, er hér með fylgir.
2. Um nýja liði, er lagt er til, að verði 13.—15. liður.
   Af sömu ástæðum og nefndar eru í athugasemdinni við 12. lið 1. gr. frumvarpsins er með 2. breytingartillögunni, er hér með fylgir, lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 25, 39 og 41 í 28. kafla tollskrárinnar verði lækkaður úr 30% í 8%. Öll eða langflest þeirra efna, er undir þessi tollskrárnúmer falla, eru notuð til einhvers konar iðnaðar eða lyfja. Er því sanngjarnt, að verðtollurinn af þeim verði lækkaður eins og að framan segir, enda er núverandi verðtollur af þeim ekki í samræmi við núverandi verðtoll af hliðstæðum vörum. Þess má enn fremur geta, að af efnum þessum er ekki flutt inn mikið að magni til, og hefur umrædd breyting því ekki áhrif á tolltekjur, svo að nokkru nemi.
3. Um nýjan lið, er verði 25. liður.
   Inn hafa verið fluttar unnar vörur úr vefnaði hliðstæðar þeim, sem taldar eru upp í 52. kafla tollskrárinnar, er ekki hafa getað fallið undir neitt af númerum kaflans. Hefur því orðið að setja þær undir nr. 1 í 86. kafla, en verðtollurinn eftir þeim kafla er miklu lægri en verðtollurinn af vörum þeim, sem taldar eru upp í 52. kafla. Hefur það þótt óeðlilegt, að hliðstæðar vörur kæmu í lægri toll fyrir það eitt, að ekki var til fyrir þær númer í 52. kafla. Til þess að bæta úr þessu er borin fram 3. breytingartillagan, er hér með fylgir.
4. Um 35. lið.
   Ef þessi liður væri samþykktur eins og hann stendur í frumvarpinu, mundi af því leiða, að niður félli bæði vöruheitin og tollákvæðið í nr. 2 í 85. kafla tollskrárinnar og að hin nýja athugasemd stæði ein eftir. 4. breytingartillagan, sem hér með fylgir, lýtur að því að leiðrétta þetta.
5. Um aðra liði greinarinnar.
   Á aðra liði greinarinnar en að framan eru taldir má fallast óbreytta, og er mælt með, að þeir verði samþykktir.

Um 2. gr.

Lagt er til, að grein þessi verði samþykkt óbreytt.

Um 3. gr.

Lagt er til, að f-liður greinarinnar verði leiðréttur eins og segir í 5. breytingartillögu þeirri, er hér með fylgir, og að greinin verði að öðru leyti samþykkt óbreytt.

Um 4. gr.

Í 3. mgr. 7. gr. tollskrárlaganna er svo ákveðið, að ef saman eru í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er af, þó ekki hærri en kr. 0.20 af tolleiningu, þá skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem greiða ber af tollhæstu vörunni.

Af ákvæði þessu getur að sjálfsögðu leitt, að 7, 10 eða 20 aura vörumagnstollur sé greiddur af vöru, sem greiða ætti af 2, 7 eða 10 aura vörumagnstoll skv. ákvæðum 1. gr. tollskrárlaganna. En þar sem ákvæðið tekur aðeins til þessara lágu tollflokka, er tollhækkun sú, sem af því kann að leiða, jafnan mjög lítil. Tollmismunur þessi mun yfirleitt vera svo lítill samanborið við verð vörunnar, að hann skipti engu raunverulegu máli — og þá allra síst nú, er vöruverð og flutningskostnaður hefur margfaldazt, en vörumagnstollurinn haldizt óbreyttur.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til, að framangreindri reglu 3. mgr. 7. gr. tollskrárlaganna verði breytt þannig, að ef inn eru fluttar saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli

1. greiða vörumagnstoll af hverri vörutegund fyrir sig og
2. skuli umbúðaþunganum jafnað hlutfallslega niður á vörutegundirnar og þannig greiddur tollur af hverri um sig.

Mundi þessi breyting hafa í för með sér stóraukna fyrirhöfn fyrir tollgæzluna. Vörumagnstollurinn er nú yfirleitt reiknaður eftir þunga þeim, sem upp er gefinn á farmskrám, en ef eitthvað þykir við hann að athuga, er varan vigtuð í heilu lagi í umbúðum, og er þetta mjög handhægt.

Ef reglur 4. gr. frumvarpsins yrðu upp teknar, yrði framvegis að taka allan þann varning, sem þær ná til, úr umbúðunum, vega hverja vörutegund út af fyrir sig og síðan umbúðirnar sér. Loks yrði að deila umbúðaþunganum hlutfallslega niður á vörutegundirnar, áður en tollurinn væri reiknaður út.

Þessi breyting hefði allt of mikla fyrirhöfn í för með sér. Er og aðstaða öll við tollgæzluna þannig, eins og sakir standa, að naumast getur talizt gerlegt að ráðast í þessa breytingu. Þá má og benda á, að í mörgum verzlunarstöðum utan Reykjavíkur eru enn sem komið er engir möguleikar til að framkvæma breytinguna, svo að í nokkru lagi sé.

Þess má geta, að sanngjart yrði að telja, að þeir innflytjendur, sem flytja inn mismunandi varning í sömu umbúðum, yrðu látnir borga fyrirhöfn alla og kostnað við sundurvigtun varanna. Gæti þá oft farið svo, að kostnaðurinn við sundurvigtunina yrði mun meiri en tollhækkunin, sem verið væri að sneiða hjá.

Erlendis er vörumagnstollurinn yfirleitt miðaður við nettó þunga, en þar er í mjög mörgum tilfellum ákveðinn í tollskránum viss umbúðaþungi, er draga ber frá brúttó þyngd varanna til að finna nettó þyngd þeirra, áður en tollurinn er ákveðinn, og eru vörurnar því aðeins vigtaðar, að ekki sé ákvæði til um umbúðaþungann. Mundi breyting sú, sem ætlazt er til, að gerð verði með 4. gr., því að sumu leyti leiða til enn fyrirhafnarsamari aðferðar en þó að upp væri tekin sú regla að miða vörumagnstollinn yfirleitt við nettó þyngd í stað brúttó þyngdar.

Af framangreindum ástæðum og með þeirri athugasemd, að hér virðist fremur vera um „principmál“ að ræða en mál, sem hafi hagnýta þýðingu, vil ég eindregið leggja til, að frá margnefndri breytingu verði horfið.

Til vara vil ég leggja til, að umbúðirnar verði framvegis tollaðar eins og toll-

hæsta varan, sem í þeim er, eins og nú er gert, þegar vörumagnstollurinn er miðaður við brúttó þunga og er kr. 0.20 af tolleiningu eða lægri.

Um 5. gr.

Skv. 5. mgr. 10. gr. tollskrárlaganna er það almenn regla, að greiða skuli verðtoll af afslætti og öðrum frádrætti, sem kaupanda vöru er veittur. Þó er svo ákveðið í málsgreininni, að fjármálaráðuneytið geti með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi gert undantekningu frá þessu ákvæði, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í verzlunarviðskiptum af vissu tagi.

Eru ákvæði þessi í góðu samræmi við þá almennu reglu tollskrárinnar, að tollverð vöru skuli ekki vera lægra en hið almenna verð hennar, en sú regla er mjög þýðingarmikil og í samræmi við tollskrár nágrannalanda vorra.

Með 7. gr. reglugerðar nr. 122 frá 1940 og framkvæmd tollskrárlaganna síðan hefur fjármálaráðuneytið heimilað tollyfirvöldum að sleppa við verðtoll samnings- eða heildsöluafslætti, sem almennt er veittur, og hefur þetta síðan verið gert. Verður að telja, að tollframkvæmdin sé að þessu leyti komin í allfast og gott horf.

Þá má og á það benda, að með þessum ákvæðum er það tryggt svo vel sem unnt er, að fjármálaráðuneytið hafi full ráð á lagaframkvæmdinni að þessu leyti og fullt úrskurðarvald um ágreining, er upp kynni að koma. Getur nú varla til þess komið, að bera þurfi mál út af ágreiningi um afslátt undir dómstólana, en slíkt gæti oft valdið drætti og óþægindum.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til, að 5. mgr. 10. gr. tollskrárlaganna verði breytt og hún orðuð þannig, að engan toll skuli greiða af afslætti eða öðrum frádrætti, sem almennt er veittur í viðskiptum eða venjulega er gildandi um vissar vörutegundir.

Breytingartillaga þessi virðist borin fram aðeins sem orðalagsbreyting, og mun ekki áformað að koma fram með henni neinni breytingu á tollframkvæmdinni. Er breytingin því þegar af þeirri ástæðu og ástæðum þeim, er um getur að framan, óþörf.

Þá verður ekki hjá því komizt að benda á, að orðalagsbreytingin virðist einnig óheppileg. Með því að taka það beinlínis fram, eins og ætlazt er til með breytingartillögunni, að toll skuli ekki taka af þar greindum afslætti, er mun hættara við deilum um það, hver afsláttur sé frádráttarbær og hver ekki, því að sjálfsögðu getur menn greint á um það og það enda verið vafasamt. Þar sem það heyrir undir dómstólana að dæma um embættistakmörk yfirvalda, þ. á m. ráðuneytisins, gæti vel farið svo, að málaferli risu fyrir dómstólunum um það, hvort tollyfirvöldin og ráðuneytið hefðu ekki farið út fyrir embættistakmörk sín með því að telja hinn og þennan afslátt og frádrátt ófrádráttarbæran við tollun vöru. Mundi þetta geta valdið drætti og öðrum baga við tollframkvæmdina. En þó að gott sé að eiga mál sín undir dómstólunum, verður þó að telja, að heppilegast sé, að ágreiningur um atriði eins og þessi sé afgreiddur, strax og hann rís, með framkvæmdarvaldsúrskurði, er sé endanlegur.

Ég vil því leggja til, að frá framangreindri breytingu verði horfið.

Um 6. gr.

Varla mun til þess koma, að tollmenn skoði bókhald og skjöl innflytjenda án fyrirmæla tollstjóra eða staðgöngumanns hans þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. tollskrárlaganna. Mun því raunverulega litlu breytt með breytingu þeirri, sem ráð er fyrir gert í 6. gr. frumvarpsins, nema þá því, að fyrirmæli tollstjóra um skoðun bókhalds þyrftu framvegis að vera skrifleg, en mega nú vera hvort heldur munnleg eða skrifleg.

Á það skal bent, að sams konar ákvæði og nú eru í 6. mgr. 13. gr. tollskrárlaganna eru í tolllögum annarra ríkja, svo sem dönsku og norsku tolllögunum.

Einnig má benda á, að í ýmsum öðrum íslenzkum lögum, sem heimila bókhaldsskoðun, svo sem lögum nr. 24 frá 1926, um eftirlit með matvælum o. fl., lögum nr. 99 frá 1933, um veitingaskatt, lögum nr. 6 frá 1935, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 3 frá 1943, um verðlag, er ekki krafizt skriflegs úrskurðar yfirvalds, til þess

að skoðunin megi fara fram. Sýnast þó ástæður vera svipaðar og eðlilegast, að samræmi sé í lagaákvæðum um þetta efni.

Hér er þó um svo þýðingarlítið atriði að ræða, að ég legg það algerlega í vald nefndarinnar, hvort hún mælir með því, að þessi grein frumvarpsins verði samþykkt eða ekki.

Um nýja grein, er verði 5. gr.

Skv. 8. breytingartillögunni, sem hér með fylgir, er lagt til, að inn í frumvarpið verði bætt nýrri grein, þar sem 19. gr. tollskrárlaganna, sbr. nú 2. gr. laga nr. 56 frá 1942, verði orðuð um.

Skv. 27. gr. laga nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, falla aðflutningsgjöld í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefur hafnað sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast. Skv. þessari reglu um gjalddagann ættu að greiðast af vörunni þau aðflutningsgjöld, er í gildi væru, er skipið kemur til hafnar, ef annað væri ekki sérstaklega tekið fram.

Í 19. gr. tollskrárlaganna frá 1939 var ákveðið, að aðflutningsgjöld skv. þeim lögum skyldu einnig greiðast af vörum, er inn höfðu verið fluttar fyrir gildistöku þeirra. Með 2. gr. laga nr. 56 frá 1942 var ákvæðum 19. gr. tollskrárlaganna síðan breytt á þá leið, að breytingar á aðflutningsgjöldum skuli miða við, hvenær vörur þær, sem þær taka til, eru teknar til tollmeðferðar. Er með þessu stefnt að því, að vörur þær, sem ætla má, að verði á markaðnum samtímis, sæti sömu tollkjörum. Réttara þykir að setja nánari ákvæði en gert var með 2. gr. laga nr. 56 frá 1942 um, hvenær vara skuli í þessu sambandi teljast tekin til tollmeðferðar, og er það gert í 2. og 3. mgr. 19. gr. tollskrárlaganna, eins og lagt er til, að hún verði nú orðuð.

Þá þykir og réttara, að í tollskrárlögunum sé berum orðum vísað til reglna laga nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, um gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda, og er það gert með 1. mgr. 19. gr., eins og nú er lagt til, að hún verði orðuð.

Um 7. gr.

Með 9. breytingartillögunni er lagt til, að inn í grein þessa verði bætt ákvæði um afnám 2. gr. laga nr. 56 frá 1942, en sú grein á að falla úr gildi, ef 8. breytingartillagan verður samþykkt.

Framangreindar breytingartillögur fylgja hér með.

Virðingarfyllst.
Torfi Hjartarson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar, Alþingi.

Nd. 539. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. 1. Ákvæði 1. liðar verði þannig:
7. kafli orðist svo:

	7. kafli. Grænmeti, nýtt og þurrkað.	Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1	Ætisveppir	1 kg	7	50
2	Tómötur	—	7	10
3	Laukur	—	7	10
4	Kartöflur	50 kg	200	

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
Belgávextir, ót. a.:			
5 — nýir	1 kg		8
6 — þurrkaðir	—		8
Grænmeti annað, ót. a.:			
7 — nýtt	—	7	10
8 — þurrkað	—	7	10

2. Við 1. gr. Aftan við 12. lið 1. gr. komi 3 nýir liðir, er verði 13.—15. liður, svo hljóðandi, og breytist liðatala greinarinnar samkvæmt því:

13. Nr. 25 í 28. kafla orðist svo:			
25 — annað	—	7	8
14. Nr. 39 í 28. kafla orðist svo:			
39 — önnur ólífræn sölt, ót. a.	—	7	8
15. Nr. 41 í 28. kafla orðist svo:			
41 — önnur lífræn sölt, ót. a.	—	7	8

3. Við 1. gr. Aftan við 17. lið frv., sem verður 20. liður, komi nýr liður, sem verður 21. liður, þannig:
Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:

20a Áprentaður pergamentpappír til fiskumbúða	—		8

4. Við 1. gr. Á eftir 20. lið 1. gr. frumvarpsins, sem verður 24. liður, komi eftirfarandi nýr liður, sem verður 25. liður, og breytist liðatala greinarinnar samkvæmt því:

25. Á eftir nr. 42 í 52. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
43. Aðrar unnar vörur úr vefnaði, ót. a.	1 kg	20	50

5. Við 1. gr. 35. 35. liður 1. gr., sem verður 40. liður, verði þannig:
Nr. 2 í 85. kafla orðist svo:

2 Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum	—	7	30
Aths. Til góðmálma teljast þó ekki vörur þessar, nema bolurinn og/eða hettan að öllu eða verulegu leyti sé úr góðmálmi.			

6. Við 3. gr. f. Í stað „nr. 61 21. apríl" í f-lið 3. gr. frumvarpsins komi: laga nr. 61 29. apríl.
7. Við 4. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
8. Við 5. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
9. Aftan við 6. gr., sem verður 4. gr., komi ný grein, svo hljóðandi:

5. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Um gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, er fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.

2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda viðtakanda vöruna gegn tryggingu, sbr. 15. gr.
3. Endursendingarskírteini hefur verið gefið út um vöruna samkv. 4. mgr. 31. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 29. gr. sömu laga.

Nú hefur vara komizt í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu, frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

10. Við 7. gr. Í stað orðanna „1. gr. laga nr. 56“ komi: 1. og 2. gr. laga nr. 56.

Sþ. 540. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fast skipulag um, að eftirtaldar stórár verði brúaðar og eldri brýr endurnýjaðar á næstu fimm árum: Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, Jökulsá í Fljótsdal, Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum, Djúpá í Vestur-Skaftafellssýslu, Blanda í nánd við Löngumýri, Hvítá hjá Iðu, Fnjóská hjá Illugastöðum, Þverá ofanvert við Þykkvabæ og Jökulsá í Lóni hjá Stafafelli. Á sama tíma ber að endurbyggja hengibrýrnar á Þjórsá og Jökulsá í Axarfirði, svo að þær verði fulltryggar til umferðar.

Greinargerð.

Í tillögu þessari er farið fram á að ljúka við það, sem eftir er af óhjákvæmilegustu brúargerðum yfir fallvötn landsins, á næstu fimm árum. Getur þetta naumast talizt ofrausn, því að að meðaltali mun hver af þessum brúm ekki kosta meira en íbúðarhús eins og þau hafa verið reist hundruðum saman í Reykjavík á undangengnum árum. Ef þess þætti þörf, væri vel við unandi að hækka benzínskattinn, sem er miklu lægri hér á landi en í fjölmörgum löndum, sem verja honum til nauðsynlegra samgöngubóta.

Sþ. 541. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum til hitaveitu vegna Húsavíkur.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því, hve mikið mundi kosta að hita Reykjahverfi og Húsavík með heitu vatni frá Uxahver.

Greinargerð.

Uxahver í Reykjahverfi er mikil hitastöð. Er talið, að þar komi úr jörðu um 70 lítrar af sjóðandi vatni á hverri sekúndu. Aðstaða er einkar hentug til að virkja hverinn, því að þægilegur vatnshalli er þaðan um mestan hluta Reykjahverfis,

Laxamýri til Húsavíkur. Þarf hvorki að bora eftir nægilegu vatni né beita dælum til að koma þessari hitaveitu í framkvæmd. Ytri skilyrði eru því hin beztu til að hita á öruggan hátt allt Húsavíkurkauptún og marga nærliggjandi sveitabæi. Ýmislegt bendir til, að þessi hitaveita ætti að geta verið bæði ódýr og örugg. Nýjar píputegundir úr ágætu einangrunarefni hafa verið reyndar með ágætum árangri bæði í garðyrkjuskólanum á Reykjum og í Ólafsfirði. Er sennilegt, að þess háttar leiðslur mundu henta hitaveitu Húsavíkur. Þar sem hér er um að ræða þýðingarmikið almennt framfaramál, má vænta þess, að Alþingi og ríkisstjórn vilji veita nauðsynlega aðstoð til að framkvæma umbeðna rannsókn.

Ed. 542. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og mælir með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (GÍG) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 21. nóv. 1944.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. Bernh. Stefánsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 543. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 6. gr. Á eftir orðunum „sérleyfisgjaldinu skal“ í 3. málsl. komi: aðallega.

Nd. 544. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 458 [Fólksflutningar með bifreiðum].

Frá samgöngumálanefnd.

Við IV. lið (7. gr.). Á eftir „póststjórninni“ komi: eða annarri stofnun.

Nd. 545. Frumvarp til laga

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi sex farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma sex farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá atvinnumálaráðherra úr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, Búnaðarfélag Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa tvo samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfstímabil hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. 3. gr., a-lið. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir þrjú ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis eftir reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum póststjórnarinnar.

f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 7% — sjö af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og lög nr. 36 1. febrúar 1936, um breyting á nefndum lögum, nr. 62 frá 28. janúar 1935.

Ed. 546. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

1. Hækkun sú á verði landbúnaðarafurða eftir verðlagsvísitölu samkvæmt lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 14. apríl 1943, sem ganga átti í gildi 15. sept. 1944, skal falla niður og verð landbúnaðarafurða á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945 reiknast eftir vísitölu næsta tímabils á undan, sbr. þó 2. lið.
2. Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu- og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp.
3. Ríkisstjórnin leggur fram fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Fjárframlag ríkissjóðs í þessu skyni greiðist mánaðarlega eftir áætlun og að öðru leyti á sama hátt og verið hefur.
4. Fyrir sama tímabil og til er tekið í 3. tölulið skal ríkisstjórnin kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig, enda skal ríkisstjórninni heimilt að verja í því skyni fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf.
5. Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar árið 1945, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái verð fyrir þær samkvæmt 1. og 2. lið þessara laga. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum, um leið og kaupendur borga vörurnar.
6. Bráðabirgðaákvæði þessi halda gildi sínu til 15. sept. 1945 þrátt fyrir ákvæði 3. málgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 547. Breytingartillögur

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar aftur að orðunum „Ríkissjóður leggur fram fé“ orðist þannig:
   Reisa skal verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu köfnunarefnisáburðar úr vatni og lofti aðallega, svo og áburðarblandna úr honum. Vinnslugeta verksmiðjunnar sé miðuð við það að fullnægja þörfum landsins af þessum áburðarefnum og jafnframt höfð hliðsjón af þörfum þess af þeim hráefnum, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.
2. Við 6. gr. Á eftir orðinu „framkvæmdastjóra“ komi: með verkfræðilegri menntun.

3. Við 9. gr. Á eftir fyrsta málslið komi: Aldrei má þó leggja hærra útsvar á verksmiðjuna en nemur 50% af nettótekjum hennar, miðað við sama áburðarverð eins og sömu tegundir mundu kosta keyptar á erlendum markaði og að frádregnum tillögum til sjóða, sbr. 10. gr.
Síðari málsl. greinarinnar haldist óbreyttur.

Nd. 548. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og á l. nr. 43 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir, er tókum sæti í iðnaðarnefnd nú nýverið í stað hæstv. samgöngumálaráðh. og hv. 11. landsk., höfum ekki átt þess kost að ræða þetta mál í nefndinni. Hins vegar erum við ekki samþykkir hv. meiri hl. nefndarinnar og viljum því láta afstöðu okkar koma fram.

Við teljum, að ekki sé rétt — án nánari athugunar á allri iðnaðarnámslöggjöfinni — að nema úr lögum bæði það ákvæði, er heimilar sveinum og meisturum að semja sín á milli án íhlutunar iðnfulltrúanna um tölu nemenda í viðkomandi iðngrein, og eins hitt að fella úr gildi þau fyrirmæli að banna meisturum að hafa fleiri en einn nemanda á móti hverjum fullgildum iðnaðarmanni, sem hjá honum vinnur. Hins vegar teljum við, að endurskoðun þurfi að fara fram á allri iðnaðarnámslöggjöfinni, þar sem tekin verði til athugunar bæði þessi ákvæði og mörg önnur, er reynslan hefur leitt í ljós, að endurbæta þurfi.

Við leggjum því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 22. nóv. 1944.

Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal 1.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Háttvirt iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 9. þ. m., sent Alþýðusambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga á þingskjali 363.

Alþýðusambandið leggur eindregið gegn því, að frumvarp þetta nái fram að ganga. Veigamestu ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu eru þessar:

Fyrri breytingin miðar að því að svipta meistara og sveina sjálfsögðum og viðurkenndum ákvörðunarrétti um að vega og meta þarfir hverrar iðnstéttar til endurnýjunar.

Ekkert er eðlilegra en að félög sveina og iðnrekenda komi sér saman um að áætla tölu nema í iðngrein sinni. Þeim er kunnugast um aukningarþörfina og aukningarmöguleikana og því mestar líkur til, að komið verði á heppilegu jafnvægi með því, að jafnan væru svo margir nemar í senn sem samkomulag hefur orðið um.

Vér teljum það heldur á engan hátt samrýmast réttri lausn þessara mála að gefa öðrum aðilum, t. d. iðnfulltrúum, aukið vald til ákvörðunar um nemendafjölda, þar sem mjög er undir hælinn lagt, hvort þeir hafa möguleika til að dæma um þarfir hverrar iðngreinar í þessum efnum, og eins og skipun þeirra er nú háttað, er engin trygging fyrir því, að sjónarmið beggja aðila, meistara og sveina, komi fram.

Hvað síðari breytinguna snertir, viljum vér taka þetta fram:

Hver maður hlýtur að sjá, að það getur ekki verið neitt vit í því, að gert sé ráð fyrir jafnmörgum nemum og fullgildum iðnaðarmönnum. Slík ofhleðsla hlyti að verða þjóðfélaginu til stórtjóns. Þjóðinni er nauðsynlegt að beina orku hinnar uppvaxandi kynslóðar til sem flestra nytilegra starfa. En í þeim efnum má ekki miða við 2—3 síðustu árin, þar sem styrjaldarástandið hefur, í augnabliki, orsakað eftirspurn í einstökum iðngreinum.

Nú virðist það vaka fyrir flutningsmönnum að taka burtu þessa lítilfjörlegu hömlu gegn óhóflegri fjölgun iðnaðarmanna, og sjá þá væntanlega allir, í hvert óefni stefnir.

Um leið og vér lýsum oss andvíga ofangreindu frumv. og teljum það ógrundað handahófsverk, svo sem greinargerðin ber ljósastan vott, viljum vér lýsa því áliti voru, að æskilegt væri, að lög um iðnaðarnám yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar.

Virðingarfyllst.

F. h. Alþýðusambands Íslands.

Guðgeir Jónsson. Björn Bjarnason.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal 2.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 9. þ. m., þar sem þér æskið umsagnar vorrar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og lögum nr. 43 1940, um breyting á þeim lögum.

Fyrri breytingin miðar að því að fella úr gildi þau ákvæði núgildandi laga, er heimila sveinafélögum og meisturum að semja sín í milli um tölu nemenda í viðkomandi iðngrein. Þessa breytingu teljum vér mjög óheppilega. Vér álítum þvert á móti, að eðlilegast og tvímælalaust heillavænlegast sé, að alls staðar verði samkomulag milli fyrrgreindra aðila um tölu nemenda í hverri iðngrein, því að einmitt þessum aðilum er kunnugast um þörf iðnarinnar og atvinnumöguleika.

Síðari breytingin miðar að því að fella úr gildi þau ákvæði núgildandi laga, er banna meisturum að hafa fleiri nemendur en fullgilda iðnaðarmenn. Um þessa breytingu er það að segja, að ekki getur komið til mála nema í einstaka undantekningatilfellum, að nemendur séu jafnmargir eða fleiri en fullgildir iðnaðarmenn. Þetta gæti aðeins átt sér stað í nýjum og vaxandi iðngreinum og þá aðeins um stuttan tíma. Vér teljum það því algerlega óréttlætanlegt að nema úr gildi þær lítilfjörlegu hömlur, sem nú eru á óhæfilegri nemendatölu. Í þessu sambandi þykir oss rétt að geta þess, að eins og nú hagar til, fer hin verklega kennsla nemanna fram á þann hátt, að þeir eru sendir til vinnu með sveinunum, og í flestum iðngreinum er ekki unnt að framkvæma kennsluna á annan hátt, eins og nú hagar til. Það sjá því allir, sem iðnnámi eru kunnugir, að um kennslu yrði ekki að ræða, er nemendur væru orðnir fleiri en fullgildir iðnaðarmenn.

Í greinargerð þeirri, er frumvarpinu fylgir, kennir margra grasa, og virðist hún samin án nauðsynlegasta kunnugleika á þessum málum. Einkennist hún af staðhæfingum, ágizkunum og aðdróttunum í garð iðnsveina. Þar sem þeir munu vonandi fá tækifæri til að svara þessu sjálfir, munum vér láta það liggja á milli hluta að öðru leyti en því, að í sambandi við þá staðhæfingu flm., að auðsætt sé, að

meistarar hafi mestan hagnað af því að hafa sem flesta fullgilda iðnaðarmenn, viljum vér gera þá athugasemd, að á undanförnum árum hefur það verið algengt, að meistarar hafi tekið fullan taxta fyrir nema, sem búinn var að vera í iðninni yfir tvö ár, en greitt nemanum hins vegar þau smánarkjör, sem um er samið í námssamningum. Fellur því þessi staðhæfing flm. um sjálfa sig. — Báðar þær breytingar, sem í frv. þessu er farið fram á, miða að því að nema úr gildi allar hömlur fyrir ótakmarkaðri nemendatöku og skapa með því nægilegt varalið, sem hægt væri að grípa til, **þegar mikið er að gera.** Við þetta er það að athuga, að þótt þetta fyrirkomulag geti verið þægilegt fyrir einstaka atvinnurekendur, þá getur það verið hættulegt fyrir þjóðfélagið í heild að skapa á þennan hátt iðnlærðan atvinnuleysingjaher, því að ekki lifa menn á því einu að hafa lært einhverja iðngrein, ef engin fylgir atvinnan. Þessi her mundi því gera sínar kröfur til þjóðfélagsins eins og aðrir þegnar þess.

Á undanförnum árum, áður en hér á landi fór verulega að gæta þess augnabliksástands, sem skapazt hefur af núverandi heimsstyrjöld, var hér enginn hörgull á iðnsveinum. Þvert á móti var langvarandi atvinnuleysi í mörgum iðngreinum. Það sjá því allir, sem ekki loka augum til fulls, að ekki getur verið heilbrigt að miða fjölgun iðnnema við það bráðabirgðaástand, sem ríkt hefur allra síðustu ár. Það getur ekki verið hollt fyrir þjóðfélagið að framleiða iðnaðarmenn á sama hátt og peningaseðla, sem settir eru í umferð.

Þá er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að á árunum fyrir stríð var það algengt, að um leið og iðnnemar luku námi, sögðu meistararnir þeim upp atvinnu og tóku nýja nemendur í staðinn. Nýsveinarnir stóðu þá uppi allslausir, og eftir að hafa lagt hart að sér að læra einhverja iðn í fjögur ár, urðu þeir í flestum tilfellum að leita sér annarrar atvinnu, þar sem lagaákvæði hömluðu því, að þeir gætu hafið sjálfstæðan atvinnurekstur í þeirri iðngrein, er þeir höfðu lært. — Það virðist því full þörf á því, að sett séu lagaákvæði um, að þeim, sem útskrifast sem iðnsveinar, væri tryggð atvinna við iðn sína næstu þrjú ár, því að þá fyrst geta þeir öðlazt meistararéttindi samkv. núgildandi lögum.

Vér getum ekki fallizt á þá skoðun flm., að bezta framtíðartryggingin fyrir öruggu atvinnulífi þjóðarinnar sé að yfirfylla iðngreinarnar án nokkurrar atvinnutryggingar að námi loknu. Hins vegar erum vér sammála flm. um, að nauðsyn beri til að koma hér á hollara fyrirkomulagi í þessum málum. Leggjum vér því til, að báðar þessar umræddu breytingar verði felldar, en iðnnámslöggjöfin í heild verði tekin til endurskoðunar með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, en ekki nokkurra atvinnurekenda, eins og flm. þessa frv. hefur orðið á. Heilbrigð löggjöf um þessi mál er það eina, sem getur skapað atvinnulífi þjóðarinnar öryggi, sem ekki má án vera.

Virðingarfyllst,

f. h. Iðnnemasambands Íslands.

Óskar Hallgrímsson, form. Egill Hjörvar, ritari.

Fylgiskjal 3.

MEISTARAFÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 11. okt. 1944.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 9. þ. m., ásamt frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 100 1938 og lögum nr. 43 1940.

Þar sem vér höfum fylgzt með frumvarpi þessu frá byrjun og teljum það nauðsynlegt og sjálfsagt, þar eð sýnilegt er, að löggjöfin, eins og hún er nú, getur dregið óeðlilega mikið úr ýmsum iðngreinum, og þó sérstaklega járnsmíðafaginu.

Í þessu sambandi leyfum vér oss að senda yður útdrátt úr fundarbók félagsins, þar sem þessi mál voru tekin fyrir. Enn fremur sendum vér yður afrit af kæru-

bréfi, sem nær til velflestra fyrirtækja í félagi voru. Kæra þessi byggist á lögunum, eins og þau eru nú, og er þrátt fyrir hið óvenjulega ástand (verkfall í iðninni) greinilega aðvörun um það, sem gæti orðið að veruleika.

Ef umræddar breytingar yrðu að lögum, væri það að vorum dómi góð byrjun á lagfæringum, sem vér teljum, að iðnlöggjöfin þyrfti að fá.

Virðingarfyllst.

Í stjórn Meistarafélags járniðnaðarmanna.

G. Þorbjörnsson. Sveinn Guðmundsson. Einar Ásmundsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjöl: Afrit og útdráttur.

Fundur haldinn í Meistarafélagi járniðnaðarmanna 23. sept. 1944 ályktar, að:

1. Tala nemenda í járniðnaði fullnægi hvergi nærri þörfum iðnaðarins né atvinnuveganna.
2. Brýna þörf beri til þess að breyta iðnlöggjöfinni nú þegar, þannig að felldar verði burtu núverandi hömlur á nemendatölu hvers verkstæðis með hliðsjón af kennsluskilyrðum og þörfum iðnaðarins.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Réttan útdrátt staðfestir:

Sveinn Guðmundsson,
ritari.

Afrit.

FÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA

Til sakadómarans, Reykjavík. Reykjavík, 18. sept. 1944.

Í 4. gr. laga nr. 43 frá 12. febr. 1940 er svo ákveðið, að meistari megi aldrei hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn. En ákvæði þetta er viðbót við 10. gr. laga nr. 100 frá 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Eftir því sem vér bezt vitum, vinna nú:

1. Hjá Einari Ásmundssyni járnsmið, Hverfisgötu 42, 3 járnsmíðanemendur, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
2. Hjá vélsmiðjunni Steðja h/f, við Skúlagötu, 3 járnsmíðanemendur, en aðeins 2 fullgildir járnsmiðir.
3. Hjá Sigurði Sveinbjörnssyni vélsmið, Skúlag. 6, 4 járnsmíðanemendur, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
4. Hjá vélsmiðjunni Bjargi h/f, Höfðatúni 8, 5—6 járnsmíðanemar, en aðeins 3 fullgildir járnsmiðir.
5. Hjá vélsmiðjunni Jötni h/f 9 járnsmíðanemar, en aðeins 1—2 fullgildir járnsmiðir.
6. Hjá Járnsteypunni h/f 7 járnsmíðanemar, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
7. Hjá Keili h/f 10 járnsmíðanemar, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
8. Hjá Stálsmiðjunni 12 járnsmíðanemar, en aðeins 2 fullgildir járnsmiðir.
9. Hjá Hamri h/f 14 járnsmíðanemar, en aðeins 5 fullgildir járnsmiðir.
10. Hjá Landssmiðjunni 22 járnsmíðanemar, en aðeins 4 eða 5 fullgildir járnsmiðir.
11. Hjá Héðni h/f 30 járnsmíðanemar, en aðeins 4 fullgildir járnsmiðir.

Þar eð öll ofangreind fyrirtæki virðast þannig hafa gerzt brotleg við áðurgreind, tilvitnuð lagafyrirmæli, leyfum vér oss að krefjast, að rannsókn verði taf-

arlaust látin fara fram og þeir, sem brotlegir reynast, verði dæmdir til þyngstu refsingar, svo og, að þegar í stað verði girt fyrir, að þeir haldi áfram að brjóta iðnlögin á framangreindan hátt.

Virðingarfyllst.

F. h. Félags járniðnaðarmanna, Reykjavík.

Snorri Jónsson, form. Ásgeir Jónsson.

Fylgiskjal 4.

IÐNAÐARFULLTRÚARNIR

Reykjavík, 14. okt. 1944.

Með bréfi, dags. 9. þ. m., hefur háttvirt iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis leitað álits vors um frumvarp til breytinga á iðnnámslögunum, sem nú liggur fyrir Alþingi á þskj. 363. Bréf nefndarinnar barst oss eigi í hendur fyrr en í dag kl. 8 síðd., en þó að svo hafi til tekizt, að frestur sá, sem oss er settur í bréfi nefndarinnar, sé liðinn, viljum vér taka þetta fram:

Iðnaðarfulltrúar hafa tvisvar áður látið í ljós skoðanir sínar um þessi efni.

Árið 1940, þegar verið var að taka í lög ákvæði það, sem 2. gr. frumvarpsins á þskj. 363 gerir ráð fyrir, að nú falli burtu, mótmæltu iðnaðarfulltrúar einróma tilkomu þessa ákvæðis og töldu það hvort tveggja í senn, óframkvæmanlegt og skaðlegt undir vissum kringumstæðum, eins og þar var nánar rökstutt. Er sú skoðun að sjálfsögðu óbreytt, nema hvað reynslan þykir hafa staðfest allt, sem þá var sagt fyrir.

Á s. l. ári áttu 2 iðnaðarfulltrúanna fund með nokkrum alþingismönnum, sem sæti áttu þá í iðnaðarnefndum Alþingis, og létu þeim í té í frumvarpsformi ásamt greinargerð nokkrar breytingartillögur við iðnnámslögin, og var ein þeirra samhljóða 1. gr. frumvarpsins á þskj. 363.

Afstaða núverandi iðnaðarfulltrúa til frumvarpsins á þskj. 363 er þessi:

Guðmundur Halldórsson telur réttara, að í stað þess að fella burtu ákvæði það, er 1. gr. gerir ráð fyrir, yrðu sett önnur ákvæði, sem auki að vísu nokkuð vald iðnaðarfulltrúa, en útiloki þó ekki þann möguleika, að sveinar og meistarar geti samið um þessi mál. Um 2. gr. frumvarpsins tekur hann það fram, að hann sé mótfallinn að fella burt það ákvæði, sem greinin gerir ráð fyrir, en geti þó hugsað sér, að gerðar verði undantekningar frá núgildandi ákvæðum, þegar um er að ræða nýjar eða ört vaxandi iðngreinir.

Einar Gíslason og Kristjón Kristjónsson vísa til fyrri afstöðu sinnar, og með því að frumvarpið er í samræmi við það, sem þeir hafa áður lagt til, mæla þeir eindregið með, að það verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst.

Iðnaðarfulltrúarnir.

Kristjón Kristjónsson, form. Einar Gíslason. Guðm. Halldórsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 549. Breytingartillögur

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Jóni Pálmasyni, Barða Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum. Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefna sinn manninn hvort, en landbúnaðarráðherra skipar hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður. Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.
3. Á eftir 12. gr. komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði.

Áður en byrjað er á byggingu verksmiðjunnar, skal ríkisstjórnin tryggja nægilega raforku til vinnslunnar. Einnig láti hún gera nákvæmar áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrirtækisins. Að loknum þessum undirbúningi sé verksmiðjustjórnin kosin, og sér hún um framkvæmd verksins.

Ed. 550. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd. Hefur nefndin athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nm. (GÍG) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 23. nóv. 1944.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.
Lárus Jóhannesson.

Ed. 551. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbyggingarráð.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Mælir meiri hlutinn með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1944.

Magnús Jónsson, form., frsm. meiri hl. Lárus Jóhannesson. Kristinn E. Andrésson.
H. Guðmundsson.

Ed. **552. Nefndarálit**

um frv. til laga um nýbyggingarráð.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég get ekki fallizt á þá afgreiðslu, sem meðnefndarmenn mínir hafa á þessu máli. Á fundi nefndarinnar í dag samþ. þeir að mæla með frv. óbreyttu, og var því líkast, að sú ákvörðun væri fyrirfram tekin og meðferð málsins í nefndinni aðeins form.

Þó að ég líti svo á, að frv. þetta, eins og það liggur fyrir, sé næsta þýðingarlítið, og telji auðsætt, að það sé aðallega borið fram í áróðursskyni, þá tel ég þó, að því megi breyta til verulegra bóta, ef vilji er fyrir hendi til þess. Ég legg því til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsgr. skal orða svo:
      Verkefni þess er að gera heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um framfarir í þjóðarbúskapnum. Skal þar áætlað, hvaða atvinnutæki, samgöngutæki, rafveitur, hafnarmannvirki, verksmiðjur, byggingar og aðrar sambærilegar umbætur þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir landsmenn geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig nýjungum þessum verði komið í framkvæmd á heppilegastan hátt, þ. á m. hver skuli vera afskipti ríkisvaldsins af þeim framkvæmdum og stuðningur við þær. Enn fremur sé athugað, hvar unnt er að fá ný framleiðslutæki og efni til nauðsynlegra framkvæmda með hagkvæmustum kjörum, og í því sambandi skal sérstaklega athuga, hvort hægt er að fá ný framleiðslutæki gerð innanlands fyrir eigi hærra verð en þarf að greiða fyrir þau, ef keypt eru frá öðrum löndum.
   b. Á eftir 4. málgsr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
      Enn fremur skal nýbyggingarráð athuga, hverjar aðrar ráðstafanir þurfi að gera, til þess að atvinnuvegir landsmanna geti framleitt vörur, sem unnt er að selja í samkeppni við framleiðslu annarra þjóða.
      Nýbyggingarráð skal einnig athuga í sambandi við hinar nýju framfarir, hvernig bezt verði fyrir komið stóratvinnurekstri í landinu og stuðlað að því, að þeir, sem við hann starfa, beri úr býtum endurgjald fyrir vinnu sína í samræmi við afkomu atvinnufyrirtækjanna og hafi þannig beinna hagsmuna að gæta um rekstrarafkomu þeirra. M. a. séu athugaðir möguleikar til þess að koma á ákvæðisvinnu í sem flestum atvinnugreinum.
2. Við 3. gr. 3. málsliður orðist þannig:
   Nýbyggingarráð skal leita upplýsinga hjá og hafa samráð við milliþinganefndir þær, sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og raforkumálum, og er nefndum þessum skylt að veita ráðinu allar þær upplýsingar, er þær geta í té látið. Ríkisstjórnin getur sett milliþinganefndum þessum hæfilegan frest, þó ekki skemmri en 3 mánuði frá gildistöku laga þessara, til að ljúka störfum og skila áliti.

Alþingi, 23. nóv. 1944.

Bernh. Stefánsson.

Sþ. 553. Þingsályktun

um landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

(Afgreidd frá Sþ. 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 527.

Sþ. 554. Þingsályktun

um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

(Afgreidd frá Sþ. 24. nóv.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti samtals að fjárhæð 3,5 millj. kr. Nú fer kostnaður við endurbygginguna fram úr 5 millj. kr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði. Skilyrði ábyrgðarinnar er, að stjórn verksmiðjunnar verði, auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar, skipuð mönnum, kosnum hlutfallskosningu af bæjarstjórn Siglufjarðar.

Sþ. 555. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning að framtíðarlausn geðveikismála og gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða til þess að bæta úr brýnustu þörf, m. a. um húsnæði og fólkshald.

Sþ. 556. Breytingartillaga

við till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Frá Helga Jónassyni.

Í stað orðanna í tillgr. „Þverá ofanvert við Þykkvabæ“ komi: Hólsá móts við Þykkvabæ.

Nd. 557. Nefndarálit

um frv. til l. um gerð flugvalla og lendingarstaða fyrir flugvélar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál alllengi til meðferðar og rætt það á mörgum fundum. Enn fremur hefur hún leitað álits sérfróðra manna í flugmálum um þá kafla þess, sem eru þess eðlis, að fyrst og fremst verður um þá dæmt af sérfræðingum. M. a. hafði nefndin samráð við framkvæmdastjóra og formann Flugfélags Íslands um þau efni. Flugmálaráðunaut ríkisins gat nefndin ekki fengið á fund sinn, þar eð hann hefur um nokkurt skeið dvalizt erlendis í erindum ríkisstjórnarinnar. En hann mun hafa verið í ráðum með ríkisstjórninni, er undirbjó frv. og flutti það.

Það atriði frv., er nefndin tók fyrst til athugunar, var val þeirra staða, þar sem samkvæmt því skal gera flugvelli, flugskýli og önnur flugmannvirki í framtíðinni. Kom þá fljótlega í ljós, að fjöldi þingmanna var óánægður með það, á hversu fáum stöðum var gert ráð fyrir, að slík mannvirki yrðu byggð, og töldu sig knúða til að flytja brtt. um nýja staði, hver í sínum landshluta. Nefndin hafði því þann hátt á að reyna að hafa samband og samráð við alla þm. í báðum deildum þingsins um óskir þeirra í þessum efnum. Var í því skyni skipuð tveggja manna undirnefnd til þess að kanna þessar óskir. Að því loknu hafði svo nefndin fund með fyrrgreindum ráðamönnum flugmálanna og bar hinar ýmsu óskir um flugmannvirki á einstökum stöðum og landshlutum undir þá. Það var meginskoðun nefndarinnar á þessu atriði, að ekki yrði hjá því komizt að fjölga allmjög stöðum, er flugmannvirki skal gera á, frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Fer og fjarri því, að slíkt komi að nokkurri sök. Slík ákvæði laga um byggingu flugmannvirkja hljóta að vera hliðstæð gildandi ákvæðum vega- og brúalaga. Upp í slík lög er tekinn fjöldi vega og brúa, en fjárveitingar í fjárlögum einstakra ára ráða um, hvenær ráðizt er í framkvæmdirnar sjálfar. Þessu mun verða varið mjög á svipaða lund um byggingu flugmannvirkja. Í upphafi mun verða snúizt að því að koma þeim upp á þeim stöðum, sem brýnust nauðsyn er fyrir hendi, síðan færðar út kvíarnar eftir því, sem þörfin í einstökum byggðarlögum eða samgöngumálum landsmanna í heild krefur og gjaldgeta ríkisins leyfir. Nefndin telur þess vegna eðlilegt, að þegar sett eru lög um þessi efni, séu þegar í upphafi tilteknir allmargir staðir, er flugmannvirki skuli gerð á. Leggur hún því til, að allmörgum stöðum sé bætt inn á frv. Allar eru þessar breytingar um nýja staði til viðbótar um fjórða flokks flugvelli samkv. 2. gr. frv. En samkvæmt áliti fróðra manna um þessi efni er í frv. sæmilega séð fyrir þörfum, að því er snertir hin veigameiri flugmannvirki. Í nokkrum byggðarlögum og einstökum landshlutum hefur nefndin ekki tekið einstaka staði upp í tillögur sínar, heldur byggðarlagið eða landshlutann í heild. Er gert ráð fyrir, að frekari rannsókn þurfi að fara fram, áður en sjálfur staðurinn er valinn. Um nokkra landshluta er þannig ástatt í sjálfu frv. ríkisstjórnarinnar.

Þá leggur nefndin til, að sú breyting verði gerð á frv., að 2. mgr. 8. gr. þess verði felld niður, en samkv. þessari mgr. er ríkisstjórninni heimilað að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi vegna loftferða, lóðir, lóðaréttindi og mannvirki. Þótti nefndinni naumast viðeigandi, að aðilar þeir, sem í mgr. greinir, fengju sjálfir slíka beina eignarnámsheimild, og hún enda óþörf.

Þá taldi nefndin og rétt að fella niður 1. mgr. 9. gr. frv., en þar var gert ráð fyrir, að bætur fyrir landnám og jarðrask vegna flugvalla í 3. og 4. flokki skyldu greiðast úr sýslu- og bæjarsjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir. Nefndin áleit slíkt ákvæði óeðlilegt og ekki í samræmi við þá almennu reglu, sem nú er í vegalögum, að ríkissjóður greiði einn slíkar bætur. Er breytingartillaga

nefndarinnar um þetta atriði því nánast leiðrétting til samræmis við ákvæði vegalaga. Að lokum taldi nefndin rétt, að fyrirsögn frv. yrði breytt lítillega, — áleit, að orðið „gerð“ í fyrirsögn þess gæfi ekki fyllilega rétta hugmynd um það, sem þar er átt við.

Um frv. sem heild var nefndin annars sammála og telur samþykkt þess nauðsynlegan hyrningarstein merkilegra umbóta í samgöngumálum þjóðarinnar.

Samkv. ofangreindu leggur því nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr.

d. Í 4. fl. Liðurinn verði svo hljóðandi:

1. Á Akranesi.
2. Á Snæfellsnesi.
3. Á Kambsnesi við Búðardal í Dalasýslu.
4. Í Austur-Barðastrandarsýslu.
5. Í Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Í Önundarfirði.
7. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
8. Hjá Hólmavík.
9. Hjá Raufarhöfn.
10. Hjá Þórshöfn.
11. Í Vopnafirði.
12. Í Borgarfirði eystra.
13. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
14. Í Neskaupstað.
15. Hjá Djúpavogi.
16. Í Breiðdalsvík.
17. Í Suðursveit.
18. Hjá Fagurhólsmýri.
19. Á Síðu.
20. Við Mýrdalssand að austan.
21. Í Mýrdal.
22. Á Skógasandi.
23. Í Landeyjum.
24. Á Rangárvöllum.
25. Í Árnessýslu (efra og neðra).

II. Við 6. gr. Orðin „sbr. þó 1. mgr. 9. gr.“ í enda fyrri mgr. falli niður.

III. Við 8. gr. 2. mgr. falli niður.

IV. Við 9. gr. Fyrri mgr. falli niður.

V. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Alþingi, 23. nóv. 1944.

Gísli Sveinsson, form.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.

Barði Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 558. Lög

um nýbyggingarráð.

(Afgreidd frá Ed. 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 489.

Ed. 559. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá landbúnaðarráðherra.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „þessara laga“ í 5. lið komi: Ef vörur af framleiðslu ársins 1944 eða fyrri ára eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar.

Sþ. 560. Breytingartillaga

við till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við tillgr. bætist: Enn fremur að hefja næsta vor, undir eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, byggingu geðveikrasjúkrahúss á Akureyri og ljúka við húsrúm fyrir 50 sjúklinga svo fljótt sem unnt er.

Nd. 561. Breytingartillögur

við frv. til l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt“ í 2. málsgr. komi: sbr. þó 7. lið 5. gr.
2. Við 4. gr.
   a. Aftan við 3. tölul. bætist: sbr. þó 7. lið 5. gr.
   b. Aftan við næstsíðustu málsgr. bætist: sbr. þó 7. lið 5. gr.
3. Við 5. gr. Á eftir 6. lið komi nýr tölul., sem verður 7. liður og orðast þannig:
   Hvort einhverjar jarðir og þá hverjar falli undir ákvæði II. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.
4. Á eftir 29. gr. komi ný grein, er verði 30. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 562. Frumvarp til laga

um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem

verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til, hvort sem mannvirkin eru reist af ríkinu, bæjar- eða sveitarfélögum eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af opinberu fé til framkvæmdanna.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna dómnefnd og fimm menn til vara. Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og er hann formaður dómnefndarinnar. Annar dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar í því sveitarfélagi, þar sem mannvirkið á að reisa. Þriðji dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu þess aðila, sem verkið lætur framkvæma. Fjórða og fimmta dómnefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu stéttarfélaga húsameistara og verkfræðinga. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

3. gr.

Hlutverk dómnefndar er að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar og að dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Verðlaun, kostnað við útboðið svo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

4. gr.

Samkeppni, er fer fram samkv. lögum þessum, skal auglýsa opinberlega. Almenningi skal heimilt að kynna sér dómsniðurstöður og lausnir keppenda í minnst 7 daga, eftir að dómnefnd hefur lokið störfum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Seint á síðasta þingi var flutt frumvarp um þetta efni á þskj. 453. Frumvarpinu fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Fátt ber gleggra vitni um menningarstig hvers þjóðfélags og anda samtíðarinnar en hin ýmsu mannvirki þess.

Þar sem flest mikilvægustu mannvirki þessa þjóðfélags eru reist — að verulegu leyti — fyrir opinbert fé, er það sjálfsögð skylda hins opinbera að tryggja það í eins ríkum mæli og auðið er, að lausnir á þessum verkefnum takist vel.

Með þessa hugsjón í huga er þetta frumvarp flutt hér.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að fram fari samkeppni, ef ástæða þykir til þess, um hugmyndir að öllum meiri háttar mannvirkjum, sem byggð eru fyrir opinbert fé eða njóta opinbers styrks að verulegu leyti.

Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið, til þess að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin, en hún er sá hluti verkefnisins, sem sízt fæst með lærdómi einum.

Með slíkri samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum er öllum þeim, sem þess óska, gefinn kostur á að leggja fram sinn skerf, til þess að íslenzk verkmenning verði sem fullkomnust.

Það er vitað mál, að ávallt eru skiptar skoðanir um það, á hvern hátt sé hentugast að gera hin ýmsu mannvirki úr garði. Sérstaklega finnst öllum almenningi hann varða um þau mannvirki, er reist eru fyrir hans fé, eins og skiljanlegt er. Þeir embættismenn eða trúnaðarmenn hins opinbera, sem hafa þessi mál með höndum, sæta oft að ástæðulausu harðri gagnrýni fyrir gerðir sínar.

Það er fengin reynsla fyrir því, að bezta tryggingin gegn slíkri gagnrýni er sú að láta fara fram samkeppni um hugmyndir að hinum ýmsu mannvirkjum.

Í flestum tilfellum munu allir aðilar sætta sig við slíka lausn, og er það málefnislega mikilvægt fyrir þjóðfélagið í heild. Það er kunnugt, að hið opinbera hefur marga prýðilega sérfræðinga á hinu verklega sviði í þjónustu sinni.

Það er ekki tilgangurinn með frumvarpi þessu að útiloka áðurnefnda starfsmenn frá því að koma hugmyndum sínum um hin ýmsu opinberu mannvirki á framfæri, heldur er beinlínis ætlazt til þess, að þeir taki þátt í slíkri samkeppni, eins og við verður komið. Í mörgum tilfellum munu þessir aðilar jafnvel standa betur að vígi í slíkri samkeppni en aðrir starfsbræður þeirra vegna þegar fenginnar margra ára reynslu í sérgreinum sínum.

Þrátt fyrir það er sú hætta fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða.

Tilbreytingarleysi í þessum efnum sljóvgar auk þess mjög dómgreind og fegurðartilfinningu alls almennings á hinu verklega sviði.

Flutningsmenn þessa frumvarps vonast til þess, að þessum málum sé sanngjarnlega fyrir komið í frumvarpi þessu og að það muni stuðla að því að auka fjölbreytni, styðja og efla verkleg vísindi hér á landi, ef það yrði að lögum."

Frumvarpinu var vísað til menntamálanefndar neðri deildar, en hún sendi það til umsagnar Húsameistarafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, húsameistara ríkisins og Þóri Baldvinssyni húsameistara. Umsagnir þessara aðila bárust ekki fyrr en að þingi loknu. Kom málið því ekki til afgreiðslu í nefndinni. Verkfræðingafélag Íslands gerði ýmsar breytingartillögur við frumvarpið.

Menntamálanefnd hefur athugað þessar umsagnir og tillögur og orðið sammála um að flytja frumvarpið í þeirri mynd, sem að framan greinir. En breytingar þær, sem hún hefur gert á upphaflega frumvarpinu, eru gerðar með hliðsjón af tillögum Verkfræðingafélagsins. Umsagnir áðurgreindra aðila birtast hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 22. febr. 1944.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 6. des. síðastliðins árs, sent Verkfræðingafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frumvarp þetta náði eigi afgreiðslu á síðasta þingi og mun enn eigi hafa verið borið fram að nýju. Engu að síður hefur stjórn V.F.Í. tekið mál þetta til íhugunar, ef ske kynni, að frumvarpið yrði borið fram á því þingi, sem nú situr, og leyfir sér því að koma fram með eftirfarandi athugasemdir og tillögur.

Í greinargerð fyrrnefnds frumvarps er komizt svo að orði, að sú hætta sé fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða.

Telja flutningsmenn almenna hugmyndasamkeppni vera öruggustu leiðina til að girða fyrir slíka einhæfni.

Á undanförnum árum hefur öðru hverju verið efnt til slíkrar samkeppni, og má þar t. d. nefna samkeppni um byggingu sjómannaskólans, um aukningu síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Raufarhöfn, samkeppni um fyrirkomulag nýtízkutogara og samkeppni um byggingu hinnar nýju Neskirkju, sem þó enn er eigi orðin heyrin kunn. Erlendis er og slík samkeppni háð öðru hverju, og þykir þá því meiri fengur í þeim sem þátttakendur eru fleiri.

Nokkuð eru þó skoðanir manna skiptar um það, hvort gagn sé að slíkri samkeppni yfirleitt.

Helzta mótbáran er sú, að það geti komið fyrir, að við samkeppnina komi ekki fram lausn á viðfangsefninu. Vissulega á það sér stað, og er því meiri hætta á því

sem þátttakendur eru færri. Óneitanlega rýrir það nokkuð gildi samkeppninnar, en þó má eigi gleyma því, að fram koma venjulega talsverðar upplýsingar við samkeppnina, er að haldi geta orðið, þegar til framkvæmda mannvirkisins kemur.

Það er því sameiginlegt álit stjórnarmanna V.F.Í., að hugmyndasamkeppni sú, er frumvarpið fjallar um, sé almennt til gagns og nytsemdar.

Virðingarfyllst,

Árni Pálsson. Jón E. Vestdal. Jakob Guðjohnsen.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÚSAMEISTARI RÍKISINS

Reykjavík, 25. jan. 1944.

Menntamálanefnd neðri deildar hefur með bréfi 6. des. f. á. óskað umsagnar minnar um frumvarp á þingskjali 453 varðandi hugmyndasamkeppni um opinberar byggingar.

Hugmyndasamkeppni á þeim grundvelli, sem um ræðir í fyrrnefndu frumvarpi, veit ég ekki, að tíðkist í nokkru landi. Slík samkeppni getur aðeins komið til mála, ef um er að ræða lauslegar byggingarfyrirmyndir, en annað ekki.

Þó að nefndin spyrjist ekki beinlínis fyrir um það, hvaða kostnaðarauki mundi vera að því að láta ríkisbyggingar í hendur prívat húsameistara, skal ég nefna tvö dæmi til skýringar.

Öll húsameistarastörf á teiknistofu húsameistara ríkisins á árinu 1942 (það er síðasta ársskýrslan, sem er fullgerð frá teiknistofunni) námu samkvæmt gjaldskrá húsameistara um 230 þús. krónum, en öll útgjöld frá ríkissjóði fyrir sama ár til teiknistofunnar námu um 125 þús. krónum. En auk húsameistaravinnunnar voru unnin ýmis störf í teiknistofunni, t. d. alls konar fyrirspurnir, bréfaskriftir og útborganir, sem kostað hefði stórfé að greiða sérstaklega.

Til frekari skýringar má geta þess, að húsameistarastörfin við byggingu háskólans hefðu kostað með núgildandi gjaldskrá húsameistara um 130 þús. krónur.

Virðingarfyllst,

Guðj. Samúelsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

HÚSAMEISTARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. jan. 1944.

Húsameistarafélag Íslands hefur á almennum félagsfundi þann 6. jan. tekið til umræðu frumvarp nr. 453, um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, og var einróma samþykkt að mæla með frumvarpinu óbreyttu að öðru en því, að æskilegt þykir, að ákveðið verði, af hvaða fé greiða skuli kostnað við samkeppni, hvort hann skuli greiða af fé því, er sjóðir ríkis, bæja eða sveita leggja til mannvirkisins, eða af öðru fé.

Oss virðist æskilegt, að þetta sé greitt af þeim hluta, er opinber sjóður leggur til.

Virðingarfyllst,

Húsameistarafélag Íslands.

Halldór H. Jónsson, formaður. Sig. Guðmundsson, ritari.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

TEIKNISTOFA LANDBÚNAÐARINS

Reykjavík, 4. jan. 1944.

Sbr. bréf menntamálanefndar neðri deildar Alþingis frá 6. des. 1943, vegna frumvarps til laga nr. 453.

Þar sem samkeppni um uppdrætti að ýmiss konar byggingum hefur viðgengizt hér á landi og þar sem æskilegt verður að teljast, að af og til sé leitazt fyrir um það bezta, er sérfróðir menn hafa fram að bera í byggingarlist, virðist ekki óeðlilegt, að reglur séu settar um þetta atriði og opnaðar fjárhagslegar leiðir, er skapi möguleika til framkvæmda, þegar ástæða þykir til.

Virðingarfyllst,

Þórir Baldvinsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 563. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Breytingar þær, sem með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði á gildandi lögum um hafnargerð í Ólafsfirði, eru þær einar, er leiðir af því, að með lögum, sem þegar hafa verið afgreidd frá þessu þingi, er Ólafsfjarðarhreppur skilinn frá Eyjafjarðarsýslu og verður frá næstu áramótum sérstakt bæjarfélag. Skilyrðið um ábyrgð Eyjafjarðarsýslu fyrir lántökum til hafnargerðarinnar er því fellt úr 2. gr. Fjárframlög úr ríkissjóði og heimild ríkisstjórnarinnar til — fyrir hönd ríkissjóðs — að ábyrgjast lántökur til hafnargerðarinnar stendur óbreytt eins og það nú er í lögunum. Að sjálfsögðu gilda þau ákvæði aðeins þær fjárhæðir, sem tilteknar eru í 1. og 2. gr.

Nefndin telur rétt að auka heimild til tekjuöflunar fyrir hafnarsjóð á þann hátt að hækka hundraðsgjald það, sem um ræðir í 10. gr., 2. stafl. f., úr 1% upp í 6%, og flytur brtt. þess efnis.

Í 5. gr. frv. er prentvilla „2000“ fyrir 20000. Verður það að leiðréttast í prentun.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 10. gr., 2. stafl. f. Í stað „1%“ komi: 6%.

Alþingi, 25. nóv. 1944.

Gísli Jónsson, form. Ingvar Pálmason, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson. Magnús Jónsson.

Nd. 564. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Í stað „kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur“ — í 1. gr. laganna komi: kr. 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur —.

2. gr.

Í stað „kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna“ — í 2. gr. laganna komi: kr. 600000 — sex hundruð þúsund króna —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt áskorun frá hafnarnefnd Sauðárkrókshrepps flytjum við þetta frv. til breytinga á hafnarlögum kauptúnsins, nr. 65 frá 8. sept. 1931. Er hér farið fram á fjögur hundruð þús. króna fjárveitingarheimild og sex hundruð þúsund króna ábyrgðarheimild til Sauðárkrókshafnar.

Þau mannvirki, sem hér er um að ræða, eru svo aðkallandi, að ekki er mögulegt að víkjast undan því að koma þeim tafarlaust í framkvæmd. Vísast um þetta til bréfs frá Magnúsi Konráðssyni verkfræðingi, og er það prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 13. nóv. 1944.

Sauðárkrókshöfn.

Samkvæmt ósk þingmanna Skagfirðinga hefur verið gerð áætlun um nauðsynlegar umbætur á Sauðárkrókshöfn, og fylgir hún hér með ásamt uppdrætti (B 529).

I. **Sandvarnargarður.**

Á seinni árum hefur borið mjög á, að grynnzt hafi vegna sandburðar innan við hafnargarðinn. Hefur smám saman myndazt stór eyri norðan garðsins og færzt lengra og lengra fram með garðinum, og í seinni tíð hefur myndazt byrjun að eyri í framhaldi af suðurálmu garðsins, eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir að nokkru. En þar sem sú dýptarmæling er meira en tveggja ára gömul, má gera ráð fyrir, að grynnt hafi talsvert síðan, enda er svo komið nú, að eyri þessi nær nokkuð inn fyrir innbrún garðálmunnar, auk þess sem grynnzt hefur um 1,0—1,5 m á ca. 100 m breiðu svæði innan hafnargarðsins. Er nú svo komið,

að stærri skip fást tæplega til að leggja að garðinum sökum grynninga þessara og sýnilegt, að garðurinn verður ónothæfur sem hafskipabryggja, ef ekkert verður að gert. — Hefur mál þetta verið tekið til athugunar hér í skrifstofunni, og teljum við ráðlegast til úrbóta að hlaða garð um 50 m langan á ská út frá enda aðalgarðsins, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti. Er hlutverk þessa garðs í fyrsta lagi að beina eyrarmynduninni út frá hafnarsvæðinu og út á dýpið fyrir utan og í öðru lagi að veita aukið skjól innan aðalgarðsins. Er gert ráð fyrir, að garður þessi sé að mestu úr grjóti, um 4 m á breidd að ofan og með halla á hliðum 1 : 1. Þar sem erfitt er að fá stórt grjót á staðnum, er gert ráð fyrir, að steyptum steinum sé raðað utan á garðinn undir fjöruborði til hlífðar, en steypulag sett yfir ofan fjöruborðs. — Er gert ráð fyrir, að garður þessi kosti um 300 þús. kr. með núverandi verðlagi.

II. **Dýpkun.**

Eins og áður er sagt, hefur grynnt á allstóru svæði. Má gera ráð fyrir, að taka þyrfti upp allt að 35 þús. m³ af sandi, þannig að dýpkað yrði niður í allt að 3,0—5,5 m dýpi miðað við fjöruborð. Þar sem tæplega eins og stendur mun fáanlegt tæki til að framkvæma svo mikla dýpkun, yrði þetta að bíða seinni tíma. Þó mundi sennilega fást tæki til að framkvæma nauðsynlega bráðabirgðadýpkun þegar á næsta sumri, þannig að skip gætu haldið áfram að leggjast að garðinum. Mætti gera ráð fyrir, að sú dýpkun mundi kosta um 50 þús. kr. með núverandi verðlagi. — Það, sem yrði því nauðsynlegt að gera sem fyrst, er þá garðurinn á kr. 300000.00 og dýpkun 50 þús. kr., samtals kr. 350000.00. Er hér miðað við kr. 10.00 kostnað á hvern teningsmetra, sem dýpkað er, og ætti það að vera ríflega í lagt, þar sem efnið er aðeins laus sandur og því mjög auðvelt viðfangs fyrir hvers konar dýpkunartæki sem er.

III. **Bátabryggja.**

Loks hefur verið gerð lausleg áætlun um endurnýjun bátabryggju þeirrar, sem reist hefur verið fram af kauptúninu. Er staurabryggja þessi orðin 20—30 ára gömul og staurar hennar orðnir mjög étnir af malarkasti og maðki, og virtist því óhjákvæmilegt að endurnýja hana alla, áður en langt um líður. Er bryggjan 84 m á lengd og 8,9 m á breidd, og má gera ráð fyrir, að með núverandi verðlagi mundi endurnýjun hennar kosta um 300—350 þús. kr. Ef til vill yrði nauðsynlegt að láta fara fram bráðabirgðaviðgerð á henni þegar á næsta sumri.

Magnús Konráðsson.

Fylgiskjal II.

6. nóv. 1944.

Sauðárkrókshöfn. — Áætlun um framkvæmdir.

I. Sandvarnar- og skjólgarður út frá enda hafnargarðs, lengd 50 m	kr.	300000.00
II. Dýpkun á svæðinu innan hafnargarðs ca. 120—200 m² eða ca. 35000 m³ á kr. 10.00	—	350000.00
III. Endurnýjun bátabryggju (staurabryggju) fram af kauptúninu	—	350000.00
Samtals	kr.	1000000.00

M. K.

Nd. 565. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við e-lið bætist: Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lögreglustjóra“ komi: (í Reykjavík tollstjóra).
   b. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins.
3. Við 4. gr.
   a. Á eftir „lögreglustjórar“ í upphafi greinarinnar komi: (í Reykjavík tollstjóri).
   b. Aftan við fyrri málsgr. greinarinnar komi: Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir.
   c. Við síðari málsgr. bætist: þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.
4. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1945.

Sþ. 566. Breytingartillaga

við till. til þál. um stækkun símastöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir orðunum „á sama stað“ komi: Svo og að tvöfalda símalínuna milli Kinnarstaða og Patreksfjarðar og endurbæta að öðru leyti símakerfið í Barðastrandarsýslu, eftir því sem nauðsynlegt er og fyrirhugað hefur verið.

Nd. 567. Frumvarp til laga

um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa.

Flm.: Gísli Sveinsson.

1. gr.

Kostnað við að reisa og endurbyggja kirkjuhús þjóðkirkjunnar greiðir ríkissjóður að ¾ hlutum. Allan annan stofnkostnað greiða hlutaðeigandi söfnuðir.

Eignir kirkjuhúsanna hvers um sig skiptast milli þessara aðila í sömu hlutföllum, þegar bygging þeirra er ráðin.

2. gr.

Auk þess, sem 1. gr. ákveður, ber söfnuðum að leggja til hentuga lóð undir kirkjuhús, er valin sé með ráði húsameistara ríkisins, en hann gerir teikningar af öllum kirkjuhúsum þjóðkirkjunnar, er reisa skal, og áætlun um byggingarkostnað, enda hlítir kirkjusmíðin umsjón hans og eftirliti í samvinnu við safnaðarstjórn.

3. gr.

Á ári hverju skal reisa kirkjuhús eða endurbyggja eldri kirkjur, þar sem þess gerist þörf. Þegar á fyrsta ári, eftir að lög þessi eru komin í gildi, lætur biskupinn yfir Íslandi fara fram undir umsjón húsameistara ríkisins rannsókn á því, hverjar kirkjur muni þurfa að byggja upp á næstu 5 árum, og að þeim liðnum skal aftur fara fram sams konar rannsókn til 5 ára og þannig áfram. En að þeirri rannsókn lokinni í hvert sinn gerir húsameistari í samráði við biskup áætlun um bygging þessara kirkjuhúsa, sbr. 2. gr., með tillögum um, hvenær og í hvaða röð húsin skuli reist á fyrrgreindu árabili, og sé byggt á víxl í landsfjórðungunum eftir þörf. Er ríkisstjórn því næst skylt að ætla til þess fé í fjárlögum að hluta ríkissjóðs og leggja fyrir Alþingi tillögu sína um það.

4. gr.

Kirkjuhús skulu gerð úr sem varanlegustu og eftir staðháttum hentugustu efni, og telst til byggingar þeirra allt, sem þarf til þess, að þau geti heitið vel nothæf og vönduð guðshús, enda leggi ríkið einnig til að sínum hluta áhöld og skrúða, eins og tíðkast samkvæmt reglum þjóðkirkjunnar, hitunartæki og hljóðfæri.

5. gr.

Umsjón hinna reistu kirkjuhúsa og viðhald þeirra annast sóknarnefndir fyrir hönd safnaða með sama hætti og verið hefur, en kostnaður við það skal tekinn af sóknargjöldum (kirkjugjöldum). — Fyrir öllum sóknargjöldum, sem innheimt eru af sóknarnefnd samkvæmt lögum, gerir hún grein til biskups eða eins og lagaákvæði standa til, en í byrjun hvers almanaksárs og áður en gjaldið er ákveðið til fullnaðar, skal sóknarnefnd bera tillögu sína um, hve há kirkjugjöldin skuli vera á því gjaldári, undir kirkjumálaráðuneytið, og getur það hækkað þau eða lækkað innan takmarka þeirra, er viðeigandi lög setja, ef það telur þess fulla þörf.

Af kirkjugjöldum skal greiða kostnað við tíðagerðir.

6. gr.

Alla sérstaka prýði, er söfnuði þykir rétt að gera við kirkju, hvort sem er innan húss eða utan, annast söfnuðurinn sjálfur, án þess að greitt skuli af fjármunum kirkjunnar. Þar, sem kirkja stendur eigi í kirkjugarði, er söfnuði skylt að halda við á sinn kostnað og í góðu standi lóðinni kringum kirkjuhúsið, svo og vegi til kirkjunnar, þar sem hans er þörf, en stofnkostnað vegarins leggur ríkið til móts við söfnuð og girðingu kringum kirkjulóð, hvort tveggja að ¾ hlutum.

Um bygging og viðhald kirkjugarða fer eftir lögum um það efni.

7. gr.

Ef meiri hluti einhvers safnaðar samþykkir á löglegan hátt að mynda fríkirkjusöfnuð utan þjóðkirkjunnar og fær sér viðurkenndan forstöðumann (prest), skal þeim söfnuði gefinn kostur á að eignast kirkjuhús sóknarinnar með öllu tilheyrandi, gegn því að greiða út það af andvirði kirkjunnar og eigna hennar, metið af óvilhöllum dómkvöddum mönnum, sem nemur réttu hlutfalli við þá safnaðarlimi, er eftir standa í þjóðkirkjunni, en þeim skipar kirkjustjórnin síðan kirkjusókn eða sér þeim á annan hátt fyrir kirkju og presti.

8. gr.

Með gildistöku þessara laga eru úr gildi felld öll önnur lagaboð, er í bága kunna að koma við þau.

Bráðabirgðaákvæði.

Kirkjuhús þau, sem eru í smíðum, þegar lög þessi koma til framkvæmda, falla að öllu leyti undir ákvæði þeirra, ef hlutaðeigandi sóknarnefnd æskir þess og samþykkt er um það gerð á lögmætum safnaðarfundi.

Greinargerð.

Kirkjubyggingarmál vor Íslendinga hafa öldum saman, eða víst réttara frá fyrstu byrjun, er kristnihald hófst í þessu landi, á ýmsa lund verið í hinni mestu niðurlægingu og þannig í raun réttri ekki samboðin neinni kristinni þjóð, ef gera á hærri kröfur en í lágmarki. Og gildir þetta þó ekki síður, ef kirkjugarðarnir eru teknir með, sem víðast hvar á landinu hafa verið hrein eyðimörk, þótt líklega séu menn nú sums staðar ofurlítið farnir að rakna við úr því dauðans ræktarleysi, sem þar hefur ríkt. — Það er að vísu kunnara en frá þurfi að segja, að umgengni og umhirðu á mörgu byggðu bóli á landi hér hefur oft og tíðum verið svo mjög ábótavant, að hinar ófögru lýsingar útlendra ferðalanga og ýkjusögur innlendra reyfaraskálda hafa því miður einatt haft nokkuð til síns máls, þótt ágætar og heiðarlegar undantekningar hafi þar ávallt verið og jafnvel sum héruð beri af öðrum, enda vaknandi áhugi á síðustu áratugum fyrir auknum þrifnaði, svo sem siðmenntuðum mönnum hæfir (sbr. þó nýlegar heilbrigðisskýrslur). En ömurlegastur er trassaskapurinn eða skrælingjabragurinn þó á þeim sviðum, er vita að hinum göfugustu málefnum mannkynsins, andlegu hliðinni, sem á hverjum tíma og með hverri þjóð birtist í þeirri mynd, sem þroski mannanna hefur náð til að móta. „Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.“

Eins og kunnugt er, má segja, að hér á landi hafi verið um þrjá aðila að ræða, sem beinlínis hafa haft veg og vanda af kirkjuhúsum þessarar þjóðar: 1. Einstaklinga (sem hafa talizt eiga með kirkjurnar, en er nú að hverfa úr sögunni); 2. hið opinbera eða heildina (í einhverri mynd) og 3. söfnuðina, sem tekið hafa við kirkjunum til fullrar umönnunar. Ekki verður sagt, að neinn þessara umsjáraðila hafi getað staðið undir skyldum sínum í þessu efni svo sem vera hefði átt, og er ýmsu þar til að dreifa, sem eigi er tími til að rekja hér. Sárafá kirkjuhús eru nú til í landinu frá nokkuð gamalli tíð, ef þá nokkur á að telja, því að sérlega gamlar eru þær elztu ekki, sem eru Hóladómkirkja (frá því um eða yfir 1760), Landakirkja í Vestmannaeyjum (1774—81, endurgerð 1838—43), Viðeyjarkirkja (1774—95) og Bessastaðakirkja (1777—1823); og dómkirkjan í Reykjavík er ekki eldri en frá 1847, eins og hún er nú, þótt nokkuð af húsinu sé talsvert eldra. Er þetta lítill aldur móts við slík hús með þjóðum annars staðar, og næsta misjafnt er ástand þessara kirkna (tæpast allar í messufæru standi, rétt á litið). Allar aðrar kirkjur í landinu eru frá ýmsum tímum síðustu aldar (allar byggðar eftir 1840), eða frá þessari öld, og eru meira og minna af vanefnum gerðar í flestu tilliti — sumar reyndar óhæfar —, þótt við mætti una eftir ástæðum um sinn, ef þeim væri nægur sómi sýndur, og á ég þar ekki sízt við timburkirkjurnar, sem auðveldara er að fást við; því að steinhúsin (sem reyndar eru miklu færri) hafa reynzt víða, eins og þau eru gerð, hin eymdarlegustu til íveru, nema nokkrar af hinum nýjustu kirkjubyggingum, þar sem tekizt hefur að gera þær vistlegar eða notalegar, sem mikill hængur er á, eins og nógsamlega er kunnugt. Og fæst af þessum húsum eru það fögur eða vegleg, að menn geti með ánægju hugsað til þess, að þau stæðu um aldur, svo sem ætlazt mætti til um steinbyggingar. Öllum þessum ágöllum má telja, að valdi hér ferns konar skortur að minnsta kosti:

1. Skortur á listhæfni og þekkingu;
2. skortur á trúaráhuga fólksins;
3. skortur á vilja ráðamannanna, og
4. skortur á fjárhagsgetu hjá heildinni og einstökum hlutum þjóðarinnar.

Fyrir svo sem réttum 10 árum kom sá, er þetta ritar, fram með þá hugmynd, studda rökum, að í raun og sannleika *bæri* hinu opinbera, *ríkinu eða þjóðfélagsheildinni*, að annast allar kirkjubyggingar á þessu landi, samkvæmt þeirri skipan, sem á þessum málum er hjá oss. Málið var talsvert rætt þá um sinn, bæði á mannfundum og annars staðar, og kjöri fundur presta og sóknarnefnda, haldinn í

Reykjavík haustið 1933, nefnd til frekari athugunar á málinu. Kom bráðabirgðaálit frá hluta hennar fyrir prestastefnu (synodus) næsta ár (1934), en lítið hefur málinu verið sinnt síðan, þar til hinn almenni kirkjufundur tók það til meðferðar á síðastl. ári og gerði um það ályktun einum rómi; var og þá flutt um það erindi í útvarpi. Þó hefur það *æ betur komið í ljós með hverju ári, sem líður, að kirkjubyggingarmál íslenzku þjóðarinnar eru í því öngþveiti, sem eigi virðist útkomu auðið úr nema með algerlega breyttum aðstöðumöguleikum.* Er eigi þörf á að tilfæra hér sérstök dæmi, sem eru reyndar á hverju strái bæði í sveitum og bæjum við sjó. *Ef byggja á kirkjur vel og vandlega,* sem gera verður kröfu til, eigi síður og jafnvel miklu fremur öðrum húsum, er og verður *kostnaður af því ókleifur, nema fjár sé hægt að afla af öruggum tekjulindum.* Og aðeins tveir aðilar koma væntanlega í framtíðinni til greina, sem bera eiga þetta uppi: *Hinir einstöku söfnuðir landsins eða ríkisheildin, — eða hvort tveggja til samans.* Er þá fljótsagt, að söfnuðir hafa út af fyrir sig ekkert viðlit til tekjuöflunar í þessu skyni, er nokkru nemi, en ríkið sjálft, eins og kunnugt er, alla slíka möguleika í fyllsta mæli.

En hin fræðilega undirstaða, sem svo mætti nefna, undir *hreinum skyldum ríkisins* í þessu efni er einnig, ef rétt er að gáð, á styrkum stoðum reist, og er furðulegt sinnuleysi, að þeirri sjálfsögðu stefnu hefur eigi verið komið á framfæri fyrr, sem að vísu er einn vottur þess mikla tvískinnungs, er ríkt hefur frá öndverðu í ráða- og viðhaldsmálum hinnar lútersku kirkju, sem ríkið sló sér fyrir af eins konar „hernaðarnauðsyn", en síðan hefur afrækt á hörmulegan hátt. Er nú til þess ætlanda, með vaxandi skilningi á þjóðfélagslegri nauðsyn trúar- og kirkjulífs, að ríkisvaldið standi betur að þessum málum í framtíðinni.

Í greinargerð fyrir málinu áður hefur það meðal annars verið tekið fram, að ýmislegt gott megi segja um það fyrirkomulag, að fólkið sjálft eigi að byggja sínar kirkjur, svo sem að söfnuðirnir séu nánasta sameiningin um kirkjurnar, þeirra eigi áhuginn að vera o. s. frv., en þetta á í raun réttri við aðeins þar, sem söfnuðirnir hafa veg og vanda af *öllum* kirkjumálunum, — þar sem er *fríkirkja.* En hér á landi ríkir, eins og allir vita, önnur tilhögun, sem allur þorri manna virðist ásáttur með: *Hér er þjóðkirkja.*

Samkvæmt stjórnarskránni, 62. gr., á ríkisvaldið að *styðja og vernda* þjóðkirkju landsins, sem er hin svo nefnda evangeliska-lúterska kirkja. Það er að skilja: Ríkið, ríkisheildin á að halda uppi kirkju og kennidómi alls landsins, nema stofnuð séu önnur kirkjuleg félög utan þjóðkirkjunnar og fái viðurkenning. Þetta hefur einnig að nokkru leyti verið talið sjálfgefið í orði og á borði, þar eð þjóðfélagið (konungur — ríkið) tók til sín eignir kirkjunnar eða kirknanna, tók þær undir sína umsjón og til sinnar notkunar við siðaskiptin og hefur haldið þeim síðan. Og *ríkið hefur kostað prestana, kennilýðinn.* Gilda um þetta að sjálfsögðu lagaákvæði, þótt þessi skylda hafi oft verið framkvæmd með minni rausn en vera bar.

En *kirkjurnar?* Hví kostar ríkið ekki guðshús þjóðkirkjunnar, eins og kennimennina, byggir þau frá stofni, hvar sem er á landinu? Hvers vegna er ríkið að koma því af sér á söfnuðina, smáar og fátækar heildir, sem vegna þjóðkirkjufyrirkomulagsins eru valdalausir og oft áhugalitlir aðilar? — Að ríkisvaldið hefur tekið þennan sið upp, má frá þjóðkirkjusjónarmiði kalla ófugmæli, enda að því er virðist í beinni andstöðu við hinn eðlilegasta skilning á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þar, sem áþekk ákvæði hafa verið í stjórnlögum annarra þjóða, svo sem í Danmörku, hafa ríkisréttarfræðingar skýrt þau þannig, að ríkið ætti að veita kirkjunni (þjóðkirkjunni) *allan nauðsynlegan stuðning,* henni til uppihalds, enda þótt framkvæmdin hafi ekki heldur þar verið fyllilega samkvæm því.

Ríkið á að byggja kirkjurnar, ríkissjóður að kosta þær, — það er hin eina rökrétta afleiðing þjóðkirkjuskipulagsins. Hvar, sem kirkju þarf að reisa eða gera upp, þar ætti að vera skylt, að ríkið kæmi til og léti gera húsið og gera það vel. — Hitt virðist aftur á móti réttmætt og heppilegt alls vegna, að söfnuðirnir annist

eftir sem áður hið venjulega og nauðsynlega viðhald, meira að segja undir eftirliti, og gangi til þess tekjur kirkjunnar o. s. frv.

Þetta, sem nú hefur verið rakið, er mergurinn málsins. Ef það ætti að komast í þetta horf, þurfa vitaskuld að verða alger straumhvörf á landi hér, og ný löggjöf um þetta að setjast (skyldur ríkisins til kirkjubygginga). Og enginn þyrfti að óttast, að slíkt mundi aftra því, heldur *einmitt greiða fyrir því*, gera það kleift, að áhugamenn í söfnuðunum kostuðu kapps um að prýða kirkjur sínar, afla til þeirra góðra gripa og legðu af mörkum til þessa og almennrar safnaðarstarfsemi bæði fé og vinnu.

Eins og vikið var að, má það undrun vekja, að þetta mál hefur ekki komizt á réttan rekspöl áður, heldur hjakkað á þeirri braut að láta sem mest reka á reiðanum um kirkjubyggingar yfirleitt. Nú er og svo komið, að einstökum söfnuðum er og hefur reyndar ætíð verið um megn að reisa sér guðshús *með þeirri mynd, sem tilhlýðilegt er*, nema með stórum fjárframlögum einstakra manna eða félaga, sem engan veginn má reikna með, eða þá að söfnuðir hleypi sér í þungar skuldir; og að engri sérstakri lánsstofnun er hér að ganga, nema væri fjáreignir annarra kirkna (í hinum alm. kirkjusjóði) og eðlilega af skornum skammti, er hrekkur lítt til hins geysimikla kostnaðar, fyrir þá fáu, þótt minna muni ríkið eða heildina, ef bera ætti. Ef þessu heldur fram, og þar sem brestur áhugamenn með nokkurri getu í söfnuðum, *getur, þegar minnst vonum varir, allar kirkjubyggingar rekið í strand.* Hér er því áríðandi, að tekið sé í taumana í fullri alvöru og á skynsamlegan hátt, svo að þessu mikilvæga máli verði bjargað. Er það í átt til viðurkenningar þessa sjónarmiðs, að á síðkastið hefur af Alþingi verið farið inn á það að veita styrk til uppbyggingar (endurbyggingar) einstakra kirkna úr ríkissjóði, sem er næsta athyglisvert, þegar um þetta mál er rætt.

Manni er nú spurn: Hverjar eru þær byggingar, er ríkið telur sér skylt, eða aðrir því skylt, að reisa eða styðja og það annast nú um, sem meira eru fyrir alþjóð en kirkjurnar? Skólar æðri eða lægri, spítalar, embættisbústaðir, jafnvel leikhús, — þetta er allt í fullu gildi, en á það að vera í hærra gengi en kirkjuhús hinnar íslenzku þjóðkirkju?

Kirkjuhús á Íslandi munu nú teljast vera um 280 (voru um áramótin 1940—1941: 278). Eru timburkirkjurnar langflestar, og af öllum kirkjum í landinu ekki nema ⅕ steinkirkjur. Það má ljóst vera, að ef kirkjur landsins hverfa í eigu og ábyrgð ríkisins, fylgir þeim og þangað eigi alllítil eign, sem sé kirkjuhúsin sjálf (þótt misjöfn séu) og að auki álitlegar fjárfúlgur, sem þeim tilheyra. Skal þó eigi að þessu sinni greint frá því, hvernig hugsað er, að þessu máli yrði fyrir komið með umræddri gerbreytingu á byggingu kirkna. Í þessu máli er heldur eigi farið inn á hina listrænu gerð kirkjuhúsa, byggingarsnið og annað þess kyns, með því að það er önnur hlið málsins, vissulega hin mikilsverðasta, en snertir þó eigi það atriði, er hér ræðir um.

En nú má með miklum rétti segja, að enn sé þetta svo mikið nýmæli, að eigi sé þess að vænta, að þegar í stað verði því komið á, þótt til þess ætti að draga, en halda þurfi áfram með krafti að byggja og endurbyggja kirkjuhús hér og þar um landið, *sem óhjákvæmilega verði að njóta aðstoðar ríkisvaldsins.*

Á meðan svo er, mætti fara nokkurn *milliveg*, og tel ég *alveg sjálfsagt, að ríkissjóður styrki söfnuðina til þessa með riflegu fjárframlagi*, en um það þarf að setja glögg ákvæði, er reynslan mundi sýna, hvort fullnægjandi yrðu. — Þetta er að mínum dómi ekki annað eða meira en sæmandi hluti af skyldunni, sem stjórnlög ríkisins áskapa í þessu efni, og einnig af þeirri skyldu, sem hverju þjóðfélagi er hollt og nauðsynlegt að rækja í þarfir æðstu velferðarmála alls mannkyns.

Með þetta allt fyrir augum hefur frv. það verið samið, er hér er nú borið fram. Er það eindregið stutt af *Kirkjuráði hinnar íslenzku þjóðkirkju*, er telur lagasetningu um þetta aðkallandi nauðsyn. Og ályktun sú, er getið var, að *Hinn al-*

menni kirkjufundur gerði um þetta á f. á. (en þeir fundir eru skipaðir fulltrúum safnaða um land allt), er á þessa leið:

„Hinn almenni kirkjufundur 1943 telur eðlilegt, þar sem kirkjan er ákvörðuð þjóðkirkja eða ríkiskirkja samkvæmt 57. gr. stjórnarskrárinnar, að ríkinu beri skylda til að styðja söfnuði landsins til nauðsynlegra kirkjubygginga með ríflegum styrkjum úr ríkissjóði."

Að öðru leyti skulu þessar skýringar gefnar um einstakar greinar frv.:

Um 1. gr.

Samkvæmt því, sem fram hefur verið tekið hér á undan, kveður þessi grein á um þátttöku ríkissjóðs í byggingu kirkjuhúsa eða hvernig stofnkostnaður þeirra skiptist milli ríkisvaldsins og hinna einstöku safnaða, er að kirkjunum standa. Er lagt til, að ríkissjóður standi undir þeim kostnaði að ¾ hlutum, en söfnuður að ¼ hluta auk annars, er í hans hluta fellur að annast um samkv. frv.

Eins og kunnugt er, verður þjóðfélagsheildin eða ríkið að standa straum af ýmsum framkvæmdum til verklegra og menningarlegra þarfa, sem einstaklingar eða smærri samtök fá eigi orkað, en hafa hins vegar svo veigamikla almenna þýðingu, að nauðsynlegt og sjálfsagt er talið að koma þeim á fót eða halda þeim uppi. Er það, eins og gefur að skilja, nær ótölulegur grúi málefna, er hér getur komið til greina, og hefur sumt af því viðgengizt um langa hríð, en annað er nýlegra, og fer viðurkenning á þessu vaxandi. Hér skal til samanburðar því efni máls, er ræðir í þessu frv., aðeins stuttlega minnzt á hinar „menningarlegu" framkvæmdir eða sem meir heyra til andlegu hliðinni. Hin „verklegu" mál verða látin liggja milli hluta. — Öll menntunarmál hvíla nú að meira eða minna leyti á ríkinu, eru annaðhvort algert á þess vegum eða lifa á þess fjárhagsstuðningi: *Háskólinn*, í öllum greinum, er algert „á ríkinu" eða styðst við fjáröflun á þess vegum, svo og öll vísinda- og rannsóknarstarfsemi, sem telst eiga að koma í almannaþarfir. *Menntaskólarnir* að öllu leyti. *Bændaskólarnir* sömuleiðis (sbr. l. nr. 26/1938). *Húsmæðrakennaraskóli* (sbr. l. 65/1941 og 60/1938). *Gagnfræðaskólar* kaupstaðanna eru styrktir með ⅔ stofnkostnaðar (sbr. l. nr. 48/1930). Hinn hlutinn greiðist af bæjarfélögunum, en þar og hjá sveitarfélögunum yfirleitt eru tekjuöflunarheimildir öruggastar næst ríkinu. Þess vegna m. a. er þeim ætlað að halda uppi *barnaskólum* um öll héruð með ríkinu (sbr. l. nr. 94/1936). Loks skulu nefndir *héraðsskólarnir*, sem nú eru lögfestir og fer fjölgandi, en stofnkostnað þeirra greiðir ríkið að ¾ hlutum (sbr. l. nr. 33/1940), og *húsmæðraskólar* bæði í sveitum (sbr. l. nr. 60/1938 og 67/1941) og í kaupstöðum (sbr. l. nr. 65/1941) fá sama hlutfall kostnaðar úr ríkissjóði, sem sé ¾ hluta stofnkostnaðarins, o. s. frv. — en *einmitt þetta tillag* þykir sanngjarnast og eftir atvikum eðlilegast að ætla ríkinu að bera af stofnkostnaði kirkjuhúsanna í landinu, á móts við söfnuðina, sem að jafnaði eru næsta lítils umkomnir að efnum eða öflun tekna.

Ýmiss konar fleiri styrki og tillög til skóla og menntamála í landinu mætti tilgreina til samanburðar, en eigi þykir nauðsyn til þess bera; né heldur styrki til *sjúkrahúsa og liknarmála*, sem ávallt fer í vöxt. Jafnvel er nú ætlazt til, að leikstarfsemi (Þjóðleikhúsið) hvíli á ríkinu; en hver ætti þá að reisa t. d. höfuðkirkju landsins?

Það þykir rétt, eins og 2. málsgrein 1. gr. tekur til, að „eignir" kirknanna, sem sumpart eru húsin sjálf og sumpart reiðufé eða annað verðmæti, skiptist eftir hinum nýju reglum milli þeirra, er standa eiga að bygging eða endurbygging kirkjuhúsanna, en kemur þó eigi til fyrr en hafizt er handa um þessar framkvæmdir samkvæmt lögunum, sem hér er gert ráð fyrir að setja.

Um 2. gr.

Það má teljast viðeigandi og að ýmsu hagkvæmast, að það sé söfnuðurinn sjálfur, en eigi ríkið, sem útvegar og leggur til af sinni hálfu gott land (lóð) undir kirkjubygginguna, enda verður að gera ráð fyrir, að það sé öllum hlutaðeigendum „heima fyrir“ áhugamál, að hinn ákjósanlegasti staður verði til þessa valinn og sem prýðilegast að honum búið í bráð og lengd. Annað í gr. eru eðlilegar öryggis- og framkvæmdarreglur.

Um 3. gr.

Þó að hinum fátæku söfnuðum landsins reynist erfitt eða öllu heldur ókleift, eins og nú er komið málum, að reisa kirkjur með fullum og nauðsynlegum kostnaði, er þó engan veginn líklegt, að þetta yrði þungur baggi á ríkissjóði, ef skynsamlega er í sakirnar farið. Er það hvort tveggja, að fé er nokkurt fyrir hendi í eigu kirknanna sjálfra, og eins dreifast hinar aðkallandi framkvæmdir í þessu efni á mörg ár, svo að tiltölulega léttilega mun mega inna þær af höndum (og vafalaust auðveldlegar en ýmislegt annað, sem leggja verður fé til). Þegar svo búið er að byggja upp það, sem fyrir liggur af kirkjuhúsum, eftir þeim reglum, sem um það eru settar, mun hægjast um langa lengi. — Sá háttur, sem stungið er upp á í gr., að á þessu verði hafður, virðist einna aðgengilegastur, þótt öðruvísi mætti þessu einnig fyrir koma.

Um 4. gr.

Þessi gr. virðist eigi þarfnast sérstakra skýringa.

Um 5. gr.

Hér eru sett nokkur ákvæði um hið almenna viðhald og umsjá kirkjuhúsanna, sem safnaðarstjórn ber að annast, enda er kirkjutekjum (sóknargjöldum = kirkjugjöldum) ætlað að standa undir kostnaði við það, eins og verið hefur, en hann kemur niður á safnaðarmönnum, eins og kunnugt er. En vegna breyttra aðstæðna (sbr. ákvæði frv.) þykir tilhlýðilegt, að samráð sé um þetta milli safnaðarstjórnar og kirkjumálaráðuneytis.

Um 6. gr.

Hér þykir rétt, að söfnuðurinn einn (þ. e. safnaðarmenn), án neinnar aðstoðar frá ríkisvaldinu eða tillags af kirkjufjám, annist allt, er *sérstaklega* mætti prýða guðshúsið að innan eða utan og eigi gæti talizt heyra beint til sómasamlegri gerð kirkjunnar almennt. Í þessu á einnig að koma fram áhugi (einnig trúaráhugi) safnaðarmanna hverju sinni og kenndir þeirra fyrir því, sem bezt mætti fara í því efni, er þeir væntanlega telja hið æðsta, sem sé, hversu þeir vilja búa að guðsdýrkun sinni og hvað þeir vilja — eftir efnum og ástæðum — leggja í sölurnar fyrir hana. Hefur og alla daga nokkuð mátt af því marka hið sanna manngildi með þjóðunum. Verða slík „útlát“ einnig miklum mun auðveldari fjármunalega í söfnuðunum, þegar á er komin sú tilhögun um byggingarkostnað kirknanna, sem frv. þetta fer fram á.

Um 7. gr.

Eins og ljóst er, eiga ákvæði þessa frv. einungis við kirkjuhús *þjóðkirkjunnar*, enda skylda ríkisvaldsins þar tryggð með ákvæði sjálfrar stjórnarskrárinnar. En eftir sem áður stofna menn *frikirkjusöfnuði* eftir því, sem hugur þeirra stendur til og lög heimila, og afsala sér með því ríkiskirkjustuðningnum. Þegar svo ber til í söfnuði, þykir rétt og sanngjarnt, ef um *meiri hluta safnaðar* er að ræða, að gefa honum kost á að eignast kirkjuhúsið með þeim kjörum, er 7. gr. til tekur. En um þetta mætti þó setja aðra reglu, ef betur þætti henta.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 568. Breytingartillaga

við till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Frá Páli Zóphóníassyni og Eysteini Jónssyni.

Á eftir orðunum „Jökulsá í Fljótsdal" bætist inn í meginmál greinarinnar: Lagarfljót í nánd við Kirkjubæ, Jökulsá í nánd við Sleðbrjót og undan Brú, Bakkaá og Staðará í Skeggjastaðahreppi, Hofsá í Geithellnahreppi.

Sþ. 569. Breytingartillaga

við till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Á eftir orðunum „Jökulsá í Lóni hjá Stafafelli" komi: Tungnaá við Holtamannaafrétt.

Nd. 570. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Fyrir orðin „kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur —" í 1. gr. laganna kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund krónur —.

2. gr.

Fyrir orðin: „kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna —" í 2. gr. laganna kemur: 1920000 — einnar millj. og níu hundruð og tuttugu þúsund króna —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framkvæmdir þær við hafnargerð á Akranesi, sem gerðar voru á þessu ári og fyrirhugaðar eru á næstu árum, gera það nauðsynlegt að hækka upphæðir þær, sem hér um ræðir.

Nd. 571. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Djúpavogi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta í Djúpavogi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar

að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Búlandshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Búlandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Djúpavogs.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarsvæðisins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Búlandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Búlandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Búlandshrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Búlandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Búlandshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Djúpavogi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan tak-

marka Djúpavogs, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Búlandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 572. Frumvarp til laga

um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I.

Um jarðræktarsamþykktir.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar jarðræktarframkvæmdir á sambandssvæðinu, til þess að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi. Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Framræsla.
2. Túnasléttun.
3. Nýrækt.
4. Sléttun engja.

2. gr.

Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á jarðræktarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að jarðræktarsamþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins með

tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, — enn fremur tilkynningu um, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp með að minnsta kosti 3/5 atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera jarðræktarsamþykkt samkv. lögum þessum eða það hefur dregizt eitt ár, eftir að tillaga hefur komið fram um það á sambandsfundi, og skal þá stjórn sambandsins skylt að gera tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði, enda liggi fyrir kröfur um það frá einu eða fleiri hreppabúnaðarfélögum innan sambandsins.

Við skiptinguna skal að því stefnt, þegar um búnaðarsambönd er að ræða, er ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, að hvert sýslufélag geti orðið samþykktarsvæði fyrir sig, eftir því sem unnt er og staðhættir leyfa. Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt, sbr. þó 7. lið 5. gr. Lágmarksstærð samþykktarsvæðis skal miða við, að nægileg verkefni séu fyrir hendi að dómi Búnaðarfélags Íslands fyrir eina vélasamstæðu um langt árabil og tryggt þyki, að vélarnar verði árlega starfræktar að fullu.

Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði eða ræktunarfélög, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarfélaga. Stjórn sambandsins leggur því næst tillögur sínar ásamt umsögn Búnaðarfélags Íslands fyrir aðalfund sambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna. Ályktun sambandsfundar skal send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að skiptin brjóti í bága við ákvæði laga þessara, og skal það þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

Þegar skiptin hafa hlotið staðfestingu, getur hvert samþykktarsvæði innan þess sambands, er skiptin ná til, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Öllum undirbúningi undir þessar samþykktir svo og starfsemi þeirri, sem til er stofnað með þeim, skal haga eftir því, sem við getur átt, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um samþykktir og starfsemi búnaðarsambanda.

Ræktunarfélög þau, er hér um ræðir, skulu velja sérstaka framkvæmdastjórn og starfa undir eftirliti hlutaðeigandi sambands og Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í samþykktum skal kveða á um:

1. Verkefni, sem sambandið eða ræktunarfélagið tekur að sér.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að þeir, er minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, sbr. þó 7. lið 5. gr.
4. Að búnaðarsambandið eða ræktunarfélagið taki þær greiðslur fyrir ræktunarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins eða ræktunarfélagsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að samþykkt brjóti í bága við lög eða reglugerð eða hún fari í bága við tilgang laga þessara, og skal það þá endursenda hana með áritaðri athugasemd og fresta að leggja hana fyrir ráðherra, unz leiðrétting er fengin.

Þegar ráðherra hefur staðfest samþykktina, gildir hún upp frá því fyrir alla félagsmenn hreppabúnaðarfélaga á samþykktarsvæðinu, sbr. þó 7. lið 5. gr.

Ráðherra skipar fyrir um birtingu samþykktarinnar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

5. gr.

Stjórn sambandsins annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands um eftirgreindar mælingar og athuganir á hverju samþykktarsvæði:

1. Stærð túna.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942.
3. Ræktunarástand túnanna.
4. Skilyrði til nýræktar.
5. Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún skuli unnin (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað).
6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau.
7. Hvort einhverjar jarðir og þá hverjar falli undir ákvæði II. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.

Kostnaður við athuganir og mælingar þær, er hér um ræðir, ásamt nauðsynlegri kortagerð greiðist að helmingi úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Ræktunarframkvæmdir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skulu framkvæmdar eftir fyrirsögn trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Ef jarðeigandi eða ábúandi, sé jörðin í leiguábúð, vill ekki hlíta ákvörðun trúnaðarmanns, getur hann skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um tilhögun verksins.

7. gr.

Þegar jörð er í leiguábúð, skal stjórn sambandsins gefa leiguliða kost á að gerast þátttakandi í ræktunarstarfinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar að jarðeiganda frágengnum, og fer þá um rétt ábúanda gagnvart jarðeiganda samkvæmt ákvæðum ábúðarlaganna.

8. gr.

Nú hefur ræktunarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá verkfæranefnd ríkisins vera stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis til aðstoðar og leiðbeiningar um kaup og val nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og verkfæra vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Verkfæranefnd ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr framkvæmdasjóði ríkisins á hverju sambands- eða samþykktarsvæði, miðað við eðlilega þörf sambandsins, stærð þess, vélakost og vinnuafköst vélanna.

9. gr.

Verja skal úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 3 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er verkfæranefnd ríkisins telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Styrkur þessi greiðist, jafnóðum og vélarnar eru keyptar. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og tækjum.

10. gr.

Framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkv. lögum þessum, að hún nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrn-

ingargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Verkfæranefnd ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, meðan vélarnar eru nýjar og nýlegar, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi eða ræktunarfélagi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum stjórnar verkfæranefndar ríkisins.

Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum.

11. gr.

Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæðum laga þessara, viðgerð þeirra og viðhaldi svo og, ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við jarðræktarframkvæmdir í sveitum. Skal hún hafa í þjónustu sinni nægilega marga vélfróða menn til að annast eftirlit þetta. Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara að dómi verkfæranefndar eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.

12. gr.

Búnaðarfélag Íslands og verkfæranefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af verkfæranefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Heimilt er stjórn sambands eða samþykktarsvæðis, sem hefur sett sér jarðræktarsamþykkt, að láta ræsa fram bithaga, ef eigandi jarðarinnar óskar þess og trúnaðarmaður sá, er framkvæmdi mælingarnar á jörðinni, telur þessa jarðabót nauðsynlega vegna búrekstrar þar.

14. gr.

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi sambandi jarðræktarstyrk hvers samþykktarsvæðis óskertan til afgreiðslu og úthlutunar að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 10. gr., nema sambandsstjórnin geri aðrar ráðstafanir.

II.

Um húsagerðarsamþykktir.

15. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að þau taki að sér byggingu íbúðar- og útihúsa á sambandssvæðinu á þann hátt, að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til fullkomnar vélar og tæki við vinnuna. Með samþykktinni skal stefnt að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum í sveitum og að bændur fái með þessum hætti svo vönduð, hagkvæm, smekkleg og ódýr hús sem kostur er á. Við framkvæmdir þessar sé þess gætt, að þeir, er hafa mesta þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

Byggingarframkvæmdir þær, er hér um ræðir, eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.

3. Hlöður og súrheystóftir.
4. Haughús, þvaggryfjur og safnþrær.
5. Geymsluhús.

Húsin afhendist fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

Um sambönd, sem ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, gilda ákvæði 3. gr.

16. gr.

Nú ákveður sambandsfundur að koma á húsagerðarsamþykkt, og skal þá undirbúningi og framkvæmdum hagað samkvæmt fyrirmælum 2. og 3. gr.

17. gr.

Í húsagerðarsamþykktum skal tekið fram um:

1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér, sbr. 15. gr.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að nauðsynlegt byggingarefni sé ávallt fyrir hendi, er vinnan hefst.
4. Að búnaðarsambandið taki þær greiðslur fyrir byggingarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

18. gr.

Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda, og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingarfróða menn athuga og gera tillögur um, hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðarmenn þessir skulu jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra, eftir því sem fært þykir.

Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins.

19. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar eftir teikningu og fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins eða trúnaðarmanna hennar. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, er fellir um þær fullnaðarúrskurð.

20. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins vera stjórn sambandsins til aðstoðar um kaup og val hentugra veggjamóta ásamt vélum og verkfærum, sem nota þarf við hinar fyrirhuguðu byggingar. Forstöðumaður teiknistofunnar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar skal kaupa, miðað við byggingarþörf hvers sambands og afköst vélanna.

Þar, sem rætt er um veggjamót í lögum þessum, er um að ræða mót af varanlegri gerð, sem auðvelt er að flytja milli vinnustaða.

21. gr.

Byggingarsjóður og nýbýlasjóður ríkisins leggja fram sem styrk ⅓ hvor af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins telur samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.

Framlög þessi endurgreiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Reikna skal sérstakt viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum, vélum og verkfærum, sem keypt hafa verið með styrk frá byggingarsjóði og nýbýlasjóði, á sama hátt og segir í 10. gr. Búnaðarfélag Íslands ávísar greiðslum úr fyrningarsjóðnum samkvæmt tillögum forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins. Að öðru leyti skal hlíta um þetta ákvæðum 10. gr., eftir því sem við á.

23. gr.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 15. gr., skulu ráðnir í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

24. gr.

Styrkir, sem greiddir eru af opinberu fé vegna bygginga í sveitum, skulu, þegar byggingarnar eru reistar samkvæmt samþykktum þeim, sem hér um ræðir, greiðast óskertir — að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 22. gr. — til hlutaðeigandi sambandsstjórna, nema þær leggi annað fyrir.

25. gr.

Nú hefur nýbýlasjóður heitið styrk til húsagerðar, er búnaðarsamband hefur tekið að sér samkvæmt lögum þessum, og á þá sambandið kröfu til, að sjóðurinn greiði styrkinn, þegar er verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

III.

Almenn ákvæði.

26. gr.

Búnaðarsamböndum, sem taka að sér jarðræktar- eða húsagerðarframkvæmdir samkvæmt lögum þessum, ber að tryggja sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sínar hjá kostnaðarmanni framkvæmdarinnar, áður en vinna hefst.

27. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsamband samkvæmt lögum þessum, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum — og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða.

Skuldir þessar má taka lögtaki.

28. gr.

Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **573. Frumvarp til laga**

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir.

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins.

4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1945.

Sþ. 574. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 556 [Brúargerðir á nokkur stórvötn].

Frá Ingólfi Jónssyni.

Í stað orðanna „Hólsá móts við Þykkvabæ“ komi: Hólsá hjá Ártúnum eða öðrum þeim stað á ánni, sem talið er, að brúin komi að mestum notum og brúarstæði er af verkfróðum mönnum talið gott.

Nd. 575. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $^3/_5$ frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.

Greinargerð.

Í hafnarlögum fyrir Ólafsvík frá 1919 er ákveðið, að ríkissjóður greiði $^1/_4$ kostnaðar við hafnargerð þar, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Við fjárveitingar í fjárlögum til þessarar hafnargerðar hefur samt um allmörg ár verið veittur $^1/_3$ kostnaðar. Nú má það heita tóst regla, að í hafnarlögum séu ákveðin þau hlutföll, að ríkissjóður veiti $^2/_5$ gegn $^3/_5$ frá viðkomandi hafnarsjóði. Þetta frv. lýtur aðeins að því að færa hafnarlög Ólafsvíkur að þessu leyti til samræmis við önnur hafnarlög. Heildarupphæð hafnargerðarkostnaðar samkvæmt lögunum frá 1919, kr. 700000.00, er látin haldast óbreytt.

Nd. 576. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Fyrir nefndinni hafa legið 2 frv. snertandi hafnarbótasjóð, sem hafa á vissan hátt staðið í sambandi hvort við annað, þ. e. það frv., er hér ræðir um, og frv. til l. um framlag úr hafnarbótasjóði til hafnargerðar á Akranesi. Þar eru nú í undirbúningi stórfelldar umbætur á höfninni, sem ekki verður frestað, nema útgerðin á þeim stað bíði af varanlegan hnekki, auk þess sem til Akraness sækja aðkomubátar, sem eðlilegt er, að svo mikilli og góðri verstöð, en þeim háir þar hafnleysið eins og heimabátunum.

Þær framkvæmdir, er hér ræðir um, eru kostnaðarmeiri en svo, að Akraneskaupstaður geti fengið nægilega fjárhæð af fé því, sem í fjárlögum fyrir næsta ár er ætlað til hafnargerða, nema með því að skerða um of framlög til annarra hafna. Þá er vitað, að fyrir þinginu liggur erindi um mjög aukið framlag til Keflavíkurhafnar vegna framkvæmda, er forráðamenn þess byggðarlags telja mjög aðkallandi til varðveizlu vélbátaflotanum þar. Er hér því þannig ástatt, að tvær helztu fiskihafnir við Faxaflóa þurfa stórum bætt hafnarskilyrði þegar á næsta ári, en að því er virðist, ekki fært að veita þeim í fjárlögum að þessu sinni svo mikið fé, að þeim sé neitt séð farborða í þessum efnum, enda í mörg horn að líta, hvað hafnarframkvæmdir snertir.

Flm. frv. (PO) skýrði fyrir nefndinni á fundi um þessi mál þann tilgang sinn með frv. að greiða fyrir bráðnauðsynlegum framkvæmdum á þann hátt, er þar segir.

Virðist það hljóta að koma til álita, að undir þessum kringumstæðum sé stuðzt við hafnarbótasjóð og hann látinn hlaupa undir bagga í bili til að koma fram aðkallandi umbótum, um leið og það sé haft fyrir augum að bæta sjóðnum aftur innan hæfilegs tíma þá skerðingu, er hann þannig yrði fyrir, með fjárveitingu úr ríkissjóði.

Nefndin hefur átt viðræður um þessi mál við ráðherra þann, er fer með hafnarmálin, og hefur sameiginleg niðurstaða meiri hl. nefndarinnar og greinds ráðh. orðið að leggja til, að frv. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

4. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, sem hafizt er handa um framkvæmdir, og framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum að hverju sinni hrökkva ekki til að greiða að þeim hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi staðar, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þrem árum.

Sigurður Kristjánsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt. Eysteinn Jónsson áskildi sér rétt til að flytja sérstaka breytingartillögu um málið og gera grein fyrir henni við umræðuna. Er því tillaga nefndarinnar afgreidd af þremur nefndarmönnum, þeim ÁÁ, LJós og JJós.

Alþingi, 27. nóv. 1944.

Lúðvík Jósefsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Eysteinn Jónsson.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Ed. 577. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbyggingarsjóð útvegsmanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til umræðu á mörgum fundum. Hún hefur einnig leitað umsagnar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Fiskifélags Íslands og nýbyggingarsjóðsnefndar um málið og fengið svör frá þeim, sem birt eru hér með sem fylgiskjöl. Auk þess fékk nefndin erindi frá Félagi járniðnaðarmanna í Reykjavík og frá Meistarafélagi járniðnaðarmanna og Meistarafélagi skipasmiða í Reykjavík um þetta mál, og eru bæði þessi erindi einnig birt hér með sem fylgiskjöl. Allir þessir aðilar eru sammála um, að nauðsyn beri til að tryggja höfuðtilgang frumvarpsins, þ. e. að nýbyggingarsjóðsfé verði ekki gert að eyðslueyri, heldur aðeins notað til endurbygginga og aukningar á framleiðslutækjum þjóðarinnar. Mælir Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Fiskifélag Íslands vill einnig, að frumvarpið verði samþykkt, en bendir jafnframt á, að eðlilegt væri, að það verði látið tilnefna einn mann í stjórn sjóðsins, og enn fremur, að breyta þurfi núgildandi skattalögum til tryggingar því, að einstaklingar leggi fram fé í sjóðinn í framtíðinni.

Nýbyggingarsjóðsnefndin gerir ýmsar athugasemdir og sumar mjög athyglisverðar. Taldi nefndin því rétt að ræða það nánar við formann nýbyggingarsjóðsnefndar. Mætti hann á fundi með nefndinni og ræddi við hann mjög ýtarlega um málið. Þá komu fram í tillögum iðnaðarmannanna óskir um það, að í lögin yrðu sett ákvæði, sem tryggðu, að vinnu við nýbyggingar fyrir fé sjóðsins yrði haldið sem mest inni í landinu, auk þess sem þar er einnig gert ráð fyrir róttækri hömlun á sölu bréfanna.

Að fengnum öllum þessum upplýsingum þótti nefndinni rétt að leggja til, að gerðar yrðu á frumvarpinu nokkrar breytingar til tryggingar því, að aðaltilgangi frumvarpsins yrði náð, en það er, að fé sjóðsins verði allt tryggt til endurnýjunar framleiðslutækjum í þágu sjávarútvegsins, en þó jafnframt að gera eigendum sjóðanna mögulegt að nota þá, ef nauðsyn krefur, til þess að létta undir með þeim í atvinnurekstrinum, en um það fyrst og fremst voru allir aðilar sammála.

Verði frumvarp þetta að lögum, eins og nefndin leggur til, er nauðsynlegt að breyta þeim ákvæðum núgildandi skattalaga, sem fjalla um nýbyggingarsjóðina, og samræma þau við ákvæði þessa frumvarps. Kemur þá til greina, hvort rétt þykir að taka tillit til þeirra óska, sem fram hafa komið um skattfríðindi til eflingar þessum sjóð. Var nefndin öll sammála um, að slík ákvæði ættu heima í skattalögunum, en ekki í þessu frumvarpi.

Með þeim breytingum, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frumvarpinu, fær sjóðsstjórnin nokkuð annað verkefni en gert var ráð fyrir í upphafi, og með tilliti til þess þótti nefndinni ekki ástæða til, að stjórn sjóðsins yrði skipuð meira en 3 mönnum, né heldur, að aðrir aðilar tilnefndu í hana menn en þeir, er áður tilnefndu menn í nýbyggingarsjóðsnefndina, sem nú starfar.

Nefndin tók mjög ýtarlega til athugunar ábendingar 3. landsk. þm. (HG) um að skuldbinda eigendur atvinnutækja til þess að láta andvirði skipa, sem seld eru úr landinu, og útgreiddar vátryggingarupphæðir tapaðra skipa renna í sjóðinn, svo og ágóðahluta af sölu skipa, sem fram hafði farið á þessu ári. En að öllu athuguðu taldi nefndin svo mörg tormerki á þessu, að hún treystist ekki til að leggja það til, að slík ákvæði yrðu sett inn í frumvarpið. Var m. a. bent á, að slík ákvæði mundu stórlega rýra veðhæfni skipanna.

Nefndin leggur því til einróma, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist nýbyggingarsjóður útvegsmanna. Fær hann til umráða allt það fé, sem geymt er í nýbyggingarsjóðum samkv. lögum nr. 9 5. maí 1941 og lögum nr. 20 20. maí 1942, svo og það fé, sem til þeirra sjóða er skylt að greiða og ógreitt kann að vera. Sjóðurinn fær einnig til umráða og veitir móttöku öllu því fé, sem greitt verður í nýbyggingarsjóði útgerðarmanna og útgerðarfélaga á hverjum tíma.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sjóðsstjórnin gefur út nýbyggingarsjóðsbréf fyrir þeim upphæðum, sem afhentar eru sjóðnum, þó eigi fyrir minni upphæð en kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — eða tilsvarandi upphæð í annarri mynt. Minni upphæðir skulu standa sem inneign á reikningi eiganda hjá sjóðnum, þar til þær hafa náð fyrrnefndri upphæð. Ber þá að gefa út fyrir það fé nýbyggingarsjóðsbréf til eiganda á sama hátt og um inngreitt fé væri að ræða.
   Bréf, sem gefin eru út, skulu skráð á nafn þess, sem féð greiðir, og bera það með sér, frá hvers konar atvinnurekstri féð er komið.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum lánsstofnunum. Vextir, sem greiddir eru af innstæðum, skal leggja inn á reikning eiganda, þar til þeir hafa náð lágmarksupphæð samkv. 3. gr.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Fé úr sjóðnum má eingöngu verja til nýbygginga á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, og má eigi verja því til byggingar atvinnutækja annarra flokka en þeirra, sem bréfin bera með sér, að féð sé komið frá. Þó er sjóðsstjórninni heimilt, ef það að hennar dómi þykir hagkvæmara fyrir afkomu sjávarútvegsins, að verja fé úr sjóðnum til kaupa á góðum, nýlegum skipum frá útlöndum og einnig að flytja greiðslur á milli flokka.
   Heimilt er eigendum bréfanna að veðsetja þau eða selja eins og hver önnur verðbréf, enda beri þau það með sér, að þau verði ekki innleyst eða vextir greiddir af þeim nema samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar 3 menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir störf sjóðsstjórnarinnar ákveður ríkisstjórnin, og greiðist hún úr ríkissjóði.
6. Við 8. gr. Greinin fellur niður, en ný grein verður 8. gr. og orðist svo:
   Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum sjóðsstjórnar um nánari framkvæmd þessara laga.

Alþingi, 28. nóv. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.
Steingr. Aðalsteinsson. Magnús Jónsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 18. okt. 1944.

Vér leyfum oss hér með að senda háttvirtri sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis athuganir vorar við frumvarp til laga um nýbyggingarsjóð útvegsmanna, flm. Gísli Jónsson, þingskjal 381.

Þar sem vér höfum mikinn áhuga fyrir, að fleiri aðilum verði gefinn kostur á þátttöku í nefndri sjóðsstofnun, þá höfum vér rætt æskilegar breytingar við frumvarpið, sem, ef að lögum yrði, stuðla að eflingu sjóðsins og þar með sjávarútvegs landsmanna.

Aftan við 4. gr. leggjum vér til, að bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fjárhæðir, sem lagðar eru í nýbyggingarsjóð eða varið er til kaupa á sjóðsbréfum, svo og vextir af sjóðsinneignum, skulu vera undanþegnar tekjuskatti, þó ekki samtals meir en (25%) af skattskyldum tekjum kaupanda á því ári, er kaupin fara fram eða vextir eru reiknaðir.

Söluandvirði sjóðsbréfa verða skattskyldar tekjur seljanda á því ári, er sala fer fram, án tillits til þess, hve lengi bréfin hafa verið í hans eign.

5. gr. leggjum vér til, að breytist samkvæmt eftirfarandi:

Engu fé, höfuðstól né vöxtum, sem greitt hefur verið í nýbyggingarsjóð útvegsmanna, má verja til annars en nýbyggingar á framleiðslutækjum í þágu sjávarútvegsins, svo sem skip, tæki og vélar, til smíði skipa og skipsvéla, frystihús, síldarverksmiðjur, niðursuðuverksmiðjur, lýsisverksmiðjur eða önnur iðnaðarmannvirki, er teljast hagkvæm fyrir afkomu sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Þeirri meginreglu skal fylgt, að skip, tæki eða önnur mannvirki, sem byggð eru fyrir fé sjóðsins, séu fullkomin og hentug fyrir staðhætti og þann tilgang, sem þeim er ætlaður.

Sjóðsstjórnin skal stuðla að því af fremsta megni, að sem mest af vinnu þeirri, sem unnin er fyrir fé sjóðsins, sé framkvæmd innanlands, enda liggi fyrir árangur af tilboðsleit, er sýni réttan samanburð milli verðlags og gæða hér á landi og erlendis.

Vér væntum, að þessar breytingartillögur skýri sig sjálfar, en viljum leggja megináherzlu á eftirfarandi:

1. Helzta hvatning, til þess að menn leggi fé í sjóðinn af fúsum vilja, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er, að aðilar fengju framlag sitt skattfrjálst, sem þó yrði takmarkað við einhvern ákveðinn hluta af skattskyldum tekjum.
2. Allir virðast sammála um, að sjávarútvegur landsmanna þarfnist sem mest af fullkomnustu tækjum til framleiðslunnar, en þessar breytingar, ef að lögum yrðu, mundu auðvelda innlendum fyrirtækjum, sem takast vildu á hendur þessa uppbyggingu, enda eru þau (skipasmíðastöðvar o. þ. h.) nátengd og nauðsynleg þessum atvinnurekstri.

Vér væntum, að framangreindar tillögur verði teknar til vinsamlegrar athugunar.

Virðingarfyllst,

Meistarafélag járniðnaðarmanna í Reykjavík.

Ben. Gröndal. Sveinn Guðmundsson. Einar Ásmundsson.

Meistarafélag skipasmiða í Reykjavík.

Magnús Guðmundsson. Daniel Þorsteinsson. Sig. Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis.

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS
Reykjavík.

Reykjavík, 18. okt. 1944.

Vér höfum haft til athugunar frv. til laga um nýbyggingarsjóð útvegsmanna á þskj. 381, er hv. nefnd sendi oss til umsagnar með bréfi, dags. 7. þ. mán.

Á fundi stjórnar félagsins í dag var gerð um þetta svofelld ályktun:

„1. Stjórnin telur, að nauðsyn beri til, að tryggt verði með lögum, eins og gert er ráð fyrir í frumv. þessu, að framlag í nýbyggingarsjóði útgerðarinnar verði eigi notað til annars en endurnýjunar á framleiðslutækjum sjávarútvegsins.

2. Til þess að þeim tilgangi frumv. verði náð, að aðrir en þeir, er útgerð stunda, leggi í nýbyggingarsjóði, mun óhjákvæmilegt, að sú breyting verði gerð á núgildandi skattalögum, að þeir gæti einnig notið þeirra hlunninda, sem útgerðarfélög nú njóta skv. skattalögunum, ef þeir leggja í nýbyggingarsjóði.

3. Eðlilegt verður að teljast, að Fiskifélag Íslands verði látið tilnefna 1 mann í stjórn sjóðsins."

Einn stjórnarnefndarmanna, Emil Jónsson, gat ekki mætt á fundi og tók því eigi þátt í afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 16. október 1944.

Nýbyggingarsjóðsnefnd er sammála þeirri meginhugsun, sem fram kemur í frv. til laga um nýbyggingarsjóð útvegsmanna, að æskilegt sé, að nýbyggingarsjóðirnir eyðist ekki við að greiða töp á útgerð, heldur verði þeim einungis varið til endurnýjunar á framleiðslutækjum í þágu sjávarútvegsins.

Nefndin telur hins vegar, að varhugavert sé að tryggja þetta með þeim hætti, sem í frv. greinir. Með frv. er gert mun greiðfærara en áður fyrir þá, sem grætt hafa fé á útgerð og lagt það í nýbyggingarsjóði, að losa fé sitt úr sjóðunum án þess að verja því til nýbyggingar eða annarrar endurnýjunar framleiðslutækja í þágu sjávarútvegsins. Að vísu er skylt að verja, áður en lýkur, í þessu skyni jafnmiklu fé og í sjóðina hefur verið lagt. En vel má vera, að sú skylda hvíli þá aðeins á örfáum aðilum, sem hafi keypt nýbyggingarsjóðsbréfin e. t. v. með afföllum og verji fénu til einhverra framkvæmda, sem að vísu rúmast innan laganna, en séu þó allt annars eðlis, á öðrum stað og til hagsbóta fyrir aðra en þá, sem störfuðu við þá útgerð, sem nýbyggingarsjóðurinn í fyrstu safnaðist af. Skv. núgildandi lögum er að vísu vel mögulegt, að svo fari, en líkurnar fyrir því eru mun meiri, ef frv. verður samþykkt óbreytt, en áður. Enda fer því fjarri, að með frv. sé tryggt fremur en nú, að t. d. fé, sem safnað er við útgerð togara, verði einungis varið til byggingar nýrra togara.

Ákvæði frv. um það, til hverra framkvæmda megi verja sjóðunum, eru og eigi allsendis glögg. Helzt virðist þó eiga að skilja frv. svo, að með öllu sé bannað að kaupa gömul skip frá útlöndum fyrir fé sjóðanna. Sú meginstefna kann að vera rétt, en þarf þó íhugunar við, og a. m. k. verður að vera alveg ótvírætt, hver tilætlunin er.

Ástæðulítið og að ýmsu leyti óheppilegt sýnist vera að gera nýbyggingarsjóð að eins konar banka eða útlánastofnun. Hægt er án þess og á einfaldari hátt

að tryggja, að vextir af inneignum í sjóðunum renni í þá. En ef fé þeirra á beinlínis að vera bundið í útlánum, er hætt við, að það verði ekki tiltækt, þegar á því þarf að halda til nýbygginga, svo sem vonandi verður, áður en langt um líður. Með þessu móti skapast og hætta á töpum við útlán. Einhver rekstrarkostnaður hlýtur og að falla á sjóðina, svo að fjárhagsvinningur þeim til handa er tvísýnn.

Það skiptir að vísu ekki miklu máli, en virðist þó hæpið að ætla að svipta ríkisvaldið fulltrúa sínum í sjóðsstjórninni, en láta bankana fá þar fulltrúa í þess stað.

Ef frv. verður samþykkt, þarf frekari athugun á fyrirmælum skattalaga varðandi þetta efni en fram kemur að átt hafi sér stað í sambandi við samning frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Bjarni Benediktsson. Þórður Ólafsson. Sig. Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

FÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 18. okt. 1944.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum leyft oss að yfirfara frumvarp til laga um nýbyggingarsjóð útvegsmanna (þskj. 381), sem flutt er af Gísla Jónssyni alþm.

Eftir athugun á nefndu frumvarpi leyfum vér oss að senda yður til athugunar eftirfarandi breytingartillögur við 5. gr. frumvarpsins, svo hljóðandi:

5. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Engu fé, höfuðstól né vöxtum, sem greitt hefur verið í nýbyggingarsjóð útvegsmanna, má verja til annars en nýbygginga á framleiðslutækjum í þágu sjávarútvegsins, svo sem skipa, tækja og véla til smíði skipa og skipsvéla, frystihúsa, síldarverksmiðja, niðursuðuverksmiðja, lýsisverksmiðja eða annarra iðnaðarmannvirkja, er teljast hagkvæm fyrir afkomu sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Þeirri meginreglu skal fylgt, að skip, tæki og önnur mannvirki, sem byggð eru fyrir fé sjóðsins, séu fullkomin og hentug fyrir staðhætti og þann tilgang, sem þeim er ætlaður.

Sjóðsstjórnin skal stuðla að því af fremsta megni, að sem mest af vinnu þeirri, sem unnin er fyrir fé sjóðsins, sé framkvæmd innanlands, enda liggi fyrir árangur af tilboðsleit, er sýni réttan samanburð milli verðlags og gæða hér á landi og erlendis."

Vér viljum gera eftirfarandi grein fyrir þessum tillögum vorum:

Vér lítum svo á, að nauðsyn beri til, að til séu í landinu tæki til viðgerða og endurnýjunar á skipastól landsmanna, en eins og öllum er kunnugt, vantar mikið á, að svo sé. Sem dæmi viljum vér benda á, að engin þurrkví er til í landinu eða uppsátur fyrir hin stærri farþega- og flutningaskip, *að* vér vitum ekki til, að verkstæði þau, er annazt hafa viðgerðir á járnskipum, eigi vélknúin tæki, er lyfti hálfri smálest eða meir, *að* í Reykjavík hafa verið miklir örðugleikar með hafnarpláss fyrir skip í viðgerðum, svo að ekki er óalgengt, að skip í viðgerðum verði að liggja utan á 3—4 skipum, meðan viðgerð fer fram. Þetta eru aðeins fá dæmi af mörgum, sem sýna augljóslega, hve öll aðstaða til skipaviðgerða er ófullkomin og langt frá því að vera samkeppnisfær að þessu leyti við hliðstæða vinnu erlendis, sem hlýtur að leiða af sér aukinn kostnað við skipaviðgerðir.

Með tilliti til þess, hve mikill kostnaðarliður fyrir útgerðina viðgerðir eru, og þess, að hér fara saman hagsmunir útvegsmanna og alþjóðar, væntum vér þess, að þér sjáið yður fært að taka framangreindar tillögur vorar til athugunar.

Óski nefndin frekari upplýsinga af vorri hálfu, erum vér reiðubúnir til þess að láta nefndinni í té, munnlega eða bréflega, frekari skýringar varðandi mál þetta.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags jarniðnaðarmanna, Reykjavík.

Snorri Jónsson, form. Ísl. Arason, ritari.

Fylgiskjal V.

FÉLAG ÍSLENZKRA BOTNVÖRPUSKIPAEIGENDA

Reykjavík, 10. október 1944.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dagsett 7. október þ. á., ásamt frumvarpi til laga um nýbyggingarsjóð útvegsmanna, á þingskjali 381.

Út af máli þessu viljum vér skýra yður frá, að í gær var haldinn almennur fundur í félagi voru, þar sem svo að segja allir félagsmenn voru mættir.

Var frumvarp yðar tekið þar til athugunar og lesið fyrir fundarmönnum ásamt greinargerð þeirri, er því fylgdi.

Fundarmenn ræddu málið ýtarlega, eftir því sem föng voru á, og samþykktu með öllum atkvæðum að senda yður bréf þess efnis, að Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda vildi eindregið mæla með frumvarpinu til samþykkis, eins og það lægi fyrir óbreytt.

Þetta leyfum vér oss hér með virðingarfyllst að tilkynna yður.

F. h. Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda

J. V. Hafstein.

Ed. 578. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið. Í neðri deild var bætt inn í frumvarpið ákvæði um, að hafnarsjóður skuli eiga allt það land við höfnina, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði. Meiri hluti nefndarinnar vildi ekki fallast á þetta ákvæði. Steingrímur Aðalsteinsson, sem út af fyrir sig hefði getað samþykkt ákvæðið, vill ekki gera það að ágreiningsefni og tefja þannig fyrir framgangi frumvarpsins. Hefur nefndin því orðið ásátt um að leggja til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.: Greinin falli niður. (Greinatala breytist samkv. því.)

Alþingi, 27. nóv. 1944.

Gísli Jónsson, form. Steingr. Aðalsteinsson, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.

Ingvar Pálmason. Magnús Jónsson.

Sþ. **579. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „21 000 000“ kemur		22 500 000
2.	—	2. —	2. Liðurinn orðist svo:		
			Stríðsgróðaskattur	9 000 000	
			Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga	4 500 000	
					4 500 000
3.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „8 000 000“ kemur		9 000 000
4.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „25 000 000“ kemur		28 000 000
5.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „800 000“ kemur		900 000
6.	—	3. —	A. Sundurliðun. 1. II. 4. (Póstflutningar). Fyrir „760 000“ kemur		960 000
7.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. a. (Notendasímar í sveitum). Fyrir „100 000“ kemur		500 000
8.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. b. 13. (Aðrar símastöðvar og eftirlitsstöðvar). Fyrir „900 000“ kemur		1 100 000
9.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. Út. I. Liðurinn orðist svo: Afborganir af lánum og til húsakaupa		200 000
10.	—	3. —	Sundurliðun. 3. I. (Brúttóhagnaður áfengisverzl.). Fyrir „15 500 000“ kemur		22 153 080
11.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Brúttóhagnaður tóbakseinkasölu). Fyrir „7 500 000“ kemur		7 914 099
12.	—	10. —	III. 3. b. (Aðrir starfsmenn sendiráðs í London). Fyrir „90 000“ kemur		83 000
13.	—	10. —	III. 4. b. (Aðrir starfsmenn sendiráðs í Washington). Fyrir „98 000“ kemur		113 000
14.	—	10. —	III. 6. Nýr töluliður: Ferðakostnaður		20 000
15.	—	11. —	A. 9. (Landhelgisgæzla). Fyrir „2 000 000“ kemur		2 800 000
16.	—	11. —	A. 10. a. 2. Nýr töluliður: Til viðgerðar og endurbóta		165 000
17.	—	11. —	A. 10. b. 2. Nýr töluliður: Til viðgerðar og endurbóta		100 000
18.	—	11. —	A. 10. b. Nýr stafliður: Til byggingar fangahúss í Hafnarfirði		35 000
19.	Við	11. gr.	B. 10. Nýr töluliður: Kostnaður við eftirlit á vegum:		
			a. Laun:		
			1. Grunnlaun	6 000	
			2. Aukauppbót	1 620	
			3. Verðlagsuppbót	11 430	
					19 050
			b. Annar kostnaður		12 950
					32 000

20. Við 11. gr. B. 12. a. 3. (Viðskiptaráð. Leiðr. á prentvillu).
Fyrir „903 637“ kemur nýr liður:
4. Annar kostnaður 290 000

21. — 12. — I. b. (Annar kostnaður landl.).
Fyrir „6 000“ kemur 7 000

22. — 12. — III. G. 11. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar 100 000

23. — 12. — IV. c. (Berklavarnir, annar kostnaður).
Fyrir „65 000“ kemur 135 000

24. — 12. — VIII. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til sjúkrahúsbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla 1 100 000

25. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:

1.	Kjósarskarðsvegur	10 000
2.	Akrafjallsvegur	20 000
3.	Hafnarfjallsvegur	210 000
4.	Lundarreykjadalsvegur	20 000
5.	Bæjarsveitarvegur	35 000
6.	Hálsasveitarvegur	20 000
7.	Hvítársíðuvegur	10 000
8.	Álftaneshreppsvegur	60 000
9.	Hraunhreppsvegur	40 000
10.	Hnappadalsvegur	15 000
11.	Ólafsvíkurvegur	75 000
12.	Útnesvegur	50 000
13.	Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur	18 000
14.	Stykkishólmsvegur	80 000
15.	Skógarstrandarvegur:	
	a. Í Snæfellsnessýslu	15 000
	b. Í Dalasýslu	30 000
16.	Dalasýsluvegur	60 000
17.	Laxárdalsvegur	20 000
18.	Klofningsvegur	35 000
19.	Skarðsstrandarvegur innan Klofnings ..	15 000
20.	Reykhólavegur	25 000
21.	Gufudalsvegur	10 000
22.	Barðastrandarvegur	80 000
23.	Tálknafjarðarvegur	20 000
24.	Til endurbóta á Rauðasandsvegi	10 000
25.	Bíldudalsvegur	20 000
26.	Dalahreppsvegur	10 000
27.	Rafnseyrarheiðarvegur	85 000
28.	Hjarðardalsvegur	15 000
29.	Botnsheiðarvegur	20 000
30.	Súðavíkurvegur	45 000
31.	Aðalvíkurvegur	10 000
32.	Vestfjarðavegur um Þorskafjarðarheiði .	170 000
33.	Selstrandarvegur	20 000
34.	Bitruvegur	125 000
35.	Bæjarhreppsvegur	20 000
36.	Húnvetningabraut í V.-Húnavatnssýslu .	20 000
37.	Miðfjarðarvegur	20 000
38.	Vesturhópsvegur	40 000
39.	Vatnsdalsvegur	10 000

40.	Skagastrandarvegur	70 000
41.	Skagavegur	10 000
42.	Þverárfjallsvegur	10 000
43.	Gönguskarðsvegur	30 000
44.	Vatnsskarðsvegur	200 000
45.	Sauðárkróksbraut	30 000
46.	Út-Blönduhlíðarvegur	50 000
47.	Hofsósvegur	50 000
48.	Hólavegur	50 000
49.	Siglufjarðarskarð og Fljótavegur	350 000
50.	Lágheiðarvegur	200 000
51.	Hrísavegur	10 000
52.	Hörgárdalsvegur	10 000
53.	Öxnadalsheiðarvegur	200 000
54.	Laugalandsvegur	10 000
55.	Svalbarðsstrandarvegur	150 000
56.	Fnjóskadalsvegur	15 000
57.	Ljósavatnsskarðsvegur	15 000
58.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	70 000
59.	Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	20 000
60.	Bárðardalsvegur	10 000
61.	Laugaskólavegur	10 000
62.	Hvammsheiðarvegur	15 000
63.	Reykjahverfisvegur	10 000
64.	Tjörnesvegur	15 000
65.	Kelduhverfisvegur	30 000
66.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	80 000
67.	Öxarfjarðarheiðarvegur	25 000
68.	Langanesvegur	25 000
69.	Brekknaheiðarvegur	100 000
70.	Bakkafjarðarvegur	5 000
71.	Vopnafjarðarvegur	40 000
72.	Jökulsárhlíðarvegur	10 000
73.	Jökuldalsvegur	10 000
74.	Hróarstunguvegur	20 000
75.	Upphéraðsvegur	25 000
76.	Úthéraðsvegur	25 000
77.	Borgarfjarðarvegur	6 000
78.	Fjarðarheiðarvegur	100 000
79.	Eskifjarðarvegur	25 000
80.	Oddsskarðsvegur	270 000
81.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100 000
82.	Stöðvarfjarðarvegur til Fáskrúðsfjarðar	45 000
83.	Berunesvegur	10 000
84.	Geithellnavegur	30 000
85.	Almannaskarðsvegur	20 000
86.	Innnesjavegur	8 000
87.	Mýravegur	12 000
88.	Suðursveitarvegur	15 000
89.	Öræfavegur	15 000
90.	Síðuvegur	12 000
91.	Landbrotsvegur	15 000
92.	Meðallandsvegur	30 000
93.	Skaftártunguvegur	60 000

94.	Mýrdalssandsvegur	20 000	
95.	Mýrdalsvegur	25 000	
96.	Eyjafjallavegur	35 000	
97.	Syðri-Landeyjavegur	45 000	
98.	Ytri-Landeyjavegur	25 000	
99.	Hvolhreppsvegur	40 000	
100.	Rangárvallavegur	35 000	
101.	Hagabraut	25 000	
102.	Landvegur	35 000	
103.	Gnúpverjahreppsvegur	35 000	
104.	Hrunamannahreppsvegur	35 000	
105.	Skálholtsvegur	10 000	
106.	Partavegur	20 000	
107.	Suðurlandsvegur (Krýsuvíkurleið)	750 000	
			5 526 000

26. Við 13. gr. A. III. 2. (Aðrar brúargerðir).

a. Liðurinn orðist svo:

	Til brúa, sem áður hefur verið veitt fé til í fjárl.	500 000

b. Nýir liðir:

1.	Ósá í Patreksfirði	50 000
2.	Litla-Laxá í Hreppum	65 000
3.	Grjótá á Öxnadalsheiði	50 000
4.	Smábrýr	150 000

27. — 13. — C. IX. Liðurinn orðist svo:

Til hafnarmannvirkja:

1. Til hafnargerða:

a.	Á Húsavík	100 000	
b.	Á Skagaströnd	100 000	
c.	Á Sauðárkróki	100 000	
d.	Á Raufarhöfn	10 000	
e.	Á Dalvík	100 000	
f.	Í Hafnarfirði	200 000	
g.	Á Ísafirði	100 000	
h.	Í Vestmannaeyjum	300 000	
i.	Á Siglufirði	75 000	
j.	Í Keflavík	200 000	
k.	Á Akranesi	300 000	
l.	Í Neskaupstað	100 000	
m.	Í Borgarnesi	75 000	
n.	Í Grundarfirði	60 000	
o.	Í Höfn í Hornafirði	50 000	
p.	Á Suðureyri	75 000	
q.	Í Stykkishólmi	75 000	
r.	Í Ólafsfirði	150 000	
			2 170 000

2. Til bryggjugerða og lendingarbóta:

a.	Á Vopnafirði	20 000
b.	Á Hauganesi	25 000
c.	Á Hellissandi	15 000
d.	Í Flatey á Breiðafirði	2 000
e.	Á Járngerðarstöðum	75 000
f.	Á Þorkötlustöðum	25 000
g.	Í Vogum	50 000
h.	Í Stöðvarfirði	120 000

	i. Til brimbrjóts í Bolungavík	100 000		
	j. Á Hvammstanga	25 000		
	k. Lendingarbætur í Öræfum	25 000		
	l. Í Breiðdalsvík	25 000		
	m. Á Djúpavogi	50 000		
	n. Í Þorlákshöfn	50 000		
	o. Í Örlygshöfn	10 000		
	p. Í Hvalsskeri	10 000		
	q. Í Króksfjarðarnesi	10 000		
	r. Á Stokkseyri	25 000		
	s. Á Eyrarbakka	15 000		
	t. Í Látrum	18 000		
	u. Á Sæbóli	18 000		
	v. Í Búðardal	15 000		
	x. Lendingarbætur í Borgarfirði eystra	25 000		
	y. Lendingarbætur í Bakkafirði	25 000		
			778 000	
	3. Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum		300 000	
	4. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki, ⅔ kostnaðar, allt að		20 000	
				3 268 000
28.	Við 13. gr. D.			
	a. Fyrir „600 000“ kemur			700 000
	b. Aths. á eftir: Þar af byrjunarstyrkir til flugvallar í Vestmannaeyjum 300 000 kr. og til dráttarbrautar og flugskýlis á Ísafirði 100 000 kr.			
29.	— 14. — A. VIII. Nýr liður:			
	Kirkjubyggingarstyrkur:			
	1. Til Akureyrarkirkju		15 000	
	2. Til Ásólfsskálakirkju		15 000	
	3. Til kirkjubyggingar á Hvanneyri		15 000	
	4. Til Njarðvíkurkirkju		15 000	
	5. Til kirkjubyggingar í Skálholti		15 000	
	6. Til Brunnhólskirkju		10 000	
				85 000
30.	— 14. — B. II. a. (Ísl. stúdentar í erl. háskólum).			
	Fyrir „100 000“ kemur			150 000
31.	— 14. — B. IV. c. 8. (Íþaka).			
	Fyrir „1 000“ kemur			3 000
32.	— 14. — B. VI. Nýr liður:			
	Til byggingar tilraunaskóla, sem jafnframt verði æfingaskóli fyrir nemendur Kennaraskólans			250 000
33.	— 14. — B. VII. c. (Stýrimannaskólinn, stundakennsla). Liðurinn orðist svo:			
	1. Grunnlaun		16 080	
	2. Aukauppbót		4 020	
	3. Verðlagsuppbót		30 150	
				50 250
34.	— 14. — B. IX. 1. (Bændask. á Hólum).			
	a. Við b. 1. (Aukakennsla).			
	Fyrir „9 000“ kemur			13 500
	b. Við b. 4. (Eldiviður og ljós).			
	Fyrir „15 000“ kemur			20 000

c. Við b. 6. (Áhaldakaup).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

35. Við 14. gr. B. IX. 2. (Bændask. á Hvanneyri).
a. Við b. 1. (Smíða- og leikfimikennsla).
Fyrir „1 500“ kemur 2 250
b. Við b. 10. Nýr töluliður:
Til vatnsveitu til heimilisnota, fyrri greiðsla 25 000

36. — 14. — B. IX. 3. b. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum, smíðakennsla o. fl.).
Fyrir „4 000“ kemur 6 000

37. — 14. — B. X. Liðurinn orðist svo:
a. Iðnfræðsla:
Til iðnskólahalds 150 000
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ⅓ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.
b. Til framhaldsnáms erlendis 30 000

38. — 14. — B. XI. a. (Verzlunarskólinn).
Fyrir „60 000“ kemur 90 000

39. — 14. — B. XI. b. (Samvinnuskólinn).
Fyrir „25 000“ kemur 37 500

40. — 14. — B. XII. d. Nýr liður:
Til viðgerðar á skólahúsinu 50 000

41. — 14. — B. XIII. 6. (Byggingarstyrkur barnaskóla utan kaupst.).
Fyrir „400 000“ kemur 800 000

42. — 14. — B. XIV. 3. (Stofnkostn. héraðsskóla).
Fyrir „500 000“ kemur 800 000

43. — 14. — B. XIV. 8. (Byggingarstyrkur gagnfræðaskóla).
Fyrir „550 000“ kemur 830 000

44. — 14. — B. XV. 1. (Húsmæðraskólar skv. lögum).
a. Við a. (Grunnstyrkur).
Fyrir „100 000“ kemur 110 000
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „150 000“ kemur 165 000

45. — 14. — B. XV. 2. (Húsmæðraskólar í kaupstöðum).
Fyrir „340 000“ kemur 400 000

46. — 14. — B. XV. 3. (Húsmæðraskólar í sveitum).
Fyrir „300 000“ kemur 400 000

47. — 14. — B. XVI. 1. (Íþróttaskóli ríkisins).
a. Við b. (Stundakennsla).
Fyrir „7 950“ kemur 15 000
b. Við d. Nýr liður:
Til byggingar skólahúss 150 000

48. — 14. — B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „450 000“ kemur 600 000

49. — 14. — B. XXII. Nýir liðir:
a. Til menningarsjóðs Blaðamannafélags Íslands 10 000
b. Til Alþýðusambands Íslands 10 000

50. Við 15. gr. A. I. (Landsbókasafnið).
a. Við 2. Liðurinn orðist svo:
a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa 100 000
b. Til bókbands 50 000
b. Við 5. (Handritaskrá).
Fyrir „2 400“ kemur 5 000
c. Við 9. (Ýmisleg gjöld).
Fyrir „3 000“ kemur 6 000

51. — 15. — A. III. 7. Nýir töluliðir:
a. Til viðhalds bæjarhúsa í Stöng í Þjórsárdal 5 000
b. Til viðhalds bæjarhúsa í Glaumbæ, Burstarfelli og Grenjaðarstað 20 000

52. — 15. — A. VI. (Bókasöfn og lesstofur).
1. Við 2. a. (Bókasafnið á Ísafirði). Nýr stafliður:
Byggingarstyrkur 20 000
2. Við 14. Liðurinn orðist svo:
a. Til safnsins á Húsavík 3 000
b. Til viðgerðar og stækkunar á bókhlöðunni 5 000
8 000
3. Við 18. Nýr liður:
Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík 5 000

53. — 15. — A. VII. (Bókaútgáfa o. fl.).
1. Við 3. Liðurinn orðist svo:
Til Fornleifafélagsins:
a. Grunnstyrkur 3 000
b. Verðlagsuppbót 4 500
7 500
2. Við 9. Liðurinn orðist svo:
Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:
a. Grunnstyrkur 3 000
b. Verðlagsuppbót 4 500
7 500
3. Við 11. Liðurinn orðist svo:
Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans:
a. Grunnstyrkur 5 000
b. Verðlagsuppbót 7 500
12 500

54. — 15. — A. VIII. Liðurinn orðist svo:
Til skálda, rithöfunda og listamanna:
a. Grunnstyrkir 175 000
b. Verðlagsuppbót 262 500
437 500

Finm manna nefnd, kosin af sameinuðu Alþingi, úthluti fjárhæð þessari millli skálda, rithöfunda og listamanna.

55. — 15. — A. X. (Leiklistarstarfsemi).
a. Við 2. Liðurinn orðist svo:
Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2000 kr.:
a. Grunnstyrkur 8 000
b. Verðlagsuppbót 12 000
20 000

b. Við 8. Nýr liður:
Til leikfélags Dalvíkur 1 000

56. Við 15. gr. B. I. 2. (Fiskideild).
1. Við a. Nýir stafliðir:
a. Til fiskirannsókna í Faxaflóa 50 000 kr. gegn jafnháu framlagi frá fiskimálasjóði 50 000
b. Til áhaldakaupa og útgáfustarfsemi 20 000
2. Við b. (Ýmisl. rekstrarkostn.).
Fyrir „25 000“ kemur 75 000

57. — 15. — B. I. 3. c. (Fjárræktarbúið á Hesti).
Fyrir „8 000“ kemur 110 000

58. — 15. — B. IV. 8. Nýr töluliður:
Til kaupa á tækjum til landskjálftamælinga 30 000

59. — 16. — A. 4. (Gjöld samkv. jarðræktarl.).
1. Við a. (Jarðabótastyrkur).
Fyrir „700 000“ kemur 1 000 000
2. Við d. (Ræktunarframkvæmdir vélasjóðs).
Liðurinn fellur niður.

60. — 16. — A. 10. Nýr liður:
Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka, fyrsta greiðsla af þremur 100 000

61. — 16. — A. 12. Nýir liðir:
a. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum 50 000
b. Til fyrirhleðslu í Virkisá, gegn ⅓ framlagi annars staðar að 4 000
c. Til fyrirhleðslu í Einholtsvötnum, gegn ½ framlagi annars staðar að 5 000

62. — 16. — A. 13. Nýr liður:
Til vélasjóðs, til verkfærakaupa 500 000

63. — 16. — A. 14. b. (Sandgræðslustöðvar).
Fyrir „135 000“ kemur 147 000

64. — 16. — A. 24. b. (Dýralækningar).
a. Við 1. (Grunnstyrkur).
Fyrir „5 500“ kemur 6 500
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir 8 250“ kemur 9 750
c. Nýr stafliður:
Til dýralæknisbústaðar á Egilsstöðum 50 000

65. — 16. — A. 26.
a. Liðurinn orðist svo:
Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 2 600 000
b. Nýr liður:
Til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti, stofnkostnaður 25 000

66. — 16. — A. 27. Nýir töluliðir:
a. Til Guðmundar Einarssonar, Brekku 2 500
b. Til Kristjáns Jónssonar, Mýrlaugsstöðum 2 500
c. Til Magnúsar Ólafssonar, Krýsuvík 1 000

67. — 16. — B. 1. (Fiskifélagið).
Fyrir „519 150“ kemur: 619 150

68. — 16. — B. 3. Nýr töluliður:
Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins 10 000

69. — 16. — C. 3. (Iðnskóli í Rvík).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

70. Við 17. gr. 5. (Styrktar- og sjúkrasjóðir).
Fyrir „14 650“ kemur 15 150
71. — 17. — 7. (Sumardvöl barna í sveit).
Liðurinn fellur niður.
72. — 17. — 9. Nýr liður:
Til barnaheimilis á Sólheimum 7 000
73. — 17. — 10. e. Liðurinn orðist svo:
Til mæðrastyrksnefnda 50 000
Þar af 15 000 kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur.
74. — 17. — 11. (Slysavarnir).
a. Fyrir „50 000“ kemur 100 000
b. Nýr liður:
Til Lárusar Eggertssonar, til björgunarnáms í Bandaríkjunum 14 000
75. — 17. — 13. a. Liðurinn orðist svo:
Til stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi 60 000
Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 8 000 krónur.
76. — 17. — 15. Nýr liður:
Til útgáfu sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi 12 000
77. — 17. — 16. Nýr liður:
Til Kvenréttindafélags Íslands 2 000
78. — 17. — 23. (Rekstrarhalli kreppulánasjóðs).
a. Fyrir „40 000“ kemur 100 000
b. Nýr liður:
Til alþjóðastarfseminnar 250 000
79. — 18. — II. a. 7. Nýr liður:
Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. 1 800
80. — 18. — II. b. 9. Liðurinn orðist svo:
Guðbjörg Tómasdóttir, kr. 600, auk 300 kr. með hverju barni í ómegð 1 500
81. — 18. — II. b. 16. (Ingibjörg Magnúsdóttir).
Fyrir „500“ kemur 900
82. — 18. — II. b. 24. (Margrét Björnson).
Fyrir „1 000“ kemur 1 200
83. — 18. — II. b. 27. Liðurinn orðist svo:
Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600 kr., auk 300 kr. með hverju barni í ómegð 1 500
84. — 18. — II. b. 37. (Sigríður Jensson).
Fyrir „400“ kemur 800
85. — 18. — II. b. 44. Nýr liður:
Vigdís Blöndal 500
86. — 18. — II. b. 47. Liðurinn orðist svo:
Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja, 700 kr., auk 300 kr. með barni í ómegð 1 000
87. — 18. — II. c. 3. (Ásmundur Gíslason).
a. Fyrir „385“ kemur 785
b. Nýr liður:
Bjarni Hjaltested 500
88. — 18. — II. c. 6. (Einar Thorlacius).
Fyrir „355“ kemur 555

89. Við 18. gr. II. c. 9. (Hallgrímur Thorlacius).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýr liður:
Haraldur Þórarinsson 800

90. — 18. — II. c. 10. Nýr liður:
Jes A. Gíslason 500

91. — 18. — II. c. 11. (Jón Árnason).
Liðurinn fellur niður.

92. — 18. — II. c. 12. (Jón N. Jóhannessen).
Fyrir „460“ kemur 760

93 — 18. — II. d. (Prestsekkjur).
1. Við 1. (Anna Kvaran).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 2. (Anna Stefánsdóttir).
Fyrir „200“ kemur 600
3. Við 3. (Ástríður Petersen).
Fyrir „200“ kemur 600
4. Við 4. (Auður Gísladóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
5. Við 5. (Bergljót Blöndal).
Fyrir „200“ kemur 600
6. Við 6. (Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini).
Fyrir „200“ kemur 600
7. Við 7. (Björg Einarsdóttir frá Undirfelli).
Fyrir „500“ kemur 900
8. Við 8. (Björg Jónasdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
9. Við 9. (Björg Jónsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
10. Við 10. (Dorothea Guðmundsson).
Fyrir „300“ kemur 700
11. Við 11. (Guðbjörg Guðmundsdóttir).
Fyrir „400“ kemur 800
12. Við 12. (Guðbjörg Hermannsdóttir).
Fyrir „181,70“ kemur 581,70
13. Við 14. (Guðríður Helgadóttir).
Fyrir „282“ kemur 682
14. Við 15. (Guðríður Ólafsdóttir).
Fyrir „164,26 kemur 564,26
15. Við 16. (Guðrún J. Jóhannesdóttir).
Fyrir „500“ kemur 1 100
16. Við 17. Liðurinn orðist svo:
Guðrún Jónsdóttir 1200 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs 3 000
17. Við 18. Liðurinn orðist svo:
Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1200 kr., auk 300 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs 1 500
18. Við 19. (Guðrún Runólfsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
19. Við 20. (Guðrún Torfadóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
20. Við 21. (Helga Jónsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700

21. Við 22. (Helga Skúladóttir).
Fyrir „227,06“ kemur 627,06
22. Við 23. (Ingibjörg Jónasdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
23. Við 24. (Ingibjörg Magnúsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
24. Við 25. (Ingveldur Einarsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
25. Við 26. (Jóhanna Magnúsdóttir).
a. Fyrir „300“ kemur 700
b. Nýr liður:
Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal 700
26. Við 27. (Kristín Ísleifsdóttir).
Fyrir „500“ kemur 900
27. Við 28. (Líney Sigurjónsdóttir).
Fyrir „500“ kemur 900
28. Við 29. (Margrét Jónasdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
29. Við 30. (María Elísabet Jónsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
30. Við 31. Liðurinn orðist svo:
Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal 1200 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs 2 100
31. Við 32. (Margrét Sigurðardóttir).
Fyrir „500“ kemur 900
32. Við 33. (Ólína Snæbjörnsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
33. Við 34. (Sigríður Hansdóttir).
Fyrir „385“ kemur 785
34. Við 35. (Sigríður Helgadóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
35. Við 36. (Sigríður Jóhannesdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
36. Við 37. Liðurinn orðist svo:
Sigríður Kjartansdóttir 1 200 kr., auk 300 kr. með hverju barna sinna 2 400
37. Við 38. (Sigrún Kjartansdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
38. Við 39. (Sigurlaug Knudsen).
Fyrir „300“ kemur 700
39. Við 40. (Steinunn Stephensen).
Fyrir „200“ kemur 600
40. Við 41. (Steinunn Pétursdóttir).
Fyrir „300“ kemur 700
41. Við 42. (Vilborg Jónsdóttir).
a. Fyrir „300“ kemur 700
b. Nýr liður:
Þorbjörg Pálsdóttir 400
42. Við 43. (Þóra Jónsdóttir).
Fyrir „217,28“ kemur 617,28
43. Við 44. (Þórhildur Sigurðardóttir).
Fyrir „300“ kemur 700

94. Við 18. gr. II. e. 14. Nýr liður:
Margrét Rasmus 1 800
95. — 18. — II. f. (Póstmenn etc.).
Fyrir „19 900“ kemur 20 400
96. — 18. — II. k. (Sigurjón Friðjónsson).
Fyrir „1 000“ kemur 2 000
97. — 18. — II. p. Nýr liður:
Sigurbjörn Sveinsson 2 000
98. — 18. — II. q. 4. (Gíslína Kvaran).
Fyrir „600“ kemur 1 000
99. — 18. — II. q. 5. (Guðrún Erlingsson).
a. Fyrir „600“ kemur 1 000
b. Nýr liður:
Guðrún Oddsdóttir 1 000
100. — 18. — II. q. 6. (Ólína Þorsteinsdóttir).
Fyrir „500“ kemur 1 000
101. — 18. — II. q. 12. (Þórunn Pálsdóttir).
Fyrir „600“ kemur 1 000
102. — 18. — II. r. Liðurinn orðist svo:
Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra 7 700
103. — 18. — II. s. (Matsmenn).
Fyrir „11 950“ kemur 11 650
104. — 18. — II. t. 3.
Fyrir „Johnsen“ komi: Johnson.
105. — 18. — II. t. 9. (Bjarni Magnússon).
Fyrir „300“ kemur 400
106. — 18. — II. t. 16. (Gestur Sigurðsson).
Liðurinn fellur niður.
107. — 18. — II. t. 45. Nýr liður:
María Sigurðardóttir 300
108. — 18. — II. t. 52. Nýr liður:
Pétur Þórðarson, fyrrv. alþingism. 500
109 — 19. — Greinin orðist svo:
Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:
1. Vantalin verðlagsuppbót 4 000 000
2. Til annarra útgjalda 250 000
110. — 20. — Út. III. c. (Nýir vitar).
Fyrir „350 000“ kemur 600 000
111. — 20. — Út. VI. (Viðbótarhúsnæði ríkisspítala).
a. Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
b. Nýr liður:
Til byggingar Þjóðminjasafnshúss 1 000 000
112. — 20. — Út. VIII. Nýr liður:
Til byggingar varðskips 500 000
113. — 22. — VII. Nýir liðir:
a. Að greiða Ingólfi Gíslasyni, héraðslækni frá Djúpavogi, full embættislaun.
b. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

c. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun, meðan hún er sjúklingur.
d. Að selja verksmiðjuna á Sólbakka, ef viðunanlegt verð fæst að dómi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.
e. Að ábyrgjast 100 000 kr. viðbótarlán til hitaveitu í Ólafsfirði.
f. Að verja allt að 100 000 kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. b. hrekkur ekki til.
g. Að kaupa 45 fiskibáta í Svíþjóð og taka til þess nauðsynleg lán, allt að 15 milljónum króna.
h. Að verja allt að 50 000 kr. til undirbúnings kaupum á fiskirannsóknaskipi.
i. Að endurgreiða Eiríki Baldvinssyni iðgjöld þau, er hann hefur greitt í lífeyrissjóð barnakennara.
j. Að endurgreiða Birni Ó. Björnssyni iðgjöld þau, er hann hefur greitt í lífeyrissjóð embættismanna.
k. Að verja allt að 30 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifandi í Mýrdal, eftir að verkið hefur verið undirbúið.
l. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1945 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
m. Að greiða 25 000 kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleitar í Vestmannaeyjum.

Sþ. 580. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1945.

Frá fjárveitinganefnd.

Frumvarpi því til fjárlaga fyrir árið 1945, sem fjárveitinganefnd hefur unnið að nú um skeið, var ekki útbýtt á Alþingi fyrr en 25. sept. s. l. Tók nefndin þá strax til starfa og hefur haft fundi tvisvar á dag og hefur þannig haldið 65 fundi. Nefndinni hafa borizt 410 erindi, er snerta fjárlagaafgreiðsluna. Hefur það eðlilega tekið mikinn tíma hjá nefndinni að kynna sér þessi mál öll, auk þess sem hún hefur orðið að verja í það miklum tíma að afla ýmissa upplýsinga í sambandi við undirbúning fjárlagaafgreiðslunnar.

Þegar stjórnarskiptin urðu, var nefndin að mestu búin að ljúka athugun á fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fyrir af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar, bera það saman við fylgiskjöl og tillögur ýmissa ríkisstofnana.

Það, sem þá lá fyrir að gera, var að taka ályktanir um ýmsar breytingar í frv. í sambandi við erindi og tillögur, sem nefndinni höfðu borizt frá þingmönnum, og aðrar tillögur, sem leiddi af eigin athugun nefndarinnar á frv. Þessar breytingar voru þess eðlis, að þær hlutu óhjákvæmilega að mótast að meira eða minna leyti af stefnu þeirri, sem ríkisstjórnin markaði í þessum málum.

Þess vegna fór það svo, þegar ríkisstjórnin ákvað, að falla skyldu niður fundir í Alþingi um hríð, meðan hún væri að ráða ráðum sínum, að fundir féllu og að mestu niður í nefndinni þann tíma. Strax að því loknu tók nefndin til starfa, og hófst þegar samstarf milli ríkisstjórnarinnar og nefndarinnar um breytingar á frv. Hefur þetta samstarf verið óslitið síðan og yfirleitt farið vel á með nefndinni og ríkisstjórninni,

þó að sitt sýnist hvorum um sum atriði, eins og gengur og gerist. Eins og eðlilegt er, hefur ríkisstjórnin átt verulegan þátt í að marka þær niðurstöður, sem fram koma í tillögum nefndarinnar, en samkvæmt gamalli venju í fjárveitinganefnd teljast það tillögur nefndarinnar, sem meiri hl. er fyrir að hverju sinni.

Nefndin hefur lagt á það áherzlu að hraða störfum sínum og notið í því efni mikilsverðrar aðstoðar af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Skal nú vikið að einstökum brtt.

Tekjurnar.

Við áætlun teknanna hefur nefndin haft til hliðsjónar yfirlit yfir ríkistekjurnar 1943 og skýrslu um innheimtar tekjur frá 1. jan. til októberloka þessa árs.

2. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun í 2. gr. verði hækkuð samtals um 6.1 millj., er skiptist þannig niður á einstaka liði:

Tekju- og eignarskattur	1.5 millj.
Stríðsgróðaskattur — hluti ríkissjóðs	0.5 millj.
Vörumagnstollur	1 millj.
Verðtollur	3 millj.
Innflutningsgjald af benzíni	0.1 millj.

3. gr.

Þar er lagt til, að tekjuáætlun skv. þessari grein verði hækkuð um kr. 7 067 179, sem sundurliðast eins og hér segir:

Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar	6 653 080
—— tóbakseinkasölu	414 099

Þegar frá eru dregnar gjaldahækkanir, sem orðið hafa í 3. gr., alls 800 000 kr., verður nettóhækkun á tekjulið greinarinnar kr. 6 267 179.

Gjaldabálkur.

3. gr.

Nefndin leggur til, að liðurinn til póstflutninga verði hækkaður um 200 000 kr. Er þessi hækkun gerð í samráði við samgöngumálaráðherra með það fyrir augum, að póstsamgöngur verði nokkuð auknar á árinu frá því, sem nú er.

Þá leggur nefndin til, að framlagið til notendasíma í sveitum verði hækkað um 400 000 kr., þannig að það verði alls 500 000 kr. Samgöngumálaráðh. hafði sent nefndinni tillögur um hækkun á liðnum, sem voru nokkru lægri en tillögur nefndarinnar. En samkomulag varð milli nefndarinnar og ráðh. um till. nefndarinnar. Þörfin fyrir notendasíma er mjög brýn og aðkallandi. Þess er og að vænta, að bráðlega rakni úr um efnisútvegun til þessara hluta og til framkvæmda geti því komið á árinu.

Enn fremur leggur nefndin til, að fjárframlag til símastöðva og eftirlitsstöðva verði hækkað um 200 000 kr. Er það gert eftir ósk póst- og símamálastjóra, sem telur upphæðina of lágt áætlaða í frumvarpinu.

10. gr.

Samkv. ósk utanríkisráðherra leggur nefndin til, að nokkrar breytingar verði gerðar á launagreiðslum við sendiráðin í London og Washington og tekinn verði upp sérstakur liður, ferðakostnaður, í sambandi við utanríkisþjónustuna.

11. gr.

Samkv. tillögu dómsmálaráðherra hefur nefndin lagt til, að liðurinn til landhelgisgæzlu verði hækkaður um 800 000 kr. Er það í samræmi við reynslu þá, er fengizt hefur af rekstri landhelgisgæzlunnar árið 1943 og það, sem liðið er af þessu ári.

Samkv. ósk sama ráðh. leggur nefndin til, að tekinn verði upp sérstakur liður, 165 000 kr., til viðgerðar og endurbóta á hegningarhúsinu í Reykjavík. Sömuleiðis samkv. ósk sama ráðh. leggur nefndin til, að tekinn verði upp nýr liður, 100 000 kr., til sams konar aðgerða á fangahúsinu að Litla-Hrauni. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði sótti um 75 000 kr. fjárveitingu til fangahúsbyggingar þar. Samkv. gildandi lögum ber ríkissjóði að leggja fram helming kostnaðar til slíkra framkvæmda. Leggur nefndin til í samráði við dómsmálaráðherra, að veittar verði nú að þessu sinni 35 000 kr. í þessu skyni.

Við undirbúning ríkisstjórnarinnar á fjárlagafrv. hafði fallið niður einn liður í þessari grein, kostnaður við eftirlit á vegum. Hefur nefndin tekið þennan lið upp.

12. gr.

Ríkisstjórnin gerði tillögur um það til fjárveitinganefndar, að tekinn yrði upp sérstakur liður til viðbótarbyggingar á fávitahælinu á Kleppjárnsreykjum. Hæli þetta var stofnað á síðastl. ári, og fávitar þeir, er áður dvöldust að Sólheimum, voru fluttir þangað, en ekki hefur verið nema að mjög litlu leyti kleift að taka þangað nema aðeins fáa af fávitum þeim, sem nú dveljast í heimahúsum víðs vegar úti um landsbyggðina og valda aðstandendum hinum mestu erfiðleikum, og er því ærin þörf, að á þessu verði bót ráðin. Leggur því nefndin til, að nýr liður, 100 000 kr., verði tekinn upp í þessu skyni.

Eftir ósk dómsmálaráðherra leggur nefndin til, að liðurinn til berklavarna, „annar kostnaður", verði hækkaður upp í 135 000 kr. Er það gert með tilliti til þess, að fram fari almenn berklaskoðun í Reykjavík á næsta ári. Hinn ötuli berklayfirlæknir, Sigurður Sigurðsson, hefur undanfarið látið fara fram berklaskoðun víðs vegar um landið, og eru þessar athuganir taldar vera sterkur þáttur í berklavarnastarfseminni.

Þá hefur nefndin og lagt til eftir tillögu ráðherra, að styrkur til sjúkrahúsbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla verði hækkaður upp í 1 100 000 kr. Á þessu sviði standa nú yfir og eru fyrirhugaðar á næstunni miklar framkvæmdir.

13. gr.

Í fjárlagafrv. hafði framlag til nýrra akvega verið lækkað mjög verulega frá því, sem er í gildandi fjárlögum. Í viðræðum, sem nefndin átti um þetta við samgöngumálaráðherra, kom það í ljós, að ríkisstjórnin lagði á það sérstaka áherzlu, að hraðað yrði framkvæmd þriggja vega, sem tengja kaupstaði við vegakerfi landsins. Þessir vegir eru: vegurinn um Siglufjarðarskarð, Oddsskarð og Lágheiði Auk þess lagði samgöngumálaráðherra áherzlu á að hraða lagningu Krýsuvíkurvegarins og vegarins yfir Þorskafjarðarheiði. Fjárveitinganefnd lagði fyrir sitt leyti áherzlu á það, að eigi yrði dregið úr fjárframlögum í heild til nýlagninga á vegum. Varð það að samkomulagi milli fjárveitinganefndar og ríkisstjórnar, að þetta sjónarmið væri lagt til grundvallar fyrir fjárveitingu á þessu sviði, og hækkar því liðurinn frá því, sem er í frumvarpinu, um 3 476 000 kr., en frá því, sem er í gildandi fjárlögum, nemur hækkunin 583 000 kr.

Í fjárlfrv. er framlag til brúagerða nú ákveðið 1 500 000 kr., þar af til Ölfusárbrúar 1 000 000 kr., sem er talið vera helmingur af kostnaði við smíði brúarinnar. Er því samkv þessu aðeins til umráða til annarra brúagerða ½ millj. króna. Samkvæmt upplýsingum, er nefndin hefur fengið hjá vegamálastjóra, vantar svipaða upphæð til þess, að hægt verði að fullgera þær brýr, sem teknar voru í fjárl. 1943 og 1944 og enn er eigi hafin smíði á. Stafar þetta af því, að eins og nú er komið, reynist kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, þetta meiri en hann var áætlaður í öndverðu.

Nefndin leggur til, að fjárveitingin til brúarsmíða verði hækkuð um 315 þús. kr., eða upp í 815 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:

1. Brú á Ósá í Patreksfirði ..... 50 þús.
2. — á Litlu-Laxá í Hreppum ..... 65 —

3. Brú á Grjótá í Öxnadal ..... 50 þús.
4. Smábrýr ..... 150 —

Vegamálastjóri gerði tillögur til nefndarinnar um frekari fjárframlög til brúagerða, en taldi, að það, sem hér um ræðir, ætti að vera í fyrstu röð.

Til hafnarmannvirkja eru í fjárlfrv. áætlaðar 2000000 kr., þar af 300000 kr. til hafnarbótasjóðs. Upphæðin er um 200000 kr. lægri en í gildandi fjárlögum. Hafði samgöngumálaráðherra í upphaflegum tillögum sínum til nefndarinnar lagt til, að liður þessi yrði hækkaður upp í 2500000 kr. En þegar í ljós kom, hve miklar voru umsóknir um fjárframlög til hafnarmannvirkja á næsta ári, og svo einnig þegar tekið er tillit til þess, hvað ríkissjóður átti vangoldið til hinna ýmsu framkvæmda á þessu ári, varð það að samkomulagi milli nefndarinnar og samgöngumálaráðherra að hækka þessa upphæð upp í 3268000 kr. Þrátt fyrir þessa hækkun á liðnum er engan veginn fullnægt óskum þeim, sem fyrir liggja um fjárveitingar til hafnarframkvæmda á næsta ári. Þannig var t. d. farið fram á til hafnargerðar á Akranesi 715 000 kr., í Keflavík 500 000 kr. og á Húsavík 300 000 kr.

Til þess að tryggja nægilegt fjárframlag á árinu til hafnargerðar á Akranesi, hafði verið flutt frv. um fjárframlag í þessu skyni úr hafnarbótasjóði. Þótt það frv. gangi ef til vill ekki fram í upprunalegri mynd þess, þá gerir nefndin ráð fyrir, að í sambandi við afgreiðslu þess máls verði sú lausn fundin, að því er þetta snertir, að hafnarbótasjóður verði látinn hlaupa svo undir bagga með hafnarframkvæmdum ýmsum, sem mest ríður á, að ekki komi að sök, þótt nefndin hækki fjárveitinguna ekki meir en hér er ráð fyrir gert.

Nefndin hefur samkv. tillögu atvinnumálaráðherra hækkað liðinn „Til flugmála“ um 100 000 kr. og auk þess breytt orðalagi hans eins og þar segir.

14. gr.

Nefndin leggur til, að tekin verði upp fjárveiting til kirkjubygginga á nokkrum stöðum. Er þetta í samræmi við það, er áður hefur verið gert í svipuðum tilfellum.

Menntamálaráðherra lagði til við nefndina, að liðurinn „Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum“ hækki upp í 200000 krónur. Nefndin leggur til, að liðurinn hækki upp í 150000 kr. Það er vitað, að kostnaður við dvöl stúdenta erlendis hefur hækkað nokkuð frá því, sem verið hefur, og vildi nefndin mæta óskum ráðherra.

Sami ráðherra gerði um það tillögu til nefndarinnar, að tekinn yrði upp sérstakur liður, 250000 kr., til byggingar tilraunaskóla, sem jafnframt yrði æfingaskóli fyrir nemendur kennaraskólans. Kennaraskólinn hefur nú og að undanförnu orðið að leita á náðir annarra úti í bæ um húsrúm fyrir þessa starfsemi, en þær leiðir eru nú að lokast, og þykir því ekki verða hjá því komizt að reisa þessa byggingu. Tilætlunin er, að handíðaskólinn fái inni í þessari byggingu fyrir starfsemi sína.

Þá er og lagt til að hækka lítils háttar þrjá liði hjá bændaskólanum að Hólum. Auk þess sem nefndin leggur til, að hækkuð verði lítils háttar fjárveiting til smíða- og leikfimikennslu að Hvanneyri, þá leggur hún til, að tekinn verði þar upp nýr liður, til vatnsveitu til heimilisþarfa, 25. þús. kr., fyrri greiðsla. Hafði nefndinni borizt erindi um 50 þúsund kr. fjárveitingu í þessu skyni frá skólastjóra og auk þess umsögn frá héraðslækni um vatnsbólið á Hvanneyri, sem virðist vera óviðhlítandi.

Til iðnskólahalds leggur nefndin til, að aukin verði fjárveitingin upp í 150000 krónur. Fé þessu er skipt á milli iðnskóla landsins til greiðslu kennaralauna. Er þar eingöngu um að ræða stundakennslugreiðslu. Á s. l. hausti ákvað þáverandi menntamálaráðherra, að stundakennsla við nokkra ríkisskóla skyldi hækka um 50 af hundraði. Þetta hefur leitt til almennrar hækkunar á stundakennslu við alla þá skóla, sem styrks njóta hjá ríkinu. Þykir nefndinni því ekki annað fært en

leggja til, að liðurinn verði hækkaður af þessum sökum. Ber hún og fram tillögur um hliðstæðar hækkanir við nokkra aðra liði, þó að þess sé ekki sérstaklega getið í nefndarálitinu.

Nefndin leggur eftir ósk menntamálaráðherra til, að tekinn verði upp nýr liður til viðgerða á húsi kvennaskólans í Reykjavík. Skóli þessi hefur um langt skeið notið rekstrarstyrks frá ríkinu, og er það í samræmi við ríkjandi stefnu í skólamálum, að hann njóti og nokkurs byggingarstyrks. Sami ráðherra lagði og til við nefndina, að styrkurinn til barnaskólabygginga utan kaupstaða yrði hækkaður upp í eina millj. króna úr 400000 kr., sem er ákveðið í frumvarpinu.

Nefndin leggur til, að þessi liður verði hækkaður upp í 800 000 kr.

Þá gerði sami ráðherra um það tillögu til nefndarinnar, að fjárveitingin til stofnkostnaðar héraðsskóla yrði hækkuð upp í 1180000 krónur. Nefndin leggur til, að sá liður verði einnig hækkaður upp í 800000 kr., er skiptist sem hér segir:

Til Reykholtsskóla	30 000 kr.
— Núpsskóla	100 000 —
— Reykjanesskóla	50 000 —
— Reykjaskóla	70 000 —
— Varmahlíðarskóla	150 000 —
— Skógaskóla	200 000 —
— Laugarvatnsskóla	150 000 —
— Laugaskóla	50 000 —

Sami ráðherra gerði einnig tillögur til nefndarinnar um það, að styrkur til bygginga gagnfræðaskóla yrði hækkaður upp í 750 000 kr., er skiptist þannig:

Reykjavík	400 000 kr.
Akureyri	150 000 —
Siglufjörður	200 000 —

Síðar bárust nefndinni um það tilmæli frá bæjarstjórn Ísafjarðar, að veittar yrðu 80 000 kr. til stækkunar á gagnfræðaskólanum þar. Leggur nefndin því til, að liðurinn verði hækkaður upp í 830 000 kr. til að fullnægja þessari ósk. Nefndin leggur og til, að styrkur til að reisa húsmæðraskóla í kaupstöðum verði hækkaður upp í 400 000 kr., og skiptist hann þannig:

Til Akureyrar	100 000 kr.
— Akraness	100 000 —
— Hafnarfjarðar	100 000 —
— Ísafjarðar	100 000 —

Þá leggur nefndin til, að styrkur til að reisa húsmæðraskóla í sveitum hækki einnig upp í 400 000 kr., er skiptist þannig:

Til húsmæðraskólans við Veggjalaug	110 000 kr.
— —— á Laugarvatni	110 000 —
— —— á Hallormsstað	110 000 —
— —— á Laugum (stækkun)	60 000 —
— húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur	10 000 —

Menntamálaráðherra lagði til við nefndina, að tekinn yrði upp nýr liður, styrkur til íþróttakennaraskóla, 150 000 kr. Samkv. þessu hefur nefndin gert tillögu um þessa fjárveitingu. Sama upphæð er veitt til byggingarinnar í gildandi fjárlögum. Sami ráðherra lagði til við nefndina, að fjárveitingin til íþróttasjóðs yrði hækkuð upp í 650 000 kr. Nefndin leggur til, að sá liður verði hækkaður upp í 600 000 kr.

Sami ráðherra lagði til við nefndina, að tekinn yrði upp nýr liður, 10 000 kr., til menningarsjóðs Blaðamannafélags Íslands. Nefndin varð við þessum tilmælum.

Þá lagði einnig sami ráðherra til við nefndina, að tekinn yrði upp nýr liður, til Alþýðusambands Íslands, til alþýðufræðslu, 20 000 kr. Nefndin leggur til, að veitt verði í þessu skyni sama upphæð og er í gildandi fjárlögum, 10 000 kr.

15. gr.

Þá leggur nefndin til eftir tilmælum sama ráðherra, að 3 liðir tilh. Landsbókasafninu verði nokkuð hækkaðir, þar á meðal liðurinn „Til bóka- og handritakaupa og bókbands“ upp í 150 000 kr. Þá leggur nefndin og til eftir ósk sama ráðherra, að tekinn verði upp nýr liður, 25 þús. kr., til viðhalds fornminja á Stöng í Þjórsárdal og bæjarhúsanna í Glaumbæ, Burstarfelli og Grenjaðarstað.

Sami ráðherra lagði til við nefndina, að styrkurinn til skálda, rithöfunda og listamanna yrði hækkaður upp í 500 000 kr., en samþ. var í nefndinni að leggja til að hækka styrkinn upp í 437 500 kr. Þá leggur nefndin til, að aths., sem fylgir styrknum, verði breytt sem þar segir:

Atvinnumálaráðherra lagði til við nefndina, að teknar yrðu upp nokkrar hækkanir við atvinnudeild háskólans, fiskideildina. Í samræmi við þetta leggur nefndin til:

1. að liðurinn „ýmislegur rekstrarkostnaður“ hækki upp í 75 000 kr.
2. að tveir nýir liðir verði teknir upp: Til fiskirannsókna í Faxaflóa 50 000 kr., gegn 50 000 kr. frá fiskimálasjóði, og til áhaldakaupa og útgáfustarfsemi 20 000 krónur.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn „til fjárræktarbúsins á Hesti“ verði hækkaður upp í 110 000 kr. Í gildandi fjárlögum er fjárveiting til þess að koma upp tilraunabúi á Hesti í Borgarfirði, sem hefur það að markmiði að ala þar upp fé af þeim stofnum, sem reynzt hafa sterkastir gegn fjársjúkdómum þeim, er nú geisa. Er bú þetta tekið til starfa, og er upphæð sú, er hér ræðir um, að nokkru leyti til rekstrar búsins og að nokkru til frekari viðgerðar á húsum. Hefur rannsóknaráð ríkisins gert áætlun þá um rekstur búsins, sem fyrir nefndinni liggur.

Samkvæmt till. atvinnumálaráðherra hefur nefndin tekið upp nýjan lið, 30 000 kr., til kaupa á tækjum til landskjálftamælinga. Tæki þau, sem veðurstofan á til þessara hluta, eru talin úr sér gengin og úrelt.

16. gr.

Jafnframt því sem nefndin leggur til, að liðurinn „Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs“ verði felldur niður, gerir hún tillögu um, að liðurinn „Jarðabótastyrkur“ verði hækkaður upp í 1 000 000 kr. Báðar þessar greiðslur eru samkv. jarðræktarlögum, önnur samkv. 2. kafla, en hin samkv. 5. kafla, og eiga því að vera undir einum og sama lið, enda er sú tilhögun á því höfð í gildandi fjárlögum.

Samkv. tillögu fjármálaráðherra hefur nefndin tekið upp nýjan lið, til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka, 100 000 kr., og er það 1. greiðsla af þremur. Lönd þessi liggja undir alvarlegum skemmdum af vatnagangi, og er því talin brýn þörf á að fá framrás fyrir vatnið til sjávar, en það er talið erfitt verk og kostnaðarsamt.

Samkv. tillögu vegamálastjóra leggur nefndin til, að tekinn verði upp nýr liður, til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum, 50 000 kr. Þjóðvegurinn undir Austur-Eyjafjöllum liggur á kafla undir skemmdum af vatnagangi, og á fyrirhleðsla þessi að vera til öryggis gerð.

Þá hefur fjárveitinganefnd í samráði við fjármálaráðherra tekið upp nýjan lið: Til vélasjóðs til verkfærakaupa, 500 000 kr. Sama upphæð er veitt í þessu skyni í gildandi fjárlögum. Er fé þetta notað til þess að kaupa fyrir það skurðgröfur, stórvirk tæki til landþurrkunar. Er mikið verkefni í landinu fyrir þessi tæki, þar sem eru hin víðáttumiklu flóa- og mýrlendi, sem víða eru til lítilla nota. Reynsla sú, sem fengizt hefur af notkun skurðgrafanna, gefur góðar vonir um, að hægt verði á þann hátt með kleifum kostnaði að breyta þessum löndum í valllendi, og er með því stigið eitthvert mikilsverðasta sporið fyrir framtíð íslenzks landbúnaðar.

Þá leggur nefndin til að hækka liðinn til sandgræðslustöðva upp í 147 000 kr. Ætlazt er til þess, að þessi 12 000 kr. hækkun gangi til sandgræðslu á Grænavatni í Mývatnssveit, enda náist samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og landeigenda um hagnýting landsins.

Eftir tilmælum fjármálaráðherra leggur nefndin til, að tekinn verði upp nýr liður, til dýralæknisbústaðar á Egilsstöðum, 50 000 kr. Dýralæknisbústaður þessi er reistur fyrir Austfirðingafjórðung.

Þá leggur nefndin til, að orðalaginu á liðnum um sauðfjárvarnir verði breytt eins og þar segir.

Nefndin leggur til, að þremur öldruðum bændum verði veitt nokkur upphæð í eitt skipti fyrir öll í viðurkenningarskyni.

Nefndin leggur til, að fjárframlagið til Fiskifélags Íslands verði hækkað um 100 000 kr. Fé þetta ætlar Fiskifélagið að nota til kaupa á áhöldum í hina nýju rannsóknarstofnun, sem er í ráði að reisa á vegum félagsins.

Félagið hefur í nokkur undanfarin ár haft með höndum m. a. vitaminrannsóknir á fiskafurðum og unnið með því útgerðinni mikið gagn. Hefur áreiðanleiki þessara rannsókna gert það að verkum, að bæði ríkisstjórn Breta og sænska ríkisstjórnin hafa í sambandi við lýsiskaup frá Íslandi tekið vottorð fiskifræðinga félagsins gild sem sönnun fyrir gæðum vörunnar. Þarf ekki að taka það fram, hve mikilsverðar rannsóknir félagsins geta orðið fyrir sjávarútveg vorn. Með þessari bættu aðstöðu skapast nýir möguleikar til þess að færa þessar merkilegu rannsóknir út á víðara svið.

Þá leggur nefndin til, að tekinn verði upp nýr liður til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, 10 000 kr. Er þetta samkv. lögum.

Nefndin leggur og til, að tekinn verði upp nýr liður, stofnstyrkur til vélsmiðju að Hólmi í Landbroti, 25 000 kr. Eins og alkunnugt er, hafði hinn mikli dugnaðar- og atorkumaður Bjarni Runólfsson komið þarna upp vélsmiðju og smíðaði þar m. a. túrbínur og annað, sem til rafvirkjunar á heimilum þurfti, og notaði mikið til þessa efni, er hann sótti í skipsflök, sem þarna eru víða á ströndinni. Það þótti alls kostar ótækt að láta þessa merkilegu starfsemi leggjast niður við lát Bjarna heitins. Voru því þegar gerðar ráðstafanir, þar á meðal með fjárframlagi, sem Alþingi heimilaði að veita í þessu skyni úr ríkissjóði, til þess að starfseminni yrði haldið áfram. Hefur Valdimar, bróðir Bjarna, sem er hinn mesti hagleiksmaður og áhugasamur um þessa hluti, tekið við forstöðu smiðjunnar. Reisti hann á s. l. sumri stórt hús, sem á að nota í þessu skyni, og er styrkur sá, sem hér um ræðir, veittur vegna þess.

Þá flytur nefndin eftir ósk samgöngumálaráðherra tillögu um það að hækka styrkinn til byggingar iðnskóla í Reykjavík upp í 300 000 kr. Iðnskólinn í Reykjavík er mjög fjölmennur, og er húsnæði það, sem hann hefur yfir að ráða, alls kostar ófullnægjandi.

17. gr.

Þá hefur nefndin samkvæmt tillögu fjármálaráðherra lagt til, að liðurinn um sumardvöl barna í sveit verði felldur niður. Fjárveiting þessi var upphaflega veitt vegna loftárásarhættu í kaupstöðum. Hefur styrkurinn að mestu leyti fallið í skaut Reykjavíkurbæjar. Árið 1943 fengu þrír aðrir kaupstaðir örlitlar upphæðir.

Þá leggur nefndin til, að tekinn verði upp nýr liður, til barnaheimilis á Sólheimum, 7000 kr. Á starfseminni þar hefur orðið nokkur breyting við það, að fávitahælið á Kleppjárnsreykjum tók til starfa. Forstöðukona barnaheimilisins, Sesselja Sigmundsdóttir, sem með mikilli ósérplægni og þrautseigju hefur um langt árabil haldið uppi starfsemi á þessum stað, hyggst að halda starfseminni áfram á þeim grundvelli, að þar verði eftirleiðis eingöngu rekið barnaheimili.

Þá leggur nefndin til, eftir ósk dómsmálaráðherra, að styrkurinn til mæðrastyrksnefnda verði hækkaður upp í 50 000 kr., og leggur n. til, að af þeirri upphæð gangi 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur, og úthlutar ríkisstjórnin styrknum, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Þá leggur nefndin til, eftir ósk dómsmálaráðherra, að styrkurinn til slysavarna hækki upp í 100 þús. kr.

Ungur og efnilegur maður, Lárus Eggertsson, hefur tekið sér fyrir hendur að stunda björgunarnám í Bandaríkjunum, og hefur hann af eigin rammleik staðið straum af námskostnaði sínum á yfirstandandi ári, en þar með er fjárhagsgeta hans þrotin, en til þess að ljúka námi þarf hann að vera eitt ár í viðbót. Nefndin leggur því til, að honum verði veittur styrkur til að ljúka náminu.

Fjárveitinganefnd barst beiðni frá stórtemplar um hækkun á styrk til stórstúku Íslands upp í 60 þús. kr. Fjármálaráðherra studdi eindregið þessi tilmæli stórtemplars. Leggur n. til, að styrkurinn verði hækkaður eins og beðið var um.

Menntamálaráðh. og dómsmálaráðh. hafa borið fram ósk um það við nefndina, að tekinn verði upp nýr liður til útgáfu sögu verkalýðshreyfingarinnar, 12 þús. kr. Var samþ. í n. að verða við þessum tilmælum.

Samkvæmt ósk Búnaðarbanka Íslands, sem hefur fyrir hönd ríkissjóðs framkvæmd og rekstur Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, leggur n. til, að framlagið til sjóðsins verði hækkað upp í 100 þús. kr. Stafar hækkunin af því, að greiðsla á lánum til sjóðsins hefur orðið allmiklu örari en útdráttur kreppulánabréfanna. Við þetta safnast vaxtatapið á færri ár en gert var ráð fyrir í öndverðu.

Framlag Íslands til hjálparsjóðs alþjóðastarfseminnar hefur verið ákveðið 5.5 millj. kr. Er þegar búið að greiða af þessari upphæð 3 380 000 kr. Eftir eru því ógreiddar 2 120 000 kr. Hefur fjármálaráðherra óskað þess, að fjvn. legði til, að tekin yrði upp 250 000 kr. greiðsla í þessu skyni.

18. gr.

Þá flytur n. nokkrar till. til breyt. á 18. gr. Þykir ekki ástæða að gera þær till. að umræðuefni fyrr en í framsögu, að öðru leyti en því, að fjármálaráðuneytið hefur lagt til, eftir tillögu biskups, að hækkaður verði nokkuð styrkur í þessari grein til prestsekkna. Hefur n. gert tillögur um það.

19. gr.

Þá leggur n. til, í samráði við fjármálaráðherra, að tekinn verði upp í 19. gr. nýr liður, vantalin verðlagsuppbót, 4 millj. kr. Stafar þetta af því, að verðlagsuppbót er í frv. miðuð við vísitöluna 250, en hún er nú 271 stig og hefur um alllangt skeið verið sem næst því.

20. gr.

Þá flytur nefndin nokkrar breytingartillögur við 20. gr. Eftir ósk samgöngumálaráðherra er lagt til, að framlagið til að gera nýja vita verði hækkað upp í 600 þús. kr. Þarf eigi að lýsa því, hver nauðsyn það er fyrir sjófarendur að bæta og auka vitakerfi landsins. Undanfarið hefur gengið mjög erfiðlega að fá ljóstæki í vitana. Tekur það nú margfalt lengri tíma en áður að fá slík tæki gerð. Af þessum ástæðum eru nokkrir vitar fullbyggðir, sem ekki hafa komið að notum. Vonandi greiðist bráðlega úr þessu.

Samkvæmt ósk dómsmálaráðherra leggur n. til, að framlagið til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana verði hækkað upp í 2 millj. kr. Byggingar þær, sem hér um ræðir, eru: Hjúkrunarkvennaskóli, hús yfir starfsfólk landsspítalans og fæðingardeild. Þá vantar og tilfinnanlega húsnæði yfir geðveikt fólk.

Á sumarþinginu, sem haldið var í tilefni af lýðveldisstofnuninni, var samþykkt þingsályktunartill. um byggingu þjóðminjasafnshúss, er gert var ráð fyrir, að mundi kosta um 3 millj. kr. Nefndin leggur til, eftir till. fjármálaráðherra, að tekin verði upp á fjárlagafrv. 1 millj. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Eftir tilmælum dómsmálaráðh. leggur n. til, að tekin verði upp í fjárlagafrv. 500 þús. kr. fjárveiting til smíði á varðskipi. Þess mun tæplega langt að bíða, eftir að stríðinu lýkur, að fjöldi erlendra veiðiskipa sæki á miðin við strendur landsins, og

er þess þá ærin þörf, að gerðar séu í tíma ráðstafanir til þess að efla landhelgisgæzluna. Hefur fjvn. nýlega afgreitt þingsályktunartill., þar sem skorað er á ríkisstj. að hefja undirbúning og framkvæmdir í þessu máli.

22. gr.

Þá flytur n. nokkrar brtt. við 22. gr. Skal þeirra helztu getið.

Samkvæmt ósk atvinnumálaráðh. leggur n. til, að ríkisstjórninni sé heimilað að selja síldarverksmiðjuna á Sólbakka. Verksmiðja þessi hefur ekki verið starfrækt í nokkur ár.

Þá leggur n. til, eftir ósk bæjarstjórnarinnar í Ólafsfirði, að ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast viðbótarlán til hitaveitu þar. Ólafsfirðingar eru hinir mestu dugnaðar- og framkvæmdamenn. Hafa þeir á skömmum tíma, auk hitaveitunnar, komið upp hjá sér rafveitu og hafizt handa um myndarlegar lendingarbætur.

Þá er tekin upp að nýju heimild, sem staðið hefur í fjárlögum að undanförnu, að verja allt að 100 þús. kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrk til sveitabýla. Hefur byggingarkostnaður, svo sem kunnugt er, hækkað mjög hin síðari ár, og nær því styrkurinn skammt til þess að fullnægja eftirspurninni.

Þá hefur nefndin, eftir ósk atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra, tekið upp heimild handa ríkisstjórninni til þess að kaupa 45 fiskibáta í Svíþjóð og taka til þess lán, allt að 15 millj. kr. Lán þetta á að endurgreiðast, þegar hinir væntanlegu kaupendur bátanna taka við þeim.

Þá hafa sömu ráðherrar óskað eftir heimild til þess að verja allt af 50 þús. kr. til undirbúnings á smíði fiskirannsóknarskips. Mikið verkefni bíður lausnar á sviði slíkra rannsókna, bæði hvað snertir að leita nýrra fiskimiða og rannsókna í sambandi við friðun Faxaflóa og rýmkun landhelginnar í heild.

Í fjárl. þessa árs er heimilað að verja 15 þús. kr. til fyrirhleðslu í Klifandi í Mýrdal. Úr framkvæmdum varð þó ekki að þessu sinni. Nefndinni hafa borizt tilmæli um það frá þm. V.-Sk., að heimildin verði endurnýjuð og upphæðin hækkuð. Nefndin hefur leitað álits vegamálastjóra um þetta mál, og leggur hann til, að heimilað sé að verja í þessu skyni 30 000 kr., og eru tillögur nefndarinnar miðaðar við það.

Þá leggur nefndin til, að endurnýjaðar verði tvær heimildir, sem snerta Vestmannaeyjakaupstað.

Í sambandi við frekari útgjaldaaukningu í fjárlögum næsta árs vill nefndin geta þess, að hún hefur frestað að bera fram tillögu um hækkun þá, sem ráð er fyrir gert, að leiða muni af samþykkt nýrra launalaga. Þykir rétt að láta þetta bíða 3. umr. með tilliti til þess, að þá liggi það ljósara fyrir en nú, hvað úgjöld ríkissjóðs aukast við þær aðgerðir.

Þá ræddi nefndin við fjármálaráðherra um útgjöld vegna dýrtíðarráðstafana. Taldi hann eigi tímabært að taka þessar greiðslur nú við þessa umræðu upp í fjárlfrv., því að ríkisstjórnin væri enn eigi til fulls búin að taka ákvörðun um það, með hverjum hætti hún legði til, að þetta mál yrði leyst.

Nefndin hefur og rætt um það við fjármálaráðherra, hvað stjórnin hygðist fyrir um öflun nýrra tekna til að mæta útgjöldum í fjárlögum. Kvað ráðherrann stjórnina mundu síðar á þinginu, þegar betur yrði séð, hve fjárþörfin yrði mikil, bera fram tillögur hér að lútandi.

Hér er að lokum heildaryfirlit um þær breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv.

Hækkun tekna í 2. gr.	kr.	6 100 000
— — - 3. —	—	7 067 179
	Kr.	13 167 179

Frá dregst:				
Hækkun gjalda á 3. gr.			kr.	800 000
		Tekjuhækkun alls	kr.	12 367 179
Hækkun gjalda í 10. gr.			kr.	28 000
— — - 11. — A.	kr.	1 100 000		
— — - 11. — B.	—	32 000		
			—	1 132 000
— — - 12. —			—	521 000
— — - 13. — A.	kr.	3 791 000		
— — - 13. — C.	—	1 268 000		
— — - 13. — D.	—	100 000		
			—	5 159 000
— — - 14. — A.	kr.	85 000		
— — - 14. — B.	—	2 002 550		
			—	2 087 550
— — - 15. — A.	kr.	187 350		
— — - 15. — B.	—	252 000		
			—	439 350
— — - 16. — A.	kr.	967 500		
— — - 16. — B.	—	110 000		
— — - 16. — C.	—	100 000		
			—	1 177 500
— — - 17. —			—	290 500
— — - 18. —			—	136 494
— — - 19. —			—	4 000 000
		Gjaldahækkun alls	kr.	14 971 394

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana skv. 20 gr. er samkvæmt tillögum nefndarinnar kr. 2 750 000.

Ef tillögur nefndarinnar verða samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrv. verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur	kr.	99 177 878
Gjöld	—	96 646 671
Rekstrarafgangur	kr.	2 531 207

Sjóðsyfirlit.

Útborganir	kr.	106 590 390
Innborganir	—	100 920 651
Greiðslujöfnuður	kr.	5 669 739

Pétur Ottesen og Þorsteinn Þorsteinsson óska að taka fram, að þeir telja fjárhag ríkissjóðs á næsta ári teflt í tvísýnu með þeirri hækkun á tekjuáætluninni, sem felst í tillögum nefndarinnar.

Helgi Jónasson og Jónas Jónsson óska að taka eftirfarandi fram: Við höfum fyrirvara og óbundnar hendur um endanlega afstöðu til fjárlagafrumvarpsins, eftir því meðal annars, hvernig ræðst um tekjuöflun og meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Þóroddur Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson taka fram, að þeir gangi út frá, að ríkisstj. muni fyrir 3. umr. bera fram till. sínar um nýja tekjustofna ríkis-

sjóði til handa, — enn fremur, að þeir telji, að fært hefði verið að fella niður einstaka útgjaldaliði, sem og að betur hefði farið á að veita meira fé til annarra framkvæmda.

Guðm. Í Guðmundsson tekur fram, að hann gengur út frá því, að ríkisstj. muni fyrir 3. umr. bera fram tillögur sínar um nýja tekjustofna ríkissjóði til handa í samræmi við samkomulagið um myndun ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 28. nóv. 1944.

Pétur Ottesen, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskrifari.
Sigurður Kristjánsson.	Lúðvík Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson.
Þorst. Þorsteinsson.	Jónas Jónsson.	Guðm. Í Guðmundsson.

Ed. 581. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 110/1943, um olíugeyma o. fl.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við álagningu skatta eða annarra opinberra gjalda á olíusamlög eða samband olíusamlaga, er stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skal gilda sama regla og um samvinnufélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun stjórnar Fiskifélags Íslands. Fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Lög um olíugeyma o. fl., er samþykkt voru á Alþingi í fyrra, gera ráð fyrir því, að útvegsmenn og aðrir stærri notendur brennsluolíu stofni með sér samlög til sameiginlegra innkaupa á olíum. Er ráð fyrir því gert, að samlög þessi fái nokkurn styrk frá hinu opinbera til að koma sér upp nauðsynlegum mannvirkjum, svo sem geymum o. ö. þ. h.

Þegar hafa verið stofnuð nokkur olíusamlög, og stofnun annarra er í undirbúningi, og virðist ríkja almennur áhugi meðal útgerðarinnar í þessu máli. Samlög þau, sem stofnuð hafa verið, hafa flest eða öll sniðið samþykktir sínar eftir fyrirmynd, er Fiskifélag Íslands lét gera á s. l. vori og hefur látið þeim í té, er hugsað hafa til samlagsstofnunar. Eru samþykktir þessar í flestum atriðum sniðnar eftir samvinnulögunum, enda má telja líklegt, að til þess hafi verið ætlazt, að samlögin störfuðu sem samvinnufélög.

Lögin mæla þó svo fyrir í 4. gr., að öllum notendum brennsluolíu skuli heimil þátttaka í samlögunum, og geta því að sjálfsögðu jafnt félög sem einstaklingar orðið meðlimir, en í samvinnufélögum geta einungis verið einstaklingar. Enn fremur setja samvinnulögin þau skilyrði, að félagsmenn séu minnst 15, en gera verður ráð fyrir, að ókleift verði að uppfylla þetta skilyrði við stofnun olíusamlaganna, með því að allvíða í veiðistöðvunum eru eigi svo margir notendur brennsluolíu, að samlagsmeðlimir gætu orðið 15 að tölu.

20. gr. samþykktanna um félagsslit er sömuleiðis ekki í samræmi við samvinnulögin, en þó er sá varnagli settur, að ráðstafanir á eignum samlags skuli háðar takmörkunum þeim, sem 5. gr. laga um olíugeyma ákveður.

Af þessum ástæðum hefur ekki verið unnt að skrá olíusamlög þau, sem stofnuð hafa verið, sem samvinnufélög.

Til þess að gera samlögum þeim, sem stofnuð verða samkv. lögum þeim, er hér um ræðir, kleift að starfa á eðlilegan hátt, virðist óhjákvæmilegt, að um skattlagningu þeirra séu settar þær reglur, sem hér er gert ráð fyrir, enda er hér tvímælalaust um neytendafélög að ræða.

Virðist því eðlilegast, að ákvæði um þetta séu sett inn í lögin um olíugeyma o. fl.

Sþ. 582. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Ólafsvíkurhrepp.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 130 þúsund króna lán Ólafsvíkurhrepps til rafveitukerfis í Ólafsvík.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur verið fyrirhuguð virkjun Fossár á Snæfellsnesi, til þess að afla raforku fyrir Hellissand, Ólafsvík og Fróðárhrepp. Ýtarleg rannsókn hefur farið fram á virkjunaraðstöðu og kostnaðaráætlun gerð, sem sýnir, að hér er um óvenjulega hagstæða virkjun að ræða. En ekki hefur samt enn verið unnt að ráðast í þessa rafvirkjun, vegna þess að efni til hennar hefur verið ófáanlegt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Á síðast liðnu vori ákvað Ólafsvíkurhreppur að leggja innanbæjarkerfi um kauptúnið og koma sér upp ljósastöð („mólor") til bráðabirgða, unz Fossárvirkjunin kæmist í framkvæmd. Í sumar og haust var unnið að lagningu þessa kerfis, sem er lagt með það fyrir augum, að það geti gengið inn í hina fyrirhuguðu rafveitu á sínum tíma. Til þess að standast kostnaðinn tók hreppurinn 130 þús. króna lán, sem lánsstofnun hér veitti í trausti til væntanlegrar ríkisábyrgðar, eftir að komið hafði í ljós við athugun, að öruggur þingvilji væri fyrir því að veita á þessu þingi ríkisábyrgð fyrir fjárhæðinni. Lán þetta er víxillán, sem fellur í gjalddaga 22. des. næstkomandi, og þarf fyrir þann tíma að fá þingsályktun um ríkisábyrgðina, til þess að hægt verði að ganga formlega frá láninu.

Það skal tekið fram, að í ríkisábyrgð þessari er ekki innifalið verð ljósavélarinnar, sem fé er fengið til á annan hátt, heldur aðeins kostnaður við rafveitukerfið, sem á að koma að fullu gagni, þegar vatnsvirkjun kemst í framkvæmd.

Sþ. 583. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkið kaupi húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að festa nú þegar fyrir ríkið kaup á húseigninni nr. 11 við Fríkirkjuveg og heimila ríkisstjórninni nauðsynlegt fé

í þessu skyni. Takist ekki að ná samkomulagi við núverandi eigendur um kaup á húsinu, er ætlazt til, að ríkisstjórnin afli sér heimildar til að taka húseignina eignarnámi.

Greinargerð.

Thor Jensen útgerðarmaður byggði fyrir allmörgum árum húseignina Fríkirkjuveg 11 austanvert við tjörnina í Reykjavík. Er húsið langstærsta íbúðarhús á landinu og liggur einkar vel í bænum. Ef Bessastaðir hefðu ekki verið lagðir fram sem ríkisstjóra- og forsetabústaður, mundi Fríkirkjuvegur 11 hafa verið keyptur sem heimili handa æðsta starfsmanni þjóðveldisins, og höfðu lengi verið samningsumleitanir milli ríkisstjórnarinnar og eigenda hússins.

Ríkið á nú mikið og fagurt landbelti inni í miðjum höfuðstaðnum, Arnarhólstún, Stjórnarráðslóðina, „gulllóðina", sem Tryggvi Þórhallsson keypti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, í því skyni, að þar yrðu helztu byggingar ríkisins. Sunnan við Amtmannsstíg tekur við lóð menntaskólans. Nokkru sunnar er kvennaskólinn, sem kalla má almannaeign, en þá tekur við Fríkirkjuvegur 11. Fer vel á, að ríkið eigi sem allra mest af þessum lóðum og noti þær eingöngu fyrir opinberar byggingar eða til fegurðar fyrir bæinn eins og Arnarhólstún.

Templarafélagið eða deild úr þeim félagsskap á nú Fríkirkjuveg 11. Húsið er að mestu leigt ríkinu fyrir opinberar skrifstofur, og mundu þær verða gersamlega húsvilltar, ef nýr eigandi tæki húsið til sinna þarfa. Um nokkurra vikna skeið hefur erlendur aðili leitazt eftir að fá húseign þessa keypta til sinna þarfa, og munu einstaka áhrifamenn meðal templara beita sér allfast fyrir sölunni. Hér er lagt til, að ríkið kaupi eign þessa, af því að staðurinn eigi að vera í eigu þjóðarinnar, en ekki seldur einstökum mönnum og allra sízt út úr landinu.

Ed. 584. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Ólafsfjörð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — einni milljón króna —, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1500000.00 — einnar millj. og fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Ólafsfjarðar, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu opinberra lánsstofnana, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum

málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

6. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja þrír menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og bæjarstjórn ber ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Ólafsfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.

c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 6% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri

reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 81 1943.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.

Nd. 585. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Reisa skal verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu köfnunarefnisáburðar úr vatni og lofti aðallega, svo og áburðarblandna úr honum. Vinnslugeta verksmiðjunnar sé miðuð við það að fullnægja þörfum landsins af þessum áburðarefnum og jafnframt höfð hliðsjón af þörfum þess af þeim hráefnum, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar. Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar verksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Verksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán að svo miklu leyti sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku til vinnslunnar, hvort heldur er með því að reisa orkuver vegna hennar eða tryggja henni orku með öðru móti.

2. gr.

Áburðarverksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja nema með sérstöku lagaboði.

3. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum. Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefna sinn manninn hvort, en landbúnaðarráðherra skipar hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður. Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár.

4. gr.

Verksmiðjustjórnin hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Landbúnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum.

Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af áburðarverksmiðjunni framleiðslu hennar fyrir kostnaðarverð að viðbættum nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningar- og varasjóð verksmiðjunnar. Skal áburðarsalan gefa verksmiðjustjórn til kynna í tæka tíð áætlað áburðarmagn, sem framleiða þurfi hvert ár.

9. gr.

Verksmiðjan greiðir ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar hvert ár til þess sveitarfélags, sem hún er rekin í, þó ekki yfir 25% af útsvörum hlutaðeigandi sveitarfélags. Aldrei má þó leggja hærra útsvar á verksmiðjuna en nemur 50% af nettótekjum hennar, miðað við sama áburðarverð eins og sömu tegundir mundu kosta keyptar á erlendum markaði og að frádregnum tillögum til sjóða, sbr. 10. gr. Að öðru leyti er verksmiðjan undanþegin öllum sköttum og gjöldum til sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

10. gr.

Framlag verksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári:

a. Til varasjóðs 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.
b. Til fyrningarsjóðs 2% af fasteignamati húss, lóða og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti fram farið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

Reikningana skal árlega birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur landbúnaðarráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Bráðabirgðaákvæði.

Áður en byrjað er á byggingu verksmiðjunnar, skal ríkisstjórnin tryggja nægilega raforku til vinnslunnar. Einnig láti hún gera nákvæmar áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrirtækisins. Að loknum þessum undirbúningi sé verksmiðjustjórnin kosin, og sér hún um framkvæmd verksins.

Sþ. 586. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu verksmiðju til herzlu síldarlýsis.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma svo fljótt sem auðið er fyrirmæli síðari málsgr. 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942.

Nd. 587. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 7. kafli orðist svo:

	7. kafli. Grænmeti, nýtt og þurrkað.	Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	1 Ætisveppir	1 kg	7	50
	2 Tómötur	—	7	10
	3 Laukur	—	7	10
	4 Kartöflur	50 kg	200	
	Belgávextir, ót. a.:			
	5 — nýir	1 kg		8
	6 — þurrkaðir	—		8
	Grænmeti annað, ót. a.:			
	7 — nýtt	—	7	10
	8 — þurrkað	—	7	10

2. Í stað nr. 36—39 í 8. kafla komi:

	36 Hnetur, einnig muldar, ót. a.	—	7	10

3. Nr. 15 í 11. kafla orðist svo:

	15 Kartöflumjöl og maíssterkja			8

4. Í stað orðsins „kopra“ í fyrirsögninni að 12. kafla komi orðin: olíufræ, olíurík aldin.

5. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:

	8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin			8

6. Nr. 3 í 15. kafla orðist svo:

	3 — óleómargarín	—	2	8

7. Nr. 26 í 15. kafla orðist svo:

	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.	—	7	15

8. Nr. 11 í 17. kafla falli niður.

9. Nr. 18 í 17. kafla orðist svo:

	18 Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	—	420	35

10. Nr. 9 í 21. kafla orðist svo:

	9 Litað sykurvatn með kjörnum	—	7	50

11. Í stað orðanna „ekki greiða verðtoll“ í athugasemd við nr. 5 í 28. kafla komi: hvorki greiða vörumagnstoll né verðtoll.

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
12.	Nr. 13 í 28. kafla orðist svo:			
	13 — aðrar	1 kg	7	8
13.	Nr. 25 í 28. kafla orðist svo:			
	25 — annað	—	7	8
14.	Nr. 39 í 28. kafla orðist svo:			
	39 — önnur ólífræn sölt, ót. a.	—	7	8
15.	Nr. 41 í 28. kafla orðist svo:			
	41 — önnur lífræn sölt, ót. a.	—	7	8
16.	Í stað nr. 1—2 í 38. kafla komi:			
	Loðskinn:			
	1 — óunnin	—	7.	30
	2 — unnin, en ósaumuð	—	7	50
	3 Vörur úr loðskinnum	—	20	70
17.	Á eftir orðunum „fura og greni“ í fyrirsögninni að nr. 1—7 í 40. kafla bætist: þar með talinn hemlockviður.			
18.	Á eftir nr. 11 í 40. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	11a — lindiviður	1 fet^3	10	8
19.	Nr. 38 í 40. kafla orðist svo:			
	38 Skósmíðaleistar	1 kg	7	15
20.	Orðin „um frystan fisk til útflutnings“ í nr. 33 í 44. kafla falli niður.			
21.	Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	20a Áprentaður pergamentpappír til fiskumbúða	—		8
22.	Nr. 38 í 50. kafla orðist svo:			
	38 — aðrar, einnig þótt undirlagið sé pappi eða pappír eða án undirlags	—	2	8
23.	Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum	—	20	40
	40 — annars	—	20	30
24.	Nr. 2 í 52. kafla orðist svo:			
	2 — regnkápur	—	20	50
25.	Á eftir nr. 42 í 52. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	43 Aðrar unnar vörur úr vefnaði, ót. a.	—	20	50
26.	Nr. 9 í 54. kafla falli niður.			
27.	Nr. 1 í 60. kafla orðist svo:			
	1 Gler, glerbrot, mulið gler, glerungur og glerull	—	1	8
28.	Í stað nr. 16—19 í 60. kafla komi:			
	Flöskur, glös, niðursuðuglös, sultukrukkur, brúsar og önnur þvílík glerílát til umbúða, ót. a.:			
	16 — mjólkurflöskur	—	1	2
	17 — flöskur og glös (sívöl), ót. a., 1 l eða minni	—	2	8
	18 — niðursuðuglös	—	2	8
	19 — annað	—	7	15
29.	Í stað nr. 9 og 10 í 63. kafla komi:			
	9 Vír úr járni og stáli, ót. a.	—	2	8
	Aths.: Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
30.	Nr. 33 í 63. kafla orðist svo:			
	33 — snjókeðjur á bifreiðar	—	2	10
31.	Í stað nr. 83 og 84 í 63. kafla komi:			
	83 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
32.	Nr. 103 í 63. kafla orðist svo:			
	103 Skósmíðaleistar	1 kg	7	15
33.	Í stað nr. 23 og 24 í 64. kafla komi:			
	23 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
34.	Í stað nr. 5 og 6 í 65. kafla komi:			
	5 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
35.	Í stað nr. 9 og 10 í 66. kafla komi:			
	9 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
36.	Í stað nr. 2 í 71. kafla komi:			
	Borðhnífar, gafflar og alls konar skeiðar úr ódýrum málmum:			
	2 — með góðmálmshúð	—	7	30
	2a— annað	—	7	30
37.	Nr. 40 í 73. kafla orðist svo:			
	40 — Þvottavélar	—	7	10
38.	Á eftir nr. 40 í 73. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	40a — hrærivélar	—	7	10
39.	Nr. 21 í 77. kafla orðist svo:			
	21 — gasmælar og vatnsmælar	—	7	8
40.	Nr. 2 í 85. kafla orðist svo:			
	2 Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum	—	7	30
	Aths. Til góðmálma teljast þó ekki vörur þessar, nema bolurinn og/eða hettan að öllu eða verulegu leyti sé úr góðmálmi.			

2. gr.

m-liður 2. gr. laganna falli niður, en n-liður verði m-liður.

3. gr.

Á eftir d-lið 3. gr. laganna komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem notaðar eru til litografprentunar.

f. Meðan heimildin í 8. lið 1. gr. laga nr. 61 29. apríl 1943 er í gildi, að lækka til samræmis tollana eftir nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar.

g. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af vörum, sem sendar eru hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, eða af vörum, sem settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa, enda komi kostnaður tollstjórnarinnar af eftirlitinu með flutningi varanna og geymslu á þá, sem fá undanþágurnar.

h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og hampgarn til veiðarfæragerðar. Ráðuneytið getur með reglugerðarákvæðum skilgreint það nánar, hvaða vörur falli undir þessa undanþágu, svo og sett fyrirmæli til þess að tryggja það, að vörur þessar verði raunverulega notaðar í nefndu skyni.

4. gr.

Síðasta málsgrein 13. gr. laganna orðist svo:

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsvörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð varanna, skal tollstarfsmönnum heimilt, hvort sem er við tollskoðun eða síðar, að fengnum skriflegum úrskurði tollyfirvalds, að athuga verzlunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi tollyfirvalds geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

5. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Um gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, er fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda viðtakanda vöruna gegn tryggingu, sbr. 15. gr.
3. Endursendingarskírteini hefur verið gefið út um vöruna samkv. 4. mgr. 31. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 29. gr. sömu laga.

Nú hefur vara komizt í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu, frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 11. liður, 31. liður og nr. 2 í 44. lið 1. og 2. gr. laga nr. 56 4. júlí 1942, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., nr. 36—39 í 1. gr. laga nr. 98 16. des. 1943, um sama efni, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Ed. 588. Lög

um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

(Afgreidd frá Ed. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 383.

Sþ. 589. Þingsályktun

um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

(Afgreidd frá Sþ. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 555.

Sþ. 590. Breytingartillaga

við till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Frá Gísla Sveinssyni.

Í stað orðanna „Djúpá í Vestur-Skaftafellssýslu“ komi: Djúpá og Skaftá undan Heiði á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu.

Nd. 591. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 576 (Hafnarbótasjóður).

Frá Eysteini Jónssyni.

Meginmál brtt. skal orða svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum er heimilt að veita á fjárlögum fé úr hafnarbótasjóði, þó aldrei hærra en svo, að heildarframlög til hafnargerða eða lendingarbóta nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, sem hafnarlög eða lendingarbótalög fyrir hvern stað ákveða.

Framlög, sem þannig eru ákveðin og greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Ed. 592. Nefndarálit

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GÍG) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. nóv. 1944.

Bjarni Benediktsson, form. Lárus Jóhannesson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

Bernh. Stefánsson.

Ed. 593. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (1. gr.) Til hafnargerðar á Akureyri veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum,

allt að kr. 1500000 — einni og hálfri milljón króna — gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

b. (2. gr.) Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 3000000 — þriggja milljóna króna — lán, er hafnarsjóður Akureyrarkaupstaðar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 594. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka leigunámi lóð á landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Ólafsfjarðarkaupstað (Ólafsfjarðarhrepp) heimilast að taka leigunámi spildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður frá landamerkjum milli Brimness og Hornbrekku og 20 faðmar á breidd austur frá sjávarmáli, samkv. leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna nauðsynlegra mannvirkja í sambandi við hafnargerð er Ólafsfirði nauðsyn að ná umráðarétti yfir landspildu þeirri, er hér um ræðir. Hreppsnefnd Ólafsfjarðar hefur nú þegar samið um kaup á landi ofangreindra jarða. Hins vegar hafa ekki tekizt samningar um kaup á ofannefndri landspildu með viðunandi kjörum. Hefur því hreppsnefnd Ólafsfjarðar óskað þess, að frv. þetta verði flutt.

Nánar í fylgiskjali og framsögu.

Fylgiskjal.

Ég undirritaður, Sigurður Pálsson, Hofsósi, eigandi og umráðamaður jarðarinnar Brimness í Ólafsfirði, geri hér með vitanlegt, að ég leigi Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri lóð í landi nefndrar jarðar, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður frá landamerkjum milli Brimness og Hornbrekku og 20 faðmar á breidd austur frá sjávarmáli.

Hefur verzlunin rétt á að byggja hús á lóð þessari, verka fisk á henni, setja bryggju fram af henni og nota hana að öðru leyti á hvern þann hátt, sem henni þykir við eiga.

Í leigu fyrir lóðina borgar verzlunin árlega 30 krónur, sem borgist í peningum til jarðareiganda eða umboðsmanns hans fyrir 1. dag júlímánaðar ár hvert.

Undanskilinn leigusamningnum er allur reki hvala og viðar.

Leigusamningur þessi er óuppsegjanlegur frá leigjanda hálfu, en leigunautur getur sagt honum upp með missiris fyrirvara.

Hofsósi, 11. júlí 1896.

Sigurður Pálsson.

Vér undirritaðir, Þorvaldur Sigurðsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þorleifur Rögnvaldsson, eigendur og umráðamenn jarðarinnar Brimness í Ólafsfirði, og Páll Bergsson í Hrísey fyrir hönd Gudmanns Efterfölger í Ólafsfirði, gerum með oss svofelldan samning: Grunnur sá, er af eigendum nefndrar jarðar var leigður Gudm. Efterfl. árið 1896, 60 faðmar á lengd frá merkjum Hornbrekkulands, norðaustur með sjó fram 20 faðmar á breidd, breytist þannig, að 20 × 20 faðmar af suðurenda grunnsins gengur til jarðeigenda aftur, en sama breidd og sama lengd bætist við norðurenda grunnsins, er Gudm. Efterfl. fær fyrir sömu ársleigu og með sömu skilyrðum og áður.

Sþ. 595. Breytingartillaga

við till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Frá Jóni Sigurðssyni og Sigurði Þórðarsyni.

Á eftir orðunum „Blanda í nánd við Löngumýri“ komi: Jökulsá austari og Norðurá í Skagafirði.

Ed. 596. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmanna (JJ) vill gera breyt. á frv. og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Við viljum láta þess getið, að nefndinni bárust tillögur frá kennurum verkfræðideildar Háskóla Íslands um skipun fleiri fastra kennara en lagt er til í frumvarpinu. Við erum sammála því, að nauðsynlegt geti orðið, til þess að hægt sé að útskrifa byggingarverkfræðinga, að fjölga föstum kennurum í verkfræðideild á nálægum tíma, og verður því að stefna að því, að kennslukraftar við verkfræðideild Háskóla Íslands verði auknir. En okkur þykir ekki að þessu sinni gerlegt að fara lengra en frv. segir til um.

Alþingi, 2. des. 1944.

Eiríkur Einarsson, form.	Kristinn E. Andrésson, fundaskr., frsm.

Nd. 597. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um söfnun erlendra heimilda um fyrirkomulag ákvæðisvinnu.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin fengið upplýsingar um fyrirkomulag ákvæðisvinnu við framleiðslustörf í Bandaríkjunum og Rússlandi, sem henni var falið að leita með þingsályktun 30. sept. 1943?

Ed. 598. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 577 [Nýbyggingarsjóður útvegsmanna].

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. Á eftir orðunum „sem geymt er í nýbyggingarsjóðum“ í 1. málslið komi: og afhent hefur verið bönkunum á sérstakan reikning.

Sþ. 599. Breytingartillaga

við till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Á eftir orðunum „Jökulsá í Lóni hjá Stafafelli“ komi: Stemma á Breiðamerkursandi.

Nd. 600. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Hrísey.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta hefur legið alllengi fyrir nefndinni. Drátturr sá, sem orðið hefur á afgreiðslu þess hjá nefndinni, stafar fyrst og fremst af því, hve langan tíma það tók að fá álit vitamálastjóra um frumvarpið.

Eins og meðfylgjandi umsögn vitamálastjóra ber með sér, mælir hann með samþykkt frumvarpsins, aðeins með þeim breytingum að lækka nokkuð fjárhæðir fyrstu og annarrar greinar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „kr. 900000 — níu hundruð þúsund krónur“ komi: kr. 376000 — þrjú hundruð sjötíu og sex þúsund krónur —.
2. Við 2. gr. Í stað „kr. 1400000 — einnar milljónar og fjögur hundruð þúsund“ — komi: kr. 564000 — fimm hundruð sextíu og fjögra þúsund —.

Alþingi, 2. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. — Lúðvík Jósefsson, frsm.

Sig. Kristjánsson. — Eysteinn Jónsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 24. nóv. 1944.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 15. sept. þ. á., óskað umsagnar minnar um frumvarp til hafnarlaga, nr. 97, fyrir Hrísey.

Mér getur ekki fundizt það annað en eðlilegt og virðingarvert, að Hríseyjarbúar reyni að vinna upp sitt byggðarlag með því að skapa sér aðstöðu til þess að nytja eitthvað af síldartorfunum, sem vaða kringum eyjuna þeirra á sumrin, að minnsta kosti þá aðstöðu fyrst í stað að veita heimafólki sumarvinnu við síldarsöltun og vinni sig ef til vill síðar upp í eitthvað stærra. Ég vil benda á, að einmitt í Hrísey virðist vera aðstaða til þess að byggja sumaratvinnuna upp á þennan hátt, vegna þess að fyrst um sinn er hægt að styðjast við hafskipabryggjuna á Dalvík, sem liggur aðeins þrjár sjómílur frá þeim bátabryggjum, sem gera mætti í Hrísey með þeim kostnaði, sem samsvaraði núverandi stærð þessa byggðarlags.

Ríkið hefur í mörg horn að líta nú á næstunni, — svo mörg, að ýmislegt, sem telja verður enn þá meira aðkallandi en stórskipahöfn í Hrísey, verður áreiðanlega að sitja á hakanum, þótt ekki væri nema vegna skorts á vinnutækjum.

Það virðast heldur ekki vera nein vandræði í svipinn að koma á land þeirri síld, sem veiðist í Eyjafirði og nágrenni, þar sem Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður, að maður nú ekki nefni Siglufjörð, — allt stórstaðir, — liggja svo að segja hver við annan.

Hér á skrifstofunni var gerð áætlun um hafnarvirki í Hrísey í okt. 1943, og var niðurstöðutala kostnaðaráætlana kr. 467500.00, miðað við verðlag fyrir stríð. Þar sem mér virðist, eins og að framan greinir, ekki koma til mála, að hafizt verði handa um framkvæmdir þessara áætlana á næstu árum nema að mjög litlu leyti, en allt er á huldu um verðlagið og kaupgjald, þegar til kæmi að reisa mannvirkin, virðist mér hæfilegt að miða heildarupphæð hafnarlaga sem næst við tvöfalda áætlunarupphæð eða kr. 940000.00, og breytist þá upphæðin í 1. gr. frumvarpsins í kr. 376000.00, en upphæðin í 2. gr. í kr. 564000.00.

Að öðru leyti hef ég ekkert sérstakt við frumvarpið að athuga

Axel Sveinsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Ed. 601. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. þetta til rækilegrar athugunar, og leggur meiri hl. hennar til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (KA), er skrifar undir álit þetta með fyrirvara, vill hins vegar eigi fallast á frekari söluheimildir samkv. frumvarpinu en þá, er getur í 4. lið 1. gr.

Haraldur Guðmundsson var fjarstaddur, er nefndin tók ákvörðun um frv. Er aðstaða hans hér því óbundin.

Alþingi, 4. des. 1944.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Kristinn E. Andrésson, með fyrirvara.	

Ed. 602. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 577 [Nýbyggingarsjóður útvegsmanna].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. Á eftir orðunum „fyrir afkomu sjávarútvegsins“ í 2. málslið 1. málsgr. komi: að leyfa.

Ed. 603. Frumvarp til laga

um nýbyggingarsjóð útvegsmanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist nýbyggingarsjóður útvegsmanna. Fær hann til umráða allt það fé, sem geymt er í nýbyggingarsjóðum og afhent hefur verið bönkunum á sérstakan reikning samkv. lögum nr. 9 5. maí 1941 og lögum nr. 20 20. maí 1942, svo og það fé, sem til þeirra sjóða er skylt að greiða og ógreitt kann að vera. Sjóðurinn fær einnig til umráða og veitir móttöku öllu því fé, sem greitt verður í nýbyggingarsjóði útgerðarmanna og útgerðarfélaga á hverjum tíma.

2. gr.

Útgerðarmenn og aðrir, sem fé greiða til nýbyggingarsjóðs, ákveða sjálfir, í hvaða mynt þeir greiða féð, innan takmarka laga um gjaldeyrisverzlun, eins og þau eru á hverjum tíma. Þó skulu greiðslur þær, sem um getur í 1. gr., afhentar sjóðnum í þeirri mynt, sem þær eru skráðar í á reikningum eigenda.

3. gr.

Sjóðsstjórnin gefur út nýbyggingarsjóðsbréf fyrir þeim upphæðum, sem afhentar eru sjóðnum, þó eigi fyrir minni upphæð en kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — eða tilsvarandi upphæð í annarri mynt. Minni upphæðir skulu standa sem inneign á reikningi eiganda hjá sjóðnum, þar til þær hafa náð fyrrnefndri upphæð. Ber þá að gefa út fyrir það fé nýbyggingarsjóðsbréf til eiganda á sama hátt og um inngreitt fé væri að ræða.

Bréf, sem gefin eru út, skulu skráð á nafn þess, sem féð greiðir, og bera það með sér, frá hvers konar atvinnurekstri féð er komið.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum lánsstofnunum. Vextir, sem greiddir eru af innstæðum, skal leggja inn á reikning eiganda, þar til þeir hafa náð lágmarksupphæð samkv. 3. gr.

5. gr.

Fé úr sjóðnum má eingöngu verja til nýbygginga á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, og má eigi verja því til byggingar atvinnutækja annarra flokka en þeirra, sem bréfin bera með sér, að féð sé komið frá. Þó er sjóðsstjórninni heimilt, ef það að hennar dómi þykir hagkvæmara fyrir afkomu sjávarútvegsins, að leyfa að verja fé úr sjóðnum til kaupa á góðum, nýlegum skipum frá útlöndum og einnig að flytja greiðslur á milli flokka.

Heimilt er eigendum bréfanna að veðsetja þau eða selja eins og hver önnur verðbréf, enda beri þau það með sér, að þau verði ekki innleyst né vextir greiddir af þeim nema samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú óskar eigandi nýbyggingarsjóðsbréfa að fá þau innleyst, og skal hann þá tilkynna það sjóðsstjórninni og setja um leið tryggingar fyrir því, að fé verði notað eftir því, sem mælt er fyrir um í 5. gr. Taki sjóðsstjórnin tryggingarnar gildar, greiðir hún fé í þeirri mynt, sem bréfið ákveður, innan sex mánaða frá kröfudegi, nema aðilar hafi komið sér saman um annað. Ákvæði, sem sett kunna að verða um gjaldeyrisverzlun, skerða ekki þennan rétt bréfaeigenda.

7. gr.

Ríkisstjórnin skipar 3 menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir störf sjóðsstjórnarinnar ákveður ríkisstjórnin, og greiðist hún úr ríkissjóði.

8. gr.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum sjóðsstjórnar um nánari framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 604. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „6“ í 2. mgr. komi: 5.
   b. Orðið „atvinnudeild“ í sömu mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Í stað „3“ komi: 4.
3. Við 5. gr. Í stað „6“ komi: 5.

Ed. 605. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, í nágrenni Varmahlíðar í Skagafirði, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Helgafelli í Snæfellsnessýslu, við Stafholtsveggjahver í Borgarfirði, Laugarvatni í Árnessýslu, Ytri-Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44 1942.

Ed. **606. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. svo og núgildandi hafnarlög fyrir Skagaströnd. Með því að nokkur ákvæði laganna gefa tilefni til frekari breytinga, hefði vel getað komið til greina að bera fram breytingu á þessu frv. til samrýmingar á lögunum við önnur hafnarlög, en bæði er það, að þessar breytingar eru ekki aðkallandi, enda er þess vænzt, að milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum skili hið fyrsta frumvarpi til laga um almenna hafnarlöggjöf til samrýmis á hinum mörgu hafnarlögum, sem nú gilda.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Magnús Jónsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. **607. Nefndarálit**

um till. til þál. um þátttöku í alþjóðlega vinnumálasambandinu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar óbreyttrar.

Alþingi, 5. des. 1944.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson, frsm.

Sig. Kristjánsson. Þóroddur Guðmundsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson. Jóhann Þ. Jósefsson. Jónas Jónsson.

Nd. **608. Nefndarálit**

um breyting á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið sig saman við vitamálastjóra og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Sig. Kristjánsson.

Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 609. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Flm.: Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast viðbótarlán vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, allt að 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsundum — króna, þó ekki yfir 85% virkjunarkostnaðar, gegn þeirri tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur fengið hjá Alþingi ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps til virkjunar Nónhornsvatns og Selár í Skutulsfirði, og nemur hún einni milljón og tvö hundruð þúsundum króna.

Nú er komið í ljós, að þessi ríkisábyrgð er hvergi nærri fullnægjandi. Veldur því bæði aukning dýrtíðar, síðan um hana var beðið, — og ákvörðun, sem tekin var, eftir að verkið var hafið, um að stækka mjög verulega stíflumannvirkið við Nónhornsvatn. Þetta þótti sjálfsagt, þar eð vatnsskortur á útmánuðum bagar mjög rekstur rafveitunnar. En með hækkun stíflunnar eykst mjög vatnsforði sá, sem nothæfur verður til miðlunar yfir vatnsleysistímann.

Þann 15. þessa mánaðar var virkjunarkostnaðurinn samtals orðinn: ein milljón sjö hundruð og eitt þúsund sextíu og níu krónur 85 aurar.

Þetta sundurliðast þannig:

Þrýstivatnspípa	kr.	452354.85
Túrbína og rafall með tilh.	—	206750.94
Ýmislegt efni	—	196542.91
Vinnulaun	—	629981.03
Áhöld, keypt og leigð	—	34795.33
Vinna á vélaverkstæði og efni	—	43108.21
Bifreiðaakstur, olía, benzín	—	62728.79
Verkfræðileg aðstoð	—	14513.61
Vextir	—	24820.25
Bankakostnaður o. fl.	—	17292.46
Ýmislegt	—	18181.47
	Kr.	1701069.85

Við bætist:

Greitt, en ókomið efni, aðallega til virkjunarinnar, tengivirki og fleira	kr.	100000.00
Spennar, jarðstrengir, staurar, loftlínuefni o. fl. til aukningar á kerfinu	—	200000.00
Til að fullgera stíflu (áætlað) ca.	—	300000.00
	Kr.	2301069.85

Er þá nokkurn veginn víst, að viðbótarvirkjunin við Nónhornsvatn kemur til með að kosta um tvær milljónir og þrjú hundruð þúsundir króna.

Fer bæjarstjórn fram á, að háttvirt Alþingi veiti allt að 750000 króna ríkisábyrgð vegna virkjunarinnar við Nónhornsvatn, til viðbótar þeirri ábyrgð, sem fengin er, eða um það bil 85% af öllum virkjunarkostnaðinum, eins og hann er nú áætlaður, þegar mannvirkinu sé lokið.

Er þá gert ráð fyrir, að Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps geti lagt allt að þrem

hundruð þúsundum króna til mannvirkisins af eigin fé. — Er og tæpast hægt að vonast eftir, að það geti orðið meira.

Verkið stendur nú þannig, að byggð hefur verið stífla að nálega tveim þriðju hlutum, þrýstivatnspípa lögð og fullgengið frá henni, vélar allar, sem komnar eru, settar upp og veitukerfi aukið talsvert, m. a. fjölgað spennibreytistöðvum.

Eftir er að fá tengivirki í stöðvarhús og setja þau upp — og að byggja um það bil þriðjung stíflumannvirkisins við Nónhornsvatn.

Vatnsrennsli Selár er þegar í vetur hægt að nota inn á gömlu Fossavatnsvélarnar, því að nýja og gamla samstæðan verða samverkandi (korresponderandi).

Nd. 610. Breytingartillaga

við frv. til l. um gerð flugvalla og lendingarstaða fyrir flugvélar.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Á eftir c-lið komi nýr stafliður: Í Ólafsfirði. (Liðatalan breytist samkv. því.)

Ed. 611. Nefndarálit

um frv. til l. um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumv. þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp í neðri deild, og fylgdi því ýtarleg greinargerð landlæknis, sem hefur samið frumvarpið. Telur landlæknir brýna nauðsyn til bera að búa betur að skólanum en gert hefur verið til þessa með því að sjá honum fyrir forstöðu, er hafi það að aðalstarfi að sinna skólanum og þörfum hans, en búa nemendum skólaheimili, er sé til þess fallið að móta nemendurna í þeim anda, er hæfi hjúkrunarkvennastétt, sem úrvalskonur telji keppikefli að teljast til.

Nefndin hefur athugað frumv. á nokkrum fundum og fellst á nauðsyn þess og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BBen) mætti ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. des. 1944.

H. Guðmundsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.

Hermann Jónasson.

Sþ. 612. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 579.

I. Frá *Páli Zóphóníassyni, Eysteini Jónssyni, Páli Hermannssyni, Ingvari Pálmasyni* og *Gísla Jónssyni*.
Við 3. gr. A. 1. II. 4. (Póstflutningar).

Fyrir „760 000“ kemur	1 260 000
Til vara	1 060 000

II. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 3. gr. A. 2. II. b. 13. Nýr liður:
Styrkur til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum .. 1 000

III. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 11. gr. A. 10. b. Nýr stafliður:
Til byggingar fangahúss á Patreksfirði 25 000

IV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. VIII. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til sjúkrahúsbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla 1 400 000
Þar af til byggingar sjúkrahúss á Akureyri 500 þús. kr.

V. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 12. gr. VIII. Nýr liður:
Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaðar í Reykhólahéraði 1 200

VI. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 12. gr. XIX. Nýr rómv. liður:
Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði og Hesteyrarhéraði, 900 kr. til hvors 1 800

VII. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 579,25. (Við 13. gr. A. II. a.).
1. Við 20. (Reykhólavegur). Fyrir „25 000“ kemur 50 000
2. Við 21. (Gufudalsvegur). Fyrir „10 000“ kemur 20 000
3. Við 22. (Barðastrandarvegur). Fyrir „80 000“ kemur . 150 000
4. Við 23. (Tálknafjarðarvegur). Fyrir „20 000“ kemur . 50 000
5. Við 26. (Dalahreppsvegur). Fyrir „10 000“ kemur 20 000

VIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við brtt. 579,25. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 29. Nýr liður:
Bolungavíkurvegur 100 000
2. Við 30. (Súðavíkurvegur). Fyrir „45 000“ kemur 100 000

IX. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við brtt. 579,25. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 50. Fyrir „Lágheiðarvegur“ kemur: Ólafsfjarðarvegur.
2. Við 51. (Hrísavegur). Fyrir „10 000“ kemur 15 000
3. Við 52. (Hörgárdalsvegur). Fyrir „10 000“ kemur 15 000
4. Við 54. (Laugalandsvegur).
a. Fyrir „10 000“ kemur 60 000
Til vara 40 000
b. Nýr liður:
Litla-Árskógssandsvegur 70 000

X. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við brtt. 579,25 (Við 13. gr. A. II. a.).
1. Við 82. (Stöðvarfjarðarvegur). Fyrir „45 000“ kemur 60 000
2. Við 83. (Berunesvegur). Fyrir „10 000“ kemur 20 000

XI. Frá *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 579,25. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 86. (Innnesjavegur). Fyrir „8 000“ kemur 15 000
2. Við 87. (Mýravegur). Fyrir „12 000“ kemur 20 000
3. Við 88. (Suðursveitarvegur). Fyrir „15 000“ kemur .. 25 000
4. Við 89. (Öræfavegur). Fyrir „15 000“ kemur 20 000

XII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við brtt. 579,101. (Við 13. gr. A. II. a. — Hagabraut).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000
Til vara 40 000

XIII. Frá *Páli Hermannssyni* og *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. A. III. 1. Nýr liður:
Jökulsá í Fljótsdal 250 000
Til vara: Jökulsá í Fljótsdal, fyrri hluti 125 000

XIV. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 2. Nýir liðir:
1. Hofsá í Svarfaðardal 35 000
2. Torfufellsá í Eyjafirði 75 000

XV. Frá *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 2. Nýir liðir:
1. Holtakíll 40 000
2. Laxá í Lóni 70 000
3. Kotá í Öræfum 100 000

XVI. Frá *Sigurði Þórðarsyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við brtt. 579,26. b. 2. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýr liður:
Svartá hjá Mælifelli í Skagafirði 60 000

XVII. Frá *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýir liðir:
1. Laxá í Lóni 60 000
2. Hofsá í Álftafirði 100 000

XVIII. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýir liðir:
1. Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal 130 000
2. Hofsá í Álftafirði (fyrsta greiðsla) 100 000

XIX. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýir liðir:
1. Arnarbýla á Barðaströnd 40 000
2. Móra á Barðaströnd 40 000
3. Músará í Þorskafirði 40 000
4. Þorskafjarðará 40 000

XX. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.) Nýr liður:
Tjarnará á Vatnsnesi, ¾ kostnaðar 55 000

XXI. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III.). Nýr liður:
Djúpá í Fljótshverfi 185 000

XXII. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. A. IV. Meginmál liðarins orðist svo:
Til brúasjóðs samkvæmt lögum (áætlað).

XXIII. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. VII. 1. Liðurinn orðist svo:
Tillag til akfærra sýsluvega, allt að 135 000
Þar af til vegar í Breiðdalsvík 15 þús. kr.

XXIV. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 13. gr. A. XII. Nýir liðir:
1. Byggingarstyrkur til ferðamannaskála að Kinnarstöðum 50 000
2. Byggingarstyrkur til ferðamannaskála að Brjánslæk .. 50 000

XXV. Frá *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við brtt. 579,27. 1. o. (Við 13. gr. C. IX. — Höfn í Hornafirði).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

XXVI. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 579,27. 1. r. (Við 13. gr. C. IX.). Nýr liður:
Lendingarbætur í Selárdal 10 000

XXVII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við brtt. 579,27. 1. r. (Við 13. gr. C. IX.). Nýr stafliður:
Í Ólafsvík 30 000

XXVIII. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 579,27. 1. r. (Við 13. gr. C. IX.). Nýr stafliður:
Á Akureyri 300 000

XXIX. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við brtt. 579,27. 2. (Við 13. gr. C. IX.). Nýir liðir:
1. Á Litla-Árskógssandi 25 000
2. Í Rauðavík 15 000

XXX. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
1. Við brtt. 579,27. 2. y. (Við 13. gr. C. IX.). Nýir stafliðir:
a. Á Arnarstapa 30 000
b. Á Hellnum 10 000
2. Við brtt. 579,29. b. (Við 14. gr. A. VIII.). Nýr liður:
Til Hellnakirkju 15 000

XXXI. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 14. gr. B. II. a. Nýr liður:
Til Óskars Sveinssonar, til fullnaðarnáms í garðyrkju við landbúnaðarháskólann í Ási í Noregi 3 000
Til vara 2 500

XXXII. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum 600 000
Þar af til húsmæðraskóla Akureyrar 300 þús. kr.

XXXIII. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 6. Nýr liður:
Til sjómannalesstofu á Bíldudal 1 200

XXXIV. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 15. gr. A. VI. 10. Liðurinn orðist svo:
Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi:
a. Rekstrarstyrkur 4 500
b. Byggingarstyrkur 20 000
24 500

XXXV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 579,55. (Við 15. gr. A. X.).
Í stað „Jóns Norðfjörðs 2000 kr.“ kemur: Jóns Norðfjörðs 2500 kr. (Niðurstöðutölur liðarins breytist samkv. því).

XXXVI. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 16. gr. A. 6. Nýr liður:
Til tilraunastöðvar í jarðrækt á Reykhólum 50 000

XXXVII. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Helga Jónassyni.*
Við 16. gr. A. 12. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu á Þverárbökkum austan og vestan við Uxahrygg 25 000

XXXVIII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 16. gr. A. 14. c. Nýr liður:
Til þess að girða og græða upp Höskuldarhól hjá Vorsabæ 1 000
[Bæjarstæði Höskuldar Hvítanesgoða.]

XXXIX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. A. 16. Nýr liður:
Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi 1 000

XL. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
1. Við 16. gr. C. 9. Nýr liður:
Til vatnsveitu Glerárþorps 20 000
2. Við 17. gr. 6. a. Nýr liður:
Til gamalmennahælis í Skjaldarvík 5 000

XLI. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 17. gr. 6. b. Nýr stafl.:
Til gamalmennahælis á Patreksfirði 3 000

XLII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 17. gr. 16. Nýr liður:
Til skrúðgarðs kvenfélagsins „Hringsins" í Stykkishólmi 10 000

XLIII. Frá *Skúla Guðmundssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 18. gr. II. b. 24. (Margrét Björnsson).
Fyrir „1 000" kemur 1 700

XLIV. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 579,95. (Við 18. gr. II. f. — Póstmenn).
Fyrir „20 400" kemur 20 700
[Hækkun vegna frú Sigríðar Snæbjörnssen.]

XLV. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 18. gr. II. t. 44. Liðurinn orðist svo:
Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans, samkvæmt samningi 3 000

XLVI. Frá *Eysteini Jónssyni, Páli Zóphóníassyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að kaupa af eigendum Egilsstaða á Völlum, ef viðunandi samningar nást, það land, er skipulagsnefnd ríkisins telur, að væntanlegt sveitaþorp þar þurfi á að halda.

XLVII. Frá *Páli Zóphóníassyni, Eysteini Jónssyni* og *Páli Hermannssyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að verja allt að 50 þús. krónum til þess að greiða fyrir því, að læknar fáist til þeirra læknishéraða, sem erfiðast er að fá lækna til að gegna.

XLVIII. Frá *Páli Zóphóníassyni, Eysteini Jónssyni, Páli Hermannssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

XLIX. Frá *Steingrimi Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 579,113. m. (Við 22. gr. VII.). Nýr stafliður:
Að greiða 50 þús. kr. sem stofnkostnaðarstyrk til vatnsveitufélags Glerárþorps.

Nd. 613. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið er um það, að ráðherra geti undanþegið Landsbankann þeirri skyldu að leggja til hliðar erlendan gjaldeyri, ef erlendar innstæður eru ríflegar að dómi ráðherra. Fellur þá niður skylda ríkissjóðs til að greiða vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðsins, enda ekki gert ráð fyrir þeirri greiðslu í frv. til fjárlaga fyrir 1945. Verður þetta mál allt tekið fyrir síðar á Alþingi í sambandi við þær tillögur, sem gerðar voru á fjármálaráðstefnunni í Brehton Woods, en fjármálaráðuneytið hefur tjáð nefndinni, að það muni ekki óska heimildar til þátttöku í alþjóðagjaldeyrissjóði og alþjóðabanka, fyrr en Bandaríkjaþing hefur tekið sína ákvörðun. Munu aðrar þjóðir og hafa sömu meðferð á þeim málum.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. | Jón Pálmason, fundaskr. | Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Jakob Möller. Sigfús Sigurhjartarson.

Nd. 614. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

Frá fjárhagsnefnd.

Efni frv. er, að ríkissjóður taki ábyrgð á einnar millj. króna láni fyrir landssmiðjuna í þeim tilgangi, að landssmiðjan fái betri kjör á stofnfjárláni sínu. Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. | Jón Pálmason, fundaskr. | Sigfús Sigurhjartarson, frsm.

Jakob Möller. Skúli Guðmundsson.

Nd. 615. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. | Jón Pálmason, fundaskr. | Skúli Guðmundsson, frsm.

Sigfús Sigurhjartarson. Jakob Möller.

Ed. 616. Nefndarálit

um frv. til l. um manneldisráð.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er borið fram af fyrrverandi ríkisstjórn og samið af landlækni, sem var formaður nefndar þeirrar, er ríkisstjórnin fól í júní 1939 að sjá um framkvæmd nokkurra rannsókna á mataræði þjóðarinnar. Rannsóknir þessar virðast hafa leitt í ljós, að algengustu ágallar mataræðis hér á landi séu þeir, að minna sé af ýmsum vítamínum í daglegu fæði manna en æskilegt er talið og mjög víða sé tilfinnanlegur skortur nýmetis.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sérstakri stofnun, manneldisráði, verði komið á fót til þess að halda áfram rannsóknum á þessu sviði og vera heilbrigðisstjórninni til aðstoðar og ráðuneytis um þau mál, er að manneldi lúta. Þá er og gert ráð fyrir, að sérstakur kunnáttumaður, heilbrigðisfræðingur, hafi með höndum verklegar framkvæmdir ráðsins, annist og sjái um rannsóknir þess og vinni úr gögnum þeim, sem saman eru dregin, og að þessi störf verði sameinuð kennslu í heilbrigðisfræði við háskólann.

Nefndin er sammála um, að nauðsynlegt sé, að rannsóknum þessum verði haldið áfram, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (BBen) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1944.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Hermann Jónasson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 617. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. BBen var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1944.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Hermann Jónasson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 618. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. er samhljóða bráðabirgðalögum frá 26. apríl 1944, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt með leiðréttingu á prentvillu í 5. gr.

Nefndin hefur kynnt sér framkvæmd bráðabirgðalaganna og fengið frá fjármálaráðuneytinu skýrslu um móttekna, rifna og selda skála pr. 31. okt. og reikningsjöfnuð sölunefndarinnar pr. sama dag. Bréf ráðuneytisins er dags. 10. f. m., og hefur afgreiðsla í nefndinni tafizt af vangá.

BREYTINGARTILLAGA

Fyrir „er um getur í 1. gr." í 5. gr. komi: er um getur í 3. gr.

Alþingi, 6. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson.
Skúli Guðmundsson.

Ed. 619. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Djúpavogi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1944.

Gísli Jónsson, form. Ingvar Pálmason, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.
Steingr. Aðalsteinsson. Magnús Jónsson.

Nd. 620. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Hrísey.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Hrísey veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 376000 — þrjú hundruð sjötíu og sex þúsund — krónur, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Hríseyjarhrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 564000 — fimm hundruð sextíu og fjögra þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Hríseyjarhrepps kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því,

að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Hríseyjarhrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hríseyjarhrepps.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—2000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Hríseyjarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.

c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. 621. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, sem hafizt er handa um framkvæmdir, og framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum að hverju sinni hrökkva ekki til að greiða að þeim hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi staðar, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þrem árum.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 622. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 593.

Ed. 623. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

Frá Kristni E. Andréssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Gröf í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu Gísla Þórðarsyni, oddvita á Ölkeldu, með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

Sþ. 624. Tillaga til þingsályktunar

um fjórðungsspítala á Akureyri, Ísafirði og í Múlasýslum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efna til fjórðungsspítala á Akureyri, Ísafirði og í Múlasýslum. Skal ríkissjóður leggja fram ¾ af stofnkostnaði þessara sjúkrahúsa gegn ¼ annars staðar að.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið áhugamál manna á Norðurlandi að fá reist mikið og gott sjúkrahús í höfuðstað fjórðungsins. Hafa Alþingi borizt áskoranir um þetta efni frá þúsundum kjósenda norðan lands. Þingmaður Akureyrar hefur borið fram frumvarp um málið, en það hefur stöðvazt í nefnd í þinginu, án þess að ástæða væri til. Milliþinganefnd, þar sem landlæknir og einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins áttu sæti, virðist hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að hér ættu að rísa þrír fjórðungsspítalar og framlag ríkissjóðs að vera eins og hér er lagt til. En þrátt fyrir þetta þokast framkvæmdir í málinu ekki áleiðis. Gert er ráð fyrir einum 200 þús. kr. til þessara sjúkrahúsbygginga í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Og þar sem það á að vera aðeins þriðji hluti kostnaðar, er það sama og hindra byggingu hins nýja sjúkrahúss um óákveðinn tíma.

Akureyrarbúar og Eyfirðingar gerðust brautryðjendur í sjúkrahúsbyggingum hér á landi. Um aldamótin síðustu varð undir forustu Guðm. Hannessonar, sem þá var héraðslæknir á Akureyri, byggður og starfræktur stór og myndarlegur spítali. Bygging þess húss var þjóðlegt átak. Annars staðar á landinu voru lítil úrræði í þessum efnum, nema þar, sem útlendingar komu til skjalanna og stóðu fyrir framkvæmdum. Guðmundur Hannesson var þá annar mesti skurðlæknir á landinu. Leitaði fólk úr hálfu landinu til Akureyrarspítalans, þegar meiri háttar veikindi bar að höndum, og þótti það góður kostur. Akureyri var þá fremst í framkvæmdum íslenzkra sjúkrahúsmála.

Nú er málum svo komið, að hið gamla sjúkrahús Guðmundar Hannessonar er orðið úrelt og lítt nothæft, eins og vonlegt er um gamalt timburhús. En á Akureyri er enn einn af beztu skurðlæknum landsins, og heitir hann líka Guðmundur eins og fyrirrennari hans. Sækja til hans sjúklingar víða að, þar á meðal svo að segja allir berklasjúklingar, sem leita sér heilsubótar með uppskurði. Koma árlega fjölmargir sjúklingar frá Vífilsstöðum og sjúkrahúsunum í Reykjavík til Guðmundar Karls, spítalalæknis á Akureyri. Er aðstaða hans þó erfið. Hann hefur að vísu góða skurðstofu nýbyggða, sem hverfur síðar inn í væntanlegan fjórðungsspítala. En eftir uppskurðinn verða sjúklingar að liggja í hinum lítt nothæfa gamla spítala. Akureyrarspítalinn hefur raunverulega verið landsspítali frá því um aldamót og er það enn, nema að því leyti, að hann hefur alla stund verið til skaða vanræktur af ríkisstjórnum og fjárveitingavaldinu. Má svo ekki lengur ganga.

Landsspítalinn er fjórðungsspítali fyrir Reykjavík og Suðurland. Hann er reistur fyrir almannafé að ¾ hlutum og að ¼ hluta fyrir gjafir áhugasamra kvenna á Suðurlandi. Vegna landsspítalans hefur hið íslenzka þjóðfélag ekki talið ástæðu til að reisa nein sjúkraskýli á Suðurlandi, ef frá er talinn spítalinn í Vestmannaeyjum. Daggjöld landsspítalans eru nú ⅔ lægri en í sjúkrahúsum úti um land, og gerir það enn tilfinnanlegra misréttið milli fjórðunganna.

Landsspítalinn er allt of lítill til að fullnægja sjúkrahúsþörf allra landsmanna. Verður annaðhvort að gera þar stórvægilegar viðbótarbyggingar eða bæta spítalaaðstöðuna fyrir vestan, norðan og austan. Liggur þá í augum uppi, að réttara er að gera þrjár mismunandi stórar deildir af landsspítalanum á Ísafirði, Akureyri og í

Múlasýslum en að draga alla sjúklinga landsins til spítalalegu þangað, sem dýrast er að vera. Er slíkur samdráttur sjúklinga engan veginn nein blessun fyrir höfuðstaðinn, því að sannreynt er, að þess háttar sjúkraflutningur verður oft til þess, að sjúklingarnir yfirgefa ekki aftur þá staði, þar sem þeir hafa um langan tíma leitað eftir heilsubót. Öll skynsamleg rök mæla með því, að það sé hentara Vestfirðingum, Norðlendingum og Austfirðingum að geta í mjög mörgum tilfellum fengið góða bót vanheilsu sinnar heima í fjórðungunum en að þurfa ætíð að leita til Reykjavíkur eftir læknishjálp, ef verulega reynir á. Það er heilsusamlegt fyrir þjóðina alla að halda jafnvægi í menningar- og atvinnumálum milli landshlutanna. Fjórðungsspítalarnir eru því spor í rétta átt og það ekki óverulegt.

Mikil framlög eru nú komin frá fólki á Akureyri, úr Eyjafirði og sérstaklega frá Kaupfélagi Eyfirðinga til hins nýja sjúkrahúss. Má heita, að þær gjafir samsvari framlagi reykvískra og sunnlenzkra kvenna áður fyrr. Ef Alþingi viðurkennir fjórðungsspítalafyrirkomulagið, mundu áhugamenn málsins á Akureyri þegar í stað hrinda spítalabyggingunni í framkvæmd. Mundu þeir nota gjafir þær, sem nú eru í byggingarsjóði, framlög ríkisins, það sem þau ná, og taka síðan lán, sem yrði greitt, jafnóðum og ríkið leggur fram fé að sínum hluta. Það vantar ekkert nema réttláta ákvörðun Alþingis um sjúkrahúsbyggingu Akureyrar til þess, að hugmyndin komist í framkvæmd. Síðan yrði unnið að því að koma á fót fjórðungsspítölum á Vesturlandi og Austurlandi og stærð þeirra miðuð við fólksfjölda héraðanna.

Tillaga þessi er borin fram í því skyni, að skorið sé með atkvæðagreiðslu á Alþingi úr því, hvort fjórðungsspítalahugsjónin á að geta komizt í framkvæmd á næstu missirum, eins og liður í hinum miklu byggingarframkvæmdum, sem nú eru boðaðar, eða hvort fólkið, sem heima á fyrir vestan, norðan og austan, á enn um árabil að bíða eftir því að ná fullu jafnrétti við þá landa sína, sem búsettir eru í mannflesta fjórðungnum.

Sþ. 625. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Neskaupstað.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, 750 þúsund króna lán, sem Neskaupstaður tekur til þess að standast kostnað við stækkun rafstöðvarinnar og við endurbætur á rafveitukerfi bæjarins.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Neskaupstaðar frá 8. september s. l.

Rafmagnsþörf kaupstaðarins hefur farið ört vaxandi undanfarin ár, og er nú svo komið, að óhjákvæmilegt er að fá allverulega aukningu á raforkuframleiðslu staðarins. Í Neskaupstað er raforka framleidd með dieselvélum, því að vatnsvirkjunarmöguleikar eru þar erfiðir. Um leið og aukning verður gerð á raforkuframleiðslu bæjarins, þykir óhjákvæmilegt að breyta mjög um rafleiðslukerfi rafveitunnar. Breytingar þessar og orkuaukning er áætlað af rafmagnseftirliti ríkisins, að muni kosta um 7—800 þús. krónur, og er ábyrgðarheimild till. miðuð þar við.

Það skal tekið fram, að allar þær breytingar, sem með þessu eru ráðgerðar, ættu að koma að fullum notum, þó að raforka yrði síðar leidd til bæjarins frá stóru orkuveri, sem reist yrði sameiginlega fyrir marga staði á Austurlandi. Eins og að líkum

lætur, eru framkvæmdir þessar of dýrar, til þess að Neskaupstaður fái hrundið þeim fram svo fljótt sem þörf er á, nema hann fái ríkisábyrgð fyrir lánum, sem til verksins þarf að taka. Það er því ósk bæjarstjórnar, að Neskaupstaður fái ríkisábyrgð samkv. tillögu þessari á hliðstæðan hátt og aðrir staðir hafa fengið í svipuðum tilfellum.

Sþ. 626. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 579.

I. Frá *Páli Zóphóníassyni* og *Gísla Jónssyni*.

Við 12. gr. II. Nýr (rómv.) liður:

Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum		13 150
1. Í Borgarneshéraði:		
Kolbeinsstaðahreppur	300	
2. Í Ólafsvíkurhéraði:		
Neshreppur utan Ennis	300	
3. Í Stykkishólmshéraði:		
a. Eyrarsveit	300	
b. Skógarstrandarhreppur	300	
4. Í Búðardalshéraði:		
a. Skarðshreppur	200	
b. Klofningshreppur	200	
c. Saurbæjarhreppur	400	
5. Í Reykhólahéraði:		
Gufudalssveit	300	
6. Í Flateyjarhéraði:		
Múlahreppur	700	
7. Í Patreksfjarðarhéraði:		
a. Rauðasandshreppur	150	
b. Barðastrandarhreppur	350	
8. Í Flateyrarhéraði:		
Suðureyrarhreppur	500	
9. Í Ögurhéraði:		
Reykjarfjarðar-, Nauteyrar- og Snæfjallahreppar. Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.	750	
10. Í Hesteyrarhéraði:		
a. Grunnavíkurhreppur	300	
b. Sléttuhreppur	300	
11. Í Blönduóshéraði:		
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200	
12. Í Sauðárkrókshéraði:		
Skefilsstaðahreppur	200	
13. Í Hofsóshéraði:		
a. Haganeshreppur	200	
b. Holtshreppur	200	
14. Í Húsavíkurhéraði:		
a. Flateyjarhreppur	500	
b. Grímseyjarhreppur	1 000	

15. Í Kópaskershéraði:
a. Fjallahreppur 200
b. Presthólahreppur vegna Austur-Sléttu 200
16. Í Þórshafnarhéraði:
a. Skeggjastaðahreppur 400
b. Sauðaneshreppur vegna Skála og nágrennis .. 200
17. Í Egilsstaðahéraði:
a. Hlíðarhreppur 300
b. Tunguhreppur 300
c. Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá 600
d. Fljótsdalshreppur 400
e. Hjaltastaðahreppur 300
18. Í Seyðisfjarðarhéraði:
Loðmundarfjörður 200
19. Í Neshéraði:
Mjóifjörður 300
20. Í Búðahéraði:
Stöðvarfjarðarhreppur 300
21. Í Djúpavogshéraði:
Breiðdalshreppur 300
22. Í Hafnarhéraði:
Hofshreppur 700
23. Í Breiðabólsstaðarhéraði:
Álftavershreppur 300
24. Í Selfosshéraði:
Selvogsbæir og Hlíðarbæir í Ölfusi 300
25. Í Laugaráshéraði:
Þingvallahreppur 200

13 150

Styrkir þessir falla niður, jafnóðum eða þegar læknisvitjanasjóðir eru myndaðir í viðkomandi sveitum eða héruðum.

Styrkirnir greiðist með vísitöluuppbót eftir meðaltölu ársins 1945.

II. Frá *Páli Zóphóníassyni* og *Eysteini Jónssyni*.
Við 12. gr. XII. Nýr rómv. liður:
Til að launa sérstakan lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann 1 500

III. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni*.
Við brtt. 579,25. (Við 13. gr. A. II. a.).
1. Við 27. (Rafnseyrarheiðarvegur). Fyrir „85 000“ kemur 120 000
2. Við 28. (Hjarðardalsvegur). Fyrir „15 000“ kemur 40 000

IV. Frá *Jóni Pálmasyni*.
Við brtt. 579,25. 40. (Við 13. gr. A. II. a. — Skagastrandarvegur).
1. Fyrir „70 000“ kemur 120 000
2. Nýr liður: Kálfshamarsvíkurvegur 45 000

V. Frá *Eysteini Jónssyni*.
1. Við brtt. 579,25. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
Við 64. (Tjörnesvegur). Nýir liðir:
A. Víknavegur:
a. Í Svalbarðshreppi 10 000
b. Í Presthólahreppi 10 000
B. Svínadalsvegur 10 000

2. Við brtt. 579,25. 68. (Við 13. gr. A. II. a. — Langanesvegur).
Fyrir „25 000“ kemur 40 000
3. Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýr liður:
Sandá í Öxarfirði (fyrri greiðsla) 25 000

VI. Frá *Jón Pálmasyni.*
Við brtt. 579,27. 1. b. (Við 13. gr. C. IX. — Skagastrandarhöfn).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

VII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 579,27. 2. y. (Við 13. gr. C. IX.). Nýr liður:
Alviðruvör (Núpur í Dýrafirði) 25 000

VIII. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við brtt. 579,27. 2. y. (Við 13. gr. C. IX.). Nýr liður:
Lendingarbætur á Kópaskeri (síðasta greiðsla) 10 000

IX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 579,42. (Við 14. gr. B. XIV. 3.— Stofnkostn. héraðssk.).
Fyrir „800 000“ kemur 850 000
[Hækkunin ætluð Núpsskóla.]

Nd. 627. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund krónum“ í 1. gr. laganna kemur: 225 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 225 þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastl. ári voru samþykkt á Alþingi lög um lendingarbætur í Grindavík. Voru úr ríkissjóði veittar kr. 150 þús. til þeirra framkvæmda.

Á síðasta sumri var verk þetta hafið og þá byggð bryggja í hinu svonefnda Hópi. Að sumri er svo ætlað að ljúka verkinu með dýpkun rennu inn í Hópið og dýpkun á Hópinu sjálfu.

Samkvæmt áætlun vitamálastjóra verður heildarkostnaður mannvirkis þessa kr. 450 þús. Er hér farið fram á að hækka hvort um sig, ríkisábyrgð og framlag ríkissjóðs, um 75 þús. kr. til viðbótar þeim 150 þús., er áðurnefnd lög ákváðu ábyrgðina og framlagið.

Frv. því, er á síðasta þingi var flutt um þetta, fylgdi ýtarleg og mjög greinargóð skýrsla gagnkunnugra manna. Þykir nægja að vísa til hennar.

Nd. 628. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund —.

2. gr.

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — einnar millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 112 1943.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur verið unnið mikið að hafnarbótum í Keflavík, og er nú til þurrðar gengið það fé, er í þessu skyni hefur verið veitt úr ríkissjóði. Hins vegar er enn mikið óunnið af því, sem minnst er talið þurfa, til þess að hafnarskilyrði geti heitið viðunandi í þessari stóru og sívaxandi verstöð, og er nú ætlað að hefja þær framkvæmdir á næsta vori.

Áætlaður kostnaður er 1.5 millj. króna, og er með frv. þessu farið fram á breytingu á hafnarlögum fyrir Keflavík í samræmi við það.

Að öðru leyti þykir nægja að vísa til þeirra raka, er færð hafa verið þessari hafnargerð til stuðnings á undanförnum þingum.

Ástæða þykir til að geta þess, að ekki er ætlað, að þessar hafnarbætur tefji fyrir byggingu fyrirhugaðrar landshafnar á Suðurnesjum, enda er hvort tveggja, að þær geta aldrei fullnægt framtíðarþörf fiskibátaflotans í Faxaflóa og því eigi komið í stað landshafnarinnar, sem og hitt, að hafnarbætur í Keflavík hafa sitt fulla gildi, þótt landshöfnin verði byggð. Má og að vissu leyti fella þær inn í landshöfnina. Mun nánar að því vikið í framsögu.

Ed. 629. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

28. gr

Hreppsnefndum og bæjarstjórnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun, að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.

c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.

29. gr.

a. Á kaupgreiðendum hvílir sú almenna skylda að ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar er kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, nema sveitarstjórnin samþykki annað.

b. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

c. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

d. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur ábyrgist greiðslu á eldri útsvarsskuldum kaupþega ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

e. Til lúkningar greiðslum samkv. d-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅕ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimilli að sjá, en ella ⅓.

f. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.

Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

g. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

h. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupi samkvæmt d- og e-lið, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

i. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda og skila fé því, sem innheimt hefur verið, ásamt innheimtuskjölum.

j. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

k. Ef kaupgreiðandi
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í h- og i-lið,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í i-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.

   Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

l. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

m. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. f- og g-lið, þó ekki með almennri auglýsingu.

3. gr.

2. mgr. 29. gr. (er verður 32. gr.) orðist svo:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstvirts félagsmrh., og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Aðalefni frv. eru ákvæði 2. gr., um heimild fyrir sveitarstjórnir til að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. útsvarslaganna segir og reglur um innheimtu útsvara af kaupi.

Í 21. gr. útsvarslaganna er svo fyrir mælt, að aðalniðurjöfnun útsvara fari fram á tímabilinu febrúar—maí að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Útsvörin eru lögð á gjaldendur eftir skattaframtölum þeirra. Framtalsfrestur til skatts, endurskoðun skattaframtala og álagning skatta til ríkissjóðs valda því, að álagning útsvara getur í reyndinni almennt ekki farið fram fyrr en í maímánuði, og getur innheimta útsvaranna því ekki hafizt fyrr en í júní.

Svo sem kunnugt er, eru útsvörin aðaltekjustofn bæjar- og sveitarfélaga. Með vaxandi kröfum til hins opinbera um fjárframlög til almennra mála, menntamála, atvinnumála, heilbrigðismála, bygginga til almenningsþarfa o. m. fl., hafa upphæðir útsvara aukizt stórkostlega á undanförnum áratugum. Þegar nú fjárhagsár bæjar- og sveitarfélaga eru miðuð við almanaksárið, en útgjöld þeirra nokkurn veginn þau sömu allt árið, dylst engum, að nauðsynlegt er, að innheimta megi verulegan hluta útsvaranna í fyrra missiri hvers árs. Úr þessu hefur verið bætt með lögum nr. 15 26. febrúar 1943 og nr. 100 30. desember 1943, um innheimtu hluta af útsvörum áranna 1943 og 1944 á fyrri missirum þessara ára. Lögin gilda hvor um sig aðeins fyrir eitt ár. Telja verður óhjákvæmilegt að heimila svipað innheimtufyrirkomulag útsvara til frambúðar. Hvort tveggja er, að lántökur eru dýrar og svo getur það verið erfiðleikum bundið fyrir bæjar- og sveitarfélög að binda lánstraust sitt í stórkostlegum bráðabirgðalántökum á hverju ári, enda þótt slík lán væru fáanleg, sem telja verður vafasamt, jafnmikið fjármagn og hér er um að ræða í heild. Þá verður það og gjaldendum ofvaxið að greiða öll útsvör sín á síðari árshelmingi samtímis háum sköttum í ríkissjóð, en þeir falla í gjalddaga á síðara missiri hvers árs. Þessi vandkvæði hafa löggjafanum verið ljós, og í áðurnefndum lögum, nr. 23. 12. febrúar 1940, eru ákvæði, sem auðsjáanlega eiga að koma í veg fyrir, að gengið verði of nærri gjaldendum um innheimtu alls útsvars hvers gjaldþegns á skömmum tíma. Er þar gert ráð fyrir, að innheimta nokkurs hluta útsvaranna dragist fram á næsta ár, að því er ýmsa gjaldendur snertir. Það er því einnig af þessari ástæðu nauðsynlegt, að innheimtu útsvaranna verði dreift um mestan hluta ársins. Ber þar allt að sama brunni og bendir til þess, að í framtíðinni verði gjalddagar útsvara hafðir sem flestir og hagað þannig, að útsvörin greiðist nokkuð að jöfnu á fyrra og síðara missiri ársins. Ætla má, að svo verði að lokum einnig um innheimtu ríkisskatta.

Það er sameiginlegt með nefndum lögum (nr. 23 12. febrúar 1940 og nr. 100 30. desember 1943), að þau eru til þess sett að auðvelda innheimtu útsvara og að í þeim er aðeins um heimildir handa bæjar- og sveitarstjórnum að ræða.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, eru öll aðalákvæði nefndra laga sameinuð í eina heild með nokkrum nýmælum og breytingum, sem ætlað er að auka kosti þeirra. Heimildarforminu er haldið og ætlazt til, að innheimtuákvæði V. kafla útsvarslaganna verði áfram í gildi, eins og einnig var gert ráð fyrir, þegar lög nr. 23 12. febrúar 1940 voru sett. Flutningsmönnum frumvarpsins er ljóst, að missmíði verða á V. kafla laga um útsvör með þessu mikla innskoti, en svo var einnig eftir setningu laga

nr. 23 12. febr. 1940, sem enn eru í gildi, en ætlazt er til, að nú falli úr gildi. Enda þótt athugandi sé, hvort semja beri nú upp nefndan lagakafla, telja flutningsmenn frumvarpsins, að það megi vel dragast enn um stund, a. m. k. þar til reynslan hefur sýnt, hvernig frumvarp það, er hér liggur fyrir, reynist í framkvæmd, ef að lögum verður.

Skv. frv. verður hin nýja 29. gr. útsvarslaganna, um innheimtuskyldu kaupgreiðenda, samræmd, eftir því sem við á, gildandi ákvæðum um skyldu kaupgreiðanda til greiðslu á ríkissjóðssköttum skv. reglugerð, 26. júní 1944. Má að vísu segja, að eins mætti gefa heimild til að setja ákvæði þessi með reglugerð, en þar sem þau eru almenns eðlis og ætlað að gilda um land allt, þótti þó réttara að taka þau upp í frumvarpið með fyrirvara um, að sveitarstjórnir geti sett nánari fyrirmæli um innheimtu með reglugerð.

Nýmæli skv. þessu frv. eru einkum þessi:

1. Bæjar- og hreppstjórnum er heimilað að ákveða útsvarsgjalddaga skv. væntanlegri 28. gr. án samþykkis æðri stjórnarvalda hverju sinni og með því einungis að auglýsa ákvörðunina, hver á sínum stað, á sama hátt og venjulegt er þar um almennar auglýsingar.
2. Vangreiðsla á útsvarshluta á réttum gjalddaga veldur því, að allt útsvarið á gjaldárinu fellur í gjalddaga eftir nánar tilgreindum reglum, sbr. d-lið 28. gr.
3. Ríkari skyldur eru lagðar á kaupgreiðendur að láta sveitarstjórnum í té alls konar skýrslur um starfsmenn, sem nauðsynlegar eru vegna útsvarsinnheimtu af kaupi. Eru þau ákvæði mjög í samræmi við gildandi fyrirmæli um innheimtu tekju- og eignarskatts.
4. Tekin eru af öll tvímæli um, að fyrirmælin um innheimtu af kaupi skuli — með vissum skilyrðum — einnig ná til innheimtu eldri, gjaldkræfra útsvarsskulda (28. gr. d, e), svo og til innheimtu útsvara af kaupi gjaldþegna hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi.
5. Þá er skv. 1. gr. frv. ætlað að bæta því ákvæði við 25. gr. útsvarslaganna, að leggja megi útsvar á gjaldþegn við aukaniðurjöfnun, enda þótt hann sé á aðalskrá, ef síðar kemur í ljós, að framtali hans hafi að verulegu leyti verið ábótavant eða aðrar upplýsingar um hagi hans ófullnægjandi. Sýnist rétt að heimila álagningu við aukaniðurjöfnun á gjaldendur, er svo stendur á um, enda þótt vafalaust megi taka fullt tillit til þess við niðurjöfnun á næsta ári, að gjaldandinn hafði borið of lágt útsvar sbr. við aðra gjaldendur árið áður. Getur niðurjöfnunarnefnd (hreppsnefnd) þá tekið hvorn kostinn, er hún kýs, álagningu við aukaniðurjöfnun eða haft hliðsjón af réttari upplýsingum við álagningu næsta ár.
6. Samkv. 2. mgr. 29. gr. útsvarslaganna er kaupgreiðanda (atvinnuveitanda) erlendis búsettra útsvarsgjaldenda, er hér hafa stundað einhvers konar atvinnu, einungis heimilt að halda eftir 10% af greiddu kaupi til greiðslu útsvars. Í 3. gr. frv. er lagt til, að sérregla þessi verði afnumin og kaupgreiðendum gert að skyldu að gera full skil á álögðu útsvari á gjaldanda, sem er heimilisfastur erlendis, og halda eftir af kaupi eftir þörfum í því skyni. Tilsvarandi ákvæði gilda um innheimtu af kaupi manna, sem hér eru búsettir, og sýnist ástæðulaust, að önnur fyrirmæli gildi um erlenda menn að þessu leyti.“

Nd. 630. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá Jóni Pálmasyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Á þeim jörðum, sem ekki hafa nú vélarfært land, er geti gefið af sér 600 hey-

hesta í meðalári með sæmilegri ræktun, og ekki geta náð því takmarki að lokinni túnsléttun samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna, skal jarðræktarstyrkurinn greiddur þannig, að ríkið kosti framræslu og vinnslu þess lands, sem til vantar, og er heimilt að ná markinu með sléttun áveitulanda, þar sem því má við koma, enda sé hún þá kostuð af ríkinu.

Skilyrði fyrir þessum framkvæmdum eru:

1. Að sæmilegt ræktunarland sé til á jörðinni og önnur framleiðsluskilyrði í samræmi við framkvæmdina, enda verði fullkomnustu vélar, sem völ er á, notaðar til vinnslunnar, þar sem því verður við komið.
2. Að ræktunarsamþykkt hafi verið sett á svæðinu og viðkomandi búnaðarfélag eða samþykktarhérað ábyrgist fyrir fram, að hlutaðeigandi bændur komi landinu í rækt innan ákveðins tíma, svo að tilgangur framkvæmdanna náist.

Ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands nánari fyrirmæli um þessar framkvæmdir. Þar skal ákveða, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland sé miðað á túni og engjum, hvernig haga skuli eftirliti með ræktun landsins og ábyrgð búnaðarfélaga eða samþykktarhéraða, þar með talin viðurlög með afbrotum og heimildir til baktrygginga frá einstaklingum.

Nd. 631. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 630 [Jarðræktarlög].

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við breytingartillöguna bætist:

2. Við 2. gr. Greinin verði 3. gr., en við bætist ný 2. gr., svo hljóðandi:
   17. gr. laganna falli burt.

Nd. 632. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin sendi frv. þetta til umsagnar milliþinganefnd í alþýðutryggingum, og hefur borizt svar hennar, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal. Með hliðsjón af þessu svari hefur nefndin komið sér saman um að leggja til, að frv. verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ellilaunakafli alþýðutryggingalaganna og lögin í heild eru í endurskoðun í milliþinganefnd og þar verður tekið til athugunar efni frumvarpsins, þá sér deildin ekki ástæðu til á þessu stigi að fjalla frekar um frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. des. 1944.

Sig. E. Hlíðar, form.	Ásm. Sigurðsson, fundaskr.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen.	Páll Zóphóníasson.	

Fylgiskjal.

MILLIÞINGANEFND Í ALÞÝÐUTRYGGINGUM

Reykjavík, 2. nóv. 1944.

Nefndin hefur meðtekið bréf yðar, dags. 5. f. m., þar sem óskað er umsagnar hennar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Út af þessu vill nefndin benda yður á, að ellilaunakafli alþýðutryggingalaganna og lögin í heild eru nú í endurskoðun. Sér nefndin því ekki að þessu sinni ástæðu til að láta yður í té álit sitt á efni frumvarpsins, en mun að sjálfsögðu taka það til rækilegrar yfirvegunar í sambandi við endurskoðun alþýðutryggingalaganna.

Með tilvísun til framanritaðs telur nefndin heppilegast, að frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi.

F. h. nefndarinnar,
H. Guðmundsson.

Jens Hólmgeirsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 633. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr. Aftan við 1. mgr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Slík framlög úr sjóðnum mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en $^{2}/_{3}$ höfuðstóls hans.

Nd. 634. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. þó 1. gr.

Ed. 635. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, sem hafizt er handa um framkvæmdir og framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum að hverju sinni hrökkva ekki til að greiða að þeim hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi

staðar, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Slík framlög úr sjóðnum mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en ⅔ höfuðstóls hans.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þrem árum.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært, sbr. þó 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 636. Tillaga til þingsályktunar

um nefndarskipun til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Jónsson, Einar Olgeirsson, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri við Arnarfjörð í minningu Jóns Sigurðssonar. Nefndina skipa þrír menn, einn tilnefndur af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, annar af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu og hinn þriðji skipaður af ríkisstjórninni, og er hann formaður. Nefndin ráðstafar því fé, sem til framkvæmdanna er veitt í fjárlögum. Skal nefndin starfa í samráði við skipulagsstjóra ríkisins, fræðslumálastjóra, biskup, sóknarnefnd í Auðkúluhreppi og skólanefndir í Arnarfirði.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í samráði við hæstv. ríkisstjórn. Hinn 10. marz 1944 var svo hljóðandi þingsályktun gerð á Alþingi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela nefnd þeirri, sem skipuð verður til að undirbúa hátíðahöld vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi, að rannsaka og gera tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar."

Álit lýðveldishátíðarnefndar er á þessa leið:

„Hæstv. ríkisstjórn hefur með bréfi, dags. 22. marz, sent nefndinni til umsagnar tillögu, sem samþykkt var á Alþingi, um framkvæmdir á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

Nefndin gerði sér af þessu tilefni ferð til Rafnseyrar til að kynna sér af sjón og reynd alla staðhætti og átti þar fund með þjóðhátíðarnefnd Vestfirðinga og nokkrum öðrum mönnum, sem kvaddir voru til ráðuneytis.

Þá hafa og biskup landsins, fræðslumálastjóri, skipulagsstjóri ríkisins, sóknarnefnd Auðkúluhrepps, skólanefndir Arnarfjarðar og þingmenn Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu hitzt á Rafnseyri og rætt málið. Eru tillögur nefndarinnar gerðar í samráði við alla þessa aðila og einróma samþykki.

Voru nefndar- og fundarmenn allir á eitt sáttir um, að ríkisstjórn og Alþingi væri skylt að stuðla að því, að Rafnseyri við Arnarfjörð yrði með tímanum vistlegt

og virðulegt höfuðból, samboðið minningu Jóns Sigurðssonar, enda liggur sú hugsun nærri, að um leið og fæðingardagur Jóns Sigurðssonar er valinn til stofnunar lýðveldis á Íslandi, þá sé jafnframt skylt að sýna fæðingarstað hans nokkurn sóma. Jafnframt er það álit nefndarinnar, að því verði komið í framkvæmd án verulegs tilkostnaðar umfram það, sem ríkissjóði er gildandi lögum og venjum samkvæmt skylt að leggja til skóla, kirkju og samgangna. Hér fara á eftir tillögur nefndarinnar og álit:

1. Rafnseyri liggur vel og miðsveitis, þegar miðað er við framtíðarsamgöngur Vestfjarða. Það verður fjölfarið til Rafnseyrar, þegar bílvegir og ferjur yfir heiðar og firði eru komnar í fyrirhugað horf, og er útlit fyrir, að þess þurfi ekki að verða langt að bíða. Hringleiðin um Vestfirði, norður Þorskafjarðarheiði með bíl, norður Djúpið til Ísafjarðar með Djúpbátnum og þaðan vestur til Önundarfjarðar, Dýrafjarðar og Arnarfjarðar yfir heiðar að Rafnseyri, þá með bílferju til Bíldudals og yfir Hálfdan til Patreksfjarðar, þaðan á Rauðasand eða Barðaströnd og loks suður með Breiðafjarðarbáti, þessi leið verður mjög fjölfarin, þegar hún opnast. Á þessari leið eru enn þrír þröskuldar, Þorskafjarðarheiðin, Rafnseyrarheiðin og yfir Hálfdan, en þar er nú alls staðar unnið að vegagerð. Þegar leiðirnar opnast, má búast við, að hugur margra ferðamanna standi til að koma að Rafnseyri og dveljast þar, enda er það náttúrlegur áfangastaður, og er þá mikils um vert, að ekki sé köld aðkoma á sögustaðnum.

2. Rafnseyri er kirkjustaður og prestssetur. En prestakallið er fámennt og bændur þar yfirleitt lítt efnum búnir. Prestur er nýfluttur burtu þaðan og vafasamt, hvernig gengur að fá nýjan prest, nema nokkuð sé að gert um að hlynna að staðnum og stækka verkahring prestsins. En það er eitt skilyrði fyrir því, að virðing staðarins haldist, að þar verði áfram prestssetur. Verkefni prests mætti auka með kennslustörfum, og prestssetrið þarf að byggja upp innan tíðar. Hefur nefndin átt tal við biskup um málið, og er hann þess mjög fýsandi, að framtíð Rafnseyrar sem kirkjustaðar og prestsseturs verði tryggð. Það má gera samkvæmt gildandi lögum, þegar fjárveiting leyfir, en æskilegt er, að þeim framkvæmdum sé flýtt, og má það verða með velvilja kirkjustjórnar og fjárveitingavalds. En ekki getur það talizt aukakostnaður.

3. Barnafræðslu í Auðkúluhreppi og raunar við allan Arnarfjörð verður ekki komið í framtíðarhorf nema með heimavistarskóla. Byggðin er strjál og margir bæir afskekktir. Rafnseyri liggur vel í sveit til að vera skólasetur og hefur mörg önnur góð skilyrði. Skólahús á Rafnseyri gæti og verið sumargististaður, eins og áður hefur verið minnzt á, að þörf sé fyrir. Prestur gæti og verið aukakennari, og er það hvort tveggja, að það yki verkefni hans og væri til sparnaðar og hagræðis. Þá má og gera ráð fyrir, að prestur geti haft nokkra unglingafræðslu með líkum hætti og margir prestar áður höfðu og þó við betri aðstöðu. Þann veg var Jón Sigurðsson upp fræddur, og væri vel, ef hægt væri að endurvekja á Rafnseyri gamalt og gott kennslulag. Vafalaust væri þá rétt, að prestur væri skipaður af ríkisstjórninni, en ekki kosinn af sóknarbörnum. Nefndin hefur borið sig saman við fræðslumálastjóra um þetta mál, og er hann mjög hvetjandi um framkvæmdir. En þess er þó rétt að geta, að Auðkúluhreppur er fámennur og fátækur, og er sennilegt, að ríkissjóður yrði að einhverju eða öllu leyti að hlaupa undir bagga með honum og öðrum Arnarfjarðarsveitum um venjulegt heimaframlag til skólabyggingar. Að öðru leyti væri hér ekki um aukakostnað að ræða.

4. Í skólahúsi væri vel til fallið að hafa Jóns Sigurðssonar safn, öll rit hans og það, sem um hann hefur verið skrifað, myndasafn, styttur og hluti úr hans eign, sem teldust vel geymdir þar. Ef til slíks safns væri tekið sérstakt herbergi, þá þyrfti byggingarkostnaður þess að greiðast að öllu úr ríkissjóði.

5. Rafnseyri liggur í stórum, fögrum hvammi og háir ásar á báða vegu. Hlíðarnar eru vel fallnar til skógræktar og skjólgott fyrir skrúðgarð. Undirlendið er vel fallið til ræktunar og hæfilega mikið, þegar það væri komið í rækt, til að fullnægja þörfum skólaheimilis og gistihúss auk prestsseturs. En þar eru nú víða, einkum í túninu,

gamlar rústir og görðum og útihúsum óskipulega fyrir komið. Þyrfti þegar að hefjast handa um skipulagning hvammsins, ruðning og ræktun. Það þarf þegar í upphafi að ætla prestssetri, skólahúsi, skrúðgarði, skógrækt o. fl. stað og vinna svo á mörgum árum samkvæmt skipulagsuppdrætti. Hefur skipulagsstjóri ríkisins þegar athugað málið og heitið stuðningi sínum í framtíðinni.

6. Á Rafnseyri er minnismerki um Jón Sigurðsson, sem reist var á hundrað ára afmæli hans, 1911. Minnismerkið er látlaust og smekklegt, stór steinn, uppmjór, og í hann greyptur eirskjöldur með mynd Jóns Sigurðssonar og sverð bak við skjöldinn. Skjöldinn gerði Einar Jónsson. Þetta minnismerki er til frambúðar, en þarf þó lagfæringar, og er það fyrst, að það þarf að hækka það nokkuð frá jörðu með undirhleðslu. Þá hefur nefndin látið koma fyrir mikilli flaggstöng á stað, sem ber hátt, svo að fáninn blasi við ferðamönnum og segi til um, hvert komið sé.

7. Eins og framanskráðar tillögur bera með sér, leggur nefndin til, að fæðingarstað Jóns Sigurðssonar sé sómi sýndur á þann hátt, að fullnægt sé menningarþörf nútíðar og framtíðar. Teljum við það mjög í anda Jóns Sigurðssonar sjálfs. Kostnaður yrði að miklu leyti samkvæmt núgildandi almennum lögum, en aukakostnað er ekki hægt að áætla nákvæmlega að svo stöddu. Teljum við þó, að veita þyrfti um 150 þús. krónur, — ca. 50 þús. kr. til ræktunar, skrúðgarðs og girðinga og ca. 100 þús. kr. til skólahúss og safns. Er líklegt, að sú fjárveiting hrykki langt, og væri þá hægt að hefja framkvæmdir.

8. Nefndin hefur talið rétt að stilla tillögum sínum um framkvæmdir og fjárútlát í hóf. Þó má segja, að tillögur nefndarinnar séu ekki um allt fastskorðaðar eða fullundirbúnar. En svo hlaut að vera á þessu stigi málsins. Gerir nefndin þá tillögu, að skipuð verði nefnd, sem sjái um framkvæmdir og nánari útfærslu, og vinni hún í nánu samstarfi við alla aðila.

Reykjavík, 1. des. 1944."

Nd. 637. Breytingartillögur

við frv. til l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Frá Sveinbirni Högnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálnaregistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Bækur þessar skal rita greinilega og án nokkurrar undanfellingar. Um hver áramót skal taka samrit af bókunum fyrir næstliðið ár og senda þjóðskjalasafninu til afnota og varðveizlu. Þar, sem héraðsbókasafn er starfandi, er því heimilt að láta jafnhliða taka samrit fyrir sig af embættisbókum þessum — og getur annað hvort samið um það við sóknarprest, að hann geri það, eða fengið annan til að gera það.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum: „úr vönduðum pappír" komi: og eyðublöðum til að taka samrit af þeim.
3. Við 3. gr. Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna komi ein málsgrein, svo hljóðandi:
   Kirkjubækur sóknarpresta skulu geymdar á prestssetrinu, og skal kirkjustjórnin sjá um, að örugg geymsla sé fyrir hendi til að varðveita þær gegn skemmdum eða bruna. Þegar 50 ár eru liðin, frá því að bækurnar voru fullritaðar, skal þjóðskjalasafninu heimilt að kalla þær inn og taka þær til varðveizlu, enda afhendi það þá samtímis bókasafni prestakallsins samrit þau, er það hafði áður fengið af viðkomandi bók.

Ed. 638. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður. (Greinatala frv. breytist samkv. því.)

Ed. 639. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin falli niður (og greinatalan breytist eftir því).

Nd. 640. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Upphaf 6. gr. laganna, að orðunum „Sölustjórn getur“ o. s. frv., orðist svo:

Nú er svo háttað, er segir í upphafi 5. gr., og skal þá öðrum mjólkurbúum, er stofnuð verða utan hinna ákveðnu verðjöfnunarsvæða, heimilt að selja rjóma, nýtt skyr og aðrar mjólkurvinnsluvörur í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðanna. Ekki skulu þó þær vörur heyra undir verðjöfnunarákvæði þau, er gilda fyrir viðkomandi verðjöfnunarsvæði. Skal hin viðurkennda sölumiðstöð annast sölu þeirra og dreifingu, og má sölu- og dreifingarkostnaður þeirra eigi vera hærri en sams konar vara, er framleiddar eru á verðjöfnunarsvæðinu.

2. gr.

Heimilt skal mjólkurvinnslustöðvum á verðjöfnunarsvæðum að taka mjólk til vinnslu úr héruðum, er liggja utan svæðanna, sé þess óskað og möguleikar til að vinna mjólkina eru fyrir hendi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með mjólkurlögunum, er samþykkt voru á Alþingi 1934, er vissum héruðum gefinn einkaréttur til að framleiða mjólk og mjólkurvörur fyrir aðalmarkaðsstaði landsins. Enn fremur skyldi lagt verðjöfnunargjald á neyzlumjólk og rjóma til að

verðjafna þá mjólk, er unnin væri á viðkomandi verðjöfnunarsvæði. Þá er og ákveðið í lögum þessum, að mjólkurbúum þeim, er einkaleyfi fá til að starfrækja mjólkurbúðir, sé skylt að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum.

Þessi löggjöf og framkvæmd hennar hefur valdið illvígari deilum en nokkur önnur lagasmíð síðustu ára. Verðjöfnunargjaldið hefur orðið mjög óvinsælt hjá þeim, er það hafa orðið að greiða, og eflt hagsmunamótsetningar og úlfúð milli þeirra framleiðenda,sem hér eiga hlut að máli. Þá er og kunnugt, að ákvæðið um næga neyzlumjólk hefur alls ekki verið uppfyllt, auk þess sem aðrar mjólkurvörur, svo sem skyr og smjör, eru því nær ófáanlegar. Að fylla þennan markað er mikið verk, sem leysa þarf af hendi á næstu árum.

Þrátt fyrir þá staðreynd, að sífelldur skortur er á mjólk og mjólkurvörum í Reykjavík og Hafnarfirði, er öðrum héruðum bannað með lögum að flytja mjólkurvörur til þessara staða. Þess vegna hafa komið fram háværar kröfur, bæði úti um land og á Alþingi, um að stækka verðjöfnunarsvæðin. Þó mun mjög orka tvímælis, hvort rétt er að fara þá leið, þar sem miklar líkur eru til, að hin óvinsæla verðjöfnunaraðferð eigi ekki langa framtíð. Hins vegar er það óverjandi að hindra aukningu mjólkurframleiðslunnar eins og nú er gert með áðurnefndri löggjöf. Þá skal þess getið, að þau héruð, sem fyrst kæmu til greina með að framleiða mjólkurvörur fyrir Reykjavíkurmarkað utan verðjöfnunarsvæðisins, hafa flest orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni af völdum fjárpesta, og því óhjákvæmilegt, að Alþingi greiði fyrir þeim bændum með því að leyfa þeim að framleiða og selja á aðalmarkaðsstöðum landsins þessar vörur, sem beinlínis er skortur á. Í sumum þessara héraða hafa bændur komið upp smjörsamlögum, en eru þá í vandræðum með að fá viðunandi verð fyrir undanrennuna, því að verði hún mjög lítils virði, verður smjörið að seljast afar háu verði eða framleiðslan ber sig illa. Aftur á móti hefur skyr verið uppáhaldsfæða Íslendinga frá ómunatíð, og má án efa selja mikið af því í Reykjavík og víðar, ef góð vara væri á boðstólum og mjólkurlögin bönnuðu ekki flutning þess inn á verðjöfnunarsvæðið. Meðan núverandi ástand helzt, er engin von til þess, að bændur utan verðjöfnunarsvæðanna komi sér upp mjólkurvinnslustöðvum.

Með þessu frv. er lagt til að opna þann þrönga hring, er með óskynsamlegri löggjöf hefur verið sleginn um möguleika fjölda bænda til að framleiða þessa vöru, sem án efa má teljast ein grundvallarundirstaðan að heilbrigði þjóðarinnar.

Sú leið, sem hér er bent á, er millileið milli þeirra, sem halda vilja ástandinu óbreyttu, og hinna, sem vilja stækka verðjöfnunarsvæðin, og miðar að því að opna möguleika til framleiðslu og sölu mjólkurvara fyrir fleiri framleiðendur en áður, en án verðjöfnunar. Ástandið í mjólkurmálunum er þegar orðið svo alvarlegt, að Alþingi má ekki lengur láta það afskiptalaust. Verði horfið að því ráði að skipuleggja landbúnaðarframleiðsluna fyrir innanlandsmarkaðinn, mun sú tilhögun, sem í frv. felst, verða nauðsynlegur liður í þeirri heildarskipulagningu.

Ed. 641. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

1. efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945, ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs þó ekki fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgrein sömu greinar falli niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tillögum milliþinganefndar um læknaskipun o. fl. Færir nefndin þau rök fyrir því að fresta stofnun hins fyrirhugaða Borðeyrarhéraðs, að tveir hreppar, Óspakseyrarhreppur og Staðarhreppur, af þremur, sem ætlað var að ganga saman í þetta hérað, hafa þegar mótmælt héraðsstofnuninni fyrir sitt leyti, en þeir eru að fólksfjölda svo verulegur hluti hins fyrirhugaða héraðs (220 af 490), að ekki verður komizt hjá að taka tillit til þeirra mótmæla.

Á Snæfellsnesi horfir málið hins vegar svo við, að héraðsstofnunin er áhugamál tveggja hreppa af þremur, Breiðavíkurhrepps og Staðarsveitar, og mikils meiri hluta íbúa hins fyrirhugaða héraðs þar (487 af 677), en einn hreppurinn, Miklaholtshreppur, telur hana ekki tiltækilega. Þykir hann verða að beygja sig fyrir nauðsyn hinna gegn því, að hann eigi eftir sem áður jafnan rétt til héraðslæknis í Stykkishólmi. Eftir nána athugun og m. a. með tilliti til viðskipta íbúa Miklaholtshrepps við héraðslækni í hinu nýja héraði, þykir eðlilegast að ákveða honum aðsetur á Staðarstað. En með því að fyrirsjáanlegt er, að nokkur töf hlýtur að verða á því, að læknir fáist í þetta hérað, m. a. fyrir það, að hæfilegs læknisbústaðar er enn vant, þykir ekki rétt að láta hina nýju skipun koma til virkra framkvæmda fyrr en héraðið fæst skipað sérstökum lækni.

Rétt þykir að láta bíða að gefa út læknaskipunarlögin í heild, þangað til heildarendurskoðun þeirra er lokið.

Nd. 642. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. september 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr., sem hefjist svo fljótt sem ástæður leyfa, heimilast ríkisstjórninni að taka lán innan lands, fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 20 milljónir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Allir munu vera sammála um, að þjóðarnauðsyn sé til þess að auka afköst síldarverksmiðjanna í landinu og að þessi afkastaaukning verði samfara aukningu skipastóls landsmanna. Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta reisa nýja

10 þúsund mála síldarverksmiðju á Siglufirði fyrir síldarvertíð 1946 og nýja 5 þús. mála verksmiðju í Höfðakaupstað eins fljótt og hafnarskilyrði þar leyfa, helzt fyrir síldarvertíð 1946. Til þess að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir, ber nauðsyn til að hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar úr 10 millj. kr., eins og hún er í núgildandi lögum, upp í 20 millj. króna.

Sþ. 643. Þingsályktun

um þátttöku í alþjóðlega vinnumálasambandinu.

(Afgreidd frá Sþ. 7. des.)

Samhljóða þskj. 496.

Nd. 644. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á mörgum fundum og rætt það nokkuð við landbúnaðarráðherra. Er öll nefndin sammála um það, að nauðsyn beri til róttækra ráðstafana, svo að unnt sé, að bændur landsins geti byggt búskap sinn á ræktuðu og vélarfæru landi. Telur nefndin þetta álíka mikilsvert fyrir landbúnaðinn og það var á sínum tíma fyrir sjávarútveginn að fá vélskip í stað róðrarbáta.

Nefndinni er ljóst, að þessu takmarki verður ekki náð nema með mjög miklum opinberum stuðningi og sterkum félagssamtökum bændanna sjálfra um allar sveitir landsins. Hins vegar er verulegur ágreiningur milli nefndarmanna um það, hvernig náð verði því takmarki, sem að er stefnt, á heppilegastan hátt.

Bjarni Ásgeirsson vill samþykkja frumvarpið óbreytt eða því sem næst, en telur sig þó geta aðhyllzt verulegar breytingar, ef sýnt er í meðferð málsins, að því sé tryggari framgangur á þann hátt.

Barði Guðmundsson vill fresta afgreiðslu málsins, þar til álit landbúnaðarráðherra liggur fyrir.

Hinir þrír nefndarmennirnir, JPálm, JS og SG, vilja samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Jón Sigurðsson, sem er flutningsmaður málsins, vill þó taka fram, að hann fylgi auðvitað frumvarpinu óbreyttu, ef breytingartillögurnar ná ekki fram að ganga.

Breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar er byggð á þeirri grundvallarskoðun, að með samþykkt hennar sé miklu meiri trygging fyrir því, að það takmark náist, sem að er stefnt, vegna þess:

1. að með þeim hætti verður eigi fram hjá því komizt að rannsaka aðstöðuna á hverri jörð í landinu með tilliti til ræktunarástands túnanna og þeirrar nýræktar, sem þegar hefur verið ráðizt í;
2. að þannig sé frekari vissa fyrir því, að vinnu allra stórvirkari jarðræktarvéla verði komið í eðlilegt kerfi, er miðað sé við fullkomnustu afköst og mestan árangur;
3. að með þeim hætti sé miklu tryggara en ella, að öll nýrækt verði betur gerð og komi að fullu gagni, þar sem ábyrgð búnaðarfélaga og samþykktarhéraða verði þannig tryggð fyrir fram, að þau verði annað hvort að koma landinu í fulla rækt eða endurborga framræslu og vinnslu, ef hlutaðeigandi bændur vanrækja hlutverk sitt á því sviði.

Að lokum ber þess að geta, að Jón Pálmason flytur tillögu um afnám 17. gr. jarðræktarlaganna, en um það hefur eigi náðst samkomulag í nefndinni.

Alþingi, 7. des. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Barði Guðmundsson.
Jón Sigurðsson. Sigurður Guðnason.

Sþ. 645. Nefndarálit

um till. til þál. um framkvæmd póstmála.

Frá fjárveitinganefnd.

Í tillögum milliþinganefndar í póstmálum er gert ráð fyrir, að gerðar verði á næstunni mjög víðtækar endurbætur á póstsamgöngum í landinu. Endurbætur þessar felast einkum í því að fjölga mjög póstferðum um landið og hagræða þeim þannig, að sem haganlegastar verði fyrir landsmenn. Gerir nefndin ráð fyrir í tillögum sínum, að pósti verði komið vikulega árið um kring um öll héruð landsins og á flest heimili. Á nokkra staði í strjálbýlinu er þó gert ráð fyrir, að póstur komi ekki nema hálfsmánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Þá leggur nefndin til, að skip gangi að minnsta kosti hálfsmánaðarlega milli kaupstaða og stærstu þorpa. Flóabátar eða landpóstar fari minnst vikulega milli aðalviðkomustaða strandferðaskipanna, svo framt póstur berist svo oft. Sérleyfisbílar skulu fara með póst milli landshluta og dreifa pósti um víðar en nú er gert. Bifreiðar, sem annast vöruflutninga með reglulegum ferðum daglega eða sjaldnar innan héraðanna, skulu dreifa pósti á bæi með leiðum sínum. Póst skal bera á sem flesta bæi í hverju héraði og koma upp póstkössum við staði þá, er mjólkur- og flutningabifreiðar taka eða skila flutningi á.

Séu þessar tillögur bornar saman við það ástand, sem nú ríkir, sést, að hér er um miklar endurbætur að ræða og framför frá því, sem verið hefur. En þessum endurbótum fylgir nokkur aukinn kostnaður. Milliþinganefndin hefur látið athuga, hversu mjög þessar endurbætur mundu auka póstkostnaðinn, þegar þær væru til fulls framkvæmdar. Niðurstaðan er sú, að árlegur kostnaðarauki yrði kr. 534 þúsund. Þessu til viðbótar koma póstkassar, sem talið er, að kosta muni kr. 225 þúsund. Auk þess bendir milliþinganefndin á, að þegar breytingarnar á póstsamgöngunum komi til framkvæmda, falli úr gildi eða breytist samningar við flesta landpósta, og ef semja þurfi við þá á ný á núverandi verðbólgutímum, þá muni þeir gera kröfur um verulega kauphækkun, en af því kunni að leiða almennar kröfur frá landpóstum um aukna þóknun fyrir störf sín vegna fjölgunar á póstferðum og þar af leiðandi afgreiðslufjölgun. Af þessu er ljóst, að framkvæmd tillagna milliþinganefndarinnar mun verða allkostnaðarsöm fyrir ríkissjóð.

Fjárveitinganefnd telur nauðsynlegt að endurbæta nú þegar póstsamgöngurnar í landinu. Tillögur milliþinganefndarinnar virðast vera myndarlegt spor í þá átt. Það er hins vegar ljóst, að verulegan tíma hlýtur að taka að framkvæma þessar tillögur til fulls, og ekki verður með vissu sagt í upphafi, hvaða erfiðleikar kunna að vera á framkvæmdinni. Þarf því að hefjast hið fyrsta handa um endurskipulagning póstsamgangnanna á grundvelli tillagnanna, til þess að þessum málum verði hið fyrsta komið í viðunanlegra horf en nú er. Fjárveitinganefnd hefur fyrir sitt leyti viljað stuðla að því, að svo mætti verða, með því að leggja til í breytingartillögum sínum við fjárlögin, að nokkru ríflegri fjárhæð en ella hefði orðið verði varið til póstmála. Er fjárhæð sú, sem hér um ræðir, ákveðin í samráði við samgöngumálaráð-

herra og miðuð við það, að þegar verði hafizt handa um breytingar í þá átt, sem að er stefnt í tillögum póstmálanefndar. Þótt fjárhæð þessi hrökkvi ekki til þess, að fullkomin framkvæmd verði af hendi innt á næsta ári, þá mundi sú breyting, sem leiðir af aukning þessari á fjárframlaginu, gefa mikilsverða reynslu, sem byggja mætti á síðar, þegar máli þessu verður hrundið í framkvæmd á grundvelli þeim, sem lagður er í tillögu milliþinganefndarinnar.

Fjárveitinganefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, eftir því sem við verður komið, framkvæma frá næstu áramótum breytingar þær á póstsamgöngum, sem felast í tillögum milliþinganefndar í póstmálum.

SK tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 5. desember 1944.

Pétur Ottesen, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.
Þorst. Þorsteinsson.	Jónas Jónsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Lúðvík Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson, með fyrirvara.	

Sþ. 646. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 579 og 626.

I. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 626,I. 23. (Við 12. gr. II.).
1. Liðinn skal orða svo:
Í Breiðabólsstaðarhéraði:

a. Skaftártunguhreppur	300
b. Álftavershreppur	300
c. Leiðvallarhreppur	300

2. Nýr liður á eftir:
Í Víkurhéraði:

Austur-Eyjafjallahreppur	300

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 12. gr. VII. Nýr rómv. liður:
Styrkur til Súgfirðinga til þess að hafa lærða hjúkrunarkonu 1 000

III. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 12. gr. VII. Nýr liður:
Styrkur til Borgarfjarðarhrepps til þess að hafa lærða hjúkrunarkonu 1 000
Styrkur þessi fellur niður, komi læknir í héraðið.

IV. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 12. gr. VII. Nýr liður:
Styrkur til Bolvíkinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu 1 000

V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýr liður:
Álftá í Hraunhreppi 80 000

VI. Frá *Hermanni Jónassyni.*

Við brtt. 579,26. b. 3. (Við 13. gr. A. III. 2.). Nýir liðir:

1.	Staðará í Strandasýslu	120 000
2.	Selá í sömu sýslu	130 000

VII. Frá *Páli Zóphóníassyni.*

Við 13. gr. A. IX. Liðinn skal orða svo:

Til ferjuhalds			8 900
1.	Til flutninga eftir Skorradalsvatni	600	
2.	Til ferju yfir Hrútafjörð	300	
3.	Til ferju yfir Blöndu hjá Tungukoti	450	
4.	Til kláfferju á austari Jökulsá hjá Skatastöðum	525	
5.	Til kláfferju á Héraðsvötn hjá Tungukoti	300	
6.	Til kláfferju á Jökulsá á Dal	1 500	
	Hreppsnefnd Jökuldalshrepps ákveður, hvernig styrkurinn skiptist milli ferjustaða.		
7.	Til ferjuhalds á Héraðsvötnum hjá Eyhildarholti	300	
8.	Til ferjuhalds á Skjálfandafljóti hjá Sandvík	150	
9.	Til ferjuhalds á Lagarfljóti	1 500	
	Sýslunefnd Norður-Múlasýslu ákveður, hvernig styrkurinn skiptist milli ferjustaða.		
10.	Til ferjuhalds á Jökulsá hjá Sleðbrjót	300	
11.	Til ferjuhalds á Hornafjarðarfljóti	1 000	
12.	Til ferjuhalds á Þjórsá hjá Þjórsárholti	375	
13.	Til ferjuhalds á Hvítá í Árnessýslu	1 000	
	Sýslunefnd ákveður, hvernig styrkurinn skiptist milli ferjustaða.		
14.	Til ferjuhalds á Tungufljóti hjá Króki	300	
15.	Til ferjuhalds á Jökulsá í Fljótsdal	300	
		8 900	

Styrkur til þess ferjuhalds, sem ekki er á þjóðvegum, greiðist gegn jöfnu framlagi frá sýslu eða hreppi.

Ferjutollar skulu ákveðnir af sýslunefndum og samþykktir af vegamálastjóra.

VIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Gísla Jónssyni, Einari Olgeirssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:

Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (fyrsta greiðsla af þremur) 50 000

IX. Frá *Jóni Pálmasyni.*

Við 15. gr. A. VI. 10. Nýr liður:

Til sýslubókasafnsins á Blönduósi 2 000

X. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Bjarna Benediktssyni.*

Við 15. gr. A. XI. 1. Nýr liður:

Til lúðrasveitar Reykjavíkur 50 000

XI. Frá *Eysteini Jónssyni, Páli Hermannssyni, Ingvari Pálmasyni, Páli Zóphóníassyni* og *Páli Þorsteinssyni.*

Við 22. gr. VII. Nýr liður:

Að kaupa nýtt strandferðaskip af líkri stærð og Esja.

Nd. 647. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er flutt í háttv. Ed. Landbúnaðarnefnd þeirrar deildar hefur tekið frv. til rækilegrar athugunar og leitað um það umsagnar Búnaðarfélags Íslands. Auk þess birti meiri og minni hluti nefndarinnar álit nefndar þeirrar, er stjórn Búnaðarfélagsins skipaði til þess að gera tillögur um stað fyrir bændaskóla Suðurlands. Landbúnaðarnefnd Nd. hefur nú fengið mál þetta til meðferðar. Eftir að hafa athugað frv. og þau gögn, er því fylgja, samþykkti meiri hluti nefndarinnar að mæla með, að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Einn nefndarmanna (BÁ) sat hjá við atkvæðagreiðslu og lýsti því yfir, að eins og nú væri komið, mundi hann engin afskipti hafa af afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 1944.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.
Sigurður Guðnason. Barði Guðmundsson.

Ed. 648. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt.

Eins og minnzt er á í greinargerð frv., teljum við, að æskilegast væri, að kvaðir vegna byggingarstyrkja féllu niður, en þar sem óvíst er um örlög þessa frv. hér við aðra umræðu, viljum við ekki gera neinar slíkar breytingartillögur á þessu stigi málsins.

Alþingi, 8. des. 1944.

Þorst. Þorsteinsson, form. Eiríkur Einarsson, fundaskr.

Sþ. 649. Breytingartillögur

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 579 og 612.

I. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 12. gr. VII. Nýr liður:
Styrkur til Flateyjarhrepps á Skjálfanda til þess að hafa lærða hjúkrunarkonu 1 000

II. Frá *Kristni Andréssyni.*
1. Við brtt. 579,54. (Við 15. gr. A. VIII. — Skáld, rithöf. og listamenn).
a. Við a-lið. Fyrir „175 000“ kemur 200 000
b. Við b-lið. Fyrir „262 500“ kemur 300 000

2. Við brtt. 579,25. 63. (Við 13. gr. A. II. a. — Reykjahverfisvegur).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
3. Við brtt. 579,49. b. (Við 14. gr. B. XXII. — Alþýðusamb.).
Fyrir „10 000“ kemur 100 000

III. Frá *Steingrimi Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 612, XL. 1. (Við 16. gr. C. 9. — Vatnsv. Glerárþorps).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

IV. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. VII. Nýir liðir:
1. Að verja allt að 50 þús. kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands, eftir tillögu vegamálastjóra. (Helmingur upphæðarinnar endurveiting.)
2. Að verja allt að 20 þús. kr. til kaupa á hentugri bifreið til þess að halda uppi samgöngum undir Ólafsvíkur-Enni á Snæfellsnesi.

Nd. 650. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka leigunámi lóð á landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingu. — Tveir nefndarmenn (StJSt og ÞG) voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLAGA:

Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr. (og breytist greinatala samkv. því):
Um framkvæmd leigunáms samkv. heimild í 1. gr. fer eftir l. nr. 61 1917.

Alþingi, 8. des. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 651. Frumvarp til laga

um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason, Sigfús Sigurhjartarson, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Þar til stofnsett verður sérstök undirbúningsdeild fyrir prestaefni (Pastoral Seminarium), skulu vera tvö dósentsembætti við guðfræðideild Háskóla Íslands, enda verði séra Björn Magnússon prófastur að Borg skipaður í annað þeirra.

2. gr.

Jafnframt skal auka kennslu í deildinni í trúarbragðasögu, kirkjurétti og sálgæzlu. Guðfræðideildin skiptir verkum milli kennaranna eftir því, sem hagkvæmast þykir.

Greinargerð.

Biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurgeir Sigurðsson, hefur óskað, að frumvarp þetta yrði flutt á Alþingi. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Frumvarp þetta er fram borið vegna eindreginna áskorana 75 presta landsins.

Tilgangur þess er að efla guðfræðideildina og auka kennslu þar til nokkurra muna frá því, sem nú er.

Í öðrum menningarlöndum er talið óhjákvæmilegt, að sérstök framhaldsdeild fyrir prestaefni (Pastoral Seminarium) sé starfrækt jafnhliða guðfræðideildum háskólanna. Vegna kostnaðar þykir ekki rétt að fara fram á slíkt, en hins vegar gert ráð fyrir, að með fjölgun dósenta við deildina um einn megi taka upp kennslu í ýmsum þeim greinum, sem venja er að kenna í slíkri framhaldsdeild.

Vegna þess, að tvær dómnefndir hafa með nokkurra ára millibili dæmt séra Björn Magnússon vel hæfan til kennslustarfs við guðfræðideildina, en hins vegar ýmsar orsakir, sem ekki skulu hér raktar, orðið til þess, að hann hefur ekki enn hlotið þennan starfa, og einnig með tilliti til þess, að kennslukraftar deildarinnar megi auknir verða þegar á þessum vetri, þykir rétt að binda starfið við nafn séra Björns Magnússonar, enda hefur guðfræðideild þegar mælt eindregið með honum til slíks kennslustarfs, og loks hafa nú 75 prestar landsins með áskorunarskjali til Alþingis mælt með því, að honum verði starfinn veittur."

Sþ. 652. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 645 [Framkvæmd póstmála].

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er orðist þannig:

Skal framkvæmdum haga þannig, að nýjum fjárframlögum sé varið fyrst og fremst til að bæta úr póstsamgöngum í þeim héruðum, sem nú búa við lakastar póstsamgöngur.

Nd. 653. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. b. Á eftir orðunum „venjuleg nýrækt" komi: þar með talin nauðsynleg framræsla.

Ed. 654. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1944.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Kristinn E. Andrésson.	H. Guðmundsson.	

Nd. 655. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. StJSt og ÞG voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. des. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form. Gunnar Thoroddsen, frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 656. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um olíugeyma o. fl.

Frá Pétri Ottesen.

Hvað líður framkvæmd laga nr. 110 30. des. 1943, um olíugeyma o. fl.?

Nd. 657. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 30/1933 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir sveitar-(bæjar-, sýslu-)félögum allt að tveim fimmtu kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar fjórðungssjúkrahúss, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ríkissjóður greiðir fjórðungssjúkrahúsum árlega eftir á rekstrarstyrk, er nemi 100 krónum á sjúkrarúm, auk viðurkenndrar verðstuðulsuppbótar á hverjum tíma, og að auki allt að þeirri fjárhæð, er nemi þeim halla, sem sjúkrahús bíður af viðskiptum við innlenda sjúklinga, sem heimilisfastir eru utan þeirra sveitarfélaga, er að sjúkrahúsinu standa, miðað við það, að daggjöld sjúkrahússins fyrir þá sjúklinga séu ekki lægri en daggjöld landsspítalans á sama tíma. Þessi hluti rekstrarstyrksins má þó aldrei ná þeirri fjárhæð, að sjúkrahús beri meira úr býtum fyrir vist utansveitarsjúklinga en nemi kostnaði í sambærilegu ríkissjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild.

Ráðherra er heimilt að greiða öðrum sjúkrahúsum sveitar-(bæjar-, sýslu-)félaga en fjórðungssjúkrahúsum samsvarandi rekstrarstyrk vegna halla af viðskiptum við utansveitarsjúklinga, enda nemi þau viðskipti verulegum hluta af heildarviðskiptum sjúkrahússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur haft til meðferðar frv. þm. Akureyrarkaupstaðar um bygging og rekstur sjúkrahúss á Akureyri (138. mál). Sendi hún það til umsagnar milliþinganefndar um læknishéraðaskipun o. fl., sem nú er starfandi. Milliþinganefndin réð Alþingi frá því að stofna til ríkisrekstrar almennra sjúkrahúsa umfram landsspítalann. Er bréf nefndarinnar birt með þessari greinargerð. En jafnframt samdi milliþinganefndin frv. um breyting á l. frá 1933, um sjúkrahús o. fl., og lagði til, að lögfest yrðu þau hlutföll um framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa og læknisbústaða, að ríkissjóður greiddi helming stofnkostnaðar, en ¾ stofnkostnaðar til þriggja fjórðungssjúkrahúsa; enn fremur að ríkissjóður greiddi rekstrarhalla að því leyti, sem hann stafaði af utanhéraðssjúklingum.

Heilbr.- og félagsmálanefnd hefur rætt þetta mál ýtarlega, m. a. við heilbrigðismálaráðherra og landlækni. Hefur niðurstaðan orðið sú að flytja frv. milliþinganefndarinnar óbreytt að öðru leyti en því að breyta hlutföllum ríkissjóðsframlagsins í ⅔ og ⅗ til samkomulags. Einn nefndarmanna (SEH) gerir þó fyrirvara um þátttöku nærliggjandi sýslufélaga í stofn- og rekstrarkostnaði fjórðungssjúkrahúsa og hefði kosið, að hlutföllin væru ákveðin eins og milliþinganefndin lagði til.

Ákvæði frv. um rekstrarstyrk til sjúkrahúsa eru í samræmi við ákvæði fjárlaga tveggja síðustu ára.

Fylgiskjal.

MILLIÞINGANEFND UM LÆKNISHÉRAÐASKIPUN O. FL.

Reykjavík, 13. október 1944.

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp til laga um bygging og rekstur sjúkrahúss á Akureyri, sem liggur fyrir Alþingi á þingskjali 346. Hefur sú athugun leitt til þess, að nefndinni hefur komið saman um að ráða Alþingi að svo stöddu frá að stofna til ríkisrekstrar almennra sjúkrahúsa umfram Landsspítalann, enda telur nefndin, að fyrst og fremst beri að líta á hann sem kennslustofnun fyrir lækna, ljósmæður og hjúkrunarkonur, sem rekin sé fyrir þjóðarheildina, þó að hitt leiði af sjálfu sér, að næsta nágrenni spítalans hafi hans fyllri not en aðrir landshlutar. Þann aðstöðumun landshlutanna telur nefndin sanngjarnt að jafna með því að styrkja ríflegar en gert hefur verið byggingu læknisbústaða og sjúkraskýla úti um landið og efla sérstaklega eitt sjúkrahús í hverjum fjórðunganna utan Sunnlendingafjórðungs, sem nýtur Landsspítalans umfram aðra fjórðunga. En þetta telur nefndin, að gera eigi, án þess að vikið sé frá þeirri reglu, að almenn opinber sjúkrahús og einnig fjórðungssjúkrahúsin séu rekin af þeim sveitarfélögum, sem hafa þeirra höfuðnot, með því að það hljóti að tryggja betur en ríkisrekstur hagsýni um rekstur þeirra, án þeirrar íhaldssemi, er leitt geti til þess, að sjúkrahúsin svari miður en skyldi þeim kröfum, sem á hverjum tíma er réttmætt að gera til þeirra og þeir munu láta sig mestu varða, sem sjúkrahúsanna eiga að hafa beinust og brýnust not.

Í samræmi við það, sem að framan segir, hefur nefndin orðið ásátt um að mæla með samþykkt hjálagðs frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933,

um sjúkrahús o. fl., svo og að beina því til hæstvirts heilbrigðismálaráðherra, að hann hlutist til um, að það verði flutt sem stjórnarfrumvarp á Alþingi því, er nú situr.

Vilm. Jónsson. Gunnar Thoroddsen. Magnús Pétursson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 658. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

Flm.: Pétur Ottesen og Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 4½ millj. kr. viðbótarlán til virkjunar Andakílsár.

Greinargerð.

Það er í ráði, að byrjað verði á virkjun Andakílsár á næstk. vori. Er nú búið að festa kaup á mestum hluta efnis til virkjunarinnar í Svíþjóð. Lokið verður smíði á nokkrum hluta vélanna í næstkomandi febrúarmánuði, en hinum í júnímánuði. Efni í loftlínur, spennubreyta og þess háttar verður og tiltækt, þegar siglingaleiðir opnast milli Svíþjóðar og Íslands. Sement og járn til stíflugerðar og húsbygginga verður keypt eftir hendinni, en á þeim framkvæmdum hefst verkið.

Félag það, sem stendur að Andakílsárvirkjuninni, hefur fengið ríkisábyrgð fyrir láni til efniskaupanna, 3 millj. króna. Landsbankinn, Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn hafa tekið að sér útboð á láni til virkjunarinnar, að upphæð 3 millj. króna. Allur kostnaður við virkjunina, 5000 hö., er áætlaður 7500 þús. kr., og við þessa upphæð er viðbótarábyrgðin miðuð. Rafmagn frá virkjun þessari verður leitt til Akraness, Borgarness, Hvanneyrar og allmargra sveitabæja, sem eru á leið þeirri, sem línurnar liggja um, og auk þess einhverjar leiðslur um nágrenni Akraneskaupstaðar og ef til vill víðar. Talið er, að virkja megi 12000 hestöfl í Andakílsárfossum. Virkjun sú, er hér um ræðir, er byrjun á hagnýtingu þessara miklu virkjunarmöguleika. Síðar verður aukið við og rafmagnið leitt um aðrar byggðir Borgarfjarðarhéraðs.

Eins og fyrr greinir, eru það aðilar þeir, sem eiga Andakílsárfossana, sýslufélög Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og Akraneskaupstaður, sem staðið hafa að undirbúningi virkjunarinnar og hefja framkvæmdir. Um framhaldið, viðbótarvirkjun, fer svo eftir því, hvað ákveðið verður í lögum, sem sett kunna að verða um vatnsvirkjunarframkvæmdir í landinu.

Ed. 659. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu á rottum og músum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og m. a. rætt það við yfirdýralækni, hr. Sig. E. Hlíðar, sem lét nefndinni í té umsögn um málið. Að samkomulagi varð að láta ákvæði frumv. ekki ná til eyðingar á músum, heldur aðeins rottum.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin „og músum“ falli niður.
2. Við 2. gr. Orðin „og músum“ falli niður.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin „og músum“ í upphafi greinarinnar falli niður.
   b. Orðin „eða músa“ í síðasta málslið greinarinnar falli niður.
4. Við 5. gr. Orðin „og músum“ falli niður.
5. Við 6. gr. Orðin „og músum“ falli niður.
6. Við fyrirsögn: Orðin „og músum“ falli niður.

Einn nefndarmanna (BSt) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. des. 1944.

Bjarni Benediktsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.

Lárus Jóhannesson.

Ed. 660. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál mjög ýtarlega. Hún hefur kynnt sér öll gögn, sem henni hafa borizt frá ýmsum stéttarfélögum, og auk þess rætt málið við skólastjóra Stýrimannaskólans.

Að þessu athuguðu hefur nefndin samþykkt að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmaður (GÍG) var fjarstaddur við endanlega afgreiðslu málsins, og gerir hann því grein fyrir afstöðu sinni, ef honum kann að þykja ástæða til.

Alþingi, 9. des. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason.	Magnús Jónsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 661. Tillaga til þingsályktunar

um gistihúsbyggingu í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að koma á stofn félagi til að reisa almenningsgistihús með allt að 150 herbergjum á góðum stað í Reykjavík.

Greinargerð.

Fyrir Alþingishátíðina 1930 átti þáverandi ríkisstjórn nokkurn þátt í, að komið var upp eina viðunanlega gistihúsinu, sem til er í höfuðstaðnum. En þó að Hótel Borg bætti þá og bæti enn að verulegu leyti úr þörf ferðamanna, sem til bæjarins

koma, þá er straumur innlendra og erlendra gesta orðinn miklu meiri en svo, að þetta eina gistihús hafi nema að litlu leyti undan aðsókninni. Innlendir ferðamenn, sem gista í Reykjavík um þessar mundir, eru í hinum mestu vandræðum. Þá vantar bæði þak yfir höfuðið og aðstöðu til að fá mat og drykk til daglegra þarfa. Aðkomumenn úr sveit og frá sjó, sem hingað koma, verða að leita á náðir einstakra manna og þá að vonum til frænda og kunningja. En eins og að líkum lætur, koma margir hingað, sem ekki eiga að vandamenn, sem opna hús sín fyrir þeim. Gestrisni fólks í Reykjavík hefur fram að þessu bjargað þúsundum manna, sem til bæjarins koma, frá að liggja úti á götum höfuðstaðarins eða híma undir húsveggjum alla skammdegisnóttina.

En til lengdar er ekki hægt að búa við þetta ástand. Allur þorri aðkomumanna vildi langhelzt geta átt aðgang að sæmilegum gistihúsum, búið þar og heimsótt frændur og vini án þess að þurfa að þrengja sér inn á heimili, sem hafa venjulega litla aðstöðu til að taka á móti gestum.

Mál þetta snertir höfuðstaðinn og allt landið. Það er í eðli sínu stórt þjóðmál, og það verður ekki leyst nema með sameiginlegu átaki margra aðila.

Ég álít, ef tillaga þessi verður samþykkt, að ríkisstjórnin eigi að snúa sér til margra stofnana og félaga, sem telja má, að málið snerti beint og óbeint, svo og til einstakra manna, ekki sízt manna, sem framarlega standa í rekstri gistihúsa, og fá þessa aðila til að leysa vandann í sameiningu. Þær stofnanir, sem telja má sjálfsagt að leita til, eru Reykjavíkurbær, Eimskipafélag Íslands, Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, Sambandið og Verzlunarráðið, Landssamband útvegsmanna, Sláturfélagið og Mjólkursamsalan. Öll þessi fyrirtæki eru þar á vegi stödd, að þau geta stutt þetta mál og ættu að gera það vegna félagsmanna og viðskiptamanna.

Það er ósennilegt, að hægt verði að komast af með minna en 150 svefnherbergi. Þau ættu að vera mjög mismunandi að stærð og dýrleika. Í sumum beztu og nýjustu gistihúsum, sem reist voru í London fyrir stríðið, voru fáanleg lítil svefnherbergi fyrir 5 shillings, þó að önnur væru miklu dýrari.

Búnaðarbankinn á nú ágæta lóð fyrir nútímagistihús. Liggur hún að Kirkjustræti milli Alþingishússins og Skjaldbreiðar. Er varla til betri staður í bænum. Forstöðumenn bankans munu hafa haft við orð á undangengnum mánuðum, að þeir vildu gjarnan, að þar yrði reist nýtt gistihús.

Sþ. 662. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson, Barði Guðmundsson, Sigurður Kristjánsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað, að upphæð 5 millj. króna, til þess að ljúka við virkjun Fljótaár.

Lánið sé til 25 ára og með eigi hærri en 4% vöxtum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

Greinargerð.

Þáltill. þessi er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Hinn 24. marz 1943 var samþ. 1 milljón króna ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað vegna virkjunar Fljótaár, en fljótlega kom í ljós, að vegna hækkandi verðlags og annarra orsaka

mundi sú upphæð verða ónóg, og var því farið fram á viðbótarábyrgð fyrir 2 milljónum. Hinn 10. marz þ. á. var svo samþ. að veita þá ábyrgð.

Nú er virkjun Fljótaár komið það langt, að verið er að ljúka við niðursetningu annarrar hinna fyrirhuguðu 2350 hestafla vélasamstæða, og verður hún sennilega tekin í notkun í næsta mánuði. Að vísu er stíflan ekki enn þá hærri en það, að aðeins rúml. ⅔ af afköstum vélanna gætu notazt. Þetta kemur þó ekki að sök, þar sem rafmagnsþörf Siglufjarðar er ekki svo mikil enn þá.

Eins og meðfylgjandi fylgiskjöl, merkt I. til IV., sýna, mun Siglufjarðarkaupstaður þurfa 5 milljón króna viðbótarlán til að ljúka við virkjun Fljótaár upp í 4700 hestöfl, en lánið mun ekki fást nema með ríkisábyrgð. Þess vegna er þingsályktunartill. þessi flutt.

Nánar í fylgiskjölum og framsögu.

Fylgiskjal I.

Samkvæmt áætlun, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur meðtekið nýverið frá firmanu Höjgaard & Schultz A/S, er haft hefur með höndum framkvæmd á virkjun Skeiðsfoss með tilheyrandi fyrir reikning bæjarsjóðs Siglufjarðar, er það sýnilegt, að virkjunarkostnaður fer langt fram úr öllum þeim áætlunum, er gerðar hafa verið til þessa.

Til að ljúka því verki, sem ákveðið var að framkvæma nú, áætlar firmað, að þurfi 10,6 milljónir króna í beinan virkjunarkostnað. Þar fyrir utan mun þurfa um eina milljón króna til greiðslu á óbeinum virkjunarkostnaði, svo sem greiðslu vaxta, meðan á virkjun stendur, og á öðrum lántökukostnaði og til greiðslu á veðskuld á Rafveitu Siglufjarðar við Útvegsbanka Íslands h/f, að upphæð kr. 288000.00.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er ókleift að ljúka þessu verki, nema viðbótarlán, að upphæð fjórar milljónir króna, fáist með viðunandi kjörum. Það er ekki hægt, nema ríkisábyrgð fáist fyrir láninu.

Margur mun furða sig á, að eftir því sem framkvæmd verksins miðar áfram, skuli það stöðugt reynast dýrara og dýrara við hverja endurskoðun á áætlunum, sem fram hefur farið, og nú í þriðja sinn, síðan ákveðið var að ráðast í þetta verk, en samkvæmt þeim skýringum, er yfirverkfræðingur firmans, herra Kay Langvad, gefur fyrir þessu, og athugunum herra Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra virðast vera til þess eðlilegar og óviðráðanlegar orsakir að mestu.

Vér verðum því enn á ný að snúa oss til háttvirts Alþingis með beiðni um ríkisábyrgð fyrir viðbótarláni til að ljúka þessu verki.

Til skýringar því, hvernig á þessu stendur, leyfum vér oss að vísa til síðustu áætlunar herra Kay Langvads yfirverkfræðings ásamt greinargerð og samanburðaryfirlits og álits herra Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra um málið, er vér leggjum hér með í afritum ásamt rekstraráætlun fyrir rafveituna.

Það er sýnilegt, að fyrst í stað mun verða mjög erfitt að láta rekstur rafveitunnar bera öll þau útgjöld, er þessar auknu lántökur valda, en það er trú vor, að mjög fljótlega, eftir að atvinnulíf á Siglufirði kemst í eðlilegt horf eftir stríðið og þegar almenningur getur fengið keypt hin margvíslegu tæki til að geta notfært sér stórum aukið rafmagn, muni það geta tekizt að láta rafveituna standa undir öllum útgjöldum sínum og að ríkissjóður muni ekki þurfa að bera halla af henni.

Vélar þær, sem búið er að kaupa og verið er að setja upp, geta framleitt 2350 hestöfl eða 1600 kw rafmagns.

Með þeirri aukningu á síldarverksmiðjunum, sem nú er verið að framkvæma á Siglufirði og ákveðið er að framkvæma á næsta ári, þeirri aukningu á iðnaði í bænum, sem ráðgerð er, og stöðugt vaxandi notkun almennings á rafmagni, er sýnilegt, að rafmagn frá einni vélarsamstæðu verður of lítið eftir eitt til tvö ár.

Bygging á stíflu, leiðslu og aðrennslisröri er miðuð við tvær vélasamstæður af sömu stærð. Kostnað við kaup á annarri vélasamstæðu og uppsetningu hennar áætlar herra Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri eina milljón króna. Með því að fá hana fljótlega verður léttara að láta virkjunina bera sig fjárhagslega.

Bæjarstjórn Siglufjarðar væntir þess, að háttvirt Alþingi veiti ríkisábyrgð fyrir fimm milljón króna viðbótarláni til að ljúka virkjun þessari upp í 4750 hestöfl.

Virðingarfyllst,

Ó. Hertervig.

Fylgiskjal II.

Áætlun Höjgaard & Schultz A/S	kr.	10600000.00
Lántökukostnaður og vextir 1943	—	104018.00
Ferðakostnaður	—	27273.00
Veðskuld Rafveitu Siglufjarðar	—	288000.00
Risna o. fl.	—	2290.00
Skrifstofu- og verkfærakostnaður bæjarsjóðs	—	30500.00
Greiðsla fyrir símalögn á virkjunarstað	—	6000.00
Jarðspjöll og áætl. ófyrirsjáanleg gjöld	—	180000.00
Vextir 1944	—	274000.00
Samtals	kr.	11512081.00

Ó. Hertervig.

Fylgiskjal III.

RAFMAGNSSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Varðandi virkjun Skeiðsfoss.

A. Virkjunarkostnaður.

Áætlanir um kostnað og fjárhagsafkomu Skeiðsfossvirkjunarinnar voru gerðar sumarið 1942, eftir að tilboð í vélar og raftæki hafði fengizt frá Ameríku þá um vorið.

Var áætlunin þá á 6. millj. kr. með tveim vélasamstæðum upp á 2350 hestöfl hvor, og var virkjunarlánið við það miðað og samningar gerðir um framkvæmd verksins á þeim grundvelli.

Síðar kom í ljós, að ekki fékkst stjórnarleyfi í Ameríku fyrir meira en annarri vélasamstæðunni, og var þá áætlað, að virkjunarkostnaður mundi lækka við það um 750000 kr., en aukinn kostnaður yrði hins vegar vegna vaxandi dýrtíðar, sem einmitt óx ört seinni hluta sumars 1942 og haustið, og því hafa fylgt kauphækkanir síðar.

Sé áætlunin frá 1942 endurskoðuð og miðað við verðlagið, sem nú er, verður útkoman svipuð og varð með aukningu Sogsvirkjunarinnar. Kostnaðurinn reyndist nálægt tvöfaldur á móts við áætlunina 1942.

Í eftirfarandi töflu eru sýndir þrír aðalkostnaðarliðir virkjunarinnar sjálfrar ásamt háspennulínu til Siglufjarðar:

	Áætlun 1942	Sama áætlun breytt til árs 1944	Núverandi kostnaður
Vélar og tæki frá Ameríku	1370000	1600000	1629042
Byggingarefni og rekstrarvörur	1150000	2000000	2091617
Vinnulaun, flutn. á staðnum	1380000	4140000	5389291
Samtals	3900000	7740000	9109940

Skýringar: Hækkun á vélum og tækjum stafar af hækkun flutningskostnaðar. Hækkun byggingarefnis bæði af því og af hækkun kaupverðs.

Hækkun vinnulauna er þessi:	1942	1944
Verkamannakaup ásamt orlofsviðbót kr. á klst.	2.33	7.05
Trésmiðakaup kr. á klst.	3.64	11.40
Hækkunarhlutfall:		
Á verkamannakaupi		3.03
Á trésmiðakaupi		3.14

Þegar hér við bætist hækkun vegna ýmissa samningsákvæða, svo sem að 1. yfirvinnustund greiðist, án þess að unnið sé, þá má telja hækkunarhlutfallið eigi minna en 3.25 á vinnulaunum. Akstur hefur tvöfaldazt, en hann er reiknaður ¼ hluti kostnaðarliðarins. Vinnulaunaliðurinn hækkar þá úr 1380000 kr. upp í 4140000. En raunverulegur kostnaður mun verða 5389291 kr. eða 30% hærri.

Má áætla, að 15% eða helmingur þessarar hækkunar stafi af aukinni vinnu. Klöppin undir stíflunni beggja vegna farvegarins reyndist ekki eins traust og ætla mátti eftir undirbúningsathugununum. Varð því að sprengja meira og fylla síðan steypu. Þá urðu og nokkrar viðbætur á öðrum liðum. Hinn helminginn mun mega rekja til skorts á fagmönnum og vönum verkamönnum, er valdið hefur bæði meiri yfirvinnu en áætlað hafði verið svo og minni afköstum.

Hvernig þessar orsakir skipta kostnaðarhækkuninni milli sín, er ekki vitað nákvæmlega fyrr en eftir ýtarlega rannsókn á kostnaðarliðunum og vinnumagninu, sem gerð verður að verki loknu. Þessi hækkun í töflunni er 5,2 millj. kr. Auk þess hefur orðið hækkun á kostnaði við bæjarkerfið vegna meiri tækja- og efniskaupa en upphaflega var áætlað. Nemur sá mismunur 351000 kr. eða úr 600000 kr. í 951263 kr. Þessum hækkunum fylgir og hærra vaxtatap á byggingartíma, og má því telja, að aukin fjárþörf til virkjunarinnar vegna aukinnar dýrtíðar og erfiðleika stríðsáranna verði eigi minni en 6 millj. kr.

Þar sem verkinu er það langt komið, að stöðin mun geta tekið til starfa í jan.-febr. n. k., má telja, að þessar 6 millj. kr. muni nægja til að fullgera virkjunina með stíflu í fullri hæð og aukningu bæjarkerfisins.

B. Fjárhagsafkoma.

Stofnkostnaður virkjunarinnar verður 12 millj. kr. með 2350 hestafla vélasamstæðu í Skeiðsfossstöðinni og 450 hestöflum í bæjarstöðinni. Virkjunarlánin verða væntanlega öll með 4% ársvöxtum til 25 ára eða með 6,4% árlegum greiðslum til

vaxta og afborgana, samtals	kr.	768000
Viðhaldskostnað má reikna 1% eða	—	120000
Gæzla og annar rekstrarkostnaður fyrstu árin 1,6%	—	192000
Samtals	kr.	1080600

Er þetta 9% stofnkostnaðarins.

Raforkusalan frá bæjarstöðinni á Siglufirði hefur verið stöðugt vaxandi undanfarin ár, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	1942		1943		10 fyrstu mán. 1944	
	kwst.	kr.	kwst.	kr.	kwst.	kr.
Suða	438930	80773	537587	107517	526202	143890
Ljós	109259	106315	125551	137143	92505	111006
Vélar	31446	16169	41081	24648	42165	28161
Sérsamn.	236601	66203	192313	59196	144241	42649
Samtals	816236	269452	896532	328504	805113	325706

Þess ber að geta, að bæjarstöðin hefur ekki getað annað allri orkuvinnslunni, og hefur því keypt orku frá stað síldarverksmiðjanna. Eru þau orkukaup dregin frá í töflunni, svo að orkusalan hefur raunverulega orðið nokkru hærri en í töflunni er talið.

Út frá þessum tölum má áætla orkusöluna 1945 með óbreyttri gjaldskrá þannig:

130000	kwst.	ljós á 1.20	kr. 156000
630000	—	suða á 0.30	— 189000
45000	—	vélar á 0.70	— 31500
100000	—	til íshúsa á 0.25	— 25000
60000	—	til síldarverksmiðju utan starfstíma 0.90	— 54000
75000	—	til skóla, sjúkrahúsa, götu- og hafnarlýsingar 0.40	— 30000
1040000	kwst.	samtals.	Kr. 485500

Viðbótarsala við þetta getur orðið fyrst og fremst til síldarverksmiðja á starfstíma þeirra. Er raforkuþörfin til véla og ljósa áætluð 1000000 kwst.

Þá má áætla orkuþörfina til brauðabaksturs um 130000 kwst. Enn fremur eru nú í Siglufirði í notkun 190 eldavélar til rafsuðu, 12 tvíhólfa suðuplötur og 60 einhólfa, samtals í 262 eldhúsum af um 600 alls. Sé gert ráð fyrir, að auka megi rafsuðuna svo, að um 80% allra eldhúsa noti hana innan skamms, bætast við um 200 eldhús, er nota um 350000 kwst. til viðbótar. Þegar þessi aukning væri komin í kring, yrði salan þessi:

Núverandi sala	1040000 kwst.	á		kr. 485300
Til síldarverksmiðja á starfstíma	1000000 —	á	0.25	— 250000
Til nýrra suðunotenda	350000 —	á	0.30	— 105000
Til bökunarofna og hitunar í iðnaði	150000 —	á	0.10	— 15000
	Samtals 2540000 kwst.			kr. 855500

Auknar tekjur umfram þetta má fá með sölu raforku til húsahitunar. Orkuvinnsla Skeiðsfossvirkjunarinnar er í meðalári talin 9.0 millj. kwst. samkvæmt rannsóknum rafmagnseftirlits ríkisins 1942. Gæti orkusalan í meðalári orðið samkvæmt því 7,2 millj. kwst. Sé ekki gert ráð fyrir, að lengra verði gengið með söluna en um 83% af því, gæti hún orðið um 6 millj. kwst., og væri þá hægt að selja til hitunar um 3500000 kwst. á ári, er samsvarar um 1200 tonnum kola. Með 7 aura verði á kwst. er þetta um 250000 kr. tekjur á ári, og er því mögulegt að ná fullum rekstrarjöfnuði með raforkusölunni eingöngu, miðað við núverandi gjaldskrá og 7 aura verð til húsahitunar. Veltur þetta þá mjög á þeim samningum, sem næst við síldarverksmiðjur ríkisins um raforkukaupin á starfstíma þeirra, og á því, hversu fljótt hægt er að koma auknum suðu- og hitunartækjum í notkun.

Fullt afl Skeiðsfossvirkjunarinnar með einni vélasamstæðu er 1600 kw. Framan nefnd orkuvinnsla 6 millj. kwst. svarar þá til 3700 stunda hagnýtingartíma vélanna, sem er ekki óvarlega áætlað.

Þegar frá líður, verður nauðsynlegt að setja aðra vélasamstæðu í stöðina, og má áætla þann kostnað um 1 millj. kr. með kaupum frá Ameríku. Vex þá rekstrarkostnaður hlutfallslega eða um 90000 kr. á ári. Til að standa straum af því einnig þarf að koma aukin sala raforku til verðmætari notkunar en hitunar.

Reykjavík, 1. des. 1944.

Steingr. Jónsson.

Til bæjarstjóra Ó. Hertervig, Siglufirði.

Fylgiskjal IV.

HÖJGAARD & SCHULTZ A/S

Yfirlitsreikningur á útgjöldum við Skeiðsfossvirkjunina hinn 20. nóvember 1944.

			Kr.
Innkaup í Bandaríkjunum (steypustyrktarjárn undansk.)	$ 200000.00		1350000.00
Greitt af bæjarsjóði Siglufjarðar til virkjunarframkvæmda hinn 15. okt. 1944 (bryggja á Haganesvík meðtalin)			112520.00
Greitt af H. & S. til virkjunarframkvæmda samkv. reikn. hinn 31. okt. 1944 að meðt. þóknun, vélaleigu o. fl. án vaxta	kr. 7091765.00		
Greitt af H. & S. til virkjunarframkvæmda			
frá 1. nóv. til 15. nóv. við Skeiðsfoss	148103.00		
frá 1. nóv. til 20. nóv. í Reykjavík	219243.00		7459111.00
Kostnaðaráætlun á að gera orkuverið tilbúið til starfrækslu, með stíflu í hæð 43.00 (2 íbúðarhús meðtalin):			
Við Skeiðsfoss	550000.00		
Á Siglufirði	75000.00		
Farmgjöld ca. 40 tn. á 800.00	32000.00		
Vátrygging ca. 4% af 650000 kr.	26000.00		
Tollar ca. 10% af 680000	68000.00		
Slysatrygging:			
½% af 5 milljón kr.	25000.00		
÷ fyrirframgreitt	12000.00	13000.00	764.000.00
Ýmis kostnaður — breyting á símalögn			10000.00
Áætlun á útgjöldum til hækkunar á stíflunni úr 43.00 í 49.00 hæð ca.			904000.00
		Virkjunarkostnaður samtals kr.	10600000.00

Ed. 663. Nefndarálit

um frv. til l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna, (HG og KA) voru ekki á fundi, þá er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. des. 1944.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson, fundskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 664. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til hitaveitu vegna Húsavíkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar og mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1944.

Pétur Ottesen, form.	Jónas Jónsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskrifari.
Þóroddur Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Sig. Kristjánsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Lúðvík Jósefsson.

Ed. 665. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110 1943, um olíugeyma o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, og hefur niðurstaðan af þeim athugunum orðið sú, að nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 666. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Breytingar þær, sem frv. þetta gerir á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, eru þessar: Dráttarbraut fyrir fiskiskip verði tekin undir mannvirki hafnarinnar og fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. laganna, þar af leiðandi hækkaðar að óbreyttum hlutföllum. Frv. var flutt í Nd., og hafði sjávarútvegsnefnd þeirrar deildar málið til meðferðar. Leitaði hún umsagnar vitamálastjóra um málið, er mælti eindregið með því, að það yrði samþ. Sjávarútvegsnefnd Ed. hefur athugað málið á nokkrum fundum og vill mæla með, að frv. verði samþ. En þar sem með þessu frv. er aukið að allverulegu leyti hlutverk hafnarsjóðs, telur nefndin nauðsyn á að auka að nokkru heimildir til tekjuöflunar í hafnarsjóð, auk þess sem hún telur sjálfsagt að setja inn í lögin heimild til þess að taka gjald af hverju því skipi eða bát, sem tekinn er í dráttarbraut lengri eða skemmri tíma, sem svo nánar verður ákveðið með reglugerð, er ráðherra staðfestir. Tveir nefndarmenn (MJ og GÍG) voru ekki á fundi, er málið var afgreitt, og hafa ekki lýst afstöðu sinni til frv.

Tillaga nefndarinnar verður því, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2 gr. frv. komi tvær nýjar gr., er verði 3. og 4. gr., svo hljóðandi:
   a. 11. gr. laganna skal orða svo:
      Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:
      1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
      2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
         a. Lestargjald (hafnargjald).
         b. Vitagjald.
         c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
         d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
         e. Festargjald frá skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.
         f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heima eiga innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar og leggja afla sinn á land innan sömu takmarka eða hafa þar uppsátur.
         g. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbraut hafnarinnar.
         h. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir í dráttarbrautinni og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

      Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

      Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.
   b. 18. gr. laganna skal orða svo:
      Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga, svo og um aðgang og notkun almennings á dráttarbraut og öðrum mannvirkjum hafnarinnar. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

      Sektir samkvæmt lögum þessum renni í hafnarsjóð.
2. 3. gr. frv. verði 5. gr.

Alþingi, 9. des. 1944.

Gísli Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 667. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

1. Á eftir 2. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Jezorski, Franz, klæðskeri, Hóli í Dalasýslu, fæddur 10. júní 1905, í Þýzkalandi.

2. 3. og 4. liður skipti um set.
3. Á eftir 4. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Nielsen, Karl Johan, pípulagningamaður, Reykjavík, fæddur 28. marz 1893, í Noregi.
   Liðatalan breytist samkvæmt atkvgr.

Sþ. 668. Nefndarálit

um till. til þál. um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til vegamálastjóra til umsagnar. Er umsögn hans prentuð hér með sem fylgiskjal.

Samkvæmt lögunum um brúasjóð er ákveðið, að brúin á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum skuli vera fyrsta brúin, sem smíðuð verður fyrir fé brúasjóðs.

Um næstu áramót mun fé brúasjóðs nema einni milljón króna, en áætlað er, að Jökulsárbrúin muni kosta með núverandi verðlagi um eina milljón króna. Má því ætla, að hægt verði að smíða brúna án frekara fjárframlags en hún mun njóta úr brúasjóði.

Eins og fram kemur í bréfi vegamálastjóra, er tvímælalaus nauðsyn á, að þessi brú verði gerð sem allra fyrst. Hins vegar kunna að verða á því einhverjir erfiðleikar að fá gott efni og annað það, sem nauðsynlega þarf til brúargerðarinnar, á næsta ári.

Í tillögunni kemur það ekki nægilega ljóst fram, að brúna skuli smíða yfir Jökulsá hjá Grímsstöðum, sem þó mun hafa verið ætlun flutningsmanna. Þykir nefndinni rétt, að þetta komi greinilega fram.

Nefndin telur rétt að leggja áherzlu á það við ríkisstjórnina, að brúin verði smíðuð á næsta ári, ef þess verður nokkur kostur, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja á næsta ári smíði brúar yfir Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, enda reynist kleift að fá nauðsynlegt efni og vinnuafl til framkvæmdanna.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

Alþingi, 11. des. 1944.

Pétur Ottesen, form.	Lúðvík Jósefsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskrifari.
Þóroddur Guðmundsson.	Jónas Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.
Sig. Kristjánsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal

VEGAMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 8. desember 1944.

Brúargerð á Jökulsá á Fjöllum.

Háttvirt fjárveitinganefnd hefur sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum, þskj. 500.

Brú þessi er áætluð sem hengibrú um 104 m löng og kostnaður talinn með núverandi verðlagi rösklega 1 millj. kr. Brúasjóður nemur nú kr. 667826.71. Viðbót í lok þessa árs má áætla um 350 þús. kr., og verður þá sjóðurinn upp úr næstu áramótum rúmlega 1 millj. kr., og er þannig fyrir hendi nægilega mikið fé til þess að byggja brú þessa.

Fullnaðaruppdrættir eru enn ekki gerðir, en ég býst þó við, að ekki mundi standa á þeim, að vísu með því að fela sérstökum verkfræðingi utan skrifstofunnar að gera þá og annan undirbúning.

Á næsta ári eru fyrirhugaðar óvenjumiklar brúargerðir, sérstaklega hin nýja brú á Ölfusá, og eins og ég hef áður tekið fram, tel ég mjög hæpið að hafa 2 stórbrýr í byggingu, sama sumarið. Það er jafnvel óframkvæmanlegt nema með því, að unnt yrði að ráða sérstakan verkfræðing til þess að standa fyrir verkinu, en það tel ég nokkuð hæpið. Þá er og mjög vafasamt, að brúarjárn og sérstaklega burðarstrengirnir fengjust í tæka tíð. Þar sem hengibrúin í Axarfirði er mjög veikbyggð og hæpin fyrir þungaflutning, tel ég samt þörf á, að Grímsstaðabrúin verði byggð hið fyrsta.

Ég tel þó ekki rétt að samþykkja tillöguna eins og hún liggur fyrir, en ef breytt yrði orðalagi og efni hennar þannig, að í stað „á næsta ári" kæmi: svo fljótt sem framkvæmanlegt þykir — eða svipað, þá hef ég ekki að athuga við, að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst.

Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Sþ. 669. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingarmál.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Mál þetta hefur verið nokkuð lengi til athugunar hjá fjárveitinganefnd og verið rætt þar á nokkrum fundum. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, en meiri hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. des. 1944.

Þóroddur Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 670. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og l. nr. 66 31. des. 1937.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Það hefur eigi tekizt samkomulag um þetta mál í landbúnaðarnefnd og ekkert verið reynt til þess af hálfu meiri hluta nefndarinnar.

Meðferð málsins er glöggt dæmi þess, hvernig gengur að fá afgreiðslu þeirra mála á Alþingi, sem eru andstæð vilja þeirra manna, er stjórna eiga störfum þingnefnda. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi af hálfu flm. 20. september. Á dagskrá var það tekið fyrst 22. sama mánaðar, eins og til stóð, en hvað eftir annað tekið af dagskrá. Hinn 18. október, eftir tæpan mánuð, er 1. umræðu fyrst lokið og málinu vísað til landbúnaðarnefndar. Síðan hefur það legið hjá nefndinni og fyrst tekið fyrir þrátt fyrir ítrekuð tilmæli 21. nóv. Kom þá í ljós, að 4 nefndarmenn voru því andvígir, en gengu eigi hreint til verks með tillögu um að fella það, heldur samþykktu að senda það til mjólkurmálanefndar, sem kosin var á síðasta þingi og átti þá að athuga öll þessi mál.

Málið er hagsmunamál fyrir fjögur heil sýslufélög og nokkuð af því fimmta. Að þau fái rétt til að selja mjólk og mjólkurafurðir í hinum stærri bæjum, er undirstaða þess, að bændurnir á þessu svæði breyti búskap sínum að meira eða minna leyti í mjólkurframleiðslu. Það kostar nokkurra ára undirbúning. Meðan þessum mönnum er bannað að selja á aðalmarkaði landsins mjólk, rjóma og skyr og við eru lagðar háar sektir, ef út af er brugðið, þá er ekki þess að vænta, að þeir sjái sér fært að breyta um framleiðsluhætti. Hve öfugt er að farið í þessu efni, sést bezt á því, að í Reykjavík og Hafnarfirði er flesta árstíma skortur á mjólk og öllum þeim vörum, sem úr henni eru unnar, enda þótt mjólkureinkasalan sé samkvæmt lögunum skyld til að hafa alltaf næga mjólk á boðstólum. Hér verður því að breyta til, og vísast til greinargerðar frumvarpsins í því efni. Legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 10. des. 1944.

Jón Pálmason.

Nd. 671. Frumvarp til laga

um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigfús Sigurhjartarson, Barði Guðmundsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Þegar dr. Sigurður Nordal lætur af prófessorsembætti því, er nú gegnir hann í heimspekideild Háskóla Íslands, skal honum gerður kostur á að hafa áfram á hendi prófessorsembætti í deildinni í íslenzkum fræðum með öllum þeim réttindum, er fylgja prófessorsembættum, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu og ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sigurður Nordal hefur við mikinn orðstír annazt kennslu í íslenzkum bókmenntum við Háskóla Íslands síðan haustið 1918. Er hann nú 58 ára að aldri. Hann má hiklaust telja einhvern merkasta fræðimann og rithöfund íslenzkan, sem nú er uppi, og er nafn hans kunnugt víða um lönd. Hann hefur nú með höndum mikil og merkileg ritverk um íslenzkar bókmenntir og menningu, og óskar hann að geta helgað ritstörfum krafta sína óskipta. Frv. þetta miðar að því að tryggja honum fullkomið næði til þess.

Þess eru dæmi áður, að Alþingi hafi veitt vísindamönnum, sem enn voru í fullu fjöri, en með starfi sínu höfðu unnið þjóðinni gagn og sóma og vænta mátti mikils af, lausn frá embættisstörfum með fullum launum. Svo var um þá náttúrufræðingana Þorvald Thoroddsen og Bjarna Sæmundsson. Var Þorvaldur þá 44 ára, en Bjarni 56. — Samkv. frv. er þó ekki gert ráð fyrir, að Sigurður Nordal sé slitinn úr sambandi við háskólann, heldur verði tengdur honum áfram.

Verði frv. þetta að lögum, er það tilætlun Sigurðar Nordals að flytja erindi um íslenzk fræði, bæði í Háskóla Íslands og við erlenda háskóla, eftir því sem tími og ástæður leyfa.

Ed. 672. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 9. gr. Á eftir málsgr.: „Áður en undanþága er veitt ...“ komi ný mgr. svo hljóðandi:

Enn fremur er atvinnumálaráðherra heimilt að veita þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi og siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði fyrir gildistöku laga þessara á skipi yfir 15 rúmlestir brúttó og eru 30 ára að aldri, réttindi til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum allt að 150 rúmlestum að stærð.

Ed. 673. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Á Alþingi 1942—1943 var borið fram í Ed. frumvarp nákvæmlega samhljóða því, er hér liggur fyrir. Var það afgreitt frá deildinni með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem telja verður eðlilegt og rétt, að ákvæði um styrk úr ríkissjóði til stofnunar nýbýla, til endurbygginga sveitabýla og ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna verði öll athuguð og umbætt samtímis, svo fljótt sem verða má, til þess að tryggja betur en nú er gert, að nefnd ákvæði nái tilgangi sínum, og þar sem jafnframt verður að telja eðlilegt, að búnaðarþingi gefist þess kostur að láta Alþingi í té álit sitt og tillögur um slíkar breytingar, telur deildin ekki ástæðu til frekari afgreiðslu málsins á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Á búnaðarþingi 1943 var mál þetta til meðferðar, og samþykkti þingið með 23 samhljóða atkvæðum tillögu þá, sem frá er greint í bréfi milliþingan. búnaðarþingsins, er prentað er sem fylgiskjal hér á eftir. En bréf þetta er svar við bréfi landbúnaðarn., þar sem beðið var um álit milliþinganefndarinnar á frv.

Með tilliti til þess, sem áður hefur gerzt í málinu, og með tilvísun til samþykkta Alþingis og búnaðarþings legg ég til, að frv. verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem milliþinganefnd búnaðarþings í landbúnaðarmálum hefur jarðasölumálið til athugunar og þar sem ætla má, að sú nefnd leggi fram á næsta búnaðarþingi nýjar tillögur varðandi 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaboð, telur deildin ekki rétt að samþykkja frv. þetta, fyrr en vitað er, hverjar leiðir búnaðarþing leggur til, að farnar verði, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1944.

Páll Hermannsson.

Fylgiskjal.

MILLIÞINGANEFND BÚNAÐARÞINGS 1943.

Reykjavík, 24. nóv. 1944.

Sem svar við bréfum yðar frá 24. okt. og 11. nóv. s. l. vill milliþinganefnd búnaðarþings 1943 taka þetta fram:

Umrætt mál lá fyrir síðasta búnaðarþingi og var afgreitt með eftirfarandi tillögu, er var samþykkt með 21 samhljóða atkvæði:

„Þar sem búnaðarþingið er þeirrar skoðunar, að leið sú, sem farin var með ákvæðum 17. gr. jarðræktarlaganna og ákvæðum byggingar- og landnámssjóðslaganna um fylgifé jarða, muni ekki ná upphaflega fyrirhuguðu marki, að halda niðri söluverði jarða, ályktar búnaðarþingið að fela milliþinganefnd þess í landbúnaðarmálum að athuga jarðasölumálið og leggja fram tillögur um, hvernig hægt sé að halda jarðaverði við hóf í náinni framtíð.“

Nefndin vill lýsa því yfir, að hún er sammála þessari tillögu, en þar sem jarðasölumálið er mjög viðkvæmt og vandasamt mál, telur meiri hluti nefndarinnar ekki viðeigandi annað en leggja tillögur sínar í því fyrst fyrir búnaðarþing, er kemur saman á þessum vetri, til athugunar og afgreiðslu, áður en tillögur frá Búnaðarfélagi Íslands um þessi mál eru lagðar fyrir Alþingi. Minni hlutinn, Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson, lýsir því yfir, að hann muni styðja að framgangi málsins á yfirstandandi Alþingi.

Virðingarfyllst,

Hafsteinn Pétursson.

M. Stefánsson.

Til landbúnaðarnefndar Ed. Alþingis, Reykjavík.

Nd. 674. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur leitað álits vitamálastjóra um frv. þetta, og leggur hann til, að það verði samþykkt með einni viðbótarsetningu til skýringar. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

Alþingi, 12. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 675. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagnar vitamálastjóra, sem mælir með frumvarpinu. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Eysteinn Jónsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Lúðvík Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 676. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta er fram borið sakir hinna miklu landspjalla, er yfir vofa af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar í Fljótum. Meiri hl. nefndarinnar fellst á þá skoðun flutningsmanna, að óhjákvæmilegt sé að tryggja hag sveitarfélaganna eins og einstaklinga.

Í gildandi lögum er ekki nægilega fyrir því séð, að tjónið verði bætt, þegar mikil og varanleg landspjöll verða af slíkum framkvæmdum.

Það er þess vegna nauðsynlegt, að lög um þetta efni séu þannig úr garði gerð, að séð sé fyrir hagsmunum sveitarfélaga jafnt sem einstaklinga og þá einnig ríkisins. Þetta eiga ákvæði þessa frv. að tryggja. Og þessu til frekari áréttingar flytur meiri hl. nefndarinnar breytingartill. við frumvarpið. En við, sem undir þetta nefndarálit ritum, viljum taka það skýrt fram, að þó að svo kunni nú að fara, að ríkið verði að taka á sig einhverjar fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sveitarfélögunum í Fljótum vegna Skeiðsfossvirkjunarinnar, þá er það gert í trausti þess, að samningum verði framvegis hagað svo undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, að ekki þurfi af þessum sökum að binda ríkissjóði fjárhagslega bagga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Við tölulið 5.
   a. Aftan við fyrri málsl. bætist: svo og ráðherra þess, er fer með vatnamál.
   b. Fyrir „sveitarstjórnir“ kemur: annar hvor þessara aðila.

2. Við tölul. 6. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Ef landeigendum eða hreppsnefndum kemur ekki saman um tilnefningu manns í nefndina, skal ráðherra skipa hann.
3. Við tölul. 8. Á eftir orðunum „halda áfram búrekstri“ kemur: í sama sveitarfélagi.

Alþingi, 11. des. 1944.

Garðar Þorsteinsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.

Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 677. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingarmál.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þörfin fyrir það, að bættur sé húsakostur landsmanna, er mjög brýn og aðkallandi. Þrátt fyrir geysiháan byggingarkostnað og mjög mikla erfiðleika á útvegun byggingarefnis á stríðsárunum hefur þjóðin sótt mjög fast róðurinn um byggingarframkvæmdir. Þó hefur á þessum árum orðið minna úr verki en menn vildu vera láta og þörfin krafði. Kemur þar fleira til greina en það, sem fyrr greinir, — hár byggingarkostnaður og oft og löngum efnisskortur. Byggingarvinna í þágu setuliðsins, sem sogaði til sín mjög mikið af vinnuafli smiða og annarra laghentra manna, varð til þess að torvelda mjög á þessum árum nauðsynlegar byggingarframkvæmdir á vegum Íslendinga. Af þessum sökum hefur víða í sveitum landsins verið kyrrstaða í byggingum og viðhald og endurbætur eldri húsa mjög af skornum skammti. Þar, sem fólkinu hefur fjölgað mest á þessu tímabili, eins og t. d. í höfuðstað landsins, hefur þrátt fyrir að mörgu leyti hagstæðari kringumstæður þar en víða annars staðar engan veginn reynzt kleift að bæta úr húsnæðisþörfinni, miðað við það, að allt það fólk, sem þangað hefur flutzt, eigi þar framtíðarheimili. Greinargerð sú, sem fylgir tillögu þeirri, er hér um ræðir, er ljóst dæmi þess, hversu ástatt er þar í þessu efni.

Þessu líkt eða nokkuð svipað mun og ástandið vera í ýmsum öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sem mest aðdráttarafl hafa haft þessi ár.

Rannsóknir, sem nýlega hafa verið gerðar á því, hversu ástatt er í landinu í þessum efnum, sýna, að um 10450 íbúðir eru svo lélegar, að eigi er viðhlítandi, og er því óhjákvæmilegt, að á þeim fari fram gagngerðar umbætur á næstu árum. Um 3900 af þessum byggingum eru í sveitum, um 1200 í kauptúnum, um 1400 í kaupstöðum öðrum en Reykjavík, en þar eru taldar vera um 3900 íbúðir, sem svo er ástatt um sem að framan greinir, eða jafnmargar og í sveitum landsins. Við þetta byggingarstarf, umbætur á eldri húsum, bætast svo nýjar íbúðir til að mæta fólksfjölguninni, en talið er, að til þess þurfi að koma upp 425 nýjum íbúðum árlega. Af þessu má það vera ljóst, að hér bíður mikið verk úrlausnar. Það reynir mjög á þrek og úrræði þjóðarinnar að fá í tæka tíð góða og heppilega lausn á þessu vandamáli.

Byggingar allar eru mjög dýrar hér á landi. Ber þar margt til. Efniskaup frá öðrum löndum og flutningur um óraleiðir á að sjálfsögðu verulegan þátt í þessu. En hitt mun og líka nokkru valda og eigi alllitlu, að tækni öll eða flest við byggingar er okkur enn sem komið er lítið tiltæk. Á þessu sviði á hugkvæmni landsmanna, framtak og úrræði mikið verk fyrir höndum. Þá er það og eins og ekki síður mjög aðkallandi, að þegar er færi gefst, sé aflað til hlítar upplýsinga um tækni þá og

vinnubrögð við húsabyggingar, sem nú er efst á baugi í þeim löndum, sem er og hefur verið það lífsspursmál vegna skemmda og eyðileggingar á húsakosti og mannvirkjum að geta með skjótum hætti bætt skemmdirnar og komið upp nýjum húsum. Það þarf ekki að draga það í efa, að þetta ástand víða um heim hefur beint hugviti fjölda manna inn á nýjar brautir í byggingarmálum. Hagnýting byggingarefnis margs konar, vélanotkun til þess að margfalda afköstin og ef til vill traustari og varanlegri byggingar eru vafalaust árangur þessa mikla og fjölþætta starfs á þessu sviði, sem byggingarfræðingar þreyta nú kapp um hvarvetna og líf og afkoma fólksins veltur á, að vel sé og fljótt af hendi innt. Þeir stóru hlutir, sem eru nú að gerast á þessu sviði erlendis, eru sannarlega þess eðlis, að vert er fyrir Íslendinga að gefa þeim gaum og að leitað sé til þess allra ráða að geta gert þessar stórbrotnu nýjungar raunhæfar í byggingarframkvæmdum okkar svo fljótt sem kostur er. Þess vegna er lögð á þessa hlið málsins megináherzla í þeirri breytingartillögu, sem minni hluti fjárveitinganefndar leggur til, að lögð verði til grundvallar við afgreiðslu þessa máls. Þessar nýjungar koma jafnt að liði, hvort sem um er að ræða byggingar í kaupstöðum, kauptúnum eða sveitum landsins. Þess vegna vill minni hl., að út frá því sjónarmiði sé að þessum málum unnið, að til sem mestrar almennrar gagnsemi geti leitt.

Annar þáttur í því verki, sem gert er ráð fyrir, að tekið yrði hér til athugunar, er löggjöf sú, sem nú gildir um byggingarframkvæmdir. Kæmi þar einkum til greina tilstuðlan við hagkvæmari tilhögun við byggingarframkvæmdir, vélanotkun, hagstæðari lán o. fl.

Eins og brtt. minni hl. ber með sér, þá lítum við svo á, að það sé í alla staði réttara og raunhæfara, að athugun á þessu máli sé látin fram fara með þarfir þjóðarinnar allrar fyrir augum, en ekki einhliða vegna kaupstaða og kauptúna.

Þá þykir minni hlutanum einsætt, að það sé ekki síður líklegt til árangurs að fela ríkisstjórninni framkvæmd þessa máls en það, að Alþingi kjósi milliþinganefnd í þessu skyni. Ríkisstjórnin mundi að sjálfsögðu telja það skyldu sína að velja til þessa starfa byggingarfróða menn og athugula, sem sýnt hefðu áhuga og hugkvæmni í byggingarmálum. Flestum mun og þykja tala slíkra nefnda þegar vera orðin nægjanlega há í þessu landi.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. fjárveitinganefndar til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga og gera tillögur um, með hverjum hætti bezt verði af opinberri hálfu greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum landsins.

Skal stjórnin svo fljótt sem kostur er láta afla gagna um þá tækni í húsabyggingum erlendis, sem þar hefur rutt sér til rúms hin síðari ár og líkur væru til, að okkur mætti að haldi koma.

Þá skal stjórnin og leita álits og tillagna byggingarfróðra manna hér á landi um nýja tilhögun við húsagerð, er leiða mætti til þess, að byggingum skilaði fljótar áfram og drægi jafnframt úr kostnaðinum.

Enn fremur skal ríkisstjórnin láta taka til endurskoðunar löggjöf þá, sem nú gildir um byggingarmál í landinu.

Verði athugun þessa máls hraðað sem mest, svo að stjórnin geti sem fyrst lagt fram álit og tillögur um málið.

Alþingi, 12. des. 1944.

Pétur Ottesen, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.

Jónas Jónsson.

Nd. 678. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka leigunámi lóð á landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ólafsfjarðarkaupstað (Ólafsfjarðarhrepp) heimilast að taka leigunámi spildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður frá landamerkjum milli Brimness og Hornbrekku og 20 faðmar á breidd austur frá sjávarmáli, samkv. leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri.

2. gr.

Um framkvæmd leigunáms samkv. heimild í 1. gr. fer eftir l. nr. 61 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 679. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 1. gr.

a. Á eftir 4. lið komi nýr liður, er verður 5. liður, svo hljóðandi: Kirkjujörðina Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu ábúandanum, Guðmundi Vigfússyni.
b. Í stað málsgreinarinnar „Jarðir þær, sem um getur í tölulið 1, 2 og 3 ....“ o. s. frv. komi: Jarðir þær, sem um getur í tölulið 1, 2, 3 og 5 .... o. s. frv.

Nd. 680. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

1. Kirkjujörðina Laxárdal í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu ábúandanum, Jóel Gíslasyni.
2. Kirkjujörðina Ytri-Jaberg (Emmuberg) í sama hreppi ábúandanum, Jónasi Guðjónssyni.
3. Kirkjujörðina Prestsbakkakot á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum, Jóni Steingrímssyni.
4. Eyðijörðina Gröf í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu Gísla Þórðarsyni oddvita á Ölkeldu.
5. Kirkjujörðina Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu ábúandanum, Guðmundi Vigfússyni.

Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1, 2, 3 og 5, skulu seldar með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali samkv. l. nr. 116 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Eyðijörðin Gröf í Staðarsveit selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 681. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild. Í því felast engar breytingar á hafnarlögum Ólafsfjarðar aðrar en þær, sem orsakast af því, að sett hafa verið lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 682. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form. Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 683. Lög

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 433.

Ed. 684. Lög

um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 416.

Ed. 685. Nefndarálit

um frv. til l. um brunamál í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leitað umsagnar lögreglustjórans í Reykjavík um það. Að fengnum tillögum lögreglustjórans leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr. Orðin „svo og skipun hennar" í niðurlagi greinarinnar falli niður.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „eftir ákvörðun slökkviliðsstjóra" komi: í samráði við slökkviliðsstjóra.
3. Við 10. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 12. des. 1944.

Bjarni Benediktsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

Lárus Jóhannesson.

Nd. 686. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

2. gr.

Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða skv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann, og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveitarfélög, þar sem fasteignin er.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni, og skal hann vera lögfræðingur.

4. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

5. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfuhöfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 687. Frumvarp til laga

um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Flugvellir skulu flokkaðir í 4 flokka eftir stærð þeirra, gerð og búnaði til notkunar og rekstrar.

Fullnægja skulu þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. flokkur. Rennibrautir skulu vera ekki færri en 3, gerðar úr steinsteypu, malbiki eða með öðru varanlegu slitlagi. Skulu þær fullnægja aðalvindáttum.

Lengd brauta og breidd skal nægileg fyrir stórar millilandaflugvélar. Skulu þar vera byggingar þær, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt telst til þess að fullnægja millilandaflugi.

2. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægja til innanlandsflugs. Skulu þar vera byggingar, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt þykir til þess að fullnægja innanlandsflugi með flugvélum af allt að 15000 kg þyngd.

3. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægileg fyrir meðalþungar flugvélar, allt að 5000 kg þyngd. Við völlinn skulu vera nauðsynlegustu tæki og búnaður fyrir snögga viðkomu slíkra flugvéla.

4. flokkur. Rennibrautir skulu vera 2, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 braut muni nægja eða verða of kostnaðarsamt að gera 2 brautir. Rennibrautir skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd brauta og breidd skal ætluð aðeins fyrir léttar flugvélar, allt að 3000 kg þyngd, eftir því sem fært þykir kostnaðar vegna. Rennibrautir skulu merktar, og þar skal vera aðgangur að síma, svo og smáskáli fyrir farþega, en yfirleitt ekki annar búnaður.

2. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

a. Í 1. flokki:
   1. Í Reykjavík.
   2. Á Reykjanesi.
b. Í 2. flokki:
   1. Í Eyjafirði.
   2. Hjá Egilsstöðum á Völlum.
   3. Á Melatanga í Hornafirði.
c. Í 3. flokki:
   1. Í Borgarfirði.
   2. Hjá Söndum í Miðfirði.

3. Hjá Blönduósi.
4. Hjá Sauðárkróki.
5. Í Vestmannaeyjum.
6. Nálægt Siglufirði.
7. Hjá Húsavík
8. Hjá Kópaskeri.

d. Í 4. flokki:
1. Á Akranesi.
2. Á Snæfellsnesi.
3. Á Kambsnesi við Búðardal í Dalasýslu.
4. Í Austur-Barðastrandarsýslu.
5. Í Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Í Önundarfirði.
7. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
8. Hjá Hólmavík.
9. Hjá Raufarhöfn.
10. Hjá Þórshöfn.
11. Í Vopnafirði.
12. Í Borgarfirði eystra.
13. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
14. Í Neskaupstað.
15. Hjá Djúpavogi.
16. Í Breiðdalsvík.
17. Í Suðursveit.
18. Hjá Fagurhólsmýri.
19. Á Síðu.
20. Við Mýrdalssand að austan.
21. Í Mýrdal.
22. Á Skógasandi.
23. Í Landeyjum.
24. Á Rangárvöllum.
25. Í Árnessýslu (efra og neðra).

3. gr.

Flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar skulu vera:

a. Í Reykjavík.
b. Í Ísafjarðarkaupstað.
c. Á Akureyri.
d. Á Austfjörðum.
e. Á Vestfjörðum.

4. gr.

Til öryggis flugsamgöngum skulu vera þráðlausar talstöðvar á 1. og 2. flokks flugvöllum, svo og annars staðar, er nauðsyn krefur.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera samninga við einstaka landeigendur til þess að tryggja lendingarstaði fyrir smáflugvélar á landi, sem til þess henta, án þess að gerðar verði rennibrautir.

6. gr.

Kostnaður við gerð, rekstur og viðhald þeirra flugvalla, sem um getur í lögum þessum, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, tækjum og búnaði, greiðist úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til í fjárlögum.

Áður en fé er veitt til nefndra framkvæmda, skal hafa farið fram nákvæm rannsókn og liggja fyrir kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skal setja á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þykir, og fellur þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist flugmálastjóri. Þar til þessi skipan verður gerð, hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stjórn þeirra mála, sem greinir í lögum þessum, og er vegamálastjóri og flugmálaráðunautur ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Kostnaður við stjórn flugmála og rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, er í lögum þessum getur, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Landeiganda er skylt, gegn hæfilegu endurgjaldi, að láta af hendi jarðefni til nauðsynlegra mannvirkja vegna loftferða.

9. gr.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms á landi og mannvirkjum svo og um bætur fyrir jarðrask samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, skal matsnefnd meta, hve mikill hluti bótanna skal ganga til leiguliða.

11. gr.

Skaðabóta, er leiðir af gerð mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 28. maí 1941, um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Ed. 688. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan skv. því.
2. Við 3. gr. (sem verði 2. gr.). Greinin orðist svo:
   Stofna skal dósentsembætti við heimspekideild Háskóla Íslands í íslenzkum fræðum.

Sþ. 689. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 645 (Framkvæmd póstmála).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við tillgr. bætist: og heimilar að greiða kostnað, sem af því leiðir, úr ríkissjóði.

Nd. 690. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

1. Eftir 5. tölulið komi tveir nýir töluliðir, svo hljóðandi:
   a. (6.) Eyðijörðina Steinboga í Hjaltastaðahreppi notanda hennar, Geirmundi Eiríkssyni, bónda á Hóli.
   b. (7.) Eyðijörðina Engjalæk í Hjaltastaðahreppi notanda hennar, Halldóri Guðmundssyni, bónda á Klúku.
2. Í stað málsgreinarinnar „Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1, 2, 3 og 5“ o. s. frv. komi: Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1, 2, 3, 5 og 6 o. s. frv.
3. Aftan við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Eyðijörðin Engjalækur í Hjaltastaðahreppi selst með því skilyrði, að hún sameinist Klúku eða öðrum helming hennar, þegar henni verður skipt í tvær jarðir.

Ed. 691. Nefndarálit

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið kom til nefndarinnar 22. sept. s. l. Leitaði hún þegar umsagnar um frv. hjá hlutaðeigandi stofnunum og starfsmannafélögum. Lengi framan af, meðan stjórnarmyndun stóð yfir, varð lítið úr störfum hjá nefndinni, og við stjórnarskiptin tóku tveir nefndarmanna, Brynjólfur Bjarnason og Pétur Magnússon, sæti í hinni nýju ríkisstjórn og urðu að hverfa frá nefndarstörfum. Það varð ekki fyrr en að loknu hléi, er varð á fundum Alþingis eftir stjórnarskiptin, að nefndin gat verulega snúið sér að því að vinna að frumvarpinu. Höfðu þá borizt yfir 60 erindi frá ýmsum stofnunum og starfshópum, er höfðu fram að flytja margs konar óskir og kröfur um breytingar á frumvarpinu. Tók það nefndina langan tíma að kynna sér allar aðfinnslur og tillögur og afla sér upplýsinga um réttmæti þeirra. Hún komst þó brátt að raun um, að frv. væri í ýmsu ábótavant og að ekki yrði hjá því komizt að gera á því nokkrar breytingar og taka til greina eða ganga til móts við nokkrar af þeim tillögum, sem nefndinni bárust og flestar voru til hækkunar eða samræmingar. En þar sem ákvörðun hafði verið tekin um það af þingflokkum og ríkisstjórn, að frv. skyldi ná fram að ganga á þessu þingi, hefur nefndin orðið að hraða svo störfum, að hún hefur ekki getað tekið frv. til eins náinnar athugunar og hún annars teldi nauðsynlegt.

Það var hugsun nefndarinnar, áður en hún tók að vinna að frumvarpinu, að gera á því sem minnstar breytingar. Hún bjóst við að geta afgreitt það að mestu leyti óbreytt og hafði allan tímann sterka tilhneigingu til að raska frv. sem allra minnst. Í rauninni er líka svo, að allur grundvöllur frumvarpsins er óhreyfður og launastiganum sjálfum mjög lítið breytt. Engu að síður hafa brtt. nefndarinnar orðið allmargar talsins, en meginið af þessum breytingum varðar laun einstakra starfsmanna, er færa mátti sönnur á, að lækkuðu óeðlilega eftir frv. eða ætluð voru laun í ósamræmi við aðra starfsmenn í hliðstæðum störfum. Þessar breytingar, þó að margar séu og flestallar til hækkunar, fela ekki í sér stóra fjárhæð samanlagt. Með stærstu breytingartillögunum, þar sem nokkrir starfshópar, svo sem póstafgreiðslumenn, talsímakonur, tollverðir og ríkislögregluþjónar, eru færðir í hærri launaflokk, er gengið til móts við óskir frá stjórn BSRB eða — nánar til-

greint — þær óskir bandalagsstjórnarinnar, sem hún fylgdi fastast eftir. Enn fremur varð nefndin að taka til greina rökstuddar tillögur, sem bárust frá starfsmannafélögum eða stofnunum, svo sem tillögur Póstmannafélags Íslands um hækkun á launum bréfbera og póstaðstoðarmanna. Kvenréttindafélag Íslands taldi, að hlutur kvenna væri mjög fyrir borð borinn, og gerði þær kröfur til nefndarinnar, að þrír launaflokkar frumvarpsins (XI., XII. og XIII.) yrðu felldir niður, þar sem við athugun hefði komið í ljós, að þeir, sem undir þessa flokka falla, væru næstum undantekningarlaust konur og þeim ætluð lægstu launin. Nefndin taldi sér ekki fært að gera neina slíka röskun á frv., en hlaut þó að viðurkenna, að laun kvenna virðast í ýmsum stofnunum í ósamræmi við laun karla og að launastiginn, eins og hann er í frv., gæti gefið stofnunum tilefni til að viðhalda misjöfnum launakjörum kvenna og karla, þó að með frv. sé raunverulega ekki til þess ætlazt. Vildi nefndin koma í veg fyrir slíkt, bæði með sérstöku ákvæði, sem sett er inn í frv. (85. brtt.), og með breytingu á hámarki XIII. launaflokks, en til hans teljast nærri eingöngu ritarar III. flokks og flestallt konur, eins og starfsskipun er nú. Til leiðréttingar á launum kvenna gerði nefndin einnig þær breytingar við nokkrar stofnanir, þar sem eru samkv. frv. aðeins III. flokks ritarar, að ætla þeim stofnunum jafnframt ritara II. eða I. flokks, svo að færa mætti konur, sem ranglega er skipað í XIII. launaflokk, ofar í launastiganum.

Eftir frv. er til þess ætlazt, að öll laun skólastjóra og kennara við barnaskóla séu greidd beint úr ríkissjóði, en niður falli framlag bæjar- og sveitarsjóða. Í samráði við fræðslumálastjóra leggur nefndin til, að sá háttur, sem verið hefur, haldist enn um sinn og bæjar- og sveitarsjóðir greiði ákveðinn hluta af grunnlaunum þessara starfsmanna. Nefndinni er ljóst, að hér er í rauninni aðeins um að ræða tilfærslu á greiðslum, en ekki þjóðhagslegan sparnað. Eftir launaskýrslum, sem fylgja fjárlögum fyrir árið 1943, nam fjárframlag sveitar- og bæjarsjóða til kennslustarfa rúml. 640 þús. kr., en auk þessa eru hlunnindi þau, sem þeir leggja til kennurum og skólastjórum, metin á kr. 225 þús. Hér er því alls um að ræða fjárhæð, sem nemur nærri 900 þús. kr. Eftir tillögu nefndarinnar, að bæjarsjóðir greiði ⅓ og sveitarsjóðir ¼ af launum, verður framlag þessara aðila eftir hinum nýju launalögum um 620 þús. kr., og lækkar þá framlag ríkissjóðs sem þessari upphæð nemur frá því, sem áætlað er í frv.

Eftir ábendingu fræðslumálastjóra leggur nefndin til, að gerður sé munur á launum farkennara, sem hafa kennararéttindi, og hinna, sem fræðslumálastjórnin hefur orðið að taka til bráðabirgða vegna erfiðleika á því að fá sérmenntaða kennara. Eins og nú er, hefur rúmur helmingur farkennara, eða nærri 70 af 126 alls, ekki kennararéttindi. Fræðslumálastjóri lagði til, að laun þessara farkennara yrðu ákveðin ¾ af launum annarra barnakennara, og ber nefndin fram sömu tillögu.

Nokkrar ríkisstofnanir og sum starfsmannafélög þeirra hafa óskað þess að vera utan við launalögin. Er nefndinni höfðu borizt þessar óskir, ákvað hún að gera skriflega fyrirspurn til stofnana þeirra, sem taldar eru í 30.—36. gr. frumvarpsins, á þá leið, hvort þær væru samþykkar því eða ekki, að laun til starfsmanna þeirra væru ákveðin í launalögum. Þessar stofnanir eru Landsbanki Íslands, Búnaðarbankinn, Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands, Samábyrgð Íslands, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands. Það stendur að því leyti sérstaklega á um þessar stofnanir, að þær hafa allar sérstakan fjárhag og hvorki reikningar þeirra né reikningsleg niðurstaða kemur inn í ríkisreikninginn. Við fyrirspurn nefndarinnar gaf Brunabótafélagið eitt jákvætt svar. Tryggingastofnunin var að vísu einnig meðmælt því að heyra undir lögin, ef aðrar stofnanir í 30.—36. gr. gerðu það. Landsbankinn, Búnaðarbankinn, Samábyrgðin og Fiskifélagið mæltu móti því, að lögin næðu til þeirra, en Búnaðarfélagið gaf ekki neitt svar. Auk þessa óskuðu starfsmannafélög beggja bankanna eftir því, að laun þeirra yrðu ekki ákveðin í lögunum. Varð sú skoðun síðan ofan á í nefndinni, að fella skyldi burtu 30.—36. gr. frumvarpsins.

Nefndin lítur svo á, að með hagkvæmara fyrirkomulagi á rekstri ríkisstofnana og breyttum vinnuaðferðum mætti spara ríkissjóði talsverð útgjöld í launagreiðslum. Telur nefndin æskilegt, að athugun verði látin fara fram á því, hvernig rekstri ríkisstofnananna verði haganlegast fyrir komið og frestað verði að gefa starfsmönnum þeirra ráðningarbréf, þar til sú athugun hafi verið framkvæmd. Þykir nefndinni einnig hlýða, að áður en ráðningarbréf eru gefin, hafi endurskoðun farið fram á hinum almenna kafla launalaganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Leggur nefndin því til, að 45. gr. frumvarpsins verði felld niður, en í staðinn komi bráðabirgðaákvæði (sjá brtt. við 48. gr.).

Nokkrar aðrar greinar frumvarpsins eru þess efnis, að þær ættu frekar heima í hinum almenna kafla launalaganna. En þar sem endurskoðun á þeim kafla var frestað, hefur milliþinganefndin, er frv. samdi, ekki séð sér fært að láta bíða að setja í frv. ákvæði um nokkur atriði, sem eru í nánustu tengslum við sjálf launaákvæðin, svo sem ákvörðun um vikulegan vinnutíma (sjá 43. gr.). Meiri hluti nefndarinnar var því mótfallinn, að vinnuvikan væri ákveðin í lögum á þennan hátt og þótti vikulegur starfstími of stuttur hjá sumum þeim starfsmannahópum, sem taldir eru í greininni, sérstaklega skrifstofufólki. Samþykkti nefndin, að í stað þessarar greinar kæmi bráðabirgðaákvæði (sjá 79. brtt.), þar sem ríkisstjórninni er falið að setja reglugerð um starfstíma í samræmi við reglur þær, sem nú gilda, þar til gengið hefur verið frá lögum um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna.

Nefndin hefur enn til athugunar launakjör lækna og sýslumanna, einkum í sambandi við ákvæði 46. gr. um aukatekjur þessara embættismanna, og mun leggja fram tillögur sínar fyrir 3. umræðu.

Eftir ósk utanríkisráðherra leggur nefndin til, að breytingar verði gerðar á launagreiðslum við sendiráðin erlendis og einnig á launagreiðslum til nokkurra starfsmanna í utanríkisráðuneyti (sjá brtt. við 3. og 4. gr.), en annars hefur nefndin hliðrað sér hjá að taka nýja starfsmenn inn í frumvarpið.

Nefndin óskaði eftir því við fjármálaráðuneytið, að það léti gera nýja útreikninga á launagreiðslum ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu og þeim hækkunum á útgjöldum, sem samþykkt þess hefur í för með sér. Hefur enn sem komið er aðeins unnizt tími til að gera samanburð á launagreiðslum til kennara, eins og þær eru nú og mundu verða samkv. frumvarpinu. Nemur hækkun á grunnlaunum kr. 655952,96. Hins vegar kemur í hlut ríkissjóðs samkv. frv. að greiða meira en áður af þeirri upphæð, sem bæjar- og sveitarsjóðir lögðu fram, í staðaruppbótum og hlunnindum. Enn fremur kemur samkv. frv. full verðlagsuppbót á öll grunnlaun, þar á meðal sérstöku uppbótina, sem nú er innifalin í grunnlaunum. Því verða útgjöld ríkissjóðs miklu meiri en nemur sjálfri launahækkuninni til kennara. Ef samþykktar verða þær brtt. nefndarinnar, að bæjarsjóðir greiði ⅓ og sveitarsjóðir ¼ af grunnlaununum og farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fái ¾ hluta af launum annarra barnakennara, nemur útgjaldaaukning ríkissjóðs á grunnlaunum kr. 893641.90, en heildarhækkun með verðlagsuppbót 171% kr. 3320893.09, þar eð ríkissjóður greiðir einnig verðlagsuppbót á framlag bæjar- og sveitarsjóða.

Hækkun á launagreiðslum eftir tillögum nefndarinnar, frá því sem er í frv., nemur að frádregnum lækkunum, ef miðað er við lágmark hvers launaflokks, nálægt 90 þús. kr., en um 180 þús. kr. ef miðað er við hámark. Eru tillögur utanríkisráðherra þá ekki með taldar. Hækkun á launum í sendiráðum og hjá ræðismönnum er erfitt að áætla, því að hún fer eftir því, hve margar þær stöður eru á hverjum tíma.

Útreikningi á heildarhækkun samkvæmt frumvarpinu og brtt. nefndarinnar er ekki lokið, en nefndin vonast til að geta lagt slíkan útreikning fram fyrir 3. umr.

Nefndinni er ljóst, að þrátt fyrir þær lagfæringar, sem hún hefur reynt að gera á frv., muni enn vera hægt að benda þar á ósamræmi. En eins og áður er að vikið, ganga flestar brtt. hennar í þá átt að verða við sérstökum óskum stjórnar

BSRB eða einstakra starfsmannafélaga og stofnana, er báru fram rökstuddar tillögur um ýmsar leiðréttingar. Nefndin gat að sjálfsögðu ekki orðið við þessum óskum nema í fæstum tilfellum, því að hvorki taldi hún sér fært að raska verulega frv., né heldur átti hún það víst, jafnnauman tíma sem hún hafði til starfa, að breytingar hennar kynnu ekki að leiða af sér nýtt ósamræmi. Flestar tillögur nefndarinnar til hækkunar á launum einstaklinga eða starfsmannahópa stafa af því, að laun hefðu eftir frumvarpinu lækkað óeðlilega frá því, sem nú er.

Nefndin flytur brtt. á þskj. 692, en einn nefndarmanna (BSt) hefur óbundnar hendur um þær, þar sem hann tók ekki þátt í endanlegri afgreiðslu þeirra sökum veikinda. Bernharð Stefánsson flytur sérstakar brtt., og gerir hann svofellda grein fyrir afstöðu sinni:

Ég hef ekki getað gegnt nefndarstörfum um skeið vegna veikinda og hef því ekki verið viðstaddur, er meiri hl. n. tók ákvarðanir um ýmis einstök atriði þessa frumvarps. Mér þykir því rétt að gera sérstaka grein fyrir afstöðu minni til málsins, einkum þar sem ég er mótfallinn sumum veigamestu breytingartillögum meiri hl. n.

Ég tel aðkallandi nauðsyn að setja ný launalög. Er það bæði vegna óviðunandi launakjara hjá ýmsum hinna lægst launuðu starfsmanna og vegna mjög mikils misræmis á launum opinberra starfsmanna innbyrðis. Þetta tvennt tel ég þörf á að lagfæra, og þess vegna gerðist ég meðflm. þessa frv. Hins vegar er það skýrt tekið fram í greinargerð frv., að allir flutningsmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartill. við einstök ákvæði þess, enda var það aldrei ætlun mín að samþykkja frv. óbreytt, þó að ég vildi stuðla að því, að það væri lagt fyrir þingið og fengi þar athugun.

Ég hef leitazt við að afla mér upplýsinga um það, hversu útgjöld ríkissjóðs mundu hækka, ef frv. yrði samþykkt óbreytt í aðalatriðum, og virðist mér útgjaldaaukningin mundu verða meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Dreg ég í efa, að ríkið fái staðizt þau útgjöld til lengdar, nema þá með því móti að draga óeðlilega úr öðrum útgjöldum ríkissjóðs.

Ég ber því fram breytingartillögur um nokkra lækkun á launastiganum (hámarkslaununum), þó ekki í lægstu launaflokkunum. Virðist mér sú lækkun, er ég sting upp á, ekki verulega tilfinnanleg fyrir starfsmennina, en hún mundi þó draga úr útgjöldum ríkissjóðs, miðað við núverandi verðlagsvísitölu og frv. að öðru leyti óbreytt, um ca. 2 millj. kr. Verði þessar breytingartillögur mínar samþ., mun ég bera fram við 3. umr. tillögu um nokkra uppbót til fjölskyldumanna, og dregur það að vísu nokkuð úr lækkuninni, en ég tel þá leið réttmæta.

Ýmislegt ósamræmi er í launagreiðslum skv. hinum einstöku greinum frv., og mun ég bera fram breytingartillögur við 3. umr. til leiðréttingar á því, eftir því er mér þykir þurfa.

Fyrir hinum einstöku brtt. verður gerð grein í framsögu.

Alþingi 13. des. 1944.

Magnús Jónsson, form. — Kristinn E. Andrésson, frsm. — Bernharð Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara.

Lárus Jóhannesson. — H. Guðmundsson.

Ed. 692. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. b. (XIII. flokkur).
   Fyrir „3000—4800“ kemur ..... 3000—5400
   Hámarkstalan í XIII. launaflokki breytist samkvæmt þessu í öðrum greinum frumvarpsins.

2.	Við	2. gr.	Þriðja efnismálsgrein orðist svo: Í VIII., IX. og X. launaflokki, árleg hækkun ..	300 í 6 ár
3.	—	2. —	Eftir þriðju efnismálsgrein bætist við nýr liður: Í XIII. launaflokki, árleg hækkun	300 í 8 ár
4.	—	2. —	Síðasta málsgrein orðist þannig: Í XIV. launaflokk koma aðeins iðnkonur eftir 4 ára starf.	
5.	—	2. —	Aftan við greinina bætist: a) Nokkrir starfsmenn í V., VI. og VII. launaflokki taka hámarkslaun þessara flokka frá upphafi. b) Símvirkjar II. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks (sbr. 18. og 22. gr.) flytjist upp í I. starfsflokk, þegar er tilskildu prófi er náð, og nái hámarkslaunum VIII. flokks þrem árum síðar, þó eigi fyrr en sex árum eftir, að þeir hafa lokið sveinsprófi.	
6.	—	3. —	(Ríkisbókari og ríkisféhirðir). Fyrir „10200“ kemur	11100
7.	—	3. —	Aftan við þann lið bætist nýr: Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti	10200
8.	—	3. —	(Fulltrúar I. flokks). Við liðinn bætist: og skjalavörður í utanríkisráðuneyti.	
9.	—	3. —	(Fulltrúar II. flokks). Þar við bætist: og aðstoðarmenn í utanríkisráðuneyti.	
10.	—	4. —	(Sendiherrar). Fyrir „11100“ kemur	12000
11.	—	4. —	(Sendifulltrúar). Liðurinn orðist svo: Sendifulltrúar og aðalræðismenn	10200
12.	—	4. —	(Aðalræðismaður í New York). Liðurinn falli niður.	
13.	—	4. —	Tveir síðustu liðir greinarinnar orðist svo: Sendiráðsritar I. flokks og ræðismenn	7200— 9600
14.	—	4. —	Sendiráðsritarar II. flokks, attachés og vararæðismenn	6600— 9000
15.	—	5. —	(Skrifstofustjóri Alþingis). Fyrir „11100“ kemur	12000
16.	—	6. —	Tveir síðustu liðir greinarinnar orðist svo: Bókarar	6000— 7800
			Ritarar I. flokks	4800— 6000
			Ritarar II. flokks	4200— 5400
			Ritarar III. flokks	3000— 5400
17.	—	7. —	(Hæstaréttarritari). Fyrir „6000—7800“ kemur	6600— 9000
18.	—	8. —	Í stað „Toll- og skattritarar I. flokks“ kemur: Skattritarar I. flokks og tollritarar.	
19.	—	8. —	Í stað „Toll- og skattritarar II. flokks“ kemur: Skattritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skattritarastörfum.	
20.	—	8. —	(Skráningarstjóri). Liðurinn falli niður.	

21.	Við	8. gr.	(Tollverðir).	
			Fyrir „5400—7200“ kemur	6000— 7800
22.	—	8. —	(Bátsformenn á tollbát).	
			Fyrir „5400—7200“ kemur	6000— 7800
23.	—	8. —	(Ríkislögregluþjónar).	
			Fyrir „5400—7200“ kemur	6000— 7800
24.	—	8. —	(Réttarritari borgardómara).	
			Liðurinn falli undir „Ritarar I. flokks“.	
25.	—	8. —	(Ritarar III. flokks).	
			Fyrir þennan lið koma þrír liðir, svolátandi:	
			Ritarar I. flokks	4800— 6000
			Ritarar II. flokks	4200— 5400
			Ritarar III. flokks	3000— 5400
26.	—	11. —	Eftir „Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur“ kemur nýr liður:	
			Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala	6000— 8400
27.	—	11. —	(Umsjónarmaður Landsspítala).	
			Fyrir „4800—6000“ kemur	4800— 6600
28.	—	11. —	Eftir „Umsjónarmaður Landsspítala“ kemur:	
			Ritari I. flokks	4800— 6000
29.	—	13. —	(Biskupinn yfir Íslandi).	
			Fyrir „12000“ kemur	14000
30.	—	13. —	Eftir „Biskupinn yfir Íslandi“ kemur nýr liður:	
			Vígslubiskupar og dómprófastur í Reykjavík ..	9600
31.	—	14. —	Fyrsti liður orðist svo:	
			Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann, og forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans	14000
32.	—	14. —	(Dósentar). Liðurinn orðist svo:	
			Dósentar	10200
			Lektorar	7200— 9600
33.	—	14. —	(Háskólaritari).	
			Fyrir „6000—7800“ kemur	7200— 9600
34.	—	15. —	Fyrir „deildarstjóri í atvinnudeild“ kemur: deildarstjórar í atvinnudeild.	
35.	—	15. —	Fyrsti liður „Forstöðumenn ....“ fellur niður.	
36.	—	15. —	(Hjálparstúlkur o. s. frv.). Liðurinn fellur niður. (Eru aðstoðarmenn II. flokks.)	
37.	—	15. —	Liðirnir „1. bókavörður landsbókasafns“ og „Bóka- og skjalaverðir“ verði einn liður og orðist svo:	
			Bóka- og skjalaverðir	7200— 9600
38.	—	16. —	(Skólastjórar). Fimmta og sjötta málsgrein orðist svo:	
			Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar	9000
			Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar	6000— 8400
39.	—	16. —	Síðasti upptalningarliður greinarinnar orðist svo:	
			Ritari II. flokks í fræðslumálaskrifstofu	4200— 5400
			Ritari III. flokks	3000— 5400
40.	—	16. —	Síðasta málsgreinin orðist svo:	
			a) Árslaun barnaskólastjóra og kennara eru mið-	

uð við 9 mán. kennslustarf, en lækka um ⅙ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

b) Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

c) Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅓ hluti úr bæjarsjóði og ¼ hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahéraðs.

41. Við 17. gr. Liðurinn „Skólastjórar kennaraskóla“ o.s.frv. orðist svo: Skólastjórar kennaraskóla, stýrimannaskóla, vélskóla og búnaðarskóla 10200

42. — 17. — Tveir síðustu liðir greinarinnar verða fjórir liðir og orðist svo:

Skólastjórar við húsmæðrakennaraskólann, íþróttakennaraskólann, daufdumbraskólann og garðyrkjuskóla	9600
Kennarar sömu skóla	6000— 8400
Skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum	9000
Kennarar skólans	6000— 7800

43. — 18. — (Útvarpsstjóri).

Fyrir „11100“ kemur	12000

44. — 18. — (Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs).

Fyrir „7200—9600“ kemur	9600

45. — 18. — (Fréttastjóri).

Fyrir „6600—9000“ kemur	7200— 9600

46. — 18. — (Fréttaritarar).

Fyrir „6000—7800“ kemur	6000— 8400

47. — 18. — Fulltrúar í skrifstofu útvarps og útvarpsráðs (tveir liðir).

Fyrir „6000—7800“ kemur	6000— 8400

48. — 18. — (Bókari í skrifstofu útvarps).

Fyrir „4800—6600“ kemur	5400— 7200

49. — 20. — Fyrsti liður orðist svo:

Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, húsameistari ríkisins og skipulagsstjóri	12000

50. — 20. — (Kortagerðarmaður vegamálastjóra).

Fyrir „5400—7200“ kemur	6000— 8400

51. — 20. — (Kafari).

Fyrir „4800—6000“ kemur	4800— 6600

52. — 20. — (Ritarar III. flokks). Fyrir þennan lið koma tveir liðir, er orðist svo:

Ritarar II. flokks	4200— 5400
Ritarar III. flokks	3200— 5400

53. — 21. — (Ritarar III. flokks). Liðurinn orðist svo:

Ritarar II. flokks	4200— 5400
Ritarar III. flokks	3000— 5400

54. — 22. — Aftan við liðinn „Póstmálafulltrúi“ o. s. frv. bætist: póstmeistari á Akureyri.

55. — 22. — (Innheimtuféhirðir o. s. frv.).

Síðasta setningin: „(og póstmeistari á Akureyri)“, falli niður.

56. Við 22. gr. Liðurinn „Póstafgreiðslumenn“ o. s. frv. orðist þannig:
Póstafgreiðslumenn ..... 6000— 7800

57. — 22. — Liðurinn „Næturverðir við landssímastöðina“ o. s. frv. orðist svo:
Næturverðir við landssímastöðina í Reykjavík og á Akureyri, iðnaðarmenn og línumenn landssímans, bréfberar í Rvík og á Akureyri, aðstoðarmenn I. flokks og bifreiðarstjórar (hjá síma og pósti) og teiknarar hjá landssíma ..... 4800— 6600

58. — 22. — (Húsverðir landssímans o. s. frv.). Liðurinn orðist svo:
Húsverðir landssímans í Reykjavík og pósthússins í Reykjavík, símvirkjar II. flokks, ritarar I. flokks, sendimenn símans og varðstjórar við langlínumiðstöð ..... 4800— 6000

59. — 22. — (Ritarar II. flokks og yfirsendlar). Liðurinn fellur niður.

60. — 22. — Síðasti málsliður verður tveir liðir, er orðist svo:
Talsímakonur ..... 4200— 5400
Ritarar III. flokks ..... 3000— 5400

61. — 23. — (Forstjóri).
Fyrir „12000“ kemur 14000

62. — 23. — (Skrifstofustjóri).
Fyrir „7200—9600“ kemur 10200

63. — 23. — (Ritarar III. flokks). Liðurinn orðist svo:
Ritarar II. flokks ..... 4200— 5400
Ritarar III. flokks ..... 3000— 5400

64. — 24. — (Forstjórar landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs).
Fyrir „10200“ kemur 11100

65. — 25. — Tveir fyrstu liðir orðist svo:
Forstjórar og lyfsölustjóri 11100
Útsölustjóri í Reykjavík 10200

66. — 25. — Liðurinn „Bókarar III. flokks ...“ orðist svo:
Bókarar III. flokks í áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ..... 4800— 6600

67. — 25. — „Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu“ falla niður (eru bókarar III. flokks).

Hríseyjarbátur (2000 + 6000)	8000
Flateyjarbátur (á Skjálfanda)	7000
Hornafjarðar — Austfjarðabátur	30000

Fjarðabátar.

a. Loðmundarfjarðarbátur	2500
b. Norðfjarðarbátur (15000 + 8000)	23000
c. Mjóafjarðarbátur	3000
d. Eskifjarðarbátur	5000
e. Berufjarðarbátur	3000

Suðurlandsskip	60000
Mýrabátur (á Faxaflóa)	2500
Borgarnesbátur	120000

Til Breiðafjarðarsamgangna:

1. Flateyjarbátur, venjul. ferðir (18000 + 8000)	26000
2. Sami, vikul. ferðir: Flatey — Brjánslækur — Kinnarstaðir — Flatey	22000
3. Patreksfjarðarbátur	2000
4. Stykkishólmsbátur	28000
5. Langeyjarnesbátur	2000
6. Skógarstrandarbátur	2500
7. Hellissandsbátur	4500
Til bátaferða innan A.-Skaft. (þar af 2550 kr. til Öræfa)	4950
Til ferða milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja	60000
Rangársandsbátur	2000

Alþingi, 12. des. 1944.

Gísli Sveinsson, form. Nd.-nefndar, frsm. — Gísli Jónsson, form. Ed.-nefndar. — Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Nd.-nefndar.

Ingvar Pálmason, fundaskr. Ed.-nefndar. — Sigurður Bjarnason. — Lúðvík Jósefsson.

Steingrímur Aðalsteinsson. — Barði Guðmundsson.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 29. nóvember 1944.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir upplýsingum um rekstur flóabátanna á þessu ári og tillögum um styrk til þeirra á næsta ári. Vil ég í eftirfarandi leitast við að verða við þessum óskum.

Djúpbátur.

H.f. Djúpbáturinn hefur eins og að undanförnu annazt bátsferðir um Ísafjarðardjúp með báti sínum, Fagranesi. Hafa verið farnar tvær ferðir á viku um Djúpið, ein ferð á viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur, sex ferðir að Horni og fjórar ferðir til Bolungavíkur, Furufjarðar og Þaralátursfjarðar á Ströndum, ein ferð á mánuði til Bíldudals með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum. Vestfjarðaferðirnar voru þó ekki farnar í júlí og ágúst, meðal bílfært var til Þingeyrar. Þá hefur ein ferð á viku verið farin til Önundarfjarðar, þegar tími vannst til. Alls hafa verið farnar fram til 15. nóv. 155 áætlunarferðir og nálega eins margar aukaferðir.

Vélin í Fagranesinu er orðin gömul og slitin og hefur oft bilað. Hefur þá orðið að leigja annan bát, meðan á aðgerð stóð. Hefur það að sjálfsögðu orðið kostnaðarsamt fyrir félagið. Eigi að síður verður fjárhagsleg afkoma bátsins að teljast allsæmileg, enda voru far- og farmgjöld hækkuð á árinu.

Skagafjarðar- og Fljótabátur til Siglufjarðar.

Skipaútgerð ríkisins sá fyrir ferðum milli Skagafjarðar, Siglufjarðar og Eyjafjarðar með v/b Víði á síðast liðnum vetri. Fyrsta maí hætti v/b Víðir ferðum, og annaðist þá flóabáturinn Ester ferðirnar yfir maímánuð. Fyrsta júní tók Skafti Stefánsson við ferðunum með bát sínum, Mjölni. Var ferðum hagað þannig, að farið var frá Siglufirði til Sauðárkróks alla þriðjudaga og laugardaga og til Haganes-

víkur alla miðvikudaga og föstudaga. Var þessu fyrirkomulagi haldið þar til í byrjun nóvember, er Skipaútgerð ríkisins tók aftur við ferðunum með e/s Ármanni, sem leigður var til þess. Umsaminn styrkur til Skafta Stefánssonar fyrir Skagafjarðarferðirnar var 4500 kr. á mánuði. Afgangurinn af styrknum, sem ætlaður var til Skagafjarðarferðanna (50 þús. kr.) mun ganga upp í væntanlegan halla á rekstri Ármanns.

Norðurlandsbátur.

Ferðir þær, sem þessum báti voru ætlaðar, voru reknar af Skipaútgerð ríkisins með m/b Víði þar til 1. maí s. l. Var ferðunum hagað þannig, að báturinn fór alla þriðjudaga frá Akureyri til Sauðárkróks og komið þá við á öllum milliliggjandi stöðum, á Eyjafirði og Skagafirði, þar sem venja var, að flóabátar kæmu við á. Alla föstudaga fór báturinn hraðferðir frá Akureyri til Sauðárkróks með viðkomu á Siglufirði í báðum leiðum. Í þeim ferðum kom báturinn einnig við í Ólafsfirði og Hrísey, þegar sérstaklega þótti ástæða til þess. Um helgar fór svo báturinn til Húsavíkur og Grímseyjar. 1. maí hætti m/b Víðir, og fyrrverandi flóabátur, Ester, tók við ferðum. Var þeim hagað yfir maímánuð eins og gert hafði verið um veturinn með Víði. 1. júní var ferðunum síðan breytt í það horf, sem venjulegt hefur verið yfir sumarmánuðina. Var farið frá Akureyri til Siglufjarðar alla þriðjudaga og föstudaga og þess á milli austur til Þórshafnar og Grímseyjar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum, eftir því sem þörf krafði.

Um miðjan nóv. hætti Ester, og Skipaútgerð ríkisins tók við rekstri ferðanna með Ármanni. Er nú ferðunum hagað eins og s. l. vetur með m/s Víði. Styrkurinn til Ester yfir sumarmánuðina var ákveðinn þannig: Fyrir maí 12400 kr., en úr því 7400 kr. á mánuði. Eftirstöðvarnar af styrk þeim (75000 kr.), sem ætlaður var til Norðurlandsbátsins, munu renna upp í rekstur e/s Ármanns.

Flateyjarbátur (á Skjálfanda).

Ferðum þessa báts hefur verið hagað líkt og undanfarið, hálfsmánaðarferðir milli Húsavíkur og Flateyjar með viðkomu á Flateyjardal. Þorgeirsfjörður fór í eyði s. l. vor, svo að ferðir þangað urðu óþarfar. Undanfarið hafa verið miklir erfiðleikar með að fá bát til að fara ferðirnar, vegna þess að þeir fáu dekkbátar, sem heima áttu í Flatey, eru nú fluttir þaðan alfarnir, og hefur því orðið stundum að fá báta frá Húsavík, en stundum orðið að notast við opna vélbáta. Verður að gera ráð fyrir, að þessar samgöngur verði að leysa með því að notast við opna vélbáta um sumartímann, en fá hæfa dekkbáta til þeirra á Húsavík yfir vetrartímann. En til þess að hægt sé að leysa málið á þann hátt, þarf að hækka styrkinn nokkuð.

Hornafjarðar- og Austfjarðabátur.

Skipaútgerð ríkisins hefur séð fyrir þessum ferðum undanfarin ár og leigt til þess sérstaka báta. Bátur sá, sem leigður var til ferðanna s. l. vetur, bilaði á miðri vertíð, og var ekki hægt að fá annan í staðinn, en reynt að sjá fyrir flutningaþörfinni, eftir því sem hægt var, með e/s Þór. Verður varla hjá því komizt, að Skipaútgerðin leigi bát í þessu skyni einnig að þessu sinni, og er ætlunin, að sá bátur gangi eftir fastri áætlun frá Hornafirði til Bakkafjarðar á vetrarvertíðinni.

Loðmundarfjarðarbátur.

Ferðum þessa báts hefur verið hagað eins og að undanförnu, farið til Seyðisfjarðar, þegar þurfa þótti, einkum í sambandi við komu strandferðaskipanna þangað. Ekki er annað vitað en styrkurinn muni nægja.

Norðfjarðarbátur

Bátur þessi hefur haldið uppi ferðum milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bílferðir til og frá Norðurlandi. Styrkurinn (5000 kr.) reyndist allt

of lítill, svo að ómögulegt var að fá bát til að taka að sér ferðirnar fyrir þann styrk. Hins vegar var talið, að ferðirnar mættu ómögulega leggjast niður, og mun því bæjarstjórn Norðfjarðar hafa ákveðið að leigja heldur bát fyrir fasta leigu og vænt þess að fá rekstrarhallann greiddan síðar heldur en að ferðirnar legðust niður. Hefur bæjarstjórnin á Norðfirði í erindi til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 24. ágúst s. l., farið fram á, að styrkurinn yrði hækkaður upp í 17 þús. kr.

Miðafjarðarbátur.

Bátur þessi hefur verið í ferðum eins og áður milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar, þegar ástæður hafa þótt til. Munu í sumar venjulega hafa verið farnar 3—4 ferðir á mánuði. Ekki er annað vitað en að styrkurinn, sem til þessara ferða er ætlaður, muni nægja.

Eskifjarðarbátur.

Enginn bátur hefur fengizt í þessar ferðir, og telja kunnugir, að það sé vegna þess, að styrkurinn, sem til þeirra er ætlaður, sé of lítill. Styrkur þessi er því óeyddur

Berufjarðarbátur.

Sama er að segja um þennan bát eins og Eskifjarðarbátinn Enginn bátur hefur fengizt til ferðanna, og er styrkurinn því ónotaður.

Mýrabátur á Faxaflóa.

Til þessa báts eru veittar 2500 kr., og hefur það verið eins og s. l. ár, að tveir opnir vélbátar hafa annazt flutninga á þessum slóðum, eftir því sem þörf hefur verið til.

Samgöngur innan Breiðafjarðar.

Flateyjarbátur.

Til ferða um norðanverðan Breiðafjörð eru veittar 40 þús. kr. í styrk. M/b Konráð hefur verið í þessum ferðum eins og áður. Fór báturinn eftir fyrir fram gerðri áætlun um norðanverðan Breiðafjörð og auk þess vikulega milli Flateyjar, Brjánslækjar og Kinnarstaða. Er ekki annað vitað en að ferðirnar hafi gengið vel og verið til mikilla bóta fyrir samgöngurnar. Af þessum 40 þús. kr., sem veittar voru í styrk til ferðanna á þessu ári, var ætlazt til, að 10 þús. kr. gengju til þess að greiða halla, sem orðið hafði á ferðum bátsins á fyrra ári, en þar sem nú lítur út fyrir, að nokkur halli verið einnig á ferðum fyrir þetta ár, mun varla veita af, að styrkurinn haldist óbreyttur.

Patreksfjarðarbátur.

Bátur þessi er ætlaður til flutninga um Patreksfjörð, aðallega til mjólkurflutninga fyrir kaupstaðinn, og mun styrkurinn ganga til að létta undir með þeim.

Stykkishólmsbátur.

Til ferða þessa báts eru veittar 26 þús. kr. Hefur báturinn að þessu sinni siglt eftir fastri áætlun og farið 117 áætlunarferðir um sunnanverðan Breiðafjörð og 86 aukaferðir. Þar af eru 37 póstferðir milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun virðist, að rekstur bátsins ætli að koma út með nokkrum halla, en það stafar af því, að báturinn var í aðgerð framan af árinu, og varð þá að leigja bát í staðinn fyrir hann. Ef styrkurinn væri hækkaður um 2 þús. kr., má telja líklegt, að það muni duga.

Langeyjarnesbátur.

Bátur þessi hefur farið eins og að undanförnu ferðir milli Langeyjarness og Stykkishólms, og er ekki annað vitað en að styrkurinn til hans muni nægja.

Skógarstrandarbátur.

Bátur þessi hefur haldið uppi hálfsmánaðarferðum milli Skógarstrandar og Stykkishólms. Hefur hr. Kristinn Gíslason í Öxney haft þessar ferðir með mótorbátnum Sigurfara. Mjög er kvartað undan því, að tekjur séu litlar af ferðum þessum. Hins vegar er talið, að ferðirnar megi ekki leggjast niður. Mun verða að hækka styrkinn til þessa báts lítillega, til þess að ferðirnar geti komið að fullum notum.

Hellissandsbátur.

Til þessa báts eru veittar 3 þús. kr. Var ætlazt til, að bátur þessi færi tvisvar í viku milli Sands og Ólafsvíkur í sambandi við fastar bílferðir frá Borgarnesi til Ólafsvíkur, sem voru þá tvisvar í viku. Á síðast liðnu sumri var þessu breytt þannig, að bílferðirnar urðu þrisvar í viku, og varð báturinn því að fara þrjár ferðir. Varð að hækka styrkinn af þeim ástæðum um 1500 kr., og samþykkti atvinnumálaráðuneytið þá hækkun. Gera má ráð fyrir, að ferðir bátsins þurfi að vera með svipuðu fyrirkomulagi næsta ár.

Stokkseyrar — Vestmannaeyjabátur.

Bátur þessi hefur verið í ferðum milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja, aðallega til að flytja fólk. Hafa verið farnar 72 ferðir frá 15. maí til 15. nóvember og í þeim flutt hálft fimmta þúsund farþegar. Rekstraryfirlit er ekki komið enn þá, en líkur benda til, að útkoman verði sæmileg og að styrkurinn muni nægja.

Rangársandsbátur.

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir með flutningum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaður Rangæinga haft umsjón með úthlutun styrksins. Telur hann nauðsyn á, að þessi styrkur falli ekki niður.

Akranes- Borgarnesferðir.

Skipaútgerð ríkisins rak ferðir milli Reykjavíkur og Akraness síðast liðinn vetur með mótorbátnum Hólmsbergi. Eftir að Laxfoss strandaði, voru einnig farnar ferðir til Borgarness, þar til Borgnesingar sjálfir tóku við ferðunum með línuveiðaranum Sigríði, sem þeir leigðu til þess. Eins og kunnugt er, var það hugsað sem bráðabirgðalausn málsins að láta Skipaútgerð ríkisins sjá um ferðir milli Akraness og Reykjavíkur, og jafnframt var unnið að því að koma þessum ferðum hvorum tveggja, Borgarnes- og Akranesferðum, á eina hönd. Var gert allt, sem hægt var í því máli, og leit út fyrir um tíma, að takast mundi að ná samkomulagi um þá lausn. En á síðustu stundu fóru samningar út um þúfur, og gerði þá bæjarstjórn Akraness ríkisstjórninni það tilboð að taka að sér að reka ferðirnar við Akranes og Borgarnes án styrks, ef skipulagsbundnar ferðir til Norðurlands yrðu ákveðnar um Akranes. Var fyrirkomulagið hugsað þannig, að m/b Víðir annaðist fólksflutningana, sem aðallega áttu að fara um Akranes, enda er báturinn svo lítill, að hann hefði ekki annað flutningunum, ef hann hefði átt að fara til Borgarness. Jafnframt átti 60 tonna mótorbátur að ganga milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness og annast alla vöruflutninga.

Þessu tilboði var tekið, og voru ferðirnar byrjaðar þannig fyrst í maí. En Borgnesingar vildu ekki vera með í þessu samkomulagi og leigðu sjálfir skip, eins og áður er sagt, línuveiðarann Sigríði, til þess að hafa í ferðum milli Borgarness og Reykjavíkur. Þessi tvö skip, Víðir og Sigríður, sigldu svo í hörðustu samkeppni í sumar með þeim árangri, að verða mun um 180 þús. kr. tap á Sigríði til áramóta, en Akranes fer fram á 100 þús. kr. styrk til að annast vetrarferðirnar með Víði. Hefði hins vegar þetta verið rekið eins og það var hugsað, má telja líklegt, að hagnaðurinn af sumarferðunum hefði verið nægilegur til þess að greiða væntan-

legan halla af vetrarferðunum. Ef fengið væri eitt farþegaskip svipað og Laxfoss var og leigður vöruflutningabátur yfir sumarmánuðina, væri án efa hægt að fullnægja fólks- og vöruflutningum bæði til Akraness og Borgarness, og má þá telja líklegt, að svo mikill hagnaður yrði yfir sumarmánuðina, að það nægði til að greiða hallann af vetrarferðunum, enda er þá auðvelt að skapa skipinu meiri verkefni með því að senda það eina ferð á viku til Vestmannaeyja. Það ætti því ekki að þurfa að styrkja þessar ferðir, ef þær væru á einni hendi. Hins vegar verður stórkostlegt tap á þeim, ef hvor þessara staða ætlar að reka ferðir sérstaklega. Mitt álit er það, að ekki eigi að styrkja ferðirnar, nema því aðeins, að þær séu á einni hendi og reknar með sameiginlega hugsmuni Akraness og Borgarness fyrir augum. Ef hægt verður að ná samkomulagi nú, mætti láta Sigríði hætta í Borgarnesferðunum og Víði sjá fyrir ferðum í vetur bæði til Akraness og Borgarness. Fengi báturinn þá nóg verkefni, og ætti ekki að þurfa að verða neinn verulegur halli á honum í vetur.

Ég leyfi mér að mæla með því, að þetta fyrirkomulag verði haft og jafnframt ákveðið að styrkja ekki ferðir milli umræddra staða, nema því aðeins, að þær séu á einni hendi. Má þá gera ráð fyrir, að samkomulag verði um ferðirnar, annaðhvort að báðir staðirnir sameinist um rekstur þeirra, eða að annar þeirra taki að sér að reka þær fyrir báða staðina. Verður þá væntanlega ekki annað styrkspursmál um að ræða en vegna hallans á Borgarnesferðunum á þessu ári.

Vegna þess að margir bátar hafa ekki enn þá sent bráðabirgðaskýrslu yfir þessa árs rekstur, eru þær upplýsingar, sem hér eru gefnar, því miður ekki eins fullkomnar og æskilegt væri.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að Skipaútgerð ríkisins hefur á þessu ári eins og að undanförnu reynt að sjá fyrir nauðsynlegum flutningi meðfram ströndum landsins og notað til þess ýmsa báta og skip auk strandferðaskipanna og varðskipanna, sem sumpart hafa verið tekin á leigu um lengri eða skemmri tíma og sumpart fengin í einstakar ferðir fyrir eigin reikning. Á síðast liðnu ári voru alls fluttar á vegum Skipaútgerðar ríkisins 55000 smálestir og 38000 farþegar, og má gera ráð fyrir, að flutningarnir verði svipaðir á þessu ári. Fiskiskip og bátar, sem orðið hefur að notast við, eru auðvitað mjög óhentugur skipakostur til strandferða, enda verða allir flutningar með slíkum skipakosti mjög kostnaðarsamir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að sjá þjóðinni fyrir nauðsynlegum flutningum, svo að atvinnuvegirnir þurfi ekki af þeim sökum að rýrna eða stöðvast. Enda þótt allt sé í óvissu um, hvað framtíðin ber í skauti sínu, verður ekki annað séð en þörfin fyrir flutninga og samgöngur með ströndum fram verði svipuð á næsta ári, og vil ég þess vegna leyfa mér að mæla með því, að Skipaútgerð ríkisins verði leyft að leysa úr flutningaþörfinni á svipaðan hátt og verið hefur.

Virðingarfyllst,

Pálmi Loftsson.

Sþ. 699. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir láni til lendingarbóta í Flatey á Skjálfanda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir láni allt að 100 þús. kr. vegna bryggjugerðar og lendingarbóta á ríkiseigninni Flatey á Skjálfanda, þó ekki yfir ⅓ af öllum tilkostnaði við verkið.

Greinargerð.

Flateyingar á Skjálfanda eru allir leiguliðar ríkissjóðs. Þeir hafa um nokkurra ára skeið unnið að því að gera viðunanlega bryggju og lendingarbætur fyrir vélbáta. Flateyingar búast við að geta byrjað á þessu verki í sumar og lokið því næsta ár, ef þeir fá ríkisábyrgð fyrir þriðjung tilkostnaðar við verkið.

Nd. 700. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ábyrgist lán, allt að kr. 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónum — fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi til þess að láta endursmíða og stækka m/s Laxfoss til að annast flutninga milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness og annarra þeirra staða, er henta þykir að dómi félagsins og samgöngumálaráðuneytisins. Lánið sé einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal félaginu að breyta varasjóði sínum, að upphæð kr. 450000 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur — í hlutabréf, er gefin séu út á nöfn núverandi hluthafa í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, og skulu bréf þessi undanþegin tekjuskatti.

Ríkissjóður leggur fram viðbótarhlutafé, allt að 150 þúsund krónum, þó ekki yfir ⅓ á móti framlagi annars staðar að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum frá 9. jan. 1935, nr. 13, var ákveðið, að ríkið legði fram ⅓ nauðsynlegs hlutafjár á móti íbúum Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu innan Skarðsheiðar í hlutafélagið Skallagrím í Borgarnesi, til þess að unnt yrði að smíða skip, er hentaði til milliferða um innanverðan Faxaflóa aðallega. Mestur hluti þess hlutafjár, er safnaðist í héraði, var lagður fram af hreppsfélögum, verzlunarfélögum og Sparisjóði Mýrasýslu í Borgarnesi, og auk þess lögðu fram hlutafé nokkrir áhugasamir einstaklingar í héraðinu.

Árið 1935 var skipið Laxfoss fullsmíðað og hóf þá um vorið ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness með viðkomu á Akranesi. Skipið hélt uppi samgöngum þessum í full 8 ár eða þangað til að það strandaði um miðjan síðastl. vetur, sem kunnugt er, í aukaferð, sem það fór til þess að sækja nokkra alþingismenn, sem voru á leið til þings, og fleiri.

Mestallt þetta tímabil var einnig í förum annað skip frá Akranesi, er hafði með höndum mestallan farþegaflutning milli þess og Reykjavíkur. Þrátt fyrir þetta bar Laxfoss sig mjög vel flest ár þessa umrædda tímabils og naut ekki ríkisstyrks til ferðanna nema lítils háttar vegna flutninga til Breiðafjarðar og svo tiltölulega lága greiðslu

fyrir póstflutninga. Aftur á móti greiddi það síðustu árin skatta til ríkisins, t. d. árið 1943 21 þús. kr. og samtals til hrepps og ríkis þrjú síðustu árin allt að kr. 100 þús. Auk þess safnaði félagið sér allmyndarlegum varasjóði á sama tíma.

Eftir strand m/s Laxfoss síðastl. vetur hefur öllum sjósamgöngum um sunnanverðan Faxaflóa mjög hrakað sökum skorts á hentugum skipum. Hafa tvö skip annazt ferðirnar nú undanfarið, m/s Víðir af Akranesi og g/s Sigríður milli Borgarness og Reykjavíkur. Sækja nú aðilar þeir, sem að útgerð þessari standa, um styrk til Alþingis til að standa undir rekstrarhalla ársins, allt að 300 þúsundum, um 100 þús. vegna Víðis og um 200 þús. vegna g/s Sigríðar. Er það sýnt, að við þessa tilhögun verður ekki unað til frambúðar.

Nú nýskeð hefur stjórn Skallagríms gert samning við vélsmiðjur þær, er eiga flakið af Laxfossi, um að endursmíða hann handa félaginu. Er þá gert ráð fyrir nokkurri stækkun og um leið að setja nýja og sterkari vél í skipið og gera á því ýmsar aðrar smábreytingar. Kostnaðarverð skipsins þannig fullbúins er um 1,800 þús. kr., og er lofað að ljúka viðgerð þess svo fljótt, að það geti byrjað áætlunarferðir í maí n. k.

Með frv. þessu er farið fram á það, að ríkið stuðli nú að endursmíði Laxfoss á framanskráðum grundvelli, á sama hátt og það stóð að smíði hans í upphafi, og að heimilað verði, að varasjóðseign félagsins verði breytt í áhættufé fyrirtækisins, í formi nýs hlutafjár, en það getur ekki orðið nema að undanþiggja það tekjuskatti við breytinguna.

Fjárhagsgrundvöllur fyrirtækisins er nú þessi:

1.	Hið gamla hlutafé Laxfoss:	
	a. ríkisins	50 þús. kr.
	b. félaga og einstaklinga	100 — —
2.	Varasjóðseign:	
	a. ríkisins	150 — —
	b. félaga og einstaklinga	300 — —
	Samtals	600 þús. kr.
3.	Nýtt hlutafé:	
	a. frá hreppsfélögum og verzlunarfyrirtækjum í héraði	300 þús. kr.
	b. Væntanleg hlutafjáraukning ríkissjóðs skv. frv.	150 — —
	Hlutafé alls	1050 þús. kr.

Vantar þá upp á verð skipsins um 750 þús. kr., sem ætlazt er til, að hvíli á skipinu með 1. veðrétti ásamt ábyrgð ríkissjóðs.

Um útlit fyrir sæmilegri rekstrarafkomu hins nýja skips má benda á eftirfarandi:

Reynsla um afkomu Laxfoss á undanförnum árum sýndi það, að skipið bar sig sæmilega, þrátt fyrir það að annað skip var þá í förum milli Akraness og Reykjavíkur. Nú hafa hins vegar tekizt um það samningar milli eigenda Skallagríms annars vegar og bæjarstjórnar Akraness hins vegar ásamt bændum þeim, er senda mjólk til Reykjavíkur sunnan Skarðsheiðar, að h/f Skallagrímur taki fyrst um sinn að sér alla sjóflutninga milli Akraness og Reykjavíkur. Má því telja, að samgönguþörf þessara staða verði fullnægt með þessari skipan á viðunanlegan hátt án nokkurra árlegra útgjalda fyrir ríkissjóð. Að vísu hefur nú sú breyting á orðið, að hið nýja skip verður allmiklu dýrara en hið fyrra, og eykur það að sjálfsögðu kostnaðinn frá því, sem var. Á sama hátt minnka tekjur skipsins eftir því, sem áætlunarferðum á landi verður meir beint frá Borgarnesi um Akranes eða fyrir Hvalfjörð. En þrátt fyrir það eru líkurnar fyrir því, að skipið beri sig á þennan hátt, langsamlega mestar, enda hefur ríkið í hendi sinni að haga fólksflutningum þannig, að skipið beri sig. Það er því auðsær hagur fyrir ríkið að leggja í eitt skipti fram fjármuni þá, sem hér er farið fram á,

þ. e. 150 þús. kr. hlutafé, og tryggja um leið viðunandi samgöngur, heldur en eiga það á hættu að þurfa árlega að verja jafnvel hærri upphæð til samgangna á þessari leið, sem þó ekki væri fullnægjandi.

Eftir breytingu þá, sem nú er fyrirhuguð á m/s Laxfossi, verður hraði hans aukinn, svo að hann á að geta farið milli Reykjavíkur og Borgarness á röskum tveim tímum í stað þriggja áður, og verður þá afkastameiri og hraðari í öllum ferðum en fyrr. Samt er gert ráð fyrir því að hafa einnig mótorbát í förum þá tíma árs, sem flutningar eru mestir, svo að árekstur verði ekki á milli fólks- og vöruflutninga. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að Laxfoss geti farið til Vestmannaeyja eina ferð í viku að vetrinum. Hins vegar eru felld úr lögum ákvæðin um Breiðafjarðarferðirnar, með því að reynslan hefur sýnt, að sú ráðstöfun er algerlega ófullnægjandi fyrir Breiðfirðinga, og verður því að tryggja þeim sjósamgöngur á annan hátt. Mál þetta hefur verið borið undir samgöngumálanefndir Alþingis og samgöngumálaráðherra, og hafa báðir þeir aðilar fallizt á þessa lausn eftir atvikum.

Sþ. 701. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).

a. Fyrir „550 000“ kemur 742 950
b. Fyrir „1943“ í aths. kemur: 1944.
c. Fyrir „1944“ í aths. kemur: 1945.

Nd. 702. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

N. hefur rætt þetta mál, og hefur hún aflað sér umsagna háskólaráðs og guðfræðideildar háskólans. Birtast þær umsagnir hér með. Leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nm. (SB) gat ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins vegna annarra nefndarstarfa.

Alþingi, 14. des. 1944.

Barði Guðmundsson, form.	Sigfús Sigurhjartarson, frsm.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 24. nóv. 1944.

Háttvirt menntamálanefnd hefur sent háskólaráði til umsagnar frumvarp til laga um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Háskólaráðið tekur það fram, að frumvarp þetta er ekki fram komið að óskum þess. En að sjálfsögðu telur það æskilegt, að kennsla verði aukin sem mest í deildum

háskólans og að þær fái sem bezta starfskrafta, og með því enn fremur, að séra Birni Magnússyni yrði með samþykkt frumvarpsins veitt verðskulduð uppreisn og guðfræðideild hefur mælt með því, að frumvarpið verði samþykkt, þá vill háskólaráðið einnig mæla með því.

Virðingarfyllst.

Jón Hj. Sigurðsson,
rektor.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 23. nóv. 1944.

Til svars bréfi háttvirtrar menntamálanefndar, dags. 20. þ. m., um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild, leyfi ég mér að skýra frá, að guðfræðideildin samþykkti á fundi í dag að mæla eindregið með því, að frumvarp það, sem sent var með nefndu bréfi, nái fram að ganga.

Virðingarfyllst.

Ásmundur Guðmundsson,
forseti guðfræðideildar.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 703. Nefndarálit

um frv. til l. um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.
Einn nm. (SB) fjarstaddur vegna annarra nefndarstarfa.

Alþingi, 14. des. 1944.

Barði Guðmundsson, form.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson.
	Sigfús Sigurhjartarson.	

Sþ. 704. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingu verksmiðju til herzlu síldarlýsis.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1944.

Pétur Ottesen. form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
Jónas Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Þóroddur Guðmundsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 705. Lög

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 479.

Ed. 706. Lög

um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 472.

Sþ. 707. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Gísli Jónsson, Jón Sigurðsson, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði. Skal ríkisstjórnin láta gera kostnaðaráætlun um hafnargerðina svo fljótt sem því verður við komið.

Greinargerð.

Í lok heimsófriðarins 1914—1918 voru uppi miklar ráðagerðir um hafnargerð í Höfðavatni. Var þá stofnað félag til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Aðalhvatamaður þessa var skáldið Jóhann Sigurjónsson, en ýmsir fjársterkir menn studdu hann, svo sem Karl Sæmundsen stórkaupm. í Kaupm.höfn. Mælingar og aðrar verkfræðilegar athuganir að þessari fyrirhuguðu hafnargerð framkvæmdi Benedikt Jónasson verkfræðingur (núverandi starfsmaður í vitamálaskrifstofunni), og afhenti hann þær Kirk verkfræðingi, sem þá var fulltrúi N. P. Monbergs í Kaupmannahöfn. En við hann mun hafa verið samið um framkvæmd verksins. Haustið 1918 var svo lokið við fullnaðaruppdrætti að Höfðavatni og fyrirhuguðum mannvirkjum þar, innsiglingarleið í vatnið, skjólgörðum, hafnargarði og bryggjum. Var þetta gert í Kaupmannahöfn. Ráðagerðir þessar voru allar með miklum stórhug gerðar. Mátti þess vænta af Jóhanni Sigurjónssyni. Þarna var hugsað, að risi upp fisk- og síldveiðiborg, sem skipulögð yrði frá upphafi samkvæmt því, sem þekking og kröfur tímans heimtuðu.

Frá náttúrunnar hendi voru og eru hinar ákjósanlegustu aðstæður, vatnið stórt og djúpt, aðeins örmjótt malarrif að grafa fyrir innsiglingu, gnægð af stuðlabergi, möl og sandi við höndina til hafnargerðarinnar, bæjarstæði mikið og fagurt og góðar sveitir allt í kring. En mest er þó um það vert, að höfnin lægi við hin auðugustu og beztu síldveiðisvæði hér við land og ágæt fiskimið. Innsigling yrði þarna, í skjóli við Þórðarhöfða, hin fegursta og bezta á landi hér. Veðursæld er þarna mikil, þurrviðrasamt og sólríkt.

En allar vonir og framkvæmdir þessa þarfa fyrirtækis dóu með Jóhanni Sigurjónssyni 31. ágústdag 1919. En eins og skáldið frá Laxamýri lifir með nokkrum hætti

í verkum sínum og hugsjónum og mun aldrei deyja, meðan íslenzk tunga er töluð, svo mun og verða með þetta fyrirtæki hans, þótt fallið hafi nú um sinn í gleymsku og dá, að því mun verða í framkvæmd hrundið, er þjóðin hefur til þess fengið þroska og víðsýni. Hvort mun sú stund þegar upprunnin? Nú eru miklar orðræður um nýsköpun til sjávar og sveita. Þarna er verkefni til athugunar og úrlausnar. Mundi það, ef framkvæmt yrði, orka til hagsbóta fyrir sjávarútveg og landbúnað.

Í þessari þáltill. er farið fram á, að ný rannsókn og kostnaðaráætlun um þessa hafnargerð verði framkvæmd. Mundi það verða mjög ódýrt, þar sem svo vill vel til, að í vitamálaskrifstofunni eru til uppdrættir að Höfðavatni og fyrirhuguðum mannvirkjum þar, sem gerðir voru í Kaupmannahöfn eftir mælingum Benedikts Jónassonar 1918, og má vafalaust við það styðjast. En engar skýrslur eða áætlanir liggja fyrir, þar sem þetta var einkafyrirtæki og hefur því ekki verið tekið undir hafrannsóknir, sem gerðar voru á þessum árum. Heyrzt hefur, að heildarkostnaður við fyrirtækið hafi verið áætlaður rúmar 2 millj. króna, þar í talið kaupverð þriggja jarða, er lönd eiga að vatninu.

Hér er um að ræða, hvað þetta mundi kosta nú.

Nd. 708. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Á þeim jörðum, sem ekki hafa nú vélarfært land, er geti gefið af sér 600 heyhesta í meðalári með sæmilegri ræktun, og ekki geta náð því takmarki að lokinni túnsléttun samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna, skal jarðræktarstyrkurinn greiddur þannig, að ríkið kosti framræslu og vinnslu þess lands, sem til vantar, og er heimilt að ná markinu með sléttun áveitulanda, þar sem því má við koma, enda sé hún þá kostuð af ríkinu.

Skilyrði fyrir þessum framkvæmdum eru:

1. Að sæmilegt ræktunarland sé til á jörðinni og önnur framleiðsluskilyrði í samræmi við framkvæmdina, enda verði fullkomnustu vélar, sem völ er á, notaðar til vinnslunnar, þar sem því verður við komið.
2. Að ræktunarsamþykkt hafi verið sett á svæðinu og viðkomandi búnaðarfélag eða samþykktarhérað ábyrgist fyrir fram, að hlutaðeigandi bændur komi landinu í rækt innan ákveðins tíma, svo að tilgangur framkvæmdanna náist.

Ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands nánari fyrirmæli um þessar framkvæmdir. Þar skal ákveða, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland sé miðað á túni og engjum, hvernig haga skuli eftirliti með ræktun landsins og ábyrgð búnaðarfélaga eða samþykktarhéraða, þar með talin viðurlög við afbrotum og heimildir til baktrygginga frá einstaklingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 709. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn ⅗ frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum, þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.

Nd. 710. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 70. gr. laganna bætist:

5. Nú hefur samkomulag náðst um bætur, og skal þá jarðareiganda skylt að leita um það samþykkis sveitarstjórnar þess sveitarfélags, sem jörðin tilheyrir, svo og ráðherra þess, er fer með vatnamál. Neiti annar hvor þessara aðila að staðfesta samkomulagið, skal mat fara fram.
6. Nú verða landspjöll af völdum miðlunarvirkis, og skal þá þriggja manna nefnd hafa á hendi varðveizlu bótafjárins og eftirlit með því, að fénu sé varið lögum samkvæmt. Nefndin skal skipuð þannig: einn skal tilnefndur af þeim landeigendum, sem fyrir landspjöllunum hafa orðið, annar af hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum, ef svo hagar til, að landspjöll frá sama vatnsvirki ná til jarða í fleiri hreppum, en þriðja manninn tilnefnir Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ef landeigendum eða hreppsnefndum kemur ekki saman um tilnefningu manns í nefndina, skal ráðherra skipa hann. Nefndin hefur reikningshald geymslufjárins og starfar undir yfirumsjón Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins, sem endurskoðar reikninga nefndarinnar.
7. Bótum, sem greiddar eru vegna landspjalla af völdum miðlunarvirkja, má aðeins verja til umbóta á þeim jörðum, er fyrir skemmdum hafa orðið. Bætur þessar

skulu afhentar sem geymslufé áður greindri nefnd, er ávaxtar það á tryggum stað og greiðir það eigendum þess eftir því, sem umbótum á jörðinni miðar áfram. Hver jörð heldur séreign sinni í geymslufénu, og fylgir það jörðinni, sé hún seld eða henni ráðstafað á annan hátt. Þessi ákvæði taka þó ekki til þeirra jarða, er vegna landspjalla eða af öðrum ástæðum eru taldar lítt byggilegar eða óbyggilegar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þegar svo hagar til, er jarðareigandi heimilt að verja bótafé sínu til þess að koma upp nýbýli á hentugum stað innan sama sveitarfélags eða til umbóta á eldra býli í sama sveitarfélagi, allt í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nefnd þá, er áður greinir.

8. Nú fær jarðareigandi, sem verður að flytja af ábýlisjörð sinni af framan greindum ástæðum, ekki jarðnæði eða treystist ekki til að halda áfram búrekstri í sama sveitarfélagi, og á hann þá kröfu á, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni ásamt geymslufé hennar, með þeim skyldum, er því fylgja, fyrir það matsverð, sem bæturnar voru miðaðar við.
9. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 5.—8. málsgr. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 711. Frumvarp til laga

um eyðing á rottum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum sé eytt.

2. gr.

Eyðing á rottum skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu, þar sem þeirra verður vart. Bæjar- og sveitarstjórnir láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar.

Á öðrum tímum árs skal eyðing fara fram eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar eða fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.

Rottueitur skal vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, þar sem ekki eru lyfjabúðir.

3. gr.

Rottum skal eyða með eitrun eða á annan hátt, er heilbrigðisstjórnin ákveður. Við eitrun skal aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepnum, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterkari eiturtegunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

4. gr.

Þær einar eiturtegundir má nota og hafa til sölu, er heilbrigðisstjórnin hefur leyft. Um meðferð og notkun eiturs skal fara eftir þeim reglum, er nú gilda eða settar kunna að verða.

5. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslur um eyðingu á rottum í sveitarfélaginu. Skal þar lýst eyðingarstarfinu, getið eiturtegunda og eiturmagns, kostnaðar og árangurs, ef kostur er.

6. gr.

Nú vanrækir bæjar- eða sveitarfélag að láta framkvæma eyðingu á rottum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnarinnar, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 712. Lög

um lendingarbætur í Djúpavogi.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 571.

Ed. 713. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. Við 2. gr.

1. a-lið skal orða þannig:

Með 10 jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. hvers mánaðar, eftir að útsvar hefur verið lagt á.

2. b-liður fellur niður.

Til vara:

a) Í stað orðsins „helmingi“ í 1. málsgr. a-liðar komi: 40%.

b) Í stað orðanna „meira en álagt útsvar“ í 3. málsgr. a-liðar komi: meira en honum bar.

3. a) 29. gr., a-lið, skal orða svo:

Kaupgreiðanda er rétt og skylt að halda eftir af kaupi útsvarsgjaldanda, er hann greiðir kaup, til útsvarsgreiðslu, nema sveitarstjórnin samþykki annað, enda hafi komið um það krafa frá viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi.

b) Orðin „og styrktarfjár“ í 1. málsgr. b-liðar falli niður.

c) c-liður falli niður.

d) Í stað orðsins „ábyrgist“ í d-lið komi: haldi eftir kaupi útsvarsgjaldenda, sem þeir greiða kaup, til.

e) Á eftir meginmáli e-liðar komi: og ber sveitar- eða bæjarstjórnum að hafa ákveðið hlutföllin í kröfu sinni.

f) Síðari málsgr. f-liðar falli niður.

g) Í stað orðanna „samkvæmt d- og e-lið“ og út þann málslið h-liðar komi: Samkvæmt d- og e-lið og tilkynna sveitarstjórn, að svo hafi verið gert, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi. Skal upp-

hæðin handbær til útborgunar, hvenær sem sveitarstjórn vitjar þess á útborgunartíma kaupgreiðanda.

h) Málsliðirnir á eftir orðunum „svo sem segir í i-lið“ í k-lið 4, falli niður, en í stað þeirra komi nýr málsliður, er orðist svo: Þá skal hann greiða 100—500 kr. sekt, ef sannað er, að vanrækslu hans hafi bakað sveitarsjóðnum tjón.

i) Orðin „þó ekki með almennri auglýsingu“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.

II. Við 3. gr. Meginmál greinarinnar skal orða svo:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, skal eftir því, sem unnt er og lög þessi mæla fyrir um, aðstoða bæjar- og sveitarstjórnir við innheimtu útsvara, enda sé honum heimilt að reikna 4% innheimtugjald af því fé, sem hann þannig innheimtir.

Ed. 714. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Flm.: Gísli Jónsson.

Á eftir 46. gr. komi ný grein, er verður 47. gr. (og breytist greinatalan eftir því), er hljóði svo:

Verði lögum þessum síðar breytt í heild eða í einstökum atriðum til launalækkunar, skulu þeir, sem laun taka eftir þessum lögum, færðir niður í þau laun, sem þar verða ákveðin fyrir sama starf.

Sþ. 715. Tillaga til þingsályktunar

um, að fullnægt verði fyrirmæli 4. gr. hæstaréttarlaganna um fjölda dómara í hæstarétti.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hæstiréttur verði nú þegar skipaður 5 dómurum, svo sem fyrir er mælt í 4. gr. laga um hæstarétt, nr. 112 18. maí 1935.

Greinargerð.

Upphaf 4. gr. hæstaréttarlaganna, nr. 112 1935, hljóðar svo: „Hæstarétt skipa 5 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins.“ Fyrirmæli þetta er að vísu fortakslaust, en síðar í lögunum er úr því dregið. Er þar fyrst til að nefna ákvæði 1. mgr. 5. gr., en þar segir: „Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3. Með konunglegri tilskipun skal kveðið á um, hvenær dóm skal setja með 5 dómendum.“ — Þá er enn um þetta mælt í 57. gr., þar sem svo er sagt: „Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað. Dómarar skulu þó aðeins vera þrír, þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum.“— Loks er þess að geta, að í fjárlögum fyrir árið 1936, frá 31. des. 1935, er í upphafi 22. gr. sagt á þessa leið: „Ríkisstjórninni er heimilt: I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1936 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 18. maí 1935.“ — Slík heimild hefur haldizt í fjárlögum síðan, verið endurnýjuð sem fyrsta heimildarákvæðið frá

ári til árs, og er enn ráðgert að fara svo að í frv. að fjárlögum fyrir árið 1945, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Skv. fyrirlagi stjórnarskrárinnar, nú 59. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, „verður skipun dómsvaldsins eigi ákveðin nema með lögum". Það er því ærið hæpið, hvort heimilt er að láta slíkt höfuðatriði skipunar dómsvaldsins sem fjölda dómara í hæstarétti vera komið undir ákvörðun ríkisstj. og fjárveitingavalds án formlegrar ákvörðunar löggjafarvaldsins. Hitt er og óvíst, hvort það stenzt skv. 57. gr. hæstaréttarlaganna að fela ríkisstj. slíkt sjálfdæmi um þetta mikilvæga atriði, sem talið hefur verið, að fælist í heimildinni í I. tölul. 22. gr. fjárl. undanfarin ár, því að nærri liggur að skilja 57. gr. hæstaréttarlaganna svo, að þegar fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum, þá skuli þeim fjölga, og mundi sá skilningur fremur standast skv. 59. gr. stjórnarskrárinnar en sá, sem upp hefur verið tekinn. En fjárveitingin hefur verið fyrir hendi allt frá því 1936, svo sem áður er sagt, og hefði það því verið í beztu samræmi við 57. gr. hæstaréttarlaganna, ef dómurum hefði þá þegar verið fjölgað.

Hér er þó um formleg atriði að ræða, sem skilja má á annan veg en hér er haldið fram, svo sem reynslan sýnir. Um hitt verður ekki deilt, að réttaröryggi landsmanna er til muna skert, þegar það er til lengdar látið vera komið undir vild ríkisstjórnarinnar, hversu margir dómarar skipa hæstarétt. Með slíku fyrirkomulagi er rétturinn gerður allt of ósjálfstæður gegn ríkisstjórninni og henni fengið vald til að velja sér hliðholla menn í réttinn, hvenær sem henni þykir mikils við þurfa. Þótt heimildinni verði ekki beitt nema einu sinni, þá haggar það ekki því, að ósæmilegt er að láta hana vera til.

Er því ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að fella hana úr lögum og kveða að nýju á um, að hæstaréttardómarar skuli aðeins vera þrír, eða að fullnægja hið fyrsta því fyrirmæli laganna, að dómarar skul vera fimm.

Óþarft ætti að vera að færa rök að því, að meira réttaröryggi er í 5 hæstaréttardómurum en 3.

Allt frá því að farið var að krefjast þess, að hið æðsta dómsvald í málefnum landsmanna yrði innlent, hafa forgöngumenn í þeirri baráttu talið nauðsyn, að í hinum æðsta dómi innlendum ættu fimm menn sæti. Í frv., sem um þetta voru lögð fyrir Alþingi árin 1891, 1893, 1895 og 1897, var ætíð ætlazt til, að dómararnir yrðu fimm. En flutningsmenn málsins 1891 voru þeir sýslumennirnir Benedikt Sveinsson og Skúli Thoroddsen. Aðeins einu sinni, 1893, fækkaði Alþingi hinum fyrirhuguðu dómurum í þrjá, og þótti þó ýmsum óráðlegt.

En þegar á hinu fyrsta löggjafarþingi, 1875, samþykkti neðri deild frumvarp, sem konungkjörna liðið í efri deild felldi, um, að fjölga skyldi dómurum yfirdómsins um tvo, úr þrem upp í fimm. Var þá að vísu ráðgert, að fjórir yfirdómendanna skyldu jafnframt vera kennarar við væntanlegan lagaskóla, og var það fyrst og fremst byggt á fátækt landsmanna þá. En eigi fór það dult, að með þessu frv. var verið að tryggja yfirdóminn svo, að síðar þætti fært að fá honum æðsta dómsvald. Flm. frumvarpsins, þeir Benedikt Sveinsson, Guðmundur Einarsson, Grímur Thomsen, Jón Sigurðsson og Snorri Pálsson, sögðu m. a. í athugasemd við það: „Hver, sem lauslega lítur á dómaskipun Íslendinga til forna, sér fljótt, hve forfeður vorir hafa látið sér annt um, að hún væri svo tryggileg sem framast væri unnt. Nú, er vér eftir afturför margra alda erum loksins komnir á þann rekspöl að geta náð sönnu þjóðfrelsi á nýjan leik, ætti það því að vorri hyggju meðal annars að vera fyrsta verk hins löggefandi Alþingis að gera yfirdóm vorn fjölskipaðri en nú er hann, með því óháð og tryggilegt dómsvald óneitanlega er hinn öruggasti vörður þjóðfrelsis og réttinda hinna einstöku, sem í þessu skjóli eiga að búa."

Markmiði þessara forsjálu forvarða réttaröryggisins tókst eigi að ná fyrr en með hæstaréttarlögunum frá 1919. Þá tóku Íslendingar æðsta dómsvaldið í eigin hendur og ákváðu að sjálfsögðu, að hæstaréttardómarar skyldu vera fimm.

En eftir bjartsýni áranna næstu fyrir 1920 kom skjótlega afturkast. Farið var að afnema „óþörfu" embættin, sem á velgengnisárunum höfðu verið stofnuð við há-

skólann, en íslenzkur hæstiréttur og háskóli höfðu löngum verið samferða í sjálfstæðisbaráttunni og átt svipuðum skilningi valdhafanna að mæta. Sparnaðaraldan gekk og nú ekki síður yfir hæstarétt. Af háskólanum var það eitt tekið, sem hann mátti án vera, og hann hefur fyrir löngu fengið leiðrétting sinna mála. En kjarni hæstaréttar var skertur. Með l. nr. 37 4. júní 1924 var hæstaréttardómurum fækkað ofan í þrjá.

Íslenzku réttarfari hefur sjaldan verið meiri óleikur ger. Fækkunin hafði m. a. það í för með sér, að hennar vegna hætti eðlileg endurnýjun í réttinum. Nýir valdhafar tortryggðu hina gömlu dómendur og töldu þá sér óvinveitta. Af þessu spratt hið mesta ófriðarbál umhverfis réttinn, sem lyktaði með því, að meiri hluti dómaranna var sviptur embættum í skjóli aldursákvæða, þótt fullhressir væru og skynbærir menn teldu alla þáverandi dómara prýði dómsins og sóma stéttar sinnar.

Í staðinn völdust að vísu ágætir menn, og má með sanni segja, að núverandi dómarar séu bæði hver um sig sínum mikla vanda vaxnir og bæti auk þess hver annan upp, svo að fágætt sé, enda nýtur rétturinn almenns trausts. En það haggar eigi því, að svo fáskipaðan dóm — og allra sízt þann, sem að meiri hluta er skipaður ungum mönnum, — er eigi unnt að endurnýja svo, að viðhlítandi sé, hvorki fyrir réttinn sjálfan né almenning. Vofa því yfir réttinum enn hin sömu örlög og yfir hann komu á árunum um 1930, nema við sé gert í tíma. Að vísu verður aldrei fyrir fram ábyrgzt, að óhófleg gagnrýni skapist eigi einhvern tíma gegn slíkum dómstól og verði honum og réttarfarinu í heild til niðurdreps, en sjálfsagt er að beita skynsamlegum ráðum til að reyna að hindra, að slíkt ástand þurfi að skapast.

Með fjölguninni eru og ekki aðeins skapaðar meiri líkur fyrir eðlilegri endurnýjun réttarins, heldur veitt miklu meiri trygging en áður fyrir því, að hvert einstakt mál fái rétt úrslit. Er og á það að líta, að dómsstigin eru ekki nema tvö og því enn brýnni nauðsyn en ella til þess, að hæstiréttur sé sæmilega fjölskipaður.

Ástæðan til þess, að hin vanhugsaða og afdrifailla fækkun í réttinum var gerð 1924, var fjárskortur ríkisins. Sama ástæða mun hafa ráðið því, að fjölgunin var eigi framkvæmd 1935, þegar hún var lögboðin. Sú ástæða er ekki lengur fyrir hendi, og allra sízt getur þing, er svo örlátt hefur reynzt sem þetta, látið þá skömm henda sig að koma eigi á öruggari umbúnaði um hið æðsta dómsvald en nú er. Megum við um réttari skilning á nauðsyn þess sækja fordæmi til beztu manna fyrsta löggjafarþings eftir endurreisn Alþingis, svo sem fyrr var vikið að.

Nd. 716. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og taka einnig til bóta vegna virkjana, sem þegar eru hafnar.

Sþ. 717. Þingsályktun

um rannsókn á skilyrðum til hitaveitu vegna Húsavíkur.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.)

Samhljóða þskj. 541.

Nd. 718. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. er í samræmi við útreikninga og tillögur vitamálastjóra, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Sig. Kristjánsson. Eysteinn Jónsson.

Nd. 719. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. er í samræmi við áætlanir vitamálastjóra, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Sig. Kristjánsson. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 720. Tillaga til þingsályktunar

um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja á næsta ári smíði brúar yfir Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, enda reynist kleift að fá nauðsynlegt efni og vinnuafl til framkvæmdanna.

Nd. 721. Frumvarp til laga

um tekjuskattsviðauka árið 1945.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1945 leggja á tekjur ársins 1944 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 greiðist 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4%	af afgangi.
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5%	— —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6%	— —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7%	— —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8%	— —
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9%	— —
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10%	— —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11%	— —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12%	— —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10%	— —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7%	— —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5%	— —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—	—	—	— —

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um eignar- og tekjuskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er ætlazt til, að innheimtur verði á árinu 1945 tekjuskattsauki af hærri en 8000 króna skattskyldum, niðurfærðum tekjum, sem svara til 30000 króna nettó tekna hjóna með 2 börn, en nær þó ekki til þess hluta tekna, sem er yfir 200 þús. kr.

Er gert ráð fyrir, að þessi skattur hliti sömu reglu um niðurfærslu samkvæmt verðvísitölu og tekjuskatturinn og að yfirhöfuð gildi allar sömu reglur um álagningu hans og álagningu tekjuskattsins.

Skattstigi frumvarpsins er svipaður að byggingu og skattstigi sá, sem verðlækkunarskatturinn, sem álagður var árið 1943, var miðaður við, en mun lægri.

Það er vitanlega mjög erfitt að segja fyrir, hverjar tekjur verða af þessum skattauka, en þó má telja sennilegt, að þær verði ekki undir 6 millj. króna, og má benda á, að verðlækkunarskatturinn 1943 nam 6½ millj. króna, og enda þótt skattstiginn sé mun lægri nú en sá, er þá var farið eftir, hafa tekjur almennt numið töluvert hærri upphæð í krónutölu árið 1944 en árið 1942."

Nd. **722. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni og Sigurði Þórðarsyni.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna: „allt að tveim fimmtu" í 1. efnismálsgr. komi: helming.
b. Í stað orðanna: „allt að þrem fimmtu" í 2. efnismálsgr. komi: þrjá fjórðu hluta.

Nd. 723. Lög

um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 430.

Nd. 724. Hafnarlög

fyrir Ólafsfjörð.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 584.

Sþ. 725. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 12. gr. VIII. Nýr liður:			
			Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða	3 000
2.	—	12. —	XIV. (Læknisvitjanasjóðir). Liðurinn orðist svo:	
			Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942 ..	30 000
			Þar af 11 950 kr. sem aukaframlög vegna hreppa, er eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og skiptist upphæðin milli sjóðanna í samræmi við ákvæði fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki.	
3.	—	13. —	A. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir).	
			Fyrir „120 000“ kemur	135 000
4.	—	13. —	C. IX. 1. r.(Hafnargerðir). Nýr liður:	
			Á Akureyri	50 000
5.	—	13. —	C. IX. 2. y. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).	
			Nýir liðir:	
			a. Í Ólafsvík	25 000
			b. Á Arnarstapa	20 000
			c. Á Flateyri	6 500
			d. Í Selárdal	10 000
			e. Í Alviðruvör	10 000
			f. Á Hofsósi	24 000
			g. Á Blönduósi	8 000
6.	—	14. —	B. II. b. Liðurinn orðist svo:	
			Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs	165 000
			Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.	
7.	—	14. —	B. XV. 5. Nýr liður:	
			Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi	1 000
8.	—	14. —	B. XV. 12. (Handíðaskólinn).	
			a. Við a. (Grunnstyrkur).	
			Fyrir „15 600“ kemur	21 600
			b. Við b. (Verðlagsuppbót).	
			Fyrir „23 400“ kemur	32 400

9. Við 14. gr. B. XXI. Nýir liðir:
a. Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:
a. Grunnstyrkur 3 000
b. Verðlagsuppbót 4 500
7 500
enda veiti hann prestum ókeypis tilsögn í framsagnarlist.
b. Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum, í samráði við fræðslumálastjórnina:
a. Grunnstyrkur 3 500
b. Verðlagsuppbót 5 250
c. Ferðakostnaður 2 000
10 750

10. — 15. — A. II. 2. (Þjóðskjalasafnið, til bókbands o. fl.).
Fyrir „7 000“ kemur 9 000

11. — 15. — A. VIII. (Skáld, rithöf. og listamenn).
Við liðinn kemur aths.:
Fjárhæð þessari skal úthlutað af nefnd, er ráðherra skipar. Skal skipa í nefnd þessa 5 menn, einn eftir tilnefningu hvers þingflokks og forseta Þjóðvinafélagsins, og er hann formaður nefndarinnar.

12. — 15. — A. X. 2. Styrkurinn til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs hækki úr 2 000 kr. í 2 500 kr., og breytast niðurstöðutölur liðarins samkvæmt því.

13. — 15. — A. XI. 2. Nýr liður:
Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 25 000

14. — 15. — A. XI. 5. (Hallgrímur Helgason).
Liðurinn fellur niður.

15. — 15. — A. XI. 7. Liðurinn orðist svo:
Til landsssambands blandaðra kóra og kvennakóra:
a. Grunnstyrkur 3 000
b. Verðlagsuppbót 4 500
7 500

16. — 15. — A. XIII. Nýr liður:
Til kaupa á brjóstlíkneski af Hirti Snorrasyni, er reisa á í garðinum á Hvanneyri 4 500

17. — 15. — A. XIV. Nýr liður:
Til blaðanna Lögbergs og Heimskringlu, 10 000 til hvors 20 000

18. — 16. — A. 6. (Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins).
Fyrir „100 000“ komi 125 000

19. — 16. — A. 16. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu á Þverárbökkum, neðan Þverárbrúar að Uxahrygg 25 000

20. — 16. — A. 29. b. (Dýralækningastyrkur).
a. Við 1. (Grunnstyrkur).
Fyrir „6 500“ komi 6 800
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „9 750“ komi 10 200

21. — 16. — A. 29. c. Nýr liður:
Sverrir Magnússon, Ólafsdal, til dýralæknanáms 2 000

22. Við 16. gr. A. 36. Nýir liðir:
a. Til Bjarna Bárðarsonar 2 500
b. Til Eiríks Einarssonar, Réttarholti 2 500

23. — 16. — C. 4. („Íslenzk ull").
Liðurinn fellur niður.

24. — 17. — 6. b. (Gamalmennahæli). Liðurinn orðist svo:
Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3 000 kr. til hvers 21 000

25. — 17. — 10. e. (Mæðrastyrksnefnd).
Aftan við aths. bætist: Ráðherra úthlutar fénu að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

26. — 17. — 22. (Framleiðslubætur etc.).
Liðurinn fellur niður.

27. — 18. — II. a. 14. (Jakob Kristinsson).
Liðurinn fellur niður.

28. — 18. — II. b. 24. (Margrét Björnson).
Fyrir „1 000" kemur 1 600

29. — 18. — II. b. 29. (Ragnheiður Einarsdóttir sýslum.ekkja).
Liðurinn fellur niður.

30. — 18. — II. b. 36. (Sigríður Fjeldsted).
Fyrir „450" kemur 600

31. — 18. — II. b. 45. Nýr liður:
Þóra Gísladóttir læknisekkja 900

32. — 18. — II. c. 2. (Ásgeir Ásgeirsson).
Fyrir „430" kemur 630

33. — 18. — II. c. 8. (Dr. Eiríkur Albertsson).
Liðurinn fellur niður.

34. — 18. — II. d. 1. Nýr liður:
Arnbjörg Einarsdóttir 800

35. — 18. — II. d. 12. (Guðný Þorsteinsdóttir).
Fyrir „173,56" kemur 573,56

36. — 18. — II. d. 14. Nýr liður:
Guðrún Hermannsdóttir 400

37. — 18. — II. f. (Póstmenn).
Fyrir „20 400" kemur 20 600

38. — 18. — II. q. Nýr liður:
Lárus Sigurjónsson skáld 1 500

39. — 18. — II. r. 2. (Arnbjörg Einarsdóttir).
Liðurinn fellur niður.

40. — 18. — II. s. (Hafnsögumenn).
Fyrir „7 700" kemur 8 100

41. — 18. — II. u. 14. Nýr liður:
Einar E. Sæmundsen 1 200

42. — 18. — II. u. 26. Nýr liður:
Helga Ingibjörg Stefánsdóttir loftskeytamannsekkja 300

43. — 18. — II. u. 33. Nýr liður:
Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi 500

44. — 18. — II. u. 43. (Magnús Friðriksson).
Liðurinn fellur niður.

45. — 18. — II. y. Nýr liður:
Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans (án dýrtíðaruppbótar) 3 000

46. Við 19. gr. 1. Nýr liður:
Vegna nýrra launalaga 4 500 000

47. — 22. — XIX. Nýir liðir:
a. Að greiða allt að 10 000 kr. til höfunda óperettunnar „Í álögum“, ef halli verður á sýningunum.
b. Að ábyrgjast fyrir Konráð Gíslason allt að 50 000 kr. lán til þess að koma upp vinnustöð fyrir áttavitasmíði í Reykjavík.
c. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
d. Að verja úr ríkissjóði allt að 1 400 000 kr. til aukningar á símakerfi landsins, ef tekjur landssímans leyfa.
e. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
f. Að selja varðskipið Þór, ef viðunanlegt boð fæst, enda verði andvirðinu varið til smíði eða kaupa á nýju varðskipi.
g. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnuafli gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.
h. Að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala.
i. Að greiða dr. Eiríki Albertssyni þá viðbót við lífeyri hans, að hann fái 6 000 kr. árslaun, að viðbættum venjulegum uppbótum.
j. Að greiða Jakobi Kristinssyni, fyrrv. fræðslumálastjóra, þá viðbót við lífeyri hans, að hann fái 6 000 kr. árslaun, að viðbættum venjulegum uppbótum.
k. Að verja til aukningar fiskiskipastóli landsins 5 000 000 kr., er teknar verði úr framkvæmdasjóði, að því leyti sem hann hrekkur til, og með lántöku.
l. Að verja allt að 500 000 kr. til flugmála, ef þörf krefur.

Ed.

726. Frumvarp til laga

um smíði vélbáta.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal svo fljótt sem verða má kaupa inn efni og vélar í 50 vélbáta undir 50 rúmlesta stærð, — einkum þó af stærðinni 25—50 rúmlesta, — og láta smíða þá á reikning ríkissjóðs.

2. gr.

Ríkisstjórnin leitar samninga við skipasmíðastöðvar landsins um smíði þessara vélbáta, þannig að smíði þeirra verði lokið á árinu 1946.

Nái ríkisstjórnin ekki aðgengilegum samningum við nógu margar skipasmíðastöðvar, er henni heimilt að taka leigunámi það af skipasmíðastöðvunum, sem hún telur þurfa til að ljúka smíði bátanna fyrir tilskilinn tíma.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka innlent lán til þessara framkvæmda, allt að 10 millj. króna.

4. gr.

Vélbáta þá, sem þannig verða smíðaðir, skal selja á verði, er sé kaupendum ekki óhagstæðara en verðið á vélskipum þeim, sem fyrrverandi ríkisstjórn hefur samið um kaup á frá Svíþjóð.

5. gr.

Um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum nýtur ríkisstjórnin aðstoðar Nýbyggingarráðs, sem skal m. a. gera tillögur um stærð bátanna og um það, hverjum skuli selja þá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samningum fyrrverandi ríkisstjórnar um að kaupa 45 fiskiskip frá Svíþjóð hefur verið stigið nokkurt skref af hálfu hins opinbera til lausnar því þýðingarmikla verkefni að endurnýja fiskiskipaflota Íslendinga. Frv. þetta miðar að auknum aðgerðum í því efni og felur í sér það tvennt: Nokkra endurnýjun landróðrabátanna upp að stærð Svíþjóðarskipanna og hins vegar, að innlendu skipasmíðastöðvunum verði fengið verkefni í hendur og stuðningi ríkisvaldsins beitt þannig, að kaupendur báta þeirra, sem þær smíða, þurfi ekki að sæta lakara verði en þeir, sem kaupa erlenda báta fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar.

Það er að vísu augljóst mál, að með þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar og hér eru ráðgerðar, er ekki leyst nema að litlu leyti verkefnið að fá íslenzkum sjómönnum í hendur þann veiðiflota, sem hæfir dugnaði þeirra og fylgir kröfum tímans um tækni og fljótvirkustu veiðiaðferðir. Til þess þarf miklu stærra átak, sem vonandi verður gert mjög bráðlega. En þótt þróunin stefni að sjálfsögðu að stórvirkari tækjum, höfum við samt reynslu af, að mjög sæmilegum árangri má ná af fiskveiðum á bátum af þeirri stærð, sem hér er talað um, einkum af stærðinni 30 til 40 rúmlesta, enda er hafnarskilyrðum víða í verstöðvum enn þá svo háttað, að ekki er hægt að stunda þaðan veiðar nema á smáum bátum. Er því auðsætt, að enn um hríð verði að nota talsvert af bátum af þeirri stærð, sem frumv. fjallar um, og er sjálfsagt, að innlendu skipasmíðastöðvarnar leysi það verkefni að smíða þá. Hins vegar virðist horfa svo, að innlendu skipasmíðastöðvarnar hafist lítið að um nýsmíðar báta, nema ríkisvaldið skerist í leikinn og gefi mönnum kost á að fá báta smíðaða hér fyrir sama verð og þeir eru fáanlegir fyrir erlendis frá. Hafa verið uppi ýmsar raddir um að lækka verð báta, smíðaðra hér, með því, að ríkið gæfi eftir tolla á efnivörum til þeirra og gerði ráðstafanir gegn óeðlilegri verzlunarálagningu á efni og vinnu við smíði bátanna og greiddi síðan styrk til að jafna þann mun, sem enn yrði á verði þeirra og erlendra báta. Ýmsir vafningar mundu verða í framkvæmd slíkra aðgerða og mistök og linkind ekki útilokuð, svo sem verið hefur í þeim efnum. Hitt er miklu einfaldara, sem hér er stungið upp á, þ. e., að ríkið annist bæði efniskaup og smíði bátanna og selji þá við tilskyldu verði. Mismunur þess söluverðs og kostnaðarverðs bátanna er þá styrkur úr ríkissjóði, en án slíks styrks eru ekki horfur á, að bátar verði smíðaðir hér um sinn, svo að nokkru nemi.

Ef gert er ráð fyrir, að meðalstærð bátanna yrði 35 rúmlestir, yrði samanlögð rúmlestatala þeirra 1750. Landssamband iðnaðarmanna telur, að í landinu séu 16 skipasmíðastöðvar, sem geti annazt nýsmíði vélbáta samhliða viðgerðum og afkastað 1650 smálestum að meðaltali á ári. Ættu því ekki að verða tormerki á að fá þessa báta smíðaða fyrir árslok 1946, jafnvel þó að nokkuð drægist fram á næsta ár að fá innflutt efni til þeirra.

Ekki verður sagt með neinni vissu, hversu halli ríkissjóðs af framkvæmd þessari, — þ. e. a. s. styrkur sá, sem hann raunverulega veitti til bátakaupanna, —

yrði mikill, en telja má líklegt, að hann færi naumast fram úr 1000 krónum á rúmlest eða samtals 1½ til 1¾ millj. króna. Er naumast ástæða til að láta sér þá upphæð í augum vaxa, þegar með henni er lagður grundvöllur að lífvænlegri atvinnu töluverðs fjölda manna og öflun mikilla útflutningsverðmæta.

Sþ. 727. Þingsályktun

um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 720.

Ed. 728. Nefndarálit

um frv. til l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1944.

Eríkur Einarsson, form., frsm.	Kristinn E. Andrésson, fundaskrifari.	Jónas Jónsson.

Sþ. 729. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd póstmála.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, eftir því sem við verður komið, framkvæma frá næstu áramótum breytingar þær á póstsamgöngum, sem felast í tillögum milliþinganefndar í póstmálum. Skal framkvæmdum haga þannig, að nýjum fjárframlögum sé varið fyrst og fremst til að bæta úr póstsamgöngum í þeim héruðum, sem nú búa við lakastar póstsamgöngur.

Ed. 730. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940, og nr. 52 30. júní 1942.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., fellst á efni þess og leggur til, að það verði samþykkt.

LJóh og BBen voru ekki viðstaddir, er nefndin afgreiddi frv.

Alþingi, 16. des. 1944.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Hermann Jónasson.	Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 731. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 725.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 15. gr. A. XV. Nýr liður:
   Til umbóta á Þingvöllum 90 000
2. Við brtt. 725,26. Brtt. skal orða svo:
   Við 17. gr. 22. (Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar).
   Liðurinn fellur niður.

Sþ. 732. Tillaga til þingsályktunar

um byggingarmál.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga og gera tillögur um, með hverjum hætti bezt verði af opinberri hálfu greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum landsins.

Skal stjórnin svo fljótt sem kostur er láta afla gagna um þá tækni í húsabyggingum erlendis, sem þar hefur rutt sér til rúms hin síðari ár og líkur væru til, að okkur mætti að haldi koma.

Þá skal stjórnin og leita álits og tillagna byggingarfróðra manna hér á landi um nýja tilhögun við húsagerð, er leiða mætti til þess, að byggingum skilaði fljótar áfram og drægi jafnframt úr kostnaðinum.

Enn fremur skal ríkisstjórnin láta taka til endurskoðunar löggjöf þá, sem nú gildir um byggingarmál í landinu.

Verði athugun þessa máls hraðað sem mest, svo að stjórnin geti sem fyrst lagt fram álit og tillögur um málið.

Ed. 733. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og leggur til einróma, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1944.

Gísli Jónsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Ingvar Pálmason.
Guðm. Í. Guðmundsson. Magnús Jónsson.

Nd. 734. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 695.

Nd. 735. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 696.

Nd. 736. Lög

um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 339.

Ed. 737. Breytingartillaga

við frv. til l. um eyðing á rottum.

Frá Bjarna Benediktssyni.

3. mgr. 2. gr. verði 2. mgr. 4. gr.

Nd. 738. Frumvarp til laga

um eyðing á rottum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum sé eytt.

2. gr.

Eyðing á rottum skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu, þar sem þeirra verður vart. Bæjar- og sveitarstjórnir láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar.

Á öðrum tímum árs skal eyðing fara fram eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar eða fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.

3. gr.

Rottum skal eyða með eitrun eða á annan hátt, er heilbrigðisstjórnin ákveður. Við eitrun skal aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepnum, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterkari eiturtegunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

4. gr.

Þær einar eiturtegundir má nota og hafa til sölu, er heilbrigðisstjórnin hefur leyft. Um meðferð og notkun eiturs skal fara eftir þeim reglum, er nú gilda eða settar kunna að verða.

Rottueitur skal vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, þar sem ekki eru lyfjabúðir.

5. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslur um eyðingu á rottum í sveitarfélaginu. Skal þar lýst eyðingarstarfinu, getið eiturtegunda og eiturmagns, kostnaðar og árangurs, ef kostur er.

6. gr.

Nú vanrækir bæjar- eða sveitarfélag að láta framkvæma eyðingu á rottum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnarinnar, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 739. Frumvarp til laga

um brunamál í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Reykjavík er í höndum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

2. gr.

Bæjarráð Reykjavíkur hefur á hendi framkvæmd brunamála bæjarins, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Bæjarráð skal hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er sett skal samkvæmt þeim.

3. gr.

Bæjarstjórn setur reglugerð um brunamál í Reykjavík, er ráðherra staðfestir. Í reglugerðinni skulu vera almenn ákvæði um:

1. Skipun slökkviliðs bæjarins og starfsreglur þess, einkennisfatnað og tæki þess.
2. Notkun vatns, þegar bruna ber að höndum.
3. Meðferð elds og ljóss.
4. Gerð og útbúnað reykháfa og eldfæra, hreinsun þeirra og eftirlit með þeim.
5. Öryggistæki í húsum.
6. Sérstakar varúðarráðstafanir í húsum, þar sem er óvenjumikil hætta af eldi vegna margmenns, sökum starfrækslu, sem þar á sér stað, eða af öðrum orsökum, svo sem í samkomuhúsum, skólum, sjúkrahúsum, barna- og elliheimilum, bifreiðaskýlum, verksmiðjum, vinnustofum og vörugeymsluhúsum.
7. Geymslu á timbri.
8. Uppskipun, geymslu- og dreifingu eldfimra efna og sprengiefna.
9. Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í reglugerð, er eigi verður talið til neins töluliðar hér að framan, og skal þá eigi að síður heimilt að taka ákvæðið upp í reglugerðina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem talin eru í fyrri töluliðum þessarar greinar.

4. gr.

Slökkviliðsstjóranum í Reykjavík er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði sem slökkviliðsmenn.

5. gr.

Sérhver, sem verður eldsvoða var, skal tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Vegfarendur skulu víkja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðarstjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi.

6. gr.

Slökkviliðið hefur frjálsan aðgang að húsum og lóðum á brunastað og í nágrenni hans. Það hefur rétt til að láta ryðja í burtu mannvirkjum, svo sem húsum, girðingum og öðru, sem torveldað getur starf þess, og gera hverjar ráðstafanir aðrar, er stjórn þess telur nauðsynlegar til þess að slökkva eldinn eða hindra útbreiðslu hans.

Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

7. gr.

Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum slökkviliðsins samkv. 6. gr., skal skoða sem brunatjón. Verði það ekki bætt af vátryggingarfélögum, skal bæjarsjóður bæta

tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati tveggja óvilhallra manna, er borgardómari kveður til.

8. gr.

Lögreglusveit úr lögregluliði Reykjavíkur skal ávallt vera viðstödd bruna og aðalæfingar slökkviliðsins. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, hve fjölmenn lögreglusveitin skuli jafnaðarlega vera.

9. gr.

Lögreglusveitinni er skylt að halda uppi aga og góðri reglu við bruna og æfingar. Hún skal, í samráði við slökkviliðsstjóra, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

10. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim, skal fara sem opinber lögreglumál. Brot varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Sektarfé rennur í bæjarsjóð Reykjavíkur.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 15. okt. 1875, um brunamál í Reykjavík.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 740. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 725.

I. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).
1. Við 20. (Reykhólavegur). Fyrir „25 000“ kemur .. 40 000
2. Við 22. (Barðastrandarvegur). Fyrir „80 000“ kemur 150 000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. A. II. 28. (Hjarðardalsvegur).
Fyrir „15 000“ kemur 40 000

III. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 30. (Súðavíkurvegur).
Fyrir „45 000“ kemur 100 000
Til vara 90 000

IV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 40. (Skagastrandarvegur).
1. Fyrir „70 000“ kemur 100 000
2. Nýr liður: Kálfshamarsvíkurvegur 45 000

V. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 54. Nýr liður:
Litla-Árskógssandsvegur 70 000

VI. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 64. Nýr liður:
Víknavegur:
a. Í Svalbarðshreppi 10 000
b. Í Presthólahreppi 10 000

VII. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 82. (Stöðvarfjarðarvegur).
Fyrir „45 000“ kemur 60 000

VIII. Frá *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. 87. (Mýravegur).
Fyrir „12 000“ kemur 15 000

IX. Frá *Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 2. Nýr liður:
Laxá í Lóni 60 000

X. Frá *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 2. Nýr liður:
Holtakíll 30 000

XI. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. III. 3. Nýr liður:
Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal 130 000

XII. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður:
Hofsá í Svarfaðardal 35 000

XIII. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður:
Sandá í Öxarfirði (fyrri greiðsla) 25 000

XIV. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður:
Tjarnará á Vatnsnesi, ¾ kostnaðar 52 500

XV. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. A. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir).
Fyrir „120 000“ kemur 250 000

XVI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 13. gr. C. IX. 2. y. Nýr liður:
Á Hellnum 10 000
Til vara 6 000

XVII. Frá *Páli Þorsteinssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 9. Liðinn skal orða svo:
Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, 2500 kr. til hvors 5 000

XVIII. Frá *Kristni Andréssyni.*
Við 14. gr. B. XXV. (Alþýðusambandið).
Fyrir „10 000“ kemur 50 000

XIX. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 15. gr. A. VI. 11. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 10 000

XX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 15. gr. A. VI. 12. Nýr liður:
Til sýslubókasafnsins á Blönduósi 2 000

XXI. Frá *Kristni Andréssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. (Skáld, rithöf. og listamenn).
1. Við a. (Grunnstyrkir). Fyrir „175 000“ kemur 200 000
2. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „262 500“ kemur 300 000

XXII. Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Þóroddi Guðmundssyni.*
Við brtt. 725, 11. (Við 15. gr. A. VIII. — Skáld, rithöf. og listamenn). Aths. skal orða svo:

Menntamálaráð skal skipta fjárhæð þessari milli deilda Bandalags íslenzkra listamanna, en nefnd kosin af hverri deild úthlutar styrkjunum til einstaklinga.

XXIII. Frá *Páli Hermannssyni, Magnúsi Jónssyni, Gísla Sveinssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Kristni Andréssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*

1. Við 15. gr. A. VIII. (Skáld, rithöfundar og listamenn). Við liðinn kemur aths.:
   Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.
2. Við brtt. 725, 11. (Við 15. gr. A. VIII. — Skáld o. s. frv.). Fyrir orðin „Fjárhæð þessari skal“ kemur: Að öðru leyti skal fjárhæð þessari.

XXIV. Frá *Bjarna Benediktssyni* og *Jakob Möller.*

Við brtt. 725, 22. b. (Við 16. gr. A. 36). Liðinn skal orða svo:

Til Eiríks Einarssonar, Réttarholti	15 000

XXV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*

Við 16. gr. C. 9. Nýr liður:

Til vatnsveitu Glerárþorps	50 000

XXVI. Frá *Bjarna Benediktssyni, Einari Olgeirssyni, Jakob Möller* og *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 17. gr. 6. Nýr liður:

Til sumardvalar barna í sveit, gegn jöfnu framlagi annars staðar að	100 000

XXVII. Frá *Ólafi Thors, Haraldi Guðmundssyni, Eysteini Jónssyni* og *Einari Olgeirssyni.*

Við 17. gr. 19. (Kvenréttindafélag Íslands).

Fyrir „2 000“ kemur	10 000

XXVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. VII. Nýr liður:

Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.

XXIX. Frá *Eysteini Jónssyni, Páli Zóphóníassyni* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að kaupa af eigendum Egilsstaða á Völlum, ef viðunandi samningar nást og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, það land, er skipulagsnefnd ríkisins telur, að væntanlegt sveitaþorp þar þurfi á að halda.

XXX. Frá *Eysteini Jónssyni, Páli Hermannssyni, Ingvari Pálmasyni, Páli Zóphóníassyni* og *Páli Þorsteinssyni.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að kaupa strandferðaskip, enda verði stærð þess og gerð ákveðin í samráði við milliþinganefnd í strandferðamálum.

XXXI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*

Við 22. gr. XVII. Nýir liðir:

1. Að verja allt að 50 þús. kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands, eftir tillögu vegamálastjóra. (Helmingur upphæðarinnar endurveiting).
2. Að verja allt að 20 þús. kr. til kaupa á hentugri bifreið til þess að halda uppi samgöngum undir Ólafsvíkur-Enni á Snæfellsnesi.

Sþ. 741. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 16. gr. C. 8. (Áburðarverksmiðja).
   Liðurinn fellur niður.
2. Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
   Að taka frá af tekjum ársins 1945, ef ástæður leyfa, 2 millj. kr. til stofnunar áburðarverksmiðju.

Ed. 742. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin athugað; hefur hún sent það til umsagnar stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, sem mælir gegn samþykkt þess í mikilvægum atriðum og hefur sent rækilega greinargerð fyrir skoðun sinni. Þá var frv. ásamt nefndri greinargerð sent stjórn Búnaðarfélags Íslands, en það mælir einnig gegn því, að frv. verði lögfest.

Að fengnum þessum umsögnum og ábendingu um, að mál þetta komi fyrir næsta búnaðarþing, leggur nefndin til, að frv. verði afgr. með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem búnaðarþing kemur saman til funda í febrúarmánuði næstkomandi og ætla má, að loðdýraræktarmálin verði tekin þar til endurskoðunar, telur deildin rétt að bíða eftir þeim tillögum, sem þaðan kunna að koma, áður en afgreiddar verða breytingar á loðdýraræktarlögunum, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. des. 1944.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
H. Guðmundsson.	Kristinn E. Andrésson.	

Sþ. 743. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 725 og 740.

I. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 2. gr. 1. (Tekju- og eignarskattur).
Liðinn skal orða svo:
Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka 28 500 000

II. Frá *samgöngumálaráðherra.*
Við 3. gr. A. 1. Sundurliðun. 2. I. (Tekjur landssímans).
Fyrir „10 550 000“ kemur 13 550 000

III. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við brtt. 725, 2. (Við 12. gr. XIV. — Læknisvitjanasjóðir).
Aths. skal orða svo:
Þar af 11 950 kr. sem aukaframlög vegna hreppa, er eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og skiptir heilbrigðis-

stjórnin upphæðinni milli sjóðanna, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki.

IV. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Varatill. við brtt. 740, V. (Við 13. gr. A. II. a. 54. — Litla-Árskógssandsvegur).
Framlagið verður 15 000

V. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 101. (Hagabraut).
Fyrir „25 000" kemur 50 000
Til vara 40 000

VI. Frá *Páli Hermannssyni* og *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. A. III. 2. Nýr liður:
Jökulsá í Fljótsdal (fyrsta greiðsla af þremur) 85 000

VII. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Varatill. við brtt. 740, XI. (Við 13. gr. A. III. 3. — Geitdalsá og Múlaá).
Framlagið verður 100 000

VIII. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við 13. gr. A. III. 4. Nýr liður:
Selá í Strandasýslu 130 000
Til vara: Selá í Strandasýslu (fyrri greiðsla) 65 000

IX. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður:
Hofsá í Álftafirði (fyrsta greiðsla) 60 000

X. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður:
Djúpá í Fljótshverfi 185 000

XI. Frá *Sigurði E. Hlíðar, Ingólfi Jónssyni, Helga Jónassyni, Gunnari Thoroddsen* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. A. VIII. Nýr liður:
Kirkjubyggingarstyrkur:
1. Til Akureyrarkirkju 15 000
2. Til Ásólfsskálakirkju 15 000
3. Til kirkjubyggingar á Hvanneyri 15 000
4. Til Hellnakirkju 15 000
5. Til Njarðvíkurkirkju 15 000
6. Til Brunnhólskirkju 10 000
85 000

XII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. A. 4. Nýr liður:
Greiðsla samkv. lögum um landnám ríkisins, nr. 58 1941, þriggja ára lögboðið framlag 750 000

XIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. A. 26. Nýr liður:
Til Sigbjörns Ármanns, til vatnsmiðlunar úr Langavatni í Langá og Gljúfurá í Mýrasýslu vegna laxveiði, allt að helmingi kostnaðar, fyrri greiðsla 12 000

XIV. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 16. gr. C. 9. Nýr liður:
Til vatnsveitu Stykkishólms 200 000
Til vara 100 000

XV. Frá *Ólafi Thors, Hermanni Jónassyni, Einari Olgeirssyni* og *Stefáni Jóh. Stefánssyni.*
Við 17. gr. 27. Nýr liður:
Til styrktar bágstöddum Dönum erlendis 350 000

XVI. *Frá Helga Jónassyni.*
Við 20. gr. Út. VIII. Liðinn skal orða svo:
Til undirbúnings byggingu bændaskóla í Skálholti 2 000 000

XVII. Frá *Gunnari Thoroddsen* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 400 þús. kr. lán til vatnsveitu Stykkishólmshrepps og 100 þús. kr. lán til vatnsveitu á Hólmavík.

XVIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði allt að 25 þús. kr. í byggingarstyrk til Ásgeirs Bjarnþórssonar, listmálara.

XIX. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr., að fengnum tillögum fiskimálanefndar, til þess að styrkja þá útgerðarmenn, er misst hafa fiskiskip sín frá ófriðarbyrjun, til að eignast ný skip, þó ekki yfir 20% af verði skipsins.

XX. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður.
Að veita Íþróttasambandi Íslands 8000 kr. styrk til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra.

XXI. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að fella niður allar ráðgerðar fyrningar á fasteignum ríkissjóðs við samningu ríkisreiknings fyrir árið 1945.

Sþ. 744. Breytingartillaga

við till. til þál. um nefndarskipun til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Tvo síðustu málsl. fyrri mgr. („Nefndin ráðstafar ... í Arnarfirði") skal orða svo:

Nefndin fær til umráða fé það, er veitt verður í fjárlögum í þessu skyni, þegar Alþingi hefur samþykkt framkvæmdina.

Ed. 745. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbyggðir og nýbyggðasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarpið var fyrst tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. okt. s. l. Leitaði hún um það álits Búnaðarfélags Íslands, Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórnar ríkisins. Barst svar frá Búnaðarfélaginu, dags. 9. nóv., þess efnis, að þar sem starfandi væri milliþinganefnd búnaðarþings, sem hefði með höndum rannsóknir varðandi þetta mál og hefði aflað sér allmikilla gagna um það, teldi stjórn félagsins rétt að bíða eftir áliti þeirrar nefndar og hefði hún vísað frv. til hennar.

Þar sem hér er um stórt mál að ræða, sem krefst vandlegs undirbúnings, taldi landbúnaðarnefnd sér ekki fært að ljúka þeim undirbúningi á þessu þingi. Hins vegar hefur Alþingi eftir myndun hinnar nýju ríkisstjórnar sett á fót stofnun, nýbyggingarráð, sem ætlað er sérstaklega það verkefni að ákveða um nýskipun

íslenzkra atvinnuhátta og ráðstöfun fjár til nýrra framkvæmda. Taldi nefndin þá eðlilegt, að nýbyggingarráð ásamt Búnaðarfélagi Íslands fengi til nauðsynlegrar athugunar þetta mál, sem miðar fyrst og fremst að stofnun byggðahverfa í sveitum og við kauptún og sjóðstofnun til slíkra framkvæmda.

Á einum fundi nefndarinnar um málið var fjármálaráðherra viðstaddur og skýrði afstöðu ríkisstjórnarinnar til frumvarpsins. Varð nefndin síðan sammála um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún fæli nýbyggingarráði nánari athugun og undirbúning til framgangs þessu málefni. Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli nýbyggingarráði að taka þetta mál til vandlegrar athugunar og vinna að undirbúningi þess með framgang málsins fyrir augum, eftir því sem bezt þykir henta fyrir íslenzkan landbúnað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1944.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Kristinn E. Andrésson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	H. Guðmundsson.	

Sþ. 746. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 725.

I. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

1. Við brtt. 725, 6. (Við 14. gr. B. II. b. - - Námsstyrkur skv. ákv. menntamálaráðs).
   Á eftir orðunum „ákvörðun menntamálaráðs“ kemur:
   Þar af til Páls Pálssonar dýralæknis 6000 kr. til framhaldsnáms í búfjársjúkdómafræði.
2. Við 18. gr. II. e. 22. Nýr liður:
   Þorleifur Erlendsson 600

II. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að endurgreiða hlutafélaginu Herðubreið á Seyðisfirði tekju- og eignarskatt, sem félagið hefur greitt á árunum 1943 og 1944, enda verði færðar sönnur á það, að félagið hafi aldrei greitt hluthöfum arð og að óheimilt sé að greiða hluthöfum arð í framtíðinni.

Sþ. 747. Nefndarálit

við brtt. á þskj. 740 [Fjárlög 1945].

Frá Bernharð Stefánssyni, Garðari Þorsteinssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

Við XXV. (Við 16. gr. C. 9.). Liðinn skal orða svo:
Til vatnsveitu Glerárþorps 20 000

Sþ. 748. Varatillaga

við brtt. á þskj. 743, XVI. (Fjárlög).

Frá Helga Jónassyni.

Framlagið verði 1 000 000

Ed.

749. Breytingartillaga

við frv. til l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Frá menntamálanefnd.

Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kirkju- og manntalsbækur færðar samkvæmt þeim frá 1. janúar 1945.

Sþ.

750. Fjárlög

fyrir árið 1945.

(Afgr. 19. des.).

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1945 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	28 500 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 9000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 4500000	4 500 000	33 000 000
3.	Vörumagnstollur	9 000 000	
4.	Verðtollur	28 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	900 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 500 000	39 400 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	60 000	
9.	Bifreiðaskattur	900 000	1 560 000
10.	Aukatekjur	800 000	
11.	Stimpilgjald	1 700 000	
12.	Vitagjald	300 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	50 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	400 000	3 450 000
	Samtals ...	. . .	77 410 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	3016900	
2.	— áfengisverzlunar	20000000	
3.	— tóbakseinkasölu	7000000	
4.	— ríkisútvarps	204655	
5.	— ríkisprentsmiðju	260000	
		30 481 555	
	+ Tap af rekstri póstsjóðs	546 300	
			29 935 255
	Samtals ...	. . .	29 935 255
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		2 600 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	239 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 082 000	
	3. Önnur pósthús	588 300	
	4. Póstflutningar	960 000	
	5. Önnur gjöld	167 000	
	6. Fyrning	10 000	
	7. Orlofsfé og lífeyrissjóðsiðgjöld	100 000	
			3 146 300
	Mismunur (halli) ...		546 300
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		13 550 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	500 000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	466700	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	1486000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	118500	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	199000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	2185000	
	6. Áhaldahúsið	120000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	357000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	249000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	157900	
	10. Símstöðin á Borðeyri	134400	
	11. Símstöðin í Vestmannaeyjum	169400	
	12. Símstöðin á Siglufirði	199700	
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	1100000	
		6 942 600	

3. gr.

		kr.	kr.
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	200 000	
d.	Viðbót og viðhald stöðva	548 500	
e.	Viðhald landssímanna	1 747 000	
f.	Framhaldsgjald	150 000	
g.	Ýmis gjöld	75 000	
h.	Fyrning á húsum og áhöldum	100 000	
i.	Lífeyrissjóðsiðgjöld	270 000	
			10 533 100
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	3 016 900
	Eignabreytingar landssimans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum og til húsakaupa		200 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		250 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		50 000
V.	Til birgðahúss í Reykjavík		450 000
VI.	Til póst- og símahúss á Akureyri		350 000
VII.	Til nýrra landssímalína		250 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	1 700 000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		22 153 080
II.	Gjöld:		
1.	a. Grunnlaun 230460		
	b. Aukauppbót 64572		
	c. Verðlagsuppbót 438048		
		733 080	
2.	Ýmislegur rekstrarkostnaður	280 000	
3.	Kostnaður við áfengisúthlutun	405 000	
4.	Flutningskostnaður	60 000	
5.	Útsvar	675 000	
			2 153 080
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	20 000 000
	4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		7 914 099
II.	Gjöld:		
a.	Laun:		
1.	Grunnlaun 97540		
2.	Aukauppbót 26941		
3.	Verðlagsuppbót 182596		
		307 077	
b.	Annar kostnaður	257 022	
c.	Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.	350 000	
			914 099
	Fært á 3. gr. A. 3	. . .	7 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	1 325 000	
	b. Aðrar tekjur	300 000	
			1 625 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 222400		
	2. Aukauppbót 60325		
	3. Verðlagsuppbót 420900		
		703 625	
	b. Útvarpsefni	350 000	
	c. Skrifstofukostnaður	150 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	75 000	
	e. Til útvarpsstöðva	185 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	30 000	
	g. Óviss útgjöld	25 000	
	h. Vextir	15 000	
	i. Fyrning á húsum og vélum	50 000	
			1 583 625
		. . .	41 375
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	408 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 51840		
	b. Aukauppbót 14040		
	c. Verðlagsuppbót 96570		
	162450		
	2. Annar kostnaður 96808		
		259 258	
			148 742
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:		
	a. Tekjur	270 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 46100		
	b. Aukauppbót 12485		
	c. Verðlagsuppbót 87877		
	146462		
	2. Efni 80000		
	3. Annar kostnaður 40500		
		266 962	
			3 038

3. gr.

			kr.	kr.
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:			
	a. Tekjur		175 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	24100		
	b. Aukauppbót	6700		
	c. Verðlagsuppbót	46200		
		77000		
	2. Efni	60000		
	3. Annar kostnaður	26500		
			163 500	
				11 500
	Fært á 3. gr. A. 4		. . .	204 655
	Eignabreytingar:			
	Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b)		. . .	89 100
	6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I.	Tekjur (prentvinna)			1 750 000
II.	Gjöld:			
	1. a. Laun starfsmanna:			
	1. Grunnlaun	39500		
	2. Aukauppbót	5500		
	3. Verðlagsuppbót	64000		
		109000		
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
	1. Grunnlaun	356400		
	2. Verðlagsuppbót	534600		
		891000		
			1 000 000	
	2. Efnivörur		257 000	
	3. Vélarekstur og viðhald		95 000	
	4. Vextir		5 000	
	5. Annar kostnaður		113 000	
	6. Fyrning		20 000	
				1 490 000
	Fært á 3. gr. A. 5		. . .	260 000
	7. Landssmiðjan.			
I.	Tekjur:			
	1. Vörusala		60 000	
	2. Járnsmíðadeild		350 000	
	3. Trésmíðadeild		60 000	
	4. Járnsteypa		10 000	
	5. Seld vélanotkun		100 000	
				580 000

3. gr.

		kr.	kr.
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	43430		
b. Aukauppbót	9620		
c. Verðlagsuppbót	78450		
		131 500	
2. Vextir		50 000	
3. Tap á skuldum		15 000	
4. Annar kostnaður		150 000	
5. Fyrning		150 000	
6. Skattar í ríkissjóð		83 500	
			580 000

8. Áburðarsala ríkisins.

a. Laun:			
1. Grunnlaun	16500		
2. Aukauppbót	4738		
3. Verðlagsuppbót	31375		
		52613	
b. Annar kostnaður		107387	
		160 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		160 000	

9. Grænmetisverzlun ríkisins.

a. Laun:			
1. Grunnlaun	33000		
2. Aukauppbót	8937		
3. Verðlagsuppbót	60290		
		102227	
b. Annar kostnaður		97773	
		200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		200 000	

B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

1. Arnarhvoll:			
a. Tekjur			90 000
b. Gjöld:			
1. Laun húsvarðar:			
a. Grunnlaun	3600		
b. Aukauppbót	1020		
c. Verðlagsuppbót	6930		
		11550	

3. gr.

		kr.	kr.
2. Vextir	19458		
3. Annar kostnaður	53150		
4. Fyrning	3649		
		87 807	
			2 193
2. Tekjur af öðrum fasteignum			8 000
Samtals ...		. . .	10 193

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		153 785
2. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		12 211
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
4. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		139 434
5. Arður af hlutafjáreign		187 000
6. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	722 430

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1945 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		926 787
2. Lán í dönskum krónum		269 429
3. Lán í sterlingspundum		329 434
4. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	...	1 575 650

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		200 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 200 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		12 187
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	...	1 214 357

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I.	Stjórnarráðið:			
	1. Til ráðherra:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	50000		
	2. Aukauppbót	13100		
	3. Verðlagsuppbót	74025		
	4. Viðbótargreiðsla, 5000 kr. til hvers ráðherra, allt að	25000		
			162125	
	b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000	
	c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra .	3000		
	2. Húsaleiguuppbót	1010		
			4010	
				191 135
	2. Til ráðuneytanna:			
	a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	59400		
	2. Aukauppbót	16125		
	3. Verðlagsuppbót	113287		
			188812	
	b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	50002		
	2. Aukauppbót	13537		
	3. Verðlagsuppbót	95310		
			158849	
	c. Fjármálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	111636		
	2. Aukauppbót	29248		
	3. Verðlagsuppbót	205928		
			346812	
	d. Utanríkisráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	39452		
	2. Aukauppbót	11102		
	3. Verðlagsuppbót	75832		
			126386	
	e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	18150		
	2. Aukauppbót	4897		
	3. Verðlagsuppbót	34571		
			57618	
	f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:			
	1. Grunnlaun	32052		
	2. Aukauppbót	8909		
	3. Verðlagsuppbót	61443		
			102404	
	g. Annar kostnaður ráðuneytanna		185000	
				1 165 881

10. gr.

			kr.	kr.
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	65200		
	2. Aukauppbót	17860		
	3. Verðlagsuppbót	119160		
			202220	
	b. Annar kostnaður		30000	
				232 220
4.	Ýmis kostnaður:			
	a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		12000	
	b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
	1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200		
	2. Til pappírs og prentunar	70000		
	3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500		
			75700	
	c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		20000	
	d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
				109 746
				1 698 982
II.	Hagstofan:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun		50030	
	2. Aukauppbót		14187	
	3. Verðlagsuppbót		95951	
				160 168
	b. Aukavinna			4 000
	c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000
	d. Prentun eyðublaða			4 500
	e. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000
	f. Annar kostnaður			4 000
				244 668
III.	Utanríkismál:			
1.	Sendiráðið í Köbenhavn:			
	a. 1. Laun sendifulltrúa	8000		
	2. Áætluð staðaruppbót	12000		
			20000	
	b. Laun annarra starfsmanna		20000	
	c. Annar kostnaður		14800	
				54 800
2.	Sendiráðið í Stockholm:			
	a. 1. Laun sendifulltrúa	8000		
	2. Áætluð staðaruppbót	37000		
			45000	
	b. Laun annarra starfsmanna		10000	
	c. Annar kostnaður		31500	
				86 500

10. gr.

			kr.	kr.
3.	Sendiráðið í London:			
	a. 1. Laun sendiherra	10000		
	2. Áætluð staðaruppbót	60000		
			70000	
	b. Laun annarra starfsmanna		83000	
	c. Annar kostnaður		43000	
				196 000
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. 1. Laun sendiherra	10000		
	2. Áætluð staðaruppbót	68000		
			78000	
	b. Laun annarra starfsmanna		113000	
	c. Annar kostnaður		58500	
				249 500
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. 1. Laun sendiherra	10000		
	2. Áætluð staðaruppbót	53000		
			63000	
	b. Laun annarra starfsmanna		31700	
	c. Annar kostnaður		36800	
				131 500
6.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:			
	a. 1. Laun aðalræðismanns	8000		
	2. Áætluð staðaruppbót	46500		
			54500	
	b. Laun annarra starfsmanna		13000	
	c. Annar kostnaður		18000	
				85 500
7.	Ferðakostnaður			20 000
8.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			60 000
				883 800
	Samtals ...		. . .	2 827 450

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 38000		
	2. Aukauppbót 9480		
	3. Verðlagsuppbót 55845	103 325	
	b. Annar kostnaður	40 000	
			143 325
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 44110		
	2. Aukauppbót 11340		
	3. Verðlagsuppbót 77760	133 210	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	4 400	
	c. Annar kostnaður	10 000	
			147 610
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 46400		
	2. Aukauppbót 12030		
	3. Verðlagsuppbót 78885	137 315	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	12 480	
	c. Annar kostnaður	12 000	
			161 795
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 67700		
	2. Aukauppbót 17865		
	3. Verðlagsuppbót 123097	208 662	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	36 400	
	c. Annar kostnaður	30 000	
			275 062
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 36800		
	2. Aukauppbót 9420		
	3. Verðlagsuppbót 64080	110 300	
	b. Ljós, hiti, ræsting og dyravarzla	50 000	
	c. Annar kostnaður	37 000	
			197 300
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 153096		
	2. Aukauppbót 30284		
	3. Verðlagsuppbót 210570	393 950	

			kr.	kr.
b. Skrifstofukostnaður:				
1. Grunnlaun		230000		
2. Aukauppbót		54000		
3. Verðlagsuppbót		400000		
			684 000	
7. Laun hreppstjóra:				1 077 950
a. Grunnlaun			55 000	
b. Aukauppbót			16 500	
c. Verðlagsuppbót			107 250	
8. Lögreglukostnaður:				178 750
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna:				
a. Grunnlaun	200570			
b. Aukauppbót	54838			
c. Verðlagsuppbót	383135			
d. Áhættuþóknun	49005			
		687548		
2. Annar kostnaður		245000		
			932 548	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..			300 000	
				1 232 548
9. Kostnaður við landhelgisgæzlu				2 800 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnl. + húsaleigustyrkur	11248			
b. Aukauppbót	2230			
c. Verðlagsuppbót	15285			
		28763		
2. Annar kostnaður		40000		
(Þar af fyrning 1770 kr. sjá 20. gr.)				
3. Til viðgerðar og endurbóta		165000		
			233 763	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	30900			
b. Aukauppbót	8685			
c. Verðlagsuppbót	59377			
		98962		
2. Annar kostnaður (þar með talin fyrning kr. 53000)		158000		
		256962		
÷ Tekjur		70000		
		186962		
3. Til viðgerðar og endurbóta		100000		
			286 962	
c. Til byggingar fangahúss í Hafnarfirði			35 000	
d. Önnur fangahús			10 000	
				565 725
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál				140 000
12. Laun sjódómsmanna				6 000
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara				15 000

11. gr.

		kr.	kr.
14.	Kostnaður við félagsdóm:		
	a. Laun félagsdómsmanna:		
	1. Grunnlaun 13200		
	2. Aukauppbót 3540		
	3. Verðlagsuppbót 14703	31 443	
	b. Annar kostnaður	2 000	33 443
15.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 5000		
	2. Aukauppbót 750		
	3. Verðlagsuppbót 3750	9 500	
	b. Annar kostnaður	5 000	14 500
	Samtals A. ...	. . .	6 989 008
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 25800		
	2. Aukauppbót 7170		
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
	d. Sverrir Markússon, Ólafsdal, til dýralæknanáms ..	2 000	
	e. Til dýralæknisbústaðar á Egilsstöðum	50 000	
			145 938
31.	Til kláðalækninga		3 000
32.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 600 000
33.	Til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti, stofnkostnaður		25 000
34.	Til Íslandsdeildar norræna búfræðifélagsins		500
35.	Til Guðmundar Einarssonar, Brekku		2 500
36.	Til Kristjáns Jónssonar, Mýrlaugsstöðum		2 500
37.	Til Magnúsar Ólafssonar, Krýsuvík		1 000
38.	Til Bjarna Bárðarsonar		2 500
39.	Til Eiríks Einarssonar, Réttarholti		2 500
	Samtals A ...	**. . .**	**8 044 898**

16. gr.

	kr.	kr.
B. Sjávarútvegsmál.		
1. Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		619 150
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3. Til alþjóðahafrannsókna		10 000
4. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
Samtals B ...	. . .	819 150
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		65 000
3. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅔ kostnaðar allt að		300 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
4. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	1 800	
b. Aukauppbót	540	
c. Verðlagsuppbót	3 510	
		5 850
5. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 350	
		2 250
6. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	750	
		1 250
7. Til raforkusjóðs samkv. l. nr. 91 1942		500 000
Samtals C ...	. . .	924 350

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		31 000
2. Til alþýðutrygginga:		
a. Slysatryggingar	105 000	
b. Sjúkratryggingar	1 920 000	
c. Atvinnuleysistryggingar	15 000	
d. Ellilaun og örorkubætur	2 550 000	
e. Kostnaðartillag	205 000	
		4 795 000
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		15 150
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík ..... enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.	7 000	
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
		28 000
7. Til sumardvalar barna í sveit, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		100 000
8. Til barnaheimila og barnaverndar		30 500
9. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		70 000
10. Til barnaheimilis á Sólheimum		7 000
11. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda	50 000	
Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		
		75 000
12. Til slysavarna		100 000
13. Til Lárusar Eggertssonar, til björgunarnáms í Bandaríkjunum		14 000
14. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
15. Bindindisstarfsemi:		
a. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi ..... Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 8000 kr.	60 000	
b. Til sömu, styrkur til húsbygginga, lokagreiðsla	15 000	
c. Til útbreiðslu bindindis	7 500	

17. gr.

		kr.	kr.
d.	Til áfengisráðunautar:		
	1. Grunnlaun 3000		
	2. Aukauppbót 870		
	3. Verðlagsuppbót 5805		
		9 675	
			92 175
16.	Ungmennastarfsemi:		
a.	Til Ungmennafélags Íslands	12 000	
	Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b.	Til Bandalags skáta	2 000	
c.	Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
			15 500
17.	Til Íþróttasambands Íslands, til bókaútgáfu		10 000
18.	Til útgáfu sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi		12 000
19.	Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		100 000
20.	Til Kvenréttindafélags Íslands		10 000
21.	Til vinnumiðlunar		20 000
22.	Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
23.	Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar		200 000
24.	Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		375 000
25.	Til Bálfararfélags Íslands		35 000
26.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunar-starfsemi		5 000
27.	Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		100 000
28.	Til alþjóðastarfseminnar		250 000
29.	Til styrktar bágstöddum Dönum erlendis		350 000
	Samtals ...	. . .	7 580 325

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Grunnlaun	110 000	
	b. Aukauppbót	32 000	
	c. Verðlagsuppbót	213 000	
			355 000
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	2660,00	
	2. Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari	1000,00	
	3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	640,00	
	4. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1200,00	
	5. Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis	1000,00	
	6. Eiríkur Kjerúlf læknir	1000,00	
	7. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1000,00	
	8. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	1800,00	
	9. Guðmundur Hannesson prófessor	1200,00	
	10. Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	3403,19	
	11. Halldór Júlíusson, fyrrv. sýslumaður	800,00	
	12. Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	2000,00	
	13. Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	14. Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	15. Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri	1577,14	
	16. Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	1546,80	
	17. Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	1826,67	
	18. Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	2000,00	
	19. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	20. Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1000,00	
	21. Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1000,00	
	22. Sigurður Magnússon, fyrrv. yfirlæknir	2000,00	
	23. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	2000,00	
	24. Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðslæknir	2067,12	
	25. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	535,00	
	26. Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1000,00	
	27. Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	1328,00	
	28. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	700,00	
	29. Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	2000,00	
	30. Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	1500,00	
			42 784
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	500,00	
	2. Aðalbjörg Sigurðardóttir	1200,00	
	3. Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	450,00	
	4. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	600,00	
	5. Ásta Einarson	600,00	
	6. Camilla Hallgrímsson	760,00	

18. gr.

		kr.	kr.
7.	Cathinka Sigfússon	1000,00	
8.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1200,00	
9.	Guðbjörg Tómasdóttir, kr. 600, auk 300 kr. með hverju barni í ómegð	1500,00	
10.	Guðlaug Magnúsdóttir	2000,00	
11.	Guðrún Björnsdóttir, læknisekkja	600,00	
12.	Harriet Jónsson	450,00	
13.	Helga Finnsdóttir	1200,00	
14.	Hrefna Einarsdóttir	600,00	
15.	Hrefna Jóhannesdóttir 600 kr., auk 300 kr. með hvoru barni í ómegð	1200,00	
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja	900,00	
17.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	400,00	
18.	Jenny Forberg	600,00	
19.	Júliana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	500,00	
20.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	600,00	
21.	Laufey Vilhjálmsdóttir	2400,00	
22.	Magnea Ásgeirsson	200,00	
23.	Margrét Árnadóttir	600,00	
24.	Margrét Björnson	1600,00	
25.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	700,00	
26.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja	400,00	
27.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600 kr., auk 300 kr. með hverju barni í ómegð	1500,00	
28.	Marie Helgason	2000,00	
29.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	800,00	
30.	Rannveig Tómasdóttir	600,00	
31.	Rigmor Ófeigsson	800,00	
32.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja	800,00	
33.	Sigríður Blöndal	300,00	
34.	Sigríður Finnbogadóttir	800,00	
35.	Sigríður Fjeldsted	600,00	
36.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	800,00	
37.	Sigrún Bjarnason	600,00	
38.	Sofia Guðmundsson	2000,00	
39.	Soffía Hjaltested	600,00	
40.	Steinunn Frímannsdóttir	450,00	
41.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson	500,00	
42.	Theodóra Thoroddsen	1200,00	
43.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja	700,00	
44.	Vigdís Blöndal	500,00	
45.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	900,00	
46.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	600,00	
47.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja	400,00	
48.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 700 kr., auk 300 kr. með barni í ómegð	1000,00	
49.	Þrúður Ingibj. Jónsdóttir	300,00	
			41 510

18. gr.

		kr.	kr.
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Árni Þórarinsson	580,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	630,00	
3.	Ásmundur Gíslason	785,00	
4.	Bjarni Hjaltested	500,00	
5.	Böðvar Bjarnason	1200,00	
6.	Einar Pálsson	730,00	
7.	Einar Thorlacius	555,00	
8.	Halldór Bjarnarson	730,00	
9.	Haraldur Þórarinsson	800,00	
10.	Ingvar Nikulásson	685,00	
11.	Jes A. Gíslason	500,00	
12.	Jón Norðfjörð Johannessen	760,00	
13.	Kjartan Kjartansson	700,00	
14.	Kristinn Daníelsson	820,00	
15.	Magnús Bjarnarson	655,00	
16.	Matthías Eggertsson	765,00	
17.	Ófeigur Vigfússon	580,00	
18.	Ólafur Magnússon	420,00	
19.	Pálmi Þóroddsson	565,00	
20.	Runólfur Magnús Jónsson	730,00	
21.	Sigtr. Guðlaugsson	3000,00	
22.	Stefán Kristinsson	1000,00	
23.	Theódór Jónsson	1435,00	
24.	Vigfús Þórðarson	685,00	
25.	Þórður Ólafsson	670,00	
26.	Þorvaldur Jakobsson	1275,00	
27.	Þorvarður Þorvarðsson	775,00	
			22 530
d.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	600,00	
2.	Arnbjörg Einarsdóttir	800,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	600,00	
4.	Auður Gísladóttir	700,00	
5.	Bergljót Blöndal	600,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	600,00	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	900,00	
8.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	700,00	
9.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	700,00	
10.	Dorothea Guðmundsson	700,00	
11.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	800,00	
12.	Guðbjörg Hermannsdóttir	581,70	
13.	Guðný Þorsteinsdóttir	573,56	
14.	Guðríður Helgadóttir	682,00	
15.	Guðríður Ólafsdóttir	564,26	
16.	Guðrún Hermannsdóttir	400,00	
17.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1100,00	
18.	Guðrún Jónsdóttir 1200 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	3000,00	

18. gr.

		kr.	kr.
19.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1200 kr., auk 300 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	1500,00	
20.	Guðrún Runólfsdóttir	700,00	
21.	Guðrún Torfadóttir	700,00	
22.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	700,00	
23.	Helga Skúladóttir	627,06	
24.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	700,00	
25.	Ingibjörg Magnúsdóttir	700,00	
26.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	700,00	
27.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja	700,00	
28.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otrardal	700,00	
29.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka	900,00	
30.	Líney Sigurjónsdóttir	900,00	
31.	Margrét Jónasdóttir	700,00	
32.	María Elísabet Jónsdóttir	700,00	
33.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1200 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	2100,00	
34.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja	900,00	
35.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	700,00	
36.	Sigríður Hansdóttir	785,00	
37.	Sigríður Helgadóttir	700,00	
38.	Sigríður Jóhannesdóttir	700,00	
39.	Sigríður Kjartansdóttir, 1200 kr. auk 300 kr. með hverju barna sinna	2400,00	
40.	Sigrún Kjartansdóttir	700,00	
41.	Sigurlaug Knudsen	700,00	
42.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	600,00	
43.	Steinunn Pétursdóttir	700,00	
44.	Vilborg Jónsdóttir	700,00	
45.	Þorbjörg Pálsdóttir	400,00	
46.	Þóra Jónsdóttir	617,28	
47.	Þórhildur Sigurðardóttir	700,00	
			38 931
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00	
2.	Anna Ásmundsdóttir	300,00	
3.	Ásdís Þorgrímsdóttir	300,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	200,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari	1200,00	
6.	Einar Hávarðsson	150,00	
7.	Elísabet Jónsdóttir	300,00	
8.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1000,00	
9.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1200,00	
10.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	2250,00	
11.	Hólmfríður Gísladóttir kennslukona	500,00	
12.	Ingivaldur Nikulásson kennari	400,00	
13.	Lárus Bjarnason skólastjóri	3600,00	
14.	Lárus Rist kennari	600,00	
15.	Margrét Rasmus	1800,00	

18. gr.

		kr.	kr.
16.	Ragnheiður Torfadóttir 400,00		
17.	Samúel Eggertsson 500,00		
18.	Sigurður Sigurðsson 400,00		
19.	Sigurjón Rögnvaldsson 200,00		
20.	Valdimar Snævarr 1648,00		
21.	Viktoría Bjarnadóttir 150,00		
22.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara 300,00		
		17 898	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra	20 600	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi	2 000	
h.	Ólafur Friðriksson	1 800	
i.	Dr. Helgi Péturss	6 000	
j.	Séra Guðmundur Einarsson	2 000	
k.	Sigurjón Friðjónsson	2 000	
l.	Páll E. Ólason dr. phil. ..... enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.	7 200	
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur	5 550	
n.	Árni Pálsson	5 188	
o.	Páll Sveinsson yfirkennari	3 595	
p.	Árni Thorsteinsson tónskáld	3 000	
q.	Sigurbjörn Sveinsson	2 000	
r.	Lárus Sigurjónsson skáld	1 500	
s.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
	1. Anna Pálsdóttir 600 kr., auk 300 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1200,00		
	2. Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
	3. Gíslína Kvaran 1000,00		
	4. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson 1000,00		
	5. Guðrún Oddsdóttir 1000,00		
	6. Ólína Þorsteinsdóttir 1000,00		
	7. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal 500,00		
	8. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara 500,00		
	9. Sigurlaug G. Gröndal 400,00		
	10. Valborg Einarsson 1000,00		
	11. Valgerður Benediktsson 2400,00		
	12. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 1000,00		
		12 200	
t.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra	8 100	
u.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins	11 650	
v.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir 300,00		
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir 300,00		

18. gr.

		kr.	kr.
3.	Andrés Johnson, fornminjasafnari	5000,00	
4.	Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	300,00	
5.	Arndís Sigurðardóttir	300,00	
6.	Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	300,00	
7.	Ásgeir Jónsson, Gottorp	300,00	
8.	Ásta Þorvaldsdóttir	300,00	
9.	Bjarni Magnússon fangavörður	400,00	
10.	Björg Guðmundsdóttir	400,00	
11.	Björn Einarsson	2000,00	
12.	Davíð Gíslason	600,00	
13.	Eggert Brandsson, sjómaður	1200,00	
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ..	2000,00	
15.	Einar E. Sæmundsen	1200,00	
16.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00	
17.	Gróa Dalhoff	800,00	
18.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	300,00	
19.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00	
20.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	1500,00	
21.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	300,00	
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1200,00	
23.	Guðríður Eiríksdóttir	500,00	
24.	Guðrún Egilson	2000,00	
25.	Guðrún Ragúels	300,00	
26.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00	
27.	Halldóra Þórðardóttir	600,00	
28.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	300,00	
29.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	800,00	
30.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	600,00	
31.	Hlín Johnson	1800,00	
32.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	300,00	
33.	Hólmgeir Jensson	300,00	
34.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	300,00	
35.	Ingibjörg Jakobsdóttir	300,00	
36.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	500,00	
37.	Ingibjörg Loftsdóttir ljósmóðir	300,00	
38.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	600,00	
39.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	600,00	
40.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	300,00	
41.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	300,00	
42.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	600,00	
43.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00	
44.	Kristólina Kragh	300,00	
45.	Lára Bjarnadóttir	400,00	
46.	Margrét Ásmundsdóttir	400,00	
47.	María Sigurðardóttir	300,00	
48.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	500,00	

18. gr.

		kr.	kr.
49.	Matthías Þórðarson frá Móum	1200,00	
50.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Danielssonar	600,00	
51.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum.	1000,00	
52.	Ólafur Ketilsson	500,00	
53.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	500,00	
54.	Petrea Jónsdóttir	300,00	
55.	Pétur Þórðarson, fyrrv. alþm.	500,00	
56.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00	
57.	Runólfur Pétursson, innhm.	600,00	
58.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	700,00	
59.	Sigríður Gísladóttir	300,00	
60.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	300,00	
61.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	300,00	
62.	Sigurður Níelsson	1000,00	
63.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1000,00	
64.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	500,00	
65.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	500,00	
66.	Þóra Sigurðardóttir	300,00	
			44 550
x.	Dýrtíðaruppbót samkv. 22. gr. II.		72 000
y.	Aukauppbót		110 000
z.	Verðlagsuppbót		730 000
þ.	Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans (án dýrtíðaruppbótar)		3 000
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943, og 8. gr. laga nr. 102 1943		750 000
			1 967 586
	Samtals ...	. . .	2 322 586

19. gr.

		kr.	kr.
	Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:		
1.	Vantalin verðlagsuppbót	4 000 000	
2.	Vegna nýrra launalaga	4 500 000	
3.	Til annarra útgjalda	250 000	
			8 750 000
	Samtals ...	. . .	8 750 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar:		
1.	Samkvæmt 3. gr. A.	330 000	
2.	— 3. — B.	3 649	
3.	— 9. —	2 170	
4.	— 10. —	2 046	
5.	— 11. — A.	7 070	
6.	— 12. —	80 000	
7.	— 13. —	187 622	
8.	— 14. —	15 866	
9.	— 15. —	4 350	
			632 773
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		1 050 000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
	Samtals ...	. . .	1 742 773
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán ... 1580426		
	b. Lán í dönskum krónum ... 574552		
	c. Lán í sterlingspundum ... 189641		
		2 344 619	
2.	Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 200000		
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 4.) ... 89100		
		289 100	
			2 633 719
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	Landssíminn (ný símakerfi o. fl.) ...		1 500 000
III.	Til vitamála, eignaaukning:		
	a. Til byggingar áhaldahúss ...	100 000	
	b. Til að kaupa nýtt vitaskip ...	250 000	
	c. Til að gera nýja vita ...	600 000	
			950 000

	kr.	kr.
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		100 000
V. Til byggingar sjómannaskóla		1 000 000
VI. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		2 000 000
VII. Til byggingar Þjóðminjasafnshúss		1 000 000
VIII. Til byggingar búnaðarskóla á Suðurlandi		250 000
IX. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10 000
X. Til byggingar varðskips		500 000
Samtals ...	. . .	9 933 719

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		77 410 0
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		29 935 2
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 1
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		722 4
5. gr.	Óvissar tekjur		100 0
	Samtals ...	. . .	108 177 8

firlit.
firlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		1 575 650
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		200 000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 214 357
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		2 827 450
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	6 989 008	
—	B.	Opinbert eftirlit	607 810	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	2 756 675	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	650 000	11 003 493
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		8 174 535
13. gr.	A.	Vegamál	17 823 947	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 572 950	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	4 551 350	
—	D.	Flugmál	700 000	26 648 247
14. gr.	A.	Kirkjumál	2 362 218	
—	B.	Kennslumál	14 167 848	16 530 066
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	1 741 418	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	1 855 150	3 596 568
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	8 044 898	
—	B.	Sjávarútvegsmál	819 150	
—	C.	Iðnaðarmál	924 350	9 788 398
17. gr.		Til félagsmála		7 580 325
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		2 322 586
19. gr.		Óviss útgjöld		8 750 000
		Rekstrarafgangur		7 966 203
		Samtals ...	. . .	108 177 878

II Sj

			kr.
		Inn:	
2.—5. gr.		Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	108 177
		Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr.	I.	Fyrningar	632
—	II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	1 050
—	III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10
—	IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50
		Greiðslujöfnuður	234
		Samtals ...	110 155

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1945 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða á árinu 1945 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1944.

III. Að greiða Jakobi Jóh. Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1944—1945, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

IV. Að greiða skólastjóra og kennslubókahöfundi Karli Finnbogasyni eftirlaun, svo að laun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals ¾ af launum hans, er hann hættir störfum.

V. Að greiða Ingólfi Gíslasyni, héraðslækni frá Djúpavogi, full embættislaun.

VI. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

VII. Að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala.

VIII. Að greiða dr. Eiríki Albertssyni þá viðbót við lífeyri hans, að hann fái 6 000 kr. árslaun, að viðbættum venjulegum uppbótum.

IX. Að greiða Jakobi Kristinssyni, fyrrv. fræðslumálastjóra, þá viðbót við lífeyri hans, að hann fái 6 000 kr. árslaun, að viðbættum venjulegum uppbótum.

X. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.

XI. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.

XII. Að endurgreiða Eiríki Baldvinssyni iðgjöld þau, er hann hefur greitt í lífeyrissjóð barnakennara.

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

irlit.

		kr.
	Út:	
—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	100 211 675
	Aðrar útborganir:	
). gr. I.	Afborganir lána	2 633 719
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	1 500 000
— III.	Til vitamála, eignaaukning	950 000
— IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins	100 000
— V.	Til byggingar sjómannaskóla	1 000 000
— VI.	Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	2 000 000
— VII.	Til byggingar þjóðminjasafnshúss	1 000 000
— VIII.	Til byggingar búnaðarskóla á Suðurlandi	250 000
— IX.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna	10 000
— X.	Til byggingar varðskips	500 000
	Samtals ...	110 155 394

XIII. Að endurgreiða Birni O. Björnssyni iðgjöld þau, er hann hefur greitt í lífeyrissjóð embættismanna.

XIV. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.

XV. Að selja varðskipið Þór, ef viðunanlegt boð fæst, enda verði andvirðinu varið til smíði eða kaupa á nýju varðskipi.

XVI. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

XVII. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

XVIII. Að ábyrgjast 100 000 kr. viðbótarlán til hitaveitu í Ólafsfirði.

XIX. Að verja allt að 100 000 kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. b. hrekkur ekki til.

XX. Að verja allt að 30 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifandi í Mýrdal, eftir að verkið hefur verið undirbúið.

XXI. Að verja allt að 50 000 kr. til undirbúnings kaupum á fiskirannsóknaskipi.

XXII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestamannaeyjum árið 1945 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XXIII. Að verja úr ríkissjóði allt að 1 400 000 kr. til aukningar á símakerfi landsins, ef tekjur landssímans leyfa.

XXIV. Að verja til aukningar fiskiskipastóli landsins 5 000 000 kr., er teknar verði úr framkvæmdasjóði, að því leyti sem hann hrekkur til, og með lántöku.

XXV. Að verja allt að 500 000 kr. til flugmála, ef þörf krefur.

XXVI. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

XXVII. Að verja allt að 50 þús. kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands, eftir tillögu vegamálastjóra. (Helmingur upphæðarinnar endurveiting).

XXVIII. Að greiða 25 000 kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleitar í Vestmannaeyjum.

XXIX. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

XXX. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.

XXXI. Að veita Íþróttasambandi Íslands 8 000 kr. styrk til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra.

XXXII. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnuafli gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.

XXXIII. Að taka frá af tekjum ársins 1945, ef ástæður leyfa, 2 millj. kr. til stofnunar áburðarverksmiðju.

XXXIV. Að fella niður allar ráðgerðar fyrningar á fasteignum ríkissjóðs við samningu ríkisreiknings fyrir árið 1945.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1944 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 751. Nefndarálit

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. janúar 1945.

Páll Hermannsson, form. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 752. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 20 1944, skulu koma í gildi af nýju 1. janúar 1945 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með lögum nr. 98 1941 var ríkisstjórninni heimilað að fella niður til ársloka 1942 tolla af ýmsum kornvörum og að lækka sykurtoll um helming til sama tíma. Lög þessi hafa síðan verið framlengd til ársloka 1944. Ef lögin ættu nú að falla úr gildi, mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun á dýrtíðarvísitölu. Þykir því ekki verða hjá komizt að fá heimildina framlengda, svo sem lagt er til í frv."

Ed. 753. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 2. gr. Upphaf a-liðar 29. greinar skal orða svo:

Kaupgreiðendur ábyrgjast eftir kröfu sveitarstjórnar, að útsvarsgjaldendur o. s. frv.

Ed. 754. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá félags- og dómsmálaráðherra.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgr. 8. gr. laganna falli niður.

Ed. 755. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgrein 8. gr. laganna falli niður.

Ed. 756. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

1. Kirkjujörðina Laxárdal í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu ábúandanum, Jóel Gíslasyni.
2. Kirkjujörðina Ytmjaberg (Emmuberg) í sama hreppi ábúandanum, Jónasi Guðjónssyni.
3. Kirkjujörðina Prestsbakkakot á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum, Jóni Steingrímssyni.
4. Eyðijörðina Gröf í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu Gísla Þórðarsyni, oddvita á Ölkeldu.
5. Kirkjujörðina Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu ábúandanum, Guðmundi Vigfússyni.
6. Eyðijörðina Steinboga í Hjaltastaðahreppi notanda hennar, Geirmundi Eiríkssyni, bónda á Hóli.
7. Eyðijörðina Engjalæk í Hjaltastaðahreppi notanda hennar, Halldóri Guðmundssyni, bónda á Klúku.

Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1, 2, 3, 5 og 6, skulu seldar með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali samkv. l. nr. 116 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Eyðijörðin Gröf í Staðarsveit selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

Eyðijörðin Engjalækur í Hjaltastaðahreppi selst með því skilyrði, að hún sameinist Klúku eða öðrum helmingi hennar, þegar henni verður skipt í tvær jarðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 757. Þingsályktun

um byggingarmál.

(Afgreidd frá Sþ. 5. jan.)

Samhljóða þskj. 732.

Sþ. 758. Þingsályktun

um byggingu verksmiðju til herzlu síldarlýsis.

(Afgreidd frá Sþ. 5. jan.)

Samhljóða þskj. 586.

Ed. 759. Lög

um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 5. jan.)

Samhljóða þskj. 572.

Nd. 760. Frumvarp til laga

um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að allir bátar, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við sunnan- og innanverðan Faxaflóa og leggja lóðir sínar vestur af Garðskaga í Miðnessjó, skuli hlíta reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Brottfarartíma báta þeirra, sem um getur í 1. gr., til fiskiróðra frá heimahöfn skal hagað þannig, að bátar frá öllum veiðistöðvum, er þar getur, séu komnir í sama mund á ákveðinn stað. Á þeim stað skal jafnan, nema óviðráðanleg atvik hamli, vera eftirlitsskip, er hafi ákveðið ljósmerki. Brottfarartími bátanna til fiskiróðra frá eftirlitsskipinu skal vera hinn sami, og þegar sá tilsetti tími er kominn, skal eftirlitsskipið gefa ljósmerki, og er bátum óheimilt að leggja af stað frá eftirlitsskipinu, fyrr en merkið hefur verið gefið. Staður sá, er bátarnir hittast á, og brottfarartími þeirra þaðan skal ákveðinn í reglugerð.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjóra eftirlitsskipsins, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé reglum þeim, er um getur í 2. gr. Enginn formaður, er sjó stundar frá hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélagi, getur skorazt undan kosningu.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt fyrir tilmæli ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Vegna þess að fiskimiðin í og utan við Faxaflóa notast nú ekki eins og áður vegna hernaðaraðgerða, ber brýna nauðsyn til, að hagnýting þess svæðis, sem opið er, fari skipulega fram. Er sérstaklega nauðsynlegt, að fiskibátarnir leggi lóðir sínar samtímis, og er það höfuðtilgangur frv. að tryggja þetta."

Nd. 761. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 49/1942, um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „tvöfalt fasteignamat“ í 1. gr. laganna komi: fimmfalt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt fyrir tilmæli fjármálaráðherra, og fylgdi því þessi greinargerð:

„Með lögum nr. 49/1942 var 14. gr. stimpilgjaldslaganna breytt þannig, að þegar afsalsbréf og leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, beri að áætla hana, en þó aldrei lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að algengast má telja, að kaupverð fasteigna sé nú orðið ekki talið í afsalsbréfum og stimpilgjald þá reiknað af tvöföldu fasteignamati, sem telja verður allt of lágt nú, þar sem fasteignir hafa hækkað mjög í verði hin síðari ár, svo að þess eru dæmi, að fasteignir hafa verið seldar á fimmföldu fasteignamati eða jafnvel meir. Til þess að koma í veg fyrir, að ríkissjóður verði fyrir tjóni við, að kaupverð fasteigna er ekki gefið upp, er lagt til, að greindu ákvæði laganna verði breytt í það horf, að lágmark áætlunarverðsins sé fimmfalt fasteignamat.“

Nd. 762. Frumvarp til laga

um skipakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa fiskiskip erlendis með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagssamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum í hendur til útgerðar.

2. gr.

Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 15 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 2 millj. kr. lán til ráðstöfunar samkvæmt XXIV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Ríkisstjórnin hefur gert samninga um smíði á 45 bátum í Svíþjóð, sem seldir hafa verið einstaklingum, félögum og bæjar- og sveitarfélögum. En þar sem ríkissjóður þarf að gegnumganga kaupin, er óhjákvæmilegt, að hann hafi heimild til lán-

löku í því sambandi. Bátasmíði þessi hefur ekki verið lögð fyrir þingið, þótt hún á sínum tíma hafi verið afráðin í samráði við þingflokkana. Hins vegar er það óeðlilegt, að mál sem þetta sé ekki afgreitt með venjulegum hætti af þingi.

Í 2. mgr. 2. gr. er heimild til lántöku þeirrar, er um getur í XXIV. lið 22. gr. fjárlaganna og stafar af því, að ekki verða eftir í framkvæmdasjóði meira en röskar 3 milljónir, ef frv. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir verður gert að lögum, er gerir ráð fyrir 3 millj. króna framlagi úr framkvæmdasjóði til styrkja vegna kaupa á landbúnaðarvélum og verkfærum."

Ed. 763. Nefndarálit

um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög um sama efni og rætt það ýtarlega á tveim fundum.

Með því að sami ráðherra fer nú eigi með atvinnu- og samgöngumál, eins og áður hefur verið, en mál þetta heyrir hins vegar undir samgöngumálaráðherra, taldi nefndin rétt, að í stað orðanna „atvinnumálaráðuneyti" og „atvinnumálaráðherra" í frumvarpinu kæmi: ráðuneytið og ráðherra. Er þetta engin efnisbreyting, heldur aðeins leiðrétting.

Nefndin sá ekki ástæðu til, að nefnd sú, sem gera á tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur á flutningunum, sé skipuð fimm mönnum. Telur hún nægilegt og jafnvel að mörgu leyti heppilegra að fela þetta aðeins þremur mönnum, er skipaðir séu af ráðherra, enda tilnefni hvor aðili um sig, Alþýðusamband Íslands og sérleyfishafar, sinn nefndarmann. Leggur nefndin því til, að 2. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við það.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðuneytið geti falið póststjórninni eða annarri stofnun umsjón og eftirlit á fólksflutningunum. Lítur nefndin svo á, að enn sem komið er sé ekki nægilegur undirbúningur fyrir hendi til þess að fela þessi mál annarri stofnun en póststjórninni. Það liggur m. a. ekkert fyrir um það, hvaða annarri stofnun málið kynni að verða falið eða hvort hugsað sé að koma upp nýrri stofnun til þess að annast þessi mál, né heldur, hvaða kostir því væru samfara að skipta um þá aðila, sem farið hafa með þessi mál í seinni tíð. Eins og frumvarpið er nú, tryggir það ráðuneytinu miklu meira vald yfir þessum málum í heild en gildandi lög um þessi mál kveða á um, auk þess sem 4. gr. frv. kveður skýrt á um það, að ráðuneytinu sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiðanna, og getur þá, ef ástæða þætti til, skipt um aðila, sem það hefur valið til þess að hafa á hendi framkvæmdir þessara mála.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a) Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra" í 1. málsgr. komi: ráðherra.
   b) Á stað orðsins „Atvinnumálaráðuneytinu" í 2. málsgr. komi: Ráðuneytinu.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

   Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð: Ráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður nefndarinnar, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa einn samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Nefndin skal skipuð og kosin til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfstími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. greinar. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. Við 7. gr. Orðin „eða annarri stofnun“ í málsgreininni falli niður.

Alþingi, 6. janúar 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 764. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1930, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, sem borið var fram í neðri deild. Gaf tollstjóri umsögn um málið og bar fram allmargar tillögur, sem nefndin tók upp að mestu leyti, og voru þær samþykktar. Frumvarpið miðar að því að lagfæra misfellur, sem komið hafa í ljós við framkvæmd tolllaganna, gera framkvæmd auðveldari og forðast ósamræmi, en um fjárhæðir, er máli skipta, er ekki að ræða. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði.

BSt var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 6. jan. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson.	Kristinn E. Andrésson.

H. Guðmundsson.

Ed. 765. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Hrísey.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi hafnarlög fyrir aðrar hafnir. Við þann samanburð varð nefndinni ljóst, að tekin eru upp í frumvarpinu þau nýmæli að fella í burtu það skilyrði fyrir ábyrgð ríkissjóðs, að sýslunefndin standi einnig í ábyrgð fyrir láni til hafnarinnar ásamt sveitarsjóðnum. Telur nefndin, að ekki sé rétt að taka nú með þessu frumvarpi beina afstöðu til þessa máls, heldur beri að marka slíka stefnubreytingu, ef nauðsynlegt þykir, í frumvarpi um almenn hafnarlög, sem væntа má, að verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „gegn ábyrgð sveitarsjóðs“ í 1. málsl. komi: og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Alþingi, 6. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason.	Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 766. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á húsaleiguvísitölu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram endurskoðun á grundvelli húsaleiguvísitölunnar, og sé Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur gefinn kostur á að tilnefna einn mann til endurskoðunarinnar.

Sþ. 767. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur nú athugað tillögu þessa, og voru allir viðstaddir nefndarmenn, — ÞG var ekki mættur —, sammála um, að samþykkja bæri hlutafjárkaup þessi aðeins sem heimild handa ríkisstjórninni og að heimild sú væri tímabundin, eitt ár. Fimm nefndarmanna, GÍG, JJós, LJós, PO og ÞÞ, leggja til, að tillögugreinin verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa á þessu ári við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs þau hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru ekki þegar eign ríkisins.

Þrír nefndarmanna, HelgJ, JJ og SK, hafa óbundið atkvæði um breytingartillöguna.

Alþingi, 6. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Jónas Jónsson.	Sigurður Kristjánsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 768. Nefndarálit

um till. til þál. um, að ríkið kaupi húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur orðið ásátt um að mæla með, að tillagan verði samþykkt með því orðalagi, sem hér greinir.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa ríkinu til handa húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík, ef viðunanlegir samningar takast um verð og greiðsluskilmála.

LJós og ÞG voru ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. janúar 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Nd. 769. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt, enda er engin breyting fólgin í frv. frá gildandi lögum önnur en sú, að hestamannafélagið Léttir á Akureyri getur einnig orðið aðnjótandi leyfis til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, en það félag hefur látið gera skeiðvöll við Akureyri.

Alþingi, 6. jan. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen.
Jörundur Brynjólfsson.	Þóroddur Guðmundsson.	

Sþ. 770. Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknir á efni til bygginga og annarra verklegra framkvæmda.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar undirbúning þess, að hið fyrsta geti hér á landi farið fram fullnægjandi rannsóknir á efni, innlendu og erlendu, sem ætlað er til bygginga, vegagerða, hafnarmannvirkja og annarra slíkra verklegra framkvæmda. Við undirbúning málsins skal þess sérstaklega gætt, ef þurfa þykir, að nú þegar sé stuðlað að því, að hæfir menn afli sér menntunar til þessara starfa, og íhugað, hvort hentara muni, að slíkar rannsóknir séu gerðar í sérstakri stofnun eða í atvinnudeild háskólans.

Greinargerð.

Í byggingarnefnd Reykjavíkur hefur því fyrir alllöngu verið hreyft, að nauðsyn væri á fyrir einstaklinga og stjórnvöld að geta leitað til opinberrar stofn-

unar um rannsókn á gæðum og styrkleik byggingarefnis. Sérstök byggingarmálanefnd, sem kosin var í bæjarstjórn Reykjavíkur 1943, gerði og samþykkt í sömu átt. Leitaði bæjarráð þá umsagnar Verkfræðingafélags Íslands um þetta efni, og taldi það fulla þörf slíkrar rannsóknarstöðvar. Ályktanir í svipaða átt munu og hafa verið gerðar á byggingarmálaráðstefnu þeirri, sem haldin var hér á s. l. hausti. Og nú eigi alls fyrir löngu hafa birzt í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands greinar eftir tvo verkfræðinga um nauðsyn slíkra rannsókna á efnum, sem ætluð eru til ýmiss konar verklegra framkvæmda.

Ályktanir þessar og áhugi sá, sem fram hefur komið á málinu, er sízt að ófyrirsynju.

Óþarft er að eyða orðum að nauðsyn slíkra rannsókna. Kostnaður við verklegar framkvæmdir, ending þeirra og öryggi er að verulegu leyti komið undir efni því, sem til þeirra er notað. Um sumt er að vísu unnt að styðjast við erlendar rannsóknir, en engan veginn um allt. Innlent efni er hentara að rannsaka hér á landi en erlendis, og áhrif íslenzks veðurfars verða hvergi athuguð nema hér á landi. Er allt þetta svo augljóst, að ekki þarf um þetta að fjölyrða.

Kostnaður við slíkar rannsóknir verður sjálfsagt allmikill, einkum stofnkostnaður, en hann mundi vafalaust fást endurgreiddur bæði beint og óbeint, áður en langt um liði.

Samkvæmt tillögunni er ætlazt til, að stjórnin láti gera athuganir á, hverjar ráðstafanir þurfi að gera til að hefja þessar rannsóknir og koma þeim í varanlegt horf. Þegar slíkar athuganir hafa farið fram, mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu leita fjárveitingar hjá Alþingi til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar verða taldar, og eftir atvikum bera fram lagafrv. um málið. En áður en að því kemur, getur orðið þörf á að hlutast til um, að einhverjir menn afli sér fróðleiks um þessi efni, og er því treyst, að ríkisstjórnin sjái um það, án þess að frekari heimild komi til.

Ed. 771. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 75 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Þorkötlustaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 75 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnum jarðefni og þola þær eigna-

kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Grindavíkurhrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Grindavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorkötlustaðahverfis allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Þorkötlustaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík hafa á undanförnum árum verið gerðar nokkrar lendingarbætur. Hefur verið gerð þarna bátabryggja, sett upp vélvinda til setningar á bátum o. fl. Er nú í ráði að lengja þessa bryggju verulega, og er slíkt af kunnugum talin hin mesta nauðsyn. Þá eru og uppi ráðagerðir um frekari lendingarbætur í hverfinu. Samkvæmt áætlun vitamálastjóra kosta þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, um 150 þúsund krónur. Á fjárlögum fyrir árið 1945 hefur verið veitt nokkurt fé til þessara framkvæmda. Lög hafa hins vegar *engin verið sett um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi.* Virðist sjálfsagt, að úr því sé bætt nú, eftir að fé hefur verið veitt úr ríkissjóði til lendingarbóta í hverfinu og fyrirhugað er að halda því áfram, þar til ákveðnu verki er lokið, og er frumvarp þetta því fram borið.

Ed. 772. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.
   a) Á eftir orðinu „atvinnumálaráðuneytinu“ í 1. efnismálsgr. komi: til 5 ára í senn.
   b) 5. efnismálsgr. orðist svo: i- liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
   c) Næst kemur: Á eftir j-lið kemur nýr liður, sem verður k-liður, svo hljóðandi: sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.
   d) Í stað orðanna „i-lið þessarar greinar“ í lok síðustu málsgr. komi: þessari grein.
2. Við 10. gr. b-liður fellur niður, og greinin verður þannig 12. gr.
3. Við 11. gr. Greinin verður 10. gr.
4. Við 12. gr. Greinin verður 11. gr.

Sþ. 773. Nefndarálit

um till. til þál. um nefndarskipun til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

IngJ, JS og PZ voru ekki á fundi, þegar ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 8. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 774. Frumvarp til laga

um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálnaregistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Auk þess skulu sóknarnefndarformenn í hverri sókn færa slíkar bækur, að því er til sóknarinnar tekur, og geyma þeirra. Heimilt er sóknarnefnd að fela öðrum, er hún telur sérstaklega vel til þess hæfan, að rita bækurnar. Bækur þessar skal rita greinilega og án nokkurrar undanfellingar. Skylt er sóknarpresti að láta sóknarnefndarformanni eða kirkjubókarritara í té alla nauðsynlega vitneskju við færslu framangreindra bóka. Þeir skulu bera bækurnar vandlega saman að minnsta kosti einu sinni á ári, í janúarmánuði ár hvert, en aldrei mega þær vera eina nótt undir sama þaki báðar. Ákvæði þessarar greinar um manntalsbækur taka þó ekki til þeirra kaupstaða, þar sem öðrum en prestum er með lögum falið að skrá manntal.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal hlutast til um, að ávallt sé kostur á hentugum kirkju- og manntalsbókum úr vönduðum pappír og í því formi, er tíðkazt hefur eða hún ákveður síðar. Bækurnar séu gegnþræddar, innsiglaðar og löggiltar af biskupi. Hlutaðeigandi prófastur skal hafa eftirlit með því á yfirreiðum sínum, að þær séu vel og samvizkusamlega færðar, og annast um, að misfellum í því efni verði kippt í lag. Andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Kirkjubækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveizlu, áður en 50 ár eru liðin frá löggildingu þeirra, og má aldrei halda þeim lengur en 15 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

Kirkju- og manntalsbækur sókna skulu afhentar hlutaðeigandi héraðs- eða kaupstaðarbókasafni til eignar og geymslu, þegar þær eru fullskrifaðar. Nú er ekki til héraðsbókasafn, og skal þá afhenda bækurnar hlutaðeigandi prófasti, sem kemur þeim í örugga geymslu innan héraðs.

Forstöðumanni héraðs- eða kaupstaðarbókasafns er heimilt að gefa fæðingarvottorð og önnur vottorð samkvæmt kirkjubókum safnsins þeim, er þess óska, og gegn sama gjaldi og greitt er til þjóðskjalasafnsins fyrir slík vottorð.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kirkju- og manntalsbækur færðar samkvæmt þeim frá 1. janúar 1945.

Ed. 775. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 70. gr. laganna bætist:

5. Nú hefur samkomulag náðst um bætur, og skal þá jarðareiganda skylt að leita um það samþykkis sveitarstjórnar þess sveitarfélags, sem jörðin tilheyrir, svo og ráðherra þess, er fer með vatnamál. Neiti annar hvor þessara aðila að staðfesta samkomulagið, skal mat fara fram.
6. Nú verða landspjöll af völdum miðlunarvirkis, og skal þá þriggja manna nefnd hafa á hendi varðveizlu bótafjárins og eftirlit með því, að fénu sé varið lögum samkvæmt. Nefndin skal skipuð þannig: einn skal tilnefndur af þeim landeigendum, sem fyrir landspjöllunum hafa orðið, annar af hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum, ef svo hagar til, að landspjöll frá sama vatnsvirki ná til jarða í fleiri hreppum, en þriðja manninn tilnefnir Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ef landeigendum eða hreppsnefndum kemur ekki saman um tilnefningu manns í nefndina, skal ráðherra skipa hann. Nefndin hefur reikningshald geymslufjárins og starfar undir yfirumsjón Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins, sem endurskoðar reikninga nefndarinnar.
7. Bótum, sem greiddar eru vegna landspjalla af völdum miðlunarvirkja, má aðeins verja til umbóta á þeim jörðum, er fyrir skemmdum hafa orðið. Bætur þessar skulu afhentar sem geymslufé áður greindri nefnd, er ávaxtar það á tryggum stað og greiðir það eigendum þess eftir því, sem umbótum á jörðinni miðar áfram. Hver jörð heldur séreign sinni í geymslufénu, og fylgir það jörðinni, sé hún seld eða henni ráðstafað á annan hátt. Þessi ákvæði taka þó ekki til þeirra jarða, er vegna landspjalla eða af öðrum ástæðum eru taldar lítt byggilegar eða óbyggilegar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þegar svo hagar til, er jarðareiganda heimilt að verja bótafé sínu til þess að koma upp nýbýli á hentugum stað innan sama sveitarfélags eða til umbóta á eldra býli í sama sveitarfélagi, allt í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nefnd þá, er áður greinir.
8. Nú fær jarðareigandi, sem verður að flytja af ábýlisjörð sinni af framan greindum ástæðum, ekki jarðnæði eða treystist ekki til að halda áfram búrekstri í

sama sveitarfélagi, og á hann þá kröfu á, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni ásamt geymslufé hennar, með þeim skyldum, er því fylgja, fyrir það matsverð, sem bæturnar voru miðaðar við.

9. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 5.—8. málsgr. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bóta vegna virkjana, sem þegar eru hafnar.

Sþ. 776. Tillaga til þingsályktunar

um atvinnurétt íslenzkra manna, sem stundað hafa nám í Ameríku.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, sem miði að því að tryggja til fullnustu, að Íslendingar, sem stundað hafa nám í Ameríku í bóklegum fræðum eða iðngreinum, fái full starfsréttindi hér á landi.

Greinargerð.

Síðan heimsstyrjöldin hófst 1939, hefur námsmannastraumur frá Íslandi, sem áður beindist til meginlands Norðurálfu, stefnt vestur um haf til Ameríku. Skipta nú hundruðum þeir ungu Íslendingar, sem nema margháttaðar fræðigreinar víðs vegar í Norður-Ameríku, bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Vandamenn þessa námsfólks eyða stórfé árlega til að kosta námsdvöl þessara ungmenna, og er dýrtíðin orðin svo mikil vestur þar, að sumir nemendur verða að halda spart á til þess að komast af með 20 þús. kr. árlega. Ríkissjóður hefur varið miklu fé til styrktar þessu fólki, og er fjárveiting í þessu skyni hækkuð til muna í fjárlögum yfirstandandi árs.

Það kom mjög óvænt námsfólki vestan hafs, vandamönnum þess hér á landi og þingmönnum, sem staðið hafa að því að skipta ríkisstyrk milli námsfólks í Ameríku, þegar það vitnaðist, að nokkur stéttarfélög hér á landi væru mjög hikandi í því að leyfa þessu námsfólki að stunda hér á landi þau störf, sem það hefur búið sig undir vestan hafs. Virðist hér vera um óþarfa meinbægni að ræða, og má telja eðlilegt, að ríkisstjórnin undirbúi heppilega löggjöf um þetta efni. Ef ekkert verður að gert í þessu efni, geta hlotizt af því ýmiss konar vandkvæði, og skulu nefnd nokkur þau helztu:

1. Að námsmenn þessir setjist að vestan hafs og noti þar kunnáttu sína og starfsorku.
2. Að skortur verði hér á landi á hæfum starfsmönnum í mörgum greinum, ef nokkrir árgangar heltast úr lestinni við störf hér á landi.
3. Foreldrar og vandamenn, sem eytt hafa stórfé og oft tekið lán til framdráttar börnum sínum og skjólstæðingum, sem stundað hafa nám í Ameríku, þykjast prettaðir af því þjóðfélagi, sem ýtt hefur ungmennunum út á þessa námsbraut og synjar þeim síðan um atvinnu, þegar náminu er lokið.
4. Mótstaða íslenzku stéttarfélaganna byggist á því, að kunnátta sú, sem námsfólk frá Íslandi hefur aflað sér vestan hafs, sé ófullkomnari en sú þekking, sem eldri kynslóðin hér á landi hefur öðlazt með skólagöngu sinni. Þessi röksemd er ekki alveg hættulaus fyrir álit landsins, þar sem vitað er, að Bandaríkjamenn standa fremstir allra þjóða í flestallri nútímatækni. Mótstaða Ís-

lendinga gegn því að viðurkenna hæfni manna, sem lært hafa í Bandaríkjunum, hlýtur að byggjast á því, að við Íslendingar stöndum til muna framar Ameríkumönnum í nútímatækni. Þar sem það verður að teljast vafasamt, að við Íslendingar græðum á slíkum samanburði, mun heppilegast fyrir stéttarfélögin og stjórnarvöld landsins að gæta hófs í þeim efnum.

Nd. 777. Breytingartillögur

við frv. til l. um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við Faxaflóa, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip í flóanum og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 3. gr. (sem verður 2. gr.). Fyrri málsl. orðist svo:
   Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.
4. Við 4. gr. Greinin falli burt.
5. Við 5. gr. (sem verður 3. gr.).
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða o. s. frv.
   b. Aftan við greinina bætist: Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.
6. Við 6. gr. Greinin verði 4. gr.

Ed. 778. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 692 [Launalög].

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 83. lið. Aftan við orðin „1. apríl 1945“ bætist: og gilda til ársloka 1947.

Ed. 779. Frumvarp til laga

um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

2. gr.

Aftan við 5. málsgr. 14. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

3. gr.

Aftan við 17. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna.

4. gr.

Á eftir 17. gr. komi ný gr., er verður 18. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Bætur, sem sjóðfélagi, eftirlifandi maki hans eða börn fá greiddar samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð frá ráðherra:

„Frumvarp þetta er samið af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í samráði við fjármálaráðherra.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. og 2. gr.

Takmörkun þá á réttindum lífeyrisþega, sem felst í ákvæðum þessara greina, er nauðsynlegt að gera sökum þess, hve laun, sem greidd eru samkvæmt vísitölu, geta breytzt mikið á skömmum tíma. Án þessarar takmörkunar gæti til dæmis farið svo, ef mikil lækkun yrði á þeirri vísitölu, sem laun eru greidd eftir, að eftirlaun, sem miðast við meðallaun 10 ára með hárri vísitölu, yrðu jafnhá eða hærri en launin eru á sama tíma í því embætti, sem lífeyrisþeginn lét af.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að skapa sem mest jafnrétti milli þeirra, sem keypt höfðu sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 1921, og hinna, sem höfðu ekki rétt til að kaupa sér lífeyri samkvæmt þeim lögum, en urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944. Nauðsynlegt þótti þó að takmarka iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga fyrir liðinn starfstíma við 10 ár, til þess að þeim verði síður um megn að inna greiðslurnar af hendi. Allmikið mun vanta á, að iðgjöld þau, sem þannig fást, hrökkvi fyrir þeim auknu útgjöldum, sem á sjóðinn falla vegna ákvæða þessarar greinar, og er óhjákvæmilegt, að mismunurinn verði greiddur úr ríkissjóði. Þess ber að gæta, að ef þessi ráðstöfun væri ekki gerð, mundi verða áframhald á því að leita til Alþingis um eftirlaun og uppbætur á eftirlaun frá því fólki, sem hér á hlut að máli. Ef að vana lætur, mundi mikið af því fljóta inn á 18. gr. fjárlaganna, og er óvíst, að það yrði ódýrara.

Um 4. gr.

Nokkrir af þeim mönnum, sem eru tryggingarskyldir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eru jafnframt slysatryggðir samkvæmt lögum um alþýðutrygg-

ingar. Iðgjöld fyrir þá tryggingu greiða atvinnurekendur. Þeir sjóðfélagar, sem hér eiga hlut að máli, mundu því njóta tvöfaldrar tryggingar án þess að greiða meira en aðrir, ef frádráttur sá, sem greinin fjallar um, væri ekki leyfður. Trygging sú, sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir, er auk þess svo há, að ekki virðist ástæða til að bæta þar við annarri tryggingu ókeypis.

Rétt er að taka það fram, að þeir hópar starfsmanna, sem slysatryggðir eru samkvæmt alþýðutryggingalögunum, hafa meiri slysahættu en aðrir sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og er því rétt, að endurgreiðslan gangi til hans."

Nd. 780. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um undirbúning löggjafar um reka og rekarétt.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um reka og rekarétt?

Nd. 781. Frumvarp til laga

um róðrartíma fiskibáta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við Faxaflóa, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip í flóanum og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.

2. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 782. Tillaga til þingsályktunar

um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknisins við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Lúðvík Jósefsson, Kristinn E. Andrésson, Gunnar Thoroddsen, Skúli Guðmundsson, Sigfús Sigurhjartarson, Bjarni Benediktsson, Guðm. Í. Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Ásgeirsson, Ásgeir Ásgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga laun yfirlæknis heimilisins, og skulu þau vera hliðstæð launum yfirlæknanna við heilsuhæli ríkisins.

Greinargerð.

Frá stjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga hefur Alþingi borizt eftirfarandi erindi:

„Samband íslenzkra berklasjúklinga leyfir sér hér með að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það ákveði, að hið opinbera greiði laun yfirlæknis vinnuheimilis S. Í. B. S. og verði þau jöfn launum yfirlæknanna á heilsuhælum ríkisins.

Vinnuheimili S. Í. B. S. að Reykjum í Mosfellssveit getur tekið til starfa, þegar er læknir hefur verið ráðinn og reglugerð stofnunarinnar samþykkt, og hefur þá rúm fyrir 20 vistmenn. Þegar öll 10 húsin, sem nú eru í smíðum, eru fullgerð, sem mun verða innan þriggja mánaða, þá verða til rúm fyrir 40 vistmenn. Miðstjórn S. Í. B. S. hefur ákveðið að hefja byggingu aðalhúss stofnunarinnar á komandi vori. Þegar það er fullgert, skapast þar enn rúm fyrir 40 vistmenn. Eins og sést af meðfylgjandi reglugerð fyrir vinnuheimilið, er tilgangur þess að taka við til áframhaldandi læknismeðferðar, vinnuþjálfunar og náms berklasjúklingum nýútskrifuðum af heilsuhælum, sjúklingum höldnum langvinnri berklaveiki og öðrum berklaöryrkjum.

Fólk það, sem hér um ræðir, er ófært um að sjá sér farborða af eigin rammleik, enda ber hið opinbera að mestu kostnaðinn af framfærslu þess. Margt af þessu fólki verður nú að dveljast á heilsuhælunum, enda þótt því sé ekki þörf heilsuhælisvistar, og dvelur þar, án þess að unnt sé að hagnýta það takmarkaða vinnuþol, sem það hefur. Auk þess er alkunn þörfin fyrir rúmin á heilsuhælunum, sem losna, ef þetta fólk fær aðstöðu til að flytjast þaðan. Sú staðreynd, að 30—40% af þeim berklasjúklingum, sem brautskráðir eru af heilsuhælunum, veikjast á ný, er næg sönnun þess, að full þörf er fyrir, að þetta fólk njóti áframhaldandi lækniseftirlits, eftir að það kemur af heilsuhælunum, ekki sízt hvað snertir vinnu og aðbúð. Að hér er um verulegan hóp fólks að ræða, má sjá af því, að um 60 af þeim sjúklingum, sem komu á Vífilsstaðahælið árið 1944, höfðu áður dvalizt á heilsuhæli.

Af framansögðu er augljóst, að bygging slíkrar stofnunar, sem hér um ræðir, er þjóðarnauðsyn, enda samþykkt og viðurkennt af heilbrigðisstjórn, landlækni og berklayfirlækni.

Samtök vor gera sér það ljóst, að rekstur vinnuheimilisins er tilraun, sem ekki má mistakast, og með því að takast það sjálf á hendur eru samtökin að leysa af hendi vandamikið starf, sem hið opinbera mundi að öðrum kosti ekki komast hjá að gera.

Vér teljum því óhjákvæmilegt, að sá maður, sem vér felum yfirstjórn heimilisins, taki við því starfi þegar í upphafi rekstrarins.

Miðstjórn S. Í. B. S. hefur einróma samþykkt að ráða í starf þetta Odd Ólafsson, lækni á Vífilsstöðum, enda er hann eini starfandi læknirinn hér á landi, sem hefur kynnt sér starfrækslu hliðstæðra stofnana erlendis.

Þar sem vér sjáum fram á fjárhagslega örðugleika við rekstur heimilisins og þar sem berklavarnalögin kveða svo á, að berklasjúklingar skuli njóta ókeypis læknishjálpar, þá væri oss það mikils virði, ef hið opinbera styrkti þessa merku tilraun vora með því að launa yfirlækni stofnunarinnar.

Vér viljum taka það fram, að í desember síðastliðnum skrifuðum vér heilbrigðisstjórninni bréf um sama efni, en álit heilbrigðismálaráðherra og landlæknis var það, að ekki væri rétt að gera slíka ráðstöfun, að minnsta kosti ekki, fyrr en heimilið hefði starfað nokkurn tíma. Hins vegar teljum vér nauðsynlegt, að fastur læknir sé ráðinn frá byrjun af neðangreindum ástæðum:

1) Daglegt eftirlit með heilsu, vinnu og aðbúð vistmanna.
2) Daglegt eftirlit með því, að hegðunarreglum heimilisins sé fylgt, ekki sízt meðan stofnunin er á tilraunastigi.
3) Að tryggt verði, svo sem unnt er, að nágrenni staðarins geti ekki stafað smithætta af vistmönnum, einkum þar sem vart hefur orðið mjög ákveðins ótta íbúa Mosfellssveitar í þessa átt.

Með bréfi þessu fylgir afrit af reglugerð fyrir vinnuheimili S. Í. B. S., en hún liggur nú í Stjórnarráðinu til staðfestingar.

Reykjavík, 6. jan. 1945.

Virðingarfyllst,

f. h. S. Í. B. S.

Marius Helgason, varaforseti.	Ólafur Björnsson, gjaldk.	Árni Einarsson, ritari.

Til Alþingis, Reykjavík."

Sþ. 783. Þingsályktun

um framkvæmd póstmála.

(Afgreidd frá Sþ. 9. jan.)

Samhljóða þskj. 729.

Ed. 784. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Aftan við a-lið í ákvæðum til bráðabirgða komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama tímabili er atvinnumálaráðherra heimilt að veita þeim, sem lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi, siglt hafa sem skipstjórar eða stýrimenn á skipi 30 rúml. eða stærra í fimm ár og eru ekki yngri en 40 ára, réttindi til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum allt að 150 rúml. að stærð.

Nd. 785. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og 52 30. júní 1942.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.

Alþingi, 9. jan. 1945.

Sigurður E. Hlíðar, form. Gunnar Thoroddsen, frsm. Sig. Thoroddsen, fundaskr.
Páll Zóphóníasson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 786. Nefndarálit

um frv. til l. um manneldisráð.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur farið yfir frumvarpið og rætt efni þess við landlækni og getur að lokinni athugun mælt með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. jan. 1945.

Sigurður E. Hlíðar, form. Páll Zóphóníasson, frsm. Sig. Thoroddsen, fundaskr.
Stefán Jóh. Stefánsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 787. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110 1943, um olíugeyma o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. jan. 1945.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Sig. Kristjánsson.
Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 788. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa á þessu ári við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs þau hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru ekki þegar eign ríkisins.

Nd. 789. Lög

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 9. jan.)

Samhljóða þskj. 752.

Sþ. 790. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500000 króna innlent lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Greinargerð.

Raforkuveita Reyðarfjarðarhrepps er nú orðin alveg ófullnægjandi. Verður ekki hjá því komizt að ráðast í stækkun hennar svo fljótt sem frekast er unnt. Hreppurinn hefur undanfarið lagt kapp á að borga stofnkostnaðarskuldir rafveitunnar og hefur því ekki yfir handbæru fé að ráða til þess að leggja í framkvæmd þessa. Hins vegar mundi raforkuveitan öll standa til tryggingar því láni, sem gert er ráð fyrir, að ríkið ábyrgðist samkvæmt þingsályktun þessari.

Nánar í framsögu.

Ed. 791. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942.

(Afgreidd frá Ed. 9. jan.)

Samhljóða þskj. 570.

Ed. 792. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Hrísey.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Hrísey veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 376000 — þrjú hundruð sjötíu og sex þúsund — krónur, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Hríseyjarhrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 564000 — fimm hundruð sextíu og fjögra þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Hríseyjarhrepps kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Hríseyjarhrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hríseyjarhrepps.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—2000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Hríseyjarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins, til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. 793. Nefndarálit

um frv. til l. um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (MJ) mætti ekki á fundinum og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 794. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson, Páll Zóphóníasson.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita hestamannafélögum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og sjómannadagsráðum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappróður með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af starfsemi þessari skuli varið til reiðvega og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðanna, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

Ed. 795. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nm. (MJ) var fjarstaddur.

Alþingi, 10. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 796. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (MJ) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 797. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi hafnarlög fyrir Ólafsvík og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (MJ) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 10. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 798. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (MJ) var ekki mættur á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 10. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form. Ingvar Pálmason, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 799. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt, fötluð, fávita og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum.
6. Heilsu- og vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.
8. Fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi varðandi uppeldismál.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkv. því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað landsins. Utan kaupstaða vinnur skólanefnd störf barnaverndarnefndar og hefur að því leyti réttindi hennar og skyldur. Þó getur hreppsnefnd eða barnaverndarráð ákveðið, að sérstök barnaverndarnefnd skuli kosin.

5. gr.

Barnaverndarnefnd (skólanefnd) hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna til 16 ára aldurs, svo og eldri ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Ef kjósa skal barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.), skal hún skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd. Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um. Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í bæjarstjórn. Kjósa skal með sama hætti varamenn í barnaverndarnefnd.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórn (bæjarráð) ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr bæjarsjóði.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar ár hvert.

10. gr.

Í Reykjavík skal bæjarráð að fengnum tillögum barnaverndarnefndar ráða fulltrúa, er annast skal dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar. Skal hann vera kunnáttumaður um uppeldismál.

Barnaverndarnefnd ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum fulltrúa og að fenginni heimild bæjarráðs.

Barnaverndarnefnd utan Reykjavíkur er heimilt með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar að ráða sér fulltrúa og annað starfsfólk.

11. gr.

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI
Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr ríkissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI
Um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfa hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

15. gr.

Ef lögfræðingur á ekki sæti í barnaverndarnefnd, er héraðsdómara skylt að veita henni lögfræðilega aðstoð, eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans.

16. gr.

Barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa barnaverndarnefndar, starfsmönnum og öðrum, er barnaverndarnefnd kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

17. gr.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna og ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náið samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 49. gr.

19. gr.

Skylt er löggæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn innan 16 ára eru viðriðin, ber lögæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þessa, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Jafnan skal leita, ef þess er kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en framkvæmdar eru meiri háttar ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú stafar heilsu barns eða ungmennis hætta af sjúkdómi, er aðrir heimilismenn tafa tekið, eða það er sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun og læknishjálp, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegs eða andlegs heilsuleysis, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verið komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum foreldravaldið. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 50. gr.

28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrota, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar þeirrar, er í hlut á.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Jafnframt ákvæðum þessarar greinar skulu haldast ákvæði refsilaga um ráðstöfun vegna lögbrota barna yngri en 15 ára.

Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni, sbr. 31. gr., til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún að jafnaði tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að láta fyrr greina barnaverndarnefnd fylgjast með högum þess.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 14 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfa eða náms, er bezt svarar til hæfi þess og því má að gagni koma. Kostnað af þessu má leggja á foreldra eða framfærslumenn, séu þeir aflögufærir, en ella leitar barnaverndarnefnd aðstoðar hreppsnefndar eða framfærslunefndar.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt skulu gilda áfram ákvæði 30. gr. laga nr. 19 1940.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

32. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar barnaverndarnefndar.

33. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka.

34. gr.

Ef barnaverndarnefnd kemst að raun um, að þeir, sem hafa á vegum sínum fósturbarn eða tökubarn, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, þá er henni auk annarra ráðstafana, er lög leyfa, heimilt að leggja bann við, að þeir taki vandalaus börn framvegis.

35. gr.

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Í Reykjavík skal barnaverndarnefnd á kostnað bæjarsjóðs séð fyrir athugunarstöð í þessu skyni. Þar skal þess kostur að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Barnaverndarnefnd semur reglur um starfsháttu þessarar stöðvar, er barnaverndarráð og bæjarráð samþykkja.

37. gr.

Ríkið rekur hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. gr. getur, fer skv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal þá valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 37. gr. þessara laga.

39. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Ekki má ráða barn yngra en 14 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Sama gildir um ráðningu barns til vinnu á skipi. Til iðnaðarnáms má ekki ráða barn yngra en 16 ára. Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, vinnutíma, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir: vernd sendisveina í starfa, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal veita atbeina sinn til þess, að almenn heilsuvernd barna og ungmenna í umdæmi hennar sé rækt sem bezt. Sérstaklega skal hún gefa gaum skólaeftirliti og annarri lögskipaðri heilsuverndarstarfsemi meðal barna og ungmenna, styðja lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn í þeim starfa og stuðla að því, að farið sé eftir réttmætum ráðleggingum þeirra og fyrirskipunum.

41. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði, er banna í umdæmi barnaverndarnefndar sölu á tóbaki til barna yngri en 16 ára, banna að setja sælgætisverzlanir og tóbaks á stofn í námunda við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna sölu sælgætis á veitingastöðum, sem börnum telst óhollt að sækja, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum.

Rétt er í reglugerð að banna leikföng, sem hættuleg eru börnum að dómi barnaverndarnefndar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sektum.

42. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á hverja mynd, og gildir hann um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni (barnaverndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum er settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

44. gr.

Barnaverndarnefnd stuðlar að fræðslu um meðferð og uppeldi barna, svo sem með því að láta flytja erindi fyrir almenningi um slík efni og veita leiðbeiningar þeim, sem þess æskja.

45. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er að takmarka í reglugerð útivistir barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum knattborðsstofum og öðrum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 39. gr.

46. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

47. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á hættulega siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

48. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, þá varðar það refsingu samkv. 191 gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 64., 65. og 68. gr. sömu laga.

49. gr.

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, skal skyldur að kynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Refsimál skal því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd sú, er hlut á að máli, eða barnaverndarráð krefjist þess.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert þið tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

50. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heimsækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingar varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að víkja brott af heimili samkv. 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 64. og 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn

eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögunum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. KAFLI
Um störf og starfshættu barnaverndarráðs.

51. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

52. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

53. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

54. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun þeirrar rannsóknar, eftir því sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

55. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs beitt dagsektum, 5—20 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyirskipuðum skýrslum.

56. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirlit og veita eftirlitsmanni eða lækni, sbr. 57. gr., færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 50. gr., 3. mgr.

57. gr.

Barnaverndarráð getur skipað barnahæli eða uppeldisstofnun sérstakan heimilislækni og greiðir honum þóknun. Barnaverndarráð getur krafið hann skýrslna og læknisumsagnar um atriði þau, er um getur í 56. gr.

58. gr.

Aðili, er ráðstöfun barnaverndarnefndar varðar hagsmuni hans, getur borið málið undir barnaverndarráð, og er því skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarnefndar.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

59. gr.

Mál samkvæmt 47., 48. og 49. gr. þessara laga skulu rekin að hætti opinberra mála.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, lög nr. 76 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., og önnur þau lög, er fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Í ársbyrjun 1943 flutti þáverandi ríkisstjórn frv. um vernd barna og ungmenna. (Alþt. 1942—3. A, bls. 330—345). Var það samið af þriggja manna nefnd, er ráðherra hafði til þess kvatt. Frv. var vísað til allshn. Nd., sem tók málið til mjög ýtarlegrar athugunar, aflaði umsagna fróðustu manna og flutti margar brtt. við það, sem allar voru samþ. (Nál. bls. 703—706). Gekk málið svo breytt til Ed., var vísað til nefndar, en dagaði þar uppi.

Á haustþinginu 1943 tók heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. málið til athugunar og umræðna og ræddi það m. a. við dómendur ungmennadóms, barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þá hefur málið verið rætt við fyrrverandi dómsmálaráðherra, Einar Arnórsson.

Flytur heilbrigðis- og félagsmálanefnd nú frv. að nýju, eins og Nd. gekk frá því á sínum tíma (Alþt. 1942—3. A, bls. 724—735), að öðru leyti en því, að úr frv. eru felld ákvæðin um ungmennadóm, enda er hann raunverulega lagður niður og hefur ekki starfað síðan haustið 1943. Auk þess eru nokkrar breytingar aðrar, flestar eftir tillögu fyrrv. dómsmrh. Eru fæstar þeirra verulegar efnisbreytingar.

Nd. 800. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess án breytinga.

Alþingi, 9. jan. 1945.

Sigurður E. Hlíðar, form. Sigurður Thoroddsen, fundaskr., frsm. Gunnar Thoroddsen.

Stefán Jóh. Stefánsson. Páll Zóphóníasson.

Nd. 801. Breytingartillögur

við frv. til l. um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 6. gr. Á eftir orðinu „flugvalla“ í fyrri mgr. komi: og lendingarstaða.
2. Við 7. gr. Á eftir fyrri mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum.

Ed. 802. Lög

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 10. jan.)

Samhljóða þskj. 587.

Nd. 803. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða o. s. frv.

Frá Jakob Möller.

Á eftir 2. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. skv. því):

a. (3. gr.) Annar efnismálsliður 5. gr. laganna orðist svo:
   3. *Álafosshérað:* Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem lagður var til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur með lögum nr. 52 1943, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.

b. (4. gr.) Fyrsti efnismálsliður 6. gr. laganna orðist svo:
   Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:
   Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur að undanskildum þeim svæðum, sem lögð eru til Álafosshéraðs.

Nd. 804. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:
Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgrein 8. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.

Nd. 805. Nefndarálit

um frv. til l. um framboð og kjör forseta Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Stjórnarskrárnefnd hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess. Hins vegar telur hún frv. þurfa nokkurra breytinga við og ber því fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað „forseta“ komi: forseta Íslands.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði fjórða hvert ár. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.
3. Við 5. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Á kjörseðla skal prenta skýru letri nöfn forsetaefna í stafrófsröð.
4. Við 6. gr. Í stað „öllu leyti“ komi: öðru leyti.
5. Við 11. gr.
   a. Á eftir orðunum „boðar hann forsetaefni“ komi: eða umboðsmenn þeirra.
   b. Aftan við 11. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá hæstiréttur úr.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættisins, og er hann þá rétt kjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum. Gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðsfresti.
7. Við 14. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Kærur um ólögmæti forsetakjörs, aðrar en refsikærur, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en 5 dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.
8. Á eftir 14. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 9. jan. 1945.

Eysteinn Jónsson, form.	Gunnar Thoroddsen, frsm.	Einar Olgeirsson, fundaskr.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Gísli Sveinsson.	Sveinbjörn Högnason.

Ed. 806. Frumvarp til laga

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita hestamannafélögum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og sjómannadagsráðum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappróður með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af starfsemi þessari skuli varið til reiðvega og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðanna, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 109 9. okt. 1941.

Nd. 807. Lög

um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

(Afgreidd frá Nd. 10. jan.)

Samhljóða þskj. 774.

Nd. 808. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

28. gr

Hreppsnefndum og bæjarstjórnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun, að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.

c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.

29. gr.

a. Kaupgreiðendur ábyrgjast eftir kröfu sveitarstjórnar, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar er kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, nema sveitarstjórnin samþykki annað.

b. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

c. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

d. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur ábyrgist greiðslu á eldri útsvarsskuldum kaupþega ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

e. Til lúkningar greiðslum samkv. d-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅕ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimilli að sjá, en ella ⅓.

f. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.

Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

g. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

h. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu sam-

kvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupi samkvæmt d- og e-lið, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

i. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda og skila fé því, sem innheimt hefur verið, ásamt innheimtuskjölum.

j. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

k. Ef kaupgreiðandi
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í h- og i-lið,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í i-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.

   Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

l. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

m. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. f- og g-lið, þó ekki með almennri auglýsingu.

3. gr.

2. mgr. 29. gr. (er verður 32. gr.) orðist svo:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 809. Tillaga til þingsályktunar

um símamál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela póst- og símamálastjórninni að rannsaka möguleika á því að útvega efni til símalagninga og talstöðva, er nægi til þess að koma öllum sveitaheimilum landsins í talsamband á næstu árum. Jafnframt séu gerðar áætlanir um kostnað við þessar framkvæmdir.

Rannsóknum þessum verði hraðað, svo sem unnt er, og niðurstöður þeirra lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að 25 af hverjum 100 sveitabýlum landsins hafi nú símaafnot. Enn er því þörf mikilla framkvæmda í símamálum til þess að koma þeim í viðunandi horf, en þá fyrst má telja, að svo sé, þegar öll sveitaheimili hafa síma eða talstöðvar.

Hér er lagt til, að póst- og símamálastjórninni verði falið að athuga möguleika til útvegunar efnis í símalínur og talstöðvar, er nægi til að ljúka þessum framkvæmdum á skömmum tíma, og gera áætlun um kostnað við framkvæmdirnar. Athuganir þessar og áætlanir verði miðaðar við það, að sími verði lagður á alla sveitabæi, e. t. v. að undanskildum einstökum býlum, sem eru svo afskekkt, að sérstaklega erfitt er að leggja þangað símalínur, en í þess stað verði þá settar upp talstöðvar á þessum afskekktu stöðum.

Ed. 810. Lög

um róðrartíma fiskibáta.

(Afgreidd frá Ed. 10. jan.)

Samhljóða þskj. 781.

Nd. 811. Breytingartillaga

við frv. til laga um skipakaup ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Niðurlag greinarinnar, á eftir orðunum „fiskiskip erlendis“, orðist svo: enda hafi hún kaupendur að skipunum fyrir kostnaðarverð.

Ed. 812. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nm. (GÍG) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 11. jan. 1945.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.
Lárus Jóhannesson.

Ed. 813. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

(Afgreidd frá Ed. 11. jan.)

Samhljóða þskj. 756.

Sþ. 814. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Ólafsvíkurhrepp.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 130 þúsund króna lán til rafveitukerfis í Ólafsvík, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar.

Alþingi, 11. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form. Sig. Kristjánsson, frsm. Helgi Jónasson, fundaskr.
Þorst. Þorsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson. Jónas Jónsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 815. Frumvarp til laga

um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Flugvellir skulu flokkaðir í 4 flokka eftir stærð þeirra, gerð og búnaði til notkunar og rekstrar.

Fullnægja skulu þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. **flokkur.** Rennibrautir skulu vera ekki færri en 3, gerðar úr steinsteypu, malbiki eða með öðru varanlegu slitlagi. Skulu þær fullnægja aðalvindáttum.

Lengd brauta og breidd skal nægileg fyrir stórar millilandaflugvélar. Skulu þar vera byggingar þær, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt telst til þess að fullnægja millilandaflugi.

2. **flokkur.** Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægja til innanlandsflugs. Skulu þar vera byggingar, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt þykir til þess að fullnægja innanlandsflugi með flugvélum af allt að 15000 kg þyngd.

3. **flokkur.** Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægileg fyrir meðalþungar flugvélar, allt að 5000 kg þyngd. Við völlinn skulu vera nauðsynlegustu tæki og búnaður fyrir snögga viðkomu slíkra flugvéla.

4. **flokkur.** Rennibrautir skulu vera 2, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 braut muni nægja eða verða of kostnaðarsamt að gera 2 brautir. Rennibrautir skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd brauta og breidd skal ætluð aðeins fyrir léttar flugvélar, allt að 3000 kg þyngd, eftir því sem fært þykir kostnaðar vegna. Rennibrautir skulu merktar, og þar skal vera aðgangur að síma, svo og smáskáli fyrir farþega, en yfirleitt ekki annar búnaður.

2. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

a. Í 1. flokki:
   1. Í Reykjavík.
   2. Á Reykjanesi.

b. Í 2. flokki:
   1. Í Eyjafirði.
   2. Hjá Egilsstöðum á Völlum.
   3. Á Melatanga í Hornafirði.

c. Í 3. flokki:
   1. Í Borgarfirði.
   2. Hjá Söndum í Miðfirði.
   3. Hjá Blönduósi.
   4. Hjá Sauðárkróki.
   5. Í Vestmannaeyjum.
   6. Nálægt Siglufirði.
   7. Hjá Húsavík
   8. Hjá Kópaskeri.

d. Í 4. flokki:
   1. Á Akranesi.
   2. Á Snæfellsnesi.
   3. Á Kambsnesi við Búðardal í Dalasýslu.

4. Í Austur-Barðastrandarsýslu.
5. Í Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Í Önundarfirði.
7. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
8. Hjá Hólmavík.
9. Hjá Raufarhöfn.
10. Hjá Þórshöfn.
11. Í Vopnafirði.
12. Í Borgarfirði eystra.
13. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
14. Í Neskaupstað.
15. Hjá Djúpavogi.
16. Í Breiðdalsvík.
17. Í Suðursveit.
18. Hjá Fagurhólsmýri.
19. Á Síðu.
20. Við Mýrdalssand að austan.
21. Í Mýrdal.
22. Á Skógasandi.
23. Í Landeyjum.
24. Á Rangárvöllum.
25. Í Árnessýslu (efra og neðra).

3. gr.

Flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar skulu vera:
a. Í Reykjavík.
b. Í Ísafjarðarkaupstað.
c. Á Akureyri.
d. Á Austfjörðum.
e. Á Vestfjörðum.

4. gr.

Til öryggis flugsamgöngum skulu vera þráðlausar talstöðvar á 1. og 2. flokks flugvöllum, svo og annars staðar, er nauðsyn krefur.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera samninga við einstaka landeigendur til þess að tryggja lendingarstaði fyrir smáflugvélar á landi, sem til þess henta, án þess að gerðar verði rennibrautir.

6. gr.

Kostnaður við gerð, rekstur og viðhald þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, tækjum og búnaði, greiðist úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til í fjárlögum.

Áður en fé er veitt til nefndra framkvæmda, skal hafa farið fram nákvæm rannsókn og liggja fyrir kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skal setja á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þykir, og fellur þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist flugmálastjóri. Þar til þessi skipan verður gerð, hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stjórn þeirra mála, sem greinir í lögum þessum, og er vegamálastjóri og flugmálaráðunautur ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum.

Kostnaður við stjórn flugmála og rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, er í lögum þessum getur, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Landeigenda er skylt, gegn hæfilegu endurgjaldi, að láta af hendi jarðefni til nauðsynlegra mannvirkja vegna loftferða.

9. gr.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms á landi og mannvirkjum svo og um bætur fyrir jarðrask samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, skal matsnefnd meta, hve mikill hluti bótanna skal ganga til leiguliða.

11. gr.

Skaðabóta, er leiðir af gerð mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 28. maí 1941, um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Ed. 816. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur tekið málið til meðferðar. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fundaskrifari nefndarinnar (KA) var ekki á fundi sökum lasleika.

Alþingi, 11. jan. 1945.

Eiríkur Einarsson, form.	Jónas Jónsson, frsm.

Sþ. 817. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í rafveitu til kauptúna í Árnessýslu.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu eða næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitur frá Sogsvirkjuninni, jafnóðum og það efni verður fáanlegt, til Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss og Hveragerðis.

Greinargerð.

Breytingartillögu í samræmi við ofanskráða tillögu hef ég ásamt öðrum alþm. flutt við þingsályktunartillögu á þskj. 431 fyrr á þessu þingi. Við umræðu þess máls í sameinuðu þingi gerði ég grein fyrir réttmæti og nauðsyn á samþykkt á þeirri heimild, sem hér er farið fram á, og læt ég þá greinargerð, er þannig var gerð fyrir máli þessu, nægja. Áminnst brtt. mun af minni hálfu verða tekin aftur, er til umræðu kemur.

Ed. 818. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 778 [Launalög].

Frá Jónasi Jónssyni.

Í stað orðanna „og gilda til ársloka 1947“ kemur: en fyrir reglulegt Alþingi 1947 skal ríkisstjórnin hlutast til um, að fram fari endurskoðun þeirra í heild, og leggja um það tillögur fyrir það þing.

Sþ. 819. Tillaga til þingsályktunar

um breytta tilhögun á útgáfu Alþingistíðindanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi þá breytingu á útgáfu Alþingistíðindanna, að ræður þingmanna verði framvegis teknar á hljóðnema og síðan prentaðar, eigi síðar en að missiri liðnu, eftir því handriti, sem á þann hátt væri fengið.

Greinargerð.

Á þessu ári er liðin ein öld síðan Alþingi var endurreist. Hafa ræður þingmanna jafnan verið prentaðar síðan 1845, en undirbúningi verksins háttað á meira en einn veg. Framan af árum var gerður ýtarlegur útdráttur úr ræðum þingmanna, en ræðurnar yfirleitt birtar í mjög styttu formi. Síðar var þingskrifurum falið að ná efni og orðalagi þingmanna, eftir því sem kostur var á. Síðan lásu þingmenn eða umboðsmenn þeirra ræðurnar í handriti og leiðréttu þar það, sem þeim þótti miður fara. Á þennan hátt voru þingmenn ábyrgir um efni og form ræðupartsins. Þar stóð ekki annað en það, sem þingmenn höfðu sagt eða vildu hafa sagt. En á síðustu árum varð á þessu breyting. Þingin urðu lengri og lengri, stundum hálft árið eða meira. Án þess að það verði útskýrt hér, hafði hinn langi þingtími þau áhrif á þingmenn, að þeir hættu nálega allir að leiðrétta ræður sínar. Tvær breytingar urðu nokkurn veginn samtímis, báðar óhagstæðar góðum frágangi þingtíðindanna. Það fór að verða meiri örðugleikum bundið en fyrr að fá nógu marga vel undirbúna þingskrifara. Eru margir þeirra að vísu mjög vel fallnir til starfans, en aðrir miður, hafa fleiri störfum að gegna og grípa í þingskriftir mitt í önnum við önnur störf. Þegar svo bætist þar við, að þingmenn laga ekki handrit skrifaranna, eins og fyrr, og skrifstofan hefur ekki rétt til að breyta neinu nema ritvillum, er auðskilið, að mikið af handritum þingtíðindanna er í allt öðrum búningi en vera ætti, efni víða breytt óviljandi fyrir misskilning

þingskrifara og allsherjar hirðuleysi um frágang þingtíðinda. Gott dæmi af óteljandi er það, að í ræðu, sem ég flutti á þingi nokkru fyrir jól í vetur, vitnaði ég í alkunna þýðingu, sem Steingrímur Thorsteinsson hefur gert af frægu kvæði eftir Schiller, en í handriti skrifarans er kvæðið eignað Shakespeare. Þannig eru mýmörg dæmi um frágang á ræðum þingmanna. Vil ég þar engan veginn saka þingskrifara fyrir vinnubrögð þeirra, heldur skipulag það, sem haft er við undirbúning þingtíðindanna yfirleitt. Samtímis því, að nokkur ekla varð á mönnum við þingskriftir, kom svo stóraukin vinna í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, ekki sízt í sambandi við hinn langa starfstíma Alþingis, að prentsmiðjan hefur ekki undan að prenta þingtíðindin. Er nú óprentaður ræðupartur þingtíðinda frá árunum 1943 og 1944, og er ósunandi við það fyrirkomulag, úr því að þingræður eru prentaðar yfirleitt.

Alþingistíðindin voru alla 19. öldina og í byrjun yfirstandandi aldar töluvert vinsæl til lestrar víða um land. Blöð voru þá færri og minni en nú, ekkert útvarp og oft meira næði til bóklestrar en síðar hefur orðið. Flestir þeir menn, sem vildu fylgjast með í stjórnmálum, lásu þá þingtíðindin og mátu þau mikils sem heimild. Nú er þetta breytt. Útvarpið flytur daglega allýtarlegar og hlutlausar frásagnir um meðferð mála á Alþingi. Þingtíðindin eru þess vegna ekki lengur nauðsynleg, nema sem heimild um meðferð mála fyrir dómara, sagnfræðinga og þá, sem vilja rekja þróun stjórnmála eftir frumheimildum. Þetta er þýðingarmikið hlutverk. En þingtíðindin uppfylla ekki þetta hlutverk, eins og vinnubrögðum er nú hagað. Einn af kunnustu lögfræðingum, sem nú eiga sæti á Alþingi, þurfti nýlega að líta yfir ræðu, sem hann hafði haldið á þingi fyrir nokkrum árum, og opnaði þingtíðindin í því skyni. En hann lokaði bókinni fljótt aftur, því að hann sá, að ræðan var svo illa útlítandi, að hann hafði ekki lund til að horfa á þá afbökun, sem þar hafði verið gerð.

Á síðustu árum áður en núverandi styrjöld skall á beittist fjárveitinganefnd fyrir því, að úr þessu yrði bætt, og stóð í sambandi við forstöðumann landssímans um útvegun á hentugum tækjum, til að taka á hljóðnema ræður þingmanna, um leið og þær væru fluttar. Var mál þetta þá vel á veg komið, en litlu síðar hófst styrjöldin, og urðu þá um stund erfiðleikar á um útvegun tækjanna. En nú mun svo komið, að um verulega framför sé að ræða að því er varðar tækni í þessu efni á allra síðustu árum. Virðist því tímabært að taka málið að nýju til meðferðar. Ef Alþingi samþykkir þessa tillögu, mundi ríkisstjórnin hafa aflað nauðsynlegra tækja fyrir haustþingið. Er það litlum erfiðleikum bundið, því að viðunanlegir hljóðnemar eru nú þegar notaðir daglega í skrifstofum hér í bænum. Þingmenn yrðu að tala úr ræðustól, og verður það að teljast útlátalaust. Mundi að öllum líkindum fremur fækka en fjölga ræðum. Skrifstofa Alþingis mundi síðan búa ræðurnar undir prentun og engu breyta nema því, sem bersýnilega væri ofaukið, eins og byrjun á setningum, sem ræðumaður hefði ekki lokið við. Með þessum hætti yrðu þingræðurnar fullkomin og óvefengjanleg söguleg heimild. En á því er mikill misbrestur eins og framkvæmd undirbúnings þingtíðinda er nú háttað.

Jafnhliða þessari breytingu yrði annaðhvort að efla ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, svo að hún geti tekið handritin til prentunar jafnóðum og skrifstofa Alþingis hefur þau tilbúin, eða ríkisstjórnin verður að koma nokkru af ræðupartinum til prentunar hjá öðrum prentsmiðjum. Núverandi dráttur á prentun umræðuparts þingtíðindanna er með öllu óviðunandi.

Alþingi hefur fyrir nokkrum árum gert hliðstæða bragarbót á húsakynnum sínum og starfsvenjum, og neitar nú enginn, að þar var rétt spor stigið. Þinghúsið var orðið eins konar almenningur allra, sem þangað vildu koma. Var ágangur af hálfu aðkomumanna svo mikill, að eitt sinn var gestur svo að segja við stól hvers þingmanns í efri deild til að hafa áhrif á þingmál, sem þar var til umræðu. Þingmenn gátu naumast farið ferða sinni í þinghúsinu fyrir aðstreymi gesta, sem fæstir áttu þangað nokkurt erindi. Kom þar loks, að þingmönnum ofbauð þetta

ástand, og létu þeir breyta húsakynnum og starfsvenjum, svo að nú má vel við una málalok í því efni. Tillaga mín stefnir að því, að önnur vanrækt hlið þingstarfanna verði endurbætt, og er svo til ætlazt, að hið nýja skipulag geti hafizt um leið og hið endurreista Alþingi byrjar nýja starfsöld á komandi hausti.

Ed. 820. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

2. málsgr. 62. gr. laganna orðist þannig:

Sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928, sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Búnaðarbanka Íslands og sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands skulu undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Ef sjóðfélagi missir félagsréttindi sín, ábyrgist eftirlaunasjóður fulla greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands á fjárhæð þeirri með vöxtum og vaxtavöxtum, er þeim manni hafði borið að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands, ef hann hefði ekki notið þessarar undanþágu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um alþýðutryggingar frá 1937 er starfsmönnum Landsbankans og Útvegsbankans, þeim sem eru sjóðfélagar í eftirlaunasjóðum þeirra banka, veitt undanþága frá iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Nú hafa starfsmenn Búnaðarbanka Íslands komið sér upp eftirlaunasjóði, og virðist sjálfsagt, að þeir njóti sömu réttinda og starfsmenn hinna bankanna.

Sþ. 821. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur.

Greinargerð.

Það má teljast knýjandi nauðsyn, að rafmagnsleiðsla verði lögð út um Eyjafjörð vestanverðan út til Dalvíkur. Á þessari leið eru þrjár síldarverksmiðjur, í Krossanesi, á Dagverðareyri og á Hjalteyri. Dalvík er nú orðin allfjölmennt þorp, og er þar mikil útgerð. Línan mundi væntanlega liggja um Hauganes og Litla-Árskógssand og e. t. v. til Hríseyjar, en á öllum þessum stöðum er töluverð útgerð, og mundi, ef rafmagn fengist, vaxa upp alls konar iðnaður.

Um leið og þessi tillaga er flutt, er tekin aftur brtt. á þskj. 467

Ed. 822. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 823. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:
Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $^3/_5$ frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum, þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:
Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 824. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa alllengi til meðferðar og rætt um hana í sambandi við aðrar tillögur svipaðs eðlis, er fyrir lágu. — Hún leitaði álits rafmagnseftirlits ríkisins, er tjáði sig eindregið fylgjandi því, að raforkustöð Vestmannaeyja yrðu stækkuð svo sem fyrirhugað er.

Þá bar nefndin þetta mál, sem önnur sams konar, undir hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. Töldu þeir sig og fylgjandi framgangi málsins, með þeim takmörkunum þó, að ábyrgð ríkisins færi ekki fram úr 85% af heildarkostnaði verksins, enda væri þá og tekið tillit til þeirra mannvirkja varðandi rafveitu bæjarins, sem þegar eru fyrir í kaupstaðnum.

Nefndin hefur með tilvísun þess, er hér að ofan greinir, fallizt á að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs — gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, — allt að þriggja milljóna króna lán, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar, vegna stækkunar raforkustöðvar og rafleiðslukerfis Vestmannaeyjakaupstaðar.

Einn nefndarm. (ÞG) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 11. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.
Lúðvík Jósefsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Jónas Jónsson.
Sigurður Kristjánsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 825. Lög

um breyting á lögum nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Ed. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 564.

Ed. 826. Lög

um breyting á lögum nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík.

(Afgreidd frá Ed. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 627.

Ed. 827. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

(Afgreidd frá Ed. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 628.

Nd. 828. Hafnarlög

fyrir Hrísey.

(Afgreidd frá Nd. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 792.

Nd. 829. Lög

um breyting á lögum nr. 110/1943, um olíugeyma o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 581.

Sþ. **830. Nefndarálit**

um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt við fjármálaráðherra og samgöngumálaráðherra um tillögu þessa, og mæla ráðherrarnir sameiginlega með því, að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu, að ábyrgð ríkissjóðs sé takmörkuð við 85% af heildarkostnaði við framkvæmd verksins, þar með talinn kostnaður við innanbæjarkerfin. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá forstöðumanni rafmagnseftirlits ríkisins, þá nemur sá kostnaður um 2½ millj. króna. Í viðbótarupphæð þeirri, 4½ millj. kr., sem farið er fram á í tillögunni, að ríkið ábyrgist, er kostnaður við innanbæjarkerfin ekki með talinn, sökum þess að ákveðið hefur verið að framkvæma þann hluta verksins án lántöku. Af þessari ástæðu þarf ekki að breyta fjárhæð þeirri, sem um ræðir í tillögunni, þótt sú takmörkun á ábyrgðinni, sem hér um ræðir, sé tekin upp í meginmál hennar.

Fjárveitinganefnd barst bréf frá meiri hluta milliþinganefndar í raforkumálum, þeim Jörundi Brynjólfssyni, Skúla Guðmundssyni, Jóni Pálmasyni og Ingólfi Jónssyni, þar sem farið er fram á það, að fjárveitinganefnd breyti tillögunni þannig, að ríkisstjórnin taki nú þegar í sínar hendur virkjun Andakílsár og lagning rafveitna þaðan um nærliggjandi byggðir og að frá því sé gengið nú þegar, að ríkið verði eigandi mannvirkjanna. Fjárveitinganefnd átti fund um þessar tillögur með fjármálaráðherra, samgöngumálaráðherra og Jörundi Brynjólfssyni, en hann er form. milliþinganefndar í raforkumálum. Eftir þær viðræður, sem fram fóru í nefndinni milli hennar og þessara aðila, lýstu fyrrnefndir ráðherrar yfir, að afstaða þeirra til þessa máls, sem lýst er hér að framan, væri óbreytt. Fjárveitinganefnd að undanteknum tveim nefndarmönnum, þeim Helga Jónassyni og Þorsteini Þorsteinssyni, gat ekki heldur fallizt á tillöguna. Hins vegar hefur öll nefndin fallizt á breytingar ríkisstjórnarinnar, sem fyrr greinir.

Eins og um getur í greinargerð þeirri, sem fylgir þessari tillögu, er lokið öllum undirbúningi þessa verks og fyrirhugað, að byrjað verði á verkinu næsta vor. Smíði véla verður lokið á þessu ári og þegar búið að festa kaup á efni í loftlínur og spennubreyta. Verður þetta efni tiltækt til flutnings á þessu ári, en þar sem efnið er keypt í Svíþjóð, er flutningur þess til landsins vitanlega háður því, að siglingaleiðir opnist. Byrjað verður á stíflugerð og bygging vélahúss og efni til þess keypt eftir hendinni, en slíkt efni er, eins og kunnugt er, fáanlegt í þeim löndum, sem við nú getum skipt við.

Þeir, sem að virkjun þessari standa, en það eru sýslufélög Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og Akraneskaupstaður, hafa þegar samkv. heimild Alþingis fengið ríkisábyrgð fyrir láni til framkvæmdar verksins, sem nemur 3 millj. króna. En kostnaður við virkjun, háspennulínur og spennubreyta er áætlaður alls 7½ millj. kr., og við það er viðbótarábyrgðin miðuð.

Að því leyti, sem afgreiðsla þessarar tillögu hefur nú, sbr. bréf meiri hl. milliþinganefndar í raforkumálum, sem fyrr greinir, verið sett í samband við endanlega afgreiðslu heildarlöggjafar um þetta efni, þykir fjárveitinganefnd rétt að taka fram eftirfarandi:

Milliþinganefnd í raforkumálum hefur haft þessi mál til meðferðar nú nokkuð á þriðja ár. Hefur meiri hl. nefndarinnar nú nýverið skilað til ríkisstjórnarinnar áliti og tillögum um málið. Minni hl. nefndarinnar hefur hins vegar ekki enn skilað áliti og tillögum. Af þessu er það auðsætt, að ríkisstjórnin mun ekki bera fram á þessu þingi neinar tillögur um heildarskipun þessara mála. Hins vegar mun mega ganga út frá því, að ríkisstjórnin beri fram á næsta þingi frv. um lausn þessara mála og að á því þingi verði með löggjöf lagður grundvöllur að framtíðarskipun

vatnsvirkjunarframkvæmda í landinu. Ættu þessi mál því fyrir næstu áramót að vera komin í fast form.

Að því leyti, sem ný löggjöf kynni að marka nýtt viðhorf, að því er það snertir, að annar aðili hefði upp frá því á hendi framkvæmd þeirrar virkjunar, sem hér um ræðir, og síðar aukning hennar, þannig að orka sú, sem í Andakílsfossum felst, yrði hagnýtt að fullu, þá getur fjárveitinganefnd ekki séð, að með samþykkt þessarar tillögu sé lagður steinn í götu þeirra þörfu og nauðsynlegu framkvæmda, sem hér er byrjað á, — síður en svo. Og að því leyti, sem rétt er að setja virkjun þessa í samband við framtíðarskipun þessara mála, er sízt af öllu ástæða til að ætla, að nokkuð geti farið úrhendis af þessum sökum, þar sem viðurkennt er, að legu Andakílsfossa er þannig háttað, að þessi virkjun fellur mjög haganlega inn í heildarkerfi það á þessu svæði, sem ráðagerðir eru um, að komið verði á.

Þar sem þessu er þannig háttað, virðist fjárveitinganefnd eigi ástæða til nú á þessu stigi málsins að breyta til frá því, sem verið hefur um gang þessa máls, heldur bíða þess, að heildarskipan þessara mála verði á næsta þingi til lykta leidd.

Til viðbótar því, sem hér segir, óska einstakir nefndarmenn að taka fram, að fylgi þeirra við þessa tillögu ber ekki að skoða þann veg, að þeir hafi með því endanlega markað stefnu sína, að því er snertir heildarlöggjöf um þessi mál. — Helgi Jónasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Jónas Jónsson og Jóhann Jósefsson taka fram, að þeir áskilji sér rétt til að vera með brtt., sem fram kunni að koma.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 4½ millj. kr. viðbótarlán til virkjunar Andakílsár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið, þar með talin innanbæjarkerfin.

Alþingi, 11. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson.
Jónas Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Sig. Kristjánsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. **831. Nefndarálit**

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa ýtarlega. Einnig hefur ríkisstjórnin haft tillöguna til meðferðar, og hafa af hennar hálfu mætt á fundum nefndarinnar til viðræðna um tillöguna forsætisráðherra, fjármálaráðherra og samgöngumálaráðherra, og hafa þeir mælt með því, að tillagan næði fram að ganga. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá forstöðumanni rafmagnseftirlits ríkisins, er áætlað, að allur kostnaður við framkvæmd þessa verks muni nema 2100000 krónum, er skiptist þannig: Grindavíkurlína með innanbæjarkerfi kr. 600 þús., lína frá Keflavík um Suðurnes, þar með talin lína í Hafnir, kr. 1500000. Í þeirri áætlun er einnig talinn kostnaður við lágspennulínur.

Þá hefur nefndin fengið frá forsætisráðherra upplýsingar um það, að leitað hafi verið eftir kaupum á efni í þessar línur í Ameríku og hafi sendiherra Íslands í Washington sent um það skeyti í s. l. septembermánuði, að líklegt væri, að efnið fengist. Hins vegar hefur ekki þótt rétt að ganga endanlega frá efniskaupum, fyrr en fyrir lægi heimild Alþingis til handa stjórninni til kaupanna. Vera má, að aðstæður vestra séu nú að einhverju leyti breyttar um efniskaupin frá þeim tíma, er skeytið var sent, en hins vegar má gera ráð fyrir því, ef tillaga þessi verður samþykkt, að ríkisstjórnin geri gangskör að því að fá efni til þessara framkvæmda.

Fyrir þessu þingi liggur nú í efri deild frv., þar sem ríkisstjórninni er heimilað að koma upp raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Fjárveitinganefnd vill benda á það, að rétt væri að taka einnig upp í þetta frumvarp sams konar heimild, að því er þessa framkvæmd snertir, en hún er framhald á því verki, sem hafið er með Keflavíkurlínunni. Það ber nauðsyn til, að þetta sé gert, því að heimild sú, sem um ræðir í þessari tillögu, tekur eingöngu til efniskaupanna. Takist að fá efni í línur þær, sem hér um ræðir, ætti, þegar búið væri að koma þeim upp, að vera lokið við rafmagnsleiðslur í þorpin á Suðurnesjum.

Fjárveitinganefnd leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson.
Jónas Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Sig. Kristjánsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 832. Frumvarp til laga

um framboð og kjör forseta Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Við kjör forseta Íslands skal fara eftir gildandi kjörskrám yfir alþingiskjósendur.

2. gr.

Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar, en auk þessara kjörstjórna hefur hæstiréttur þau störf með höndum, sem segir í lögum þessum.

3. gr.

Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði fjórða hvert ár. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.

4. gr.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir dómsmálaráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, en afgreiðir til hæstaréttar öll áður nefnd skjöl.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsending þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga.

Á kjörseðla skal prenta skýru letri nöfn forsetaefna í stafrófsröð.

6. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

7. gr.

Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins, ef fullur helmingur meðmælenda hins látna er meðal meðmælenda hans.

Annars úrskurðar hæstiréttur um það, hvort fresta þarf kosninu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu af nýju.

8. gr.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar, en hæstiréttur notar sérstaka gerðabók um þessi efni.

9. gr.

Að lokinni kosningu senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum, er segir í lögum um alþingiskosningar. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana, og fer síðan talning atkvæða fram með sama hætti og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það, hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum, sem ágreiningur hefur verið um.

11. gr.

Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni eða umboðsmenn þeirra til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.

Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá hæstiréttur úr.

12. gr.

Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættis, og er hann þá rétt kjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum. Gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðsfresti.

13. gr.

Staðfest eftirrit af kjörbréfi forseta sendir hæstiréttur forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis.

14. gr.

Ákvæði 134. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

Kærur um ólögmæti forsetakjörs, aðrar en refsikærur, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en 5 dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 833. Nefndarálit

um till. til þál. um skipulag á framleiðslu kindakjöts fyrir innlendan markað.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur ekki getað orðið samferða um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (JPálm, SG og BG) mælir með samþykkt tillögunnar óbreyttrar, en við undirritaðir sjáum ekki ástæðu til sérstakra samþykkta um þetta mál að svo búnu af ástæðum, er nú skal greina.

Á búnaðarþingi því, er háð var hér fyrri hl. ársins 1943, var mál þetta tekið til athugunar og gerð um það svo hljóðandi ályktun:

„Búnaðarþing ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd, sem sé skipuð stjórnarnefndarmönnum Búnaðarfélags Íslands og tveim búnaðarþingsfulltrúum, og vinni nefndin að rannsókn á framleiðslu landbúnaðarins og markaðsskilyrðum fyrir landbúnaðarafurðir. Sé í því sambandi athugað, hverjar framleiðslugreinar sé nauðsynlegt að efla og hvort hagkvæmt væri að draga saman aðrar einstakar greinar, svo að framleiðsla landbúnaðarins verði sem bezt samræmd neyzluþörf þjóðarinnar og erlendum markaðsskilyrðum.

Nefndin leggur árangur rannsóknar sinnar og tillögur fyrir næsta búnaðarþing."

Í nefnd þessa voru kosnir auk stjórnarnefndarmannanna búnaðarþingsfulltrúarnir Hafsteinn Pétursson, bóndi á Gunnsteinsstöðum, sem er formaður nefndarinnar, og Jón Sigurðsson alþm., bóndi á Reynistað, sem er ritari nefndarinnar.

Ýmsum fleiri málum var svo vísað til nefndar þessarar, sem hún þegar hefur afgreitt, og önnur, sem hún hefur í undirbúningi fyrir næsta búnaðarþing. Mál það, sem hér er minnzt á að framan, hefur nefndin haft til meðferðar á mörgum fundum og aflað sér ýmissa gagna í sambandi við það og mun leggja tillögur sínar í því fyrir næsta búnaðarþing, er saman á að koma í febrúarmánuði næstkomandi.

Það leiðir nú af sjálfu sér, að það, sem minnzt er á í þingsályktunartillögunni á þskj. 537, hlýtur að verða eitt af þeim atriðum, sem mjög kemur til athugunar, þegar rætt er framleiðsluskipulag það, sem þingsályktunartillaga búnaðarþingsins fjallar um, og hefur það þegar verið tekið til athugunar í nefndinni. Þar sem nú samkvæmt framansögðu, að mál þetta er nú þegar í athugun og tillögur um það væntanlegar á næstunni, teljum við ekki þörf á nýrri samþykkt um það að sinni og leggjum til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem mál það, er þingsályktunartillagan á þskj. 537 fjallar um, er nú þegar í athugun hjá Búnaðarfélagi Íslands og tillögur þess eru væntanlegar á næstunni, telur deildin ekki ástæðu til ályktunar um mál þetta að svo komnu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. jan. 1945.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Haraldur Jónasson.

Sþ. 834. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Neskaupstað.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við tillgr. bætist: þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Alþingi, 12. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form. — Lúðvík Jósefsson, frsm. — Helgi Jónasson, fundaskr.

Sig. Kristjánsson. — Guðm. Í. Guðmundsson. — Þorst. Þorsteinsson.

Jónas Jónsson. — Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 835. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsti efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðuvíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Annar efnismálsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Álafosshérað: Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem lagður var til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur með lögum nr. 52 1943, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.

4. gr.

Fyrsti efnismálsliður 6. gr. laganna orðist svo:

Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:

Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur að undanskildum þeim svæðum, sem lögð eru til Álafosshéraðs.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málgrein 8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.

Nd. **836. Lög**

um manneldisráð.

(Afgreidd frá Nd. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 422.

Sþ. **837. Breytingartillögur**

við till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

Flm.: Jón Pálmason, Skúli Guðmundsson, Ingólfur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. Tillgr. orðist þannig:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta byggja raforkuver til almenningsnota við Andakílsárfossa og leggja rafleiðslur um nærliggjandi byggðir, enda verði frá því gengið þegar í byrjun, að ríkið verði eigandi mannvirkjanna. Byrjunarframkvæmdir séu byggðar á þeim undirbúningi, sem gerður hefur verið, og það efni keypt, sem samið hefur verið um að kaupa til virkjunarinnar.
   Ríkisstjórninni heimilast að verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um ríkisvirkjun við Andakílsárfossa.

Ed. **838. Nefndarálit**

um frv. til l. um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta. Vitamálastjóra hefur verið sent það til umsagnar, og mælir hann með því, að frv. verði samþykkt. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. janúar 1945.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 839. Frumvarp til laga

um laun starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 14, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 14000	kr. 14000
II. —	— 12000	— 12000
III. —	— 11100	— 11100
IV. —	— 10200	— 10200
V. —	— 7200	— 9600
VI. —	— 6600	— 9000
VII. —	— 6000	— 8400
VIII. —	— 6000	— 7800
IX. —	— 5400	— 7200
X. —	— 4800	— 6600
XI. —	— 4800	— 6000
XII. —	— 4200	— 5400
XIII. —	— 3000	— 4800
XIV. —	— 3600	— 3600

2. gr.

Launahækkun eftir þjónustu og starfsaldri skal haga þannig:

Í V. og VI. launaflokki árleg hækkun	kr. 600 í 4 ár.
Í VII. launaflokki árleg hækkun	— 400 í 6 ár.
Í VIII., IX., X. og XIII. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 6 ár.
Í XI. og XII. launaflokki árleg hækkun	— 200 í 6 ár.

Í XIV. launaflokk koma aðeins iðnkonur eftir 4 ára starf.

Nokkrir starfsmenn í V., VI. og VII. launaflokki taka hámarkslaun þessara flokka frá upphafi.

Símvirkjar II. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks (sbr. 18. og 22. gr.) flytjist upp í I. starfsflokk, þegar er tilskildu prófi er náð, og nái hámarkslaunum VIII. flokks þrem árum síðar, þó eigi fyrr en sex árum eftir, að þeir hafa lokið sveinsprófi.

3. gr.

Laun ráðherra og stjórnarráðsstarfsmanna ákveðast þannig:	Árslaun
Ráðherrar	kr. 14000
Skrifstofustjórar og aðalendurskoðandi ríkisins	— 12000
Ríkisbókari og ríkisféhirðir	— 11100
Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti	— 10200
Fulltrúar I. flokks og skjalavörður í utanríkisráðuneyti	— 7200— 9600
(Eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga meðtalinn.)	
Fulltrúar II. flokks og aðstoðarmenn í utanríkisráðuneyti	— 6600— 9000
(Fulltrúar ríkisbókara og féhirðis meðtaldir.)	
Ráðuneytisbókarar og bókarar í ríkisfjárhirzlu og bókhaldi	— 6000— 7800
Húsverðir	— 4800— 6600
Bifreiðastjórar	— 4800— 6000
Sendimenn	— 4200— 5400
Ritarar II. flokks	— 4200— 5400
Ritarar III. flokks	— 3000— 4800

4. gr.

		Árslaun
Sendiherrar í London, Washington og Moskvu	kr.	12000
Sendifulltrúar og aðalræðismenn	—	10200
Sendiráðsritarar I. flokks og ræðismenn	—	7200— 9600
Sendiráðsritarar II. flokks, attachés og vararæðismenn	—	6600— 9000

5. gr.

		Árslaun
Skrifstofustjóri Alþingis	kr.	12000
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis I. flokks	—	7200— 9600
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis II. flokks	—	6600— 9000
Húsvörður Alþingis	—	4800— 6000

6. gr.

		Árslaun
Hagstofustjóri	kr.	12000
Fulltrúi	—	7200— 9600
Bókarar	—	6000— 7800
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 5400

7. gr.

		Árslaun
Hæstaréttardómarar	kr.	14000
Hæstaréttarritari	—	6600— 9000

8. gr.

Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu í Reykjavík hafa að árslaunum:

Sakadómarinn, borgardómarinn, borgarfógeti, tollstjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík	kr.	12000
Fulltrúar I. flokks	—	7200— 9600
Skrifstofustjórar sakadómara og lögreglustjóra	—	6000— 8400
Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra	—	6600— 9000
Skattritarar I. flokks og tollritarar	—	6000— 7800
Skattritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skattritarastörfum	—	5400— 7200
Bókari í skrifstofu lögreglustjóra	—	5400— 7200
Eftirlitsmaður með útlendingum	—	5400— 7200
Tollvarðstjórar	—	6000— 7800
Tollverðir	—	6000— 7800
Bátsformenn á tollbát	—	6000— 7800
Ríkislögregluþjónar	—	6000— 7800
Fangaverðir í Reykjavík, á Litla-Hrauni	—	6000— 7800
Gæzlumenn á Litla-Hrauni	—	5400— 7200
Innheimtumenn tollstjóra	—	4800— 6000
Gjaldkeri hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
Firmaskrásetjari hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
Gjaldkeri borgardómara	—	4200— 5400
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 5400

9. gr.

		Árslaun
Bæjarfógetar og sýslumenn	kr.	9600
Skattamáladómari	—	10200
Lögreglustjórar í kaupstúnum	—	6000—8400
Fulltrúar I. flokks	—	7200—9600
Fulltrúar II. flokks	—	6600—9000
Sýsluskrifarar I. flokks	—	6000—7800
Ritarar III. flokks	—	3000—4800

10. gr.

Eftirtaldir löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

Skipaskoðunarstjóri	kr.	10200
Skipaskoðunarmenn	—	5400—7200
Eftirlitsmaður véla og verksmiðja	—	10200
Aðstoðarmaður hans	—	6000—7800
Eftirlitsmaður brunavarna	—	6000—7800
Yfireftirlitsmaður bifreiða	—	6000—8400
Fulltrúi við bifreiðaeftirlit	—	6000—7800
Bifreiðaeftirlitsmenn	—	5400—7200
Forstöðumaður löggildingarstofu	—	6000—7800
Viðgerðarmenn í löggildingarstofu	—	4800—6000
Löggæzlumenn á vegum	—	6000—7800

11. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

Landlæknir og berklayfirlæknir	kr.	12000
Yfirlæknar á Vífilsstöðum, Kleppi, Kristnesi, Landsspítala	—	11100
Aðstoðarlæknar á ríkissjúkrahúsum og berklayfirlæknis	—	10200
Héraðslæknar	—	11100
(Heilbrigðislæknar í Reykjavík og Akureyri.)		
Héraðslæknar	—	10200
(Reykhóla-, Flateyjar-, Ögur-, Hesteyrar-, Reykjarfjarðar-, Höfðahverfis-, Öxarfjarðar-, Þistilfjarðar-, Vopnafjarðar-, Hróarstungu-, Berufjarðar- og Síðuhéruðum.)		
Héraðslæknar	—	7200—9600
(Reykdæla-, Fljótsdals-, Fáskrúðsfjarðar-, Hornafjarðar- og Mýrdalshéruðum.)		
Héraðslæknar	—	6000—7800
(Borgarfjarðar-, Ólafsvíkur-, Stykkishólms-, Dala-, Bíldudals-, Þingeyrar-, Flateyrar-, Bolungavíkur-, Hólmavíkur-, Miðfjarðar-, Hofsós-, Ólafsfjarðar-, Svarfdæla-, Reyðarfjarðar-, Rangár- og Grímsneshéruðum.)		
Héraðslæknar í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Ísafirði og á Siglufirði	—	6000—7800
Héraðslæknar	—	4800—6600
(Álafoss-, Akranes-, Borgarnes-, Patreksfjarðar-, Blönduós-, Sauðárkróks-, Húsavíkur-, Seyðisfjarðar-, Norðfjarðar-, Eyrarbakka- og Keflavíkurhéruðum.)		
Landlæknisritari	—	6000—7800
Matvælaeftirlitsfulltrúi héraðslæknis í Reykjavík	—	5400—7200
Yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með yfir 50 sjúklinga	—	6000—8400

Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur og yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með hærri en 50 sjúklinga	kr.	6000— 7800
Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala	—	6000— 8400
Deildar-, röntgen-, skurðstofu- og næturhjúkrunarkonur	—	5400— 7200
Aðstoðarhjúkrunarkonur	—	4800— 6600
Skrifstofustjóri ríkisspítalanna	—	10200
Féhirðir	—	6600— 9000
Bókari II. flokks	—	5400— 7200
Umsjónarmaður Landsspítala	—	4800— 6600
Ritari I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks	—	3000— 4800
Bústjórar að Kleppi, Kristnesi og Vífilsstöðum	—	6000— 7800

12. gr.

		Árslaun
Yfirdýralæknir	kr.	6000— 7800
Dýralæknar	—	5400— 7200

13. gr.

		Árslaun
Biskupinn yfir Íslandi	kr.	14000
Vígslubiskupar og dómprófastur í Reykjavík	—	9600
Prófastar	—	9000
Sóknarprestar, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	—	6000— 8400
Biskupsritari	—	6000— 7800
Ritari III. flokks í skrifstofu biskups	—	3000— 4800

14. gr.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa að árslaunum:

Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann, og forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans	kr.	14000
Aðrir prófessorar og háskólabókavörður	—	11100
Dósentar	—	10200
Lektorar	—	7200— 9600
Háskólaritari	—	7200— 9600
Húsvörður	—	4800— 6000

15. gr.

Starfsmenn eftirtalinna vísindastofnana hafa að árslaunum:

Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	kr.	10200
Deildarstjórar í atvinnudeild	—	10200
Sérfræðingar í atvinnudeild	—	7200— 9600
Aðstoðarmenn I. flokks í atvinnudeild	—	6000— 7800
Aðstoðarmenn I. flokks í rannsóknarstofu	—	6000— 7800
Aðstoðarmenn II. flokks í rannsóknarstofu	—	4800— 6000
Gjaldkeri í atvinnudeild	—	4200— 5400
Húsvörður í atvinnudeild	—	4800— 6000
Ritari III. flokks í rannsóknarstofu	—	3000— 4800
Forstjóri veðurstofu	—	10200
Veðurfræðingar	—	7200— 9600
Loftskeytamenn	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks	—	3000— 4800
Yfirsafnaverðir	—	11100
(Landsbóka-, þjóðskjala- og fornminjaverðir.)		

Bóka- og skjalaverðir	kr.	7200— 9600
Húsvörður safnahúss	—	4800— 6000

16. gr.

		Árslaun
Fræðslumálastjóri	kr.	12000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru fleiri en 20 kennarar	—	10200
Fulltrúar fræðslumálastjóra, íþróttafulltrúi, námsstjórar	—	7200— 9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar	—	9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar	—	9000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar	—	6000— 8400
Barnakennarar	—	6000— 7800
Ritari II. flokks í fræðslumálaskrifstofu	—	4200— 5400
Ritari III. flokks	—	3000— 5400

Árslaun barnaskólastjóra og kennara eru miðuð við 9 mán. kennslustarf, en lækka um 1/9 hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði 1/3 hluti úr bæjarsjóði og ¼ hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahéraðs.

17. gr.

Skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

Rektorar (skólameistarar)	kr.	11100
Menntaskólakennarar	—	7200— 9600
Skólastjórar kennaraskóla, stýrimannaskóla, vélskóla og búnaðarskóla	—	10200
Kennarar sömu skóla	—	6600— 9000
Húsverðir kennaraskóla, stýrimannaskóla og menntaskóla	—	4800— 6000
Skólastjórar við húsmæðrakennaraskólann, íþróttakennaraskólann, daufdumbraskólann og garðyrkjuskóla	—	9600
Kennarar sömu skóla	—	6000— 8400
Skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum	—	9000
Kennarar skólans	—	6000— 7800

18. gr.

Starfsmenn við ríkisútvarpið hafa að árslaunum:

Útvarpsstjóri	kr.	12000
Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs	—	9600
Fréttastjóri	—	7200— 9600
Aðalféhirðir	—	6000— 8400
Hljómsveitarstjóri	—	6000— 8400
Forstöðumaður viðtækjasmiðju	—	6000— 8400
Stöðvarverðir á Eiðum, Vatnsenda, aðalmagnaravörður, þulir	—	6000— 8400
Fréttaritarar	—	6000— 8400
Útvarpsvirkjar I. flokks	—	6000— 7800
Fulltrúi í skrifstofu útvarpsráðs	—	6000— 8400
Fulltrúi í skrifstofu útvarps	—	6000— 8400
Bókari í skrifstofu útvarps	—	5400— 7200
Afgreiðslumaður og bókari viðtækjasmiðju	—	5400— 7200
Gæzlumaður plötusafns, afgreiðslumaður auglýsinga, iðnaðarmaður, afgreiðslumaður viðtækjasmiðju	—	4800— 6600

Innheimtumenn, útvarpsvirkjar II. flokks	kr.	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 4800

19. gr.

Starfsmenn skattheimtu hafa að árslaunum:

Skattstjórar	kr.	10200
Skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur og ríkisskattanefndar	—	7200— 9600
Fulltrúar í skattstofu Reykjavíkur	—	6000— 8400
Bókarar í skattstofu Reykjavíkur og hjá ríkisskattanefnd I. flokks	—	6000— 7800
Bókarar í skattstofu II. flokks	—	5400— 7200
Ritari í skattstofu II. flokks	—	4200— 5400
Ritari í skattstofu III. flokks	—	3000— 4800

20. gr.

Starfsmenn vegamála, vita- og hafnarmála og byggingarmála hafa að árslaunum:

Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, húsameistari ríkisins og skipulagsstjóri	kr.	12000
Verkfræðingar	—	7200— 9600
Húsameistarar (skipulagsnefnd meðtalin)	—	7200— 9600
Húsameistarar skipulagsnefndar (aðstoðarmaður)	—	6600— 9000
Skrifstofustjóri vegamálastjóra	—	7200— 9600
Mælingamaður vegamálastjóra	—	7200— 9600
Bókari og féhirðir vita- og hafnarmálastjóra	—	6000— 8400
Birgða- og efnisverðir vega- og vitamála	—	6000— 8400
Bókari II. flokks vegamálastjóra	—	5400— 7200
Kortagerðarmaður vegamálastjóra	—	6000— 8400
Aðstoðarmaður birgðavarðar vita- og hafnarmálastjóra (kafari)	—	4800— 6600
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3200— 5400

21. gr.

Starfsmenn við rafmagnseftirlit hafa að árslaunum:

Forstöðumaður	kr.	11100
Verkfræðingur	—	7200— 9600
Rafvirkjar	—	6000— 7800
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 5400

22. gr.

Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
Yfirverkfræðingur landssímans, skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, póstmeistarinn í Reykjavík	—	10200
Póstmálafulltrúi, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði, símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar, póstmeistari á Akureyri	—	7200— 9600
Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks á póststofunni í Reykjavík, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingur, símastjórinn í Hafnarfirði	—	6600— 9000

Aðalteiknari landssímans, efnisvörður landssímans, eftirlitsmaður með langlínuafgreiðslu, eftirlitsmaður með viðbót og viðhaldi stöðva, varðstjórar við stuttbylgjustöðvar, ritsímavarðstjórar, verkstjórar á verkstæðum landssímans, fulltrúar II. flokks hjá pósti og síma	kr.	6000— 8400
Símritarar og loftskeytamenn I. flokks, símaverkstjórar, bókarar, gjaldkeri í aðalskrifstofu landssímans, bréfritari í aðalskrifstofu landssímans, verkstjóri í endurskoðunardeild landssímans og símvirkjar I. flokks	—	6000— 7800
Póstafgreiðslumenn	—	6000— 7800
Næturverðir við landssímastöðina í Reykjavík og á Akureyri, iðnaðarmenn og línumenn landssímans, bréfberar í Rvík og á Akureyri, aðstoðarmenn I. flokks og bifreiðastjórar (hjá síma og pósti) og teiknarar hjá landssíma	—	4800— 6600
Húsverðir landssímans í Reykjavík og pósthússins í Reykjavík, símvirkjar II. flokks, ritarar I. flokks, sendimenn símans og varðstjórar við langlínumiðstöð	—	4800— 6000
Talsímakonur	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 5400

23. gr.

Starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri	kr.	14000
Skrifstofustjóri	—	10200
Aðalbókari og aðalféhirðir	—	6600— 9000
Afgreiðslustjóri og innkaupastjóri	—	6000— 8400
Verkstjóri við skipaafgreiðslu	—	6000— 7800
Bókari I. flokks	—	6000— 7800
Bókarar II. flokks	—	5400— 7200
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3000— 5400

24. gr.

Starfsmenn við iðnaðarfyrirtæki ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg	kr.	11100
Skrifstofustjórar	—	6600— 9000
Féhirðir landssmiðju	—	6000— 8400
Bókarar landssmiðju I. flokks	—	6000— 7800
Bókarar landssmiðju II. flokks	—	5400— 7200
Ritarar Gutenbergs III. flokks	—	3000— 4800

25. gr.

Starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar og lyfsölustjóri	kr.	11100
Útsölustjóri í Reykjavík	—	10200
Skrifstofustjórar	—	6600— 9000
Lyfjafræðingur	—	6600— 9000
Aðalbókarar og aðalféhirðar	—	6000— 8400
Bréfritarar	—	6000— 7800
Sölumenn	—	5400— 7200
Birgðavörður tóbakseinkasölu	—	6000— 7800
Afgreiðslumenn tóbakseinkasölu	—	4800— 6600
Innheimtumaður tóbakseinkasölu	—	4800— 6000

Bókarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	kr.	4800—	6600
Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu	—	4200—	5400
Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	3000—	4800
Útsölustjórar áfengisverzlunar á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði og Seyðisfirði	—		9600
Aðalverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	6000—	8400
Aðstoðarverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	5400—	7200
Aðstoðarmenn í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	4800—	6000
Bifreiðarstjórar	—	4800—	6000
Iðnkonur, er unnið hafa 4 ár	—		3600
Verkstjóri tóbaksgerðar	—	5400—	7200
Blöndunarmaður tóbaksgerðar	—	4800—	6600
Aðstoðarmenn	—	4800—	6000

26. gr.

Starfsmenn áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins og viðtækjaverzlunar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins	kr.		10200
Forstjóri viðtækjaverzlunar ríkisins	—		9600
Skrifstofustjórar	—		9000
Útvarpsvirki I. flokks	—	6000—	7800
Sölumenn	—	5400—	7200
Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	6000—	7800
Verkstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	5400—	7200
Bókari III. flokks hjá viðtækjaverzlun, afgreiðslumaður og iðnaðarmaður	—	4800—	6600
Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar og útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun	—	4800—	6000
Ritarar III. flokks	—	3000—	4800

27. gr.

		Árslaun	
Fiskimatsstjóri	kr.		10200
Yfirfiskimatsmenn	—	5400—	7200
Síldarmatsstjóri og freðfisksmatsstjóri	—		8400

28. gr.

		Árslaun	
Skógræktarstjóri	kr.		10200
Sandgræðslustjóri	—		9600
Skógarverðir	—	6000—	7800
Loðdýraræktarráðunautur	—		8400

29. gr.

		Árslaun	
Eftirlitsmaður sparisjóða	kr.		6600

30. gr.

Skólastjórar og kennarar gagnfræða- og héraðsskóla hafa að árslaunum:

Skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 200 nemendur	kr.		10200
Skólastjórar gagnfræðaskóla með 125—200 nemendur	—		9600
Skólastjórar gagnfræðaskóla með undir 125 nemendur	—		9000
Skólastjórar héraðsskóla með yfir 75 nemendur	—		9600
Skólastjórar héraðsskóla með undir 75 nemendur	—		9000

Kennarar gagnfræðaskólanna ..... kr. 6000— 8400
Kennarar héraðsskólanna ..... — 6000— 7800
Allt miðað við minnst 7 mánaða kennslutíma.

31. gr.

Heilsuverndarhjúkrunarkonur hafa að árslaunum ..... kr. 6000— 7800

32. gr.

Laun stundakennara skulu vera 80% af árlegum byrjunarlaunum fastra kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum, og taki stundakennarar aldurshækkanir eftir sömu reglu og fastir kennarar.

33. gr.

Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar.

34. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaunum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Sé um að ræða risnu eða húsnæði ráðherra, skal ákveða þar um í fjárlögum til viðbótar ráðherralaunum. Með reglugerð skal ákveða, hverjir ríkisstarfsmanna skuli fá ókeypis einkennisfatnað.

35. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

36. gr.

Við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skulu konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar.

37. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem unnt er að telja til aðalstarfs, aðrar en fyrir nauðsynlega yfirvinnu, svo og innheimtulaun þau, aukatekjur og skrifstofufé embættismanna, sem ætlað var til greiðslu starfslauna þess fólks, sem nú er tekið í launalög.

38. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1945.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skal ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnu-

tíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildir í hverri starfsgrein í árslok 1944.

Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum.

Launauppbætur greiddar árið 1944 skulu einnig greiðast á árinu 1945, þar til lög þessi öðlast gildi.

Nd. 840. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1941 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

I. Innborganir:

		Áætlun kr.	Reikningur kr.
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga	14 799 000.00	41 436 236.43
2.	— — 3. — A —	3 097 090.00	7 916 855.62
3.	— — 3. — B —	8 000.00	371.60
4.	— — 4. — —	524 083.00	500 421.91
5.	— — 5. — —	50 000.00	528 557.06
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	522 322.00	29 005 385.17
	Greiðslujöfnuður	557 563.00	
	Kr.	19 558 058.00	79 387 827.79

II. Útborganir:

		Áætlun kr.	Reikningur kr.
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga	1 936 178.00	1 841 293.54
2.	— — 8. — —	75 000.00	
3.	— — 9. — —	245 920.00	549 061.98
4.	— — 10. — —	680 026.00	1 145 216.49
5.	— — 11. — A —	1 568 610.00	3 020 164.90
6.	— — 11. — B —	410 000.00	758 758.11
7.	— — 12. — —	866 100.00	850 352.68
8.	— — 13. — A —	1 897 302.00	4 271 565.69
9.	— — 13. — B —	390 900.00	1 219 778.27
10.	— — 13. — C —	705 500.00	869 293.01
11.	— — 13. — D —	30 000.00	27 775.51
12.	— — 14. — A —	438 600.00	590 348.74
13.	— — 14. — B —	2 087 079.00	2 506 811.44
14.	— — 15. — —	329 410.00	392 328.48
15.	— — 16. — —	3 859 900.00	6 057 656.19
16.	— — 17. — —	1 712 750.00	3 510 748.51
17.	— — 18. — —	332 988.00	340 977.31
18.	— — 19. — —	450 000.00	4 301 357.93
19.	Eignahreyfingar samkvæmt 20. gr. fjárlaga	1 541 795.00	36 100 257.15
20.	Greiðslujöfnuður		11 034 081.86
	Kr.	19 558 058.00	79 387 827.79

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi sem reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Ríkisreikningur fyrir 1941 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð sem fjárlögin, og vísast til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. 841. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1941, eru veittar kr. 4 385 470.31 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 15 390 242.63 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 19 775 712.94.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstsjóður:

1.	Póststjórnarkostnaður	kr.	36 951.66
2.	Pósthúsið í Reykjavík	—	169 718.64
3.	Önnur pósthús	—	94 765.25
4.	Póstflutningur	—	228 948.08
5.	Önnur gjöld	—	17 448.52
	samtals	kr.	547 832.15

af kr. 1 014 416.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

2. Landssíminn:

a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	37 506.60
b.	1. Aðalskrifstofa landssímans	—	75 360.53
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	301 646.04
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	24 736.66
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	62 630.40
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	408 257.31
	6. Áhaldahúsið	—	20 455.80
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	79 945.95
	8. — á Seyðisfirði	—	67 592.80
	9. — á Ísafirði	—	28 510.76
	10. Símastöðin á Borðeyri	—	13 571.30
	11. — í Vestmannaeyjum	—	24 373.48
	12. — á Siglufirði	—	24 303.16
	13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	99 370.27
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	—	32 924.92
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	—	201 017.63
e.	Kostn. við ferðalög vegna starfrækslunnar	—	108.14

f.	Viðhald landssímanna	kr.	307 566.27
g.	Framhaldsgjald	—	34 191.48
j.	Ýmis gjöld	—	6 218.92
k.	Fyrning á húsum og áhöldum	—	9 858.62
	samtals	kr.	1 860 147.04

af kr. 2 273 602.38 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

I.	Afborganir af lánum	kr.	115 426.31
II.	Til viðauka símakerfa	—	22 279.22
III.	Til talstöðva í bátum og skipum	—	137 635.76
IV.	Til fyrningarsjóðs	—	49 858.62
	samtals	kr.	325 199.91

3. Áfengisverzlun ríkisins:

II.	1.	Laun starfsmanna	kr.	108 290.18
	2.	Útsvar	—	18 924.85
	4.	Annar kostnaður	—	5 401.54
	6.	Flutningskostnaður	—	10 603.75
		samtals	kr.	143 220.32

af kr. 476 864.78 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

II.	1.	Laun starfsmanna	kr.	75 413.52
	2.	Annar kostnaður	—	50 846.47
	3.	Útsvar og tap á útistandandi skuldum	—	64 951.72
		samtals	kr.	191 211.71

af kr. 1 570 116.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

II. a.	1.	Starfsmannalaun	kr.	167 902.54
	2.	Útvarpsefni	—	16 280.08
	5.	Skrifstofukostnaður	—	19 030.49
	6.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	8 630.67
	9.	Óviss gjöld	—	5 358.31
		samtals	kr.	217 202.09

af kr. 780 288.80 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

III.	Viðtækjaverzlun ríkisins:			
	b.	Gjöld 1.—8.	kr.	90 003.19
		af kr. 610 799.87 brúttóhagnaði.		

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

II.	1.	Vinnulaun	kr.	116 967.36
	2.	Efnivörur	—	99 219.66
	4.	Vextir	—	2 050.71
	6.	Fyrning á húsum og vélum	—	6 087.78
	7.	Lagt í lífeyrissjóð	—	5 775.50
	8.	Lagt til hliðar fyrir skatti í bæjarsjóð	—	5 110.54

	9.	Áætlað tap á útistandandi skuldum ..	kr.	2 240.29
	10.	Halli á rekstri fasteigna	—	14 178.95
		samtals	kr.	251 630.79

af kr. 914 368.57 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

7. Landssmiðjan:

II.	1.	Laun forstjóra og skrifstofufólks	kr.	32 941.50
	2.	Afsláttur og skuldatöp	—	3 000.00
	3.	Annar rekstrarkostnaður	—	31 263.41
	4.	Fyrning á húsum og vélum	—	14 223.66
		samtals	kr.	81 428.57

af kr. 473 503.31 brúttóhagnaði smiðjunnar.

8. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

II.	1.	Laun starfsmanna	kr.	17 967.65
	2.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	396.68
	3.	Vextir	—	42 888.92
	4.—7.	Annar kostnaður	—	75 381.72
		Samtals	kr.	136 634.97

af kr. 1 103 362.08 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

9. Vífilsstaðabúið:

II. Gjöld 1.—7. ..... kr. 90 024.07
af kr. 112 513.96 brúttótekjum búsins.

10. Kleppsbúið:

II. Gjöld 1.—7. ..... kr. 86 463.05
af kr. 108 365.17 brúttótekjum búsins.

11. Skólabúið á Hólum:

II. Gjöld ..... kr. 81 907.74
af kr. 84 565.23 brúttótekjum búsins.

13. Grænmetisverzlun ríkisins:

II. Gjöld 1.—5. ..... kr. 129 152.73
af kr. 343 837.29 brúttóhagnaði.

14. Áburðarsala ríkisins:

II. Gjöld 1.—3. ..... kr. 92 712.83
af kr. 181 420.42 brúttóhagnaði.

15. Raftækjaeinkasala ríkisins:

II. Gjöld 1.—3. ..... kr. 49 074.75
af kr. 116 543.14 brúttóhagnaði.

B.

2. Arnarhvoll:

II. Gjöld 1.—3. ..... kr. 11 624.40
af kr. 69 996.00 brúttótekjum.

3. gr.

Til viðbótar gjöldunum í 7. gr. er veitt:
Vextir af lánum ríkissjóðs:

1.		Innlend lán	kr.	1 175.90
2.		Dönsk lán	—	40 478.22

3. Ensk lán	kr.	57 795.00		
4. Lán í dollurum	—	77 197.26	kr.	176 646.38

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:				
1. c. Húsaleiga utanríkisráðherra	kr.	3 000.00		
3. a. Laun starfsmanna stjórnarráðsins	—	88 735.47		
b. Annar kostnaður við stjórnarráðið	—	37 010.27		
4. a. Laun starfsmanna í ríkisfjárhirzlu og ríkisbókhaldi	—	8 800.00		
b. Annar kostnaður s. st.	—	4 970.52		
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings	—	1 529.95		
6. b. Pappír, prentun og hefting stjórnartíðinda	—	9 254.60		
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	—	49 095.73		
II. Hagstofan:				
1. Laun samkvæmt launalögum	kr.	3 150.00		
2. Önnur laun og aðstoð	—	23 376.15		
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	—	2 710.35		
III. Utanríkismál o. fl.				
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:				
d. Til skrifstofuhalds	—	14 070.96		
2. Til meðferðar utanríkismála	—	261 824.02		
3. Ríkisráðskostnaður	—	31.18		
5. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	36 200.00	—	543 759.20

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

2. Laun sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra	kr.	54 087.67		
3. Laun hreppstjóra	—	9 285.12		
4. Skrifstofukostn. lögmannsins í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	37 067.08		
b. Húsaleiga, hiti, ljós, ræsting	—	1 935.00		
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	62 988.50		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	17 048.22		
c. Ýmis gjöld	—	51 735.11		
6. Skrifstofukostn. lögreglustjórans í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	15 199.80		
b. Ljós, hiti, ræsting	—	6 222.88		
c. Ýmis gjöld	—	4 152.11		
7. Skrifstofukostnaður sakadómara:				
a. Laun og aðstoð	—	35 953.70		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	5 732.66		
c. Ýmis gjöld	—	11 170.54		
8. Toll- og löggæzla:				
a. Í Reykjavík:				
1. Laun og aðstoð	—	53 295.50		
2. Annar kostnaður	—	50 003.96		

	b. Utan Reykjavíkur:				
	1. Laun		kr.	5 400.00	
	2. Annar kostnaður		—	8 106.07	
	c. Vegaeftirlit:				
	1. Laun		—	4 180.00	
	2. Annar kostnaður		—	3 335.94	
9.	Bifreiðaeftirlit:				
	a. Laun	kr. 7 600.00			
	b. Annar kostnaður	— 18 696.85			
		kr. 26 296.85			
	÷ Prófgjöld og skoðunargjöld, er fóru fram úr áætlun	— 17 030.40			
			—	9 266.45	
10.	Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði		—	466 161.85	
11.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra		—	42 694.00	
12.	Til landhelgisgæzlu		—	413 426.30	
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík og til viðhaldskostnaðar fangelsa		—	12 470.68	
14.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni		—	39 813.53	
16.	Borgun til sjódómsmanna		—	3 570.00	
17.	Til setu- og varadómara		—	4 140.10	
18.	Löggildingarstofan		—	9 509.88	
19.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum		—	10 160.65	
21.	Kostnaður vegna laga nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði		—	4 044.20	
22.	Kostnaður vegna laga nr. 62 1938, um bókhald		—	11 169.85	
					kr. 1 463 327.35

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1.	b. Fyrir embættisskeyti	kr.	79 830.70	
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	3 331.90	
4.	a. Skattstofan í Reykjavík	—	41 334.94	
	b. Skattanefndir	—	78 280.74	
	c. Fasteignamat	—	77 534.60	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	21 719.99	
6.	Eyðublöð, bókband og auglýsingar	—	64 787.58	
				— 366 820.45

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

1.	Laun héraðslækna	kr.	9 440.32	
2.	Skrifstofukostnaður landlæknis	—	219.00	
6.	Landsspítalinn kr. 160 848.12			
	÷ tekjur umfr. áætlun — 43 366.37			
		—	117 481.75	
12.	Önnur gjöld:			
	a. Styrkur til að reisa læknabústaði og sjúkraskýli	—	5 000.00	
	d. Bólusetningarkostnaður	—	4 627.81	
	e. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	—	4 087.50	

h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	kr.	2 181.75		
j. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum	—	10 250.00		
l. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey	—	300.00		
13. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra	—	8 504.83		
14. Kostnaður vegna laga nr. 21 1937, um störf héraðslækna	—	600.00		
15. Kostnaður vegna laga nr. 114 1940, um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	23 500.00	kr.	186 192.96

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:				
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:				
2. Laun aðstoðarverkfræðings	kr.	400.00		
3. Laun skrifstofustjóra	—	450.00		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	—	4 527.29		
5. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	26 876.29		
6. Skrifstofukostnaður	—	6 653.41		
II. Þjóðvegir:				
a. Til nýrra akvega	—	232 726.44		
b. Viðhald og endurbætur	—	1 016 027.06		
c. Til þjóðvega af benzínskatti	—	734 657.26		
III. Til brúargerða	—	237 024.14		
IV. Til fjallvega	—	6 349.93		
VI. Til sýsluvega:				
1.—2. Til akfærra sýsluvega	—	51 225.11		
3. Til sýsluvegasjóða	—	49 916.35		
VIII. Til ferjuhalds	—	550.00		
XI. Til fyrrv. vegaverkstjóra	—	200.00		
XII. Iðgjöld til slysatryggingarinnar	—	17 406.60	—	2 384 989.88
B. Samgöngur á sjó:				
1. Til strandferða:				
a. Ríkissjóðs	kr.	810 478.27		
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	—	18 400.00	—	828 878.27
C. Vitamál og hafnargerðir:				
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:				
2. Laun aðstoðarverkfræðings	kr.	400.00		
3. Húsaleiga, ljós og hiti	—	1 905.27		
II. Laun vitavarða	—	7 563.40		
III. Rekstrarkostnaður vitanna	—	17 818.36		
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa	—	635.99		
VII. Ýmislegt	—	7 066.90		
IX. 4. Til bryggju á Bíldudal	—	100.00		
XIII. Til sjómælinga	—	11 113.06		
XIV. Fyrning	—	5 450.00		
XV. Til öldubrjóts í Hafnarfirði	—	40 000.00		
XVI. Til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa	—	54 000.00		

XVII. Til lendingarbóta í Grindavík	kr.	23 000.00		
XVIII. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	—	10 046.29		
			kr.	179 099.27

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:				
a. Biskupsdæmið:				
2. Húsaleigustyrkur	kr.	2 094.00		
3. Skrifstofukostnaður og risna	—	2 000.00		
b. 5. Embættiskostnaður presta	—	629.17		
6. Til húsabóta á prestssetrum	—	1 427.33		
10. Kostnaður vegna laga nr. 62 1932, um kirkjugarða	—	1 850.00		
11. Kostnaður vegna laga nr. 98 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði	—	5 000.00		
12. Kostnaður vegna laga nr. 76 1940, um skipting Reykjavíkur í prestaköll	—	66 667.00		
13. Kostnaður vegna laga nr. 73 1941, um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar	—	3 160.00		
14. Framlag til prestsbústaðar í Reykjavík	—	85 000.00		
15. Til húsabóta á prestssetrum	—	24 000.00	—	191 827.50
B. Kennslumál				
I. Háskólinn	kr.	79 403.85		
II. Námsstyrkur erlendis	—	15 625.28		
IV. Fræðslumálastjórnin:				
2. Til eftirlitsferða	—	1 147.50		
3. Skrifstofukostnaður	—	3 392.18		
V. Menntaskólinn í Reykjavík	—	18 248.60		
VI. Menntaskólinn á Akureyri	—	41 987.81		
VII. Kennaraskólinn	—	16 636.69		
VIII. Stýrimannaskólinn	—	11 275.12		
X. Bændakennsla:				
1. Til bændaskólans á Hólum	—	13 123.94		
2. Til bændaskólans á Hvanneyri	—	25 152.73		
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	—	11 604.47		
XII. b. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda	—	100.00		
XIV. Almenn barnafræðsla:				
1. Laun kennara við fasta skóla	—	15 808.63		
2. Laun farkennara	—	35 163.67		
3. Til aukakennslu og eftirlits með heimafræðslu	—	8 744.76		
6. Ráðskonukaup við heimavistarskóla	—	5 970.00		
XV. Unglinga- og alþýðuskólar:				
1. Til alþýðuskólans á Eiðum	—	7 804.57		
3. Til héraðsskóla, stofnkostnaður ...	—	17 000.00		
5. Til Snorragarðs í Reykholti	—	14 000.00		
6. Til gagnfræðaskóla skv. l. nr. 48 1930	—	31 415.47		
7. Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga ..	—	2 500.00		
XVI. Húsmæðrafræðsla:				
1. Til húsmæðraskóla samkvæmt lögum	—	25 637.94		
XVII. Til kennslu heyrnar- og málleysingja ..	—	11 579.77		

XXIII.	Til Björns Jakobssonar, Laugarvatni, til íþróttakennslu og leikfimisprófs ..	kr.	900.00		
XXVIII.	Til Skáksambands Íslands	—	800.00		
XXX.	Kostnaður vegna laga nr. 57 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir	—	54 362.48		
XXXI.	Kostnaður vegna laga nr. 96 1938, um iðnaðarnám	—	3 082.75		
XXXII.	Kostnaður vegna íþróttalaga, nr. 25 1940	—	8 619.50		
XXXIII.	Kostnaður vegna laga nr. 33 1940, um héraðsskóla	—	2 500.00		
XXXIV.	Styrkur til Handíðaskólans	—	8 728.80		
				kr.	492 316.51

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Landsbókasafnið	—	14 700.00		
2.	Þjóðskjalasafnið	—	2 293.72		
4.	Náttúrufræðifélagið	—	4 600.00		
5.	Safnahúsið	—	17 494.77		
13.	Til lesstofu sjómanna á Siglufirði	—	1 000.00		
26.	Til hins íslenzka fræðafélags	—	12.48		
36.	Til tónlistarskólans	—	4 000.00		
46.	Styrkur til skálda og listamanna	—	10 114.94		
49.	Til jökulmælinga	—	120.00		
50.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar	—	1 582.69		
53.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	10 467.33		
56.	Til Þjóðræknisfélags Íslendinga	—	875.00		
58.	Til Örlygs Sigurðssonar	—	2 400.00		
62.	Til Haralds Ásgeirssonar, til náms í sementsgerð	—	3 600.00		
63.	Kostnaður vegna handritageymslu á Flúðum	—	3 260.93		
64.	Til leikskóla Lárusar Pálssonar	—	600.00		
				—	77 121.86

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

2.	Til Búnaðarfélags Íslands	kr.	95 666.39		
5.	Til sandgræðslu	—	10 000.00		
7.	b. Til verkfærakaupasjóðs	—	10 000.00		
8.	Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931	—	28 000.00		
15.	Til skógræktar:				
	a. Laun	—	9 033.33		
	b. Skóggræðsla	—	30 000.00		
16.	Til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	3 220.23		
17.	Til áveitufélags Ölfusinga	—	15 000.00		
18.	Til dýralækna:				
	c. Til Guðbr. Hlíðar, til dýralækninganáms	—	309.37		
	d. Til Páls Pálssonar, til dýralækninganáms	—	412.50		
23.	Til búreikningaskrifstofu	—	2 000.00		
25.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna:				
	a. Iðnaðardeild	—	4 593.28		
	b. Landbúnaðardeild	—	99.09		
	c. Fiskideild	—	5 702.24		

	d. Matvælaeftirlit	kr.	13 621.50
	e. Sameiginlegur kostnaður	—	95.48
	(Tekjur, er runnu til rannsóknarstofunnar, fóru kr. 46 380.45 fram úr áætlun.)		
27.	Til rannsóknarstofu háskólans:		
	a. Laun	—	21 608.94
	b. Annar kostnaður	—	41 015.31
	(Tekjur rannsóknarstofunnar fóru kr. 55 872.17 fram úr fjárlagaáætlun.)		
28.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun	—	900.00
	b. Til aðstoðar	—	6 140.50
	d. Til veðurskeyta o. fl.	—	26 810.05
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	274.86
29.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	a. Laun	—	2 435.00
	b. Annar kostnaður	—	53 949.61
	(Tekjur eftirlitsins fóru kr. 57 595.54 fram úr áætlun.)		
32.	Til Fiskifélagsins	—	10 000.00
34.	Til klaksjóðs	—	162.91
35.	Til loðdýraræktar	—	1 000.00
38.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmenn	—	6.00
	b. 4 ullarmatsmenn	—	800.00
	c. 3 kjötmatsmenn	—	750.00
39.	Eftirlit með skipum og bátum:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	—	1 200.00
	d. Ferðakostnaður	—	393.40
42.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	—	697.85
61.	Til vinnumiðlunar	—	13 697.54
66.	Til dýraverndunarfélags Íslands	—	200.00
69.	Húsameistari ríkisins:		
	b. Skrifstofukostnaður	—	24 537.00
71.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	20 948.00
72.	Til frystihúsa	—	13 783.87
77.	Kostnaður vegna mæðiveikinnar:		
	A. Til varnar útbreiðslu veikinnar	—	584 936.53
	B. Til stuðnings bændum á mæðiveikisvæðinu:		
	1. Til að styrkja bændur	—	263 954.30
	2. Nefndarkostnaður	—	12 212.70
78.	Til rannsókna og varna gegn garnaveiki	—	226 901.61
79.	Kostnaður við verðlagsnefnd	—	34 750.00
80.	Kostnaður við Skömmtunarskrifstofu ríkisins	—	23 090.10
81.	Kostnaður við kauplagsnefnd	—	1 982.36
82.	Kostnaður við húsaleigunefnd	—	29 776.65
85.	Kostnaður vegna laga nr. 57 1928 um atvinnuleysisskýrslur	—	385.22
86.	Kostnaður vegna laga nr. 46 1930, um fiskiveiðasjóð	—	910 000.00

87.	Kostnaður vegna laga nr. 1 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma	kr.	900.00	
88.	Kostnaður vegna laga nr. 12 1935, um iðnlánasjóð	—	917.00	
89.	Kostnaður vegna laga nr. 93 1935, um eftirlit með skipum og bátum	—	1 800.00	
90.	Kostnaður vegna laga nr. 9 1936, um fiskimat	—	2 000.00	
91.	Kostnaður vegna laga nr. 66 1936, um eyðing svartbaks	—	538.95	
92.	Kostnaður vegna laga nr. 53 1938, um matéssíldarmat	—	15 075.17	
93.	Kostnaður vegna laga nr. 28 1940, um friðun hreindýra	—	1 997.50	
94.	Kostnaður vegna laga nr. 64 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	—	2 902.93	
95.	Kostnaður vegna laga nr. 72 1940, um eftirlit með verksmiðjum og vélum	—	21 026.30	
96.	Kostnaður vegna laga nr. 37 1941, um vátryggingafélög fyrir fiskiskip	—	50 000.00	
97.	Kostnaður vegna laga nr. 50 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með lántökum erlendis	—	76 312.50	
98.	Kostnaður vegna laga nr. 82 1941, um gjaldeyrisverzlun	—	11 825.00	
99.	Rekstrarkostnaður rannsóknarstöðvar búfjársjúkdóma á Keldum	—	53 789.16	
100.	Til kaupa á jarðbor	—	15 000.00	
101.	Kostnaður vegna skógræktar undanfarin ár	—	23 749.35	
102.	Kostnaður við athugun og eftirlit með rafveitum	—	6 429.67	
				kr. 2 841 317.25

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Styrkur til berklavarna:			
	a. Til berklasjúklinga	kr.	250 295.33	
	b. Annar kostnaður	—	23 989.00	
2.	Styrkur til sjúklinga, sbr. lög nr. 78 1936	—	152 209.98	
3.	Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	7 914.29	
4.	Gjöld skv. framfærslulögum, nr. 135 1935	—	2 084.72	
5.	Til alþýðutrygginga	—	459 338.53	
8.	Til barnaheimila og barnaverndar	—	2 384.75	
12.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	—	7 773.20	
14.	Til áfengismálaráðunautar	—	200.00	
39.	Kostnaður vegna laga nr. 69 1937, um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga	—	703 665.00	
40.	Kostnaður vegna framfærslulaga, nr. 52 1940	—	13 200.00	
41.	Til sumardvalar barna	—	175 543.71	
				— 1 798 598.51

12. gr.

Til vibótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

	Eftirlaun og styrktarfé	kr.	7 989.31	
				— 7 989.31

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Verðlagsuppbót	kr.	2 947 806.85	
2. Óviss útgjöld	—	903 551.08	
			kr. 3 851 357.93
		Samtals	kr. 15 390 242.63

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1941, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Ed. 842. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál mjög ýtarlega og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. (GÍG og StgrA) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en meiri hlutinn leggur til, að gerðar verði á því verulegar efnisbreytingar.

Þegar frv. til laga um hafnarbótasjóð var borið fram á Alþ. 1943, var það ætlun flm., að styrkur úr sjóðnum yrði veittur til viðbótar hinum almennu fjárframlögum til hafnarbóta á þeim stöðum, sem hafa góð skilyrði til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða, en lítið fjárhagslegt bolmagn til þess að hefjast einir handa um hafnarbætur á grundvelli hafnarlaga eða laga um lendingarbætur, sbr. grg. á þskj. 57 frá því þingi. En með því að 4. gr. kvað svo á um, að Alþingi skyldi setja nánari ákvæði um fjárveitingu úr sjóðnum, var ekki talið nauðsynlegt eða eðlilegt að halda því ákvæði í lögunum, að styrkurinn skyldi vera viðbótarstyrkur, þótt segja mætti, að það væri eitt af meginatriðum frumvarpsins, eins og það var upphaflega sett fram. Hins vegar er alveg ljóst, að með setningu laganna um hafnarbótasjóð frá 1943 hefur vakað fyrir Alþ. eftirfarandi:

1. að leggja til hliðar í sérstakan sjóð ákveðna upphæð, er síðar yrði varið til bættra hafnarskilyrða þar, sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða, og að fjárveiting úr sjóðnum verði ávallt að fara eftir þessari meginreglu svo lengi sem 1. gr. laganna er óbreytt;
2. að sjóðnum séu tryggðar árlegar tekjur úr ríkissjóði að óbreyttri 2. gr. laganna;
3. að fjárveitingar úr sjóðnum séu að öðru leyti háðar síðari ákvæðum Alþingis.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 635, er gengið mjög á móti hinum upphaflega tilgangi með stofnun sjóðsins, þar sem honum er þar nú ætlað það hlutverk að aðstoða ríkissjóðinn um greiðslu á fjárframlögum til hafnarbóta samkv. ákvæðum gildandi hafnarlaga og það jafnvel án þess að uppfylla fyrirmæli 1. gr. laganna.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er ríkisstjórninni á hverjum tíma gefin mjög víðtæk heimild til þess að veita stórar fjárhæðir úr sjóðnum án íhlutunar Alþingis og jafnframt með slíkum fjárveitingum að skuldbinda ríkissjóðinn langt fram í tímann til þess að endurgreiða sjóðnum þessar upphæðir og skylda þannig Alþingi til þess að sjá fyrir nauðsynlegum tekjum til þess að standast þær greiðslur, annaðhvort með sköttum, lánum eða með því að stöðva framlög að fullu til hafnarbóta og jafnvel einnig til annarra verklegra framkvæmda. Verði því sá háttur hafður á að skylda ríkissjóð til þess að endurgreiða hafnarbótasjóði hverja þá upphæð, sem úr honum er veitt, ber að athuga það gaumgæfilega í hvert sinn, sem

fé er þannig veitt, á hvaða hátt ríkissjóður verði fær um að endurgreiða féð án þess að bregðast öðrum aðkallandi skyldum um fjárframlög. Á það mat að sjálfsögðu að vera gert af Alþingi, en ekki ríkisstjórn.

Á fylgiskjali I, sem birt er hér með, er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur sjóðsins næsta ár, miðað við, að heimildin samkv. frv. verði notuð að fullu. Sést þar, að þegar á næsta ári bæri ríkissjóði að greiða til sjóðsins 1.1 millj. króna, árið 1947 1433 þús. krónur og síðan stighækkandi, þar til upphæðin væri árið 1954 orðin 2283 þús. krónur. Enn fremur sést á fylgiskj. II yfirlit yfir allar greiðslur úr ríkissjóði til hafnarbóta á árunum 1936—1945. Fyrstu sex árin nema þessar upphæðir um og innan við 300 þús. krónum á ári, en hækka síðan og verða hæstar í ár, 3,4 millj. króna.

Af þessu er ljóst, að verði frv. að lögum óbreytt, færist öll fjárveitingin til hafnarbóta í framtíðinni frá Alþingi yfir til ríkisstjórnarinnar eða til þess ráðherra eins, sem fer með hafnarmál á hverjum tíma. Auk þess sem ljóst er, að breyta verður lögunum innan skamms, annaðhvort á þann hátt að fella niður heimildina til fjárveitinga úr sjóðnum eða að fella niður skyldur ríkissjóðs til endurgreiðslu í sjóðinn.

Nefndinni er ljóst, að frumv. er fram komið vegna aðkallandi þarfar um framlög til hafnargerðar á Akranesi og í Keflavík, sem ríkissjóður þótti ekki megnugur að leggja fé til sem þurfti á þessu ári. Þessari þörf má bæta úr með sérstökum lögum, ef þingmeirihluti telur það rétt, án þess að fara inn á þá ófæru, sem stefnt er að með frumvarpinu óbreyttu. Er frumvarpið þá fært að nýju nær því, sem það var upprunalega borið fram af þm. Borgfirðinga.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum er heimilt með sérstökum lögum í hvert sinn að veita fé úr hafnarbótasjóði, samanber 1. gr., enda sé í þeim lögum ákveðið, hvernig endurgreiðslu úr ríkissjóði skuli hagað, svo og hlutföll fjárframlaga, eftir því sem ástæður þykja til í hvert sinn.

Alþingi, 13. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. meiri hl. Ingvar Pálmason. Magnús Jónsson.

Fylgiskjal I.

Tafla yfir inn- og útgreiðslur hafnarbótasjóðs samkvæmt ákvæðum 4. gr. þingskj. 635, miðað við, að heimildin verði notuð að fullu á hverjum tíma.

Ár	Höfuðstóll 1/1	Ríkistillag	Afb.	Til ráðstöf. samkv. 4. gr.	Eldri lán	Hámarkslán	Í sjóði 31/12	Í útlánum 31/12	Höfuðstóll 31/12
1945	3 300 000	300 000	»	2 400 000	»	2 400 000	1 200 000	2 400 000	3 600 000
1946	3 600 000	300 000	800 000	1 000 000	1 600 000	2 600 000	1 300 000	2 600 000	3 900 000
1947	3 900 000	300 000	1 133 000	1 333 000	1 467 000	2 800 000	1 400 000	2 800 000	4 200 000
1948	4 200 000	300 000	1 577 000	1 777 000	1 223 000	3 000 000	1 500 000	3 000 000	4 500 000
1949	4 500 000	300 000	1 370 000	1 570 000	1 630 000	3 200 000	1 600 000	3 200 000	4 800 000
1950	4 800 000	300 000	1 560 000	1 760 000	1 640 000	3 400 000	1 700 000	3 400 000	5 100 000
1951	5 100 000	300 000	1 703 000	1 903 000	1 697 000	3 600 000	1 800 000	3 600 000	5 400 000
1952	5 400 000	300 000	1 745 000	1 945 000	1 855 000	3 800 000	1 900 000	3 800 000	5 700 000
1953	5 700 000	300 000	1 870 000	2 070 000	1 930 000	4 000 000	2 000 000	4 000 000	6 000 000
1954	6 000 000	300 000	1 983 000	2 183 000	2 027 000	4 200 000	2 100 000	4 200 000	6 300 000

Fylgiskjal II.

Tafla, er sýnir framlög úr ríkissjóði til hafnarbóta samkv. fjárlögum.

1936	kr.	278 000	liðir VII—XII
1937	—	269 500	— VII—XI
1938	—	297 350	— VIII—XI
1939	—	301 150	— „ „
1940	—	302 000	— „ „
1941	—	303 500	— VIII—XII
1942	—	735 000	— VIII—XIV
1943	—	1 749 500	— IX—XIII
1944	—	2 223 000	— IX
1945	—	3 371 500	— IX, meðtalið 300 þús. tillag til hafnarbótasjóðs. Önnur ár er tillagið ekki meðtalið.

Sþ. 843. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir rafveitu Stykkishólms.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 350 þús. kr. lán til endurnýjunar rafveitu Stykkishólmshrepps, þó ekki yfir 85% kostnaðar.

Greinargerð.

Í Stykkishólmi er rafveita, sem rekin er með 2 gömlum vélum. Voru þær upphaflega 25 hestafla hvor, en skila nú orðið ekki meira en 20 hestöflum hvor fyrir elli sakir og eru afar olíufrekar. Önnur vélin er að verða ónýt og hvergi hægt að fá varahluti. Kauptúninu er nauðugur einn kostur að fá nýjar vélar nú þegar á þessu ári, svo að ekki skapist algert öngþveiti í rafmagnsmálum þess. Vatnsvirkjanir þær, sem rætt hefur verið um í 11 ár, eiga væntanlega alllangt í land enn og geta ekki bætt úr hinni bráðu þörf.

Talið er, að kaupa þurfi tvær vélar, samtals 200—230 hestöfl, og hús verður að byggja yfir þær. Má gera ráð fyrir, að þessi kostnaður nemi um 400 þús. kr. Í samræmi við þá stefnu, sem nú virðist efst á baugi í þingi, að takmarka rafveituábyrgðir við 85% kostnaðar, er upphæðin í tillögu þessari ákveðin 350 þús. kr.

Ed. 844. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt.

Vegna þess að málið var ekki afgreitt fyrir s. l. áramót, leggur nefndin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Á milli orðanna „skal“ og „árið“ komi: allt.

Alþingi, 13. janúar 1945.

Magnús Jónsson, form. Lárus Jóhannesson, frsm. Bernh. Stefánsson.

H. Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Ed. 845. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svolátandi:
Lífeyrissjóður Íslands endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma skv. þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

Ed. 846. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, er lagt var fyrir neðri deild, og var þar mælt með því ágreiningslaust af fjárhagsnefnd og það afgreitt.
Nefndin mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. janúar 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.
H. Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Nd. 847. Breytingartillaga

við frv. til l. um framboð og kjör forseta Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Við 3. gr.
1. Á eftir orðunum „fjórða hvert ár“ í niðurlagi 1. málsliðar komi: sbr. þó 2. málsgrein.
2. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá innan árs kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá þeirri kosningu. Ákveður forsætisráðherra þá kjördag, en að öðru leyti fer eftir fyrirmælum laga þessara.

Nd. 848. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 54 12. okt. 1944 numin úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hefur Alþingi heimilað ríkisstjórninni með lögum að innheimta stimpilgjald, aukatekjur og vitagjald með 40% viðauka, og á s. l. ári var enn veitt sams konar heimild fyrir árið 1945. Síðan þau lög voru sett, hefur komið í ljós, að tekjur þær, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, munu engan veginn hrökkva fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum ríkisins á þessu ári. Með frv. þessu er ætlazt til, að nokkuð verði bætt úr tekjuþörf ríkissjóðs með því að heimila ríkisstjórninni að innheimta framanskráð gjöld með 100% viðauka í stað 40%, auk þess sem bætt er við heimild til að innheimta leyfisbréfagjöld og lestagjald af skipum með sama viðauka. Öll þessi gjöld hafa um alllangt skeið staðið óbreytt, og með tilliti til verðfalls peninga á undanförnum árum verður ekki talið ósanngjarnt, að þau séu hækkuð um 100% frá því, sem þau voru ákveðin upphaflega.

Þá er einnig lagt til, að gjöld af innlendri framleiðslu tollskyldri séu hækkuð um 50%. Þessi gjöld voru ákveðin með lögum nr. 60 1939, áður en styrjöldin skall á, og verður að ætla, að þessi framleiðsla geti vel borið þá hækkun, sem hér er gert ráð fyrir.

Enn fremur er lagt til, að eignarskattur sé hækkaður um 50%.

Væntanleg tekjuaukning á þessu ári, ef frv. verður samþykkt, er áætluð sem hér segir:

Af vitagjaldi	kr.	120000.00
— aukatekjum	—	320000.00
— stimpilgjaldi	—	680000.00
— leyfisbréfagjaldi	—	50000.00
— lestagjaldi af skipum	—	60000.00
— innlendu tollvörugjaldi	—	750000.00
— eignarskatti	—	850000.00
	Kr.	2830000.00

Nd. 849. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965.

Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „yfirmatsnefndar, en hún“ í 2. mgr. 4. gr., komi: fjármálaráðherra, sem.

3. gr.

Í stað orðanna: „og veiðiréttindi“ í 4. mgr. 4. gr., komi: veiðiréttindi og jarðhitaréttindi.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Til að framkvæma aðalmat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað svo óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal fasteignamat framkvæmt sem hér segir:

a. Skylt er öllum matsmönnum brunabótavirðinga að senda fjármálaráðuneytinu afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa) eftir reglum, er ráðuneytið setur.

   Fjármálaráðuneytið ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.

b. Hús þau, sem brunabótamat hefur ekki farið fram á, skulu metin fasteignamati á fimm ára fresti, og skal slíku mati lokið í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 1950. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma hver í sínum hreppi, en þar, sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat þetta fari fram, og skal það annast endurskoðun á matinu.

Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

c. Fjármálaráðuneytið getur látið framkvæma viðbótarmat á jarðeignum á 5 ára fresti vegna jarðabóta, sem unnar hafa verið á tímabilinu. Skal þá leggja til grundvallar jarðabótaskýrslur Búnaðarfélags Íslands.

Jarðabæturnar skulu metnar á sama mælikvarða og gert er í gildandi fasteignamati, en þó tekið tillit til fyrningar á eldri jarðbótum á sama tíma.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna.

8. gr.

Úr 14. gr. falla niður orðin „og skal hann ... lokið."

9. gr.

16. gr. orðist svo:

Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu.

10. gr.

17. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá dagsetningu matsgerðar.

Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat.

11. gr.

18. gr. orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni. Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkv. tilmælum fjármálaráðherra.

Í fasteignamatslögunum frá 1915 var svo ákveðið, að aðalmat skyldi fara fram 10. hvert ár, og hefur þeirri reglu verið fylgt síðan. Reynslan hefur sýnt, að aðalmat fasteigna er mjög umsvifamikið og kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð.

Þetta fyrirkomulag virðist vera mjög óhagkvæmt fyrir ríkissjóð, og er því lagt til í þessu frumvarpi, að tíminn, sem matið á að gilda, verði lengdur í 25 ár og aðalmat verði síðan látið fara fram á 25 ára fresti.

Það virðist ekki nein skynsamleg ástæða til að láta aðalmat á fasteignum fara svo oft fram sem nú er gert, önnur en sú, að um tíðar verðsveiflur geti orðið að ræða, þannig að hlutfallið milli fasteignamats og peningaverðgildis raskist verulega á milli aðalmata. En til þess að bæta úr slíku er lagt til, að í 1. gr. laganna verði bætt inn ákvæði um það, að með lögum megi hækka eða lækka það fasteignamat, sem á hverjum tíma er í gildi.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um 1. gr.

Greinin er þegar skýrð.

Um 2. gr.

Réttara þykir, að fjármálaráðherra fremur en yfirmatsnefnd leggi fullnaðarúrskurð á það, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki.

Um 3. gr.

Lagt er til, að jarðhitaréttindi skuli sér metin á líkan hátt sem vatnsréttindi, námuréttindi o. fl.

Um 4. gr.

Breytingin skýrir sig sjálf.

Um 5. gr.

Ekki þykir ástæða til, að yfirmatsnefnd starfi nema meðan á aðalmati stendur. Ákvæðin í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna, um hlutverk yfirfasteignamatsnefndar, eru flutt í 10. gr.

Um 6. gr.

Á 12. gr. laganna er sú breyting gerð, að lagt er til, að fjármálaráðuneytið ákveði matið á nýjum húsum í samræmi við síðasta fasteignamat samkvæmt lýsingu virðingarmanna brunabótafélaganna og hliðsjón af mati þeirra. Flestar húseignir eru nú brunatryggingarskyldar, og sýnist ástæðulaust að láta fara fram tvö möt á nýjum húsum eða húsum, sem miklar endurbætur hafa verið gerðar á, heldur nægi brunabótamatið sem grundvöllur fyrir ákvörðun fasteignamats af eigninni.

Enn fremur er lagt til, að mat á húsum, sem ekki eru brunabótaskyld, og viðbótarmat fasteigna vegna jarðabóta verði látið fara fram 5. hvert ár. Er gert ráð fyrir, að verði þessi háttur upp tekinn, muni ríkissjóði sparað allverulegt fé, því að reynslan hefur sýnt, að kostnaður við millimat nemur allstórri fjárhæð árlega.

Um 7. gr.

Með því að ekki er um fast starf að ræða, þykir ekki ástæða til að ákveða laun matsmanna í launalögum, en ætlazt er til, að fjármálaráðherra ákveði þóknun til þeirra með hliðsjón af kaupgjaldi á þeim tíma, sem störfin eru unnin.

Um 8. gr.

Síðari hluti 1. mgr. 14. gr. er felldur niður, með því að ákvæði um það efni er tekið upp í 1. gr.

Um 9. gr.

Úr 16. gr. laganna voru 1. og 2. mgr. fluttar í 10. gr. Rétt þykir, að fjármálaráðuneytið sjái um útgáfu skrár yfir aðalmat, og sé lagt á vald ráðherra, í hvaða formi slík skrá skuli gefin út.

Um 10. gr.

Með því að gert er ráð fyrir, að yfirmatsnefnd starfi ekki nema meðan á aðalmati stendur, er lagt til, að fjármálaráðuneytið leggi fullnaðarúrskurð á kærur út af aukamati.

Sþ. 850. Þingsályktun

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Sþ. 15. jan.)

Samhljóða þskj. 788.

Sþ. 851. Tillaga til þingsályktunar

um stuðning til templara í Reykjavík í sambandi við fundahúsbyggingu þeirra.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipun þriggja manna nefndar til að flýta fyrir því, að templarar í höfuðstaðnum geti reist, með ríflegri aðstoð ríkis og bæjar, á heppilegum stað í bænum nauðsynleg húsakynni fyrir starfsemi goodtemplarareglunnar í Reykjavík.

Greinargerð.

Árið sem leið urðu tekjur ríkisins af áfengissölu um 27 milljónir króna. Einn dag fyrir jól seldi ríkið áfengi í Reykjavík einni saman fyrir 360 þús. kr. Það er misskilningur, er menn halda, að ríkið ýti víni að mönnum. Ef ríkið hefur ekki nægilegt vín á boðstólum, byrjar heimabruggið. Nokkur hluti þjóðarinnar er mjög hneigður til áfengisnautnar, og hin mikla sala í höfuðstaðnum sýnir, að þjóðinni stafar mikill háski af vínnautn nokkurs hluta bæjarbúa. Töfurnar, sem segja frá eyðslunni vegna vínkaupa, eru ótvíræðar sannanir fyrir þeim þjóðarvoða, sem stafar af lítið heftri áfengisnotkun.

Félagsskapur templara er sterkasti skipulagsbundni félagsskapur, sem til er hér á landi móti áfengissýkinni. Mest reynir á templara hér í höfuðstaðnum, en þar hefur reglan mjög óhentuga aðstöðu um húsakost. Gamla templarahúsið var gott á sinni tíð, en er nú orðið margfaldlega of lítið og óhentugt fyrir margmennan félagsskap, auk þess sem ekki verður af skipulagsástæðum byggt þar, sem það hús er nú. Þá eiga templarar húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg. Það hús hefur reglan með miklum þegnskap lánað ríkisstjórninni fyrir mjög verulegan hluta af skrifstofum stjórnarráðsins, sem annars hefði bókstaflega verið á götunni. Það er mjög virðingarvert, að leiðtogar reglunnar hafa þannig greitt götu stjórnarvaldanna í nauðsynlegu máli. Mörgum þeirra mun einnig vera ljóst, að eldra umtali um, að ríkið fái húsið til varanlegra umráða vegna æðstu stjórnar landsins, er raunverulega frestað. Íslenzka ríkið getur ekki komizt hjá að eiga þennan stað, bæði vegna þarfa sinna á líðandi stund og þó einkum vegna framtíðarinnar. Templarar eiga skilið viðurkenningu þjóðfélagsins fyrir að geyma til afnota fyrir félagsskap sinn og fyrir ríkið þá húseign, sem öllum má vera sýnilegt, að þarf að vera ríkiseign á Íslandi.

Templarareglan þarf til viðbótar núverandi húseignum að reisa samkomuhús með 3—4 misstórum fundarsölum, veitingastað, lestrarsal og skrifstofum. Þetta hús verður að vera í miðbænum. Ríkið og Reykjavíkurbær verða að leggja til þessarar húsbyggingar svo myndarlega fjárhæð, að þetta templarahús geti orðið með myndarlegustu byggingum í bænum. Það má ekki líta á meginstöðvar templara í höfuðstaðnum eins og venjulegt samkomuhús, miklu fremur hliðstætt skóla- og spítalabyggingu. Þegar bær með 40 þús. íbúum þarf áfengi á einum vetrardegi fyrir 360 þús. kr., þá er um að ræða áfengissýki, sem í eyðileggingu og skaðsemi er meira en sambæri-

leg við berklaveikina. Vegna þess sjúkdóms hefur þjóðin reist mörg dýr og góð hús og eyðir stórfé til þeirra varna árlega. Sömu tökum verður að beita við áfengissýkina. Samkomuhús templara í Reykjavík á að verða á sínu sviði sambærilegt við Vífilsstaði eða Kristneshæli.

Áfengismálið í Reykjavík er svo aðkallandi um skynsamlega úrlausn, að ekki er unandi við aðgerðaleysi forráðamanna ríkis og bæjar. Hér er lagt til, að ríkisstjórnin leitist við, í samráði við bæjarstjórn Reykjavíkur, að fá skipaða þriggja manna nefnd ólaunaðra áhugamanna til að beita sér fyrir byggingu templarahallar í Reykjavík. Það þarf að finna heppilegan stað fyrir þetta framtíðarheimili templara í miðbænum. Sá staður mun vera auðfundinn og auðfenginn, ef forráðamenn bæjarins vilja hraða framkvæmdum í þessu efni. Góðtemplararegla, Reykjavíkurbær og ríkið eiga að taka höndum saman til að reisa stórbyggingu vegna bindindisstarfseminnar í bænum. Það er af miklu að taka til nauðsynlegra framkvæmda í þessu efni, meðan áhugi og kaupgeta er svo mikil í landinu, að þjóðin leggur á sig fús og fríviljug nálega 30 milljóna aukaskatt til vínkaupa á tólf mánuðum.

Ed. 852. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkvæmt 1. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

4. gr.

Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta fjárhagsnefndar (HG, KA, LJóh og MJ) að tilmælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir að öðru leyti um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

„Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að lagt verði sérstakt gjald á aflasölu þeirra skipa, sem sigla með eigin veiði á erlendan markað. Það er vitað, að afkoma þeirra skipa, sem haft hafa slíka aðstöðu, hefur verið góð og að ýmsu leyti betri en annarra veiðiskipa. Þykir því eðlilegt, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, greiði á þennan hátt nokkurn hluta af skattahækkunum þeim, sem óhjákvæmilegar eru.

Tekjur ríkissjóðs samkv. frumvarpi þessu munu nema rúmlega 2,1 millj. kr.“

Ed. 853. Frumvarp til laga

um veltuskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af veltu ársins 1945 eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Velta merkir í lögum þessum heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu að tilboðasöfnun meðtalinni, úttekt eigenda og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldatekjur vátryggingafélaga teljast þó ekki velta í þessu sambandi og ekki heldur sala eigin vinnu. Til veltu telst hins vegar andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), greiðslur til verktaka, flutningsgjöld og afgreiðslugjöld, heildartekjur prentsmiðja, bókaútgefenda, þvottahúsa, fatapressana, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, sala klæðskeraverkstæða og saumastofa, sala matsölu- og veitinga- og gistihúsa, aðgangseyrir að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt heildartekjur þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

3. gr.

Skattur sá, sem um ræðir í 1. gr., skal nema sem hér segir:

1. af heildsölu- og umboðssölu 1½%, þó aldrei yfir 25% af fengnum umboðslaunum;
2. af smásöluveltu 1%;
3. af veltu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem hafa gjaldskylda veltu samkvæmt 2. gr., 1%.

Eigi skal þó greiða skatt af veltu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi;
   b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að síld meðtalinni, þegar vörur þessar eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu;
2. veltu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 60 11. júní 1938.

4. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir lok hvers ársfjórðungs senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um veltu sína á undangengnum ársfjórðungi. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Hafi skatturinn eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

5. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á veltuframtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um veltu sína á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla veltu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að veltuskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn gjald það, sem honum er gert að greiða, ranglega ákveðið, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

6. gr.

Ef skattstjóri eða skattanefnd telur það nauðsynlegt til að geta áætlað veltu gjaldanda eða til skýringar á framtali hans, skal þeim heimill aðgangur að skýrslum þeim um þessi efni, sem viðskiptaráð og verðlagsstjóri hafa undir höndum.

7. gr.

Veltuskatt þann, sem um ræðir í lögum þessum, er óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun.

8. gr.

Samvinnufélögum og samvinnusamböndum er ekki skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1945, sbr. lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

9. gr.

Skattur þessi er ekki frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir veltuskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 9 6. jan. 1935.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meiri hluti fjárhagsnefndar (HG, KA, LJóh og MJ) flytur frumvarp þetta að tilmælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir um frumvarpið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

„Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra skattafrumvarpa, sem ríkisstjórnin hefur talið nauðsynlegt að leggja fram.

Það er alkunna, að þeir, sem stundað hafa verzlun og viðskipti hvers konar á síðustu árum, hafa búið við góða afkomu. Þess vegna hefur þótt hlýða, að þeir bæru að sínum hluta þá hækkun á sköttum, sem nú er óhjákvæmileg, og miðar frumvarp þetta að því.

Gjaldskyldir samkvæmt frv. eru yfirleitt þeir, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu, og hefur skatturinn verið miðaður við veltu þeirra. Þó hefur þótt rétt að undanskilja þessum skatti þá vöru, sem seld er úr landi, og enn fremur ýmsar innlendar afurðir, svo sem mjólk og mjólkurafurðir, kjöt og fisk, þegar framleiðendur selja þessar vörur eða þær eru seldar í heildsölu. Þá hefur og ekki þótt framkvæmanlegt að innheimta skattinn hjá þeim, sem ekki eru bókhaldsskyldir.

Ekki hefur verið hægt að afla nákvæmra skýrslna um það, hversu miklar tekjur skattur þessi muni færa ríkissjóði, en lauslegar athuganir benda til þess, að þær muni nema ca. 9—10 millj. króna.“

Sþ. 854. Tillaga til þingsályktunar

um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kaupa svo fljótt sem unnt er efni í rafveitu frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka, Stokkseyrar og þeirra sveitabýla, er til greina geta komið að njóta raforku frá veitu þessari.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að leggja veituna og verja fé úr ríkissjóði til efniskaupanna og lagningar veitunnar.

Sþ. 855. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Ólafsvíkurhrepp.

(Afgreidd frá Sþ. 15. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 130 þúsund króna lán til rafveitukerfis í Ólafsvík, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar.

Nd. 856. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samkomulag varð ekki innan nefndarinnar um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, JPálm, hefur lýst sig andvígan frv., en undirritaðir vilja samþykkja það með þeirri breytingu, að niður verði felld úr 2. gr. frv. heimild félagsins til að breyta varasjóði sínum í hlutafé. Fékk nefndin umsögn fjármálaráðuneytisins um þetta atriði, og er bréf ráðuneytisins prentað hér með sem fylgiskjal.

Eftir upplýsingum, sem bárust nefndinni, hefur h/f Skallagrímur í Borgarnesi gert samning við h/f Hamar og h/f vélsmiðjuna Héðin í Reykjavík um viðgerð og endursmíði mótorskipsins Laxfoss. Því verki á að vera lokið eigi síðar en 1. maí næstk., og er umsamin borgun fyrir viðgerð og endurbyggingu skipsins kr. 1465000.00.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrri efnismálsgrein 2. gr. falli burt.

Alþingi, 15. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, frsm. Jakob Möller.

Sigfús Sigurhjartarson.

Fylgiskjal.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. janúar 1945.

Ráðuneytinu hefur borizt erindi háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 8. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 9. janúar 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi, að því er við kemur skattfrelsi til handa hluthöfum á fyrirhuguðri útborgun á varasjóði félagsins, enda verði hið útborgaða fé lagt fram sem hlutafé.

Tilgangur frumvarpsins virðist vera sá einn að koma nefndu hlutafélagi, sem beið alvarlegan fjárhagshnekki við strand m/s Laxfoss s. l. vetur, á fjárhagslega öruggan grundvöll, svo sem augljóst er af greinargerð frumvarpsins og ákvæðunum um ábyrgð ríkissjóðs fyrir 750 þús. kr. nýju láni og nýtt hlutafjárframlag sama, allt að 150 þús. kr.

Hins vegar verður ekki séð, að ákvæði 2. gr. laganna um breyting á varasjóðnum í hlutafé geti á neinn hátt orðið félaginu til eflingar. Því bætist ekkert nýtt fé við þá ráðstöfun, auk þess sem það verður að teljast fremur óviðfelldið, að varasjóði félagsins, sem hvergi nærri hrekkur til greiðslu á endurbyggingarkostnaði skipsins, verði skipt upp á milli gömlu hluthafanna, á sama tíma sem verið er að leita nýrra hlutafjárframlaga frá öðrum og stórfelldrar ríkisábyrgðar.

Að þessu athuguðu getur ráðuneytið ekki fallizt á, að rétt sé að víkja frá ákvæðum tekjuskattslaganna varðandi skattgreiðslu af útborgun úr varasjóði félagsins, þar sem önnur félög, sem líkt stæði á fyrir, gætu gengið á lagið og farið fram á sams konar skattfrelsi, sem erfitt gæti orðið fyrir Alþingi að standa á móti, ef fordæmi væri skapað.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 857. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 11. gr.

a. Á eftir orðinu „Flateyjar-“ í 8. málsl. komi: Bíldudals-.

b. Orðið „Bíldudals“ í 12. málsl. falli niður.

Ed. 858. Frumvarp til laga

um framboð og kjör forseta Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við kjör forseta Íslands skal fara eftir gildandi kjörskrám yfir alþingiskjósendur.

2. gr.

Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar, en auk þessara kjörstjórna hefur hæstiréttur þau störf með höndum, sem segir í lögum þessum.

3. gr.

Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði fjórða hvert ár, sbr. þó 2. mgr. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá innan árs kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá þeirri kosningu. Ákveður forsætisráðherra þá kjördag, en að öðru leyti fer eftir fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir dómsmálaráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, en afgreiðir til hæstaréttar öll áðurnefnd skjöl.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsending þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga.

Á kjörseðla skal prenta skýru letri nöfn forsetaefna í stafrófsröð.

6. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

7. gr.

Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins, ef fullur helmingur meðmælenda hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Annars úrskurðar hæstiréttur um það, hvort fresta þarf kosningu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu af nýju.

8. gr.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar, en hæstiréttur notar sérstaka gerðabók um þessi efni.

9. gr.

Að lokinni kosningu senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum, er segir í lögum

um alþingiskosningar. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana, og fer síðan talning atkvæða fram með sama hætti og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það, hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum, sem ágreiningur hefur verið um.

11. gr.

Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni eða umboðsmenn þeirra til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.

Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá hæstiréttur úr.

12. gr.

Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættisins, og er hann þá rétt kjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum. Gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðsfresti.

13. gr.

Staðfest eftirrit af kjörbréfi forseta sendir hæstiréttur forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis.

14. gr.

Ákvæði 134. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

Kærur um ólögmæti forsetakjörs, aðrar en refsikærur, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en 5 dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 859. Nefndarálit

um till. til þál. um skipulag á framleiðslu kindakjöts fyrir innlendan markað.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur eigi getað orðið að fullu sammála um afgreiðslu þessa máls, enda þótt öll nefndin viðurkenni réttmæti þess. Hér er aðeins um að ræða áskorun til ríkisstjórnarinnar um að láta athuga fyrir næsta þing, hvort eigi sé rétt að tryggja beztu fjárræktarhéruðunum forgangsrétt að innlenda kindakjötsmarkaðinum á líkan hátt og viss héruð hafa nú einkarétt á mjólkurmarkaðinum.

Meiri hl. landbúnaðarnefndar telur rétt, að Alþingi láti í ljós vilja sinn í þessu efni. Er að sjálfsögðu eðlilegt, að ríkisstjórnin taki til athugunar álit þeirrar milliþinganefndar búnaðarþings, sem minni hluti landbúnaðarnefndar vill bíða eftir.

Meiri hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 15. jan. 1945.

Jón Pálmason, frsm. Sig. Guðnason. Barði Guðmundsson.

Ed. 860. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er stjórnarfrv., borið fram í Nd., og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (KA) var ekki á fundi sakir veikinda.

Alþingi, 15. jan. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson.

Lárus Jóhannesson.

Nd. 861. Lög

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

(Afgreidd frá Nd. 15. jan.)

Samhljóða þskj. 823.

Nd. 862. Lög

um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 15. jan.)

Samhljóða þskj. 423.

Ed. 863. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 784 (Atvinna við siglingar).

Frá Hermanni Jónassyni.

Í stað „30 rúmlestir“ komi: 15 rúmlestir.

Ed. 864. Frumvarp til laga

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi sex farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða

áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma sex farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð: Ráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður nefndarinnar, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa einn samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Nefndin skal skipuð og kosin til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfstími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. gr. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir þrjú ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis eftir reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum póststjórnarinnar.
f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 7% — sjö af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og lög nr. 36 1. febrúar 1936, um breyting á nefndum lögum, nr. 62 frá 28. janúar 1935.

Ed. 865. Lög

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Afgreidd frá Ed. 15. jan.)

Samhljóða þskj. 835.

Sþ. 866. Þingsályktun

um nefndarskipun til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri.

(Afgreidd frá Sþ. 16. jan.)

Samhljóða þskj. 636.

Sþ. 867. Breytingartillögur

við till. til þál. um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson.

1. Á eftir orðinu „Stokkseyrar“ komi: Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um rafveitur til kauptúna og annarra byggðarlaga í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Ed. 868. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Hermanni Jónassyni.

Í stað 39. gr. og 40. gr. kemur ein grein, er verður 39. gr. og orðast þannig:

Ríkisstjórnin skal nú þegar hefja rannsókn á því, hvernig opinberum störfum og embættum verði fækkað og starfsmannakerfi ríkisins gert einfaldara og ódýrara en nú er. Skal ríkisstjórnin leggja tillögur um þessi atriði fyrir næsta þing. Enn fremur skal ríkisstjórnin leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um réttindi og skyldur embættismanna og opinberra starfsmanna.

Þegar lög eða ályktanir um þessi atriði, fækkun opinberra starfa og embætta og réttindi og skyldur embættismanna, hafa tekið gildi, ganga lög þessi og í gildi samtímis.

Nd. 869. Frumvarp til laga

um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

2. gr.

Aftan við 5. málsgr. 14. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

3. gr.

Aftan við 17. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun

iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Lífeyrissjóður Íslands endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkv. þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

4. gr.

Á eftir 17. gr. komi ný gr., er verður 18. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Bætur, sem sjóðfélagi, eftirlifandi maki hans eða börn fá greiddar samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Ed. 870. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni, Páli Hermannssyni og Haraldi Guðmundssyni.

Við 7. gr. Greinina skal orða þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febr. 1945.

Ed. 871. Frumvarp til laga

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af súrmjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir.

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins.

4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum veruflokkum, ef henta þykir.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febr. 1945.

Ed. 872. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927 skal allt árið 1945 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 873. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (StgrA) gerir ráð fyrir að flytja breytingartillögu við 1. gr., og hafa nefndarmenn óbundin atkvæði um hana.

BBen var ekki á fundi, er málið var afgreitt, og tók því eigi þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 16. jan. 1945.

H. Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.

Hermann Jónasson.

Ed. 874. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 1. gr. Upphaf 2. málsgr. skal orðast svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög o. s. frv.

Ed. 875. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt eftir sömu reglum og hlutafélög, og reiknast fé á höfuðstólsreikningi sem væri það hlutafé.

Nd. 876. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fer fram á þrefalda aðstoð frá ríkinu til h/f Skallagríms til endurbyggingar Laxfoss:

1. Að ríkið ábyrgist 750 þúsund króna lán fyrir félagið.
2. Að ríkissjóður leggi fram viðbótarhlutafé í félagið, 150 þús. krónur.

3. Að félagið megi breyta varasjóði sínum, 450 þús. kr., í hlutafé og sé undanþegið tekjuskatti við breytinguna.

Öll fjárhagsnefnd er sammála um að fella niður 3. lið. En ég get eigi samt sem áður léð þessu frv. mitt fylgi. Ber það meðal annars til, að ég álít það eigi heppilegt skipulag, að ríkið sé á þennan hátt meðeigandi í hlutafélagi, sem hefur stjórnarnefnd búsetta uppi í Borgarfirði, en á að ráða yfir samgöngum á hinni fjölförnustu fólksflutningaleið landsins að meira eða minna leyti. Af þessu félagi er eigi heldur svo góð reynsla, að hvetjandi sé til að veita því aukin fríðindi og rétt.

Fólksflutningar milli Reykjavíkur og Akureyrar eru svo örir og miklir, að nauðsyn ber til að kerfisbinda þá vel og veita ferðafólkinu viðunandi aðbúð. Hvort þeir fara fram aðallega á landi alla leið eða með Akranes sem millistöð, og um annað tel ég ekki að ræða, þá mundi heppilegast, að ríkisvaldið sjálft hafi með þá að gera. Mundu meiri líkur til, að séð yrði sæmilega fyrir aðbúð ferðamanna á þann hátt, að ríkisvaldið hafi umsjónina að fullu í sínum höndum.

Um fjárhagshliðina er það að segja, að ef fargjöldum væri haldið á sama stigi sem vera mundi í höndum einkafyrirtækja, þá væri ríkissjóði vissar miklar tekjur af þeirri ráðstöfun, að ríkið annaðist þetta sjálft. Er ríkissjóði á því mikil þörf, m. a. til að bæta þessa samgönguleið.

Að hve miklu leyti vöruflutningar milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness væru sameinaðir fólksflutningunum, er svo nokkuð annað mál, en eins og við horfir, mundi eðlilegast, að Skipaútgerð ríkisins væri látin annast þessa flutninga, hvort sem stjórn fólksflutninganna væri sett í samband við hana eða ekki. Skipaútgerðinni mundi og full þörf að fá Laxfoss til afnota, ef það er virkilega svo, að hagkvæmara sé að endurbyggja hann, eftir að flakið er búið að liggja á annað ár í sjó og fjöru, en að kaupa eða byggja nýtt skip. Hvort af því tvennu er réttara, skortir mig aðstöðu til að dæma um, en þótt ég hafi enga sérþekkingu á því máli, þá virðist mér það ekki heppilegur eða nauðsynlegur undirbúningur að fara þannig með flakið. Ekki virðist mér heldur sérlega álitlegt að kaupa þetta skip endursmíðað á 1800 þúsund krónur, jafnvel þótt sú áætlun standist.

Að öllu þessu athuguðu legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 16. janúar 1945.

Jón Pálmason.

Nd. 877. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um ítölu, nr. 85 16. des. 1943.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. mgr. 2. gr. laganna skal orða svo:

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til fundar búenda um málið, en búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess geta í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur búenda hreppsins sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Enginn einn maður hefur meira en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveim eða fleiri jörðum. Þess skal geta í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Greinargerð.

Lög um ítölu, nr. 85 frá 1943, eru algert nýsmíði í íslenzkri löggjöf á svo víðu sviði sem þar er gert ráð fyrir. Það er því ekki að undra, þótt einhverjir smíðagallar gætu leynzt í þeim, enda hefur svo reynzt, er til átti að taka um framkvæmd þeirra.

Í upphafi 2. gr. segir, að ef ¼ búenda og jarðeigenda innan sveitar beri fram kröfu um ítölumat, skuli boða til fundar um málið. Þeir, sem boða á, eru ábúendur og jarðeigendur. Ábúendur eru væntanlega alltaf **innan sveitar,** en eigendur jarða sveitarinnar geta verið innan sveitar, utan sveitar, en innan héraðs, utan héraðs, en innan lands og loks erlendis, hvar sem er á hnettinum. Þetta þarf að takmarka nánar. Orða mætti að boða aðeins á fundinn jarðeigendur, búsetta innan sveitarinnar. En slíkt væri hið mesta handahóf, ef á annað borð er verið að miða við eignarrétt á jörðunum. Og jafnvel innan sveitar geta verið fjölmargir eigendur að einni og sömu jörð. Nýlega var þinglýst hér eignarrétti tveggja manna á rúmum 80 álnum í 11 hundraða jörð, m. ö. o. hvor þessara manna á sem næst 1/24 jarðarinnar. En jarðeigendur eru þeir engu að síður, ef haldið er við það hugtak. Hætt er og við, að menn muni ekki eftir slíkum smápörtum, og gæti það valdið ógildingu fundar, að boðun slíkra manna á fundinn hefði farizt fyrir vegna ókunnugleika fundarboðanda. Þessir annmarkar kalla fram þá spurningu, hvort ekki sé unnt að ganga alveg fram hjá eignarhugtakinu og láta ábúendur eina um að krefjast ítölu, ef þeir óska, og bera það mál fram sem hvert annað nauðsynjamál, er varði sveitarfélagið í heild, en með þeim afbrigðum frá venju, að þeir einir eigi um það atkvæði, hvort gera skuli ítölu í lönd hreppsins. Hver ábúandi greiðir þá atkvæði um heildarupptöku málsins, en ekki um afstöðu eða þátttöku einnar jarðar frekar en annarrar í því máli. Og sérafstaða jarðeigandans kemur ekki til greina, svo að teljandi sé.

Sé hins vegar haldið fast við atkvæðisrétt eigendanna, samhliða ábúendunum, er rétt að gera sér ljósa aðstöðu þeirra nokkru nánar.

Sé miðað við eignarréttinn á annað borð, væri samkvæmt eðli málsins réttast að miða við hann eingöngu. Fyllst samræmi næðist með því að telja saman jarðarhundruð þeirra, er atkvæði greiddu með og móti, og láta hundraðatöluna skera úr. Næst mætti hugsa sér, að hver jörð réði einu atkvæði, án tillits til stærðar, og loks, að hver jarðarpartseigandi ætti rétt á því að greiða atkvæði. Gæti þá svo farið, að fjöldi manns væri í fyrirsvari fyrir eitt kot, en einn fyrir höfuðbólið á næsta leiti. Gæti þetta lent út í hreinar öfgar. Og ekki bætir það úr skák, þótt ábúendur á kotinu bætist við hópinn. Það gerir rétt einbýlingsins á eignarjörðinni enn þá minni. Þegar þetta er athugað, finnst mér ekki, að jarðeigandinn þurfi að harma það, þótt ábúendunum einum væri eftirlátinn atkvæðisrétturinn um ítölumatið, en sú leið virðist leysa vandann að fullu.

Sþ. 878. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Þórustaði í Ölfusi.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson, Barði Guðmundsson, Haraldur Jónasson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkisins jörðina Þórustaði í Ölfusi fyrir það verð, er um semst við Búnaðarbankann.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur borizt erindi það, er hér með fylgir, varðandi jörðina Þórustaði í Ölfusi. Hefur okkur, sem nefndina skipum, komið saman um að leggja til, að ríkisstjórninni sé heimilað að kaupa þessa jörð, og því er tillagan flutt. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi fylgiskjala.

Fylgiskjal I.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 14. sept. 1944.

Ráðuneytið sendir hér með háttvirtri landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis til athugunar og frekari aðgerða, ef ástæða þykir til, hjálagt bréf bankastjóra Búnaðarbankans, dags. 5. f. m., með tveimur fylgiskjölum, þar sem bankastjórinn tilkynnir, að bankinn vilji selja ríkissjóði jörðina Þórustaði í Ölfusi, sem er eign bankans.

Þetta ráðuneyti telur mjög æskilegt, með tilliti til þeirrar samfelldu ræktunar, sem ráðgerð er á jörðum ríkisins í Ölfusi, að ríkissjóður eignaðist jörðina Þórustaði.

Búnaðarbankinn hefur tjáð ráðuneytinu, að ef ríkið kaupi ekki jörðina, þá verði hún seld öðrum.

Eru litlar líkur til, að ríkið gæti eignazt jörð þessa fyrir aðgengilegt verð, eftir að hún væri komin í hendur einstaklinga.

Jörð þessi mundi að líkindum, eins og fleiri hlunnindajarðir, lenda í braski.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 5. ágúst 1944.

Fyrir nokkrum árum lenti jarðeignin Þórustaðir í Ölfusi í eign Búnaðarbankans. Að áeggjan ríkisstjórnar þeirrar, er þá sat, búnaðarmálastjóra og stjórnar Nýbýlasjóðs seldi bankinn ekki jörðina. Hafði ríkissjóður þá nýlega eignazt aðliggjandi jarðir, og var talið heppilegt og rétt, að hann ætti einnig þessa jörð.

Er jörðin kom í eigu bankans, var hún svo að segja húsalaus. Bankinn hefur síðan byggt þar íbúðarhús, 1000 hesta hlöðu og peningshús, allt mjög vandaðar byggingar og dýrar, eins og vænta má.

Jörð þessi liggur mjög vel, hvað snertir samgöngur o. fl. Allt land er samfellt graslendi, að miklu leyti þurrlent, grasgefið, hæfilega hallandi móti suðri og sérstaklega auðvelt til ræktunar. Tún er mikið til slétt og gefur af sér í meðalári ca. 400 hesta af töðu, en heyskapur er alls um 1000 hestar, þar af nokkuð flæðihey. Jörðin á land að Ölfusá og á rétt til laxveiði í henni. Fasteignamat jarðarinnar er kr. 14800.00, en það mat fór fram, áður en hús þau, er að framan getur um, voru reist.

Þórustaðir eru eina jörðin, sem bankinn á, og hefði hann að sjálfsögðu selt hana fyrir löngu, ef ekki hefði svo staðið á sem áður er sagt, þ. e. að nauðsynlegt var talið, að ríkið eignaðist hana.

Nú hefur jafnan dregizt, að mál þetta yrði tekið til endanlegrar athugunar og frá kaupum gengið. Bankinn er enn sem fyrr reiðubúinn til að ganga frá þessu fyrir sitt leyti og æskir þess, að það mætti verða sem fyrst. Gæti hins vegar ekki orðið úr þessum kaupum, mun bankinn snúa sér að því að selja öðrum jörðina. Söluverð yrði það, sem hún stendur bankanum nú í, og mundu að sjálfsögðu verða lögð fram skilríki fyrir því, hverju það nemur, um leið og afsal yrði gefið út.

Þóknanlegt svar hins háa ráðuneytis óskast sem fyrst og helzt eigi síðar en 20. þ. m.

Virðingarfyllst.

Búnaðarbanki Íslands.

Hilmar Stefánsson.

Til landbúnaðarráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Bankastjóri Búnaðarbankans hefur óskað eftir því, að ég undirritaður léti í ljós álit mitt um það, hvort jarðeignin Þórustaðir í Ölfusi, sem nú er eign bankans, ætti að mínum dómi að vera í opinberri eign framvegis.

Út af þessu vil ég leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Fyrir nokkrum árum var ég í nefnd ásamt Ingimar Jónssyni skólastjóra og Valtý Stefánssyni ritstjóra, sem gerði tillögur fyrir ríkisstjórnina um kaup á jörðum í þeim tilgangi, að síðar meir yrði þar ráðizt í samfellda ræktun. Nefndin lagði til, að jarðirnar Hvammur, Kirkjuferja, Kirkjuferjuhjáleiga og Þórustaðir yrðu keyptar og jafnvel Árbær og Hellir einnig. Á Alþingi var sniðið svo af þessum tillögum, að einungis þrjár fyrstnefndu jarðirnar voru keyptar.

Ég er enn sama sinnis og þá, að sjálfsagt sé, að ríkið eignist Þórustaði og skipuleggi þurrkun og ræktun á þeirri jörð samhliða hinum jörðunum. Af þessum ástæðum legg ég eindregið til, að ríkið eignist Þórustaði.

Reykjavík, 24. ágúst 1944.

Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal IV.

Bankastjóri Búnaðarbankans hefur óskað eftir áliti mínu á því, hvort æskilegt væri, að jörðin Þórustaðir í Ölfusi, sem Búnaðarbankinn á nú, en hefur ákveðið að selja, komist í eign ríkissjóðs.

Svo sem kunnugt er, liggur jörðin Þórustaðir áfast við allstóra jarðatorfu, sem er ríkiseign og ráðgert er að reisa á nýbýli, þegar stundir líða. Vegna legu sinnar og mikilla ræktunarmöguleika eru Þórustaðir því ákaflega mikilsverð viðbót við landið, sem ríkissjóður á þarna, og eykur þar af leiðandi mjög verulega skilyrði til nýbýlamyndunar á þessum stað.

Það er eindregið álit mitt, að áríðandi sé, að ríkissjóður sleppi ekki því tækifæri, sem nú er fyrir hendi, til þess að eignast þessa jörð, því að ella er líklegt, að hún komist í einkaeign og lendi í gróðabralli, eins og gerzt hefur um nokkrar jarðir á þessum slóðum, til stórtjóns fyrir fólkið, er síðan hefur þurft að nota landið.

Reykjavík, 10. september 1944.

Jens Hólmgeirsson.

Sþ. 879. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstún, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1½ millj. króna lán til að stækka rafveitu Húsavíkur, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Jafnframt fellur niður ábyrgðarheimild sú fyrir láni til sömu framkvæmda, er ríkisstjórninni var veitt 3. des. 1943.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Húsavíkurkauptúns hefur leitað til Alþingis með ósk um, að ríkið hækkaði áður veitta ábyrgð vegna rafveitu Húsavíkur, þar sem dýrtíð hefur mjög aukizt síðan sú heimild var veitt. Fjárveitinganefnd hefur rætt málið við samgöngumálaráðherra og forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins. Telja þeir þessa ábyrgð eðlilega, eins og tilkostnaði er nú háttað. Ber nefndin því fram tillögu þessa.

Ed. 880. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. jan. 1945.

Eiríkur Einarsson, form.	Jónas Jónsson, frsm.	Kristinn E. Andrésson.

Ed. 881. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 2. gr.

a. Fyrri málsgrein skal orða svo:
Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd. Ráðherra skipar nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu áliti sérleyfishafa. Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án íhlutunar, og er hann formaður.

b. Orðin „og kosin“ í 2. málsgr. falli burt.

Nd. 882. Frumvarp til laga

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi sex farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma sex farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd. Ráðherra skipar nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu áliti sérleyfishafa. Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án íhlutunar, og er hann formaður.

Nefndin skal skipuð til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfstími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. gr. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir þrjú ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis eftir reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum póststjórnarinnar.
f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá

skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 7% — sjö af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, er settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og lög nr. 36 1. febrúar 1936, um breyting á nefndum lögum, nr. 62 frá 28. janúar 1935.

Sþ. 883. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa ásamt öðrum tillögum svipaðs eðlis alllengi til athugunar, og hefur hún sætt þar sömu meðferð um afgreiðslu og aðrar tillögur um rafveitumál. Í þessu tilfelli var ekki fyrir hendi nein áætlun um rekstur hinnar fyrirhuguðu rafveitu, og samþykkti nefndin í samráði við hæstv. samgöngumálaráðherra að mæla með því, að ríkisábyrgð yrði veitt, er fyrir lægi rekstraráætlun um rafveituna og sýnt væri, að hún bæri sig fjárhagslega, að dómi viðkomandi ráðherra. Enn fremur þótti nefndinni rétt að miða ábyrgðina við 85% af stofnkostnaði, eins og gert er í öðrum þeim till. um sama efni, er fyrir liggja.

Samkvæmt ofansögðu mælir nefndin með því, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna lán, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Gönguskarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kaup-

túnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 85% af stofnkostnaði rafveitunnar.

Einn nefndarmanna (ÞG) áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögu um, að ábyrgð verði veitt fyrir öllum virkjunarkostnaði, ef hún kemur fram.

Alþingi, 15. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr., frsm.	Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.
Þóroddur Guðmundsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Jónas Jónsson.

Ed. 884. Nefndarálit

um frv. til l. um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. jan. 1945.

Eiríkur Einarsson, form.	Kristinn E. Andrésson, fundaskr., frsm.	Jónas Jónsson.

Sþ. 885. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og rætt hana við samgöngumálaráðherra. Leggur nefndin til í samráði við ráðherra, að tillagan verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. janúar 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.
Sig. Kristjánsson.	Þóroddur Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.
Lúðvík Jósefsson.	Jónas Jónsson.	

Ed. 886. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 30. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar um laun einstakra skólastjóra og kennara koma þó ekki til framkvæmda, fyrr en hlutaðeigandi skólanefnd hefur með ályktun tjáð sig því samþykka.

Ed. 887. Lög

um breyting á lögum nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

(Afgreidd frá Ed. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 424.

Ed. 888. Lög

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 449.

Ed. 889. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að þegar Alþingi hafi ákveðið með lögum, að hafnarmannvirki skuli gerð í ákveðnu byggðarlagi, og þegar fé hafi verið veitt úr ríkissjóði í fjárlögum til hafnargerðar þar, þá sé ráðherra heimilt að veita fé úr hafnarbótasjóði til þessara mannvirkja, ef í ljós kemur, að fjárveiting Alþingis reynist ekki fullnægjandi til þess verks, sem hún er ætluð. Frumvarp þetta felur því ekkert annað í sér en heimild til handa ráðherra til að verja fé úr hafnarbótasjóði til að flýta og halda áfram hafnarmannvirki, sem Alþingi hefur ákveðið, að skuli gert, og veitt fé til að framkvæma. Hér er því ekkert vald tekið af Alþingi, heldur þvert á móti. Alþingi veitir með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, ráðherra aðstöðu til að sjá um, að þeim framkvæmdum, sem Alþingi hefur sjálft ákveðið og veitt fé til, skuli haldið áfram, þótt fjárveitingin reynist ekki fullnægjandi, þegar til framkvæmdanna kemur. Virðist því hér vera um hið mesta nauðsynjamál að ræða, sem miðar að því að tryggja framkvæmd á vilja Alþingis. Við undirritaðir viljum því leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. jan. 1945.

Guðm. Í. Guðmundsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 890. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist sem hér segir:

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Á eftir j-lið kemur nýr liður, sem verður k-liður, svo hljóðandi: sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. þessari grein.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.

14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.

Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.

15. gr. laganna verði 11. gr.

16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.
Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.
Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.
20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist sem hér segir:
Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.
21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist sem hér segir:
Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.
50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist sem hér segir:
Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:
4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.
Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“ komi:
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.
Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.
Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.
59. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi ný gr., sem verði 55. gr. og hljóði svo:
Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.
Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.
60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 85 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

12. gr.

Á eftir 59. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða

smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Á sama tímabili er atvinnumálaráðherra heimilt að veita þeim, sem lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi, siglt hafa sem skipstjórar eða stýrimenn á skipi 30 rúml. eða stærra í fimm ár og eru ekki yngri en 40 ára, réttindi til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum allt að 150 rúml. að stærð.

13. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr. l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 891. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur, allt að 1000000.00 króna.

2. gr.

2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt eftir sömu reglum og hlutafélög og reiknast fé á höfuðstólsreikningi sem væri það hlutafé.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 892. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Þar sem ég tel síður en svo ástæðu til að fjölga kennaraembættum í guðfræðideild háskólans, legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. jan. 1945.

Kristinn E. Andrésson,
fundaskr.

Sþ. 893. Nefndarálit

um till. til þál. um, að fullnægt verði fyrirmæli 4. gr. hæstaréttarlaganna um fjölda dómara í hæstarétti.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á tveim fundum, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Þrír nefndarmanna (ÁÁ, PZ og HarJ) leggja til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Tveir nefndarmenn (GJ og StgrA) leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (SÞ) var ekki á fundi, þegar málið var afgr.

Undirritaður getur ekki fallizt á afgreiðslu meðnefndarmanna og leggur því til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að hlutast til um, að lögunum um fjölda dómara í hæstarétti verði breytt þannig, að aðeins þrír dómarar skipi réttinn.

Síðan 1936 hafa gilt lög um það, að dómarar í hæstarétti skuli vera fimm. Lögum þessum hefur ekki verið fullnægt. Mun sparnaðarráðstöfun hafa ráðið nokkru um það, enda mun það kosta ríkissjóð um 80 þús. kr. á ári að fjölga dómurum í hæstarétti í fimm. En sparnaðurinn einn getur ekki afsakað stjórnarvöldin fyrir það að hafa ekki enn fullnægt lögunum. Hæstiréttur er sú stofnun, sem ekki má spara við á þann hátt, að hann geti ekki uppfyllt þær kröfur, sem þjóðin gerir til hans.

Síðan 1925 hefur hæstiréttur verið skipaður þrem dómurum, og þjóðin hefur borið gæfu til þess að eignast hæstarétt, sem þannig er skipaður, að hann nýtur trausts hennar. Er vafasamt, að vegur eða virðing réttarins væri á nokkurn hátt meiri, þótt dómararnir hefðu frá því fyrsta verið fimm. Þessi reynsla, sú staðreynd, að hæstiréttur hefur leyst hlutverk sitt með prýði og nýtur trausts alþjóðar, hefur gert það að verkum, að ríkisstjórnirnar hafa ekki séð ástæðu til að nota þá heimild, sem í lögum er, að bæta tveim mönnum í dóminn. Það er ekki frekar þörf á því nú en áður að fjölga dómurum í hæstarétti, en þar sem lögin gera ráð fyrir, að dómarar séu fimm, en ekki þrír, þykir sjálfsagt að breyta lögunum í það form, að aðeins sé gert ráð fyrir þremur dómurum.

Undirritaður leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að lögunum um hæstarétt verði á næsta þingi breytt þannig, að aðeins þrír dómarar skipi réttinn.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um breyting á lögum um hæstarétt.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Ingólfur Jónsson.

Ed. 894. Breytingartillaga

við frv. til laga um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 3. gr. Við 1. málsgr. bætist: enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt til framleiðenda.

Nd. **895. Frumvarp til laga**

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt til framleiðenda.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir.

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins.

4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

6. gr.
Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febr. 1945.

Nd. 896. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Jakob Möller. Sigfús Sigurhjartarson.

Ed. 897. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og það barst frá neðri deild.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Bjarni Benediktsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson, frsm.
Lárus Jóhannesson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 898. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.
1. gr. laganna orðist svo:
Ríkisstjórnin ábyrgist lán, allt að kr. 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónum — fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi til þess að láta endursmíða og stækka m/s Laxfoss til að annast flutninga milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness og annarra þeirra staða, er henta þykir að dómi félagsins og samgöngumálaráðuneytisins. Lánið sé einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram viðbótarhlutafé, allt að 150 þúsund krónum, þó ekki yfir ⅓ á móti framlagi annars staðar að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 899. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá Jóni Pálmasyni og Sigurði Kristjánssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala eftir því:

Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist þannig:

Félagið hefur 5 manna stjórn, og eru 3 kosnir af hluthöfum og 2 skipaðir af samgöngumálaráðherra. Annar endurskoðari sé kosinn af félaginu, en hinn skipaður af ráðherra.

Ed. 900. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Mál þetta er komið frá Nd. Landbúnaðarnefnd hefur athugað það á fundum sínum og leitað um það þeirra upplýsinga, er hún taldi sig eiga kost á. M. a. komu á fund n. landbúnaðarráðherra og búnaðarmálastjóri og ræddu þar um málið við n.

Samkomulag náðist ekki um málið.

Þrír nefndarmanna (EE, HG og KA) telja sig ekki geta mælt með frv., en við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Páll Hermannsson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 901. Nefndarálit

um frv. til laga um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Á eftir 12. tölulið undir staflið d. komi nýr liður, svo hljóðandi (og breytast töluliðirnir í samræmi við það):

Við Seyðisfjörð.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Ingvar Pálmason. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 902. Þingsályktun

um skipulag á framleiðslu kindakjöts fyrir innlendan markað.

(Afgreidd frá Nd. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 537.

Nd. 903. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar, og l. nr. 31 13. júní 1937, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar vitamálastjóra um frv. þetta, sem fer fram á að taka inn í vitalög vita á Súgandisey við Stykkishólm. Er umsögn hans birt hér sem fylgiskjal, og er niðurstaða hans sú, að hann er samþykkur því, að innsiglingarljósin fyrir Stykkishólm verði flutt eins og frv. gerir ráð fyrir, en telur varhugavert að taka þau upp í vitalög, þannig að ríkissjóður kosti þau, því að þá mundu áreiðanlega fleiri á eftir koma, sem líkt standi á um.

Að þessu athuguðu treystir nefndin sér ekki til að mæla með samþykkt frv. og leggur til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með skírskotun til umsagnar vitamálastjóra telur deildin ekki tímabært að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.
Sig. Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 17. október 1944.

Með bréfi, dags. 15. f. m., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd óskað umsagnar minnar um frv. til l. um viðauka við l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar, og l. nr. 31 13. júní 1937, um breyting á þeim lögum, á þingskjali 298.

Efni frumvarps þessa er í stuttu máli, að innsiglingarljósin fyrir Stykkishólm, sem hingað til hafa verið á landi á Baulutanga og Svartatanga við Stykkishólm, verði flutt yfir á Súgandisey. Enn fremur verður sú afleiðing af upptöku þessa vita í vitalög, að rekstur leiðarljóssins og byggingarkostnaður færist yfir á ríkissjóð, en þessi kostnaður hefur hingað til verið greiddur úr hafnarsjóði Stykkishólms.

Um flutning leiðarljósanna vil ég taka fram, að ég tel hann til mikilla bóta, ef hann á annað borð er framkvæmanlegur, en það þyrfti að athuga vel áður á staðnum, því að norðurleiðin, sem nú er lýst, er svo þröng, að þar má sem engu muna. Þá er hornviti ekki eins heppilegur á mjög þröngri leið og tvö ljós, er ber saman, eins og nú. En kostirnir við flutninginn eru aðallega þeir, að með byggingu nýs vita á Súgandisey má væntanlega fá lýstar tvær nýjar leiðir fyrir báta, svo kallaða

suðurleið milli Ólafsboða og Lónboða, sem er styttri og skýlli en norðurleiðin, og svo grunnleið vestur með landinu, sem á með litlum vita á Jónsnesi að vera fær bátum, sem ætluðu til Grundarfjarðar og gætu þá alveg haldið sig innan skerja.

Að þessu athuguðu er ég því samþykkur, að innsiglingarljósin verði flutt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, en tel hins vegar mjög varhugavert, að þau verði tekin upp í vitalög, því að þá munu áreiðanlega fleiri á eftir koma, sem líkt stendur á um. Kringum land er nú fjöldi innsiglingarljósa kostaður af viðkomandi hafnarsjóðum, og þeirri meginreglu hefur ávallt verið fylgt af vitastjórninni að taka þau **ekki** inn í vitakerfi ríkisins, nema brýna nauðsyn beri til, enda víðast tekið sérstakt ljósagjald af skipum, sem til hafnarinnar koma, til að standast kostnaðinn, og svo er einnig í Stykkisnólmi.

Ég get því ekki mælt með, að frv. verði samþykkt.

Emil Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Ed. 904. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Gísla Jónssyni, Ingvari Pálmasyni.

Við 12. gr.

1. 3. meginmálsgr. í Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

   Á sama tímabili er atvinnumálaráðherra heimilt, þegar skortur er á skipstjórum eða stýrimönnum, að veita mönnum, sem lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi, undanþágu til þess að gegna skipstjóra- eða stýrimannastöðu á fiskiskipum í innanlandssiglingum allt að 150 rúml. að stærð, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn á skipi yfir 30 rúml. í minnst 5 ár og eigi yngri en 40 ára.

   Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands.

2. **Til vara:**

   Við 12. gr.

   Á eftir meginmálsgr. í Ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Áður en réttindi eru veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands, enda séu þessir aðilar sammála því, að réttindin séu veitt.

Sþ. 905. Nefndarálit

um till. til þál. um, að fullnægt verði fyrirmæli 4. gr. hæstaréttarlaganna um fjölda dómara í hæstarétti.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur þríklofnað um þetta mál. ÁÁ, PZ og HJ vilja vísa tillögunni frá með þeim röksemdum, að ríkisstjórnin geti fjölgað dómurum hæstaréttar, svo sem tillagan fer fram á, ef henni þyki þörf á. IngJ telur ekki þörf fleiri

en þriggja dómara í réttinum og vill, að hæstaréttarlögunum verði breytt í það horf. Við undirritaðir mælum hins vegar með, að þáltill. verði samþykkt.

Þegar ákvæðið um 5 dómara í hæstarétti var leitt í lög, hefur ekki annað getað vakað fyrir löggjafanum en að með því væri aukið réttaröryggi í landinu. Það er einnig skoðun okkar, að svo sé. Hins vegar virðist svo, eftir að lagaákvæðið hefur staðið hér um bil tug ára án þess að koma til framkvæmda, þótt hverri ríkisstjórn af annarri hafi verið heimilað fé til launagreiðslu dómaranna, að fjölgun fastra dómara í hæstarétti verði naumast framkvæmd nema eftir nýjum fyrirmælum Alþingis.

Við teljum því rétt að fá skorið úr um afstöðu Alþingis nú til fjölgunar dómaranna og leggjum til, að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form. Steingr. Aðalsteinsson, frsm.

Ed. 906. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson, Kristinn Andrésson.

Við 1. gr. Orðin „enda verði séra Björn Magnússon, prófastur að Borg, skipaður í annað þeirra“ falli niður.

Nd. 907. Lög

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Nd. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 882.

Nd. 908. Lög

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Afgreidd frá Nd. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 891.

Ed. 909. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943.

(Frá allsherjarnefnd.)

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni Alþýðusambands Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi grg.:

„Það hefur komið í ljós, að ákvæði 19. gr. orlofslaganna, um að mál út af orlofum skuli sæta úrlausn Félagsdóms, eru ekki heppileg, þar sem sú málsmeðferð hlýtur að hafa mikil óþægindi og aukakostnað í för með sér fyrir þá, sem búa utan Reykjavíkur. Getur þetta auðveldlega leitt til þess, að fólk úti um land, sem þarf að sækja mál út af orlofsfé eða orlofi, treysti sér ekki kostnaðar vegna og fyrirhafnar til þess að leggja út í það að fá dóm fyrir þeim réttindum, er lögin kunna að veita því, og ákvæði þetta þannig orðið til þess, að lögin nái ekki tilgangi sínum. Er ljóst, hve auðsóttara það er og kostnaðarminna fyrir hlutaðeigendur að geta snúið sér til hlutaðeigandi héraðsdómara með kröfur sínar, enda eru þessi mál yfirleitt ekki þannig vaxin, að nauðsyn beri til, að sérdómstóll fjalli um þau.

Geta má þess enn fremur, að komið hefur í ljós, að það er mjög óheppilegt að þurfa að sundurgreina orlofsfjárkröfur frá kaupkröfum, þar sem það getur leitt til tvöfaldrar málssóknar fyrir launþega.“

Ed. 910. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 904 [Atvinna við siglingar].

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. lið. Í stað orðsins „stýrimannastöðu“ í 1. meginmálsgr. komi: stýrimannastarfi.

Ed. 911. Breytingartillaga

við brtt. 2. á þskj. 904 [Atvinna við siglingar].

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Orðin „enda séu þessir aðilar sammála því, að réttindin séu veitt“ í niðurlagi till. falli niður.

Nd. **912. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist sem hér segir:

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Á eftir j-lið kemur nýr liður, sem verður k-liður, svo hljóðandi: sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. þessari grein.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.

14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „10. gr." komi: 6. gr.

Orðin „eða á flutningaskipi" falli burt.

Í stað „60 rúmlestir" komi: 30 rúmlestir.

Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði" í enda greinarinnar falli burt.

15. gr. laganna verði 11. gr.

16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „12. gr." komi: 8. gr.

Í stað „60 rúmlestir" komi: 30 rúmlestir.

Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ..." falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.

20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „60 rúmlestir" í b-lið komi: 30 rúmlestir.

21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „á flutningaskipum" í a-lið falli burt.

50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist sem hér segir:

Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:

4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.

Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00" komi:

Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.

Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.

Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00" falli burt.

Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00" falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.

59. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi ný gr., sem verði 55. gr. og hljóði svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 85 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

12. gr.

Á eftir 59. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Á sama tímabili er atvinnumálaráðherra heimilt að veita þeim, sem lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi, siglt hafa sem skipstjórar eða stýrimenn á skipi 30 rúml. eða stærra í fimm ár og eru ekki yngri en 40 ára, réttindi til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum allt að 150 rúml. að stærð. Áður en réttindi eru veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands.

13. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr. l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 913. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni til lendingarbóta á Hellissandi.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 þúsund króna lán vegna lendingarbóta á Hellissandi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var unnið að lendingarbótum á Hellissandi fyrir um 110 þús. krónur. Leggur ríkissjóður fram helming kostnaðar, og hefur það fé verið veitt í fjárlögum fyrir árin 1943, 1944 og 1945.

Til þess að hreppurinn gæti aflað sér hagkvæms láns til þess hluta kostnaðar, sem hann stendur undir, flutti ég á öndverðu þessu þingi, síðastliðið vor, frumvarp um lendingarbætur á Hellissandi. Var þar m. a. farið fram á ríkisábyrgð á láni hreppsins til lendingarbótanna, í samræmi við það, sem fjöldi kauptúna hefur fengið staðfest með lögum. Frv. þessu var vísað til sjávarútvegsnefndar, og sendi hún það

til umsagnar vitamálastjóra. Álit hans hneig til þeirrar áttar, að rétt væri að fresta afgreiðslu frumvarpsins, vegna þess að eigi liggi fyrir á næstunni að gera frekari lendingarbætur á Hellissandi en gerðar voru í sumar, en snúa sér í þess stað að sem ýtarlegustum rannsóknum á hafnargerð í Rifsós, sem liggur rúma 2 km frá Hellissandi. Er því sýnt, að framangreint frv. nær eigi fram að ganga á þessu þingi. En hitt er bæði óhjákvæmilegt og sanngjarnt, að Hellissandur verði aðnjótandi sams konar ríkisábyrgðar á láni til lendingarbótanna, sem mörg önnur kauptún hafa hlotið með sérstökum lögum, eftir því sem með þarf. Í því skyni er þessi tillaga flutt. Af þeim ca. 55 þús. kr., sem í hlut hreppsins koma, hefur tekizt að útvega rúman helming án ríkisábyrgðar. Eru það tæp 25 þús., sem ríkisábyrgð þarf fyrir. Það skal tekið fram, að síðasti sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hét ábyrgð sýslunnar, ef ríkisábyrgð fengist einnig.

Ed. 914. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. jan. 1945.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. Lárus Jóhannesson, frsm.
Kristinn E. Andrésson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 915. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1941.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn, og ber þar ekkert á milli. Um afgreiðslu á athugasemdum yfirskoðunarmanna verður rætt í framsögu.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jakob Möller.
Sigfús Sigurhjartarson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 916. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og borið saman við lögin. Hún mælir með því, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., Jakob Möller, frsm.

Sigfús Sigurhjartarson. Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 917. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 4. gr. Orðin „og til jafnlangs tíma“ falli burt.
2. Við 5. gr. Orðið „svo“ í annarri málsgr. falli burt.
3. Við 6. gr., a lið. Fyrir orðin: „matsmönnum brunabótavirðinga“ komi: sem meta fasteignir til brunabóta.
4. Við 8. gr. Greinin falli burt.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá stjórnartíðindi án endurgjalds.

Nd. 918. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: Þó getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið að lækka gjaldið — og einnig að fella það alveg niður — um ákveðið tímabil í senn.
2. Við 2. gr. Orðin „rjómabúum og smjörsamlögum“ í a-lið falli burt.

Nd. 919. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur á Hellissandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur aflað sér umsagnar vitamálastjóra um frumvarp þetta, sem flutt var á síðastl. vori og er í meginatriðum samhljóða öðrum lögum um lendingar-

bætur, er samþykkt hafa verið að undanförnu. Er álit vitamálastjóra prentað með þessu nál. Skýrir hann þar frá rannsóknum á hafnargerð í Rifi og hugmyndum um að færa höfnina frá Hellissandi þangað. Frekari framkvæmdir um lendingarbætur á Sandi en gerðar voru s. l. sumar telur vitamálastjóri ekki liggja fyrir á næstunni. Leggur hann til, að frv. verði ekki afgreitt að svo stöddu, heldur frestað, þangað til séð verði, hvað hægt er að gera í Rifi.

Flutningsmaður frv., þm. Snæf., hefur mætt á fundi nefndarinnar og rætt málið við hana. Skýrði hann nefndinni svo frá, að megintilgangur hans með flutningi frv. hefði verið sá að gera hreppnum fært að leggja fram tilskilið framlag til lendingarbótanna af sinni hálfu með því að veita ríkisábyrgð fyrir láni til framkvæmdanna. Þar sem vitamálastjóri vilji fresta afgreiðslu frv. að sinni, megi ná þessum tilgangi með því að fá samþykkta þingsályktun um ríkisábyrgð fyrir allt að 25 þús. kr., sem munu nægja vegna framkvæmdanna á síðasta sumri.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi, en veitt í þess stað með þingsályktun umrædd ríkisábyrgð.

Alþingi, 18. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form. Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. september 1944.

Með bréfi, dags. 24. febr. s. l., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis óskað umsagnar minnar um frv. til laga um lendingarbætur á Hellissandi.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum samhljóða öðrum lögum um lendingarbætur, er samþykkt hafa verið á Alþingi nú upp á síðkastið, og gefur ekki tilefni til neinna athugasemda að formi til. Hins vegar skal ég leyfa mér af þessu tilefni að fara nokkrum orðum um hafnarskilyrðin á Hellissandi. Eins og í greinargerð frv. segir, hefur svo að segja frá upphafi vega verið rekinn bátaútvegur frá Hellissandi, en hafnarskilyrði eru þar ekki góð. Sker og boðar torvelda siglingu og mannvirkjagerð, klapparbotn gerir dýpkun örðuga eða praktiskt talað óframkvæmanlega með viðráðanlegu verði, og ýmis atriði fleiri gera aðstöðuna erfiða.

Það hefur því komið fram sú hugmynd, hvort ekki mundi heppilegra og vænlegra til góðrar úrlausnar hafnarmála Snæfellsness utanverðs að færa höfnina frá Hellissandi að Rifi, sem er aðeins rúma 2 km fyrir innan Hellissand. Í Rifi — eða Rifsós — var til forna verzlunarstaður, sem að vísu hefur lagzt alveg af, en í fljótu bragði að minnsta kosti virðist hafa ýmsa möguleika til hafnargerðar, sem aðrir staðir hafa ekki nærlendis.

Í fyrsta lagi gengur fram klapparhryggur, að mestu upp úr á fjöru, austur af Rifshaus og skýlir svo að segja alveg höfninni í veðrum og stórsjóum. Er þarna að kalla tilbúinn hafnargarður frá náttúrunnar hendi, sem aðeins þyrfti að hækka og gera samfelldan, en það virðist hægt að gera með tiltölulega litlum kostnaði. Innan við þennan klapparrana er innsiglingarleiðin á höfnina, með mjög sæmilegu dýpi, um 5 m á fjöru.

Sjálf höfnin virðist aftur hafa fyllzt af sandi, sennilega bæði árframburði og sandfoki, og ætti því að mega færa þetta aftur í samt lag með dýpkun. Verkfræðingur frá vitamálaskrifstofunni hefur í sumar gert bráðabirgðarannsóknir á staðnum, og hafa þær staðfest það, sem hér hefur verið sagt, það sem þær ná. En mælingum þessum er ekki lokið og endanlegar niðurstöður ekki fyrir hendi. Á þessu stigi er þó hægt að segja, að líkur bendi mjög ákveðið til, að hafnarstæði í Rifi muni vera óvenjugott.

Nú í sumar hefur bátabryggjan á Hellissandi verið lengd og hækkuð og nær nú fram á 2—3 m dýpi um fjöru. Frekari framkvæmdir er mér ekki kunnugt um, að liggi fyrir að gera á Hellissandi á næstunni, og hef ég þó rætt þessi mál allýtarlega við bæði oddvita og formann hafnarnefndar á staðnum. Skoðun manna þar, að minnsta kosti æðimargra, virðist nú líka vera orðin sú, að rannsaka beri fyrst alla möguleika í Rifi, áður en ákvarðanir eru teknar um frekari aðgerðir í Krossvík eða á Hellissandi.

Ég leyfi mér því að leggja til, að frumvarp þetta verði ekki afgreitt að svo stöddu, heldur frestað, þangað til séð verður, hvað hægt er að gera í Rifi. Dráttur á að svara bréfi háttv. nefndar, sem ég biðst afsökunar á, stafar af því, að beðið var eftir bráðabirgðaniðurstöðum af mælingum í Rifi í sumar.

Emil Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Nd. 920. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.

(Afgreidd frá Nd. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 872.

Ed. 921. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka leigunámi lóð á landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

Frá allsherjarnefnd.

Við athugun, sem nefndin lét fram fara á máli þessu, kom í ljós, að það, sem Ólafsfjarðarkaupstaður fer fram á, er ekki leigunám á lóð þeirri, sem um ræðir, heldur eignarnám á leigulóðarréttindunum, en lóðin er eign kaupstaðarins. Nefndin hefur sannfært sig um, að kaupstaðnum er brýn þörf á að fá umráð yfir umræddri lóð vegna hafnargerðarinnar og að reynt hefur verið að ná þeim með frjálsum samningum, en ekki náðst samkomulag um verð.

Þykir nefndinni því rétt að leggja til að heimila eignarnámið, en telur þá sjálfsagt, að það nái einnig til mannvirkja þeirra, sem á lóðinni eru, sem munu vera fiskiskúrar, ef lóðarleigutakar óska ekki frekar að flytja þá burt.

Þá sést það á samanburði leigusamninganna, sem prentaðir eru á þskj. 594, að lóðinni er ekki rétt lýst í 1. gr. frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ólafsfjarðarkaupstað heimilast að taka eignarnámi leigulóðarréttindi að landspildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður, 20 föðmum norðar en landamerki eru milli Brimness og Hornbrekku, og 20 faðma á breidd austur frá sjávarmáli, samkvæmt leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri,

og skal eignarnámið taka til mannvirkja þeirra, sem á lóðinni eru, nema eigendur þeirra kjósi að flytja þau af lóðinni.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

Alþingi, 22. janúar 1945.

Bjarni Benediktsson, form. Lárus Jóhannesson, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundskr.

Bernh. Stefánsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 922. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og vill mæla með, að það verði samþ., þó með nokkrum breytingum. Nefndin getur fallizt á, að rétt sé að veita sveitarstjórnum heimild til þess að krefja kaupgreiðendur um skýrslu yfir þá menn, sem hjá þeim vinna og þeir greiða kaup, með einfaldri auglýsingu í blöðum eða á annan svipaðan hátt. Hins vegar getur nefndin ekki fallizt á það, að hægt sé að gera kaupgreiðendur ábyrga fyrir útsvörum þeirra, sem hjá þeim vinna, með sams konar almennum tilkynningum, heldur sé nauðsynlegt, að slíkar tilkynningar séu sendar kaupgreiðendum með sérstökum bréfum, þar sem tekið sé fram, hverjir launþegar það séu, sem skuldi, og þá hve mikið, og geti sveitarstjórn þá krafizt þess af kaupgreiðendum, að þeir haldi eftir af kaupi fyrir þeim upphæðum og skili því fé síðan til sveitar- eða bæjarsjóðs. Þessi regla er í gildandi lögum. Á sama hátt geta sveitarstjórnir krafizt þess, að kaupgreiðendur haldi eftir kaupi fyrir eldri útsvarsskuldum.

Nefndin hefur orðið ásátt um að leggja til, að frestir fyrir kaupgreiðendur til að skila af sér innheimtufénu séu sex virkir dagar í stað tveggja, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja brtt., er fram kynnu að koma.

Nefndin vill því mæla með, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. a-liður 29. gr. orðist svo:
   Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir að kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.
2. Eftir a-lið komi nýr liður, er verður b-liður, og breytist liðatalan og tilvitnanir samkv. því:
   Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni

glöggt, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til bæjar- eða hreppssjóðs.

3. d-liður orðist svo: Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
4. Við h-lið. Í stað „tveggja virkra daga“ komi: sex virkra daga.
5. Við i-lið. Orðin „og skila ... innheimtuskjölum“ falli burt.

Alþingi, 23. jan. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., með fyrirvara. Jörundur Brynjólfsson.

Þóroddur Guðmundsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 923. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Eftir 1. mgr. 1. greinar laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur getur ríkisstjórnin sagt upp leigusamningum um húsnæði, sem ríkið hefur eignazt fyrir 9. september 1941, sé aðkallandi nauðsyn á að rýma fyrir opinberum starfsmanni eða starfsfólki, sem lögskylt er eða óhjákvæmilegt að sjá fyrir húsnæði, eða ef brýn þörf er fyrir húsnæðið vegna skrifstofuhalds eða annarrar starfrækslu í opinbera þágu eða vegna nýbygginga eða breytinga á húseignum ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi grg.:

„Húsaleigulögin hafa staðið í vegi þess, að ríkisstjórnin gæti notað í opinbera þágu húsnæði, sem ríkissjóður á og átti, áður en þau tóku gildi. Á árunum, sem lög þessi hafa haft gildi, hefur húsnæðisþörf í opinbera þágu aukizt mjög mikið, og hefði verið eðlilegt, að ríkisstjórnin hefði getað gengið að húsnæði í sínum eigin húsum, meðan það entist. Slíkt var reynt, og var leitað til dómstólanna um það, hvort ríkið gæti ekki komizt að húsnæði sínu, en það tókst ekki.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum, væru lítilvægir hagsmunir fyrir borð bornir, en ríkisstjórninni yrði veitt nauðsynleg heimild til ráðstöfunar á húsnæði handa starfsfólki því, sem henni er skylt að sjá fyrir húsnæði, og handa nauðsynlegum opinberum skrifstofum.“

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frumvarpið eða einstakar breytingartill., sem fram kynnu að koma.

Ed. 924. Lög

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

(Afgreidd frá Ed. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 806.

Ed. 925. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Flatey á Skjálfanda í Suður-Þingeyjarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Flateyjarþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Flateyjarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Flateyjarþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Flateyjarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Flateyjarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum

hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Flateyjarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Flateyjarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Flateyjarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Flatey, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Flateyjarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Flateyjarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhald lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flateyingar á Skjálfanda eru allir leiguliðar ríkissjóðs. Þeir hafa um nokkurra ára skeið unnið að því að gera viðunanlega bryggju og lendingarbætur fyrir

vélbáta. Flateyingar búast við að geta byrjað á þessu verki í sumar og lokið því næsta ár, ef þeir fá ríkisábyrgð fyrir helmingi tilkostnaðar við verkið.

Alþingi hefur borizt áskorun frá næstum öllum fullorðnum mönnum í Flatey um að fá ríkisábyrgð á láni til bryggjugerðar og lendingarbóta.

Þingsályktunartillaga um þetta efni hefur verið dregin til baka í samráði við samgöngumálaráðherra og fjárveitinganefnd. Samgöngumálaráðherra mælti með þeirri leið, að flutt yrði frumvarp um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Nd. 926. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og borið það saman við lögin. Telur hún, að það stefni í rétta átt, en sé ófullnægjandi. Leggur nefndin því til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breyting á mjólkurlögunum, þar sem upp séu tekin ákvæði, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynleg eru, og sé þar meðal annars tryggður tilgangur þessa frumvarps, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. jan. 1945.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., Har. Jónasson, frsm.
Sigurður Guðnason. Barði Guðmundsson.

Ed. 927. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 39. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi falla úr gildi við árslok 1947, en fyrir reglulegt Alþingi það ár skal ríkisstjórnin hafa látið undirbúa ný launalög, byggð á landaurareikningi, og gert ráðstafanir til mjög stórfelldrar samfærslu á embættisrekstri landsins.

Sþ. 928. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera samning við Bandaríkin um loftflutninga.

(Lögð fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að gera samning við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um loftflutninga samhljóða uppkasti því, sem prentað er sem fylgiskjal með þessari þingsályktun.

Fylgiskjal.

Uppkast að loftflutningasamningi milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

Með tilliti til ályktunar þeirrar, sem undirrituð var 7. desember 1944 á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago, Illinois, um að upp yrði tekið allsherjar samningsform um bráðabirgðaloftleiðir og flugrekstur, og með því að æskilegt er að örva gagnkvæmt og stuðla að heilbrigðri efnalegri þróun loftflutninga milli Íslands og Bandaríkjanna, eru stjórnir beggja ríkja, sem aðilar eru að samningi þessum, ásáttar um, að stofnun og þróun flugrekstrar milli landa þeirra skuli hlíta þeim ákvæðum, er hér segir:

1. gr.

Samningsaðilar veita þau réttindi, er greind eru í viðbæti við samning þennan og nauðsynleg eru til að koma á þeim millilandaloftleiðum og flugrekstri, sem þar segir fyrir um, hvort heldur sem slíkur rekstur hefst þegar í stað eða síðar, samkvæmt ósk þess samningsaðila, sem réttindin eru veitt.

2. gr.

a) Flugrekstur, sem þannig er lýst, skal látinn hefjast, þegar er þeim samningsaðila, er veitt hafa verið réttindin samkvæmt 1. gr. til að tilnefna flugfélag eða flugfélög til að starfa á viðkomandi loftleið, hefur löggilt flugfélag fyrir slíka loftleið, og sá samningsaðili, sem réttindin veitir, skal samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessa samnings skyldur að veita viðkomandi flugfélagi eða flugfélögum slíkt rekstrarleyfi, sem um er að ræða, að því tilskildu, að krefjast megi af flugfélögum þeim, er á þennan hátt hafa verið tilnefnd, að þau sanni hæfni sína gagnvart þar til bærum flugmálayfirvöldum þess samningsaðila, er réttindin veitir, samkvæmt þeim lögum og reglugerðum, sem að jafnaði er beitt af slíkum yfirvöldum, áður en þeim er heimilað að takast á hendur rekstur þann, sem fyrirhugaður er í samningi þessum; enn

Draft of Air Transport Agreement between the United States of America and Iceland.

Having in mind the resolution signed under date of December 7, 1944, at the International Civil Aviation Conference in Chicago, Illinois, for the adoption of a standard form of agreement for provisional air routes and services, and the desirability of mutually stimulating and promoting the sound economic development of air transportation between the United States and Iceland, the two Governments parties to this arrangement agree that the establishment and development of air transport services between their respective territories shall be governed by the following provisions:

Article 1

The contracting parties grant the rights specified in the Annex hereto necessary for establishing the international civil air routes and services therein described, whether such services be inaugurated immediately or at a later date at the option of the contracting party to whom the rights are granted.

Article 2

(a) Each of the air services so described shall be placed in operation as soon as the contracting party to whom the rights have been granted by Article 1 to designate an airline or airlines for the route concerned has authorized an airline for such route, and the contracting party granting the rights shall, subject to Article 6 hereof, be bound to give the appropriate operating permission to the airline or airlines concerned; provided that the airlines so designated may be required to qualify before the competent aeronautical authorities of the contracting party granting the rights under the laws and regulations normally applied by these authorities before being permitted to engage in the operations contemplated by this agreement; and provided that in areas of hostilities or of military occupation, or in areas affected thereby, such in-

fremur að því tilskildu, að á ófriðar- og hernámssvæðum eða svæðum, þar sem áhrifa þessa gætir, sé upphaf loftferða háð samþykki réttra hernaðaryfirvalda.

b) Það er undirskilið, að hvor samningsaðili, sem veitt eru viðskiptaréttindi með samningi þessum, skuli neyta þeirra svo fljótt sem hagkvæmt þykir, nema svo standi á, að honum sé það ókleift um stundarsakir.

3. gr.

Til þess að koma í veg fyrir misskipti í framkvæmd, og til að tryggja jafnræði í meðferð, samþykkja báðir aðilar:

a) að hvorum samningsaðila um sig heimilast að leggja á, eða leyfa að lögð verði á, réttmæt og sanngjörn gjöld fyrir afnot opinberra flughafna og annarra þæginda, sem hann hefur yfir að ráða. Hvor samningsaðili samþykkir þó, að þessi gjöld skuli eigi vera hærri en þau, sem greidd væru fyrir afnot slíkra flughafna og þæginda af hálfu innlendra loftfara, sem fást við sams konar rekstur.

b) Eldsneyti, smurningsolíur og varahlutir, sem fluttir eru inn á landssvæði annars samningsaðila af hinum samningsaðila eða þegnum hans og ætluð eru eingöngu til notkunar loftfara þess samningsaðila, skal fara með í samræmi við reglur um meðferð slíkra vara til innlendra aðila eða aðila að samningum um þeztu kjör, hvað snertir álag tolla, skoðunargjalda eða annarra innlendra gjalda eða álaga af hálfu þess samningsaðila, er ræður yfir því landssvæði, er slíkar vörur eru fluttar inn í.

c) Eldsneyti það, smurningsolíur, varahlutir, venjulegur útbúnaður og loftfaraforði, sem geymdur er um borð í loftfari flugfélags annars samningsaðila, sem heimild hefur til að starfrækja loftleiðir og flugrekstur, og sem lýst er í viðbæti, skal, við komu og brottför frá landssvæði hins samningsaðilans, undanþegið tolli, skoðunargjöldum eða þess háttar gjöldum og álögum, jafnvel þótt slíkum forða sé eytt eða hans neytt af loftfarinu á flugi innan landssvæðisins.

4. gr.

Loftfærisskírteini, hæfnivottorð og leyfisbréf, sem gefin eru út eða gerð eru

auguration shall be subject to the approval of the competent military authorities.

(b) It is understood that either contracting party granted commercial rights under this agreement should exercise them at the earliest practicable date except in the case of temporary inability to do so.

Article 3

In order to prevent discriminatory practices and to assure equality of treatment, both contracting parties agree that:

(a) Each of the contracting parties may impose or permit to be imposed just and reasonable charges for the use of public airports and other facilities under its control. Each of the contracting parties agrees, however, that these charges shall not be higher than would be paid for the use of such airports and facilities by its national aircraft engaged in similar international services.

(b) Fuel, lubricating oils and spare parts introduced into the territory of one contracting party by the other contracting party or its nationals, and intended solely for use by aircraft of such other contracting party shall be accorded national and most-favored-nation treatment with respect to the imposition of customs duties, inspection fees or other national duties or charges by the contracting party whose territory is entered.

(c) The fuel, lubricating oils, spare parts, regular equipment and aircraft stores retained on board civil aircraft of the airlines of one contracting party authorized to operate the routes and services described in the Annex shall, upon arriving in or leaving the territory of the other contracting party, be exempt from customs, inspection fees or similar duties or charges, even though such supplies be used or consumed by such aircraft on flights in that territory.

Article 4

Certificates of airworthiness, certificates of competency and licences issued or

gildandi af öðrum samningsaðilanum, skulu viðurkennd gild af hinum samningsaðilanum, um starfrækslu leiða þeirra og flugrekstrar, sem getið er í viðbætinum. Hvor samningsaðili áskilur sér þó rétt til þess að synja viðurkenningar um flug yfir eigið landssvæði, á hæfnivottorðum og leyfisbréfum, sem gefin eru þegnum hans af öðru ríki.

rendered valid by one contracting party shall be recognized as valid by the other contracting party for the purpose of operating the routes and services described in the Annex. Each contracting party reserves the right, however, to refuse to recognize, for the purpose of flight above its own territory, certificates of competency and licences granted to its own nationals by another State.

5. gr.

a) Lög og reglugerðir annars samningsaðila um för loftfars, sem rekið er í millilandaflugi, til eða frá landssvæði hans eða um starfrækslu og stjórn slíks loftfars, meðan það er innan landssvæðis hans, skulu gilda um loftför hins samningsaðilans, og skulu slík loftför hlýða þeim, þegar þau koma til landssvæðis hins fyrrnefnda samningsaðila, fara frá því eða eru innan landssvæðis hans.

b) Lögum og reglugerðum annars samningsaðilans um komu farþega, áhafnar eða farms loftfars til landssvæðis hans eða brottför frá því, svo sem reglum um komu, afgreiðslu, innflutning fólks, vegabréf, tollskoðun og læknisskoðun, skal fylgt af eða vegna farþega, áhafnar eða farms við komu til, brottför frá eða viðstöðu á landssvæði hins fyrrgreinda aðila.

Article 5

(a) The laws and regulations of one contracting party relating to the admission to or departure from its territory of aircraft engaged in international air navigation, or to the operation and navigation of such aircraft while within its territory, shall be applied to the aircraft of the other contracting party, and shall be complied with by such aircraft upon entering or departing from or while within the territory of the first party.

(b) The laws and regulations of one contracting party as to the admission to or departure from its territory of passengers, crew, or cargo of aircraft, such as regulations relating to entry, clearance, immigration, passports, customs, and quarantine shall be complied with by or on behalf of such passangers, crew or cargo of the other contracting party upon entrance into or departure from, or while within the territory of the first party.

6. gr.

Hvor samningsaðili geymir sér rétt til að halda eða afturkalla vottorð eða leyfi til flugfélags hins aðilans í sérhverju tilviki, þegar hann telur eigi nægilega upplýst, að þegnar annars hvors samningsaðila hafi yfir að ráða verulegum eignarrétti og fullnægjandi eftirliti, eða þegar flugfélag fullnægir eigi ákvæðum laga þess ríkis, er það starfrækir flug sitt yfir, svo sem lýst er í 5. gr. þessa samnings, eða leysir eigi af hendi skyldu sína samkvæmt samningi þessum.

Article 6

Each contracting party reserves the right to withhold or revoke a certificate or permit to an airline of the other party in any case where it is not satisfied that substantial ownership and effective control are vested in nationals of either party to this agreement, or in case of failure of an airline to comply with the laws of the State over which it operates as described in Article 5 hereof, or to perform its obligations under this agreement.

7. gr.

Þessi samningur og allir samningar í sambandi við hann skulu skrásettir hjá Bráðabirgðastofnun alþjóðaflugsamgangna.

Article 7

This agreement and all contracts connected therewith shall be registered with the Provisional International Civil Aviation Organisation.

8. gr.

Hvor aðili getur sagt upp réttindum þeim til flugrekstrar, sem hann hefur veitt með samningi þessum, með því að senda hinum aðilanum uppsögn með eins árs fyrirvara.

Article 8

Either contracting party may terminate the rights for services granted by it under this agreement by giving one year's notice to the other contracting party.

9. gr.

Nú álítur annar hvor samningsaðila æskilegt að breyta þeim leiðum eða skilmálum, sem settir eru í viðbæti þeim, sem samningi þessum fylgir, og getur hann þá krafizt samningaumleitana milli réttra yfirvalda beggja samningsaðila, og skulu slíkar samningsumleitanir hefjast innan 60 daga, frá því að slík krafa er gerð. Komi þessi yfirvöld sér gagnkvæmt saman um nýja eða endurskoðaða skilmála, er hafa áhrif á viðbætinn, skulu tillögur þeirra í þessu efni ganga í gildi, þegar þær hafa verið staðfestar með skiptum á diplómatiskum nótum.

Article 9

In the event either of the contracting parties considers it desirable to modify the routes or conditions set forth in the attached Annex, it may request consultation between the competent authorities of both contracting parties, such consultation to begin within a period of sixty days from the date of the request. When these authorities mutually agree on new or revised conditions affecting the Annex, their recommendations on the matter will come into effect after they have been confirmed by an exchange of diplomatic notes.

Viðbætir við loftflutningasamning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

A. Flugfélögum Bandaríkjanna, sem löggildingu hljóta samkvæmt samningi þessum, skulu veitt réttindi til yfirferðar og viðkomu án flutnings á landssvæði Íslands, svo og réttindi til að taka og skilja eftir millilandaflutning, hvort heldur er farþegar, farmur eða póstur, í Keflavík, eða annarri hæfilegri flughöfn, á eftirfarandi leið:

Bandaríkin til Íslands og stöðvar handan þeirra endastöðva, með viðkomu á millistöðvum, í báðar áttir.

B. Flugfélögum Íslands, sem löggildingu hljóta samkvæmt samningi þessum, skulu veitt réttindi til yfirferðar og viðkomu án flutnings á landssvæði Bandaríkjanna, svo og réttindi til að taka og skilja eftir millilandaflutning, hvort heldur er farþegar, farmur eða póstur, í New York eða Chicago, á þessari flugleið:

Ísland til New York eða Chicago, með viðkomu á millistöðvum, í báðar áttir.

Annex to Air Transport Agreement between the United States of America and Iceland.

A. Airlines of the United States authorized under the present agreement are accorded rights of transit and non-traffic stop in the territory of Iceland, as well as the right to pick up and discharge international traffic in passengers, cargo and mail at Keflavík or other suitable airport, on the following route:

The United States to Iceland and points beyond, via intermediate points; in both directions.

B. Airlines of Iceland authorized under the present agreement are accorded rights of transit and non-traffic stop in the territory of the United States, as well as the right to pick up and discharge international traffic in passengers, cargo and mail at New York or Chicago, on the following route:

Iceland to New York or Chicago, via intermediate points; in both directions.

Nd. 929. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu á rottum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en það get ég ekki gert.

Rottur eru ekki útbreiddar nema yfir takmörkuð svæði af landinu, líklega um liðugan helming af byggðum landsins, og sums staðar þar, sem þeirra hefur þó orðið vart, gera þær engan verulegan skaða. Það er því ekkert landsmál að eyða rottunum, sem sanngjarnt sé, að allir landsmenn taki þátt í, heldur mál, sem er sérmál þeirra héraða, sem rottur eru útbreiddar í, og íbúar þeirra eiga að bera kostnaðinn við eyðinguna, en ekki allir landsmenn.

Ég teldi því eðlilegast að fella frumvarpið, en telji menn þörf á að fá þau héruð, sem rottugang hafa, til þess að standa saman að eyðingunni, get ég sætt mig við samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum breytingum, sem ég þá legg til, að gerðar verði.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar“ falli burt.
   b. Orðin „Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.“ í lok 2. gr. falli burt.
2. Við 6. gr. Orðið „eingöngu“ í enda greinarinnar falli burt.

Alþingi, 23. jan. 1945.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 930. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 848.

Nd. 931. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. h-lið. Á eftir orðunum „og e-lið“ bætist: svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum.

Nd. **932. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965.

Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „yfirmatsnefndar, en hún“ í 2. mgr. 4. gr. komi: fjármálaráðherra, sem.

3. gr.

Í stað orðanna „og veiðiréttindi“ í 4. mgr. 4. gr. komi: veiðiréttindi og jarðhitaréttindi.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Til að framkvæma aðalmat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal fasteignamat framkvæmt sem hér segir:

a. Skylt er öllum, sem meta fasteignir til brunabóta, að senda fjármálaráðuneytinu afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa) eftir reglum, er ráðuneytið setur.

   Fjármálaráðuneytið ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.

b. Hús þau, sem brunabótamat hefur ekki farið fram á, skulu metin fasteignamati á fimm ára fresti, og skal slíku mati lokið í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 1950. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma hver í sínum hreppi, en þar, sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat þetta fari fram, og skal það annast endurskoðun á matinu.

Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

c. Fjármálaráðuneytið getur látið framkvæma viðbótarmat á jarðeignum á 5 ára fresti vegna jarðabóta, sem unnar hafa verið á tímabilinu. Skal þá leggja til grundvallar jarðabótaskýrslur Búnaðarfélags Íslands.

Jarðabæturnar skulu metnar á sama mælikvarða og gert er í gildandi fasteignamati, en þó tekið tillit til fyrningar á eldri jarðabótum á sama tíma.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna.

8. gr.

Úr 14. gr. falla niður orðin „og skal hann ... lokið."

9. gr.

16. gr. orðist svo:

Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá Stjórnartíðindi án endurgjalds.

10. gr.

17. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá dagsetningu matsgerðar.

Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat.

11. gr.

18. gr. orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni. Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 933. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 2. gr. (28. gr.). Síðari málgrein b-liðar orðist svo:
   Heimilt er bæjar- eða sveitarstjórn þó að skylda kaupgreiðendur til að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febr. næsta ár eftir gjaldárið, enda sé kaupgreiðanda tilkynnt sú ákvörðun við byrjun sex mánaða greiðslutímabilsins.
2. Við 2. gr. (29. gr.). Aftan við e-lið bætist:
   Bæjar- eða sveitarstjórn ber í hverju tilfelli að taka fullt tillit til, af hvaða ástæðum vangreiðsla á útsvari er til orðin, og aldrei mega þær ganga lengra í kröfum sínum en svo, að viðkomandi útsvarsgreiðandi hafi nægilegt fyrir sig og sína að leggja.
3. Við 4. gr. Aftan við greinina komi: Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 934. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 6. gr.
   a. a-liður greinarinnar orðist svo:
      Skylt er öllum, sem meta fasteignir til brunabóta, að senda yfirfasteignamatsnefnd afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa) eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.
      Yfirfasteignamatsnefnd ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.
   b. Í stað orðanna „skal það“ í b-lið 2. mgr. komi: skal yfirfasteignamatsnefnd.
   c. Upphaf c-liðar orðist svo:
      Fjármálaráðuneytið getur falið yfirfasteignamatsnefnd að framkvæma o. s. frv.
   d. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Niðurstöður allra matsgerða, sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna eigendum fasteignanna.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „dagsetningu matsgerðar“ í lok fyrri málsgreinar komi: því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Nd. 935. Frumvarp til raforkulaga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Pálmason, Barði Guðmundsson, Ingólfur Jónsson, Skúli Guðmundsson.

I. KAFLI
Um vinnslu raforku.

1. gr.

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka orkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.

Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. Þó er þeim kaupstöðum, kauptúnum eða héruðum, sem nú eiga og reka raforkuver, heimilt að reka þau áfram. Nú vilja kaupstaðir, kauptún eða héruð þau, sem að ofan getur, selja ríkinu raforkuver sín, og skal ríkinu þá heimilt að kaupa þau við því verði, sem um semur, eða við verði, sem ákveðið er af 5 manna matsnefnd, þar sem hæstiréttur tilnefnir 3 matsmanna og þeirra á meðal formanninn, en hlutaðeigandi kaupstaður, kauptún eða hérað og ríkisstjórnin einn mann hvor.

II. KAFLI
Um rafveitur ríkisins.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón ríkisstjórnarinnar. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

3. gr.

Raforkumálastjórn stjórnar Rafveitum ríkisins. Hún ræður framkvæmdastjóra einn eða fleiri til þess að annast rekstur þeirra og daglega stjórn.

4. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um landið og selja hana til notenda á orkuveitusvæðunum.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi.

5. gr.

Engum nema Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður selja raforku á orkuveitusvæðum sínum frá orkuverum þeim, sem þessir kaupstaðir nú eiga, og enn fremur raforku, sem þeir kaupa frá Rafveitum ríkisins. Einnig er öðrum rafveitum, sem hafa raforkusölu, þegar lög þessi öðlast gildi, heimilt að selja raforku, þar til Rafveitur ríkisins hafa komið upp rafveitum um orkuveitusvæði þeirra. Um þær rafveitur, sem nota söluheimildina samkvæmt þessari grein, skal setja reglugerð, sem stjórn rafveitunnar semur, en ráðherra staðfestir.

Réttur sá, sem Rafveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

6. gr.

Þar, sem kaupstaðir, kauptún eða héruð óska eftir að hafa dreifingu raforku eftir innanhéraðsveitu í sínum höndum á sínu svæði, skal það heimilað, og skal þeim þá seld raforkan frá Rafveitum ríkisins að frádregnum afslætti, sem raforkumálastjórn telur nægan til þess að annast dreifingarkostnaðinn innan svæðisins. Heimilt skal kaupstað, kauptúni eða héraði, sem þannig annast dreifingu raforku innan síns svæðis sjálft, að selja raforku við lægra verði til almennings en því almenna verði á raforku, sem ákveðið er með gjaldskrá fyrir allt landið, ef rekstrarkostnaður dreifingarkerfis kaupstaðanna, kauptúnsins eða héraðsins verður minni en verðafsláttur sá af raforkunni, sem raforkumálastjórn veitir.

7. gr.

Rafveitur ríkisins skulu reisa og reka raforkuver og raforkuveitur sem hér segir:

I. Suðurlands- og Norðurlandsveita.

Raforku frá þeirri veitu skal veitt um þetta svæði:
Vestur-Skaftafellssýslu vestan Mýrdalssands,
Rangárvallasýslu,
Árnessýslu,
Vestannaeyjar,
Hafnarfjörð,
Reykjavík,
Gullbringusýslu,
Kjósarsýslu,
Borgarfjarðarsýslu,
Akraneskaupstað,
Mýrasýslu,
Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu,
Dalasýslu,
Austur-Barðastrandarsýslu,
Strandasýslu,
Vestur-Húnavatnssýslu,
Austur-Húnavatnssýslu,
Skagafjarðarsýslu,
Siglufjarðarkaupstað,
Eyjafjarðarsýslu,
Akureyrarkaupstað,
Suður-Þingeyjarsýslu
og Norður-Þingeyjarsýslu, sbr. III.

Enn fremur nái rafveita þessi til hluta af Norður-Ísafjarðarsýslu, ef ákveðið verður að virkja Þverá í Nauteyrarhreppi, eftir að fullnaðarrannsókn á virkjunarskilyrðum þar hefur verið gerð.

II. Vestfjarðaveita.

Raforku frá þeirri veitu skal veitt um:
Vestur-Barðastrandarsýslu,
Vestur-Ísafjarðarsýslu,
Ísafjarðarkaupstað
og Norður-Ísafjarðarsýslu, sbr. þó I.

III. Austfjarðaveita.

Sú veita nær yfir þetta svæði:
Suður-Múlasýslu,

Neskaupstað,
Seyðisfjarðarkaupstað,
Norður-Múlasýslu
og Sauðanes- og Svalbarðshreppa í Norður-Þingeyjarsýslu, ef fullnaðarrannsóknir sýna, að hagkvæmara sé að veita orku þangað frá Austfjarðaveitunni en frá Norðurlandsveitunni.

IV. Aðrar orkuveitur.
Veitur um Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.

8. gr.

Nú sýna áætlanir um orkuver eða orkuveitur, að þau muni ekki gefa nægar tekjur til að borga allan rekstrarkostnað, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, og er þá heimilt að borga nokkurn hluta stofnkostnaðar af skuldlausri eign raforkusjóðs, til þess að tekjur af mannvirkjum hrökkvi til greiðslu vaxta og afborgana af þeim hluta stofnkostnaðar, sem þá er eftir, auk annars rekstrarkostnaðar.

Nú er áætlunum um orkuver og orkuveitur og öðrum undirbúningi svo langt komið, að unnt er að hefja framkvæmdir í fleiri en einu héraði eða víðar en á einu landssvæði á sama tíma, og skal þá það hérað eða sá landshluti ganga fyrir um framkvæmdir, sem veitir mest lánsfé til fyrirtækisins að tiltölu við fólksfjölda á orkuveitusvæðinu.

9. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, lætur raforkumálastjórn fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjórn ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar lætur raforkumálastjórn fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum.

10. gr.

Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjórnar rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þess samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjum.

11. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og annast þá Rafveitur ríkisins um þær framkvæmdir allar.

12. gr.

Gjald fyrir raforku frá Rafveitum ríkisins skal ákveða í gjaldskrá, sem raforkumálastjórn semur, en ráðherra staðfestir, og skal gjaldið fyrir raforkuna til notenda vera hið sama um allt land. Þegar kaupstaður, sem selur raforku samkvæmt heimildinni í 5. gr., er farinn að kaupa það mikla raforku frá Rafveitum ríkisins, að nemi einum fjórða hluta af allri raforkusölu hans, skal honum eigi eftir það heimilt að selja raforku hærra verði en gjaldskrá fyrir allt landið segir fyrir um, að vera skuli verð til notenda á raforku frá Rafveitum ríkisins.

Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Tekjum Rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána miðað við fyrningu. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 5% af heildartekjum.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í raforkusjóð.

13. gr.

Raforkumálastjórn skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning Rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum; enn fremur skýrslu um starfsemina, og skulu reikningar þessir birtir með ríkisreikningi ár hvert. Hún skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög.

14. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum raforkumálastjórnar reglugerð um nánari framkvæmd á ákvæðum þessara laga um Rafveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. Stjórn og fjárreiður, reikningshald, fyrningu og meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir.
2. Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna.
3. Skilyrði, sem Rafveitur ríkisins mega setja þeim rafveitum, er kaupa raforku af þeim og selja raforku samkv. heimildinni í 5. gr., um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri og til að stuðla að aukinni notkun raforku og góðri hagnýtingu hennar.

III. KAFLI
Um raforkusjóð.

15. gr.

Úr raforkusjóði skal lagt fram fé til þeirra framkvæmda, sem ákveðnar eru með lögum þessum. Stofnfé sjóðsins er raforkusjóður eins og hann er við gildistöku laga þessara. Að öðru leyti skulu tekjur sjóðsins vera:

a. Framlag úr ríkissjóði, að upphæð 2 milljónir króna ár hvert.
b. Framlög úr ríkissjóði, önnur en þau, sem í a-lið getur, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum.
c. Tekjuafgangur Rafveitna ríkisins skv. 12. gr.
d. Lántökur eftir ákvörðunum Alþingis. Bráðabirgðalán er raforkumálastjórn heimilt að taka með samþykki ráðherra, en þó má samanlögð upphæð slíkra bráðabirgðalána aldrei nema meiru en 5 milljónum króna.

16. gr.

Raforkumálastjórn annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald. Skulu reikningar sjóðsins árlega sendir ráðherra með efnahags- og rekstrarreikningi Rafveitna ríkisins.

17. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

IV. KAFLI
Um rafmagnseftirlit ríkisins.

18. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjunum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á eða bann við sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum rafmagnseftirlits ríkisins um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá rafmagnseftirliti ríkisins. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
e. Löggilding á hæfum rafvirkjum.
f. Skyldu rafveitustjórna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu um skamman eða langan tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

19. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

a. Hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.
b. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.
c. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk.
d. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

20. gr.

Raforkumálastjórn hefur yfirumsjón með eftirliti með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins.

21. gr.

Ráðherra skipar að fengnum tillögum raforkumálastjórnar framkvæmdastjóra til að annast um framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

22. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem miðast við heildartekjur þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og má nema allt að einum hundraðshluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innan lands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¾ % af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjaldið við stærð rafala í orkuveri, og má það nema allt að 5 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

V. KAFLI

Um stjórn raforkumála.

23. gr.

Raforkumálastjórn skal skipuð 7 mönnum. Skulu 6 stjórnarmenn kosnir af Alþingi til 4 ára í senn, en formaður stjórnarinnar, sem nefnist raforkumálastjóri, skal skipaður af ríkisstjórninni til jafnlangs tíma. Raforkumálastjórn annast stjórn Rafveitna ríkisins (sbr. 3. gr.) og annað það, sem undir hana heyrir samkvæmt lögum þessum. Hún er ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum.

24. gr.

Raforkumálastjórn annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum til raforkuvinnslu. Raforkumálastjórn hefur umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal raforkumálastjórn láta byrja á því að gera fullnaðaráætlun um landsrafveitur skv. 7. gr. Enn fremur skal hún láta gera áætlun um sérstakar framkvæmdir til þess að fullnægja raforkuþörf þeirra héraða, sem landsrafveita nær ekki til.

Kostnað allan við rannsóknir og áætlanir, sem raforkumálastjórn lætur gera, svo og við annan undirbúning framkvæmda Rafveitna ríkisins, þar með talinn allur kostnaður við raforkumálastjórn, skal raforkumálastjórn með samþykki ráðherra greiða úr raforkusjóði. Þegar til framkvæmda kemur, skal þó reikna undirbúningskostnað til stofnkostnaðar mannvirkjanna, eins og við á í hverju falli, og

endurgreiða raforkusjóði. Þegar Rafveitur ríkisins eru teknar til starfa, skal árlegur kostnaður við raforkumálastjórn reiknast sem rekstrarkostnaður þeirra.

25. gr.

Raforkumálastjórn hefur umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hún leita tillagna veiðimálastjóra.

Raforkumálastjórn gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum og jarðhitasvæðum, sem hún telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, að ríkið eignist. Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eigu ríkisins, skal leita álits raforkumálastjórnar.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:
Lög um vatnsorkusérleyfi, nr. 46 1925,
Lög um raforkuvirki, nr. 83 1932,
Lög um viðauka við og breytingar á lögum um raforkuvirki, nr. 38 1939,
Lög um rafveitur ríkisins, nr. 16 1942, og
Lög um raforkusjóð, nr. 91 1942.
Enn fremur öll önnur ákvæði laga, sem fara kunna í bága við lög þessi.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af meiri hl. milliþinganefndar í raforkumálum og sent til ríkisstjórnarinnar í nóvembermánuði s. l.

Frumvarpið er að öllu leyti eins og milliþinganefndin gekk frá því.

Út af orðalagi í síðustu málsgr. rómv. I í 7. gr. frumv. þykir flutningsmönnum rétt að benda á, að heppilegra mundi að orða þessa málsgr. á þessa leið:

Enn fremur nái rafveita þessi til Norður-Ísafjarðarsýslu og verði í sambandi við Vestfjarðaveitu, ef ákveðið verður að virkja Þverá í Nauteyrarhreppi, eftir að fullnaðarrannsókn á virkjunarskilyrðum hefur verið gerð.

Í sambandi við þessa breytingu málsgreinarinnar á ekki heldur við orðið „síðar“ í umsögn um 7. gr., hvað Vestfjarðaveituna snertir.

Ef fullnaðarrannsókn á virkjunarskilyrðum við Þverá leiðir í ljós, að hagfelldara verði fyrir Vestfirði að virkja Þverá fyrr en Dynjanda, var það meining milliþinganefndarinnar, að aflið frá Þverá yrði leitt víðs vegar um Vestfirði, svo að íbúarnir í þessum héruðum missi einskis í við það, þótt sú virkjun yrði framkvæmd fyrr. Það orðalag, sem hér er lagt til, að verði á málsgreininni, ætti að koma í veg fyrir allan misskilning um þetta efni.

Frumvarpi milliþinganefndarinnar fylgdu svo hljóðandi skýringar og greinargerð:

„Viðvíkjandi einstökum greinum frv. skal tekið fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að ríkinu einu skuli heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru yfir 100 hestöfl að stærð, og að frá því sé ekki vikið, nema Alþingi samþykki. Þó sé þeim, sem eiga stærri raforkuver, heimilt að reka þau áfram, eins og þau eru nú. Ef þeir vilja selja ríkinu raforkuver sín, er ríkinu heimilt að kaupa þau við því verði, sem um semur, eða við verði, sem ákveðið er af fimm manna mats-

nefnd. Þrátt fyrir heimildina er vitanlega gert ráð fyrir því, að ríkisstjórn leiti samþykkis Alþingis til kaupa, ef um þau verður að ræða.

Um 2. og 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að auk þess sem Rafveitur ríkisins vinna sjálfar raforku í eigin orkuverum, geti komið til mála, að þær kaupi raforku frá orkuverum eða orkuveitum annarra, og einnig að þær geti orðið meðeigandi að rafstöðvum og rafveitum annarra og tekið þátt í rekstri þeirra eftir sérstökum samningum.

Um 5. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er Rafveitum ríkisins veittur einkaréttur til raforkusölu, og verður sá réttur ekki framseldur til annarra nema með samþykki Alþingis. Í samræmi við ákvæði 1. gr. frv. er þó þeim kaupstöðum, sem nefndir eru í greininni, heimilt að selja rafmagn frá þeim orkuverum, er þeir eiga nú, og raforku, sem þeir kunna að kaupa af Rafveitum ríkisins. Þá er einnig öðrum, sem hafa raforkusölu, þegar lög þessi öðlast gildi, heimilt að hafa þau viðskipti áfram, þar til Rafveitur ríkisins hafa komið upp rafveitum um orkuveitusvæði þeirra. Um allar þessar rafveitur og raforkusölu þeirra skal setja fyrirmæli í reglugerðum, sem ráðherra staðfestir.

Um 6. gr.

Ef kaupstaðir, kauptún eða héruð óska að hafa í sínum höndum dreifingu raforku eftir innanhéraðsveitu á sínu svæði, skal þeim veitt heimild til þess, og veitir þá raforkumálastjórn þeim afslátt á verði raforkunnar frá hinu almenna verði til notenda, eftir því sem hún telur hæfilegt, til þess að annast dreifingarkostnað innan svæðisins. Að sjálfsögðu verða þessar héraðsveitur að hlíta fyrirmælum raforkumálastjórnar um hámarksverð á raforkunni, en heimilt er þeim að selja orkuna lægra verði en ákveðið er til notenda frá Rafveitum ríkisins, ef rekstrarkostnaður dreifingarkerfis hjá viðkomandi héraðsveitum er minni en sá verðafsláttur, sem þær fá hjá Rafveitum ríkisins.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um þær rafveitur, sem ríkið á að setja upp. Er þar gert ráð fyrir einni rafveitu fyrir Suðurland og Norðurland, sem nái yfir svæðið frá Mýrdalssandi vestur og norður um land til Norður-Þingeyjarsýslu að meðtöldum Vestmannaeyjum. Þá er sérstök Vestfjarðaveita og önnur fyrir Austurland, en í bráðabirgðaáætlunum þeim, sem fylgja frv., er þó gert ráð fyrir þeim möguleika, að þessar landshlutaveitur verði síðar tengdar við aðalveituna fyrir Norður- og Suðurland.

Kaupstaðirnir Reykjavík, Hafnarfjörður, Ísafjörður, Siglufjörður og Akureyri eru taldir með í þessari grein, vegna þess að búast má við, að þeir gerist kaupendur að raforku frá Rafveitum ríkisins, enda þótt gert sé ráð fyrir, að þeir reki rafveitur sínar.

Loks er gert ráð fyrir sérstökum orkuveitum um Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands (austur- og vestursýsluna), en áætlanir um þær veitur hafa enn ekki verið gerðar. Er til þess ætlazt, að raforkumálastjórn láti gera athuganir á virkjunarskilyrðum og dreifingarskilyrðum raforku á því svæði svo fljótt sem ástæður leyfa.

Um 8. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar gr. er ákveðið, að heimilt sé að verja fé af skuldlausri eign raforkusjóðs til þess að borga hluta af stofnkostnaði orkuvers eða orkuveitu, ef áætlanir sýna, að stofnkostnaður hennar sé hærri en svo, að veitan geti

borið sig. Samkv. 12. gr. frv. á raforkan frá Rafveitum ríkisins að seljast sama verði um allt land, og má því búast við, að óhjákvæmilegt verði að leggja fram óafturkræft fé til lækkunar stofnkostnaði, þar sem hann er mestur.

Gert er ráð fyrir, að fjármagn það, sem þarf til að koma upp rafveitunum, verði að miklu leyti fengið með lántökum innan lands. Í síðari málgrein þessarar gr. er ákveðið, að þegar nauðsynlegum undirbúningi sé svo komið, að unnt sé að hefja framkvæmdir víðar en á einu landssvæði, skuli það hérað ganga fyrir um framkvæmdir, sem veitir mest lánsfé til fyrirtækisins hlutfallslega eftir mannfjölda á orkuveitusvæðinu. Mun þetta vafalaust verða til þess að hvetja almenning til að leggja fram lánsfé, þegar leitað verður eftir því, og á þann hátt til að greiða fyrir framkvæmdum. Virðist það einnig sanngjarnt, að þeir verði látnir sitja fyrir framkvæmdum, sem mestan áhuga sýna í verki við söfnun lánsfjár handa raforkusjóðnum.

Um 9. gr.

Eins og áður er vikið að, eru áætlanir þær, sem fylgja þessu frv., bráðabirgðaáætlanir. Er því ákveðið, sbr. 24. gr., að raforkumálastjórn skuli láta gera fullnaðaráætlanir um rafveitur þær, sem ákveðnar eru í 7. gr. Á þeim fullnaðaráætlunum séu byggðar tillögur um framkvæmdir.

Um 10. gr.

Ákvarðanir um framkvæmdir, eftir að fullnaðaráætlanir hafa verið gerðar, séu teknar af Alþingi og þá jafnframt ákvarðanir um fjáröflun til þeirra. Þannig sé leitað samþykkis Alþingis, þegar um er að ræða lántökur til raforkusjóðs.

Um 11. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 12. gr.

Gjald fyrir raforku frá Rafveitum ríkisins til notenda skal vera hið sama um allt land, og sé það ákveðið í gjaldskrá, sem raforkumálastjórn semur, en ráðherra staðfestir. Ef kaupstaðir þeir, sem selja raforku frá núverandi orkuverum samkv. heimildinni í 5. gr., kaupa raforku frá Rafveitum ríkisins, skal þeim óheimilt að selja rafmagnið hærra verði en ákveðið er í gjaldskrá fyrir Rafveitur ríkisins, þegar raforkukaup þeirra frá ríkisrafveitunum eru svo mikil, að a. m. k. nemi einum fjórða af allri raforkusölu viðkomandi kaupstaða.

Í þessari grein er enn fremur ákveðið, að auk rekstrarkostnaðar skuli árlega greiða gjald í varasjóð af tekjum Rafveitna ríkisins, og má varasjóðsgjaldið nema allt að 5% af heildartekjum þeirra. Tekjuafgangur, sem þá verður eftir, skal renna í raforkusjóð.

Um 13. og 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Fé til þeirra framkvæmda, sem ákveðnar eru með lögum þessum, skal lagt fram úr raforkusjóði. Stofnfé hans er raforkusjóður, sem stofnaður var með lögum 1942, eins og hann er við gildistöku laga þessara. Lagt er til, að ríkissjóður leggi raforkusjóði fé, að upphæð 2 millj. kr. ár hvert, en auk þess verði aflað fjár til hans með lántökum, eftir því sem nauðsyn krefur. Lántökur séu samþykktar af Alþingi, en þó geti raforkumálastjórnin með samþykki ráðherra tekið bráðabirgðalán, sem þó aldrei mega nema í heild meiru en 5 millj. króna. Þá er og lagt til, að tekjuafgangur, sem verða kann hjá Rafveitum ríkisins, eftir að greitt hefur verið framlag til varasjóðs, verði lagður í raforkusjóðinn.

Um 16. og 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18.—22. gr.

Ákvæði þessara greina eru að mestu leyti tekin upp úr gildandi lögum. Aðalbreytinguna má telja í 20. og 21. gr., þar sem raforkumálastjórn er gert að hafa yfirumsjón með eftirliti með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, og kemur rafmagnseftirlitsstjóri, sem skipaður sé að fengnum tillögum raforkumálastjórnar, í stað eftirlitsmanns með raforkuvirkjum samkvæmt fyrri lögum, en hann starfaði undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Er tilgangurinn með þessari breytingu sá að sameina alla stjórn og meðferð raforkumála af ríkisins hálfu í eitt, enda þótt rafmagnseftirlitsstjóri muni að sjálfsögðu starfa mjög sjálfstætt. Að öðru leyti virðist þessi kafli ekki þurfa frekari skýringa við.

Um 23. gr.

Hér er lagt til, að Rafveitum ríkisins verði stjórnað af sérstakri raforkumálastjórn, er sé skipuð 7 mönnum. Séu 6 þeirra kosnir af Alþingi til 4 ára í senn, en formaður, sem nefnist raforkumálastjóri, skipaður af ríkisstjórninni til jafnlangs tíma. Jafnframt því, sem raforkumálastjórn á að hafa með höndum stjórn á Rafveitum ríkisins, er gert ráð fyrir, að hún sé ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum. Um tölu stjórnarmanna er höfð hliðsjón af sænskum lögum.

Um 24. gr.

Eins og að er vikið í umsögn um 9. gr. frv., er til þess ætlazt, að þegar eftir gildistöku laga þessara skuli raforkumálastjórn láta byrja á því að gera fullnaðaráætlanir um landsrafveitur þær, sem nefndar eru í 7. gr., og einnig um framkvæmdir til þess að fullnægja raforkuþörf þeirra héraða, sem aðalveiturnar ná ekki til. Er til þess ætlazt, að þessum fullnaðarannsóknum og áætlunum verði hraðað svo sem mögulegt er.

Um 25.—27. gr.

Skýringar óþarfar.

Álit milliþinganefndar í raforkumálum.

Hinn 4. sept. 1942 var samþykkt í sameinuðu Alþingi svo hljóðandi ályktun um raforkumál:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er geri tillögur um fjáröflun til þess að byggja rafveitur, í því skyni að koma nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar í allir byggðir landsins á sem skemmstum tíma, enda verði raforkan ekki seld hærra verði í sveitum landsins en stærstu kaupstöðunum á hverjum tíma. Nefndin skal sérstaklega gera tillögur um aukinn stríðsgróðaskatt til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum við framkvæmdir í þessu efni, er hefjist svo fljótt sem unnt er að fá innflutt efni til þeirra. Nefndin leggi tillögur sínar um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta fara fram undir umsjón rafmagnseftirlits ríkisins rannsókn á skilyrðum til vatnsaflsvirkjunar í fallvötnum landsins og því, hvernig auðveldast sé að fullnægja raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, sérstaklega hvort hagkvæmara sé á hverjum stað að vinna orkuna í smáu orkverki í námunda við notkunarstaðinn eða taka hana úr sameiginlegri orkveitu, sem lögð yrði frá stærra orkuveri um einstakar sveitir og kauptún eða heila landshluta. Rannsóknirnar skal hefja nú þegar og hraða þeim svo sem mögulegt er.

Kostnaður við starf nefndarinnar og rannsóknirnar greiðist úr ríkissjóði.“

Alþingi kaus síðan, hinn 8. sept. 1942, þessa menn í milliþinganefndina:

Jörund Brynjólfsson alþm., Skálholti,

Jón Pálmason alþm., Akri,

Skúla Guðmundsson alþm., Hvammstanga,
Ingólf Jónsson alþm., Hellu,
og Sigurð Jónasson forstjóra, Reykjavík.

Hinn 22. marz 1943 var samþykkt á Alþingi ályktun um að bæta einum manni í milliþinganefndina í raforkumálum, og skyldi hann tilnefndur af Sameiningarflokki alþýðu — Sósialistaflokknum. Flokkurinn tilnefndi Sigurð Thoroddsen alþm., og tók hann sæti í nefndinni.

Nefndin hefur haldið 55 fundi, alla í Reykjavík. Á fyrsta fundi kaus nefndin sér formann Jörund Brynjólfsson, varaformann Ingólf Jónsson og ritara Sigurð Jónasson, og hafa þeir gegnt þeim störfum allan þann tíma, sem nefndin hefur unnið. Nefndarmenn hafa skipt með sér verkum við athuganir og undirbúning áætlana og lagafrumvarpa. En auk þeirra verkefna hefur nefndin haft til athugunar nokkur erindi varðandi raforkumál, sem nefndir Alþingis og ríkisstjórnin hafa sent henni til yfirlits og umsagnar.

Nefndin hefur frá byrjun notið aðstoðar starfsmanna hjá rafmagnseftirliti ríkisins, en einnig átt samtöl við og notið aðstoðar annarra sérfróðra manna í raforkumálum, m. a. rafmagnsstjórans í Reykjavík.

Enda þótt nefndinni væri í byrjun sérstaklega falið að gera tillögur um fjáröflun til rafveitufranikvæmda, hefur starf hennar orðið allmiklu víðtækara. Við athugun málsins varð nefndinni fljótlega ljóst, að nauðsynlegt væri að taka raforkumál landsins í heild til athugunar og gera sér grein fyrir því, á hvern hátt mundi hagkvæmast að fullnægja raforkuþörf þjóðarinnar og hversu mikill kostnaður yrði við þær framkvæmdir.

Við framkvæmdir á þessu sviði er aðallega um tvær leiðir að velja:

1. Að ríkið reisi orkuver og orkuveitur og annist rekstur þeirra.
2. Að bæjarfélög, sveitarfélög eða héruð komi upp rafstöðvum og rafveitum hvert fyrir sig.

Það er álit nefndarinnar, að hiklaust eigi að velja fyrri leiðina, og skulu hér færðar fram nokkrar röksemdir til stuðnings því, að rafveiturnar eigi að vera ríkiseign og reknar af ríkinu.

Sú stefna í rafmagnsmálinu, sem mörkuð var á Alþingi sumarið 1942 með samþykkt þeirrar þingsályktunar, er að framan getur, mun tæplega framkvæmanleg með öðru móti en því, að ríkið eigi rafveiturnar. Í mörgum byggðarlögum eru ekki hentug skilyrði til framleiðslu á raforku, svo að fullnægjandi sé, og þarf því að flytja orkuna þangað frá rafstöðvum í öðrum héruðum. Þegar af þeirri ástæðu er hver einstakur kaupstaður og hvert hérað ekki sjálfbjarga í þessum efnum. Sama er að segja um fjárhagshliðina. Reynslan hefur sýnt, að jafnvel stærstu kaupstaðirnir, þar sem aðstaðan til dreifingar raforkunnar er bezt, geta ekki komið upp rafveitum fyrir sig án fjárhagslegrar aðstoðar frá ríkinu. Enn síður mun þetta framkvæmanlegt fyrir fámennari byggðir, þar sem aðstaðan er að öllu leyti erfiðari en í þéttbýlustu hlutum landsins, nema með aðstoð ríkisins. En þar sem ekki er unnt að koma upp rafveitum til almenningsþarfa, án þess að ríkið veiti aðstoð til þess með ábyrgð á greiðslu lána, virðist eðlilegra, að ríkið sjálft taki að sér framkvæmdirnar. Með því móti er auðveldast að tryggja það, að framkvæmdum verði hagað í sem beztu samræmi við hagsmuni þjóðarinnar í heild. Engin ástæða virðist til þess að fela öðrum framkvæmdirnar, þar sem ríkið verður raunverulega að útvega það fjármagn, sem til þeirra þarf, að öllu eða mestu leyti.

Ef ríkið setur upp stór rafveitukerfi, getur hagnýting raforkunnar orðið miklu betri en ef rafveiturnar eru eign einstakra bæjar- og sveitarfélaga, margar og smáar, án nokkurs sambands milli þeirra. En fullkomnari hagnýting þeirrar raforku, sem framleidd er, miðar að því að gera raforkuna ódýrari fyrir notendur. Til þess að raforkan notist sem bezt, getur verið hagkvæmt fyrir ríkið að setja upp raf-

veitur, sem ekki mundu verða gerðar af einstökum bæjar- eða sveitarfélögum, vegna þess að þær eru utan við þrengstu sérhagsmunasvæði þeirra. Dæmi má nefna um þetta. Á Norðurlandi eru margar síldarverksmiðjur, sem hafa þörf fyrir raforku að sumrinu. Á þeim árstíma eyðist minnst raforka til heimilisnota, og má því gera ráð fyrir, að rafstöðvar á Suðurlandi geti veitt síldarverksmiðjunum raforku, ef rafveitukerfi í þessum tveim landsfjórðungum verða tengd saman með háspennulínum. Þau viðskipti gætu orðið báðum til hagsbóta, síldarverksmiðjunum og rafveitunum. En eitt rafveitukerfi fyrir Suðurland og Norðurland verður því aðeins sett upp, að ríkið annist þá framkvæmd og rekstur þess fyrirtækis.

Með því að tengja saman rafveiturnar á Suðurlandi og Norðurlandi vinnst það tvennt, að þá er mögulegt að flytja raforkuna milli þessara landsfjórðunga eftir því, sem þörf krefur á hverjum tíma, og um leið fá sveitir og kauptún á því svæði, sem væntanlegar háspennulínur liggja um, fullnægt raforkuþörf sinni.

Eitt af mörgu, sem styður þá skoðun, að rafveiturnar eigi að vera ríkiseign, er raforkuþörf ríkisstofnananna. Þau ríkisfyrirtæki, sem nú eru til, þurfa að nota mikla raforku, og vafalaust er hagfelldara fyrir ríkið að veita þeim raforku frá eigin rafveitum en kaupa hana af öðrum. Þannig hefur ríkið nú þegar mikilla hagsmuna að gæta í þessu efni, og búast má við því, að raforkuþörf ríkisfyrirtækja aukist á næstu árum. Innan skamms verður væntanlega komið upp hér á landi stórum nýjum iðnaðarfyrirtækjum, svo sem áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og lýsisherzlustöð, sem þurfa að nota mikla raforku, en fyrirtæki þessi verða sennilega rekin af ríkinu eða einhverjum alþjóðarfélagssamtökum. Þegar ríkið hefur komið upp rafveitukerfi um land allt, er hægt að setja slíkar verksmiðjur á þá staði, þar sem auðveldast er um útvegun hráefnis til þeirra og aðstaðan að öllu leyti bezt til verksmiðjurekstrarins. Þá er einnig bezt að tryggja slíkum almenningsfyrirtækjum raforkuna með sanngjörnum kjörum, og um leið njóta landsmenn sameiginlega hagnaðar af raforkusölu til þeirra, en viðskipti við stór iðnaðarfyrirtæki munu yfirleitt vera til hagsbóta fyrir rafveiturnar.

Samkvæmt framansögðu tók nefndin sér fyrir hendur að athuga lausn raforkumála landsins í heild, og hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegast muni, að ríkið setji á stofn eina heildarrafveitu fyrir Suðurland og Norðurland, en sérstakar rafveitur fyrir Austurland og Vesturland auk smærri rafveitna í einstökum héruðum, þar sem aðalveiturnar geta eigi náð til. Lét nefndin því semja bráðabirgðaáætlanir um rafveitu Suður- og Norðurlands, rafveitu Austfjarða og rafveitu Vestfjarða, og fylgja þessar áætlanir með nefndarálitinu. Enn fremur hefur nefndin samið frumvarp það til raforkulaga, sem hér fylgir.

Í meðfylgjandi bráðabirgðaáætlunum er gert ráð fyrir því, að þau raforkuver og orkuveitur, sem nú eru til, gangi inn í landsrafveiturnar. En í frumvarpi því til raforkulaga, sem nefndin hefur samið og hér með fylgir, er hins vegar gert ráð fyrir, að stærri rafstöðvarnar verði áfram í eign núverandi eigenda og reknar af þeim og minni rafstöðvarnar, þar til raforka frá ríkisrafveitunum er komin á rafveitusvæði þeirra. Þetta raskar nokkuð þeim útreikningum á verði raforkunnar, sem birtir eru í áætlununum, en auðvelt er fyrir hvern, sem vill, að gera sér ljóst, hverjar breytingar þetta hefur í för með sér, og skal því eigi fjölyrt um það.

Áætlanirnar sýna, að þegar þær framkvæmdir, sem þar eru ráðgerðar, hafa verið gerðar, muni alls 105—106 þúsundir manna geta fengið raforku frá Rafveitum ríkisins og þeim rafveitum kaupstaðanna, sem nú eru starfandi. Út af þessu vill nefndin taka fram, að hún telur, að stefna beri að því, að allir landsmenn, sem ekki hafa nú rafmagn til afnota, geti fengið það frá ríkisrafveitunum eða fengið aðstoð til að koma upp rafstöðvum þar, sem svo hagar til, að hagkvæmara er að byggja sérstakar smástöðvar en veita þangað rafmagni frá aðalrafveitunum. Nefndin gerir því ráð fyrir, að þegar til framkvæmdanna kemur, verði rafmagninu

veitt um stærri svæði en ráðgert er í þeim bráðabirgðaáætlunum, sem fyrir liggja, og að fleiri af landsmönnum en þar er áætlað geti fengið raforku frá ríkisrafveitunum. Leggur nefndin áherzlu á þetta.

Það skal tekið fram, að enda þótt allmikil vinna hafi verið lögð í þær rannsóknir, sem áætlanirnar eru byggðar á, er nefndinni ljóst, að fullnaðaráætlanir kunna að breyta ýmsu, bæði hvað snertir fyrirkomulag á rafveitunum og byggingarkostnað þeirra, en þó gerir nefndin ráð fyrir, að þær breytingar geti varla orðið svo stórvægilegar, að þær raski þeim grundvelli, sem byggt hefur verið á, í verulegum atriðum. Fullkomnari rannsóknir kunna að leiða í ljós, að hagkvæmt sé að byggja orkuver á öðrum eða fleiri stöðum en greinir í bráðabirgðaáætluninni, og er til þess ætlazt, að raforkumálastjórnin láti vinna áfram að rannsóknum á þessum málum. Er það samkvæmt frumvarpinu á valdi Alþingis að taka ákvarðanir um framkvæmdirnar, þegar áætlanir um þær eru fullgerðar.

Eftir að gerðar voru þær bráðabirgðaáætlanir, sem hér með fylgja, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegt mundi að leggja háspennulínu frá Suðurlandsveitunni til Víkur í Mýrdal, og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Síðan áætlanirnar voru gerðar, hefur einnig nokkuð verið rætt um virkjun Hraunsfjarðarvatns (og e. t. v. einnig Baulárvallavatns) á Snæfellsnesi, en nægilegar athuganir þar að lútandi hefur ekki verið unnt að láta gera enn sem komið er.

Nefndinni var sérstaklega falið að gera tillögur um fjáröflun til rafveituframkvæmda, og var getið um sérstaka möguleika í því sambandi í ályktun Alþingis frá 4. sept. 1942. Í þessu efni hefur niðurstaðan hjá nefndinni orðið sú, að hún leggur til, að framlag ríkissjóðs til raforkusjóðsins, sem samkvæmt gildandi lögum er 500 þús. kr. á ári, verði hækkað í 2 millj. kr. ár hvert. Að öðru leyti verði sjóðnum útvegað fé með skuldabréfalánum innan lands.

Þá leggur nefndin áherzlu á, að af þeim erlenda gjaldeyri, sem bankarnir eiga nú, verði lögð til hliðar veruleg fjárhæð, sem hægt verði að nota til kaupa á rafstöðva- og rafveituefni frá öðrum löndum.

Að tilhlutun milliþinganefndarinnar var frumvarp til laga um ríkislántöku til raforkusjóðs flutt á Alþingi 1943. Var þar lagt til að veita ríkisstjórninni heimild til að taka lán innan lands handa raforkusjóði, allt að 20 millj. króna, og yrði fénu varið til rafveituframkvæmda. Frumvarp þetta var samþykkt í neðri deild þingsins, en afgreiðslu þess varð ekki lokið í efri deild. Nefndin hefur ekki enn sem komið er hlutazt til um, að flutt yrði á þessu þingi frv. um lántöku til raforkusjóðs, en gerir ráð fyrir, að efnt verði til innanlandslántöku til byrjunarframkvæmda sem fyrst, eftir að frumvarp það til raforkulaga, sem hér með fylgir, er orðið að lögum.

Nefndin hefur látið þýða „Reglugerð fyrir Vatnsorkustjórn sænska ríkisins", og fylgir hún sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Þá leitaði ríkisstjórnin eftir beiðni milliþinganefndarinnar fyrir sér hjá Sænsku vatnsorkustjórninni um að fá hingað til starfa um nokkurt skeið fyrsta flokks sérfræðing í byggingu vatnsorkuvera svo og sérfræðing í byggingu orkuflutningslína og dreifingu raforku. Var tilætlun ríkisstjórnarinnar og nefndarinnar, að þessir sérfræðingar kynntu sér alla staðhætti hér og endurskoðuðu bráðbirgðaáætlanir þær, sem nefndin hafði látið gera um landsrafveitur. Enn fremur var gert ráð fyrir, að sérfræðingar þessir yrðu látnir vinna með íslenzkum verkfræðingum að fullnaðaráætlunum um einstök raforkuver eða raforkuveitur.

Í maímánuði s. l. kom það svar gegnum sendiráð Íslands í Stokkhólmi, að ómögulegt væri að velja menn til fararinnar þá, þar sem langur tími gæti liðið, þar til þeir gætu komið til Íslands, en forstjóri Sænsku vatnsorkustjórnarinnar lofaði að aðstoða sendiráðið eftir beztu getu um val slíkra manna, þegar mögulegt yrði að senda þá til Íslands, og taldi áreiðanlegt, að þá væri hægt að útvega vel hæfa menn.

Nefndin er sammála um að leggja áherzlu á, að framkvæmdum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði lokið á sem allra skemmstum tíma.

Einn nefndarmanna (Sigurður Jónasson) hefði kosið, að í frumvarpið væri sett a. m. k. 100 milljón króna lánsheimild fyrir ríkisstjórnina til þessara framkvæmda, en aðrir nefndarmenn, sem undir nefndarálitið rita, telja eftir atvikum rétt, að í þess stað sé leitað til Alþingis um lánsheimildir, jafnóðum og í framkvæmdir er ráðizt, enda gera þeir ráð fyrir, að borið verði fram á Alþingi innan skamms frumvarp um lántöku til raforkusjóðs vegna byrjunarframkvæmda Rafveitna ríkisins.

Einn nefndarmanna (Sigurður Thoroddsen) gat eigi tekið þátt í lofaafgreiðslu málsins í nefndinni vegna dvalar erlendis í erindum ríkisstjórnarinnar.

Reykjavík, 17. nóvember 1944.

Ingólfur Jónsson. Jón Pálmason. Jörundur Brynjólfsson.
Sigurður Jónasson. Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐAÁÆTLANIR

sem milliþinganefnd í raforkumálum hefur látið gera um landsrafveitu (að undanteknum rafveitum Austfjarða og Vestfjarða) og um rafveitu Austfjarða og rafveitu Vestfjarða.

Landsrafveitan.

Mannfjöldi,

sem raforku frá landsrafveitunni (að undanteknum Austfjarða- og Vestfjarðaveitum) er ætlað að ná til:

Í bæjum og kauptúnum:		
Reykjavík	40 902	
Hafnarfjörður	3 873	
Vestmannaeyjar	3 513	
Í Árnessýslu	1 416	
- Gullbringu- og Kjósarsýslu	2 170	
- Borgarfjarðarsýslu	1 929	
- Mýrasýslu	642	
- Snæfellsnessýslu	1 636	
- Dalasýslu	56	
- Strandasýslu	632	
- Húnavatnssýslu	948	
- Skagafjarðarsýslu	1 159	
Siglufjörður	2 790	
Akureyri	5 644	
Í Eyjafjarðarsýslu	2 050	
- Suður-Þingeyjarsýslu	1 208	
- Norður-Þingeyjarsýslu	337	
		70 905
Í sveitum:		
Í Norður-Þingeyjarsýslu	463	
- Suður-Þingeyjarsýslu	1 892	
- Eyjafjarðarsýslu	2 750	
- Skagafjarðarsýslu	1 441	
- Húnavatnssýslu	1 352	
- Strandasýslu	868	

Í Norður-Ísafjarðarsýslu	200	
- Dalasýslu	744	
- Austur-Barðastrandarsýslu	250	
- Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	964	
- Mýrasýslu	458	
- Borgarfjarðarsýslu	771	
- Gullbringu- og Kjósarsýslu	2 930	
- Árnessýslu	2 384	
- Rangárvallasýslu	2 000	
		19 467
	Samtals	90 372

Hér fer á eftir sundurliðun á mannfjöldanum (eftir sýslum), sem raforkan á að ná til, í kauptúnum, þorpum og hreppum.

Norður-Þingeyjarsýsla:		
Raufarhöfn	289	
Kópasker	48	
		337
Presthólahreppur	213	
Axarfjarðarhreppur	100	
Keldunesshreppur	150	
		463
	Samtals	800
Suður-Þingeyjarsýsla:		
Húsavík	1 034	
Grenivík	131	
Svalbarðseyri	43	
		1 208
Tjörneshreppur	80	
Aðaldælahreppur	300	
Skútustaðahreppur	320	
Reykdælahreppur	300	
Bárðdælahreppur	50	
Ljósavatnshreppur	200	
Hálshreppur	160	
Grýtubakkahreppur	262	
Svalbarðsstrandarhreppur	220	
		1 892
	Samtals	3 100
Eyjafjarðarsýsla:		
Ólafsfjörður	767	
Dalvík	303	
Litli-Árskógssandur	43	
Hrísey	371	
Hjalteyri	146	
Glerárþorp	420	
		2 050
Ólafsfjarðarhreppur	100	
Svarfaðardalshreppur	700	

Árskógshreppur	257	
Arnarneshreppur	270	
Skriðuhreppur	100	
Öxnadalshreppur	40	
Glæsibæjarhreppur	400	
Hrafnagilshreppur	220	
Saurbæjarhreppur	320	
Öngulsstaðahreppur	343	
		2 750
Samtals		4 800
Skagafjarðarsýsla:		
Sauðárkrókur	953	
Hofsós	206	
		1 159
Holtshreppur	180	
Haganeshreppur	120	
Fellshreppur / Hofshreppur	200	
Hólahreppur	100	
Viðvíkurhreppur	100	
Rípurhreppur	80	
Akrahreppur	220	
Lýtingsstaðahreppur	100	
Seiluhreppur	150	
Staðarhreppur	130	
Skarðshreppur	61	
		1 441
Samtals		2 600
Húnavatnssýsla:		
Skagaströnd	281	
Blönduós	376	
Hvammstangi	291	
		948
Vindhælis- og Höfðahreppur	100	
Engihlíðar- og Bólstaðarhlíðarhreppur	160	
Svínavatnshreppur	120	
Torfalækjarhreppur	100	
Sveinsstaðahreppur	110	
Áshreppur	110	
Þorkelshólshreppur	100	
Þverárhreppur	100	
Kirkjuhvammshreppur	102	
Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppar	250	
Staðarhreppur	100	
		1 352
Samtals		2 300
Strandasýsla:		
Borðeyri	27	
Hólmavík	323	

Drangsnes	140	
Djúpavík	58	
Gjögur	64	
		612
Bæjarhreppur	170	
Óspakseyrarhreppur	40	
Fellshreppur	78	
Kirkjubólshreppur	80	
Hrófbergshreppur	60	
Kaldrananeshreppur	200	
Árneshreppur	260	
		888
	Samtals	1 500
Norður-Ísafjarðarsýsla:		
Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppar		200
	Samtals	200
Dalasýsla:		
Búðardalur		56
Hörðudalshreppur	50	
Miðdalahreppur	150	
Haukadalshreppur	80	
Laxárdalshreppur	104	
Hvammshreppur	100	
Fellsstrandarhreppur	80	
Saurbæjarhreppur	180	
		744
	Samtals	800
Austur-Barðastrandarsýsla:		
Geiradalshreppur	80	
Reykhólahreppur	170	
		250
	Samtals	250
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:		
Stykkishólmur	662	
Ólafsvík	463	
Sandur	421	
Arnarstapi	90	
		1 636
Skógarstrandarhreppur	70	
Helgafellssveit	130	
Eyrarsveit	300	
Fróðárhreppur	70	
Neshreppur utan Ennis	30	
Breiðavíkurhreppur	70	
Staðarsveit	80	
Miklaholtshreppur	70	

Eyjahreppur	60	
Kolbeinsstaðahreppur	84	
		964
	Samtals	2 600

Mýrasýsla:

Borgarnes		642
Hraunhreppur	30	
Álftaneshreppur	40	
Borgarhreppur	110	
Stafholtstungnahreppur	140	
Norðurárdalshreppur	50	
Þverárhlíðarhreppur	50	
Hvítársíðuhreppur	38	
		458
	Samtals	1 100

Borgarfjarðarsýsla:

Akranes		1 929
Reykholtshreppur	120	
Lundarreykjadalshreppur	60	
Skorradalshreppur	40	
Andakílshreppur	150	
Leirár- og Melahreppur	91	
Innri-Akraneshreppur	100	
Skilmannahreppur	90	
Strandarhreppur	120	
		771
	Samtals	2 700

Gullbringu- og Kjósarsýsla:

Keflavík	1 444	
Grindavík	446	
Sandgerði	280	
		2 170
Kjósarhreppur	160	
Kjalarneshreppur	150	
Mosfellshreppur	400	
Seltjarnarneshreppur	600	
Garðahreppur	240	
Bessastaðahreppur	120	
Vatnsleysustrandarhreppur	250	
Njarðvíkurhreppur	270	
Gerðahreppur	440	
Miðneshreppur	210	
Hafnahreppur	90	
		2 930
	Samtals	5 100

Árnessýsla:		
Eyrarbakki	557	
Stokkseyri	477	
Selfoss	244	
Hveragerði	118	
		1 416
Ölfushreppur	400	
Grafningshreppur	50	
Þingvallahreppur	80	
Grímsneshreppur	150	
Laugardalshreppur	150	
Biskupstungnahreppur	250	
Hrunamannahreppur	200	
Gnúpverjahreppur	130	
Skeiðahreppur	150	
Villingaholtshreppur	170	
Hraungerðishreppur	150	
Sandvíkurhreppur	120	
Eyrarbakkahreppur	20	
Stokkseyrarhreppur	120	
Gaulverjabæjarhreppur	244	
		2 384
	Samtals	3 800
Rangárvallasýsla:		
Djúpár- og Ásahreppar	400	
Holtahreppur	150	
Landmannahreppur	100	
Rangárvallahreppur	250	
Hvolhreppur	200	
Fljótshlíðarhreppur	300	
Vestur-Landeyjahreppur	180	
Austur-Landeyjahreppur	200	
Vestur-Eyjafjallahreppur	320	
Austur-Eyjafjallahreppur	200	
		2 300
	Samtals	2 300

Hvað snertir framanskráðar mannfjöldatölur, ber þess að gæta, að búast má við, að þær verði nokkru hærri í reyndinni, bæði vegna þess, að líklegt er, að fólkinu fjölgi (manntalið 1942 er lagt til grundvallar), og eins hins, að búast má við, að línur verði smám saman lagðar heim á fleiri sveitabæi en gert er ráð fyrir í áætluninni.

Í áætluninni hér á eftir er reiknað með, að árlegur rekstrarkostnaður landsrafveitunnar verði 9% af stofnkostnaði. Gert er ráð fyrir, að stofnfjárkostnaður (vextir og afborganir) verði ca. 5% (40 ára lán með 4% þarf 5.05%, en 35 ára lán með 3½% þarf 5% árlega í vexti og afborganir). Viðhald á orkuverum, aðalspennistöðvum, aðalorkuflutningslínum og dreifingarkerfinu er áætlað 1.4%, gæzla, stjórnarkostnaður og innheimta 1.6%, en tryggingar, skattar og til vara ca. 1%. Verður annar rekstrarkostnaður en stofnfjárkostnaður þannig ca. 4%, en allur rekstrarkostnaðurinn eins og að ofan segir 9% á ári. Vegna þess að um minni einingar er

að ræða, hefur þótt varlegra að áætla rekstrarkostnað rafveitna Austfjarða og Vestfjarða 9½% á ári.

Þá fer hér á eftir *minni áætlunin*, þar sem miðað er við *500 wött af raforku á mann* á öllu rafveitusvæðinu.

Virkjanir.

A.	Núverandi virkjanir:		
	1. Sogsvirkjunin og Elliðaárvirkjunin	17 700 kw.	
	2. Laxárvirkjun	4 000 —	
	3. Skeiðsfoss	1 500 —	
	4. Ólafsfjörður	160 —	
	5. Glerá	200 —	
	6. Blönduós	200 —	
			23 760 kw.
B.	Nýjar virkjanir:		
	1. Andakílsárvirkjun	7 800 kw.	
	2. Þverárvirkjun (hjá Nauteyri við Ísafjarðardjúp)	12 600 —	
	3. Skeiðsfoss	1 500 —	
	4. Ný Laxárvirkjun	9 000 —	
			30 900 —
		Samtals	54 660 kw.

Orkuþörfin á landsrafveitusvæðinu er talin

500 wött á mann eða	45 186 kw.
Afl handa áburðarverksmiðju	4 000 —
Virkjað varaafl	5 474 —
Samtals	54 660 kw.

Kostnaður við virkjanir.

A.	Núverandi virkjanir:		
	1. Sogsstöðin (með viðbótinni)	kr.	14 000 000.00
	2. Elliðaárstöðin	—	3 000 000.00
	3. Rafveitukerfið í Reykjavík (með nýjustu viðbót)	—	8 000 000.00
	4. Rafveitukerfið í Hafnarfirði	—	500 000.00
	5. Laxárstöðin (með viðbótinni) og rafveitukerfið á Akureyri	—	6 000 000.00
	6. Skeiðfossvirkjunin og rafveitukerfið á Siglufirði	—	8 000 000.00
	7. Blönduósvirkjun	—	300 000.00
	8. Glerárvirkjun	—	300 000.00
	9. Ólafsfjarðarvirkjun	—	400 000.00
	Samtals	kr.	40 500 000.00
B.	Nýjar virkjanir:		
	1. Andakílsárvirkjun, 13000 hestöfl (÷ 1300 hö. afltap = 11700 hö. = 7800 kw.) á 850/—	kr.	11 050 000.00
	2. Þverárvirkjun, 21000 hestöfl (÷ 2100 hö. afltap = 18900 hö. = 12600 kw.) á 950/—	—	19 950 000.00
	3. Viðbót við Skeiðsfossvirkjun, 2500 hestöfl (÷ 250 hö. afltap = 2250 hö. = 1500 kw.) á 570/—	—	1 425 000.00
	4. Ný virkjun í Laxá, 15000 hestöfl (÷ 1500 hö. afltap = 13500 hö. = 9000 kw.) á 700/—	—	10 500 000.00
	Samtals	kr.	42 925 000.00

Aðalorkuflutningslínur.

Frá Laxárvirkjun til Akureyrar, 132 KV loftlína, 60 km á kr. 69 000,00	kr.	4 140 000.00
Frá Laxá til Þverár í Reykjahverfi, 60 KV loftlína, 12 km á kr. 39 000.00	—	468 000.00
Frá Þverá til Húsavíkur, 30 KV loftlína, 15 km á kr. 26 000.00	—	390 000.00
Frá Þverá til Raufarhafnar, 60 KV loftlína, 90 km á kr. 39 000.00	—	3 510 000.00
Frá Akureyri til Dalvíkur, 132 KV loftlína, 40 km á kr. 69 000.00	—	2 760 000.00
Frá Akureyri til Dagverðareyrar, 10 KV loftlína, 10 km á kr. 24 000.00	—	240 000.00
Frá Hellu á Árskógsströnd til Hríseyjar, 10 KV sæstrengur, 3½ km á kr. 54 000.00	—	189.000.00
Frá Dalvík til Hellu á Árskógsströnd, 10 KV loftlína, 8 km á kr. 24 000.00	—	192 000.00
Frá Dalvík til Ólafsfjarðar, 60 KV loftlína, 16 km á kr. 39 000.00	—	624 000.00
Frá Dalvík til Sauðárkróks um Heljardalsheiði, 132 KV loftlína, 70 km á kr. 69 000.00	—	4 830 000.00
Frá Sauðárkróki til Hofsóss, 10 KV loftlína, 32 km á kr. 24 000.00	—	768 000.00
Frá Sauðárkróki til Blönduóss, 132 KV loftlína, 38 km á kr. 69 000.00	—	2 622 000.00
Frá Blönduósi til Skagastrandar, 10 KV loftlína, 20 km á kr. 24 000.00	—	480 000.00
Frá Blönduósi að Hrútafjarðará (Melum), 132 KV loftlína, 70 km á kr. 69 000.00	—	4 830 000.00
Frá spennistöð í Hrútafirði til Hvammstanga, 10 KV loftlína, 33 km á kr. 24 000.00	—	792 000.00
Frá Hrútafjarðará að Andakílsárvirkjun, 132 KV loftlína, 80 km á kr. 69 000.00	—	5 520 000.00
Frá Andakílsárvirkjun í Hvalfjarðarbotn, 132 KV loftlína, 35 km á kr. 69 000.00	—	2 415 000.00
Frá Hvalfjarðarbotni til Reykjavíkur, 132 KV loftlína, 44 km á kr. 69 000.00	—	3 036 000.00
Frá Hrútafjarðará að Bitrufjarðarbotni, 60 KV loftlína, 45 km á kr. 39 000.00	—	1 755 000.00
Frá Bitrufjarðarbotni að Hólmavík, 60 KV loftlína, 34 km á kr. 39 000.00	—	1 326 000.00
Frá Nauteyri í Steingrímsfjarðarbotn, 60 KV loftlína, 40 km á kr. 39 000.00	—	1 560 000.00
Frá Hólmavík í Reykjarfjarðarbotn, 60 KV loftlína, 32 km á kr. 39 000.00	—	1 248 000.00
Frá Reykjarfjarðarbotni í Ingólfsfjarðarbotn, 60 KV loftlína, 10 km á kr. 39 000.00	—	390 000.00
Frá Bitrufjarðarbotni að Kleifum í Gilsfirði, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 21 000.00 (þaðan dreifist orkan að Reykhólum að vestan, en í Saurbæ sunnan Gilsfjarðar)	—	252 000.00
Frá Melum í Hrútafirði um Haukadalsskarð að Stóra-Skógi, 30 KV loftlína, 32 km á kr. 26 000.00	—	832 000.00

Frá Andakílsárvirkjun að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi, 60 KV loftlína, 60 km á kr. 39 000.00 (rekin með 30 KV spennu fyrst um sinn)		kr.	2 340 000.00
Frá Fáskrúðarbakka að Grísháli í Helgafellssveit, 30 KV loftlína, 18 km á kr. 30 000.00		—	540 000.00
Frá Grísháli til Stykkishólms, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 21 000,00		—	252 000.00
Frá Grísháli í Ólafsvík, 30 KV loftlína, 49 km á kr. 30 000.00			1 470 000.00
Frá Ólafsvík til Sands, 10 KV loftlína, 10 km á kr. 21 000.00		—	210 000.00
Frá Fáskrúðarbakka að Búðum, 10 KV loftlína, 24 km á kr. 21 000.00		—	504 000.00
Frá Andakílsárvirkjun til Akraness, 30 KV loftlína, 36 km á kr. 30 000.00		—	1 080 000.00
Frá Andakílsárvirkjun til Borgarness, 10 KV loftlína, 15 km á kr. 21 000.00		—	315 000.00
Frá Hafnarfirði til Keflavíkur, 30 KV loftlína, 36 km á kr. 30 000.00		—	1 080 000.00
Frá Vogum til Grindavíkur, 10 KV loftlína, 15 km á kr. 21 000.00		—	315 000.00
Frá Sogsvirkjun að Arnarstöðum í Flóa, 60 KV loftlína, 18 km á kr. 39 000.00		—	702 000.00
Frá Arnarstöðum að Fíflholti, 60 KV loftlína, 41 km á kr. 39 000.00		—	1 599 000.00
Frá Fíflholti að Krosssandi, 20 KV loftlína, 17 km á kr. 26 000.00		—	442 000.00
Frá Krosssandi til Vestmannaeyja, 20 KV sæstrengur, 12 km á		—	1 800 000.00
Frá Sogi að Geysi, 10 KV loftlína, 48 km á kr. 24 000.00		—	1 152 000.00
Frá Arnarstöðum að Selfossi, 10 KV loftlína, 6 km á kr. 24 000.00		—	144 000.00
Frá Selfossi til Hveragerðis, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 24 000.00		—	288 000.00
Frá Arnarstöðum að Eyrarbakka og Stokkseyri, 10 KV loftlína, 14 km á 24 000.00		—	336 000.00
Frá Fíflholti að Stórólfshvoli, 10 KV loftlína, 9 km á kr. 24 000.00		—	216 000.00
	Samtals	kr.	59 954 000.00

Aðalspennistöðvar.

Raufarhöfn	700 kw.	(30 KV)	kr.	156 000.00
Kópasker	300 —	(30 KV)	—	81 000.00
Húsavík	600 —	(30 KV)	—	138 000.00
Háls	300 —	(30 KV)	—	81 000.00
Svalbarðsströnd	150 —	(30 KV)	—	54 000.00
Akureyri	10 000 —	(60 KV)	—	1 288 000.00
Hjalteyri	6 500 —	(60 KV)	—	875 000.00
Dalvík	1 500 —	(60 KV)	—	386 000.00
Sauðárkrókur	1 500 —	(60 KV)	—	386 000.00
Blönduós	750 —	(60 KV)	—	239 000.00
Hrútafjarðará	12 000 —	(132 KV)	—	2 254 000.00

Bitrufjörður	300 kw.	(60 KV)	kr.	138 000.00
Hólmavík	500 —	(60 KV)	—	184 000.00
Reykjarfjörður	5 000 —	(60 KV)	—	800 000.00
Ingólfsfjörður	3 500 —	(60 KV)	—	672 000.00
Stóri-Skógur	400 —	(30 KV)	—	101 000.00
Fáskrúðarbakki	300 —	(30 KV)	—	81 000.00
Grímshóll	500 —	(30 KV)	—	117 000.00
Grundarfjörður	200 —	(30 KV)	—	63 000.00
Ólafsvík	600 —	(30 KV)	—	138 000.00
Akranes	1 300 —	(30 KV)	—	267 000.00
Reykjavík	15 000 —	(132 KV)	—	2 484 000.00
Hafnarfjörður (viðb.)	2 500 —	(30 KV)	—	138 000.00
Arnarstaðir	1 500 —	(60 KV)	—	386 000.00
Fíflholt	3 000 —	(60 KV)	—	598 000.00
Vestmannaeyjar	2 300 —	(20 KV)	—	414 000.00
		Samtals	kr.	12 519 000.00

Kostnaður samtals.

Virkjanir	kr.	42 925 000.00
Aðalorkuflutningslínur	—	59 954 000.00
Aðalspennistöðvar	—	12 519 000.00
	Kr.	115 398 000.00
Frá dregst þátttaka áburðarverksmiðju í virkjunar- og orkuflutningskostnaði	kr.	7 000 000.00
	Kr.	108 398 000.00
Dreifing orkunnar 50%	kr.	54 199 000.00
	Kr.	162 597 000.00
Eldri virkjanir og kerfi	—	40 500 000.00
	Kr.	203 097 000.00
Árlegur rekstrarkostnaður 9% eða	kr.	18 278 730.00
Frá dregst ca. 20 milljónir kwst. seldar síldarverksmiðjum á Ingólfsfirði, Reykjarfirði, Hjalteyri og Dagverðareyri um síldveiðitímann (25. júní—5. sept.) til gufuframleiðslu og sem vélaafl og á Siglufirði og Raufarhöfn sem vélaafl eingöngu, reiknað að meðaltali á 4,5 eyri kwst.	—	900 000.00
	Kr.	17 378 730.00

Meðalverð á árskílówatti til almenningsnota 45 186 kw. á kr. 385.00. Meðalverð á kílówattstund miðað við 4000 til 5000 stunda notkun á ári *7.7—9.6 aurar.*

Sé reiknað með, að efni kosti helmingi minna og vinnukostnaður verði einum fjórða minni en að framan er reiknað með, verður kostnaðurinn:

Virkjanir	kr.	25 433 000.00
Aðalorkuflutningslínur	—	37 471 000.00
Aðalspennistöðvar	—	7 418 000.00
	Kr.	70 322 000.00

Frá dregst þátttaka áburðarverksmiðju	kr.	4 207 000.00
	Kr.	66 115 000.00
Dreifing orkunnar	—	33 197 000.00
	Kr.	99 312 000.00
Eldri virkjanir og kerfi	kr.	40 500 000.00
	Kr.	139 812 000.00
Árlegur rekstrarkostnaður 9%	kr.	12 583 000.00
Frá dregst sala á sumarorku til síldarverksmiðjanna, ca. 20 milljónir kwst. á 2.7 aura	—	540 000.00
	Kr.	12 043 000.00

Meðalverð á árskílówatti til almenningsnota 45 186 kw. á *kr. 267.00*. Meðalverð á kílówattstund miðað við 4000 til 5000 stunda notkun á ári *5.3—6.7 aurar*.

Reiknað með lægri verðunum og 9% (rekstrarkostnaður fyrir rafveitur Austurlands og Vesturlands er reiknaður 9½%) af stofnkostnaði og 500 wöttum á mann (102 872 manns) verður árlegur rekstrarkostnaður *samtals á öllu landinu:*

Norður- og Suðurland	kr.	12 043 000.00
Austurland	—	930 000.00
Vesturland	—	1 075 400.00
	Samtals kr.	14 048 400.00

Meðalverð á árskílówatti á öllu landinu yrði þannið 51 436 kw. á *kr. 273.00*.

Meðalverð á kílówattstund miðað við 4000 til 5000 stunda notkun á ári *5.5—6.8 aurar*.

Þá fer hér á eftir *stærri áætlunin*, þar sem miðað er við *600 wött af raforku* á mann í Reykjavík, en *1000 wött á mann annars staðar á landinu*.

Virkjanir.

A. Núverandi virkjanir:			
1. Sogsvirkjunin og Elliðaárvirkjunin	17 700 kw.		
2. Laxárvirkjun	4 000 —		
3. Skeiðsfoss	1 500 —		
4. Ólafsfjörður	160 —		
5. Glerá	200 —		
6. Blönduós	200 —		
			23 760 kw.
B. Nýjar virkjanir:			
1. Ný viðbótarvirkjun í Sogi	5 000 kw.		
2. Hvalvatnsvirkjun	13 200 —		
3. Andakílsárvirkjun	7 800 —		
4. Þverárvirkjun (hjá Nauteyri við Ísafjarðardjúp)	12 600 —		
5. Skeiðsfoss	1 500 —		
6. Ný Laxárvirkjun	22 000 —		
			62 100 kw.
		Samtals	85 860 kw.

Orkuþörfin er talin:

Í Reykjavík 600 wött á mann		24 500 kw.
Annars staðar á landsrafveitusvæðinu 1000 wött á mann		49 500 —
		74 000 kw.
Afl handa áburðarverksmiðju		4 000 —
Virkjað varaafl		7 860 —
	Samtals	85 860 kw.

Kostnaður við virkjanir.

A. Núverandi virkjanir:		
1. Sogsvirkjunin (með viðbótinni)	kr.	14 000 000.00
2. Elliðaárstöðin	—	3 000.000.00
3. Rafveitukerfið í Reykjavík (með nýjustu viðbót)	—	8 000 000.00
4. Rafveitukerfið í Hafnarfirði	—	500 000.00
5. Laxárstöðin (með viðbótinni) og rafveitukerfið á Akureyri	—	6 000 000.00
6. Skeiðsfossvirkjunin og rafveitukerfið á Siglufirði	—	8 000 000.00
7. Blönduósvirkjun	—	300 000.00
8. Glerárvirkjun	—	300 000.00
9. Ólafsfjarðarvirkjun	—	400 000.00
Samtals	kr.	40 500 000.00
B. Nýjar virkjanir:		
1. Í Sogi, 8 000 hestöfl (÷ afltap vegna flutnings 500 hö. = 7 500 hö. = 5 000 kw.) á kr. 950.00	kr.	7 600 000.00
2. Hvalvatnsvirkjun, 22 000 hestöfl (÷ 2 200 hö. afltap = 19 800 hö. = 13 200 kw.) á kr. 700.00	—	15 400 000.00
3. Andkílsárvirkjun, 13 000 hestöfl (1 300 hö. afltap = 11 700 hö. = 7 800 kw.) á kr. 850.00	—	11 050 000.00
4. Þverárvirkjun (hjá Nauteyri), 21 000 hestöfl (÷ 2 100 hö. afltap = 18 900 hö. = 12 600 kw.) á kr. 950 00	—	19 950 000.00
5. Viðbót við Skeiðsfossvirkjun, 2 500 hestöfl (÷ 250 hö. afltap = 2 250 hö. = 1 500 kw.) á kr. 570.00	—	1 425 000.00
6. Ný virkjun í Laxá, 36 600 hestöfl (÷ 3 600 hö. afltap = 33 000 hö. = 22 000 kw.) á kr. 850.00	—	31 110 000.00
Samtals	kr.	86 535 000.00

Aðalorkuflutningslínur.

Frá Laxárvirkjun til Akureyrar, 132 KV loftlína, 60 km á kr. 69 000.00	kr.	4 140 000.00
Frá Laxá til Þverár í Reykjahverfi, 60 KV loftlína, 12 km á kr. 39 000.00	—	468 000.00
Frá Þverá til Húsavíkur, 30 KV loftlína, 15 km á kr. 26 000.00	—	390 000.00
Frá Þverá til Raufarhafnar, 60 KV loftlína, 90 km á kr. 39 000.00	—	3 510 000.00
Frá Akureyri til Dalvíkur, 132 KV loftlína, 40 km á kr. 69 000.00	—	2 760 000.00

Frá Akureyri til Dagverðareyrar, 10 KV loftlína, 10 km á kr. 24 000.00	kr.	240 000.00
Frá Hellu á Árskógsströnd til Hríseyjar, 10 KV sæstrengur, 3½ km á kr. 54 000.00	—	189 000.00
Frá Dalvík að Hellu á Árskógsströnd, 10 KV loftlína, 8 km á kr. 24 000.00	—	192 000.00
Frá Dalvík til Siglufjarðar um Ólafsfjörð, 60 KV loftlína, 35 km á kr. 39 000.00	—	1 365.000.00
Frá Dalvík til Sauðárkróks um Heljardalsheiði, 132 KV loftlína, 70 km á kr. 69 000.00	—	4 830 000.00
Frá Sauðárkróki til Hofsóss, 10 KV loftlína, 32 km á kr. 24 000.00	—	768 000.00
Frá Sauðárkróki til Blönduóss, 132 KV loftlína, 38 km á kr. 69 000.00	—	2 622 000.00
Frá Blönduósi til Skagastrandar, 10 KV loftlína, 20 km á kr. 24 000.00	—	480 000.00
Frá Blönduósi að Hrútafjarðará (Melum), 132 KV loftlína, 70 km á kr. 69 000.00	—	4 830 000.00
Frá spennistöð í Hrútafirði til Hvammstanga, 10 KV loftlína, 33 km á kr. 24 000.00	—	792 000.00
Frá Hrútafjarðará að Andakílsárvirkjun, 132 KV loftlína, 80 km á kr. 69 000.00	—	5 520.000.00
Frá Andakílsárvirkjun í Hvalfjarðarbotn, 132 KV loftlína, 35 km á kr. 69 000.00	—	2 415 000.00
Frá Hvalfjarðarbotni til Reykjavíkur, 132 KV loftlína, 44 km á kr. 69 000.00	—	3 036 000.00
Frá Hrútafjarðará að Bitrufjarðarbotni, 60 KV loftlína, 45 km á kr. 39 000.00	—	1 755 000.00
Frá Bitrufjarðarbotni að Hólmavík, 60 KV loftlína, 34 km á kr. 39 000.00	—	1 326 000.00
Frá Nauteyri í Steingrímsfjarðarbotn, 60 KV loftlína, 40 km á kr. 39 000.00	—	1 560 000.00
Frá Hólmavík í Reykjarfjarðarbotn, 60 KV loftlína, 32 km á kr. 39 000.00	—	1 248 000.00
Frá Reykjarfjarðarbotni í Ingólfsfjarðarbotn, 60 KV loftlína, 10 km á kr. 39 000.00	—	390 000.00
Frá Bitrufjarðarbotni að Kleifum í Gilsfirði, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 21 000.00 (þaðan dreifist orkan að Reykhólum að vestan, en í Saurbæ sunnan Gilsfjarðar)	—	252 000.00
Frá Melum í Hrútafirði um Haukadalsskarð að Stóra-Skógi, 30 KV loftlína, 32 km á kr. 26 000.00	—	832 000.00
Frá Andakílsárvirkjun að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi, 60 KV loftlína, 60 km á kr. 39 000.00 (rekin með 30 KV spennu fyrst um sinn)	—	2 340 000.00
Frá Fáskrúðarbakka að Grísháli í Helgafellssveit, 30 KV loftlína, 18 km á kr. 30 000.00	—	540 000.00
Frá Grísháli til Stykkishólms, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 21 000.00	—	252 000.00
Frá Grísháli í Ólafsvík, 30 KV loftlína, 49 km á kr. 30 000.00	—	1 470 000.00
Frá Ólafsvík til Sands, 10 KV loftlína, 10 km á kr. 21 000.00	—	210 000.00
Frá Fáskrúðarbakka að Búðum, 10 KV loftlína, 24 km á kr. 21 000.00	—	504 000.00

Frá Andakílsárvirkjun til Akraness, 30 KV loftlína, 36 km á kr. 30 000.00	kr.	1 080 000.00
Frá Andakílsárvirkjun til Borgarness, 10 KV loftlína, 15 km á kr. 21 000.00	—	315 000.00
Frá Hafnarfirði til Keflavíkur, 30 KV loftlína, 36 km á kr. 30 000.00	—	1 080 000.00
Frá Vogum til Grindavíkur, 10 KV loftlína, 15 km á kr. 21 000.00	—	315 000.00
Frá Sogsvirkjun að Arnarstöðum í Flóa, 60 KV loftlína, 18 km á kr. 39 000.00	—	702 000.00
Frá Arnarstöðum að Fíflholti, 60 KV loftlína, 41 km á kr. 39 000.00	—	1 599 000.00
Frá Fíflholti að Krosssandi, 20 KV loftlína, 17 km á kr. 26 000.00	—	442 000.00
Frá Krosssandi til Vestmannaeyja, 20 KV sæstrengur, 12 km á	—	1 800.000.00
Frá Sogi að Geysi, 10 KV loftlína, 48 km á kr. 24 000.00	—	1 152 000.00
Frá Arnarstöðum að Selfossi, 10 KV loftlína, 6 km á kr. 24 000.00	—	144 000.00
Frá Selfossi til Hveragerðis, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 24 000.00	—	288 000.00
Frá Arnarstöðum að Eyrarbakka og Stokkseyri, 10 KV loftlína, 14 km á kr. 24 000.00	—	336 000.00
Frá Fíflholti að Stórólfshvoli, 10 KV loftlína, 9 km á kr. 24 000.00	—	216 000.00
	Samtals kr.	60 695 000.00

Aðalspennistöðvar.

Raufarhöfn	7 000 kw.	(60 KV)	kr.	920 000.00
Kópasker	500 —	(60 KV)	—	184 000.00
Þverá	1 500 —	(60 KV)	—	386 000.00
Húsavík	1 200 —	(30 KV)	—	248 000.00
Háls í Fnjóskadal	600 —	(30 KV)	—	138 000.00
Svalbarðsströnd	300 —	(30 KV)	—	81 000.00
Akureyri	12 000 —	(132 KV)	—	2 160 000.00
Hjalteyri	7 000 —	(132 KV)	—	1 590 000.00
Dalvík	14 000 —	(132 KV)	—	2 460 000.00
Ólafsfjörður	1 000 —	(60 KV)	—	285 000.00
Siglufjörður	11 000 —	(60 KV)	—	1 357 000.00
Sauðárkrókur	3 000 —	(132 KV)	—	773 000.00
Blönduós	1 500 —	(132 KV)	—	621 000.00
Hrútafjarðará	12 000 —	(132 KV)	—	2 254 000.00
Bitrufjörður	600 —	(60 KV)	—	205 000.00
Hólmavík	1 000 —	(60 KV)	—	285 000.00
Reykjarfjörður	5 000 —	(60 KV)	—	800 000.00
Ingólfsfjörður	3 500 —	(60 KV)	—	672 000.00
Stóri-Skógur, Dalas.	750 —	(30 KV)	—	166 000.00
Fáskrúðarbakki	600 —	(30 KV)	—	138 000.00
Grísháll	1 000 —	(30 KV)	—	200 000.00
Grundarfjörður	400 —	(30 KV)	—	100 000.00
Ólafsvík	1 200 —	(30 KV)	—	248 000.00

Akranes	2 500 kw.	(30 KV)	kr.	442 000.00
Reykjavík	20 000 —	(132 KV)	—	3 036 000.00
Hafnarfjörður (viðb.)	5 000 —	(30 KV)	—	414 000.00
Keflavík	3 000 —	(30 KV)	—	497 000.00
Vogar	700 —	(30 KV)	—	156 000.00
Arnarstaðir í Flóa	3 000 —	(60 KV)	—	497 000.00
Fíflholt í Landeyjum	6 000 —	(60 KV)	—	856 000.00
Vestmannaeyjar	4 500 —	(20 KV)	—	607 000.00
		Samtals	kr.	22 776 000.00

Kostnaður samtals.

Virkjanir	kr.	86 535 000.00
Aðalorkuflutningslínur	—	60 695 000.00
Aðalspennistöðvar	—	22 776 000.00
	Kr.	170 006 000.00
Frá dregst þátttaka áburðarverksmiðju í virkjunar- og orkuflutningskostnaði	kr.	7 000 000.00
	Kr.	163 006 000.00
Dreifing orkunnar 50%	—	81 503 000.00
	Kr.	244 509 000.00
Eldri virkjanir og kerfi	kr.	40 500 000.00
	Kr.	285 009 000.00
Árlegur rekstrarkostnaður 9%	kr.	25 650 810.00
Frá dregst: ca. 40 milljónir kwst. seldar síldarverksmiðjunum á Ingólfsfirði, Reykjarfirði, Siglufirði, Hjalteyri, Dagverðareyri og Raufarhöfn um síldveiðitímann (25. júní—5. sept.) til gufuframleiðslu og sem vélaafl, reiknað á 4½ eyri kwst.	—	1 800 000.00
	Kr.	23 850 810.00

Meðalverð á árskílówatti til almenningsnota 74 000 kw. á *kr. 322.00* Meðalverð á kílówattstund miðað við 4000 til 5000 stunda notkun á ári *6.4—8.1 aurar.*

Sé reiknað með, að efni kosti helmingi minna og vinnukostnaður verði einum fjórða minni en að framan er reiknað með, verður kostnaðurinn:

Virkjanir	kr.	51 272 000.00
Aðalorkuflutningslínur	—	37 934 000.00
Aðalspennistöðvar	—	13 495 000.00
	Kr.	102 701 000.00
Frá dregst þátttaka áburðarverksmiðju	—	4 207 000.00
	Kr.	98 494 000.00
Dreifing orkunnar 50%	kr.	49 247 000.00
	Kr.	147 741 000.00
Eldri virkjanir og kerfi	kr.	40 500 000.00
	Kr.	188 241 000.00

Árlegur rekstrarkostnaður 9%	kr.	16 942 000.00
Frá dregst sala á sumarorku til síldarverksmiðjanna, ca. 40 milljónir kwst. á 2.7 aura	—	1 080 000.00
	Kr.	15 862 000.00

Meðalverð á árskílówatti til almenningsnota 74 000 kw. á *kr. 214.00*. Meðalverð á kílówattstund miðað við 4000 til 5000 stunda notkun á ári *4.3—5.4 aurar*.

Reiknað með lægri verðunum verður árlegur rekstrarkostnaður *samtals á öllu landinu:*

Norður- og Suðurland	kr.	15 862 000.00
Austurland	—	1 949 000.00
Vesturland	—	1 514 000.00
	Kr.	19 325 000.00

Meðalverð á árskílówatti á öllu landinu yrði þannig 89 300 kw. á *kr. 216.00*. Meðalverð á kílówattstund miðað við 4000 til 5000 stunda notkun á ári *4.3—5.4 aurar*.

Um línuleiðirnar.

Aðalorkuflutningslínur.

Raufarhafnarlína: Í 1000 watta (á mann) áætluninni er gert ráð fyrir, að málspenna línunnar sé 60 KV. Í 500 watta (á mann) áætluninni er hins vegar reiknað með, að málspenna línunnar verði fyrst um sinn höfð 30 KV, en að línan verði þegar í byrjun byggð fyrir 60 KV, þannig að hækka megi spennuna í 60 KV, þegar ástæður þykja til.

Línuleiðin: Frá orkuveri Laxár (við Brúarfossa) liggur línan beina leið út að Þverá í Reykjahverfi. Þar er spennistöð til að lækka spennuna (ef 60 KV málspenna er notuð) niður í 30 KV fyrir Húsavík og 10 KV fyrir sveitaveitur.

Frá Þverá er gert ráð fyrir, að línan liggi austur yfir Reykjaheiði, um Geldingadal, Árnahvamm og Grísatungu, yfir Víkingavatns- og Garðsheiðar, austur yfir láglendi Kelduhverfis, fram hjá Garði og Skógum og utan við Axarnúp og Valþjófsstaðafjall að Einarsstöðum á Sléttu. Þar sé spennistöð fyrir Kópasker og sveitaveitur. Frá Einarsstöðum liggur línan því sem næst í beina stefnu norðaustur yfir Sléttu, um Hólsstíg til Raufarhafnar.

Húsavíkurlína: 30 KV lína liggur frá spennistöðinni við Þverá, ofan við Laxamýri og beina leið til Húsavíkur.

Akureyrarlína: Hún liggur frá orkuverinu við Brúarfossa, yfir Aðaldal og Fljótsheiði og vestur yfir Skjálfandafljót meðfram núverandi háspennulínu, en fjarlægist hana síðan og liggur vestur Ljósavatnsskarð, sunnan við Ljósavatn, fram hjá Hálsi og yfir Vaðlaheiði, um Geldingsárskarð, inn Svalbarðsströnd og vestur yfir Eyjafjörð um Hólmana. Lína þessi er 132 KV, en í áætluninni um 500 wött á mann er þó gert ráð fyrir, að hún verði fyrst um sinn rekin með 60 KV málspennu. Frá aðalspennistöðinni við Akureyri liggja 10 KV línur inn Eyjafjörð og út Kræklingahlíð að Dagverðareyri og um ytri hluta Hörgárdals, en 132 KV lína liggur út með Eyjafirði að vestan.

Hjalteyrarlína: Við þverveginn til Hjalteyrar er spennistöð til að lækka spennuna í 10 KV fyrir dreifilínur, sem liggja þaðan til Hjalteyrar og byggðanna þar í kring.

Dalvíkurlína, 132 KV, liggur frá spennistöðinni við Hjalteyri út Árskógsströnd að Dalvík. Þar er spennistöð til að lækka spennuna í 60 KV fyrir Ólafsfjörð og Siglufjörð og niður í 10 KV fyrir Hrísey, Dalvík og umhverfi.

Ólafsfjarðarlína, 60 KV, liggur frá Dalvík upp Karlsárdal og um Dranga og Bustarbrekkudal til Ólafsfjarðar. Þar er spennistöð til að lækka spennuna í 10 KV fyrir kauptúnið og byggðina í kring.

Siglufjarðarlína, 60 KV, liggur frá Ólafsfirði um Rauðsskarð til Héðinsfjarðar og þaðan um Hestskarð til Siglufjarðar. Þar er spennistöð til að lækka spennuna í 10 KV.

Í 500 watta áætluninni er Siglufjarðarlínan ekki talin með.

Skagafjarðarlína, 132 KV, liggur frá Dalvík inn Svarfaðardal um Heljardalsheiði, Viðvíkursveit og yfir Hegranes til Sauðárkróks. Þar er spennistöð 60/10 KV, og frá henni liggja 10 KV dreifilínur út um héraðið, meðal annars til Hofsóss.

Blönduóslína, 132 KV. Línan liggur frá Sauðárkróki um Kolhaugafjall til Blönduóss. Þar er spennistöð, 132/10 KV, og frá henni fara 10 KV dreifilínur út um héraðið, þar á meðal til Skagastrandar.

Hrútafjarðarlína, 132 KV. Línan liggur frá Blönduósi, fram hjá Giljá, innan við Hópið, yfir Miðfjarðarháls og Hrútafjarðarháls að spennistöð, 132/60—30—10 KV, við Hrútafjarðará nálægt Melum. Frá spennistöðinni liggur 60 KV lína norður Strandir, 30 KV lína vestur í Dali um Haukadalsskarð og 10 KV dreifilínur út um héruðin í kringum Hrútafjörð og til Hvammstanga.

Línan frá Akureyri til Hrútafjarðarár verður rekin með 60 KV málspennu miðað við 500 wött á mann, en byggð þannig, að flytja megi eftir henni straum með 132 KV spennu síðar.

Bitrufjarðarlína, 60 KV, liggur frá Hrútafjarðarspennistöð út með Hrútafirði að vestan, norðan við Sandfell að Bitrufjarðarbotni. Þar er spennistöð, 60/10 KV, og frá henni liggja 10 KV dreifilínur til sveitanna í kring og yfir Snartartunguheiði að Kleifum í Gilsfirði. Þaðan liggur 10 KV lína norðan við Gilsfjörð, innan við Króksfjörð og Berufjörð, til Reykhóla. Önnur 10 KV lína liggur frá Gilsfjarðarbotni út í Saurbæ.

Hólmavíkurlína liggur frá Bitrufjarðarbotni um Bitruháls, innan við Kollafjörð til Steingrímsfjarðar og inn með honum að austan til Hólmavíkur. Þar er spennistöð, 60/10 KV, fyrir Hólmavík og nágrenni.

Nauteyrarlína, 60 KV, liggur frá Hólmavík inn að Steingrímsfjarðarbotni, þaðan norður yfir Steingrímsfjarðarheiði og um Lágadal að orkuveri við Nauteyri.

Reykjarfjarðarlína, 60 KV, greinist út frá Nauteyrarlínu við Steingrímsfjarðarbotn og liggur vestur Trékyllisheiði í Reykjarfjarðarbotn. Þar er spennistöð, 60/10 KV, fyrir síldarverksmiðjuna í Djúpavík og nágrennið.

Ingólfsfjarðarlína, 60 KV, liggur frá Reykjarfjarðarbotni um Reykjarfjarðardal norður að botni Ingólfsfjarðar. Þar er spennistöð, 60/10 KV, fyrir síldarverksmiðjuna í Ingólfsfirði og nágrenni.

Haukadalslína, 30 KV, liggur frá spennistöðinni í Hrútafjarðarbotni um Haukadalsskarð og niður Haukadal að Stóra-Skógi í Dalasýslu. Þar er spennistöð, 30/10 KV, og þaðan liggja 10 KV dreifilínur um umhverfið, m. a. til Búðardals og út að Staðarfelli.

Borgarfjarðarlína, 132 KV, liggur frá spennistöð í Hrútafjarðarbotni suður Holtavörðuheiði og Norðurárdal niður undir Sveinatungu, en þaðan beina leið yfir Þverárhlíðarháls um Þverárhlíð, Stafholtstungur og Bæjarsveit að orkuveri við Andakílsá. Þar er spennistöð og línugreining. 60 KV lína liggur vestur á Snæfellsnes, 30 KV lína fer til Akraness, 10 KV dreifilínur liggja til héraðanna í kring, m. a. til Borgarness.

Snæfellsneslína, 60 KV, liggur frá Andakílsárvirkjun í norðvestur innan við Borgarfjörð beina línu að Haffjarðará neðarlega og þaðan beint vestur að Fáskrúðarbakka. Þar er spennistöð, 60/30—10 KV. 30 KV línan liggur til Stykkishólms, en 10 KV dreifilínur um sveitirnar í kring, m. a. að Stapa og Hellnum.

Stykkishólmslína, 30 KV, liggur frá Fáskrúðarbakka norður yfir Kerlingarskarð. Norðan við skarðið (hjá Grísháli) er spennistöð, 30/10 KV. Þaðan liggur 10 KV dreifingarlína til Stykkishólms og nágrennis.

Grundarfjarðarlína, 30 KV, liggur frá spennistöðinni hjá Grísháli vestur að Hraunsfirði, inn fyrir botn hans, um Tröllaháls, innan við Kolgrafafjörð, út með honum að vestan og um Eiði til Grundarfjarðar að Framnesi. Þar er spennistöð, 30/10 KV, fyrir Grundarfjörð.

Ólafsvíkurlína, 30 KV, liggur frá Grundarfirði út með Látravík, um Búlandshöfða og Fróðársveit til Ólafsvíkur. Þar er spennistöð, 30/10 KV, fyrir Ólafsvík og umhverfi, og þaðan liggur 10 KV lína að Sandi.

Akraneslína, 30 KV, liggur frá Andakílsárvirkjun út með Borgarfirði, um Melasveit, yfir Leirárvogsós til Akraness. Þar er spennistöð, 30/10 KV, fyrir Akranes og umhverfi.

Hvalfjarðarlína, 132 KV, liggur frá Andakílsárvirkjun um Geldingadraga, Svínadal og Hvalfjarðarströnd að Hvalvatnsvirkjun hjá Stóra-Botni.

Reykjavíkurlína, 132 KV, liggur frá Hvalvatnsvirkjun út með Hvalfirði að Fossá, upp Fossárdal, þvert yfir Kjós, um Svínaskarð og Mosfellssveit að Elliðaám. Þar er spennistöð, 132/60—30—10 KV, fyrir Reykjavík og umhverfi.

Hafnarfjarðarlína, 30 KV, liggur frá Elliðaám til Hafnarfjarðar.

Keflavíkurlína, 30 KV, liggur frá Hafnarfirði út Reykjanesskaga að norðan. Þar er spennistöð, 30/6—10 KV, fyrir Keflavík og umhverfi, þar á meðal Sandgerði.

Grindavíkurlína, 10 KV, gengur út frá spennistöð 30/10 KV, sem byggð er á Keflavíkurlínu nálægt Vogum. Línan liggur þvert suður yfir Reykjanesskaga til Grindavíkur.

Selfosslína, 60 KV, liggur frá Sogsvirkjun að spennistöð 60/10 KV, austan við Selfoss nálægt Arnarstöðum. Frá spennistöðinni liggja 10 KV dreifilínur til byggðanna í kring, þar á meðal að Stokkseyri, Eyrarbakka, Selfossi og Hveragerði.

Landeyjalína, 60 KV, liggur frá Arnarstöðum beina leið austur yfir Flóa, Holt og Vestur-Landeyjar að spennistöð 60/20—10 KV nálægt Fíflholti í Vestur-Landeyjum. Þaðan liggja 10 KV dreifilínur til héraðanna í kring og 20 KV lína og sæstrengur til Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjalína, 20 KV, liggur frá spennistöðinni við Fíflholt austur á Krosssand. Þar tekur við sæstrengur til Vestmannaeyja.

Geysislína, 10 KV dreifilína, liggur frá orkuveri við Sog, sunnan við Búrfell, upp Grímsnes og Biskupstungur að Geysi.

Auk framantalinna lína eru dreifilínur um sveitir. Þá er gert ráð fyrir, að Vestfjarðarafveitukerfið verði síðar tengt við landskerfið með línu frá Nauteyrarvirkjun, og enn fremur, að Austfjarðakerfið verði síðar tengt við landskerfið með línu á milli Raufarhafnar og Þórshafnar.

Rafveita Austfjarða.

I. Mannfjöldi, sem raforku frá orkuveitukerfinu er ætlað að ná til.

Í kauptúnum:

Seyðisfjörður	850
Norðfjörður	1 082
Eskifjörður	708
Reyðarfjörður	365
Fáskrúðsfjörður	591
	3 596

Í sveitum:

Fljótsdalshreppur	150	
Skriðdalshreppur	80	
Vallahreppur	210	
Eiðahreppur	180	
Tungu- og Fellahreppar	100	
Seyðisfjarðarhreppur	100	
Norðfjarðarhreppur	200	
Helgustaðahreppur	60	
Reyðarfjarðarhreppur	110	
Fáskrúðsfjarðarhreppur	214	
		1 404
Samtals		5 000

II. Virkjanir.

Núverandi virkjanir:

1. Seyðisfjarðarvirkjun	200	hestöfl	
Reyðarfjarðarvirkjun	300	—	
Eiðavirkjun	100	—	
			600 hestöfl
2. Ný virkjun við Egilsstaði í Fljótsdal (Gilsárvatnavirkjun)			3 500 —
			4 100 hestöfl
Frá dregst 10% afltap vegna flutnings			350 —
		Samtals	3 750 hestöfl

= 2 500 kílówött eða 500 wött á mann.

Kostnaður við virkjanir:

Eldri virkjanir	kr.	450 000.00
Ný virkjun, kr. 1 050.00 hestaflið	—	3 675 000.00
	Kr.	4 125 000.00

III. Aðalorkuflutningslínur.

1. Frá Gilsárvatnavirkjun við Egilsstaði í Fljótsdal að Mjóanesi, 60 KV loftlína, 31 km á kr. 39 000.00	kr.	1 209 000.00
2. Frá Mjóanesi um Þórdalsheiði að Búðareyri í Reyðarfirði, 60 KV loftlína, 31 km á kr. 39 000.00	—	1 209 000.00
3. Frá Búðareyri til Eskifjarðar, 30 KV loftlína, 15 km á kr. 30 000.00	—	450 000.00
4. Frá Eskifirði til Norðfjarðar, 30 KV loftlína, 19 km. á kr. 30 000.00	—	570 000.00
5. Frá Reyðarfirði um Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði, 10 KV loftlína, 40 km á kr. 21 000.00	—	840 000.00
6. Frá Mjóanesi að Egilsstöðum á Völlum, 60 KV loftlína, 18 km á kr. 39 000.00	—	702 000.00
7. Frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar, 10 KV loftlína, 19 km á kr. 21 000.00	—	399 000.00
8. Frá Egilsstöðum að Eiðum, 10 KV loftlína, 12 km á kr. 21 000.00	—	252 000.00
	Kr.	5 631 000.00

IV. Aðalspennistöðvar.

Reyðarfjörður	1 800 kw.	(60 KV)	kr.	432 000.00
Eskifjörður	400 —	(30 KV)	—	101 000.00
Norðfjörður	700 —	(30 KV)	—	156 000.00
Egilsstaðir	800 —	(60 KV)	—	248 000.00
			Kr.	937 000.00

Samtals:

Virkjanir	kr.	4 125 000.00
Aðalorkuflutningslínur	—	5 631 000.00
Aðalspennistöðvar	—	937 000.00
Dreifing orkunnar	—	5 347 000.00
	Kr.	16 040 000.00
Árlegur rekstrarkostnaður 9½%	kr.	1 524 000.00

Árskílówattið kostar þannig *kr. 610.00.*
Kílówattstundin kostar þannig með 4000—5000 stunda notkun á ári 12.2—15.3 aura.

Með lægri tölunum: (þ. e. ef efni kostar helmingi minna og vinnukostnaður verður einum fjórða minni en að framan er reiknað með)	kr.	2 444 000.00
	—	3 519 000.00
	—	555 000.00
	—	3 275 000.00
	Kr.	9 793 000.00
Árlegur rekstrarkostnaður 9½%	kr.	930 000.00

Árskílówattið *kr. 372.00.*
Kílówattstundin 7.4—9.3 aurar.

Gert er ráð fyrir, að virkjuð verði Gilsárvötn með því að stífla frárennsli þeirra (Bessastaðaá o. fl.) í rúmlega 600 metra hæð (628 m) og leiða vatnið í pípu úr Eyrarselsvatni niður í stöð hjá Egilsstöðum í Fljótsdal (stutt utan við bæinn). Aðrennslissvæðið er talið 75—80 ferkm. Háspennulínan liggur út Fljótsdal, yfir Lagarfljót (Jökulsá) á móts við Skriðuklaustur, út með Leginum að austanverðu, út undir Mjóanes. Þar greinist línan. Önnur greinin liggur suður Skriðdal, Þórudal og Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar. Greinist hún þar í suðurálmu, sem liggur austur með Reyðarfirði sunnanverðum, um Staðarskarð, vestur með Fáskrúðsfirði að Búðum, en norðurálman liggur út með Reyðarfirði norðanverðum, fyrir Eskifjarðarbotn, um Oddsskarð til Neskaupstaðar í Norðfirði. Frá Mjóanesi liggur önnur aðalgreinin norður með Lagarfljóti að Egilsstöðum á Völlum. Þaðan liggur álma yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar, en önnur lína liggur frá Egilsstöðum beina leið út að Eiðum.

Stærri virkjun.

Sé hins vegar um stærstu virkjun og mestu fyrirhugaða dreifingu að ræða á raforku til almenningsþarfa á Austurlandi (miðað við 1000 wött á mann), verður mannfjöldinn, sem raforku frá virkjuninni er ætlað að ná til fyrst um sinn:

Í kauptúnum:

Þórshöfn	313
Höfn í Bakkafirði	50
Vopnafjörður	250
Bakkagerði	142
Seyðisfjörður	850

Norðfjörður	1 082	
Eskifjörður	708	
Reyðarfjörður	365	
Fáskrúðsfjörður	591	
Stöðvarfjörður (Stöðvarhr.)	188	
Djúpivogur og nágrenni	270	
		4 809
Í sveitum:		
Svalbarðshreppur	137	
Sauðaneshreppur	130	
Skeggjastaðahreppur	170	
Hlíðarhreppur	100	
Vopnafjarðarhreppur	320	
Tunguhreppur	110	
Fellahreppur	60	
Fljótsdalshreppur	150	
Hjaltastaðahreppur	130	
Borgarfjarðarhreppur	100	
Seyðisfjarðarhreppur	100	
Eiðahreppur	180	
Vallahreppur	210	
Skriðdalshreppur	80	
Norðfjarðarhreppur	200	
Helgustaðahreppur	60	
Reyðarfjarðarhreppur	110	
Fáskrúðsfjarðarhreppur	294	
Breiðdalshreppur	250	
Beruneshreppur	100	
		2 991
Samtals		7 800

Er gert ráð fyrir nýrri virkjun við Egilsstaði í Fljótsdal (Gilsárvötn), 12 400 hestöfl, en að raforkan verði 1000 wött á mann eða alls 7800 kílówött.

Háspennulínan liggur frá virkjuninni við Egilsstaði út Fljótsdal, yfir Lagarfljót (Jökulsá) á móts við Skriðuklaustur, út með Leginum austanverðum út undir Mjóanes. Þar greinist línan. Önnur greinin liggur suður Skriðdal, Þórudal og Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar. Greinist hún þar í suðurálmu, sem liggur um Stuðlaheiði til Búða í Fáskrúðsfirði, en norðurálman liggur út með Reyðarfirði norðanverðum, fyrir Eskifjarðarbotn til Eskifjarðar og þaðan um Oddsskarð til Neskaupstaðar í Norðfirði. Frá Búðum í Fáskrúðsfirði liggur línan út með Fáskrúðsfirði að sunnan, um Hafnarnes til Stöðvarfjarðar, frá Stöðvarfirði meðfram ströndinni til Breiðdalsvíkur, þaðan út með Breiðdalsvík að sunnanverðu, inn með Berufirði að norðan, yfir Berufjörð í sæstreng (neðan við Fagrahvamm) að Teigatanga og loftlína þaðan til Djúpavogs. Frá Mjóanesi liggur önnur aðalgreinin norður með Lagarfljóti að Egilsstöðum á Völlum. Þaðan liggur álma yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar, en önnur lína liggur frá Egilsstöðum beina leið út að Eiðum. Frá Eiðum liggur lína út að Hreimsstöðum, hliðarlína þaðan um Sandadal og Sandaskarð til Borgarfjarðar og Bakkagerðis. Frá Hreimsstöðum liggur lína út að Lagarfljóti, þvert yfir Hróarstungu, yfir Jökulsá innan við Sleðbrjót, út Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði, vestur með Vopnafirði að sunnan til Vopnafjarðarkauptúns. Frá Vopnafirði liggur línan um Sandvíkurheiði til Bakkafjarðar, þaðan innan við botna Miðfjarðar og Finnafjarðar, um Brekknaheiði til Þórshafnar.

Það skal tekið fram, að Gilsárvötn hafa aðeins verið lauslega athuguð, þótt margt bendi til, að þarna gæti orðið um mjög hagstæða virkjun að ræða. Ef virkja þarf Lagarfoss, verður raforka frá þeirri virkjun allmiklu dýrari. Sama er að segja um Fjarðará í Seyðisfirði, og þar er auk þess takmarkað afl.

Rafveita Vestfjarða.

I. Mannfjöldi, sem raforku frá virkjuninni er ætlað að ná til fyrst um sinn.

Í kauptúnum:		
Patreksfjörður	767	
Tálknafjörður	80	
Bíldudalur	389	
Þingeyri	350	
Flateyri	409	
Suðureyri	355	
Ísafjörður	2 897	
Hnífsdalur	304	
Bolungavík	623	
Súðavík	226	
		6400
Í sveitum:		
Hólshreppur	100	
Eyrarhreppur	150	
Suðureyrarhreppur	50	
Flateyrar- og Mosvallahreppur	200	
Mýra- og Þingeyrarhreppur	450	
Auðkúlu-, Dala- og Suðurfjarðarhreppur	150	
		1 100
	Samtals	7 500

II. Virkjanir.

Núverandi Ísafjarðarvirkjun:

1. Gamla virkjunin í Fossá	850	hestöfl
2. Nýja virkjunin í Nónvatni (uppsettar vélar 800 hestöfl, en aðeins varlegt að bæta við)	150	—
	1 000	hestöfl
Ný virkjun í Dynjandisá	5 250	—
	6 250	hestöfl
Frá dregst afltap 10% vegna flutnings	625	—
Samtals	5 625	hestöfl

= 3750 kílówött eða 500 wött á mann.

Kostnaður við virkjanir:		
Dynjandisárvirkjun, 5250 hestöfl á kr. 950.00	kr.	4 988 000.00
Fossárvirkjun } að meðtöldu dreifingarkerfi }	—	1 000.000.00
Nónvatnsvirkjun } á Ísafirði og í Hnífsdal }	—	1 750 000.00
	Kr.	7 738 000.00

III. Aðalorkuflutningslínur.

A. Suðurlína:

1. Loftlína frá Dynjanda til Patreksfjarðar, spenna 30 KV, lengd 45 km á kr. 30 000.00	kr.	1 350 000.00
2. 30 KV sæstrengur, 5 km, viðbótarkostnaður vegna hans	—	315 000.00
3. 30 KV þverlína til Bíldudals, 2 km á kr. 26 000.00	—	52 000.00

B. Norðurlína:

1. Loftlína frá Dynjanda til Engidals, 59 km á lengd, 30 KV spenna á kr. 30 000.00	—	1 770 000.00
2. Frá aðallínu til Þingeyrar, 2.5 km loftlína, 6 KV, á kr. 16 000.00	—	40 000.00
1.4 km sæstrengur, 6 KV, á kr. 40 000.00	—	56.000.00
3. Frá aðallínu til Flateyrar, 30 KV, loftlína 7 km á kr. 26 000.00	—	182 000.00
4. Frá aðallínu til Suðureyrar, 30 KV, loftlína 14 km á kr. 26 000.00	—	364 000.00
5. Frá Engidal til Súðavíkur, 6 KV, loftlína 10 km á kr. 16 000.00	—	160 000.00
6. Frá aðallínu til Bolungavíkur, 30 KV, loftlína 14.5 km á kr. 30 000.00	—	435 000.00
	Kr.	4 724 000.00

IV. Aðalspennistöðvar:

Á Patreksfirði	400	KVA	kr.	101 000.00
– Tálknafirði	40	—	—	32 000.00
– Bíldudal	250	—	—	72 000.00
– Þingeyri	400	—	—	101 000.00
– Flateyri	350	—	—	92 000.00
– Suðureyri	250	—	—	72 000.00
– Súðavík	125	—	—	36 000.00
– Ísafirði	1 700	—	—	331 000.00
– Bolungavík	400	—	—	101 000.00
			Kr.	938 000.00

V. Dreifing orkunnar í kauptúnum og sveitum	kr.	3 440 000.00

Samtals:

I. Dynjandisárvirkjun	kr.	4 988 000.00
II. Ísafjarðarvirkjanir með dreifingarkerfi	—	2 750 000.00
III. Aðalorkuflutningslínur	—	4 724 000.00
IV. Aðalspennistöðvar	—	938 000.00
V. Dreifing orkunnar	—	3 440 000.00
	Kr.	16 840 000.00

Árlegur rekstrarkostnaður, fyrning og stofnfjárkostnaður 9½ %	kr.	1 600 000.00

Árskílówattið kostar þannig *kr. 427.00*.

Sé notkunartími áætlaður 4000 klst. á ári að meðaltali, kostar kílówattstundin notandann 10.7 aura. Með 5000 stunda notkunartíma kostar kílówattstundin notandann rúmlega 8½ eyri.

Ef til vill má gera ráð fyrir, að kostnaðurinn við byggingu Dynjandisárstöðvar, línur, spennistöðvar og drefingarkerfi (að Ísafirði undanskildum) kosti allmiklu minna, þegar efni fæst annars staðar að en frá Ameríku, en þessar áætlanir eru gerðar miðað við, að allt efni sé keypt frá Bandaríkjunum og Kanada. Gera má ráð fyrir, ef efni til virkjunarinnar verður eigi keypt, fyrr en Evrópustríðinu er lokið, að það kosti þá helmingi minna en hér er áætlað. Þá ætti að mega gera ráð fyrir, að vinnukostnaður verði þá vegna lækkunar á vísitölu orðinn lækkaður um ca. 25%. Þessi liður skiptir þó minna máli um fjárhagsafkomuna.

Miðað við ofanskráð verð má áætla skiptingu á kostnaði milli efnis og vinnu sem hér segir:

	Efni	Vinna
Virkjun	63 %	37 %
Aðallínur	50 —	50 —
Aðalspennistöðvar .	63 —	37 —
Dreifingarkerfi	55 —	45 —

Reiknað með lægri verðunum yrðu kostnaðartölurnar:

Virkjanir í Dynjandisá	ca.	kr.	2 955 000.00
Aðalorkuflutningslínur		—	2 952 000.00
Aðalspennistöðvar		—	556 000.00
Dreifing		—	2 107 000.00
Ísafjarðarvirkjanir		—	2 750 000.00
	Samtals	kr.	11 320 000.00

Rekstrarkostnaður 9½% — kr. 1 075 400.00 á ári.

Árskílówattið kostar þannig *kr. 287.00.*

Kílówattstundin kostar notandann þannig, miðað við 4000 til 5000 klst. notkun, 5.7—7.2 aura.

Þegar búið væri að nota að fullu þau 500 wött á mann, sem að framan er gert ráð fyrir, og ef óskað væri eftir að auka aflið upp í 1000 wött á mann, eins og ráðgert hefur verið, að hæst þyrfti hér á landi, mætti vel hugsa sér að virkja til viðbótar um 6000 hestöfl í Mjólkuránum í Arnarfirði, en virkjunarathuganir þar benda til, að virkjun verði eigi dýrari þar en í Dynjandisá. Eigi mundi þurfa að bæta nokkru verulega við kostnað í línum til að flytja orku, en nýjan kostnað við spennistöðvar mundi mega áætla 80% af upprunalegum kostnaði og enn fremur kostnað við dreifingu á hinni nýju orku í kauptúnum og sveitum 80% í viðbót við upprunalegan kostnað.

Þannig mætti reikna kostnaðinn við að bæta við 500 wöttum af raforku á mann og tvöfalda þannig orkuna:

Mjólkurárvirkjun, 6000 hestöfl	kr.	5 700 000.00
Aðalspennistöðvar, viðbót	—	750 000.00
Dreifing raforkunnar, viðbót	—	2 750 000.00
	Kr.	9 200.000.00

Sé hins vegar eins og að framan reiknað með efni lækkuðu um helming og vinnu um einn fórða hluta, verður allur kostnaðurinn af viðbótinni ca. kr. 5 500 000.00. Samkvæmt þessu yrði viðbótarraforkan þannig allt að því helmingi ódýrari eða miðað við hærra verðið 5—6 aurar kílówattstundin, en miðað við lægra verðið 3—4 aurar kwst., ef gert er ráð fyrir notkun viðbótarorkunnar í jafnmargar klukkustundir á ári og í fyrra fallinu.

Sþ. 936. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

JJ og GÍG voru ekki á fundi.

Alþingi, 24. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson. frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Þóroddur Guðmundsson.	

Nd. 937. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðing á rottum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Öll nefndin gat ekki orðið sammála um frv. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nefndarmanna (PZ) er andvígur því óbreyttu.

Alþingi, 24. jan. 1945.

Sigurður E. Hlíðar, form., frsm.	Sigurður Thoroddsen, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen.
	Sigurjón Á. Ólafsson.	

Sþ. 938. Nefndarálit

um till. til þál. um, að fullnægt verði fyrirmæli 4. gr. hæstaréttarlaganna um fjölda dómara í hæstarétti.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur ekki ástæðu til að skora á ríkisstjórnina að fjölga nú dómurum í hæstarétti. Heimild til þess hefur nú verið í lögum í nærfellt tíu ár, en engin stjórn á þessu tímabili talið nauðsynlegt að framkvæma hana. Hafa engar nýjar upplýsingar komið fram, sem geri það líklegt, að nú sé fremur en áður nauðsyn að fjölga dómurunum. Hins vegar telur meiri hlutinn ekki heldur ástæðu til að að afnema heimildina, þar sem sýnt er, að heimildin verður ekki notuð nema til bráðabirgða í einstökum mikilsverðum málum, án þess að til komi samþykki meiri hluta Alþingis. Á þetta er nú komin hefð. Það mun kosta nær 80 þúsund krónur að fjölga í hæstarétti um tvo dómara og sízt ástæða til að leggja í þann kostnað, nema sterkari ástæður séu færðar fyrir nauðsyn þess en hingað til hefur komið á daginn. Meiri hlutinn leggur því til að vísa málinu til stjórnarinnar.

Alþingi, 24. jan. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, frsm.	Páll Zóphóníasson.	Har. Jónasson
	Sigurður Þórðarson.	

Sþ. 939. Tillaga til þingsályktunar

um flutning hengibrúar frá Selfossi að Iðu.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún feli vegamálastjórninni athugun og rannsókn á því, hvort hengibrúin á Ölfusá sé hæf til notkunar á fyrirhuguðu Hvítárbrúarstæði hjá Iðu.

Skal athugunum þessum flýtt svo sem verða má og brúin endurreist hjá Iðu, ef hentugt þykir, þegar hin nýja Ölfusárbrú hjá Selfossi er fullgerð.

Kostnaður við rannsóknir þessar og flutning og endurbygging brúarinnar hjá Iðu greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Áður, er leitað hefur verið á Alþingi framlags til brúargerðar á Iðu, hafa hinar neikvæðu undirtektir öðrum þræði stafað af því, að ástæða hefur þótt til að bíða og sjá, hvort eigi veittist bráðlega tækifæri til að bæta úr þessari viðurkenndu nauðsyn með flutningi hinnar gömlu Selfossbrúar að Iðu. — Svo sem alþjóð er kunnugt, hafa skemmdir þær, er urðu á Ölfusárbrúnni í öndverðum september s. l., komið máli þessu til hraðari framgangs en annars hefði mátt vænta. Er undirbúningur þegar hafinn til hinnar nýju brúargerðar á Selfossi, svo að kalla má, að hér eftir verði þar eigi tjaldað neina til einnar nætur, að því er not hinnar gömlu brúar snertir.

Ekkert mun komið fram, er mæli gegn þeim möguleikum, að gamla brúin verði nothæf á Iðu, en rannsókn, er leiði í ljós, hvað hægt sé í þessum efnum, er enn eigi fyrir hendi. Er tillaga þessi þess efnis, að þeirri rannsókn verði nú hraðað og endurbygging brúarinnar á Iðu framkvæmd, ef gerlegt reynist. Er litlum efa undirorpið, að þetta verði hægt, ef góður vilji er fyrir hendi, þar sem breidd á brúarstæðunum er svipuð og að sjálfsögðu nóg fagleg þekking og úrræði til úrbóta til þess, að allt falli í ljúfa löð. — Hvað styrkleika gömlu brúarinnar snertir, er nóg að minnast á það, að um þungavöruflutning og áníðslu Ölfusárbrúar og brúar hjá Iðu yrði mjög ólíku saman að jafna, þótt sízt sé það svo að skilja, að Iðubrúarinnar sé ekki full þörf. Nauðsyn hennar hefur áður verið rædd á Alþingi og því ekki vert að endurtaka þær málsástæður. Munu einsdæmi hér á landi, að svo fjölmenn og blómleg byggðarlög, sem þar eiga að að búa, verði jafnlengi að bíða svo aðkallandi samgöngunauðsynja sem brúar hjá Iðu. Er í þessu sambandi rétt að geta þess, að um þessar mundir eru Alþingi að berast áskoranir frá kjósendum úr ýmsum sveitum Árnessýslu um framgang þessa máls, og á hinn almenni áhugi ekki sízt rót sína að rekja til þess, að oft getur farið svo, að lífið liggi við, er héraðslæknis skal vitjað yfir Hvítá úr 3 fjölbyggðum sveitum, er eiga læknissókn yfir ána, en hún þá stundum ófær að vetrarlagi, er mest liggur við.

Flutningur á gömlu Ölfusárbrúnni til annarra brúarstæða en hjá Iðu getur ekki komið til greina, ef brúin reynist þar nothæf, sem nú þarf að fá úr skorið, og síðan framkvæmdirnar.

Nd. 940. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „ákvörðun búnaðarþings“ komi: enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

2. Við 3. gr. Á eftir fyrstu málsgr. greinarinnar bætist orðin: og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu.

Sþ. 941. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera samning við Bandaríkin um loftflutninga.

(Afgreidd frá Sþ. 24. jan.)

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að gera samning við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um loftflutninga samhljóða uppkasti því, sem prentað er sem fylgiskjal með þessari þingsályktun.

Fylgiskjal, sjá þskj. 928.

Nd. 942. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Grunnavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Grunnavík í Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaður eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 15 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Grunnavíkurþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 15 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Grunnavíkurþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Grunnavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Grunnavíkurþorps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Grunnavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Grunnavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps.

Í Grunnavík er nú nokkur vélbátaútgerð, og hefur sjór verið sóttur þaðan um langan aldur, lengstum án þess að nokkrar lendingarbætur væru fyrir hendi á staðnum. Fyrir nokkrum árum var hafizt handa um bryggjugerð og byggð steinbryggja. Varð smáútgerðinni á staðnum þegar mikið hagræði að henni, enda þótt hún væri ekki nógu löng til þess, að full not yrðu að.

Nú hefur hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps hins vegar í hyggju að ráðast í nánustu framtíð í nauðsynlega lengingu bryggjunnar. Þarf þá að taka lán, til þess að því verði við komið. Fyrir því hefur hreppsnefndin óskað eftir því, að lög um lendingarbætur yrðu sett fyrir staðinn, þar sem hreppnum væri tryggð ríkisábyrgð fyrir nauðsynlegum lánum.

Upphæðir þær, sem frv. greinir, eru ákveðnar í samráði við vitamálastjóra. Það skal tekið fram, að Grunnavíkurhreppur á nú 15 þús. kr. óeyddar af fé því, sem þegar hefur verið veitt til þessara lendingarbóta í fjárlögum. Meginatriði frv. þessa er því að tryggja hreppnum hina nauðsynlegu ríkisábyrgð. Væntum við flm. frv. því, að það fái greiða afgreiðslu á háttvirtu Alþingi og geti orðið samþykkt á þessu þingi. Til þess að greiða fyrir því höfum við aflað okkur álits vitamálastjóra, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 24. janúar 1945.

Eins og yður er kunnugt, hr. alþingismaður, hefur hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps óskað eftir, að unnið verði að framlengingu á bátabryggju í Grunnavík í sumar. Þessi staður hefur á fjárlögum 15 þús. kr. fjárveitingu, og með jöfnu framlagi frá hreppsbúum væri þá hægt að vinna fyrir um 30 þús. krónur.

Ég býst við, að fyrir þetta fé megi framlengja bátabryggjuna um 15—18 metra, og þá mundi aðstaðan fyrir litla vélbáta lagast svo, að þeir gætu flotið að um flestar venjulegar stórstraumsfjörur.

Axel Sveinsson.

Til hr. alþm. Sigurðar Bjarnasonar.

Nd. 943. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um vatnsveitur.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Þ. Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta athuga og gera yfirlit um, hver af kauptúnum og kaupstöðum landsins búa við óviðunandi neyzluvatn og hvaða úrræði komi helzt til greina á hverjum stað;
2. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt þing löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir þau kauptún og kaupstaði, sem eiga svo erfiða aðstöðu, að þeim er algerlega um megn að ráðast í slík fyrirtæki af eigin rammleik.

Greinargerð.

Heilnæmt og nægilegt neyzluvatn er eitt af frumskilyrðum heilbrigði og menningarlífs. Það er því rík nauðsyn, að fullnægt sé þessari þörf fólksins.

Svo er fyrir þakkandi, að í landi voru eru gnægðir góðs neyzluvatns, heilnæmar uppsprettur, tærar lindir og lækir. Flest býli í landinu voru í öndverðu reist við góð skilyrði til að ná í vatn. Ýmsir kaupstaðir og kauptún eiga einnig greiðan aðgang að ágætu vatni, ýmist frá hendi náttúrunnar eða hafa af eigin rammleik ráðizt í vatnsleiðslur, sem fært hafa íbúunum aukna heilbrigði, dregið úr sóttum og skapað margvísleg lífsþægindi.

En allmargir eru þeir íbúar þessa lands, sem ekki sitja enn þá sólarmegin í þessum efnum. Víða er aðeins um brunnavatn að ræða, sem oft er gruggugt og heilsuspillandi, eða rigningarvatn, sem safnað er af húsþökum. Í þurrkum þrýtur vatnið, og íbúarnir búa við tilfinnanlegan vatnsskort vikum saman. Hver áhrif þetta hefur á heilsu manna, hreinlæti og þrifnað, hvílíka erfiðleika það skapar heimilum og margs konar atvinnurekstri, geta allir gert sér í hugarlund. Hvergi í nágrenninu uppsprettur, eða þótt lindir séu til, eru leiðslurnar svo dýrar, að íbúarnir hafa ekki bolmagn til þeirra framkvæmda.

Af þeim stöðum, sem eiga við mikla erfiðleika að etja í þessum efnum, skal hér fyrst minnzt á Stykkishólm af þeim ástæðum tveim, að óvíða munu örðugleikarnir meiri en þar og að einna gleggstar upplýsingar og áætlanir liggja þar fyrir.

Stykkishólmskauptún hefur þá óvenju-erfiðu legu, að mjög miklum vandkvæðum er bundið að ná nauðsynlegu neyzluvatni fyrir kauptúnsbúa. Vatnsskortur er þar svo tilfinnanlegur, að slíks eru vart dæmi í öðru kauptúni hér á landi. Kauptúnsbúar verða á hverju ári að kosta miklu fé til að sækja neyzluvatn á bifreiðum langa vegu upp í sveitir. Barnaheimili, sem rekið var í barnaskólanum þar, varð t. d. að greiða um þrjú þúsund kr. á einu sumri til að sækja vatn fyrir þetta eina heimili. Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur á undanförnum 30 árum byggt marga brunna, sem kostað hafa hreppsfélagið stórfé, auk þess mikla viðhalds, sem brunnarnir hafa í för með sér. Þrátt fyrir þennan mikla tilkostnað fer því fjarri, að vatnsþörfinni sé fullnægt, eins og að framan greinir. En auk þessara erfiðleika verður vatn það, sem til næst, að teljast mjög óheilnæmt. Atvinnudeild háskólans hefur rannsakað vatn úr 9 vatnsbólum í kauptúninu. Er álit hennar svo hljóðandi:

„Eins og meðfylgjandi skýrsla ber með sér, þá var yfirleitt mikill gerlagróður í öllum vatnssýnishornunum. Var þar aðallega um að ræða rotnunargerla og í nokkrum tilfellum ristilgerla (coli-aerogenes). Rotnunargerlarnir benda á, að í vatninu séu rotnandi lífræn efni (sbr. líka gruggið), en ristilgerlarnir benda á íblöndun frá haugum, safngryfjum eða öðru slíku.

Í sýnishornunum H og I er mjög mikill gerlagróður, þar á meðal talsvert af ristilgerlum. Í C er einkum mikið af ristilgerlum. Í D er gerlafjöldinn mjög mikill, en engir ristilgerlar finnanlegir í 10 ccm. Í E og F er miklu minni gerlagróður, en nokkuð af ristilgerlum. Í A, B og G eru engir ristilgerlar finnanlegir í 10 ccm, en gerlafjöldinn er nokkuð mikill.

Samkvæmt þessu metast sýnishornin C, H og I ónothæf til neyzlu, D, E og F mjög gölluð og A, B og G sæmileg.

F. h. Atvinnudeildar háskólans,

Sigurður Pétursson.“

Fyrir þetta kauptún er ekki um margar úrlausnir að ræða. Sérfróðir menn telja svo litla von um árangur af borunum eftir vatni vegna jarðvegs á þessum slóðum, að þær muni ekki svara kostnaði. Eina úrræðið sýnist vera að leiða vatn um 10½ km langan veg, úr lindum í Drápuhlíðarfjalli, en þaðan mætti fá heil-

næmt og nægilegt neyzluvatn. Samkvæmt áætlunum, sem þeir Geir Zoëga vegamálastjóri og Valgeir Björnsson hafnarstjóri hafa nýlega gert, mundi slík vatnsveita kosta 650 þús. kr. auk innanbæjarlagna. Þó að kauptúnsbúar vilji allt á sig leggja til að hrinda málinu fram og hafi þegar safnað miklu fé með frjálsum framlögum, má öllum ljóst vera, að kauptún með um 650 íbúa hefur ekki mátt til þess að rísa undir slíku mannvirki eitt og óstutt.

Svipaða sögu á marga lund hefur Hellissandur að segja. Vatnið, sem þar er notað til neyzlu, hefur verið rannsakað og úrskurðað að meira og minna leyti óhæft til drykkjar og matargerðar. Þar hafa einnig verið gerðar áætlanir um vatnsleiðslu frá uppsprettum í nágrenninu. En kostnaður er meiri en svo, að kauptúnið fái undir risið án fulltingis ríkissjóðs.

Alkunnugt er um örðugleika Vestmannaeyinga í vatnsmálum þeirra. Hefur jafnvel komið til orða að leiða þangað vatn alla leið úr landi. Hólmavík á við örðuga aðstöðu að búa, og ýmsa fleiri staði mætti nefna, en hér skal staðar numið.

Alþingi hefur hingað til ekki viljað sinna þessum málum. Hefur þeirri stefnu verið fylgt — nær undantekningarlaust — að synja um aðstoð við vatnsveitur, hvort sem sótt hefur verið um ríkisábyrgð eða beina fjárstyrki. Margar slíkar tillögur hafa verið bornar fram undanfarin ár. M. a. voru fluttar á þessu þingi við meðferð fjárlaganna tillögur um styrki til vatnsveitu Stykkishólms og Glerárþorps og um ríkisábyrgðir fyrir Stykkishólm og Hólmavík. Allar slíkar tillögur hafa verið felldar með þeirri undantekningu einni, að Vatnsveitufélag Grafarness í Grundarfirði fékk ríkisábyrgð fyrir 30 þús. kr. láni í fjárlögum fyrir 1944. Beinir fjárstyrkir munu aldrei hafa verið veittir. En fáeinum sinnum hafa verið veittir smástyrkir til vatnsleitar.

Stuðningur ríkisins við ýmsar framkvæmdir og mannvirki er orðinn margvíslegur. Þjóðvegi leggur ríkið og kostar viðhald þeirra; til annarra vega veitir ríkissjóður einnig fé. Til hafnargerða og lendingarbóta greiðir ríkið styrki, helming kostnaðar eða tvo fimmtu hluta. Stofnaður hefur verið hafnarbótasjóður með þriggja milljóna stofnframlagi og 300 þús. kr. árlegu tillagi. Til byggingar heimavistarbarnaskóla greiðir ríkið helming og til annarra barnaskóla þriðjung. Sjúkrahús og læknisbústaði hefur ríkið styrkt með ⅓, og nú liggur fyrir Alþingi frumv., sem væntanlega nær samþykki, um að hækka þann styrk upp í ⅖ og ⅗. Rafveitum hafa verið veittar ríkisábyrgðir í stórum stíl, svo að nemur tugum milljóna, og sérstakur raforkusjóður verið stofnaður með 10 milljón kr. stofnfé og ½ millj. kr. framlagi á ári. Jarðræktarframkvæmdir og bátasmíðar hefur ríkissjóður styrkt stórlega. Svo mætti lengi telja fram þátttöku ríkissjóðs og ríflegan stuðning við mannvirki og framkvæmdir sveitarfélaga og einstaklinga. En jafnstórfelldu félagslegu vanda- og velferðarmálli og því, að landsfólkið fái heilnæmt neyzluvatn, er synjað um alla aðstoð og enginn gaumur gefinn.

Við slíkt ástand verður ekki unað lengur. Alþingi verður að þekkja sinn vitjunartíma og veita einhverja úrlausn. Það er búið að margreyna þá leið að flytja ábyrgða- og styrkjatillögur við fjárlögin fyrir einstök byggðarlög. Þær hafa ekki fundið náð fyrir augliti Alþingis. Er nú rétt að reyna þá leið, sem þessi þingsályktunartillaga fer fram á, að fá heildaryfirsýn um hinar brýnustu þarfir og undirbúa löggjöf um aðstoð við vatnsveitur eftir vissum reglum.

Sumir kunna að segja, að með þessu sé stefnt að því að hlaða ófyrirsjáanlegum útgjöldum á hinn marghrjáða ríkissjóð. En tilgangur þessarar tillögu er einmitt að fá fyrst yfirlit um þau kauptún, er til greina kæmu, og eftir því sem unnt er um kostnaðinn við þær vatnsveitur, áður en löggjöf yrði sett. Þeir staðir, sem hefðu tiltölulega auðvelda aðstöðu til vatnsveitna, sem þeir sjálfir gætu staðið straum af með eðlilegum hætti, kæmu ekki til álita um ríkisatbeina. Sem betur fer eru þeir margir. Hinir, sem ekki má með sanngirni ætlast til, að kljúfi þetta einir, ættu að fá ríkisaðstoð í einhverju formi. Hún gæti verið fólgin í ríkisábyrgð á einhverju af stofnkostnaði, hagkvæmum lánum, vaxtalágum eða vaxtalausum

fyrst í stað, undanþágu frá aðflutningsgjöldum af innfluttu efni, beinum framlögum úr ríkissjóði o. fl. Aðstoðina yrði að miða við stofnkostnað og afkomuhorfur fyrirtækisins, íbúatölu, efnahag og atvinnurekstur byggðarlagsins. Í löggjöfinni yrði auðvitað að ákveða sem skilyrði fyrir ríkisaðstoð, að ríkisstjórnin eða sérfræðingar hennar hafi samþykkt fyrirkomulag veitunnar og áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað. Með slíkri löggjöf mætti tryggja það, að ekki væri ráðizt í nein vatnsveitufyrirtæki, er ríkissjóði stafaði fjárhagsleg hætta af.

Það skal tekið fram, að á þingi 1942 var samþykkt tillaga frá Bjarna Bjarnasyni um að rannsaka, á hvern hátt mætti bæta úr neyzluvatnsskorti ýmissa kauptúna. Ekki er vitanlegt, að neitt hafi verið unnið að þeim athugunum, sem tillagan fjallaði um.

Það er hugsun flm. þessarar þáltill., að það undirbúningsstarf, sem tillagan fer fram á, verði unnið án sérstaks aukakostnaðar fyrir ríkissjóð af starfsmönnum, sem hann hefur í þjónustu sinni. Koma þar fyrst og fremst til greina vegamálaskrifstofan, sem unnið hefur mikið og gott starf í þessum málum, og rannsóknaráð ríkisins. Er til þess ætlazt, að athuganir þessar og frumvarp til vatnsveitulöggjafar verði lögð fyrir haustþingið næsta, svo að lögin geti náð afgreiðslu, áður en fjárlög fyrir 1946 verða samþykkt.

Sþ. 944. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna lán, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Gönguskarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kauptúnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 85% af stofnkostnaði rafveitunnar.

Sþ. 945. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

Frá Ingólfi Jónssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna dragist ekki eins lengi og nú á sér stað, enda telur Alþingi óverjandi það ástand, sem nú er í þessu efni.

Greinargerð.

Það er ekki ásökun á endurskoðendur ríkisreikninganna, þótt tillaga þessi sé flutt. Flm. telja víst, að þeir vinni að endurskoðuninni, þegar ríkisbókhaldið hefur skilað af sér. Má því ætla, að drátturr sá, sem verið hefur á framkvæmd endurskoðunar ríkisreikninganna, stafi af því, að endurskoðendurnir fái ekki fylgiskjölin svo fljótt sem nauðsyn krefur.

Það er augljóst mál, að það er ósæmilegt að draga endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna eins lengi og nú á sér stað.

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1941 var lagður fram á Alþingi núna eftir áramótin og samþykktur fyrir nokkrum dögum. Ríkisreikningarnir frá árunum 1942, 1943 og 1944 eru því enn að mestu leyti óendurskoðaðir og ósamþykktir af Alþingi. Það mundi ekki vera þolað í neinu fyrirtæki, sem hefur umsvifamikinn rekstur, að draga svo lengi endurskoðun og samþykkt rekstrar- og efnahagsreikninganna sem nú á sér stað um ríkisreikningana.

Alþingismenn verða að gera kröfu til þess, að ríkið, sem hefur umsvifameiri rekstur og hærri reikninga en nokkurt fyrirtæki í landinu, láti það sleifarlag ekki lengur líðast, sem nú virðist vera í þessu efni.

Það hefði verið sæmilegt, að Alþingi hefði haft ríkisreikninginn fyrir árið 1943 til umræðu á þessu þingi, en ekki reikninginn frá árinu 1941. Það má því fullyrða, að endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna sé tveimur árum á eftir því, sem má teljast viðunandi.

Það er von flutningsmanna, að ríkisstjórnin vinni að því að færa í lag það, sem hér hefur verið rætt um, eftir að Alþingi hefur sýnt vilja sinn með því að samþykkja þessa tillögu.

Sþ. 946. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 830 [Virkjun Andakílsár].

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo:

Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Nd. 947. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé Jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 52 12. febr. 1940.
2. Að greiða fram úr fjárhagsörðugleikum bæjar- og hreppsfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
3. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.

3. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal verja tekjum Jöfnunarsjóðs, að því leyti sem þörf krefur eða þær hrökkva til, til jöfnunar á framfærslukostnaði milli bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum VIII. kafla framfærslulaga.

Því af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar milli sveitarfélaga samkvæmt framansögðu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, að varið skuli til að greiða fram úr erfiðleikum sveitarfélaga, sem í fjárþröng eru.

Ráðherra getur og ákveðið, að úr Jöfnunarsjóði megi verja fé til hvers þess, sem miðar að því að koma betra skipulagi á stjórn og framkvæmdir sveitar- og framfærslumálefna og til að styrkja samstarf sveitarfélaga, ef fé er fyrir hendi í sjóðnum.

Þá ákveður ráðherra einnig, hvort árlegum eftirstöðvum jöfnunarfjárins skuli skipt upp milli sveitarfélaga eða þær skuli geymdar til síðari ráðstöfunar. Þegar eftirstöðvum jöfnunarfjár er skipt milli sveitarfélaga, skal það gert í réttu hlutfalli við árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu.

4. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

5. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna.

6. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Nánari ákvæði um starfrækslu Jöfnunarsjóðs setur félagsmálaráðherra með reglugerð, ef hann telur þess þörf.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

7. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði:

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Fyrirsögn laganna verði:

Lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta, skal færa breytingarnar inn í meginmál þeirra og gefa þau út í heild svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni félagsmálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um breytingartillögur, er fram kunna að koma. Frv. er samið af eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, og fylgdi því frá honum svo hljóðandi grg.:

„Árið 1932 var svo komið hér á landi misskiptingu framfærslubyrðarinnar á sveitarfélögum landsins, að ekki þótt fært annað en ríkissjóður hlypi undir baggann og jafnaði að nokkru byrðar þeirra með því að endurgreiða þeim sveitarfélögum, er þyngstar byrðar báru. Var endurgreiðslufyrirkomulag þetta byggt á efnahagsástæðum í sveitarfélögunum.

Voru þá sett lög, nr. 68 23. júní 1932, um breytingar á fátækralögunum, er lögðu þessa kvöð á ríkissjóð. Síðar, er framfærslulögin voru sett, 1935, og er þeim enn var breytt 1940, var þessu ákvæði haldið, og hefur ríkissjóður síðan jafnað fátækraframfærsluna í landinu eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í VIII. kafla framfærslulaganna. Þegar enn kreppti að fjárhagslega fyrir sveitarfélögunum og ellitryggingarnar, sem í fyrstu hvíldu nær eingöngu á sveitarfélögunum, tóku til starfa, var ákveðið að leggja á sérstaka skatta, sem gengju að nokkru til sveitarfélaganna, og var þetta gert með lögum nr. 71 31. des. 1937, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og Jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Jafnframt var þá það ár, með l. nr. 69 31. des. 1937, settur á stofn Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga og til hans lagðar kr. 700000.00 af þessum tekjum, og hefur það síðan haldizt. Skyldi nú Jöfnunarsjóður, auk þess, sem hann jafnaði fátækraframfærsluna milli sveitarfélaga, einnig jafna kostnað þeirra af ellilaunum og örorkubótum svo og af kennaralaunum, og skyldi því fé, sem afgangs yrði árlega að jöfnun lokinni, skipt upp milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins sveitarfélags til þessara mála.

Þess ber nú að geta, að þá — 1937 — þegar lög þessi voru sett, var fjárhagur sveitarfélaganna mjög þröngur, og þá var nýfarið fram kreppuuppgjör þeirra og margvíslegar skuldatilfærslur og eftirgjafir í sambandi við það. Þá voru og ellitryggingarnar nýlega teknar til starfa og hvíldu að mestu á sveitarfélögunum. Hámark styrks, sem Tryggingastofnun ríkisins lagði fé á móti, var þá:

í Reykjavík	kr. 900.00
- öðrum kaupstöðum	— 840.00
- kauptúnum	— 720.00
- hreppum	— 600.00

En framlag Tryggingastofnunarinnar var þá óákveðið og því lægra sem sveitarfélögin veittu meiri ellilaun, árið 1938 t. d. 27%. Hvíldi því ellifram færslan raunverulega þá enn á sveitarfélögunum með öllum þunga og fór vaxandi frá ári til árs, því að fleiri og fleiri sóttu um ellilaun vegna tryggingarlaganna. Voru því ákvæðin, sem sett voru með l. nr. 69 1937, næsta eðlileg, eins og þá stóð á. Nú hefur hins vegar mikil breyting á orðið. Ber þar fyrst að nefna, að með breytingunni á framfærslulögunum 1940 var ríkissjóði gert að jafna fátækraframfærsluna alveg samkvæmt VIII. kafla laganna, þó að upphæðin færi fram úr tillagi því, sem Jöfnunarsjóður fékk árlega til þessa, og hefur það farið svo tvö síðustu árin, að þær 700 þús. kr., sem Jöfnunarsjóður fær, hafa ekki nægt til að jafna framfærsluna. Þá er og, að hinar miklu breytingar, sem orðið hafa á ellitryggingunum, gera það ekki einasta óþarft, heldur beinlínis ranglátt, að sá liður sé lengur tekinn með til jöfnunar. Nú í ár mun Tryggingastofnun ríkisins greiða 50% af ellilaunum öllum, og eru hámarksupphæðir nú ákveðnar þessar:

í Reykjavík	kr. 3250.00
- öðrum kaupstöðum	— 2980.00
- kauptúnum	— 2570.00
- hreppum	— 2170.00

Á móti þessum greiðslum ber sveitarfélögunum nú að greiða 50%, eða annast framfærslu hins gamla fólks að hálfu móti Tryggingastofnun ríkisins. Nú liggur og fyrir að breyta þessu enn á þann hátt, að Tryggingastofnun ríkisins taki á sig alla ellifram færsluna, og má gera ráð fyrir, að þær breytingar komi til framkvæmda

fljótlega. Mælir því allt með því, að þessi liður sé látinn falla burtu sem ein af grundvallartölunum við skiptingu jöfnunarfjárins. Svipað má segja um kennaralaunin, þar sem sú regla er upp tekin meir og meir, að ríkið ber mestallan viðbótarkostnað við skólahaldið, svo að ekki virðist ástæða til, að ríkið greiði auk þess verulegan hluta af kennaralaunum þeim, sem sveitarfélaginu er ætlað að bera. Þó er það ónefnt hér, sem mestu máli skiptir frá minu sjónarmiði, en það er, að þau sveitarfélög, sem hafa svo mikla fátækraframfærslu, að þau ná jöfnun hennar vegna, geta, ef þessi ákvæði eru lengur í gildi, velt ⅔ hlutum af ellifframfærslu sinni yfir á Jöfnunarsjóð.

Bezt er að skýra þetta með dæmi:

Sveitarfélag hefur 50 þús. krónur í fátækraframfærslu, en meðaltalsbyrði þess á að vera 44 þús. krónur samkvæmt útreikningi. Umframbyrði þess er þá kr. 6000.00, — og af þeim greiðir Jöfnunarsjóður ⅔, eða kr. 4000.00.

Nú hefur sama sveitarfélag 42 þús. krónur í heildarellilaun, en af þeim borgar Tryggingastofnun ríkisins 50%, eða kr. 21000.00. Verður þá byrði sveitarfélagsins sjálfs af ellilaunum kr. 21000.00. — Þessi upphæð kemur nú til jöfnunar í Jöfnunarsjóði, og fær sveitarfélagið — af því það hefur náð jöfnun vegna fátækraframfærslu — greidda ⅔ af þessum 21 þús. krónum, eða kr. 14000.00, svo að raunverulega borgar ríkissjóður og Tryggingastofnun ríkisins 35 þús. krónur af því, sem sveitarfélagið notar í heildarellilaunagreiðslur. Verður hlutur þess sjálfs þá einar 7000 krónur, eða aðeins 1/6 hluti allra ellilaunanna, en ríki og Tryggingastofnun greiðir 5/6 hluta.

Sé nú dæminu haldið áfram og kennaralaunum einnig bætt við hjá þessu sveitarfélagi, en þau eru einn liðurinn, sem taka skal með samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937, kemur þar, að af hluta sveitarfélagsins borgar ríkið þá einnig ⅔, og sleppur sveitarfélagið þannig að mestu við útgjöld vegna kennaralauna.

Á síðari árum hefur fjárhagur sveitarfélaganna mjög breytzt til batnaðar, og er því óþarft eins og nú standa sakir að jafna annað en sjálfa fátækraframfærsluna, og eins og sýnt er fram á hér að ofan, er það beinlínis rangt að nota a. m. k. ellilaun og kennaralaun sem grundvöll lengur.

Grundvöllur núgildandi framfærslulaga er sá, að ríkið jafni að mestu leyti — eða ⅔ hlutum — þá fátækrabyrði, sem í einhverju sveitarfélagi fer fram úr meðaltalsframfærslubyrði á öllu landinu. Er því landið allt í þessum skilningi eitt framfærsluhérað.

Ætti að kippa þessu burt og hætta alveg að jafna milli sveitarfélaganna, mundi skapast á skömmum tíma sama öngþveitið og áður var. Er því enginn kostur þess að hætta þeirri jöfnun. Hitt sýnist nú augljóst, að taka ekkert með við þá jöfnun annað en sjálfa framfærsluna og vera ekki að blanda þar í óskyldum kostnaði, liðum, sem ríkið þegar leggur tilskildan hluta á móti.

Legg ég því til, að felld verði úr lögum ákvæði um, að ellilaun, örorkubætur og kennaralaun skuli tekin með við úthlutun jöfnunarfjár og fátækraframfærslan ein jöfnuð, því að til hennar leggur ríkið ekkert annað en þann styrk, sem gengur til að jafna fátækrabyrðina.

Á s. l. ári nam fátækaframfærslan, ellilaun og örorkubætur og kennaralaun samtals á öllu landinu kr. 7 977 413.00, og þurfti jöfnunarsjóður kr. 1 082 584.00 til að jafna þessa framfærslu. Fór hún þannig tæpum 400 þús. krónum fram úr tillagi ríkisins til sjóðsins.

Fátækraframfærslan ein nemur aftur á móti ekki nema kr. 3 250 601.00, og hefði þurft til að jafna hana ca. 520 þús. krónur, svo að þá hefði tillagið til Jöfnunarsjóðs meira en nægt.

Þá vil ég enn fremur leggja til, að upp í 11. gr. laganna verði tekið ákvæðið um það hlutverk Jöfnunarsjóðs að greiða fram úr fjárhagsvandræðum sveitarfélaga, sem ákveðið er í III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum (24. gr.), því að sú heimild hefur reynzt mjög til bóta, og hefur verið greitt fram úr fjárhagsvandræðum margra sveitarfélaga, síðan lögin komi í gildi.

Enn fremur er nauðsynlegt, að heimilt sé að leggja út úr Jöfnunarsjóði greiðslur milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, en heimild til þess er hvergi til nú.

Í 3. gr. frumvarpsins eru tekin upp nánari ákvæði um, hvernig fé sjóðsins skuli árlega varið, og er það í samræmi við þá breytingu, sem felst í 2. gr., og það, sem nú er í lögunum. Auk þess er því þar við bætt, að ráðherra sé heimilt að ákveða, að verja megi fé úr Jöfnunarsjóði til hvers þess, er miðar að því að koma betra skipulagi á stjórn og framkvæmdir sveita- og framfæslumálefna og til að styrkja samstarf sveitarfélaga, ef fé er fyrir hendi í sjóðnum.

Reynslan hefur sýnt það, að fullkomin nauðsyn er á, að komið verði betra skipulagi á ýmislegt, er lýtur að stjórn sveitarfélaganna, og er nú nefnd starfandi að því að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Má sérstaklega benda á eitt atriði, sem mikil nauðsyn ber til, að komið verði í betra horf en nú er, en það er bókhald sveitarfélaganna, sem enn þá er, utan í kaupstöðum, í sama forminu að kalla og því var sett 1907.

En það kostar nokkurt fé að koma þeirri breytingu í framkvæmd, og sýnist ekki eftirstöðvum jöfnunarfjárins mundi betur varið en til þess að greiða fyrir slíkum nauðsynlegum umbótum. Sama er að segja um, að nauðsynlegt er að gefa út árlega ýmsar skýrslur og annað, er sveitarfélögin varðar og nú er hvergi að fá nema með mikilli fyrirhöfn, en þyrfti að vera aðgengilegt og tiltækt öllum, sem við sveitarmálefni fást.

Þá er það og tillaga mín, að fyrirsögn kaflans verði breytt og hann framvegis nefndur: Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, — því að það er að mínum dómi rangt að nota orðið sveitarfélag aðeins um hreppa, — það er samheiti bæði kaupstaða (bæja) og hreppa. Kaupstaðir eru ekki síður sveitarfélög en hreppar.

Þá tel ég og rétt að breyta fyrirsögn laganna sjálfra. Þau heita nú: „Lög um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna". Með lögum nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum, var allur III. kafli þessara laga numinn úr gildi, svo að nú er heiti laganna að því leyti rangt orðið. Finnst mér og betur fara á því, að lögin verði framvegis nefnd: Lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. — Væri þá í fyrirsögn þeirra sagt, hvað þau innihalda.

Nauðsynlegt er, að flýtt verði framgangi þessara laga, vilji Alþingi hverfa að þessu ráði, því að nú í febrúar eru skýrslur þær gerðar, sem jöfnunargjaldið er reiknað út eftir, og verði breytingin ekki gerð nú, verður ríkissjóður enn þetta ár að greiða um ½ milljón króna umfram jöfnunartillagið vegna ellilauna og kennaralauna, eins og sýnt er fram á framar í þessari greinargerð.

Frekari skýringar tel ég ekki þurfi að fylgja frá mér."

Nd. 948. Nefndarálit

um frv. til l. um brunamál í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. janúar 1945.

Garðar Þorsteinsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.	Gunnar Thoroddsen.
	Þóroddur Guðmundsson.	

Nd. 949. Frumvarp til laga

um sölu síldarverksmiðjunnar á Sólbakka.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja síldarverksmiðjuna á Sólbakka við Önundarfjörð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur farið þess á leit við ríkisstjórnina, að síldarverksmiðjan á Sólbakka yrði seld, ef viðunanlegt verð fengist.

Ríkisstjórnin er samþykk því, að síldarverksmiðjan á Sólbakka verði seld. Verksmiðja þessi hefur verið baggi á síldarverksmiðjum ríkisins, þar sem hún hefur lítið sem ekkert verið starfrækt á undanförnum árum, vegna þess að ekki hefur tekizt að fá nægilegt hráefni til rekstrar hennar. Hins vegar er hugsanlegt, að atvinnurekendur á Flateyri, er keyptu verksmiðjuna, gætu rekið hana í sambandi við annan rekstur sinn.

Nd. 950. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þau læknishéruð, er þess óska, geti fengið einn bíl hvert af þeim bílum, sem ríkisstjórnin kaupir af setuliðinu, og megi stjórnir læknishéraðanna ráða, hvort þau taka sjúkrabifreið eða „jeep"-bíl. Bílana skal selja læknishéruðunum með kostnaðarverði.

Jafnframt er lagt fyrir heilbrigðisstjórnina að semja reglur um notkun bíla, er læknishéruð eiga, er tryggi, að þeir verði ekki seldir og að af þeim verði sem fyllst not fyrir héraðsbúa.

Greinargerð.

Landlæknir sendi heilbrigðis- og félagsmálanefnd afrit af bréfi, er hann hafði ritað dómsmálaráðuneytinu 17. jan. s. l., og fylgir það hér með og hljóðar svo:

„Reykjavík, 17. jan. 1945.

Með því að nefnd setuliðsviðskipta hefur í dag tjáð mér, að hún muni gera mér kost á að vera með í ráðum um sölu á sjúkravögnum, sem hún fái til ráðstöfunar, svo og, að sinnt muni verða tillögum mínum um, að héraðslæknar fái að sitja fyrir öðrum um kaup á hinum svo nefndu „jeep"-bílum, þegar þar að kemur, leyfi ég mér að beina því til ráðuneytisins, að það hlutist til um, að seldar verði við kostnaðarverði og án álagningar bifreiðir þær, sem opinberir aðilar kaupa til heilbrigðisnota. Mundi það ýta á eftir því, sem mjög væri ákjósanlegt, að læknishéruðin sjálf, en ekki einstakir héraðslæknar, sem koma og fara, keyptu bifreiðirnar og gerðu þær að fylgifé héraðanna, enda yrðu þær síðan reknar þannig, að

tryggt yrði viðhald þeirra og endurnýjun. Ætti að heimila nokkurn styrk úr ríkissjóði til bifreiðakaupanna í þessu skyni, t. d. ⅓ kostnaðar. Væri æskilegt, að Alþingi það, er nú situr, samþykkti þingsályktunartillögu þessu hvoru tveggja til framdráttar.

Vilm. Jónsson.

Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík."

Eftir að nefndin hafði athugað málið og rætt það við dómsmála- og fjármálaráðherra, varð samkomulag um að flytja þáltill. um bílakaupin, og verður nánar gerð grein fyrir henni í framsögu.

Sþ. 951. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. þessa á fundum sínum og rætt um hana við hæstv. samgöngumálaráðherra, og mælti hann með samþykkt hennar. Fyrir nefndinni lá greinargerð og áætlun um umbætur á rafveitu Reyðarfjarðar frá rafmagnseftirliti ríkisins. Fjárveitinganefnd fellst á að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með sömu forsendum og aðrar slíkar till. hafa sætt, að lánsheimildin verði miðuð við 85% af kostnaði. — Nefndin leggur því til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. króna innlent lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins, þó ekki yfir 85% af kostnaði.

Einn nm. (ÞÞ) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.
Sig. Kristjánsson. Þóroddur Guðmundsson. Guðm. Í. Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson. Jónas Jónsson.

Nd. 952. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

28. gr.

Hreppsnefndum og bæjarstjórnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.

c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.

29. gr.

a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.

b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til bæjar- eða hreppssjóðs.

c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi,

hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

f. Til lúkningar greiðslum samkv. e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅕ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella ⅓.

g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.

Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.

k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

l. Ef kaupgreiðandi
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.

Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari

grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

3. gr.

2. mgr. 29. gr. (er verður 32. gr.) orðist svo:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 953. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta mál er komið frá háttv. Ed. og fékk þar þá meðferð, sem sams konar mál fá í neðri deild, þau er þar fram koma, og leggur nefndin til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. janúar 1945.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., Sig. Kristjánsson frsm.

Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Ed. 954. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr.

Í stað orðanna „á næstu þrem árum“ í niðurlagi gr. kemur: eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum til hverrar einstakrar hafnarbótar.

Ed. 955. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr.

2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Nærliggjandi sýslufélögum skal heimilt að takast á hendur ásamt þeim aðila, er sjúkrahúsið reisir, eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerast aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Sþ. 956. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Hofshrepp í Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Haraldur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að einnar og hálfrar milljón króna lán, sem Hofshreppur í Skagafjarðarsýslu tekur til rafvirkjunar Grafarár og Hofsár og til að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi Hofsóskauptúns og leggja nýjar rafleiðslur um Hofshrepp í nágrenni kauptúnsins.

Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 85% af stofnkostnaði rafveitunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt vegna endurtekinna áskorana frá íbúum Hofshrepps og Hofsóskauptúns.

Hér er um það að ræða að veita Hofsá með skurði í Grafará, sem fellur til sævar rétt sunnan við kauptúnið. Þannig má fá 550 hestafla orkuver, og er heildarkostnaður við þessa virkjun að meðtalinni línu til þorpsins, spennistöð þar og lágspennulínu í þorpinu áætlaður af rafmagnseftirliti ríkisins ein milljón og fjögur hundruð þúsund krónur. Nú er þéttbýlt í kringum Hofsóskauptún, og hafa bændur og aðrir hreppsbúar í Hofshreppi mikinn hug á því að fá rafmagnsnot frá þessari fyrirhuguðu rafstöð. Mundi einnar og hálfrar millj. króna ábyrgð, ef veitti yrði, nægja sem 85% af heildarstofnkostnaði rafveitunnar með leiðslum um þéttbýlasta hluta hreppsins.

Þar sem þessi raforka, sem hér um ræðir, 550 hö, yrði fljótlega fullnotuð, má vænta þess, að fyrirtæki þetta komi til með að bera sig vel fjárhagslega. Virðist því forsvaranlegt að fara fram á þessa ábyrgðarheimild og áhættulaust fyrir ríkissjóð að veita hana.

Þörf hreppsbúa fyrir rafmagnsnotin efar enginn, sem til þekkir.

Áætlun um kostnað við virkjun þessa fylgir hér með, en þar eru ekki taldar leiðslur heim á sveitabæi samkvæmt áðursögðu.

Fylgiskjal.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 23. jan. 1945.

Hr. alþm. Sigurður Þórðarson, Alþingi.

Eftir beiðni yðar hef ég gert ágizkun um kostnað af virkjun Grafarár, ef Hofsá er veitt í hana.

Ágizkun mín er þannig:

I.	Kostnaður af að veita Hofsá í Grafará	kr. 150000.00
II.	550 hestafla virkjun í Grafará, eftir að Hofsá hefur verið veitt í hana, að meðtalinni línu til þorpsins, spennistöð þar og lágspennulínu í þorpinu	— 1250000.00
	Samtals	kr. 1400000.00

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Ed. 957. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og borið það saman við hliðstæð lög um lendingarbætur, og er það að öllu leyti samhljóða þeim. Vitamálastjóri mætti á fundi nefndarinnar samkvæmt tilmælum. Mælir hann með, að frv. verði samþykkt, en benti á, að samkvæmt áætlun um lendingarbætur (bryggjugerð) á þessum stað, sem gerð er af vitamálaskrifstofunni í apríl 1943, er allur kostnaður við lendingarbæturnar áætlaður 210000 kr. Eru því fjárupphæðir þær, sem tilfærðar eru í 1. og 2. gr., nær því tvöfalt hærri en áætlunin tilgreinir. Telur nefndin ekki rétt að taka í frv. hærri upphæðir en áætlunin gerir ráð fyrir og leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „200 þús.“ komi: 105 þús.
2. Við 2. gr. Í stað „200 þús.“ komi: 105 þús.

Alþingi, 26. janúar 1945.

Gísli Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Sþ. 958. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 830 [Virkjun Andakílsár].

Frá Pétri Ottesen og Bjarna Ásgeirssyni.

Við brtt. bætist: enda sé virkjunin háð þeim ákvæðum, sem síðar kunna að verða sett um eignarhald og rekstur á raforkuveitum í landinu.

Sþ. 959. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 958 (Virkjun Andakílsár).

Frá Skúla Guðmundssyni.

Tillgr. orðist svo:

Ábyrgð þessi er því skilyrði bundin, að rafveitum ríkisins skuli heimilt að kaupa Andakílsárvirkjunina fyrir kostnaðarverð, þegar yfirstjórn þeirra þykir henta.

Sþ. 960. Tillaga til þingsályktunar

um efniskaup til rafveitu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis.

Flm.: Kristinn Andrésson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efni, strax og það er fáanlegt, til rafveitu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis.

Ed. 961. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. 2. og 3. efnismálsgr. greinarinnar orðist svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef sveitar(bæjar-,sýslu)félag eða félög, sem ákveða að reisa eða þegar standa að viðurkenndu fjórðungssjúkrahúsi, óska þess, er ráðherra heimilt að úrskurða, að önnur sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda eiga slík sveitarfélög kröfu á þátttökunni.

Ríkissjóður greiðir fjórðungssjúkrahúsum árlega eftir á rekstrarstyrk, er nemi 100 krónum á sjúkrarúm, auk viðurkenndrar verðstuðulsuppbótar á hverjum tíma, og að auki allt að þeirri fjárhæð, er nemi þeim halla, sem sjúkrahús bíður af viðskiptum við innlenda sjúklinga, sem heimilisfastir eru utan þeirra sveitarfélaga, er að sjúkrahúsinu standa, eða átt gætu kröfu á að gerast aðilar að fyrirtækinu samkvæmt 2. málsgr., miðað við það, að daggjöld sjúkrahússins fyrir þá sjúklinga séu ekki lægri en daggjöld landsspítalans á sama tíma. Þessi hluti rekstrarstyrksins má þó aldrei ná þeirri fjárhæð, að sjúkrahús beri meira úr býtum fyrir vist utansveitarsjúklinga en nemi kostnaði í sambærilegu ríkissjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild.

Ed. 962. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Þyki nauðsynlegt að dómi heilbrigðisstjórnarinnar að reisa sjúkraskýli eða læknisbústaði til tryggingar læknisþjónustu í afskekktum eða fámennum héruðum, greiðir ríkissjóður það af kostnaðinum, sem nauðsynlegt þykir til þess, að byggingunum verði komið upp.

Nd. 963. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. (29. gr.). Aftan við f-lið bætist: Ekki má krefja útsvarshluta af manni, samkvæmt e- og f-lið, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.

Ed. 964. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. (Launaflokkar ríkisins o. s. frv.). Málsliðurinn orðist svo:
   Launaflokkarnir eru 15, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:
2. — 1. — (I. flokkur). Liðurinn orðist svo:
   I. flokkur 16000 16000
   (I.—XIV. flokkur verða II.—XV. flokkur).
3. — 1. — (XIII. flokkur, sem verður XIV. fl.)
   Fyrir „3000—4800“ kemur ..... 3300—4800
   Launatölurnar í XIII. (XIV.) flokki breytast samkvæmt þessu í öðrum greinum frumvarpsins.
4. — 2. — Þriðja efnismálsgr. orðist svo:
   Í VIII., IX. og X. (IX., X. og XI.) launaflokki árleg hækkun ..... 300 í 6 ár
5. — 2. — Eftir þriðju efnismálsgr. bætist við nýr liður:
   Í XIII. (XIV.) launaflokki árleg hækkun ..... 300 í 5 ár
   Þegar starfsmenn í XIII. (XIV.) launaflokki hafa verið eitt ár á hámarkslaunum flokksins, skulu þeir færast í XII. (XIII.) flokk og taka síðan aldurshækkanir þess flokks.
6. — 3. — (Ráðherrar).
   Fyrir „14000“ kemur 16000

7. Við 3. gr. a. Í stað „(Eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga meðtalinn)“ kemur:
(Eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga meðtalinn, einnig fulltrúar ríkisbókara og féhirðis, einn hjá hvorum).
b. 9. lína („Fulltrúar ríkisbókara og féhirðis meðtaldir)“ fellur niður.

8.	—	8.	(Skrifstofustjórar sakadómara og lögreglustjóra). Fyrir „6000—8400“ kemur	6600— 9000
9.	—	8.	(Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra). Fyrir „6600—9000“ kemur	7200— 9600
10.	—	8.	Aftan við þann lið komi tveir nýir liðir svolátandi: Deildarstjórar hjá tollstjóra	6600— 9000
			Fulltrúar II. flokks hjá tollstjóra	6000— 8400
11.	—	8.	(Tollvarðstjórar). Liðurinn orðist svo: Yfirtollverðir	6000— 8400
12.	—	8.	(Innheimtumenn tollstjóra). Fyrir „4800—6000“ kemur	4800— 6600
13.	—	9.	(Bæjarfógetar og sýslumenn). Fyrir „9600“ kemur	11100
14.	—	10.	(Skipaskoðunarmenn.) Fyrir „5400—7200“ kemur	6000— 7800
15.	—	10.	(Bifreiðaeftirlitsmenn). Fyrir „5400—7200“ kemur	6000— 7800
16.	—	10.	(Forstöðumaður löggildingarstofu). Fyrir „6000—7800“ kemur	6000— 8400
17.	—	10.	(Viðgerðarmenn í löggildingarstofu). Fyrir „4800—6000“ kemur	4800— 6600
18.	—	11.	(Landlæknir og yfirberklalæknir). Verði tveir liðir, er orðist svo: Landlæknir	14000
			Yfirberklalæknir	12000
19.	—	11.	Liðirnir „Héraðslæknar ... 10200“ til „Héraðslæknar ... 4800—6600“ aftur að „Landlæknisritari“ orðist svo: Héraðslæknar í héruðum III. flokks	10200
			Héraðslæknar í héruðum II. flokks	7200— 9600
			Héraðslæknar í héruðum I. flokks	6000— 7800

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka samkvæmt framansögðu, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli, með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.

Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti, enda skulu fjárlög jafnan bera með sér, hve margir héraðslæknar eru í hverjum flokki.

20.	—	15.	Aftan við „Aðstoðarmenn 1. flokks í atvinnudeild“ koma tveir nýir liðir: 1. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	10200
			2. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	7200— 9600
21.	—	15.	(Bóka- og skjalaverðir). Liðurinn orðist svo: Bóka- og skjalaverðir og aðstoðarþjóðminjavörður.	

22. Við 16. gr. (Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar).
Fyrir „6000—8400“ kemur 8400

23. — 19. — Fyrstu tveir liðir verði þrír liðir, er orðist svo:
Skattstjóri í Reykjavík 11100
Skattstjórar utan Reykjavíkur og skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur 10200
Skrifstofustjóri ríkisskattanefndar ..... 7200— 9600

24. — 20. — Aftan við „Skrifstofustjóri vegamálastjóra“ kemur nýr liður:
Féhirðir vegamálastjóra ..... 6000— 8400

25. — 20. — Liðurinn „Mælingamaður vegamálastjóra“ orðist svo: Landmælingamenn vegamálastjóra.

26. — 20. — (Kortagerðarmaður vegamálastjóra). Liðurinn falli niður.

27. — 22. — (Talsímakonur). Liðurinn orðist svo: Talsímakonur og ritarar II. flokks.

28. — 22. — Aftan við liðinn „Póstafgreiðslumenn“ bætist nýr liður:
Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík ..... 5400— 7200

29. — 22. — (Næturverðir við landssímastöðina o. s. frv.). Orðin „í Reykjavík og“ falla niður, og orðið „Næturverðir“ breytist í: Næturvörður.

30. — 25. — (Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu). Liðurinn orðist svo:
Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu og Áfengisverzlun.

31. — 26. — Tveir fyrstu liðir greinarinnar verði einn liður, sem orðist svo:
Forstjórar 10200

32. — 26. — (Aðstoðarmenn o. s. frv.). Liðurinn orðist svo:
Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar, útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun og bifreiðastjóri grænmetisverzlunar ..... 4800— 6000

33. — 27. — (Síldarmatsstjóri og fræðfisksmatsstjóri).
Fyrir „8400“ kemur 9000

34. — 37. — Greinin orðist svo:

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, aðrar en fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefna einn mann hver í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega. Ráðherra setur reglur um greiðslu fyrir yfirvinnu, að fengnum tillögum B.S.R.B. og forstöðumanns stofnunar þeirrar, sem í hlut á.

Lögmælt innheimtulaun sýslumanna, bæjarfógeta og hliðstæðra embættismanna af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatrygginganna skulu renna að hálfu til ríkissjóðs. Hinn hluti innheimtulaunanna skal renna að hálfu til hlutaðeigandi embættismanns, en að hálfu í sérstakan sjóð, sem fjármálaráðuneytið varðveitir og vera skal til tryggingar því tjóni, er hlutaðeigandi embættismenn kunna að verða fyrir vegna innheimtustarfsins, og til þess að greiða beinan kostnað, er á þá kann að falla í sambandi við það. Ráðherra setur nánari reglur um sjóðinn.

Héraðslæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrám, er hlutaðeigandi ráðherrar setja. Í gjaldskrá héraðslækna skal setja sérstök ákvæði um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast um greiðslu. Gjaldskrár þessar skal endurskoða, þegar ástæða þykir til, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku laga þessara.

Ed. 965. Nefndarálit

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hlutinn (PHerm og ÞÞ) leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar álíta undirritaðir réttast, að það fái afgreiðslu með rökstuddri dagskrá. Því til stuðnings skal hér aðeins bent á þau meginatriði, er gera dagskrárafgreiðslu eðlilega.

1. Samkvæmt frv., svo sem það liggur nú fyrir, er engin tímabundin ákvörðun um það, hvenær verksmiðjan skuli reist, og er það alveg á valdi ríkisstjórnarinnar. Verður eigi séð, að samþykkt frv. að þessu sinni sé því til tryggingar, að verksmiðjan verði reist svo fljótt, að nokkur frestun á lagasetningu þurfi að verða málinu til tafar. Í frv. eru einmitt áskildar áætlanir og aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar, áður en til nokkurra framkvæmda kemur, og kann slíkt, ef vandvirknislega á að vera gert, að verða nokkuð tímafrekt.

2. Jafnframt er þess að gæta, að mjög hefur verið gert að álitamáli, hvort meginatriði (áburðartegund o. s. frv.), er lagasetningin og annar undirbúningur byggist á, sé svo gaumgæfilega rannsakað og undirbúið, að lagasetning sé tímabær.

3. Með því að nýbyggingarráð hefur nú til meðferðar mál þau, er lúta að heildarskipun og endurreisn ísl. atvinnulífs til lands og sjávar, er langeðlilegast, að ráðinu sé falinn endanlegur undirbúningur þessarar lagasetningar. Er áburðarverksmiðja vissulega einn þátturinn í því mikla verkefni, er fyrir nýbyggingarráði liggur.

4. Ýmis ákvæði frv. geta hæglega brotið í bág við hagkvæmustu skipan þessa máls, er gaumgæfilegum undirbúningi lýkur, og er af þeirri ástæðu óeðlilegt að flýta lagasetningunni á þann hátt, sem ætlazt er til af þeim, er vilja samþykkt frv. nú

Einmitt af því, að málið er stórvægilegt og líklegt, ef rétt er að farið, að verða mikilvæg lyftistöng fyrir íslenzkan landbúnað, ber að vanda svo vel til alls undirbúnings, að því þurfi ekki síðar um að kenna, að með flaustri hafi verið gengið þar til verks, sem svo mikið er undir komið, að vel megi takast. Má vænta þess, að ríkisstjórn og nýbyggingarráð taki áburðarverksmiðjumálið svo bráðlega sem við verður komið til gaumgæfilegs undirbúnings og leggi síðan fram frumvarp um stofnun verksmiðjunnar, og þykir því rétt að afgreiða frv. það, er hér liggur fyrir, með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli nýbyggingarráði nauðsynlegan og ýtarlegan undirbúning áburðarverksmiðjumálsins og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp til laga um áburðarverksmiðju, þykir eigi ástæða til að samþykkja frv. það, er hér liggur fyrir, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. janúar 1945.

Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm. Kristinn E. Andrésson. H. Guðmundsson.

Ed. 966. Breytingartillaga

við frv. til l. um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):

Þegar dr. Sigurður Nordal hefur látið af kennslu við heimspekideild háskólans samkv. 1. gr., skal leggja niður dósentsembættið, sem stofnað var við deildina með lögum nr. 66 14. des. 1944.

Ed. 967. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „Blönduósi í Húnavatnssýslu" í 1. meginmálsgr. komi: Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Ed. 968. Frumvarp til laga

um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Flugvellir skulu flokkaðir í 4 flokka eftir stærð þeirra, gerð og búnaði til notkunar og rekstrar.

Fullnægja skulu þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. flokkur. Rennibrautir skulu vera ekki færri en 3, gerðar úr steinsteypu, malbiki eða með öðru varanlegu slitlagi. Skulu þær fullnægja aðalvindáttum.

Lengd brauta og breidd skal nægileg fyrir stórar millilandaflugvélar. Skulu þar vera byggingar þær, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt telst til þess að fullnægja millilandaflugi.

2. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægja til innanlandsflugs. Skulu þar vera byggingar, tæki og búnaður, sem nauðsynlegt þykir til þess að fullnægja innanlandsflugi með flugvélum af allt að 15000 kg þyngd.

3. flokkur. Rennibrautir skulu vera 3, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 eða 2 brautir muni fullnægja í aðalvindáttum. Þær skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd og breidd brauta svo og gerð þeirra skal nægileg fyrir meðalþungar flugvélar, allt að 5000 kg þyngd. Við völlinn skulu vera nauðsynlegustu tæki og búnaður fyrir snögga viðkomu slíkra flugvéla.

4. flokkur. Rennibrautir skulu vera 2, nema þar sem reynsla sýnir, að 1 braut muni nægja eða verða of kostnaðarsamt að gera 2 brautir. Rennibrautir skulu þaktar grassverði eða malbornar. Lengd brauta og breidd skal ætluð aðeins fyrir léttar flugvélar, allt að 3000 kg þyngd, eftir því sem fært þykir kostnaðar vegna. Rennibrautir skulu merktar, og þar skal vera aðgangur að síma, svo og smáskáli fyrir farþega, en yfirleitt ekki annar búnaður.

2. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

a. Í 1. flokki:
   1. Í Reykjavík.
   2. Á Reykjanesi.
b. Í 2. flokki:
   1. Í Eyjafirði.
   2. Hjá Egilsstöðum á Völlum.
   3. Á Melatanga í Hornafirði.
c. Í 3. flokki:
   1. Í Borgarfirði.
   2. Hjá Söndum í Miðfirði.
   3. Hjá Blönduósi.
   4. Hjá Sauðárkróki.
   5. Í Vestmannaeyjum.
   6. Nálægt Siglufirði.
   7. Hjá Húsavík.
   8. Hjá Kópaskeri.
d. Í. 4. flokki:
   1. Á Akranesi.
   2. Á Snæfellsnesi.
   3. Á Kambsnesi við Búðardal í Dalasýslu.
   4. Í Austur-Barðastrandarsýslu.
   5. Í Vestur-Barðastrandarsýslu.
   6. Í Önundarfirði.
   7. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
   8. Hjá Hólmavík.
   9. Hjá Raufarhöfn.
   10. Hjá Þórshöfn.
   11. Í Vopnafirði.
   12. Í Borgarfirði eystra.
   13. Við Seyðisfjörð.
   14. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
   15. Í Neskaupstað.
   16. Hjá Djúpavogi.
   17. Í Breiðdalsvík.
   18. Í Suðursveit.
   19. Hjá Fagurhólsmýri.
   20. Á Síðu.
   21. Við Mýrdalssand að austan.
   22. Í Mýrdal.
   23. Á Skógasandi.
   24. Í Landeyjum.
   25. Á Rangárvöllum.
   26. Í Árnessýslu (efra og neðra).

3. gr.

Flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar skulu vera:

a. Í Reykjavík.
b. Í Ísafjarðarkaupstað.
c. Á Akureyri.
d. Á Austfjörðum.
e. Á Vestfjörðum.

4. gr.

Til öryggis flugsamgöngum skulu vera þráðlausar talstöðvar á 1. og 2. flokks flugvöllum, svo og annars staðar, er nauðsyn krefur.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera samninga við einstaka landeigendur til þess að tryggja lendingarstaði fyrir smáflugvélar á landi, sem til þess henta, án þess að gerðar verði rennibrautir.

6. gr.

Kostnaður við gerð, rekstur og viðhald þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, tækjum og búnaði, greiðist úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til í fjárlögum.

Áður en fé er veitt til nefndra framkvæmda, skal hafa farið fram nákvæm rannsókn og liggja fyrir kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skal setja á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þykir, og fellur þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist flugmálastjóri. Þar til þessi skipan verður gerð, hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stjórn þeirra mála, sem greinir í lögum þessum, og er vegamálastjóri og flugmálaráðunautur ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum.

Kostnaður við stjórn flugmála og rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, er í lögum þessum getur, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Landeiganda er skylt, gegn hæfilegu endurgjaldi, að láta af hendi jarðefni til nauðsynlegra mannvirkja vegna loftferða.

9. gr.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms á landi og mannvirkjum svo og um bætur fyrir jarðrask samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, skal matsnefnd meta, hve mikill hluti bótanna skal ganga til leiguliða.

11. gr.

Skaðabóta, er leiðir af gerð mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 28. maí 1941, um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Ed. 969. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 37. gr. Greinin orðist svo:

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem telja má til aðalstarfs, aðrar en fyrir nauðsynlega yfirvinnu. Aukatekjur vegna embættisstarfs skulu og niður falla. Þó fá læknar og prestar greiðslu fyrir störf sín samkvæmt gjaldskrá, er viðkomandi ráðherrar setja. Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi embættismanns, skal árlega greiða honum hæfilegt áhættufé samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

Sþ. 970. Breytingartillaga

við till. til þál. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur.

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo:

Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 971. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo:

Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 972. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo:

Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 973. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo:
Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 974. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Neskaupstað.

Frá Gísla Jónssyni.

Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo:
Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Ed. 975. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins og við brtt. á þskj. 964.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við brtt. 34 á þskj. 964 (37. gr.).
   2. málsl. 3. málsgr., „Hinn hluti ... sambandi við það", orðast svo: Hinn hluti innheimtulaunanna skal renna að hálfu til hlutaðeigandi embættismanns, en að hálfu í sérstakan sjóð, sem fjármálaráðuneytið varðveitir og vera skal til tryggingar því tjóni, er hlutaðeigandi embættismaður kann að verða fyrir vegna innheimtunnar. Skal sú fjárhæð, er vera kann í þessum sjóði, þegar embættismaður lætur af störfum, greidd honum, þegar hann hefur skilað af sér embættinu.
2. Við 40. gr. (Bráðabirgðaákvæði).
   Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þeir, sem nú sitja í þeim embættum og stöðum, er lög þessi taka til, eiga kost á að taka laun samkvæmt þeim eða sitja við sömu laun og áður. Skal greiða launin samkvæmt þessum lögum, þar til þeir segja til um það, hvorn kostinn þeir taka, en segja skulu þeir til, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna, ef þeir óska að halda fyrri launum.

Ed. 976. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins og við brtt. á þskj. 964.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. (Launaflokkar ríkisins o. s. frv.). Málsliðurinn orðist svo:
   Launaflokkarnir eru 16, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:
   I. flokkur ..... 16000—16000
   II. flokkur ..... 15000—15000
   I.—XIV. flokkur verða III.—XVI. flokkur.
2. Við 7. gr. (Hæstaréttardómarar).
   Fyrir „14000" kemur 15000
3. Við 11. gr. (Bústjórar að Kleppi, Kristnesi og Vífilsstöðum).
   Þessi liður verði tveir liðir, er orðist svo:
   Ráðsmaður í Kristneshæli ..... 6000— 8400
   Bústjórar á Kleppi og Vífilsstöðum ..... 6000— 7800
4. Við brtt. 964,34 (Við 37. gr.). Á eftir orðunum „iðgjöldum slysatryggingarinnar" í 3. mgr. till. komi: að frádregnum innheimtulaunum hreppstjóra.

Ed. 977. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

28. gr

Hreppsnefndum og bæjarstjórnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var,

ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.

c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.

29. gr.

a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.

b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til bæjar- eða hreppssjóðs.

c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir að kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

f. Til lúkningar greiðslum samkv. e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅓ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella ⅓. **Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.**

g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.

Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar

eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila svo sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.

k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

l. Ef kaupgreiðandi
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.

   Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélgi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

3. gr.

2. mgr. 29. gr. (er verður 32. gr.) orðist svo:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tilllits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 978. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Kristni Andréssyni.

Við 16. gr. Aftan við síðustu málsgrein greinarinnar bætist:

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög skulu enn fremur sjá forstöðumönnum kaupstaðabarnaskóla og heimavistarskóla fyrir hæfilegu húsnæði. Skal slíkt húsnæði metið til launa, skv. 34. gr., jafnt ⅓ hluta grunnlauna að viðbættri hækkun skv. húsaleiguvísitölu, eins og hún er á hverjum tíma.

Ed. 979. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt og íhugað frv. þetta. Með bréfi, dags. 4. okt. s. l., var það og sent til umsagnar lögreglustjóranum í Reykjavík og sakadómara þar. Lögreglustjórinn hefur enn eigi látið uppi álit sitt á frv., en sakadómari hefur sent nefndinni ýtarlega og athyglisverða álitsgerð, dags. 5. des. s. l., og er hún prentuð með nál. sem fylgiskjal.

Nefndarmenn hafa eigi getað orðið á eitt sáttir um að mæla með frv. óbreyttu, enda sýnir sakadómari fram á, að löggjöfina um lögreglumenn þurfi að endurskoða rækilegar en með frv. hefur verið gert. Nefndarmenn hafa því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur brýna nauðsyn á, að lagafyrirmælin um lögreglumenn verði tekin til endurskoðunar í heild, þar á meðal alveg sérstaklega ákvæði um skiptingu lögreglukostnaðar milli ríkissjóðs annars vegar og bæjar- og sveitarsjóða hins vegar, og væntir þess, að ríkisstjórnin láta þessa endurskoðun fara fram nú á næstu mánuðum, þá telur deildin ekki tímabært að afgreiða frv. nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. jan. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. Steingr. Aðalsteinsson.

Bernh. Stefánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

SAKADÓMARINN Í REYKJAVÍK
Reykjavík, 5. desember 1944.

Hin heiðraða þingnefnd hefur með bréfi, dags. 4. október s. l., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um lögreglumenn, sem nú liggur fyrir Alþingi. Sérstaklega er óskað álits á því, í hvaða hlutfalli kostnaður af lögreglumálum skuli skiptast milli ríkis og bæja.

Ég hef athugað frumvarp þetta og borið það saman við gildandi lög um lögreglumenn, nr. 50 1940, og önnur viðeigandi ákvæði í lögum.

Eins og kunnugt er, hefur þróun þessara mála á síðustu árum orðið sú, að ríkisvaldið hefur öðlazt æ meiri rétt til afskipta af málum lögreglunnar, og jafnframt hefur nokkur hluti kostnaðar við lögregluhald verið lagður á ríkissjóð. Ríkisstjórnin ræður t. d. fjölda fastra lögregluþjóna að vissu marki; lögreglustjórar ráða raunverulega vali lögregluþjóna; ráðherra getur skipað varalögreglumenn; ráðherra getur, þegar sérstaklega stendur á, skipað lögreglumönnum til starfa, hvar sem er á landinu; og ráðherra ákveður, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna. Ráðherra skal enn fremur setja reglur um réttindi lögreglumanna og skyldur. Hann hefur og heimild til þess að efna til námsskeiðs fyrir lögreglumenn í Reykjavík.

Sú stefna, sem hér hefur ríkt í þessum málum og nú hefur verið lýst stuttlega, er ekkert einsdæmi. Mun í ýmsum löndum hafa sótt í sömu eða svipaða átt. Árið 1937 settu Danir t. d. lög, sem gengu í gildi 1. apríl 1938, þess efnis m. a., að öll lögregla landsins skyldi vera ríkislögregla undir yfirstjórn dómsmálaráðherrans og sérstaks ríkislögreglustjóra. Skyldi ríkið greiða lögreglukostnað allan, þ. á m. laun og eftirlaun lögregluþjóna, en ríkið tók hins vegar í sínar hendur án endurgjalds öll tæki lögreglunnar og lögreglustöðvar landsins. Hinn 19. september 1933 skipaði dómsmálaráðuneyti Noregs 7 manna nefnd, þ. á m. ríkissaksóknarann, ríkislögreglustjórann og lögreglustjóra Osloborgar, til þess að gera tillögur um lögreglumál landsins. Nefndin skilaði áliti hinn 17. marz 1934 og lagði til m. a., að lögregla landsins skyldi öll vera ríkislögregla og ríkissjóður greiða lögreglukostnaðinn. Hins vegar var lagt til, að bæjar- og sveitarfélögin skyldu endurgreiða ríkinu kostnaðinn eftir vissum reglum. Árið 1936 voru síðan sett lög um lögreglu Noregs, er gengu í gildi 1. janúar 1937, og var við þá lagasetningu fylgt í höfuðatriðum tillögum lögreglumálanefndarinnar. Lögreglan var öll gerð að ríkislögreglu, sem kostuð var af ríkinu. Bæjar- og sveitarfélögum, sem engin lögregluútgjöld höfðu við gildistöku laganna, var ekki gert að endurgreiða neitt af kostnaði við lögregluhald, sem stofnað kynni að verða til samkvæmt lögunum. Önnur bæjar- og sveitarfélög skyldu hins vegar endurgreiða ríkinu mestan hluta lögreglukostnaðarins eftir ákveðnum reglum, m. a. með tilliti til útgjalda þeirra vegna lögreglunnar tiltekið árabil fyrir setningu laganna. Tæki lögreglunnar og einkennisbúningar féllu til ríkisins án endurgjalds, en ríkinu var heimilað að taka eignar- eða leigunámi hús lögreglunnar og aðrar fasteignir.

Nýmæli frumvarpsins, sem máli skipta, eru þessi:

1. Skipun lögreglumálanna er óskorað fengin í hendur ríkisvaldsins og afskiptum bæjar- og sveitarstjórna af þeim málum þar með lokið.
2. Ríkissjóður greiði allan kostnað af lögreglumálum án þátttöku bæjar- og sveitarsjóða.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, má segja, að frá sjónarmiði löggæzlu og skipulags sé lögregla landsins raunverulega þegar orðin ríkislögregla. Löggæzla er, eins og í greinargerð frv. segir, í eðli sínu einn þáttur ríkisvaldsins, og er því eðlilegt, að handhafar ríkisvaldsins ráði skipun lögreglumálanna. Ákvæði frumvarpsins, sem hér að lúta, eru því í samræmi við eðli málsins og að mestu aðeins staðfesting þess ástands, sem þegar hefur skapazt í þessum málum.

Er ríkið hefur tekið skipun lögreglumálanna og húsbóndavald yfir lögreglunni að öllu leyti í sínar hendur, virðist eðlilegast og réttast, að ríkissjóður greiði allan kostnað af lögreglunni og löggæzlunni. En þó að sú stefna kunni að verða viðurkennd réttmæt út af fyrir sig, tel ég mega vænta þess, að talið verði örðugleikum bundið, að ríkið taki á sig útgjöldin, eins og þau nú eru orðin, einkum ef þau eiga að falla á ríkissjóð öll í einu.

Útgjöld vegna lögreglumála hér á landi nema nú orðið, svo sem eðlilegt er, miklum fjárhæðum. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað, var lögreglukostnaður bæjarsjóðanna árið 1943 sem hér segir:

Í Reykjavík	kr. 1755168.33	
Endurgreitt úr ríkissjóði	— 287421.16	
		kr. 1467747.17
Í Hafnarfirði		— 95169.54
- Vestmannaeyjum		— 62482.70
Á Seyðisfirði		— 11537.26
Í Neskaupstað		— 11352.46
Á Akureyri		— 61939.24
- Siglufirði		— 70500.00
- Ísafirði	kr. 59979.02	
Endurgreitt úr ríkissjóði	— 9996.50	
		— 49982.52
Á Akranesi		— 33066.45
	Samtals	kr. 1862777.34

Þessi kostnaður verður sjálfsagt hærri á þessu ári, og má gera ráð fyrir, að hann fari hækkandi.

Kostnaður ríkissjóðs vegna endurgreiðslu lögreglukostnaðar samkvæmt framangreindu og vegna annarrar löggæzlu nam árið 1943 958000 kr., samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins.

Ef eigi þætti af fjárhagsástæðum fært að leggja kostnaðinn í einu óskiptan á ríkissjóð, vil ég benda á þá leið, að bæjar- og sveitarsjóðirnir endurgreiði kostnaðinn í hverju umdæmi að tiltölu við tölu íbúa og fastra lögregluþjóna að verulegu leyti fyrstu árin, en þær endurgreiðslur færu minnkandi og falli alveg niður að ákveðnum tíma liðnum, t. d. 10 árum. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari tillögu um skipun þessa fjárhagsatriðis að svo stöddu.

Ef horfið verður að því að lögfesta höfuðákvæði frumvarpsins, tel ég sjálfsagt, að það verði tryggt í lögunum með alveg ótvíræðum ákvæðum, að kjör núverandi lögregluþjóna verði í engu skert, hvorki að því er snertir laun og eftirlaunarétt né í öðrum atriðum. Í sambandi við það, að ríkið tæki á sig skyldu til greiðslu eftirlauna starfandi lögregluþjóna, virðist þurfa að setja reglur um uppgjör bæjarsjóðanna við ríkissjóð eða viðkomandi tryggingastofnun vegna þess eftirlaunaréttar, sem lögregluþjónarnir hafa þegar öðlazt. Ákvæði þarf að setja um það, hvernig fara skuli um eignir þær, sem verið hafa í notum lögreglunnar, og virðist sjálfsagt, að ríkið taki við þeim án endurgjalds, ef það samkvæmt nýrri löggjöf á framvegis að bera lögreglukostnaðinn.

Þá vil ég leyfa mér að benda á, að löggjöfin hefur hingað til látið ónefnd ýmis atriði, sem varða lögreglu og löggæzlu, og um önnur atriði eru óljós og ónákvæm ákvæði. Vil ég í þessu sambandi nefna eftirgreind atriði, sem ég tel, að mættu koma til athugunar við setningu nýrrar löggjafar:

1. Hver skilyrði umsækjandi um lögregluþjónsstöðu skuli uppfylla.
2. Hverjir yfirmenn skuli vera í lögreglunni (fulltrúar, yfirlögregluþjónar, varðstjórar o. s. frv.) og hvernig skipun þeirra skuli háttað. Frumvarpið fellir niður ákvæði lögreglulaganna um skipun fulltrúa og yfirlögregluþjóna, 3. gr. 2. mgr.,

og heimild ráðherra til þess að skipa lögreglusveitum, sem fluttar eru milli umdæma, sérstakan foringja, sbr. 8. gr. laganna. Gildandi ákvæði um yfirmenn lögreglunnar eru ófullnægjandi og þarfnast endurskoðunar.

3. Ákvæði um verkefni lögreglunnar og verkaskiptingu, þar sem lögreglan starfar í sjálfstæðum deildum. Virðist rétt, að um þetta séu sett lagaákvæði, einkum þegar deildirnar eru alveg sjálfstæðar og lúta eigi sama embættismanni, svo sem gildir um rannsóknarlögregluna og götulögregluna í Reykjavík.
4. Rétt virðist að stefna að því, að á vegum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík sé starfrækt nokkurs konar miðstöð fyrir allt landið, er geti gefið upplýsingar og veitt aðra aðstoð í sambandi við rannsókn refsimála. Er byrjuð slík þjónusta hér við embættið, og hefur m. a. verið komið upp hegningarskrá fyrir allt landið. En mörgu þarf við að bæta, svo sem fingrafarasafni o. fl. Er nokkur undirbúningur þegar hafinn í þessu efni á ýmsum sviðum. En einkum að því leyti, sem slík starfsemi tekur til fleiri umdæma, tel ég æskilegt, að hún sé ákveðin eða heimiluð í lögum.
5. Ákvæði um viðurlög fyrir agabrot lögreglumanna eru ekki í lögum. Um þetta væri æskilegt, að settar væru almennar reglur, m. a. til þess að tryggja samræmi milli hinna ýmsu umdæma.
6. Ákvæði um, hvaða tæki lögreglan megi nota, eru ekki í lögum. Virðist geta komið til mála, að löggjafinn setji ákvæði um það, hvaða tæki dómsmálaráðherra og lögreglustjórum sé heimilt að fá lögreglunni. Mætti þessum handhöfum lögregluvaldsins í senn vera í slíkum ákvæðum hæfileg takmörkun og æskileg leiðbeining í þessu efni.
7. Þá vil ég loks nefna stofnun lögregluráðs eða lögreglumálanefndar í kaupstöðum, er gerði tillögur um starfsemi og starfsháttu lögreglunnar í umdæminu. Ef reglur um nefningu nefndarmanna væru skynsamlegar, virðist slík nefnd geta verið æskilegur tengiliður milli bæjarstjórnar og borgara annars vegar og lögreglustjórnarinnar hins vegar, er m. a. geti leitt til aukins skilnings á þörfum borgaranna og vanda lögreglunnar.

Með tilvísun til framanritaðs tel ég æskilegt, að löggjöfin um lögreglumenn verði tekin til víðtækari endurskoðunar en gert hefur verið með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Að sjálfsögðu er ég fús til þess að gefa nefndinni frekari upplýsingar eftir því, sem í mínu valdi stendur, ef þess verður óskað.

Jónatan Hallvarðsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 980. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um vatnsveitur.

(Afgreidd frá Nd. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 943.

Ed. 981. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 20. gr. Á undan 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Vegamálastjóri ..... kr. 14000
Orðið „vegamálastjóri“ falli framan af 2. mgr., sem verður 3. mgr.

Nd. 982. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:
Ríkisstjórnin getur og sagt upp leigusamningum um húsnæði, sem ríkið hefur eignazt fyrir 9. sept. 1941, sé aðkallandi nauðsyn á að rýma fyrir opinberum starfsmanni eða starfsfólki, sem lögskylt er eða óhjákvæmilegt að sjá fyrir húsnæði. Enn fremur, ef brýn þörf er á að rýma húsnæðið vegna nýbygginga eða breytinga á húseignum ríkisins, enda sjái ríkisstjórnin þá leigutaka fyrir jafngildu húsnæði, að dómi húsaleigunefndar, í sama kaupstað eða hreppi.

Ed. 983. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 975 [Launalög].

Frá menntamálaráðherra.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „er lög þessi taka til“ í fyrsta málslið komi: og ekki hafa hærri grunnlaun en 8000 kr. á ári.

Ed. 984. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 964 [Launalög].

Frá menntamálaráðherra.

Við 34. gr. Í stað 3. málsgreinar komi:
Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð.
Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.
Ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi embættismanns, skal árlega greiða honum hæfilegt áhættufé samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

Ed. **985. Breytingartillaga**

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá menntamálaráðherra.

Við 16. gr. (Fræðslumálastjóri).
Fyrir „12000“ kemur: 14000.

Ed. **986. Lög**

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 635.

Nd. **987. Lög**

um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 968.

Nd. **988. Lög**

um brunamál í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 739.

Nd. **989. Lög**

um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 771.

Nd. **990. Lög**

um eyðing á rottum.

(Afgreidd frá Nd. 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 738.

Nd. 991. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Grunnavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta utan fundar sökum þess, hve áliðið er þings, og leggur til, meðal annars vegna þess, að álit vitamálastjóra er málinu hagstætt, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. jan. 1945.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson, frsm.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 992. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, í nágrenni Varmahlíðar í Skagafirði, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Helgafelli í Snæfellsnessýslu, við Stafholtsveggjahver í Borgarfirði, Laugarvatni í Árnessýslu, Ytri-Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44 1942.

Nd. 993. Breytingartillögur

við rökstudda dagskrá á þskj. 926. [Mjólkursala og rjóma].

Frá Sveinbirni Högnasyni og Pétri Ottesen.

Af tillögunni falli orðin „og sé þar meðal annars tryggður tilgangur þessa frumvarps“.

Ed. 994. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ólafsfjarðarkaupstað heimilast að taka eignarnámi leigulóðarréttindi að landspildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður, 20 föðmum norðar en landamerki eru milli Brimness og Hornbrekku, og 20 faðma á breidd austur frá sjávarmáli, samkvæmt leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri, og skal eignarnámið taka til mannvirkja þeirra, sem á lóðinni eru, nema eigendur þeirra kjósi að flytja þau af lóðinni.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. heimild í 1. gr. fer eftir lögum nr. 61 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 995. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Flatey á Skjálfanda í Suður-Þingeyjarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 105 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Flateyjarþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 105 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Flateyjarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Flateyjarþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn

við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Flateyjarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Flateyjarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Flateyjarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Flateyjarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Flateyjarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Flatey, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Flateyjarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Flateyjarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, við-

haldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 996. Frumvarp til laga

um laun starfsmanna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 16, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 16000	kr. 16000
II. —	— 15000	— 15000
III. —	— 14000	— 14000
IV. —	— 12000	— 12000
V. —	— 11100	— 11100
VI. —	— 10200	— 10200
VII. —	— 7200	— 9600
VIII. —	— 6600	— 9000
IX. —	— 6000	— 8400
X. —	— 6000	— 7800
XI. —	— 5400	— 7200
XII. —	— 4800	— 6600
XIII. —	— 4800	— 6000
XIV. —	— 4200	— 5400
XV. —	— 3300	— 4800
XVI. —	— 3600	— 3600

2. gr.

Launahækkun eftir þjónustu og starfsaldri skal haga þannig:

Í VII. og VIII. launaflokki árleg hækkun	kr. 600 í 4 ár.
Í IX. launaflokki árleg hækkun	— 400 í 6 ár.
Í X., XI. og XII. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 6 ár.
Í XIII. og XIV. launaflokki árleg hækkun	— 200 í 6 ár.
Í XV. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 5 ár.

Þegar starfsmenn í XV. launaflokki hafa verið eitt ár á hámarkslaunum flokksins, skulu þeir færast í XIV. flokk og taka síðan aldurshækkanir þess flokks.

Í XVI. launaflokk koma aðeins iðnkonur eftir 4 ára starf.

Nokkrir starfsmenn í VII., VIII. og IX. launaflokki taka hámarkslaun þessara flokka frá upphafi.

Símvirkjar II. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks (sbr. 18. og 22. gr.) flytjist upp í I. starfsflokk, þegar er tilskildu prófi er náð, og nái hámarkslaunum X. flokks þrem árum síðar, þó eigi fyrr en sex árum eftir, að þeir hafa lokið sveinsprófi.

3. gr.

Laun ráðherra og stjórnarráðsstarfsmanna ákveðast þannig:		Árslaun
Ráðherrar	kr.	16000
Skrifstofustjórar og aðalendurskoðandi ríkisins	—	12000
Ríkisbókari og ríkisféhirðir	—	11100
Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti	—	10200
Fulltrúar I. flokks og skjalavörður í utanríkisráðuneyti	—	7200— 9600
(Eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga meðtalinn, einnig fulltrúar ríkisbókara og féhirðis, einn hjá hvorum.)		
Fulltrúar II. flokks og aðstoðarmenn í utanríkisráðuneyti	kr.	6600— 9000
Ráðuneytisbókarar og bókarar í ríkisfjárhirzlu og bókhaldi	—	6000— 7800
Húsverðir	—	4800— 6600
Bifreiðastjórar	—	4800— 6000
Sendimenn	—	4200— 5400
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

4. gr.

		Árslaun
Sendiherrar í London, Washington og Moskvu	kr.	12000
Sendifulltrúar og aðalræðismenn	—	10200
Sendiráðsritarar I. flokks og ræðismenn	—	7200— 9600
Sendiráðsritarar II. flokks, attachés og vararæðismenn	—	6600— 9000

5. gr.

		Árslaun
Skrifstofustjóri Alþingis	kr.	12000
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis I. flokks	—	7200— 9600
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis II. flokks	—	6600— 9000
Húsvörður Alþingis	—	4800— 6000

6. gr.

		Árslaun
Hagstofustjóri	kr.	12000
Fulltrúi	—	7200— 9600
Bókarar	—	6000— 7800
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

7. gr.

		Árslaun
Hæstaréttardómarar	kr.	15000
Hæstaréttarritari	—	6600— 9000

8. gr.

Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu í Reykjavík hafa að árslaunum:

Sakadómarinn, borgardómarinn, borgarfógeti, tollstjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík	kr.	12000
Fulltrúar I. flokks	—	7200— 9600
Skrifstofustjórar sakadómara og lögreglustjóra	—	6000— 8400
Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra	—	6600— 9000
Skattritarar I. flokks og tollritarar	—	6000— 7800
Skattritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skattritarastörfum	—	5400— 7200
Bókari í skrifstofu lögreglustjóra	—	5400— 7200

Eftirlitsmaður með útlendingum	kr.	5400— 7200
Tollvarðstjórar	—	6000— 7800
Tollverðir	—	6000— 7800
Bátsformenn á tollbát	—	6000— 7800
Ríkislögregluþjónar	—	6000— 7800
Fangaverðir í Reykjavík, á Litla-Hrauni	—	6000— 7800
Gæzlumenn á Litla-Hrauni	—	5400— 7200
Innheimtumenn tollstjóra	—	4800— 6000
Gjaldkeri hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
Firmaskrásetjari hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
Gjaldkeri borgardómara	—	4200— 5400
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

9. gr.

		Árslaun
Bæjarfógetar og sýslumenn	kr.	11100
Skattamáladómari	—	10200
Lögreglustjórar í kauptúnum	—	6000— 8400
Fulltrúar I. flokks	—	7200— 9600
Fulltrúar II. flokks	—	6600— 9000
Sýsluskrifarar I. flokks	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

10. gr.

Eftirtaldir löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

Skipaskoðunarstjóri	kr.	10200
Skipaskoðunarmenn	—	5400— 7200
Eftirlitsmaður véla og verksmiðja	—	10200
Aðstoðarmaður hans	—	6000— 7800
Eftirlitsmaður brunavarna	—	6000— 7800
Yfireftirlitsmaður bifreiða	—	6000— 8400
Fulltrúi við bifreiðaeftirlit	—	6000— 7800
Bifreiðaeftirlitsmenn	—	5400— 7200
Forstöðumaður löggildingarstofu	—	6000— 7800
Viðgerðarmenn í löggildingarstofu	—	4800— 6000
Löggæzlumenn á vegum	—	6000— 7800

11. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

Landlæknir	kr.	14000
Yfirberklalæknir	—	12000
Yfirlæknar á Vífilsstöðum, Kleppi, Kristnesi, Landsspítala	—	11100
Aðstoðarlæknar á ríkissjúkrahúsum og berklayfirlæknis	—	10200
Héraðslæknar	—	11100
(Heilbrigðislæknar í Reykjavík og Akureyri.)		
Héraðslæknar í héruðum III. flokks	—	10200
Héraðslæknar í héruðum II. flokks	—	7200— 9600
Héraðslæknar í héruðum I. flokks	—	6000— 7800

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka samkvæmt framansögðu, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli, með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.

Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti, enda skulu fjárlög jafnan bera með sér, hve margir héraðslæknar eru í hverjum flokki.

Landlæknisritari	kr.	6000— 7800
Matvælaeftirlitsfulltrúi héraðslæknis í Reykjavík	—	5400— 7200
Yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með yfir 50 sjúklinga	—	6000— 8400
Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur og yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með færri en 50 sjúklinga	—	6000— 7800
Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala	—	6000— 8400
Deildar-, röntgen-, skurðstofu- og næturhjúkrunarkonur	—	5400— 7200
Aðstoðarhjúkrunarkonur	—	4800— 6600
Skrifstofustjóri ríkisspítalanna	—	10200
Féhirðir	—	6600— 9000
Bókari II. flokks	—	5400— 7200
Umsjónarmaður Landsspítala	—	4800— 6600
Ritari I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
Ráðsmaður í Kristneshæli	—	6000— 8400
Bústjórar á Kleppi og Vífilsstöðum	—	6000— 7800

12. gr.

		Árslaun
Yfirdýralæknir	kr.	6000— 7800
Dýralæknar	—	5400— 7200

13. gr.

		Árslaun
Biskupinn yfir Íslandi	kr.	14000
Vígslubiskupar og dómprófastur í Reykjavík	—	9600
Prófastar	—	9000
Sóknarprestar, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	—	6000— 8400
Biskupsritari	—	6000— 7800
Ritari III. flokks í skrifstofu biskups	—	3300— 4800

14. gr.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa að árslaunum:

Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann og forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans	kr.	14000
Aðrir prófessorar og háskólabókavörður	—	11100
Dósentar	—	10200
Lektorar	—	7200— 9600
Háskólaritari	—	7200— 9600
Húsvörður	—	4800— 6000

15. gr.

Starfsmenn eftirtalinna vísindastofnana hafa að árslaunum:

Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	kr.	10200
Deildarstjórar í atvinnudeild	—	10200
Sérfræðingar í atvinnudeild	—	7200— 9600
Aðstoðarmenn I. flokks í atvinnudeild	—	6000— 7800
1. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	10200
2. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	7200— 9600
Aðstoðarmenn I. flokks í rannsóknarstofu	—	6000— 7800
Aðstoðarmenn II. flokks í rannsóknarstofu	—	4800— 6000
Gjaldkeri í atvinnudeild	—	4200— 5400
Húsvörður í atvinnudeild	—	4800— 6000

Ritari III. flokks í rannsóknarstofu	kr.	3300— 4800
Forstjóri veðurstofu	—	10200
Veðurfræðingar	—	7200— 9600
Loftskeytamenn	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
Yfirsafnaverðir	—	11100
(Landsbóka-, þjóðskjala- og fornminjaverðir.)		
Bóka- og skjalaverðir og aðstoðarþjóðminjavörður	—	7200— 9600
Húsvörður safnahúss	—	4800— 6000

16. gr.

		Árslaun
Fræðslumálastjóri	kr.	12000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru fleiri en 20 kennarar	—	10200
Fulltrúar fræðslumálastjóra, íþróttafulltrúi, námsstjórar	—	7200— 9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar	—	9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar	—	9000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar	—	8400
Barnakennarar	—	6000— 7800
Ritari II. flokks í fræðslumálaskrifstofu	—	4200— 5400
Ritari III. flokks	—	3300— 4800

Árslaun barnaskólastjóra og kennara eru miðuð við 9 mán. kennslustarf, en lækka um 1/9 hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá 3/4 af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði 1/3 hluti úr bæjarsjóði og 1/4 hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahéraðs.

17. gr.

Skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

Rektorar (skólameistarar)	kr.	11100
Menntaskólakennarar	—	7200— 9600
Skólastjórar kennaraskóla, stýrimannaskóla, vélskóla og búnaðarskóla	—	10200
Kennarar sömu skóla	—	6600— 9000
Húsverðir kennaraskóla, stýrimannaskóla og menntaskóla	—	4800— 6000
Skólastjórar við húsmæðrakennaraskólann, íþróttakennaraskólann, daufdumbraskólann og garðyrkjuskóla	—	9600
Kennarar sömu skóla	—	6000— 8400
Skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum	—	9000
Kennarar skólans	—	6000— 7800

18. gr.

Starfsmenn við ríkisútvarpið hafa að árslaunum:

Útvarpsstjóri	kr.	12000
Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs	—	9600
Fréttastjóri	—	7200— 9600
Aðalféhirðir	—	6000— 8400
Hljómsveitarstjóri	—	6000— 8400
Forstöðumaður viðtækjasmiðju	—	6000— 8400
Stöðvarverðir á Eiðum, Vatnsenda, aðalmagnaravörður, þulir	—	6000— 8400
Fréttaritarar	—	6000— 8400
Útvarpsvirkjar I. flokks	—	6000— 7800

Fulltrúi í skrifstofu útvarpsráðs	kr.	6000— 8400
Fulltrúi í skrifstofu útvarps	—	6000— 8400
Bókari í skrifstofu útvarps	—	5400— 7200
Afgreiðslumaður og bókari viðtækjasmiðju	—	5400— 7200
Gæzlumaður plötusafns, afgreiðslumaður auglýsinga, iðnaðarmaður, afgreiðslumaður viðtækjasmiðju	—	4800— 6600
Innheimtumenn, útvarpsvirkjar II. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

19. gr.

Starfsmenn skattheimtu hafa að árslaunum:

Skattstjóri í Reykjavík	kr.	11100
Skattstjórar utan Reykjavíkur og skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur	—	10200
Skrifstofustjóri ríkisskattanefndar	—	7200— 9600
Fulltrúar í skattstofu Reykjavíkur	—	6000— 8400
Bókarar í skattstofu Reykjavíkur og hjá ríkisskattanefnd I. flokks	—	6000— 7800
Bókarar í skattstofu II. flokks	—	5400— 7200
Ritari í skattstofu II. flokks	—	4200— 5400
Ritari í skattstofu III. flokks	—	3300— 4800

20. gr.

Starfsmenn vegamála, vita- og hafnarmála og byggingarmála hafa að árslaunum:

Vegamálastjóri	kr.	14000
Vita- og hafnarmálastjóri, húsameistari ríkisins og skipulagsstjóri	—	12000
Verkfræðingar	—	7200— 9600
Húsameistarar (skipulagsnefnd meðtalin)	—	7200— 9600
Húsameistarar skipulagsnefndar (aðstoðarmaður)	—	6600— 9000
Skrifstofustjóri vegamálastjóra	—	7200— 9600
Féhirðir vegamálastjóra	—	6000— 8400
Landmælingamenn vegamálastjóra	—	7200— 9600
Bókari og féhirðir vita- og hafnarmálastjóra	—	6000— 8400
Birgða- og efnisverðir vega- og vitamála	—	6000— 8400
Bókari II. flokks vegamálastjóra	—	5400— 7200
Aðstoðarmaður birgðavarðar vita- og hafnarmálastjóra (kafari)	—	4800— 6600
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

21. gr.

Starfsmenn við rafmagnseftirlit hafa að árslaunum:

Forstöðumaður	kr.	11100
Verkfræðingur	—	7200— 9600
Rafvirkjar	—	6000— 7800
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

22. gr.

Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
Yfirverkfræðingur landssímans, skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, póstmeistarinn í Reykjavík	—	10200

Póstmálafulltrúi, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði, símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar, póstmeistari á Akureyri	kr.	7200—	9600
Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks á póststofunni í Reykjavík, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingur, símastjórinn í Hafnarfirði	—	6600—	9000
Aðalteiknari landssímans, efnisvörður landssímans, eftirlitsmaður með langlínuafgreiðslu, eftirlitsmaður með viðbót og viðhaldi stöðva, varðstjórar við stuttbylgjustöðvar, ritsímavarðstjórar, verkstjórar á verkstæðum landssímans, fulltrúar II. flokks hjá pósti og síma	—	6000—	8400
Símritarar og loftskeytamenn I. flokks, símaverkstjórar, bókarar, gjaldkeri í aðalskrifstofu landssímans, bréfritari í aðalskrifstofu landssímans, verkstjóri í endurskoðunardeild landssímans og símvirkjar I. flokks	—	6000—	7800
Póstafgreiðslumenn	—	6000—	7800
Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík	—	5400—	7200
Næturvörður við landssímastöðina á Akureyri, iðnaðarmenn og línumenn landssímans, bréfberar í Reykjavík og á Akureyri, aðstoðarmenn I. flokks og bifreiðarstjórar (hjá síma og pósti) og teiknarar hjá landssíma	—	4800—	6600
Húsverðir landssímans í Reykjavík og pósthússins í Reykjavík, símvirkjar II. flokks, ritarar I. flokks, sendimenn símans og varðstjórar við langlínumiðstöð	—	4800—	6000
Talsímakonur og ritarar II. flokks	—	4200—	5400
Ritarar III. flokks	—	3300—	4800

23. gr.

Starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri	kr.		14000
Skrifstofustjóri	—		10200
Aðalbókari og aðalféhirðir	—	6600—	9000
Afgreiðslustjóri og innkaupastjóri	—	6000—	8400
Verkstjóri við skipaafgreiðslu	—	6000—	7800
Bókari I. flokks	—	6000—	7800
Bókarar II. flokks	—	5400—	7200
Ritarar II. flokks	—	4200—	5400
Ritarar III. flokks	—	3300—	4800

24. gr.

Starfsmenn við iðnaðarfyrirtæki ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg	kr.		11100
Skrifstofustjórar	—	6600—	9000
Féhirðir landssmiðju	—	6000—	8400
Bókarar landssmiðju I. flokks	—	6000—	7800
Bókarar landssmiðju II. flokks	—	5400—	7200
Ritarar Gutenbergs III. flokks	—	3300—	4800

25. gr.

Starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar og lyfsölustjóri	kr.		11100
Útsölustjóri í Reykjavík	—		10200

Skrifstofustjórar	kr.	6600— 9000
Lyfjafræðingur	—	6600— 9000
Aðalbókarar og aðalféhirðar	—	6000— 8400
Bréfritarar	—	6000— 7800
Sölumenn	—	5400— 7200
Birgðavörður tóbakseinkasölu	—	6000— 7800
Afgreiðslumenn tóbakseinkasölu	—	4800— 6600
Innheimtumaður tóbakseinkasölu	—	4800— 6000
Bókarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	4800— 6600
Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	3300— 4800
Útsölustjórar áfengisverzlunar á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði og Seyðisfirði	—	9600
Aðalverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	6000— 8400
Aðstoðarverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	5400— 7200
Aðstoðarmenn í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	4800— 6000
Bifreiðarstjórar	—	4800— 6000
Iðnkonur, er unnið hafa 4 ár	—	3600
Verkstjóri tóbaksgerðar	—	5400— 7200
Blöndunarmaður tóbaksgerðar	—	4800— 6600
Aðstoðarmenn	—	4800— 6000

26. gr.

Starfsmenn áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins og viðtækjaverzlunar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar	kr.	10200
Skrifstofustjórar	—	9000
Útvarpsvirki I. flokks	—	6000— 7800
Sölumenn	—	5400— 7200
Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	6000— 7800
Verkstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	5400— 7200
Bókari III. flokks hjá viðtækjaverzlun, afgreiðslumaður og iðnaðarmaður	—	4800— 6600
Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar, útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun og bifreiðarstjóri grænmetisverzlunar	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

27. gr.

		Árslaun
Fiskimatsstjóri	kr.	10200
Yfirfiskimatsmenn	—	5400— 7200
Síldarmatsstjóri og freðfisksmatsstjóri	—	8400

28. gr.

		Árslaun
Skógræktarstjóri	kr.	10200
Sandgræðslustjóri	—	9600
Skógarverðir	—	6000— 7800
Loðdýraræktarráðunautur	—	8400

29. gr.

		Árslaun
Eftirlitsmaður sparisjóða	kr.	6600

30. gr.

Skólastjórar og kennarar gagnfræða- og héraðsskóla hafa að árslaunum:

Skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 200 nemendur	kr.		10200
Skólastjórar gagnfræðaskóla með 125—200 nemendur	—		9600
Skólastjórar gagnfræðaskóla með undir 125 nemendur	—		9000
Skólastjórar héraðsskóla með yfir 75 nemendur	—		9600
Skólastjórar héraðsskóla með undir 75 nemendur	—		9000
Kennarar gagnfræðaskólanna	—	6000—	8400
Kennarar héraðsskólanna	—	6000—	7800

Allt miðað við minnst 7 mánaða kennslutíma.

Ákvæði þessarar greinar um laun einstakra skólastjóra og kennara koma þó ekki til framkvæmda, fyrr en hlutaðeigandi skólanefnd hefur með ályktun tjáð sig því samþykka.

31. gr.

Heilsuverndarhjúkrunarkonur hafa að árslaunum ..... kr. 6000— 7800

32. gr.

Laun stundakennara skulu vera 80% af árlegum byrjunarlaunum fastra kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum, og taki stundakennarar aldurshækkanir eftir sömu reglu og fastir kennarar.

33. gr.

Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar.

34. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaunum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Sé um að ræða risnu eða húsnæði ráðherra, skal ákveða þar um í fjárlögum til viðbótar ráðherralaunum. Með reglugerð skal ákveða, hverjir ríkisstarfsmanna skuli fá ókeypis einkennisfatnað.

35. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

36. gr.

Við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skulu konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar.

37. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, aðrar en fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefna einn mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega. Ráðherra setur reglur um greiðslu fyrir yfirvinnu, að fengnum tillögum B. S. R. B. og forstöðumanns stofnunar þeirrar, sem í hlut á.

Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi embættismanns, skal árlega greiða honum hæfilegt áhættufé samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

Héraðslæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrám, er hlutaðeigandi ráðherrar setja. Í gjaldskrá héraðslækna skal setja sérstök ákvæði um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast um greiðslu. Gjaldskrár þessar skal endurskoða, þegar ástæða þykir til, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku laga þessara.

38. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1945.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skal ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildir í hverri starfsgrein í árslok 1944.

Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum.

Launauppbætur greiddar árið 1944 skulu einnig greiðast á árinu 1945, þar til lög þessi öðlast gildi.

Sþ. 997. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

(Afgreidd frá Sþ. 30. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 4½ millj. kr. viðbótarlán til virkjunar Andakílsár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið, þar með talin innanbæjarkerfin, enda sé virkjunin háð þeim ákvæðum, sem síðar kunna að verða sett um eignarhald og rekstur á raforkuveitum í landinu. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 998. Þingsályktun

um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

(Afgreidd frá Sþ. 30. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast viðbótarlán vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, allt að 750000 — sjö hundruð

og fimmtíu þúsundum — króna, þó ekki yfir 85% virkjunarkostnaðar, gegn þeirri tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 999. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

(Afgreidd frá Sþ. 30. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna lán, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Gönguskarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kauptúnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 85% af stofnkostnaði rafveitunnar. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 1000. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs — gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, — allt að þriggja milljóna króna lán, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar, vegna stækkunar raforkustöðvar og rafleiðslukerfis Vestmannaeyjakaupstaðar. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 1001. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Neskaupstað.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, 750 þúsund króna lán, sem Neskaupstaður tekur til þess að standast kostnað við stækkun rafstöðvarinnar og við endurbætur á rafveitukerfi bæjarins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Sþ. 1002. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

(Eftir fyrri umr.)

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. króna innlent lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins, þó ekki yfir 85% af kostnaði.

Sþ. 1003. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkauptún, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1½ millj. króna lán til að stækka rafveitu Húsavíkur, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Jafnframt fellur niður ábyrgðarheimild sú fyrir láni til sömu framkvæmda, er ríkisstjórninni var veitt 3. des. 1943.

Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Ed. 1004. Frumvarp til laga

um bann á veiði og sölu fisksmælkis.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Bannað er að veiða, flytja í land, selja eða kaupa, hvort heldur til sölu innan lands eða til útflutnings, skarkola og þykkvalúru smærri en 27 cm og sandkola og langlúru smærri en 33 cm. Bannað er og að kaupa eða selja innan lands eða til útflutnings þorsk og ýsu smærri en 40 cm. Málin eru lengd þessara fisktegunda frá trjónubroddi á sporðsenda.

2. gr.

Nú er stærri fiskur en í 1. gr. getur og sömu tegundar ætlaður til útflutnings nýr eða saltaður eða til frystingar hér, og skal þá sá fiskur metinn og flokkaður samkvæmt reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Fiskimatsmönnum og matsmönnum frystihúsanna ber að hafa sérstakt eftirlit með því, að ekki sé skipað á land eða seldur smærri fiskur en í 1. gr. segir, og skulu þeir tilkynna hlutaðeigandi yfirmatsmanni tafarlaust, ef út af því bregður.

3. gr.

Fiskimatsstjóri sér um framkvæmd þessara laga. Skulu yfirfiskimatsmenn hver í sínu umdæmi svo og yfirmatsmaður freðfisks hafa eftirlit með því, að ákvæði laganna séu haldin.

Yfirfiskimatsmenn skulu jafnframt hafa eftirlit með því, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki fiskimatsstjóra geta þeir falið fiskimatsmönnum að annast þetta eftirlit, þá er þeir geta ekki komið því við sjálfir. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði, og ákveður ráðherra greiðslu fyrir starfið.

4. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir af fiski hjá seljendum hans eða kaupendum. Skal þeim og skylt að selja deildinni þann fisk, er hún þarf að kaupa til rannsókna, við sannvirði.

5. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skal, eftir því sem þurfa þykir, fella inn í reglugerðir um fiskimat og reglugerð um dragnótaveiði, eftir því sem við á.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eins og hér segir:

1. Fyrir fyrsta brot 500 krónur.
2. Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjóraréttindum, hafi hann brotið þrisvar sinnum eða oftar.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 28. maí 1941, um veiði, sölu og útflutning á kola.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Fiskimatsstjóri hefur samið frumvarpið, en það hefur síðan verið yfirfarið af fiskimálastjóra og Árna Friðrikssyni fiskifræðingi, og mæla þeir með því, að það verði að lögum.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu, samin af fiskimatsstjóra.

„Hjá flestum fiskveiðaþjóðum eru sett lög um verndun á stofni ýmissa nytjafiska. Hér var þetta gert að nokkru með lögum um dragnótaveiðar 1937 og 1940, en einkum með reglugerð nr. 50 14. maí 1937. Með ákvæðum hennar var þó ekki séð fyrir virku eftirliti, og svo var komið árið 1941, að vegna rányrkju við kolaveiðar botnvörpu- og dragnótabáta þótti nauðsynlegt að setja lög nr. 19 28. maí 1941, um veiði, sölu og útflutning á kola. Voru þau að ýmsu ákveðnari en hin eldri löggjöf, en komu aldrei til framkvæmda. Í þeim var gert ráð fyrir eftirliti fiskimatsmanna með veiðarfærum og mati á öllum kola. Hefði þetta orðið alldýrt í framkvæmd, en að vísu haft þýðingu fyrir verndun kolastofnsins, en litla hagnýta þýðingu aðra, eins og þá stóð á. Þó voru samdar eða umsamdar tvær reglugerðir til samræmis við lögin, önnur um gerð og möskvastærð dragnóta, en hin um útflutning og mat á ísvörðum fiski. Var þessu lokið 10. júlí 1941, en um þær mundir var gerður samningur um sölu nær allra sjávarafurða héðan til Bretlands. Í þeim samningi var ekki áskilið mat á öðrum fisktegundum en saltfiski, og þótti þá ekki rétt að íþyngja útgerð veiðiskipanna með kostnaði, sem leiddi af framkvæmd laganna. Hafa þessir samningar um sölu til Breta verið gerðir á hverju ári síðan, en í samningi fyrir yfirstandandi ár er í fyrsta sinn áskilið mat eða eftirlit með öllum ísvörðum og hraðfrystum fiski, er Bretar kaupa héðan.

Hefur nú verið upp tekið mat á öllum nýjum fiski, sem fluttur er út ísvarinn eða keyptur til hraðfrystingar í landinu. Er þá um leið auðvelt að hafa eftirlit með lágmarksstærð fisktegunda, án þess að það hafi aukinn kostnað við matið í för með sér.

Lögin frá 1941 gera aðeins ráð fyrir mati á kola. Í þeim lögum er lágmarksstærðin á fiskinum miðuð við bæði lengd og þyngd, en í veiðiskipum mundi reynast óframkvæmanlegt að fylgja vogarákvæðinu. Þá er og skipun matsins nokkuð óákveðin, og að sjálfsögðu eru lögin ekki miðuð við það skipulag, sem nú er orðið í þessu efni.

Frumvarp það, er hér kemur fram, á að bæta úr þessum göllum. Þar er lágmarksstærðin miðuð við lengd eingöngu. Fiskimatsstjóri hefur gert og látið gera athuganir um hlutföllin milli þyngdar og lengdar á kolategundum. Var þetta gert í Reykjavík, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, og eru lengdarmál þau, sem tekin eru upp í frumvarpið, fengin með niðurstöðum af þeim athugunum. Ýsustofninn hefur eyðzt mjög á síðari árum, og af þeirri ástæðu út af fyrir sig er gild ástæða til að takmarka veiði smælkisins.

En auk þess er smærri þorskur og ýsa en 40 cm óhæf verzlunarvara, bæði á útlendum og innlendum markaði, og því er sölubann á þessu smælki tekið með."

Sþ. 1005. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1941.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur borið frumvarpið saman við landsreikninginn fyrir árið 1941 og tillögur yfirskoðunarmanna. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson.
	Jónas Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 1006. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rafveitu Stykkishólms.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta við flutningsmann og einnig sent það rafmagnseftirliti ríkisins til umsagnar. Fylgir álitsgerð rafmagnseftirlitsins hér sem fylgiskjal, en þar er eindregið mælt með fyrirhugaðri breytingu rafveitunnar og það mál rökstutt.

Að svo vöxnu máli mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Fylgiskjal.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 29. jan. 1945.

Viðvíkjandi stækkun og breytingu á rafveitu Stykkishólms.

Formaður fjárveitinganefndar hefur óskað umsagnar minnar um tillögu til þál. um ríkisábyrgð fyrir rafveitu Stykkishólms, þskj. 843.

Til viðbótar við það, sem fram er tekið í greinargerð, get ég upplýst, að rafmagnseftirlit ríkisins hefur tekið að sér að vera ráðunautur Stykkishólmshrepps um þessa stækkun og breytingu. Að vísu hefur enn ekki verið gerð nákvæm áætlun um kostnað af verkinu, en rafmagnseftirlitið hefur gizkað á, að kostnaðurinn muni verða kringum 400 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að settar verði vélar, samtals allt að 240 hö., og veitukerfi kauptúnsins breytt úr rakstraumskerfi í riðstraumskerfi og það um leið aukið nokkuð til að taka við aflaukningunni. Þær breytingar og umbætur, sem á veitukerfinu verða gerðar, koma einnig að fullum notum, ef orka fæst síðar úr vatnsaflsstöð, og má því jafnframt skoða þær sem undirbúning undir það.

Rafmagnseftirlitið hefur mælt með því, að slík breyting verði gerð nú á rafveitu Stykkishólms í sambandi við nauðsynlega stækkun á rafstöðinni.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. 1007. Nefndarálit

um till. til þál. um símamál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og sent það til póst- og símamálastjóra til umsagnar, og er svar hans prentað sem fylgiskjal með nál.

Nefndin fellst á tillögu póst- og símamálastjóra og leggur til, að þáltill. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela póst- og símamálastjórninni að gera heildaráætlun um að koma öllum heimilum landsins í talsamband á næstu árum og leggja hana fyrir Alþingi eins fljótt og verða má.

Alþingi, 31. jan. 1945.

Gísli Jónsson, form. Páll Zóphóníasson, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.
Sigurður Þórðarson. Har. Jónasson. Ingólfur Jónsson.
Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 30. janúar 1945.

Póst- og símamálastjórnin hefur meðtekið bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 25. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um till. til þál. á þskj. 809 varðandi efni til þess að koma öllum sveitabæjum landsins í símasamband á næstu árum.

Það er alllangt síðan póst- og símamálastjórnin fór að reyna að gera sér grein fyrir möguleikum á að koma síma til allra landsmanna í fyrirsjáanlegri framtíð. Í athugasemdum við fjárlagatillögur fyrir póst og síma, dags. 3. ágúst 1944, til fjárveitinganefndar Alþingis, gat póst- og símamálastjórnin þess, að 600000 kr. til notenda í sveitum mundi sennilega nægja til þess að koma síma á ca. 100 sveitabæi, og átti þetta aðeins við kostnað sjálfra notendalínanna, en ekki við aðrar framkvæmdir, sem þyrfti vegna afgreiðslu símtalanna þaðan. Í sama bréfi voru og taldar upp nokkrar nauðsynlegar og aðkallandi framkvæmdir í símamálum landsins, m. a. þá að leggja árlega notendasíma á 400 sveitabæi. Var þá gert ráð fyrir, að lokið yrði við að leggja síma til meginhluta landsmanna á 10 árum.

Heildaráætlun um símakerfi fyrir alla landsmenn hefur enn ekki unnizt tími til að gera, þótt slíkt væri hið mesta nauðsynjaverk. Þótt slík áætlun sé ekki fyrir hendi og ekki afráðið, hvaða efni eigi að nota, þá má telja, að á venjulegum tímum mundi vera auðvelt að fá efni til slíkra framkvæmda með 1—2 ára fyrirvara, ef fé og gjaldeyrir væri fyrir hendi. Aðalvandkvæðin á skjótri framkvæmd málsins mundi, utan fjárhagslegu hliðarinnar, verða skortur á sérfróðum og séræfðum mönnum. Er nú þegar tilfinnanlegur skortur á slíkum mönnum og örðugt úr að bæta með stuttum fyrirvara, enda þyrfti launstigi slíkra manna fyrst að færast til samræmis við launakjör í einkarekstri og iðnaði.

Það er mikið verk að gera nákvæmar áætlanir um, hvaða efni þurfi til slíkra framkvæmda, sem ekki eingöngu fela í sér notendalínur til sveitabæjanna, heldur einnig nýjar skiptistöðvar, héraðslínur og langlínur, sem óhjákvæmilega verða að fylgja með, til þess að unnt verði að afgreiða símtöl hins aukna notendafjölda. Kemur þá í hverju tilfelli til athugunar, hvort um loftlínur eða jarðstrengi yrði að ræða og hverrar tegundar, enn fremur, hvar skuli nota fjölsíma, radiostöðvar o. þvl., hvar skiptistöðvar skuli vera og hverrar tegundar, hvort þær skuli vera sjálfvirkar að einhverju leyti eða öllu o. s. frv.

Póst- og símamálastjórnin telur, að ekki sé unnt að ljúka nákvæmum áætlunum með efnislista á þessu ári, en hins vegar sé hugsanlegt, að seint á þessu ári mætti fá nokkurt yfirlit yfir málið í aðaldráttum. Varla er hægt að gera ráð fyrir, að unnt verði að fá verkfræðilega aðstoð til þessa verks utan landssímans, en hins vegar væri sennilega hægt að bæta við aðstoð við ýmis verk, sem verkfræðingar símans hafa nú með höndum, svo þeim gæfist meiri tími til þess að vinna að þessu yfirliti.

Er mjög örðugt að áætla í fljótu bragði, hve mikinn aukakostnað þetta yfirlit hefði í för með sér, en hann yrði sennilega ekki mikill, ef til vill aðeins sem svarar árslaunum 1—2 manna.

Póst- og símamálastjórnin er því fylgjandi, að þingsályktun um slíka áætlun verði afgreidd, en leggur til, að hún verði látin ná til allra heimila landsins og verði orðuð á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela póst- og símamálastjórninni að gera heildaráætlun um að koma öllum heimilum landsins í talsamband á næstu árum og leggja hana fyrir Alþingi eins fljótt og verða má.“

Ástæðan til þessa er sú, að skiptistöðvar, héraðslínur, langlínur o. þvl. verða yfirleitt sameiginlegar fyrir bæði símtöl frá sveitabæjum, þorpum og kauptúnum, og

verður því að áætla þær með framtíðarsímakerfi hvors tveggja fyrir augum. Þetta hindrar ekki, að við framkvæmd áætlunarinnar megi láta viss svæði sitja fyrir.

G. J. Hlíðdal.

G. Briem.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Nd. 1008. Lög

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943.

(Afgreidd frá Nd. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 909.

Nd. 1009. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 30/1933 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir sveitar-(bæjar-, sýslu-)félögum allt að tveim fimmtu kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ríkissjóður greiðir fjórðungssjúkrahúsum árlega eftir á rekstrarstyrk, er nemi 100 krónum á sjúkrarúm, auk viðurkenndrar verðstuðulsuppbótar á hverjum tíma, og að auki allt að þeirri fjárhæð, er nemi þeim halla, sem sjúkrahús bíður af viðskiptum við innlenda sjúklinga, sem heimilisfastir eru utan þeirra sveitarfélaga, er að sjúkrahúsinu standa, miðað við það, að daggjöld sjúkrahússins fyrir þá sjúklinga séu ekki lægri en daggjöld landsspítalans á sama tíma. Þessi hluti rekstrarstyrksins má þó aldrei ná þeirri fjárhæð, að sjúkrahús beri meira úr býtum fyrir vist utansveitarsjúklinga en nemi kostnaði í sambærilegu ríkissjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild.

Ráðherra er heimilt að greiða öðrum sjúkrahúsum sveitar-(bæjar-, sýslu-)félaga en fjórðungssjúkrahúsum samsvarandi rekstrarstyrk vegna halla af viðskiptum við utansveitarsjúklinga, enda nemi þau viðskipti verulegum hluta af heildarviðskiptum sjúkrahússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1010. Breytingartillaga

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Flm.: Páll Hermannsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

Við bráðabirgðaákvæði. Aftan við 2. málslið bætist: og sé þessum aðgerðum öllum lokið fyrir 1. september n. k.

Nd. 1011. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á síldarverksmiðjunni á Sólbakka.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1945.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Sig. Kristjánsson.
Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 1012. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Lúðvík Jósefsson, Jóhann Jósefsson.

Við ákvæði til bráðabirgða. Þriðja málsgr. falli burt.

Nd. 1013. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr.

a. Eftir orðunum „Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu“ komi: og Hornafirði í Austur-Skaftafellssýslu.
b. Orðið „og“ í 1. málsgr. greinarinnar falli burt.

Nd. 1014. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1945 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Reglulegt Alþingi 1945 á að koma saman eigi síðar en 15. febr. n. k., ef eigi verður öðruvísi ákveðið með lögum. Ríkisstjórnin telur hins vegar heppilegra, að þingið komi að þessu sinni saman 1. október, nema annað reynist óhjákvæmilegt. Eru til þess ýmsar ástæður, þ. á m. sú, að þing hefur nú starfað óslitið að heita má síðan 2. sept. og lokið þeim störfum, sem aðkallandi eru í bili. Er þá um tvennt að velja: að ljúka yfirstandandi þingi, en kveðja síðan saman nýtt þing eigi síðar en 15. febrúar n. k., er síðan yrði frestað til haustsins, eða að samþykkja á yfirstandandi þingi lög, er heimili að fresta að kalla saman þing þar til síðar á árinu.

Síðari leiðin hefur verið valin, m. a. vegna þess, að ella yrði að leggja fyrir hið nýja þing fjárlagafrumvarp, en ókleift mundi reynast að semja fyrir miðjan febrúarmánuð frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1946, er væri nægilega vel úr garði gert. En hitt er óviðfelldið að leggja fyrir þingið fjárlagafrumvarp, sem aðeins væri fram borið til að fullnægja bókstaf stjórnarskrárinnar og síðan yrði með ærinni fyrirhöfn að gerbreyta.

Ed. 1015. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „í annað þeirra“ í lok greinarinnar komi: eigi síðar en í lok ársins 1945.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr. og hljóði svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1016. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 10. gr. Fyrri aðalmálsgrein greinarinnar skal orða svo:

Fjármálaráðuneytið getur að fengnum nýjum upplýsingum breytt aukamati innan hálfs árs, frá því að það hefur verið tilkynnt eiganda.

Nd. 1017. Lög

um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

(Afgreidd frá Nd. 1. febr.)

Samhljóða þskj. 994.

Nd. 1018. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 30 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 16. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er með samþykki ráðherra að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn, en eigi má hver flokkur vera stærri en 10 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í

húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅗ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkana skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána hema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 1000 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undireins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa

verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni, eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

VIÐSKIPTAMÁLARÁÐNEYTIÐ

Reykjavík, 24. jan. 1945.

Að tilhlutun Landsbanka Íslands hefur verið samið frumvarp það til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sem hér með fylgir.

Hefur Landsbankinn farið þess á leit við viðskiptamálaráðuneytið í bréfi, dags. 23. þ. m., að hlutast til um, að frumvarp þetta verði flutt á þessu þingi, og óskar ráðuneytið, að það verði gert.

Bréf Landsbankans er svo hljóðandi:

„Samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941 hefur Landsbankinn þegar gefið út bankavaxtabréf 13. og 14. flokks, samtals 12 milljónir króna, og 15. flokkur, sá síðasti samkvæmt greindum lögum, hefur nú verið stofnaður. Ef að líkum lætur, má búast við, að hann endist eigi lengur en fram undir næstu áramót.

Nauðsyn ber því til að hefja undirbúning að starfrækslu nýs flokks, 16. flokks, en til þess brestur lagaheimild.

Vér leyfum oss því að senda hinu háa ráðuneyti hér með frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, með beiðni um, að ráðuneytið láti flytja það á Alþingi, er nú situr.

Frumvarp þetta er samhljóða nefndum lögum að öðru leyti en því, að heildarupphæðin er 30 milljónir kr. í frumvarpinu í stað 18 millj. kr. í lögunum og hámarksupphæð hvers flokks er ákveðin 10 milljónir kr. í stað 6 milljóna kr. áður. Enn fremur er sú breyting gerð á 9. gr., að lágmarksupphæð láns skuli vera 1000 kr. í stað 300 kr. áður.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, R.“

Sþ. 1019. Nefndarálit

um till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknisins við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar og fengið álit um það bæði frá heilbrigðismálaráðherra og landlækni. Enn fremur hefur Samband íslenzkra berklasjúklinga sent nefndinni erindi og rökstutt þörfina fyrir því, að þegar frá byrjun verði læknir ráðinn að þeirri stofnun, sem hér ræðir um.

Nefndin er öll sammála um, hvað það snertir, að rétt sé að fallast á það, að ríkið styrki vinnuheimilið á þann hátt, sem um er beðið, en minni hlutinn hefur þó ekki getað orðið samferða meiri hlutanum við afgreiðslu þess og mun skila séráliti.

Meiri hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða árlegan styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjum, er samsvari launum yfir-

læknis við heilsuhæli ríkisins, og gangi styrkur þessi til að launa yfirlækni vinnuheimilisins, enda hafi hann jafnframt framkvæmdastjórn þess á hendi.

Alþingi, 31. janúar 1945.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Sig. Kristjánsson. Lúðvík Jósefsson.

Þóroddur Guðmundsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. **1020. Nefndarálit**

um till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknis vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar vill afgreiða till. svo til óbreytta, en minni hl. vill gera á henni gagngerða breytingu. Fyrir nefndinni lá bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. jan. 1945, ásamt erindi Sambands íslenzkra berklasjúklinga varðandi laun yfirlæknis við vinnuhæli sambandsins, að efni til hið sama og um getur í greinargerð þáltill. Enn fremur fylgdi bréfi ráðuneytisins afrit af erindi landlæknis, er hann hafði sent félagsmálaráðuneytinu viðvíkjandi erindi sambandsins. Minni hl. þykir rétt að taka upp í nál. sitt nokkur atriði úr erindi landlæknis. Þar segir svo: „Jafnframt því, sem ég vil láta uppi það álit mitt, að þessi fyrirhugaða stofnun sé vissulega verðug nokkurs rekstrarstyrks úr ríkissjóði og þá eflaust þess styrks, er nemi ekki minni fjárhæð en samsvara mundi ríflegum yfirlæknislaunum, hlýt ég að vara við því fordæmis vegna að veita styrkinn í því formi, sem hér er farið fram á, þ. e. að tekinn verði upp sá fráleiti siður að launa úr ríkissjóði starfsmenn einkafyrirtækja.“ Enn fremur segir landlæknir, „er mér ekki kunnugt um, að athugun kunnáttumanns hafi farið fram á því, hver læknaskipun mundi henta hinni fyrirhuguðu stofnun, enda sennilega hagkvæmt, að nokkur reynsla fengist af rekstrinum, áður en slíkt yrði bundið í fast form. Óneitanlega virðist nokkuð mikið í borið að ætla þegar í byrjun við stofnun, sem aðeins hefur verið fitjað upp á og hlýtur fyrstu árin aðeins að taka mjög fáa sjúklinga, jafnmikið til yfirlæknisþjónustu og við stærsta berklahæli landsins.“

Enn fremur ræddi nefndin tillögu þessa bæði við félagsmálaráðherra og berklayfirlækni Sigurð Sigurðsson, og virtust þeir báðir óska eftir því, að till. yrði breytt frá því, sem hún var upprunalega flutt. Minni hl. nefndarinnar fellst á þau rök landlæknis, að varhugavert sé fyrir Alþingi að ganga inn á þá braut, sem hér er farið fram á í þáltill., og leggur til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga á Reykjum styrk, sem miðaður væri við hæfileg laun eins manns, sem væri hvort tveggja í senn læknir hælisins og forstöðumaður þess.

Styrkur þessi skal ákveðinn að fengnum tillögum landlæknis.

Alþingi, 1. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Jónas Jónsson.

Sþ. 1021. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni til lendingarbóta á Hellissandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Hellissandur er ein af hinum gömlu og aflasælu verstöðvum á Snæfellsnesi. Frá þeirri verstöð er mjög stutt til sóknar á hin fiskauðugu mið á Breiðafirði. Það, sem á skortir hagkvæma aðstöðu til fiskveiða á þessum stað, er erfið lendingaraðstaða og hafnleysi. Hefur nokkuð verið unnið að lendingarbótum þarna að undanförnu, þar á meðal á s. l. sumri. En augljóst er, að hafnarbætur í víkinni sjálfri, sem gerðu það kleift að gera út þaðan vélskip, er væru af þeirri stærð, að á þeim væri einnig hægt að stunda fiskveiðar annars staðar eftir árstíðum, t. d. síldveiðar við Norðurland á sumrin, mundu verða svo kostnaðarsamar, að þess væri enginn kostur fyrir þá aðila heima fyrir, sem þarna eiga hlut að máli, að standa straum af svo dýrri framkvæmd.

En svo hagar til á þessum slóðum, að í tveggja kílómetra fjarlægð frá Hellissandi er talin vera álitleg aðstaða til hafnargerðar í svo nefndum Rifsós, en við þann stað eru ýmsar fornar sagnir tengdar. Enn hafa að vísu litlar rannsóknir verið framkvæmdar á þessum stað, en allar líkur benda til, að með nútímatækni megi takast með kleifum kostnaði að gera þarna góða og örugga fiskiskipahöfn. Væri með því mikið unnið og þá vitanlega fyrst og fremst fyrir Hellissand, en hann er sú verstöð á Snæfellsnesi, sem næst liggur þessum stað.

Þingmaður Snæfellinga, flutningsmaður þessarar tillögu, flutti á öndverðu þessu þingi frv. um lendingarbætur á Hellissandi. En með tilliti til þess annars vegar, hversu erfitt er og kostnaðarsamt um framhald þeirra lendingarbóta, sem byrjað er á, og hins vegar þeirra rannsókna í Rifsósi, sem fyrr getur, þótti eigi rétt eða hallkvæmt að gera að svo stöddu ráð fyrir frekari aðgerðum á Hellissandi. Af þessari ástæðu var því slegið á frest að samþykkja lög um lendingarbætur þar, en hefði þó að sjálfsögðu verið gert, ef eigi hefði hillt undir aðra betri og raunhæfari úrlausn á þessu vandamáli.

Nú er það að sjálfsögðu mjög bagalegt fyrir Hellissandsbúa að fá eigi slík lög samþykkt vegna þeirra framkvæmda, sem búið er að ráðast í, því að með því móti fara þeir á mis við það hagræði, sem af slíkum lögum leiðir, að ríkisstjórninni er þar veitt heimild til að ganga í ábyrgð fyrir láni, sem þeir, er að slíkum framkvæmdum standa, kunna að þurfa að taka af þessum sökum. Þetta er því bagalegra sem ávallt hefur á Alþingi verið fylgt þeirri venju að einskorða slíkar heimildir til handa ríkisstjórninni við það, að þær séu teknar upp í hafnarlög hlutaðeigandi staðar. Þó að fjárveitinganefnd telji, að rétt sé og sjálfsagt undir venjulegum kringumstæðum að hvika ekki frá þessari reglu, þá lítur nefndin svo á, að þær ástæður séu hér fyrir hendi, sem réttlætt hafi það, að frá þessari reglu sé vikið og að ríkisstjórninni sé, meðan á fyrrgreindri rannsókn stendur, heimilað að veita umbeðna ábyrgð með þeim hætti, sem hér um ræðir.

Fjárveitinganefnd hefur rætt um tillögu þessa við samgöngumálaráðherra, og er hann nefndinni sammála um þessa niðurstöðu, svo að greitt verði nú þegar fyrir Hellissandsbúum um útvegun á hagkvæmu láni, sem þeir komast ekki hjá að taka vegna framkvæmdanna á s. l. sumri.

Fjárveitinganefnd leggur því til samkvæmt því, sem fyrr greinir, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Þóroddur Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Sig. Kristjánsson.
Jónas Jónsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.

Sþ. **1022. Nefndarálit**

um till. til þál. um flutning hengibrúar frá Selfossi að Iðu.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fengið umsögn vegamálastjóra um þessa tillögu, og er álit hans prentað sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Einnig ræddi nefndin að sjálfsögðu við samgöngumálaráðherra um tillöguna, og mælir hann með samþykkt hennar. Ráðherrann gat þess, að flutningsmenn tillögunnar hefðu, áður en tillagan var flutt, rætt við sig um orðalag hennar.

Fjárveitinganefnd fellst á, að það væri að sjálfsögðu mjög hagkvæmt, ef takast mætti að endurbæta hengibrúna á Ölfusá, svo að hún yrði nothæf á hinu fyrirhugaða brúarstæði á Hvítá hjá Iðu. Hefur mjög á undanförnum þingum verið rætt um nauðsyn þess, að smíðuð yrði brú á þessum stað, en sökum þess, hve hér hefur verið um að ræða kostnaðarsama framkvæmd, miðað við nýja brú, þá hefur eigi orðið úr framkvæmdum. Þó að vegamálastjóri telji að órannsökuðu máli allmikil tormerki á því að nota brúna á þessum stað, þá tekur hann heldur ekkert af um það, að sú geti orðið raunin á, að brúin — með miklum endurbótum að sjálfsögðu — geti reynzt þar nothæf til frambúðar. Er vonandi, að svo verði, því að sú niðurstaða mundi að sjálfsögðu flýta fyrir því, að þetta mikla vatnsfall yrði brúað. Þörfin fyrir brú á þessum stað er að allra dómi, sem til þekkja, óvefengjanleg.

Fjárveitinganefnd mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 31. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Þóroddur Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Sig. Kristjánsson.
Jónas Jónsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 29. janúar 1945.

Brú á Hvítá hjá Iðu.

Formaður fjárveitinganefndar hefur óskað umsagnar minnar um þingsályktunartillögu á þskj. 939, um flutning hengibrúar frá Selfossi að Iðu.

Á Hvítá hjá Iðu hefur verið mælt brúarstæði, og virðist þar sérstaklega koma til greina hengibrú um 100 m löng eða svipuð og á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, sem er áformuð um 104 m löng. Milli strengjaturna Ölfusárbrúar eru aðeins 75 metrar. Gömlu strengirnir eru orðnir ótryggir, jafnvel fyrir brú af sömu lengd. Þá er og gamla brúin nokkuð mjó og öll veikbyggð og enn ótraustari fyrir aldurs sakir.

Þar sem ekki verður fyrir fram sagt, að útilokað sé að nota brúna á Iðu með breytingum og endurbótum, þá þykir mér sjálfsagt, að þetta verði rannsakað, því að það væri vitanlega mikill ávinningur að geta flutt brúna þangað, enda stuttir og hagkvæmir flutningar.

Vil ég því mæla með, að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Sþ. 1023. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun á húsaleiguvísitölu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. á þrem fundum. Boðaði hún til sín kauplagsnefnd og menn úr stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur og ræddi málið við báða þessa aðila. Af umræðunum upplýstist, að kauplagsnefndin hefði jafnan verið fús til þess að taka til athugunar sérhverjar upplýsingar, sem fram væru bornar af fasteignaeigendafélaginu eða öðrum til sönnunar því, að breyta bæri grundvelli húsaleiguvísitölunnar, og jafnframt að gera breytingar á henni til leiðréttingar, ef sýnt þætti, að þess væri þörf, — en hingað til hefðu þessir aðilar ekki getað fært fram nein slík gögn, þótt margoft hefði verið um þau beðið. Taldi nefndin, að grundvöllurinn hefði aldrei verið sterkur frá upphafi, m. a. vegna þess, hve erfitt væri að safna gögnum um réttan viðhaldskostnað. Hún væri þó engan veginn mótfallin því, að athugun færi fram á ný, en teldi, að þetta mundi ekki raska mikið vísitölunni, þar sem verðsveiflur á viðhaldi hefðu aðeins áhrif á 15% af leigutekjunum. Viðhaldsvísitalan væri nú 338 á móti 100 árið 1939 og hlutföllin milli vinnu og efnis 58,7% og 41,3% á móti 45% og 55% 1939. Væri húsaleiguvísitalan þennan ársfjórðung reiknuð út eftir þessum tölum. Fulltrúar fasteignaeigendafélagsins litu svo á, að rétt mundi vera, að viðhaldskostnaður 1939 hefði verið um 15% af leigutekjum húss, en með því að byggingarkostnaður allur hefði að minnsta kosti sexfaldazt og hlutföll milli vinnu og efnis væru nú 70% og 30% að þeirra áliti, ætti viðhaldsvísitalan að vera að minnsta kosti 600, en ekki 338.

Nefndin lítur svo á að fengnum þessum upplýsingum, að ljóst sé, að grundvöllur fyrir útreikningi á húsaleiguvísitölu verði ekki fundinn á þann eina hátt að reikna út, hve mikið byggingarkostnaður húsa hefur hækkað, heldur verði og að koma til engu síður raunverulegt viðhald húsa greitt af húseigendum sjálfum. Hafa húseigendur einir skilyrði til þess að leggja slík gögn fram. Og með því að kauplagsnefnd hefur tjáð sig fúsa til þess að endurskoða grundvöll vísitölunnar að fengnum slíkum gögnum frá húseigendum og breyta henni til leiðréttingar, ef sýnt þykir, að þess sé þörf, sér nefndin ekki, að þörf sé frekari aðgerða, og leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að upplýst er, að kauplagsnefnd er fús til þess að taka til athugunar á ný grundvöll húsaleiguvísitölunnar að fengnum gögnum frá húseigendum um viðhaldskostnað, er þeir sjálfir hafi greitt, og breyta honum til leiðréttingar, ef sýnt er, að slíkt sé nauðsynlegt, þykir Alþingi ekki ástæða til frekari aðgerða og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurður Þórðarson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Steingr. Aðalsteinsson. Har. Jónasson. Ingólfur Jónsson.

Páll Zóphóníasson.

Nd. **1024. Breytingartillögur**

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.
2. Við 33. gr. Aftan við gr. bætist: Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum a. m. k. tvisvar á ári.
3. Við 37. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
4. Við 43. gr. Í stað orðanna „á hverja mynd, og gildir hann“ í 2. málsgr. greinarinnar komi: á seðil, er fylgi hverri mynd, og gildir úrskurðurinn.
5. Við 56. gr. Í stað „tvisvar á ári“ komi: einu sinni á ári.

Sþ. **1025. Nefndarálit**

um till. til þál. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um réttmæti tillögunnar, en leggur til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að endurskoðun og útgáfu ríkisreiknings ásamt athugasemdum verði hraðað svo, að hann geti jafnan legið fyrir til samþykkis fyrir lok næsta árs á eftir.

Alþingi, 2. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.
Páll Zóphóníasson.	Har. Jónasson.	Sigurjón Á. Ólafsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Sþ. **1026. Nefndarálit**

um till. til þál. um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Við þingsályktunartillögu þessa lá fyrir breytingartillaga á þskj. 867, þess efnis, að til viðbótar þeim rafveitum, sem í till. greinir, væri bætt við rafveitu til Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu, og tók nefndin breytingartillögu þessa einnig til meðferðar.

Nefndin hefur rætt við samgöngumálaráðherra um tillögur þessar eins og um aðrar tillögur, sem nefndin hefur haft til meðferðar um sama efni, og mælti hann með þessum tillögum.

Nefndinni hafði borizt álit og greinargerð frá rafmagnseftirliti ríkisins um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu, og enn fremur sendi nefndin breytingartill. til umsagnar forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins, og barst nefndinni álitsgerð frá forstjóranum viðvíkjandi Þykkvabæjarlínunni.

Að öllu þessu athuguðu samþykkti nefndin að mæla með þessum till., ef þeim væri breytt í samræmi við aðrar hliðstæðar tillögur svipaðs eðlis, sem sumpart er búið að afgreiða og sumpart bíða nú afgreiðslu Alþingis.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu eða næsta ári til kaupa á efni í rafveitur frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu og til þeirra sveitabýla, er til greina geta komið að njóta raforku frá veitum þessum.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um efniskaup í rafveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Alþingi, 2. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form. — Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. — Jónas Jónsson.

Þorst. Þorsteinsson. — Þóroddur Guðmundsson. — Guðm. Í. Guðmundsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. — Lúðvík Jósefsson.

Sig. Kristjánsson.

Nd. 1027. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1945.

Jakob Möller, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Sigfús Sigurhjartarson, frsm.

Skúli Guðmundsson, með fyrirvara. — Barði Guðmundsson.

Ed. 1028. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur í Grunnavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. — Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. — Steingr. Aðalsteinsson.

Magnús Jónsson. — Ingvar Pálmason.

Ed. 1029. Lög

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 977.

Nd. 1030. Lög

um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

(Afgreidd frá Ed. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 671.

Ed. 1031. Lög

um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 651.

Sþ. 1032. Nefndarálit

um till. til þál. um breytta tilhögun á útgáfu Alþingistíðindanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hafði mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum og ræddi það allýtarlega. Er hún sammála um, að bæta beri úr ýmsum ágöllum í sambandi við þingskriftir og útgáfu Alþingistíðindanna. Telur nefndin, að nauðsynlegt sé að hefjast handa um það nú þegar, að ræður þm. verði skráðar niður með meiri nákvæmni en verið hefur, enda verði þeim gefinn kostur á að leiðrétta þær jafnóðum, m. a. með því að fá afhent samrit af ræðunum stuttu eftir að þær hafa verið fluttar. Nefndinni er ljóst, að þessum árangri megi ná bæði með því að nota hljóðnema og eins með því að nota fullkomnari hraðritara, enda verði ekki hjá því komizt, hvor aðferðin sem notuð yrði, að afrita ræðurnar og laga þær undir prentun.

Þá er nefndin einnig sammála um, að stefna beri að því að breyta útgáfu Alþt. í það horf, að þau komi út jafnóðum og helzt vikulega. Á þann hátt gæfist almenningi kostur á því að fylgjast vel með öllu því, sem gerist á Alþingi, og mætti þá einnig reikna með töluverðum tekjum af sölu Alþt. Hins vegar verður þessum umbótum ekki komið á, nema fyrst séu bætt að verulegu leyti vinnuskilyrði þingskrifara og annarra, sem að útgáfunni vinna, og þeir allir ráðnir sem fastir starfsmenn Alþingis. En með því að nefndin er einnig sammála um, að mál þetta heyri ekki undir ríkisstjórnina, heldur forráðamenn Alþingis, leggur hún til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að forráðamenn Alþingis geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að ræður þingmanna verði framvegis skráðar svo nákvæmlega sem auðið

er og síðan afritaðar tafarlaust, svo að þingmönnum gefist kostur á að leiðrétta þær jafnóðum, enda verði jafnframt undirbúin sú breyting á útgáfu Alþt., að ræðurnar verði prentaðar og gefnar út í heftum eigi síðar en hálfum mánuði eftir, að þær hafa verið fluttar á Alþingi, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Páll Zóphóníasson. Sigurður Þórðarson. Har. Jónasson.
Ingólfur Jónsson.

Nd. 1033. Breytingartillaga

við till. til þál. um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Aftan við orðin: „læknishéruð“ komi: og prestaköll.

Nd. 1034. Breytingartillaga

við till. til þál. um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum.

Frá Sigurði E. Hlíðar.

Á eftir fyrri málsgr. tillögugreinarinnar komi: Slysavarnafélag Íslands njóti sömu kjara um 2 bíla, sem það þarf að kaupa vegna starfsemi sinnar. Dýralæknum sé og gefinn kostur á „jeep“-bílum með sömu kjörum.

Nd. 1035. Þingsályktun

um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þau læknishéruð, er þess óska, geti fengið einn bíl hvert af þeim bílum, sem ríkisstjórnin kaupir af setuliðinu, og megi stjórnir læknishéraðanna ráða, hvort þau taka sjúkrabifreið eða „jeep“-bíl. Bílana skal selja læknishéruðunum með kostnaðarverði. Slysavarnafélag Íslands njóti sömu kjara um 2 bíla, sem það þarf að kaupa vegna starfsemi sinnar. Dýralæknum sé og gefinn kostur á „jeep“-bílum með sömu kjörum.

Jafnframt er lagt fyrir heilbrigðisstjórnina að semja reglur um notkun bíla, er læknishéruð eiga, er tryggi, að þeir verði ekki seldir og að af þeim verði sem fyllst not fyrir héraðsbúa.

Ed. 1036. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965.

Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „yfirmatsnefndar, en hún" í 2. mgr. 4. gr. komi: fjármálaráðherra, sem.

3. gr.

Í stað orðanna „og veiðiréttindi" í 4. mgr. 4. gr. komi: veiðiréttindi og jarðhitaréttindi.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Til að framkvæma aðalmat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal fasteignamat framkvæmt sem hér segir:

a. Skylt er öllum, sem meta fasteignir til brunabóta, að senda fjármálaráðuneytinu afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa) eftir reglum, er ráðuneytið setur.

Fjármálaráðuneytið ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.

b. Hús þau, sem brunabótamat hefur ekki farið fram á, skulu metin fasteignamati á fimm ára fresti, og skal sliku mati lokið í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 1950. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma hver í sínum hreppi, en þar,

sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat þetta fari fram, og skal það annast endurskoðun á matinu.

Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

c. Fjármálaráðuneytið getur látið framkvæma viðbótarmat á jarðeignum á 5 ára fresti vegna jarðabóta, sem unnar hafa verið á tímabilinu. Skal þá leggja til grundvallar jarðabótaskýrslur Búnaðarfélags Íslands.

Jarðabæturnar skulu metnar á sama mælikvarða og gert er í gildandi fasteignamati, en þó tekið tillit til fyrningar á eldri jarðabótum á sama tíma.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna.

8. gr.

16. gr. orðist svo:

Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá Stjórnartíðindi án endurgjalds.

9. gr.

17. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytið getur að fengnum nýjum upplýsingum breytt aukamati innan hálfs árs, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni. Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat, og gefa út svo breytt.

Nd. 1037. Breytingartillaga

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. málsliður 16. gr. orðist svo:

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt ... o. s. frv.

Sþ. 1038. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar rafmagnseftirlits ríkisins um, hvað veitan mundi kosta. Rafmagnseftirlitið hefur skrifað fjárveitinganefnd og telur sig ekki geta með stuttum fyrirvara látið í té kostnaðaráætlun um raforkuveitu þessa og nokkrar aðrar, sem óskað var umsagnar þess um. Hins vegar segir í bréfi rafmagnseftirlitsins, að um flestar þessar rafveitur hafi áður verið gerðar kostnaðaráætlanir, en þar sem ekki gefist nú nægur tími til að endurskoða þær, þá bera að taka þessa umsögn sem ágizkun, en ekki kostnaðaráætlun í venjulegum skilningi.

Um raforkuveitu til Dalvíkur segir orðrétt í bréfi rafmagnseftirlitsins:

„Dalvíkurveita frá Akureyri ásamt þverveitum til Dagverðareyrar, Hjalteyrar og Hríseyjar og veitum til sveitabýla á leiðinni ... Ágizkaður stofnkostnaður um 4 millj. króna."

Allir nefndarmenn nema Þorsteinn Þorsteinsson, sem greiddi ekki atkvæði, mæla með því, að tillagan verði samþykkt, en 4 nefndarmenn, þeir ÞG, LJós, SK og JJós, vilja láta bæta við tillgr.: „Með línu til Hríseyjar", og flytja till. um það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Þóroddur Guðmundsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.
Lúðvík Jósefsson.	Sig. Kristjánsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 1039. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 965 [Áburðarverksmiðjur].

Frá Þorsteini Þorsteinssyni, Páli Hermannssyni og Gísla Jónssyni.

Í stað orðanna „og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp" komi: og leggi síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp.

Nd. 1040. Lög

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 1009.

Ed. 1041. Frumvarp til laga

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt til framleiðenda, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir.

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins.

4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum veruflokkum, ef henta þykir.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

6. gr.
Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febr. 1945.

Sþ. 1042. Breytingartillaga

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur.

Frá Þóroddi Guðmundssyni, Jóhanni Jósefssyni, Lúðvík Jósefssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Aftan við tillgr. bætist: Með línu til Hríseyjar.

Ed. 1043. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.
Á eftir 1. málslið 8. gr. komi nýr málsliður, er hljóði svo:
Sé gjaldþegn félag, samanber II., 1. málslið 6. gr., og skal þá leggja á hann útsvar þar, sem hann á skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur hans eða framkvæmdastjóri kunna að eiga lögheimili, enda eigi gjaldþegn fasteignir á skrásetningarstað og reki þar atvinnu.

Greinargerð.

Árið 1941 keyptu nýir hluthafar Fiskveiðahlutafélagið Hæng, sem átt hafði heima í Reykjavík um 25 ár. Fluttu hinir nýju hluthafar heimilisfang félagsins svo og botnvörpungsins Baldurs, sem þá var eign þess, til Bíldudals. Keypti félagið þar fasteignir, svo sem bryggjur, fiskreiti, fiskmjölsverksmiðju, lýsisbræðslustöð, fisk- og vörugeymsluhús og kolaport. Hafa eignir þessar allar verið starfræktar síðan í sambandi við útgerð félagsins. Fasteignir sínar í Reykjavík, svo sem fiskreiti, hús o. fl., seldi félagið á sama tíma og flutti jafnframt allan rekstur til Bíldudals. Lagði skip félagsins þar upp kol, lýsi og fiskúrgang og tók þar ís og vistir allan tímann, sem veitt var fyrir Vesturlandi, eða um 7 mánuði á ári. Formaður félagsstjórnarinnar, sem jafnframt var framkvæmdastjóri félagsins, var heimilisfastur í Reykjavík ásamt öðrum meðstjórnanda og öðrum endurskoðanda, en hinn meðstjórnandinn og endurskoðandi voru búsettir á Akranesi. Bókhald var að mestu fært í Reykjavík, og greiðslur fóru fram ýmist þar eða á Bíldudal. Ríkisskattar voru allir innheimtir af sýslumanni í Barðastrandarsýslu og framtöl jafnan send til skattayfirvaldanna þar. Útsvar hefur jafnan verið lagt á og greitt að fullu í Suðurfjarðarhreppi og greitt þar, svo og stríðsgróðaskattur, og hafa það verið megintekjur hreppsins frá 1941. Allan tímann hefur niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur einnig lagt fullt útsvar á félagið í Reykjavík, en það jafnan verið fellt að fullu

niður af ríkisskattanefnd þar til árið 1944, að nefndin úrskurðar, að full útsvarsupphæð skuli greidd í Reykjavík með tilliti til dóms hæstaréttar nr. 19/1943, um hliðstætt mál, þar sem félagi er gert skylt að greiða allt útsvar í þeirri sveit, sem yfirstjórn, fyrirsvar, bókhald og sjóðsmeðferð að miklu leyti er, því að telja verði þar heimasetu félagsins, alveg án tillits til fasteigna eða rekstrar á skrásetningarstað. Það er því bert, að brýna nauðsyn ber til þess að breyta svo ákvæðum 8. gr., að eigi verði villzt um það, hvar félag skuli greiða útsvar, og verður þá ekki gengið fram hjá því, að skrásetningarsveit eigi kröfu á öllu útsvari, ef félag rekur þar atvinnu og á þar fasteignir, nema skipting komi til greina samkvæmt öðrum fyrirmælum laganna.

Með því að fjárhagsafkoma Suðurfjarðarhrepps er að fullu undir því komin á þessu ári, að frv. þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi, er þess vænzt, að þingmenn sjái sér fært að fylgja því og flýta því, svo að það nái samþykkt, áður en þingi er slitið.

Ed. 1044. Nefndarálit

um frv. til l. um framboð og kjör forseta Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Stjórnarskrárnefnd hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (BSt) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. febr. 1945.

Kristinn E. Andrésson, form., frsm.	Bjarni Benediktsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.
	Hermann Jónasson.	

Ed. 1045. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp og var lagt fyrir deildina í fyrri hluta októbermánaðar s. l. Forsaga málsins er í stytztu máli þessi:

Alþingi 1943 veitti ríkisstj. heimild til að verja allt að 1 millj. kr. úr ríkissjóði til kaupa á efni í línu frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Árið eftir, 1944, leitaði ríkisstj. álits þingflokkanna á því, hvort ríkið skyldi koma upp veitunni, og tjáðu þeir sig því samþykka, að svo yrði gert. Gerði ríkisstj. síðan ráðstafanir til þess, að verkið yrði hafið undir umsjón rafmagnseftirlits ríkisins.

Með frv. þessu er því leitað staðfestingar Alþingis á fyrirheiti þingflokkanna og þeim framkvæmdum, sem þegar hefur verið ráðizt í.

Á síðastliðnu hausti bárust svo fregnir um, að fáanlegt mundi í Bandaríkjunum efni í Reykjanesveituna alla. Var þá borin fram í sameinuðu Alþingi tillaga til þingsályktunar (þskj. 431, flm. Guðm. Í. Guðmundsson) þess efnis, að ríkisstjórninni skyldi heimilað að kaupa efni til að fullgera Reykjanesrafveituna. Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu þessa til athugunar og leggur einróma til (þskj.

831), að hún verði samþykkt. Jafnframt bendir fjárveitinganefnd á, að rétt sé að breyta frv. um Keflavíkurlínuna til samræmis við tillöguna, þar sem um sé að ræða beint framhald þess verks, sem hafið var með lagningu hennar. Nefndin hefur leitað álits forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins um það, hvað ætla megi, að þessar viðbótarframkvæmdir kosti. Telur hann, að kostnaðarauki við framlengingu aðalorkuveitunnar um Suðurnes muni verða um 1200 þús. kr., eða kostnaðurinn alls um 3 millj. kr.

Með tilvísun til framanritaðs leggur nefndin til (Bernh. Stefánsson var fjarstaddur), að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn.
2. Við 3. gr. Í stað „1800000 kr.“ komi: 3 millj. króna.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes.

Alþingi, 6. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. H. Guðmundsson, frsm. Kristinn E. Andrésson.

Lárus Jóhannesson.

Sþ. 1046. Tillaga til þingsályktunar

um efniskaup í rafveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu eða næsta ári til kaupa á efni í rafveitur frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu og til þeirra sveitabýla, er til greina geta komið að njóta raforku frá veitum þessum.

Sþ. 1047. Fjáraukalög

fyrir árið 1941.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 841.

Ed. 1048. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 1942, um breyt. á l. nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta var flutt af fjárhagsnefnd neðri deildar að beiðni fjármálaráðherra og samþykkt þar án breytinga. Mælir nefndin með því, að það verði samþykkt óbreytt.

BSt var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 6. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. Kristinn E. Andrésson.

H. Guðmundsson.

Sþ. 1049. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 431.

Sþ. 1050. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 1000.

Sþ. 1051. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Neskaupstað.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 1001.

Sþ. 1052. Þingsályktun

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 1003.

Sþ. 1053. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 1002.

Sþ. 1054. Þingsályktun

um rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 707.

Sþ. 1055. Þingsályktun

um símamál.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Alþingi ályktar að fela póst- og símamálastjórninni að gera heildaráætlun um að koma öllum heimilum landsins í talsamband á næstu árum og leggja hana fyrir Alþingi eins fljótt og verða má.

Sþ. 1056. Þingsályktun

um flutning hengibrúar frá Selfossi að Iðu.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 939.

Sþ. 1057. Breytingartillaga

við till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknisins við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Orðið „árlegan“ í tillgr. falli burt.

Nd. 1058. Nefndarálit

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað þetta frumvarp og rætt það. Nefndin hefur ekki orðið sammála. Fjórir nefndarmenn vilja mæla með frumvarpinu óbreyttu, en einn nefndarmanna (JörB) er andvígur því og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Með tilliti til þess, að samkvæmt frumvarpinu getur stjórnin, ef nauðsyn krefur, látið kalla saman Alþingi, hvenær sem er fyrir 1. október n. k., telur meiri hluti nefndarinnar ekki ástæðu til að lögfesta samkomudag Alþingis, fyrr en frumvarpið gerir ráð fyrir, og vill því mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 6. febr. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen.
	Þóroddur Guðmundsson.	

Sþ. 1059. Tillaga til þingsályktunar

um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknisins við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga á Reykjum styrk, sem miðaður væri við hæfileg laun eins manns, sem væri hvort tveggja í senn læknir hælisins og forstöðumaður þess.

Styrkur þessi skal ákveðinn að fengnum tillögum landlæknis.

Ed. 1060. Frumvarp til laga

um vernd barna og unglinga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 799 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr ríkissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

16. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

33. gr. hljóðar svo

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum a. m. k. tvisvar á ári.

37. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35 gr. getur, fer skv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

43. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á seðil, er fylgir hverri mynd, og gildir úrskurðurinn um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

56. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni eða lækni, sbr. 57. gr., færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 50. gr., 3. mgr.

Nd. 1061. Nefndarálit

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Fyrir margra hluta sakir hefði ég gjarnan kosið að geta á það fallizt, að ekki þyrfti að gera ráð fyrir, að Alþingi kæmi saman fyrr en 1. október n. k.

Þinghaldið hefur nú um nokkurt skeið verið óvenjulega langt, og yfirstandandi þing hefur staðið lengur en nokkurt annað þing hér á landi áður. Það hefði því verið mjög svo æskilegt, að nú hefði getað orðið nokkurt hlé á þinghaldi. En þegar þess er gætt, hvernig horfir um ýmis stórmál þjóðarinnar og þó sérstaklega um fjárhags- og atvinnumál hennar, þá sýnist mér, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að Alþingi komi ekki saman fyrr en í haust. Slík ráðstöfun, ef eftir henni yrði farið, gæti haft óviðurkvæmilegar afleiðingar í för með sér. Nær sýnist liggja, að þingið kæmi saman í vor og réði ráðum sínum. Ef vel tækist til um starf þess, ef sæmileg eining réði um lausn hinna meiri háttar vandamála, þyrfti þingið ekki að vera mjög lengi að störfum. En færi svo, að ekkert samkomulag næðist um lausn þeirra og þau fengju enga afgreiðslu í þinginu, mundi ekki verða hjá því komizt að leita álits þjóðarinnar um þau og ganga til kosninga, og gætu þá kosningar farið fram að vorinu. En ef Alþingi kemur ekki saman fyrr en í október, mundi ekki verða séð fyrr en í lok októbermánaðar — eða öllu heldur ekki fyrr en í nóvember —, hverja afgreiðslu stærstu mál þingsins fengju eða hvort þau fengju nokkra afgreiðslu. Ef svo yrði horfið að því ráði að kjósa, gætu þær kosningar ekki farið fram fyrr en í lok nóvembermánaðar eða jafnvel ekki fyrr en í desember, og væri það gersamlega óhæfilegt.

Vera má, að óþarfi sé að óttast, að ekki fáist meiri hluti í þinginu fyrir ákvörðunum um lausn hinna stærstu mála, svo sem dýrtíðarmálsins og fjárhagsmálanna. En vegna þess, hvernig gengið hefur hingað til um afgreiðslu þessara mála, t. d. dýrtíðarmálsins, finnst mér, að ekki sé það óhugsandi, að enn muni það reynast erfitt að fá því til lykta ráðið á þann hátt, sem alþjóð manna væri hagfelldast. Léleg afgreiðsla á því máli er ef til vill engu betri en engin lausn, og mundi leiða til ófarnaðar fyrir þjóðina og það þegar á næsta hausti.

Skal nú með nokkrum orðum vikið að þeim höfuðmálum, er næsta þing hlýtur að láta til sín taka, og ég tel, að þeirra vegna sé ekki hægt hjá því að komast að kalla þingið saman og það helzt í vor.

Eins og kunnugt er, hefur það reynzt erfitt að afla þeirra tekna, sem ríkið þarf til lögboðinna gjalda. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að tekjur ríkisins muni nema um 110 millj. kr. (sjóðsyfirlit). Þessu til viðbótar eru tekjur samkv. þeim skattafrumv., er fram hafa komið, áætlaðar um 24 millj. kr. Þó að þessar tekjur greiðist ríkissjóðnum, vantar mikið á, að þeir fjármunir nægi til óhjákvæmilegra gjalda.

Gjöld ríkisins samkvæmt fjárlögum eru sem næst eins mikil og tekjurnar eru þar ráðgerðar. Ekki mun það varlegt að gera ráð fyrir, að tekjurnar reynist miklu meiri en áætlað er í fjárlögum. Má vera, að nokkur hætta sé á því, að þær reynist heldur minni, en um það skal þó engu spáð.

Fyrirsjáanlegar greiðslur utan fjárlaga nema vafalaust fullum 30 milljónum króna. Tekjur samkv. hinum nýju skattafrumv. er áætlað, að nemi um 24 millj. kr. Ríkið skortir því sjáanlega margra millj. kr. tekjur til þess að geta staðizt óumflýjanleg gjöld. Þessar eru fjárhagshorfur ríkisins, þótt allt gangi vel og ekkert komi fyrir, sem rýri tekjur ríkisins.

Gera má ráð fyrir, að greiðslur vegna dýrtíðarinnar (niðurborgun landbúnaðarvara á innlendum markaði og útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum) muni

nema um eða eitthvað yfir 26 millj. kr. Mikill meiri hl. þeirrar upphæðar fer í niðurgreiðslu neyzluvaranna innan lands.

Vegna setningar nýrra launalaga er talið, að gjöld ríkissjóðs muni aukast um 7—8 millj. kr. Á fjárl. fyrir þetta ár er gert ráð fyrir 4,5 millj. kr. í þessu skyni. Þótt launalögin gangi ekki í gildi fyrr en í aprílbyrjun, vantar um 2 millj. kr., til að þessi upphæð, sem á fjárlögunum er, nægi fyrir þessum greiðslum.

Á fjárlögunum er reiknað með vísitölu 270 stig. Nú er vísitalan orðin 274 stig. Laun hafa hækkað í Gutenberg og Landssmiðjunni. Veldur þetta auknum gjöldum. Það er því fyrirsjáanlegt, að ríkið vantar tekjur, svo að skiptir mörgum milljónum króna, til þess að standast gjöldin á þessu ári.

Nú hefur af stjórnarflokkanna hálfu verið gefið fyrirheit um það, að á næsta þingi skuli hér komið á fullkominni tryggingalöggjöf. Ef staðið verður við þau heit, fer ekki hjá því, að hún kosti, svo að skiptir tugum milljóna króna. Gæti ekki svo farið, að ríkinu væri ætlað að leggja fram eins og einn tug millj. kr. í þessu skyni? Það kæmi þá til viðbótar við þau gjöld, sem fyrir eru. Hvaðan á að taka allt þetta fé? Þess ber að gæta, að mestur hluti gjalda ríkissjóðs er venjuleg rekstrargjöld, sem óhjákvæmilegt er að greiða, á meðan ríkið getur.

Til verklegra framkvæmda er varið hlutfallslega álíka miklu fé og áður, þegar litið er á gildi peninga.

Niðurborgun dýrtíðarinnar og verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur eru þau gjöld, sem geta ekki talizt til venjulegra rekstrargjalda ríkisins. En er hægt að fella þessar greiðslur niður, án þess að eitthvað sé frekar að gert í dýrtíðarmálunum? Það held ég, að engum vitibornum manni komi til hugar.

Samkvæmt því, er ákveðið hefur verið, á að borga úr ríkissjóði áfram til 15. september n. k. niður kjöt, mjólk og mjólkurafurðir, það sem selt er á innlendum markaði, á sama hátt og tíðkazt hefur undanfarið um nokkurt skeið. Eftir 15. september hætta þessar greiðslur, nema annað verði ákveðið af Alþingi. Hætti þessar niðurgreiðslur, verða neytendur þessara vara að borga þær miklu hærra verði en áður. Verði ekki borgaðar neinar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, hlýtur það að koma fram í hækkuðu vöruverði á innlendum markaði. Vitaskuld mundi þetta valda stórfelldri hækkun á dýrtíðarvísitölunni, og af því mundi leiða mikla hækkun á kaupgjaldi í landinu og stóraukna dýrtíð.

Margir álíta, að ýmsar atvinnugreinar landsmanna þoli illa þann mikla kostnað, sem nú er orðinn við rekstur þeirra, þó að hann aukist ekki. Gildir þetta bæði um atvinnurekstur við sjó og í sveit. Aukist þessi kostnaður frá því, sem nú er, getur það ekki leitt til annars en stórfellds samdráttar í atvinnulífi landsmanna og meiri og minni stöðvunar. Er þá í uppsiglingu hrun atvinnulífsins, er leiðir til atvinnuleysis, sem öll þjóðin hefur bölvun af, en enginn gagn.

Þá má og á það benda, að miklar horfur eru á því — því miður —, að verð á fiski lækki í Englandi — og það svo að miklu nemur. Verð á olíu hefur nýlega stórhækkað, og veldur það útgerðinni hinu mesta tjóni. Enginn vegur er að sjá fyrir enn sem komið er, hverjar horfur eru á um síldarútveginn í sumar. En miklu varðar það fyrir afkomu þjóðarbúsins, hvernig um þá atvinnugrein fer.

Fyrirheit hefur verið gefið um það, að veltuskatturinn skuli ekki framlengdur, aðeins gilda fyrir þetta ár. Gert er ráð fyrir, að hann gefi ríkissjóði 10 millj. kr. í tekjur. Illa má þó ríkissjóður við því að tapa þeim, ef ekkert er gert til þess að draga úr gjöldum hans.

Af því, sem nú hefur lítillega verið drepið á, virðist mér það sjáanlegt, að ekki er hægt fyrir Alþingi og ríkisstjórn að skjóta sér undan þeirri skyldu að gera róttækar ráðstafanir til öryggis og viðreisnar fjármála- og atvinnulífi landsmanna. Ætti nú að fara að verða auðsóttara að koma þeim málum fram, þar sem sum stuðningsblöð ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna viðurkenna, að ekki sé hægt að halda lengur áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið í dýrtíðarmálunum hingað

til, og breyta þurfi gersamlega um stefnu í þeim. Og er vel farið, að menn hafa nú loks komið auga á það.

Mér sýnist, að flest bendi ótvírætt til þess, að slíkar ráðstafanir megi ekki dragast lengur en fram á vorið, og er þó ef til vill fullseint að gert. Ég get ekki betur séð en það sé óhjákvæmilegt, að þingið komi saman í vor til ákvörðunar um þessi mál. Mér sýnist, að það þurfi eitthvað alveg óvenjulegt að koma fyrir, ef með nokkru móti verður hægt að fresta því öllu lengur.

Vera má, að einhverjir telji, að þótt samkomudagur þingsins verði ekki lögboðinn fyrr en 1. október í síðasta lagi, þá geti ríkisstjórnin kallað þingið fyrr saman, ef henni lízt það nauðsynlegt. Rétt er það. En þessi samkomudagur Alþingis, sem frv. ákveður, er svo miklu seinna en mér sýnist, að til greina geti komið, að ég tel alls ekki rétt að afgreiða frumvarpið á þann hátt.

Þótt svo kunni nú að vera, sem ég vil engum getum leiða að, að stjórnarflokkarnir séu sammála um, hvernig vinna beri að settu marki, og það sé hið sama hjá þeim öllum í þessum höfuðmálum þjóðarinnar, sem ofurlítið hefur verið drepið á hér að framan, og reyndar miklu fleiri málum, sem bíða úrlausnar stjórnar og Alþingis, þá finnst mér, að ekki sé með öllu útilokað, að nokkur skoðanamunur kunni nú að vera innan stjórnarflokkanna um lausn málanna, ekki sízt með tilliti til þess, hvernig gengið hefur með lausn dýrtíðarmálsins hingað til. Aukin dýrtíð, stórfelldar og tíðar kauphækkanir hafa nú um nokkurt skeið dunið yfir. Væri ekkert um þetta að segja, ef það gæti staðizt. En hver hefur trú á því? Og hvað sem um þetta er, þá er fjarri öllu lagi, að Alþingi komi ekki saman fyrr en 1. október. Mér dettur ekki í hug, að ríkisstjórnin hugsi sér að leysa þessi mál, þótt aðeins væri fyrir nokkurn tíma, án þess að kveðja Alþingi til þess, og fjölyrði ekki um það.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir „1. dag októbermánaðar“ komi: 2. dag maímánaðar.

Alþingi, 6. febrúar 1945.

Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 1062. Þingsályktun

um ríkisábyrgð fyrir rafveitu Stykkishólms.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 843.

Sþ. 1063. Þingsályktun

um efniskaup í rafveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 1046.

Sþ. 1064. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á láni til lendingarbóta á Hellissandi.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 913.

Ed. 1065. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um ítölu, nr. 85 16. des. 1943.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þótt nefndin telji, að frekar litlar umbætur verði á ítölulögunum við breytingar þær, sem frv. þetta gerir á þeim, vill hún ekki bregða fæti fyrir það, þar sem það nú hefur verið samþykkt í neðri deild. Er nefndin því meðmælt, að það nái óbreytt samþykki efri deildar.

Einn nefndarm. (EE) var fjarstaddur.

Alþingi, 7. febr. 1945.

Páll Hermannsson, form. Þorst. Þorsteinsson, frsm. H. Guðmundsson.
Kristinn E. Andrésson.

Sþ. 1066. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar.

Nd. 1067. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá Ed. — Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. febr. 1945.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson. Sig. Kristjánsson.

Nd. 1068. Lög

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 869.

Nd. 1069. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Ólafi Thors.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „í Borgarfirði“ kemur: í Gullbringusýslu, enda samþykki ráðherra val staðarins.

Ed. 1070. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu síldarverksmiðjunnar á Sólbakka.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á þskj. 949 og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson. Magnús Jónsson.

Nd. 1071. Breytingartillaga

við frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

Frá Ingólfi Jónssyni, Pétri Ottesen, Gísla Sveinssyni og Haraldi Jónassyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „1. dag októbermánaðar“ komi: 1. dag septembermánaðar.

Ed. 1072. Frumvarp til laga

um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn.

Rekstur raforkuveitu þessarar getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 3 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 1073. Lög

um lendingarbætur í Grunnavík.

(Afgreidd frá Ed. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 942.

Ed. 1074. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Páli Hermannssyni.

Við 1. gr. Orðin „enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til“ falli burtu.

Sþ. 1075. Breytingartillaga

við till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknisins við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Frá Jóhanni Jósefssyni, Þóroddi Guðmundssyni og Sigurði Þórðarsyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga, allt að 11100 krónum auk verðlagsuppbótar, og gangi styrkur þessi til að launa yfirlækni vinnuheimilisins, enda hafi hann jafnframt framkvæmdastjórn þess á hendi.

Ed. 1076. Breytingartillögur

við frv. til laga um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes.

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við fyrri málsgr. bætist: Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn.
   b. Í stað orðanna „Rekstur raforkuveitu þessarar“ í 2. málsgr. komi: Rekstur á raforkuveitum þessum.
2. Við 2. gr. Í stað „3 millj. króna“ komi: 6 millj. króna.
3. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes og einnig frá Sogsvirkjuninni til kauptúna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar.

Ed. 1077. Nefndarálit

um frv. til laga um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því, að leiðrétta þarf tilvísun í 3. gr. frv., og leggur nefndin því til, að gerð verði á því eftirfarandi

BREYTING.

Við 3. gr. Í stað „1. gr.“ komi: 2. gr.

Bernharð Stefánsson var fjarverandi sökum veikinda, er mál þetta var afgreitt.

Alþingi, 6. febrúar 1945.

Magnús Jónsson, form. Lárus Jóhannesson, frsm. Kristinn E. Andrésson.

H. Guðmundsson.

Sþ. 1078. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu vegna hæstaréttar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta reisa nú í sumar hæfileg starfsherbergi og dómsal fyrir hæstarétt á lóð ríkisins við Lindargötu, áfast Arnarhvoli.

Greinargerð.

Hæstiréttur heldur um þessar mundir aldarfjórðungs starfsafmæli. Hann hefur alla þá stund átt heima á lofti hegningarhússins, í húsakynnum, sem hafa verið óhentug svo sem frekast mátti vera fyrir dómara, málfærslumenn og gesti, er fylgjast vildu með störfum réttarins. Ég vakti eftirtekt Alþingis á þessu tilfinnanlega heimilisleysi hæstaréttar, þegar verið var að byggja háskólann, og taldi, að þar mætti um stundarsakir búa hæstarétti viðunandi starfsskilyrði. Hafði hæstiréttur Bandaríkjanna búið langa stund í þinghúsinu í Washington, þar til dómstóllinn fékk sín eigin húsakynni, og hefði íslenzka þjóðin vel mátt fylgja því fordæmi og ætla hæstarétti húsakynni um stundarsakir í einni af stórbyggingum landsins. Þetta var ekki gert, og var það verr farið. Nú verður ekki lengur hjá því komizt að ráða fram úr húsnæðisþörf hæstaréttar. Er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að reisa nú í sumar hús handa hæstarétti áfast við Arnarhvol. Þar yrði að vísu aðeins um bráðabirgðaheimkynni að ræða, en vel má haga skipulagi þessarar byggingar á þann veg, að það verði hentugt skrifstofuhús, þegar þjóðin hefur efni og ástæður til að eignast dómhöll á heppilegum stað í bænum. Líta ýmsir menn svo á, að alþingishúsið geti á sínum tíma verið álitleg dómhöll, þegar Alþingi eignast sitt heimili, sniðið eftir nútímaþörfum.

Ed. 1079. Lög

um breyting á lögum nr. 49/1942, um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Ed. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 761.

Ed. 1080. Lög

um framboð og kjör forseta Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 858.

Sþ. 1081. Breytingartillaga

við till. til þál. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að hraða svo útgáfu ríkisreikningsins, að hann geti jafnan legið fyrir fullgerður með athugasemdum og svörum fyrir lok næsta árs á eftir.

Breytingartillaga nefndarinnar á þskj. 1025 er jafnframt tekin aftur.

Ed. 1082. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá menntamálaráðherra.

Við 7. gr. Í stað „1. febr." komi: 1. marz.

Sþ. 1083. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsóknir á efni til bygginga og annarra verklegra framkvæmda.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu þessa alllengi til meðferðar. Auk þess sem nefndin ræddi um mál þetta við flm. tillögunnar, þá kvaddi hún á sinn fund Trausta Ólafsson efnafræðing og ræddi ýtarlega við hann um ýmsar hliðar þessa máls. Hefur Trausti ásamt tveimur öðrum efnafræðingum haft á hendi nú um nokkurt skeið athuganir og nokkrar tilraunir, að því er snertir varanleik og einangrunarhæfni ýmissa þeirra byggingarefna, sem nú eru mest notuð hér á landi. Telur hann, að í Atvinnudeild háskólans skorti mjög á, eins og nú er ástatt, hagkvæma aðstöðu til þess að framkvæma slíkar rannsóknir, bæði að því er

snertir húsakost, og eins hitt, að eins og nú stendur, hefur deildin ekki á að skipa nema að litlu leyti mönnum með nauðsynlega þekkingu til þess að sinna þessu verkefni með forstjóra deildarinnar. En hvort tveggja þetta stendur til bóta. Líkindi eru til, að kleift reynist án mikils kostnaðar að bæta úr með húsakostinn til bráðabirgða, og stúdentar, sem eru að ljúka prófi í þessum fræðum, annar í Danmörku, en hinn í Bandaríkjunum, eru væntanlegir heim við fyrsta tækifæri.

Tillaga þessi fjallar um mjög merkilegt mál. Liggja til þess gild og góð rök, að því sé gaumur gefinn. Árlega er varið tugum milljóna króna í húsabyggingar og samgöngubætur, svo sem hafnarbætur, brúarsmíðar og vegagerð. Hér er því mikið í húfi, hvað snertir endingu og varanleik þessara mannvirkja. Og að því er húsagerðina snertir, þá er það stórt fjárhagsatriði, að byggt sé úr traustu og varanlegu efni. Eins og ekki síður er það mjög veigamikill þáttur í byggingarmálum okkar, að byggt sé úr efni, sem gerir húsin hlý. Heilbrigði og vellíðan þjóðarinnar veltur mjög á því, að næg þekking sé ávallt fyrir hendi til þess að velja það efni til bygginga, sem sameinar þá tvo höfuðkosti: varanleik og einangrun fyrir raka og kulda.

Rannsóknum á byggingarefnum, að því er tekur til þeirra sjónarmiða, sem hér hafa verið dregin fram, er mjög áfátt hér á landi. Rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum koma okkur ekki að notum til neinnar hlítar sökum þess, hve loftslag og veðrátta er ólík hér og víðast hvar annars staðar. Við verðum því í þessu efni að byggja á eigin athugunum og tilraunum, sem allar séu miðaðar við staðhætti hér. Að því er snertir framkvæmd á því, sem í tillögunni felst, virðist það áhorfslaust að efla og styrkja þann vísi til rannsókna á þessu sviði, sem komið hefur verið á fót í Atvinnudeild háskólans undir forystu Trausta Óiafssonar. Hefur hann sýnt áhuga á þessum málum og virðingarverða viðleitni til að leita að lausn þessa vandamáls. Sjálfsagt er að greiða götu þess svo fljótt sem kostur er á, að þessar rannsóknir geti orðið raunhæfar, með því að bæta aðstöðuna við atvinnudeildina og gera aðrar þær ráðstafanir, sem kunnáttumenn á þessu sviði telja nauðsynlegar.

Áður á þessu þingi hefur verið samþykkt þingsályktunartillaga, sem einnig var flutt af 6. þm. Reykv., Bjarna Benediktssyni, og fjárveitinganefnd fjallaði um. Snýr sú tillaga að annarri hlið þessa merkilega máls, framkvæmdum í byggingariðnaðinum. Er það ekki að undra, þótt hugir landsmanna beinist mjög að þessum málum, jafnmikið verkefni og enn er óleyst á þessu sviði, og þá ekki síður vegna þess, hver höfuðnauðsyn það er, að þjóðinni megi takast að leysa þetta mál á sem bezt an og hagkvæmastan hátt.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 8. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Þóroddur Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Sigurður Kristjánsson.
Jónas Jónsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 1084. Lög

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 1041.

Nd. 1085. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og l. nr. 66 31. des. 1937.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. JPálm, sem er jafnframt annar flm. frv., vill láta samþykkja það óbreytt. BÁ, BG, SG og JS tjáðu sig andvíga frv., en töldu rétt að senda það til umsagnar milliþinganefndar í mjólkurmálum. Var það gert, og fer hér á eftir álit nefndarinnar.

„Það er vitað, að eftirspurn eftir mjólk og einkum sumum mjólkurvörum er nú meiri víða á landinu en framboð þessarar vöru. Á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er nokkur skortur á mjólk stuttan tíma að haustinu, skortur á rjóma og skyri varir nokkru lengur, en smjörskorturinn er verulega mikill. Eftirspurninni eftir ostum er einatt hægt að fullnægja, án þess að mjólkurframleiðslan þurfi að aukast. Þennan umrædda skort á mjólk, rjóma og skyri þarf að koma í veg fyrir með því að auka að nokkru mjólkurmagn verðjöfnunarsvæðisins, einkum að haustinu. Hugsanlegar leiðir til þess eru:

1. Að stækka verðjöfnunarsvæðið.
2. Að stuðla að aukinni framleiðslu innan takmarka þess.
3. Að gera hvort tveggja, stækka verðjöfnunarsvæðið nokkuð og stuðla jafnframt að aukinni framleiðslu mjólkur að haustinu.

Um smjörskortinn gildir allt annað. Landið er í raun og veru eitt framleiðslusvæði fyrir smjör, þar eð sala smjörs, hvaðan sem er af landinu, er einmitt leyfð hindrunarlaust á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Auk þess ber að hafa það hugfast, að eftirspurnin eftir smjöri er nú svo mikil, að fjölga þyrfti kúm í landinu um mörg hundruð, til þess að hægt yrði að fullnægja henni. Af þessu er auðsætt, að engin stækkun verðjöfnunarsvæðisins getur haft það í för með sér, að fullnægt yrði þörfum þess fyrir smjör.

Stækkun verðjöfnunarsvæðisins vestur um Dali og Húnaþing er aðeins möguleg, ef til er mjólkurbú – nær en í Reykjavík, sem getur veitt þessari mjólk móttöku. Til greina kemur Mjólkursamlag Borgfirðinga eitt. Þetta mjólkursamlag er eign Borgfirðinga, og er því þörf samþykkis þeirra. Stærð samlagsins og möguleikar þess til stækkunar eru, að því er bezt verður séð, svipaðir möguleikunum til aukinnar mjólkurframleiðslu á svæði því, sem nú starfrækir mjólkursamlagið, og má því vafalaust flytja vesturtakmörk þessa svæðis vestur að Snæfellsnesfjallgarði, þar eð eðlileg takmörk þess virðast fremur þar en þar, sem þau eru nú.

Frekari stækkun samlagssvæðis Borgfirðinga mundi sökum fjarlægðar og staðhátta hafa í för með sér rýrnun á vörugæðum yfirleitt. Hún mundi brjóta í bág við það ákvæði mjólkursölusamlaganna, að verðlagssvæðið skuli ná til þeirra mjólkurframleiðenda einna, sem aðstöðu hafa til að koma mjólk sinni daglega á sölustað. Og þetta atriði er meira en aðeins ákvæði mjólkursölulaganna, það er einnig krafa heilbrigðiseftirlitsins í bæjunum. Skilyrði til stækkunar verðjöfnunarsvæðisins væru fyrir hendi, ef til væri mjólkursamlag vestur í Dölum eða Húnavatnssýslu.

Hins vegar væri rétt að stækka nú þegar samlagssvæði Mjólkursamlags Skagfirðinga vestur um Húnavatnssýslu, eins langt og heppilegt yrði talið við nána athugun á skilyrðunum til slíkrar stækkunar. Þetta mjólkursamlag getur tekið til vinnslu allmikið af mjólk til viðbótar við það, sem fyrir er.

Að öllu þessu athuguðu leggur nefndin til:

1. Að vesturtakmörk verðjöfnunarsvæðisins verði flutt vestur að Snæfellsnesfjallgarði.
2. Að samlagssvæði Mjólkursamlags Skagfirðinga verði nú þegar stækkað vestur um Húnavatnssýslu, svo sem henta þykir, og að síðar verði komið á stofn eins fljótt og hægt er mjólkurbúi á Hvammstanga eða öðrum heppilegri stað í Húnavatnssýslu.

   Jafnframt verði unnið að því, að sett verði upp nú þegar eða eins fljótt og frekast er hægt rjómabú bæði í Dalasýslu og í Húnavatnssýslu, — þar til mjólkurbúi verður komið upp þar, — í því skyni að auka smjörframleiðsluna og þar með bæta að nokkru úr hinum tilfinnanlega skorti á smjöri.
3. Að stuðlað sé að aukinni framleiðslu mjólkur að haustinu með því að greiða fyrir mjólk, sem þá er framleidd, hærra verð en hingað til hefur verið gert og taka til notkunar ónotaða möguleika til mjólkurframleiðslu í nærsveitum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, getur nefndin ekki að svo stöddu mælt með frekari eða öðrum breytingum á verðjöfnunarsvæðunum.

Þessar tillögur voru samþ. með öllum atkvæðum á fundi milliþinganefndar í mjólkurmálum þ. 13. des. 1944.

Virðingarfyllst.

F. h. nefndarinnar.

Sigurður E. Hlíðar,
formaður.

Til landbúnaðarnefndar Nd. Alþingis.“

Við undirritaðir erum í aðalatriðum sammála tillögum milliþinganefndarinnar, en teljum ekki þörf á að gera þær breytingar á verðjöfnunarsvæðunum, sem hún leggur til með sérstökum lögum, þar sem mjólkurverðlagsnefnd hefur það í hendi sér, og má telja víst, að hún taki tillögurnar til greina.

Við teljum óeðlilegt, að verðjöfnunarsvæðin séu teygð lengra en svo, að unnt sé að tryggja nauðsynlegt hreinlæti og tilskylda meðferð mjólkurinnar á svæðunum, en það teljum við ekki, að gert verði, nema fullkomin mjólkurbú séu þar starfandi í ekki meiri fjarlægð en svo, að mjólkurframleiðendur á svæðunum geti komið mjólkinni þangað að staðaldri. Þetta skilyrði er ekki fyrir hendi hér. Hins vegar teljum við sjálfsagt að endurskoða mjólkurverðlagssvæðin og breyta þeim, jafnóðum og þessi skilyrði breytast, t. d. með stofnun nýrra mjólkurbúa eða betri og öruggari samgöngum.

Við leggjum því til, að frv. verði felld. SG óskar ekki að undirrita nefndarálit þetta, og HJ, sem var ekki kominn til þings, er málið var til meðferðar í nefndinni, vildi ekki taka þátt í meðferð þess innan nefndarinnar.

Alþingi, 2. febr. 1945.

Bjarni Ásgeirsson, form. Barði Guðmundsson.

Ed. 1086. Nefndarálit

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og telur sjálfsagt að mæla með samþykkt þess.
Tveir nefndarmenn (BSt og LJóh) tóku vegna veikinda ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. febr. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 1087. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

4. gr.

Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **1088. Lög**

um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

(Afgreidd frá Nd. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 995.

Ed. **1089. Lög**

um sölu síldarverksmiðjunnar á Sólbakka.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 949.

Ed. **1090. Lög**

um breyting á lögum um ítölu, nr. 85 16. des. 1943.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 877.

Ed. **1091. Lög**

um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 1014.

Ed. **1092. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir eftir atvikum með samþykkt þess.

Tveir nefndarmenn (BSt og LJóh) tóku vegna veikinda ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. febr. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 1093. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta lagði fyrrverandi ríkisstjórn fyrir neðri deild til staðfestingar bráðabirgðalögum útgefnum 26. apríl 1944, og samþykkti deildin frv. efnislega óbreytt.
Nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 10. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. Kristinn E. Andrésson.
H. Guðmundsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 1094. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 21. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá fjárhagsnefnd.

Ríkisstjórnin lagði frv. þetta fyrir neðri deild í desembermánuði 1943. Aðalefni frv. er, að hækkuð skuli lántökuheimild sú, sem veitt var með lögunum 1942, úr 10 millj. kr. upp í 20 millj. kr. í því skyni að flýta fyrir nauðsynlegri auknigu síldarverksmiðjanna. Gert er ráð fyrir, að fyrst verði reist ný 10 þúsund mála verksmiðja á Siglufirði og 5 þús. mála verksmiðja í Höfðakaupstað, og verði a. m. k. hin fyrri fullgerð fyrir síldarvertíð 1946 og hin síðartalda um sama leyti eða svo fljótt sem hafnarskilyrði þar leyfa.
Nefndin fellst á efni frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. H. Guðmundsson, frsm. Lárus Jóhannesson.
Kristinn E. Andrésson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 1095. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er borið fram í neðri deild og var samþykkt þar nokkuð breytt.
Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. Kristinn E. Andrésson.
H. Guðmundsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 1096. Nefndarálit

um frv. til l. um skipakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er borið fram af fjárhagsnefnd neðri deildar að beiðni atvinnumálaráðherra vegna samnings, sem ríkisstjórnin hefur, í samráði við þingflokkana, gert um kaup á 45 vélbátum í Svíþjóð.

Samkv. samningi þessum er ríkisstjórnin kaupandi allra bátanna í einu lagi, og er því nauðsynlegt, að hún hafi heimild til nægilegrar lántöku, þar til bátunum verði ráðstafað til hinna einstöku kaupenda, og eru lántökuheimildir frv. miðaðar við það.

Kaupverð sænsku bátanna er um 18 millj. ísl. krónur. En eitthvað mun sú upphæð hækka vegna síðari breytinga. Kaupendur hafa þegar greitt nokkuð yfir 3. millj. króna eða 75 þús. kr. upp í hvern 80 lesta bát og 60 þús. kr. upp í hvern 50 lesta bát. Má því ætla, að lántökuheimildin samkv. 1. málsgr. 2. gr. nægi til þessara kaupa.

Með fjárlögum fyrir 1944, XX. lið 22. gr., var ríkisstjórninni heimilað að verja 5 millj. króna úr framkvæmdasjóði til stuðnings mönnum til fiskiskipakaupa. Gert er ráð fyrir, að kaupendur að sænsku bátunum verði styrktir á þann hátt, að veitt verði 100 þús. kr. vaxtalaust lán út á hvern bát.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilað í fjárlögum fyrir 1945, XXIV. lið 22. gr., að verja 5 millj. króna úr framkvæmdasjóði til að styrkja menn til kaupa á fiskiskipum og taka nokkurn hluta upphæðarinnar að láni, ef handbært fé sjóðsins hrekkur ekki til. Enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um ráðstöfun þessa fjár. En þar sem þegar hefur verið ráðstafað úr sjóðnum 3 millj. króna til vélakaupa og þess háttar vegna landbúnaðarins samkv. lögum frá þessu þingi og því er ljóst, að um 2 millj. kr. skortir á, að sjóðurinn hafi umræddar 5 millj. kr. handbærar, þykir rétt að ákveða í lögum þessum upphæð lántökuheimildar þeirrar, sem felst í XXIV. lið 22. gr. fjárlaganna.

Nefndin hefur rætt við atvinnumálaráðherra um frv. og fengið hjá honum ýmsar upplýsingar. Mælir nefndin einróma með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. H. Guðmundsson, frsm. Lárus Jóhannesson.
Kristinn. E. Andrésson. Bernh. Stefánsson.

Sþ. 1097. Tillaga til þingsályktunar

um raforkumál.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi til samþykktar frumvarp það um raforkumál landsins, sem meiri hluti hinnar þingkjörnu raforkumálanefndar frá 1942 hefur nýverðið skilað til ríkisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Sumarið 1942 hófum við Jón Árnason, framkvæmdastjóri í Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, umræður varðandi allsherjar raforkumál hér á landi. Var þar lagt

til, að málið yrði rannsakað og framkvæmdir gerðar á nýjum grundvelli. Ríkisvaldið skyldi reisa orkuver þar, sem bezt hentaði hér á landi, og leiða orkuna þaðan heim að hverju byggðu bóli í sveitum og þéttbýli í svo ríkulegum mæli, að unnt yrði að hafa nægilegt rafmagn til ljósa, suðu, hitunar og iðnþarfa á hverju heimili. Ríkið seldi raforkuna hvarvetna á landinu með lægsta framleiðsluverði einstakra stórstöðva, t. d. sama verði og Reykvíkingar greiddu fyrir orkuna frá Soginu. Sumarið 1942, einkum milli kosninganna, var mikið rætt um þessar tillögur á Alþingi, í blöðum og manna á milli. Ég bar þá með nokkrum öðrum þingmönnum fram tillögu í sameinuðu þingi, þar sem lagt var til, að skipuð yrði fimm manna nefnd í raforkumálið. Hlutverk hennar var tvíþætt. Hún átti að rannsaka, hversu bezt mætti fyrir koma allsherjar raforkukerfi, sem næði til allra landsmanna, þar sem ríkið seldi orkuna hverju heimili með lægsta framleiðsluverði. Jafnframt skyldi nefndin undirbúa frumvarp til að ná verulegum hluta stríðsgróðans til að standast þessar miklu framkvæmdir. Tillagan var samþykkt eftir allharðar umræður. Kom þá þegar í ljós, að þingmenn, er áttu fylgi sitt aðallega í þéttbýlinu, þar sem rafmagn var fengið með góðum kjörum fyrir neytendur, létu sér hægt um jafnréttið í þessum málum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá Alþýðuflokknum, Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum. Síðar bættist í hópinn fulltrúi frá Sósialistaflokknum. Nefndin vann lengi að málinu og skilaði um áramótin síðustu frumvarpi um allsherjar rafveitur á Íslandi, byggt á þeim grundvelli, sem lagður var í sókn málsins 1942. Ríkisstjórnin mun ekki hafa talið sér fært að leggja frv. fram undir þinglok, og það því fremur, sem vitað var, að verulegur skoðanamunur var um málið innan stjórnarflokkanna. Fulltrúi Sósialistaflokksins skilaði ekki áliti og dró ekki dul á, að hann væri andvígur stefnu þingsályktunarinnar frá 1942, sem meiri hl. byggði starf sitt á, eins og ákveðið var af Alþingi, þegar nefndin var skipuð. Þegar sýnt var, að ríkisstjórnin mundi ekki leggja málið fyrir Alþingi í þetta sinn, þótti nefndarmönnum rétt að koma frv. á framfæri. Báru þeir það fram í neðri deild, en það komst ekki lengra en til nefndar að þessu sinni. Það var mjög heppilegt, að nefndin bar málið fram, því að nú geta landsmenn kynnt sér rannsóknirnar og niðurstöður nefndarinnar í skjalaparti þingtíðindanna. Hins vegar kemur ekki í ljós, hver er aðstaða ríkisstj. og stuðningsliðs hennar til málsins. Mér hefur þess vegna þótt það miða til nokkurrar fyrirgreiðslu við málið að bera fram í sameinuðu Alþingi áskorun um að leggja tillögur nefndarinnar fram til samþykkis á næsta Alþingi. Geta stuðningsmenn málsins úr öllum flokkum vottað hugmyndinni um allsherjar rafveitukerfi þjóðarinnar fylgi sitt við meðferð málsins í sameinuðu þingi.

Hugmyndin um allsherjar rafveitu á Íslandi var fyrst borin fram á Alþingi 1929 af Jóni Þorlákssyni, stofnanda og höfuðleiðtoga Sjálfstæðisflokksins. Var í frv. hans gert ráð fyrir, að raforkuveitan næði til allra sveitabyggða á landinu, en ekki var í það sinn gert ráð fyrir, að kerfið næði til kauptúna og kaupstaða. Eftir lauslegum athugunum Steingríms Jónssonar rafmagnsfræðings var talið, að þessar framkvæmdir vegna dreifbýlisins mundu kosta rúmlega 70 milljónir króna. Var þó tæplega gert ráð fyrir, að rafmagnið á sveitabýlunum mundi nægja til herbergjahitunar nema að litlu leyti. Ekki varð úr framkvæmdum að sinni. Rafmagnsnotkun var þá lítil í landinu. Búið var að rafhita 30—40 sveitabæi fyrir forgöngu Bjarna Runólfssonar. Kaupstaðir og kauptún höfðu ófullkomnar rafveitur. Stærstu orkuverin voru við Elliðaár fyrir Reykjavík og við Glerá fyrir Akureyri. Menn voru farnir að tala um að virkja Sogið, en leiðtogar höfuðstaðarins höfðu þó ekki árætt að leggja út í það stórræði. Kom þó þar nokkrum árum síðar, að Sogið var virkjað fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, en mörg ár liðu, áður en nærliggjandi sveitir og kauptún urðu á nokkurn hátt aðnjótandi ljóss og hita frá Soginu. Árið 1929 var ekki nægileg undirstaða til að hrinda áfram stórfelldum aðgerðum í þessu máli. Þjóðina skorti tækni, fjármagn og nægilegan áhuga. Meðan stærstu kaupstaðirnir höfðu ekki séð sér fært að beizla vatnsföll landsins nema til að fá lítils háttar orku til ljósa og nokkuð til suðu, var þess ekki að vænta, að framkvæmanlegt þætti að ráðast í allsherjar raf-

veitukerfi fyrir byggðirnar. Eftir þetta má kalla, að lítið væri um málið rætt fyrr en sumarið 1942. Þá hafði verið hafizt handa um tvær stórvirkjanir: Sogið og Laxárfossa. Þá hafði þjóðinni áskotnazt óvenjulega mikið fjármagn, svo að nú var rutt úr vegi erfiðustu hindrununum, sem hlutu að verða á vegi málsins 1929.

Engu að síður verður því ekki neitað, að tveir stærstu landsmálaflokkarnir hafa með nokkurra ára millibili sýnt áhuga fyrir lausn málsins. Er þess vegna tímabært að athuga, hvað lagt hefur verið til af hálfu sjálfstæðis- og framsóknarmanna í þessu efni.

Jón Þorláksson gerði ráð fyrir, að sveitarfélög, sýslufélög eða félög einstakra manna reistu orkuverin og seldu orkuna. Síðan legði ríkið fram erlent efni í allar leiðslur, en þeir, sem rafmagnsins áttu að njóta, kostuðu flutning á aðfengnu efni þangað, sem leiðslurnar átti að leggja. Ef til vill hefur Jón Þorláksson ætlazt til, að notendur legðu fram alla algenga vinnu við lagning raftauganna, en ekki kom það glöggt fram af greinargerð hans.

Við umræður í efri deild um þetta mál 1929 leiddi ég rök að þeirri veilu í hugmyndinni, að flutningsmaður benti ekki á fjáröflunarmöguleika, til þess að ríkið gæti staðizt útgjöld þau, sem hér voru ráðgerð. Skömmu síðar skall kreppan á og stóð lengi — eða þar til síðari heimsstyrjöldin hófst. Má segja, að alla stund frá 1930 fram til 1940 væri ríkissjóði um megn að bera nokkrar verulegar byrðar af þessu tagi.

Rannsóknir og reynsla síðari ára hafa leitt í ljós, að ekki er unnt að skapa allsherjar rafveitu allra landsmanna með því að ætla einstökum hreppum, sýslufélögum eða félögum einstakra manna að byggja orkustöðvar til almenningsnota. Jafnvel Reykjavík og Akureyri hafa orðið að sækja meginið af rafveitulánum sínum til útlanda og styðjast við ríkisábyrgð. Það er þess vegna óumdeilanleg staðreynd, að stór orkuver hér á landi verða ekki byggð nema af ríkinu eða með ábyrgð þess.

Veigamesti þátturinn í tillögum Jóns Þorlákssonar var um byggingu raftaugakerfisins. Hann gerði, eins og fyrr er frá sagt, ráð fyrir, að ríkið legði til útlenda efnið, en notendur flyttu það frá næstu höfn þangað, sem átti að reisa leiðslurnar. Ég hygg, að ókeypis vinnuframlög notenda við flutning á efni og við að byggja raflagnirnar um byggð og bæ séu um það bil einu stofnframlög, sem hægt er að leggja á fólk í kauptúnum og sveitum til allsherjar raforkuveitu um landið. Kjarninn í tillögum okkar Jóns Árnasonar 1942, sem raforkunefndin byggir á, er, að ríkið leggi fé í aflstöðvar og raforkuleiðslur um land allt og ætlist ekki til meiri endurgreiðslu en svarar því, að rafmagn á hverju sveitabýli, hverju kauptúni og kaupstað verði selt með framleiðsluverði Sogsstöðvarinnar fyrir Reykjavík, því að þar eru skilyrðin bezt. En eins og alþjóð manna þurfti að ganga í ábyrgð fyrir stofnlánum til rafveitu (og hitaveitu) Reykjavíkur, þannig ber öllu þjóðfélaginu að standa að því að láta öll heimili á landinu verða aðnjótandi gæða raforkunnar og með sömu kjörum.

Þeirri undarlegu firru hefur verið haldið fram af talsmönnum reynsluminnsta stjórnmálaflokksins í landinu, að réttast sé að flytja fólk allt úr dreifbýli sveitanna og kauptúnum á vissa, tiltekna staði til að spara á þann hátt vegagerðir og raflagnir um landið. Nú er á 60 árum búið að gera grettistak með sameiginlegu átaki borgaranna til að koma akfærum vegum um landið. Þar hefur verið fylgt þeirri reglu að láta vegina koma til heimilanna og atvinnuskilyrðanna, í stað þess að láta heimilin elta vegina. Söm mun verða raunin á um raforkukerfið. Sá stjórnarfl., sem nú ber höfuðábyrgð á ríkisstjórninni, er brjóstbarn Jóns Þorlákssonar, þess manns, sem fyrstur kvað upp úr um allsherjar rafveitukerfi á Íslandi. Á þeim tíma hafði þjóðin ekki fjárhagsundirstöðu til að leysa málið. Fyrir rás óvæntra viðburða hefur íslenzka þjóðin nú ágæta aðstöðu í þessu efni, sennilega betri en nokkurn tíma fyrr eða síðar. Má því vænta, að núverandi landsstjórn verði fús að taka að sér hið vel undirbúna frumvarp raforkumálanefndarinnar og bera það fram til sigurs á næsta þingi.

Sþ. 1098. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur.

(Afgreidd frá Sþ. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 1066.

Sþ. 1099. Nefndarálit

um till. til þál. um stuðning til templara í Reykjavík í sambandi við fundahúsbyggingu þeirra.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað þetta mál og rætt það við Kristin Stefánsson stórtemplar. Hafði hann rætt málið við stjórnendur reglunnar, og taldi hann, að forráðamenn reglunnar væru mjög hlynntir efni tillögunnar.

Nefndin varð þó ekki á eitt sátt um málið. Leggur meiri hlutinn til, að tillagan verði samþykkt með því orðalagi sem hér segir.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita góðtemplararreglunni í Reykjavík alla nauðsynlega aðstoð og fyrirgreiðslu við að undirbúa og gera um það tillögur, hvernig leysa megi húsnæðismál reglunnar í Reykjavík á sem beztan og hagkvæmastan hátt. Skal í því sambandi leggja sérstaka áherzlu á, að væntanlegri byggingu verði valinn heppilegur staður og stærð hússins, gerð þess og tilhögun öll við það miðuð, að miðstöð góðtemplararreglunnar á Íslandi er í Reykjavík. Skal stjórnin leita samstarfs við bæjarstjórn Reykjavíkur um undirbúning þann og fyrirgreiðslu til handa reglunni, sem fyrr greinir.

Alþingi, 12. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 1100. Frumvarp til laga

um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes og einnig frá Sogsvirkjuninni til kauptúna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkj-

uninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn.

Rekstur á raforkuveitum þessum getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 6 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 1101. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft þetta mál lengi til meðferðar og rætt það á nokkrum fundum. Forstjóri Rafmagnseftirlits ríkisins hefur mætt á fundi hjá nefndinni, rætt málið við hana og enn fremur sent nefndinni umsögn um það með bréfi, dags. 8. þ. m., og er bréfið prentað hér með sem fylgiskjal. Þá hefur nefndin fengið samgöngumálaráðherra á fund sinn og rætt málið við hann, og er það hans tillaga, sem flutt er á þessu þingskjali.

Tveir nefndarmanna, þeir Þorsteinn Þorsteinsson og Helgi Jónasson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt, en nefndin þríklofnaði um málið, og munu koma fram þrjú minnihlutaálit.

Minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað, að upphæð 5 millj. króna, til að ljúka við virkjun Fljótaár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Fyrir liggi það álit frá Rafmagnseftirliti ríkisins, að það telji, að rafveitan geti staðið undir lánum þeim, er ríkissjóður ábyrgist. Lánið sé til 25 ára og með eigi hærri en 4% ársvöxtum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

Alþingi, 12. febr. 1945.

Þóroddur Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Fylgiskjal.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 8. febr. 1945.

Með bréfi, dags. 8. f. m., óskaði fjárveitinganefnd Alþingis umsagnar minnar um tillögu um viðbótarábyrgð fyrir láni vegna virkjunar Fljótaár (þskj. 662).

Er einkum óskað í fyrsta lagi álits míns um það, hvort takast muni að ljúka verkinu fyrir þá viðbótarupphæð, sem hér um ræðir, og í öðru lagi, hvaða verð muni

þurfa að vera á rafmagninu á Siglufirði miðað við aðstæður þar nú og það, að rekstrurinn standi með eðlilegum hætti straum af kostnaði við virkjunina.

Eftir móttöku bréfs nefndarinnar tjáði ég formanni hennar í viðtali, að ég teldi ýmis tormerki á að svara fyrirspurnum nefndarinnar, nema kynna mér málin betur en ég hafði átt kost á og betur en ég taldi, að tími gæti unnizt til, eftir að svo var liðið á þetta þing. Í dag sat ég fund nefndarinnar, þar sem þetta mál var tekið fyrir, og skal ég hér með samkvæmt beiðni formanns hennar staðfesta í aðalatriðum þá munnlegu umsögn, sem ég þar kom fram með.

Samkv. fylgiskjali IV með þingsályktunartillögunni er enn ólokið þessum hluta verksins:

Að gera orkuverið tilbúið til starfrækslu með stíflu í hæð 43.00, áætl.	kr.	764000
Ýmislegt — breyting á símalögn	—	10000
Hækkun á stíflu úr 43.00 í 49.00	—	904000
Samtals	kr.	1678000

Auk þess eru í fylgiskjali II. að því er virðist, áætluð jarðspjöll og ófyrirsjáanleg útgjöld	kr.	180000
Loks er áætlað, að viðbót einnar 2350 ha vélar muni kosta	—	1000000
Áætluð útgjöld fram yfir það, sem þegar er vitað, eru því alls	kr.	2858000

Eins og ég hef þegar tekið fram, treystist ég ekki til að gagnrýna þessar áætlunartölur nema með nákvæmari rannsókn en ég hef talið mig eiga kost á að gera. Í því sambandi vil ég þó aðeins benda á tvö atriði, hið fyrra það, að með því að lokið er að steypa neðri hluta stíflu, þá ætti ekki að þurfa að óttast óvæntan kostnað af stíflu vegna óhagstæðra jarðvegshátta, enda þótt að vísu hafi enn ekki verið hleypt vatni á stífluna til reynslu. Hið síðara það, að nokkrar líkur kann að mega telja til þess, að viðbótarvélasamstæðu megi fá ódýrari, t. d. í Svíþjóð eða Englandi, þegar viðskipti opnast við þau lönd, heldur en nú í Ameríku.

Í fylgiskjali III gerir Steingrímur Jónsson áætlun um árleg gjöld rafveitunnar og telur þau munu nema 9% af stofnkostnaði, og er nú yfirleitt talið, að áætla megi árleg útgjöld rafveitufyrirtækja af þessu tagi, sem komið er upp á þessum tímum, 9—10% af stofnkostnaði. Hafi stofnkostnaður mannvirkjanna orðið sérstaklega hár af ástæðum, sem ekki þarf að telja, að hafi áhrif á viðhald þeirra og gæzlu, er réttmætt að nota fremur lægri hlutfallstöluna en þá hærri.

Orkuvinnsla 1600 kw. vélasamstæðu er ekki óvarlega áætluð 7 millj. kwst. Hitt er erfiðara að segja um, hvort takast má, einkum fyrst um sinn, að ná markaði fyrir alla orkuvinnsluna með því verði á orkunni, sem þarf til að ná fullum rekstrarjöfnuði.

Um verð það á rafmagni, sem Steingrímur Jónsson notar í áætlun sinni í fylgiskjali III, má gera þennan samanburð við rafmagnsverð í Reykjavík samkv. núgildandi gjaldskrá:

	Gjaldskrá Rafm.v. Rvíkur	Gjaldskrá Siglufjarðar
Til ljósa	75 aura/kwst.	120 aura/kwst.
— eldunar	20 — —	30 — —
— véla	40 — —	70 — —
— hitunar	5 — —	7 — —

Nú má telja víst, að verð á rafmagni hér í Reykjavík sé tiltölulega lágt í þeim skilningi, að hækkun rafmagnsverðs mundi auka tekjur rafveitunnar. Hins vegar er vitanlegt, að því eru takmörk sett, hversu auka má tekjur rafveitu á þann hátt. Með hækkandi rafmagnsverði dregur úr rafmagnskaupum og kemur að því, að tekjur rafveitunnar taka aftur að minnka. En jafnan er erfitt að segja um það á hverjum tíma, hvaða verð á rafmagni mundi gefa rafveitunni mestar tekjur.

Til viðbótar við það, sem hér hefur verið sagt, lét ég á fundi nefndarinnar í ljós það álit mitt, að ekki væri um neitt annað að ræða en ljúka við að koma mannvirkjunum upp og taka rafveituna í notkun svo fljótt sem kostur er, enda líklegt, að það geti orðið innan eins til tveggja mánaða, — setja rafveitunni hina heppilegustu gjaldskrá, er talin væri, en gjaldskrá á að staðfestast af stjórnarráði, og fá reynslu af rekstrinum. Þörf íbúa Siglufjarðarkaupstaðar og þeirra atvinnufyrirtækja, sem þar eru, á mjög aukinni raforku er ekki dregin í efa.

Þá minntist ég á það, að líkur bentu til, að Skeiðsfossvirkjunin mundi í framtíðinni geta orðið allþýðingarmikil í samvinnu við önnur orkuver á Norðurlandi, enda hefur verið tekið tillit til þess um tilhögun mannvirkjanna.

Loks gat ég þess, að ég teldi ástæðu til þess, að Alþingi eða ríkisstjórnin hlutaðist til um það, að fram kæmu ýtarlegar og fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna kostnaður af verki því, er hér um ræðir, fer svo mjög fram úr því, er áætlað hafði verið, en þó einkum þeirri hækkun, sem varð á áætlun frá nóv. 1943 til nóv. 1944, en svo sem fylgiskjölin með þingsályktunartillögunni bera með sér og raunar er beinlínis tekið fram í þeim, skýra þau þetta ekki til hlítar.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Ed. 1102. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
   a. (3. gr.) Í lok hvers mánaðar skal nefndin senda tollstjóra nákvæma skýrslu yfir allt efni, sem selt er, hvort heldur það hefur verið selt sem fasteign eða lausafé. Skal tollstjóri reikna af því tolla á sama hátt og öðrum innfluttum vörum og innkalla þá hjá nefndinni, eins og hún væri innflytjandi vörunnar.
   b. (4. gr.) Sala og endursala á efni því, sem lög þessi kveða á um, skal háð verðlagseftirliti á sama hátt og aðrar vörur. Ber að taka tillit til þess, að efnið er gamalt og notað, þegar verðið er ákveðið.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Úrskurðum nefndarinnar má þó skjóta til aðgerða dómstólanna.
3. Við 5. gr. Á eftir meginmálsgreininni komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Áður en 2 ár eru liðin frá gildistöku þessara laga, skulu allar þær fasteignir, sem hér um ræðir, hafa verið rifnar niður og allt jarðrask jafnað og grætt. Gildir þetta jafnt um þann hluta eignanna, sem ríkið kynni enn að eiga, sem hinn, er seldur hefur verið, og eins þótt eignir hafi verið fluttar til og reistar upp aftur í sama stíl. Undanþegin þessu ákvæði eru þó stór vörugeymsluhús eða önnur stórhýsi, enda hafi skipulagsstjóri ríkisins og byggingarnefndir hlutaðeigandi bæjarfélaga fallizt á, að byggingin mætti standa þar sem framtíðarbygging.

Ed. 1103. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1945.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. Lárus Jóhannesson, frsm.
H. Guðmundsson. Kristinn Andrésson.

Sþ. 1104. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 1032 (Alþingistíðindin).

Frá allsherjarnefnd.

Rökst. dagskrána skal orða svo:

Í því trausti, að forráðamenn Alþingis geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess,
a) að ræður þingmanna verði framvegis skráðar svo nákvæmlega sem auðið er og þeim síðan skilað svo fljótt sem verða má í tveimur eintökum, öðru handa ræðumanni til athugunar, en hinu til skrifstofu Alþingis,
b) að hraða svo sem unnt er útgáfu ræðuparts Alþingistíðinda, enda verði jafnframt rannsakaðir möguleikar á því, að ræðurnar verði prentaðar og gefnar út í heftum eigi síðar en hálfum mánuði eftir að þær hafa verið fluttar á Alþingi,

tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 1105. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta rækilega og m. a. rætt efni þess við flm., þm. Barðstrendinga, Gísla Jónsson. Nefndin viðurkennir, að lagafyrirmæli um útsvarsskyldu og skiptingu útsvara sé hvorki svo glögg né einföld sem hagkvæmt væri. Hins vegar telur nefndin ekki fært að mæla með samþykkt frv., þar sem það takmarkar um of vald dómstólanna til ákvörðunar raunverulegs heimilisfangs í einstöku tilfelli, án þess að nokkur heildarendurskoðun þessara ákvæða hafi átt sér stað. Virðist nefndinni og ótvírætt, að ákvæði a-liðar 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna eigi við um félag það, er í greinargerð frv. getur, en þar segir, að leggja megi á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum, ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans. Enda þótt félag þetta yrði af dómstólum talið eiga heimasetur utan skrásetningarstaðar, þá hlyti starfsemi þess á skrásetningarstað a. m. k. að verða jafnað til útibús samkv. því, sem starfseminni er lýst í grg., og má þá tvímælalaust leggja á félagið þar fyrir þá starfsemi. Það verður þess vegna ekki fallizt á, að hreppur sá, sem hér um ræðir, eigi á hættu að missa nú af réttmætum tekjum og af þeirri ástæðu verði að samþykkja

frv. af skyndingu. Hins vegar telur nefndin, eins og þegar er sagt, að þörf sé á, að gagngerð endurskoðun eigi sér stað á ákvæðunum um útsvarsskyldu og skiptingu útsvara, og leggur hún þess vegna til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin væntir þess, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing endurskoða lagafyrirmælin um útsvarsskyldu og skiptingu útsvara og leggi frv. um það fyrir Alþingi, telur deildin ekki rétt að afgreiða nú frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. febr. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.

Bernh. Stefánsson, með fyrirvara. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 1106. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1945 og 1946, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eins og kunnugt er, hefur h/f Eimskipafélag Íslands með vissum skilyrðum undanfarið notið undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts og frá greiðslu hærra útsvars en 5% af nettó ágóða, þar sem það hefur aðalaðsetur sitt.

Undanfarið hefur félagið bætt hag sinn, en þrátt fyrir það virðist ekki ástæða til að fella niður hlunnindi þau, er félagið hefur notið. Rétt þykir þó, að ákveðið sé í lögunum, að tekjuafgangi sé varið eingöngu til samgöngubóta.

Ed. 1107. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1941.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1941, og leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 13. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.

Kristinn E. Andrésson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 1108. Nefndarálit

um frv. til l. um veltuskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. fjárhagsnefndar, sem flutti frumvarp þetta að tilmælum fjármálaráðherra, mælir með, að það nái fram að ganga. Tveir nefndarmenn (HG og KA) bera þó fram breytingartillögur við það og áskilja sér rétt til þess að láta fylgi sitt við frv. fara eftir því, hverja afgreiðslu þær hljóta.

Alþingi, 14. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson. H. Guðmundsson.

Kristinn E. Andrésson.

Ed. 1109. Nefndarálit

um frv. til l. um veltuskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég get ekki verið meðnefndarmönnum mínum sammála um það að mæla með þessu frv. Mér er að vísu ljóst, að eins og nú er komið, þarf ríkissjóður á auknum tekjum að halda, ef komast á hjá stórfelldum tekjuhalla á árinu, enda hef ég ekki mælt í gegn hinum öðrum skattafrumvörpum, sem ríkisstjórnin hefur nú borið fram. En hvað snertir skatt þann, er þetta frv. ráðgerir, þá tel ég hann þess eðlis, að óforsvaranlegt sé að leggja hann á þjóðina.

Samkvæmt frv. eiga verzlunarfyrirtæki og iðju- og iðnfyrirtæki að greiða skatt í ríkissjóð af veltu þessa árs, er nemur 1½% af heildsölu og umboðssölu og 1% af veltu smásöluverzlana og iðju- og iðnfyrirtækja. Er skattur þessi jafnhár, hvort sem seldar hafa verið þarfar eða óþarfar vörur og hvort sem það hefur verið með miklum eða litlum ágóða eða jafnvel með tapi. Hann fer því ekkert eftir gjaldþoli skattgreiðandans eða arði hans af rekstrinum, eins og allir aðrir skattar gera þó að einhverju leyti, og er því svo **ranglátur** sem framast má verða.

Veltuskattur slíkur sem frv. ráðgerir mundi hindra verðlækkun í landinu sem honum nemur og þannig gera sitt til að viðhalda dýrtíðinni eða jafnvel auka hana. Í 7. gr. frv. er að vísu bannað að telja skattinn í kostnaðarverði vöru eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun. En öllum er auðsætt, að ef fyrirtækin geta greitt skattinn með þessu móti, þá gætu þau alveg eins lækkað vöruna jafnmikið og skattinum nemur, og hefur verðlagseftirlitið vald til að þvinga þau til þess. Mundi sú leið, að lækka vöruverð, draga úr tekjuþörf ríkissjóðs, auk þeirra hagsmuna, sem framleiðsla landsmanna hefði af því.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. frv. er alveg ljóst, að skattur þessi leggst á allan almenning í landinu sem neyzluskattur og það jafnt á nauðsynjar manna sem óþarfavarning. Greinilegast kemur þetta fram, að því er snertir þann hluta landsmanna, sem verzlar við samvinnufélög, en það mun nú vera (að heimilisfólki meðtöldu) um helmingur landsmanna. Liggur í augum uppi, að þótt kaupfélagi sé bannað að hækka vörurnar vegna skattsins, þá hlýtur hann samt að koma niður á viðskiptamönnunum sem lækkaður arður af viðskiptunum. Og að því er verzlun samvinnumanna snertir, kemur í þessu efni í sama stað niður, hvort frv. er samþ.

óbreytt eða skatturinn er lagður á veltu ársins 1944, eins og komið hefur til orða og a. m. k. einn nefndarmanna hallazt að. En þó að þetta sé augljósast, að því er snertir samvinnuverzlun, hlýtur skatturinn að hafa sömu áhrif á allt vöruverð í landinu, að því er snertir þær vörur, sem hann nær til; fyrr eða síðar hlýtur hann beint og óbeint að leggjast á neytendurna. Hann mun þannig hafa sömu áhrif á vöruverðið og nýr tollur, en er að því leyti ranglátari en aðrir tollar, að hann kemur jafnt niður á öllum vörum, hvort heldur eru brýnustu nauðsynjar eða hreinasti óþarfi. Virðist því skárra úrræði að hækka enn tolla, einkum á miður þörfum varningi, en að leggja slíkan neyzluskatt á þjóðina.

Ríkisstjórnin lofar því, að skattur sá, er frv. gerir ráð fyrir, verði ekki framlengdur og að hann gildi því aðeins í eitt ár. Ekki er þó annað sýnilegt en að eins mikil tekjuþörf verði á næsta ári og nú og þó sennilega meiri, að óbreyttri fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar. Verður þá að finna nýjan tekjustofn, sem vonandi verður réttlátari en veltuskatturinn. Virðist alveg eins mega finna þann tekjustofn nú þegar eins og að ári liðnu, og væri réttara að gera tilraun í þá átt heldur en að samþ. þetta frv.

Það mun sennilega reynast erfitt að hafa nægilegt eftirlit með vörusölu fyrirtækjanna, til að tryggja rétt framtal og að skatturinn leggist ekki beinlínis á vörurnar. Mun því þurfa aukna starfskrafta hjá skattayfirvöldum og verðlagseftirliti, sem hlýtur að kosta allmikið fé. Samt sem áður er hætt við, að svo fari um þennan skatt sem við hefur þótt vilja brenna áður, að hann komi þyngst niður á þeim heiðarlegu, sem telja rétt fram, og það í enn ríkara mæli en á sér stað um aðra skatta, vegna þess að svik verði auðveldari en við venjulegt skattaframtal. Mælir þetta sízt með frv.

Af framangreindum ástæðum legg ég til, að frv. þetta verði felld. En þar sem stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar munu hafa samið um framgang þess, þykir mér þó rétt að gera tilraun til að fá brýnustu lífsnauðsynjar almennings að minnsta kosti undanþegnar þessum skatti og mun því bera fram breytingartillögu um það.

Alþingi, 14. febr. 1945.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr.

Ed. 1110. Nefndarálit

um frv. til l. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar á nokkrum fundum og hefur aflað sér upplýsinga um það hjá sérfróðum mönnum, húsameisturum, verkfræðingum og öðrum, sem hafa á hendi byggingarframkvæmdir fyrir hið opinbera. Ræddi hún frumvarpið við húsameistara Reykjavíkurbæjar og formann Verkfræðingafélags Íslands, enn fremur húsameistara ríkisins, skipulagsstjóra, vegamálastjóra og vitamálastjóra. Eru skoðanir hinna sérfróðu manna nokkuð á ólíkan veg um frumvarpið. Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og skipulagsstjóri vilja gera allskarpan greinarmun á hugmyndasamkeppni samkvæmt frumv. og almennri samkeppni og telja hugmyndasamkeppni það til foráttu, að þátttakendum séu ekki sett ákveðin skilyrði um verkefnið, sem leysa skal, og geti lausnin orðið óraunhæf til framkvæmda, og virðast þeir óttast, að verðlaun kynnu að verða veitt fyrir hugmynd, sem öðrum aðilum geti orðið falin til úrvinnslu, en þeir mundu ógjarnan vilja taka að sér að framkvæma. Hins vegar kemur fram önnur skoðun

hjá húsameistara Reykjavíkurbæjar og formanni Verkfræðingafél. Íslands. Í skriflegu áliti, er þeir sendu nefndinni, segja þeir m. a.: „Hefur, að því er okkur er kunnugt, aldrei farið fram hér á landi annars konar samkeppni en þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo að okkur er ókunnugt um mun þann, sem á að vera á „venjulegri“ samkeppni og samkeppni samkvæmt áðurnefndu frumvarpi. — Þegar samkeppni hefur farið fram hér á landi um mannvirki, oft einhvers konar húsbyggingar, hefur aldrei verið óskað eftir fullnaðarteikningum að viðkomandi mannvirkjum, heldur aðeins frumuppdráttum, sem hafa átt að sýna glögglega hugmyndina um gerð þeirra og annað fyrirkomulag.“ Mælast þeir til þess við nefndina, að hún geri sitt til þess, að frumvarpið verði að lögum.

Er nefndin hafði kynnt sér álit þessara manna allra um frumvarpið, sendi hún það enn fremur borgarstjóra Reykjavíkur og ríkisstjórninni til umsagnar. Borgarstjóri bar frumvarpið undir bæjarráð, og er umsögn þess á þá leið, að það vill takmarka fyrirmæli laganna við þau mannvirki, sem ríkið kostar að öllu eða nokkru leyti. Frá menntamálaráðherra barst svar þess efnis, að hann mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Einn nefndarmanna (JJ) mun vera mótfallinn því, að frumvarpið nái fram að ganga, og skilar hann að líkindum sérstöku nefndaráliti. Meiri hl. nefndarinnar telur, að samþykkt þessa frumvarps hljóti að stuðla að því að efla íslenzka verkmenningu, þar sem með samkeppni á þennan hátt gefist kunnáttumönnum betri og fleiri tækifæri til að reyna á hæfileika sína og vinna að verkefnum, sem glæða áhuga þeirra. Einnig álítum við nauðsynlegt, að ákvæðið sé með lögum, hvernig samkeppni eigi að fara fram. Samkvæmt athugasemdum, sem komið hafa fram við frv. frá sérfróðum mönnum, viljum við þó gera tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu. Brtt. við 1. gr. er gerð í samræmi við álit bæjarráðs Reykjavíkur, brtt. við 2. gr. eftir ósk frá Verkfræðingafélagi Íslands, og með umorðun á 3. gr. frumvarpsins ætti að vera séð fyrir því, að hugmyndir þær, sem verðlaun hljóta, verði hæfar til framkvæmda án breytinga, en húsameistari ríkisins og vegamálastjóri virtust sérstaklega bera kvíðboga fyrir, að þar yrði ljóður á.

Viljum við að þannig athuguðu máli mæla með því, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „bæjar- eða sveitarfélögum“ falli niður, og í stað orðanna „opinberu fé“ í niðurlagi greinarinnar komi: ríkisfé.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir málsliðinn: „Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og er hann formaður dómnefndarinnar“ komi: Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Er hann formaður dómnefndar og skal vera verkfræðingur eða húsameistari.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Hlutverk dómnefndar er að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar og dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Úrskurðir dómnefndar skulu rökstuddir og verðlaun aðeins veitt þeim lausnum, sem að áliti nefndarinnar eru hentugar og hæfar til framkvæmda án mikilvægra breytinga. Verðlaun, kostnað við útboðið, svo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

Alþingi, 14. febr. 1945.

Eiríkur Einarsson, form.	Kristinn E. Andrésson, fundaskr., frsm.

Ed. 1111. Breytingartillaga

við frv. til laga um veltuskatt.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 3. gr. 1. a. Liðurinn orðist svo:
Andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að síld meðtalinni, kornvöru alls konar, malaðrar og ómalaðrar, og byggingarefnis alls konar.

Sþ. 1112. Nefndarálit

um till. til þál. um gistihúsbyggingu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna ýtarlega og aflað sér nauðsynlegra upplýsinga um það, sem hún fjallar um. Hefur nefndin skrifað þeim, sem eru í greinargerð fyrir tillögunni taldir líklegastir til að leggja fram fé eða bindast samtökum um að koma upp almenningsgistihúsi í Reykjavík. Nefndin óskaði eftir umsögn þeirra aðila um málið. Verður í framsögu gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu, sem nefndin komst að.

Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, þykir nefndinni rétt að samþykkja tillöguna með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því í samráði við Reykjavíkurbæ, á hvern hátt hagkvæmast væri að koma upp almenningsgistihúsi í Reykjavík.

Alþingi, 14. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form.	Ingólfur Jónsson, frsm.	Páll Zóphóníasson.
Sigurjón Á. Ólafsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	Har. Jónasson.
	Sigurður Þórðarson.	

Ed. 1113. Breytingartillögur

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Kristni Andréssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „1945“ komi: 1944.
2. Við 4. og 5. gr. Greinarnar falli niður. Í þeirra stað komi ný grein, 4. gr., svolátandi (og breytist greinatalan samkv. þessari og öðrum brtt.):
   Þeir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um veltu sína á árinu 1944 fyrir þann tíma, er ráðherra ákveður.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um veltu sína á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla veltu gjaldandans og ákveða skattinn eftir því. Komi í ljós, að veltuskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn gjald það, sem honum er gert að greiða, ranglega ákveðið, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr. (sem verður 6. gr.). Greinin orðist svo:

Samvinnufélögum og samvinnusamböndum er ekki skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1944, sbr. lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

Reynist ágóði hinna síðarnefndu á árinu 1944 eigi minni en hann var 1943, skulu þau úthluta sambandsfélögum sínum hlutfallslega jafnmiklu og þá. Reynist ágóðinn hins vegar minni, er þeim heimilt að lækka úthlutunina sem því svarar. Eigi má draga greiddan veltuskatt frá tekjum við ákvörðun ágóða samkvæmt ofansögðu.

Ed. 1114. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar bar frv. þetta fram að beiðni félagsmálaráðherra, og samþykkti deildin það óbreytt.

Meginefni frv. er það, að framvegis skuli eingöngu fátækraframfærsla jöfnuð með framlagi jöfnunarsjóðs, en felld verði niður þau ákvæði laganna, að útgjöld sveitarfélaga vegna kennaralauna, ellilauna og örorkubóta skuli tekin með, þegar grundvöllur fyrir skiptingu jöfnunarfjárins er ákveðinn.

Þegar löggjöfin um jöfnunarsjóð var sett, árið 1937, var fjárhagur vel flestra sveitarfélaga mjög erfiður. Hin síðustu ár hefur í þessum efnum orðið mjög mikil breyting til batnaðar, auk þess sem breytingar þær, sem síðar hafa verið gerðar á tryggingalöggjöfinni, síðast um áramótin 1943/44, hafa létt framfærslubyrði sveitarfélaganna stórkostlega, þar sem helmingur ellilauna og örorkubóta, sem sveitarfélögin úthluta, greiðist nú af tryggingunum. Samkv. frv. til launalaga, sem efri deild hefur samþykkt, lækkar einnig hluti sveitarfélaga af kennaralaununum mjög verulega og nemur samkv. því frv. tiltölulega mjög litlum upphæðum. Hins vegar greiðir ríkissjóður ekkert beint til hinnar eiginlegu fátækraframfærslu, og er því samkv. frumv. ætlazt til, að framlagi jöfnunarsjóðsins verði skipt milli sveitarfélaganna með tilliti til hennar einnar.

Framlag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðs, kr. 700 þús., hefur 2 síðustu árin ekki hrokkið til fullrar jöfnunar á grundvelli gildandi laga. Árið 1943 mun hafa vantað um 400 þús. kr. á, að framlagið nægði, og hefur ríkissjóður greitt þá upphæð til viðbótar samkv. ákvæðum framfærslulaganna. Hins vegar hefðu 520 þús. kr. nægt til þess það ár að jafna að fullu milli sveitarfélaganna samkv. reglum sjóðsins, ef miðað hefði verið við fátækraframfærsluna eina.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að jöfnunarsjóður hafi einnig það hlutverk að greiða fram úr fjárhagsörðugleikum sveitarfélaga og að sjóðnum verði heimilað að annast til bráðabirgða milligreiðslur sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á; enn fremur, að ráðherra skuli heimilt að ákveða, að verja megi nokkru

fé úr sjóðnum til þess að koma betra skipulagi á stjórn og framkvæmd sveita- og fátækramála og nánara samstarfi um þau efni.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við gildandi lagaákvæði og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (HermJ) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 10. febr. 1945.

H. Guðmundsson, form., frsm. | Lárus Jóhannesson, með fyrirvara. | Bjarni Benediktsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 1115. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes og einnig frá Sogsvirkjuninni til kauptúna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og telur réttmætt, að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum. Frumvarpið fer fram á að lögfesta heimildir til ríkisstjórnarinnar til að koma upp á árunum 1945 og 1946 raforkuveitum til almenningsþarfa í Gullbringusýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, allt frá Sogsvirkjuninni. Stefnir þetta í rétta átt, og er ekki ástæða til að hika í því efni, ef hagfelld tækifæri bjóðast um efniskaup til þessara mannvirkja.

Nefndin mælir því með þessari heimild, og hún vill bæta við tveimur sams konar orkuveitum á Norðurlandi, sem eru:

1. Frá Akureyri til Dalvíkur og Hríseyjar.
2. Frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis.

Nefndin telur æskilegt, að þessar veitur allar verði látnar ná yfir miklu stærri svæði umhverfis, og væntir þess, að þannig verði fram haldið. En þar sem hér er um að ræða eðlilegan og nauðsynlegan áfanga á leiðinni, þá vill hún leggja til, að frumvarpið nái samþykki með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Við fyrri málsgr. bætist: Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árunum 1945—1946 orkuveitum frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis. Ríkisstjórninni heimilast að annast rekstur á þessum veitum fyrst um sinn.
2. Við 2. gr. Fyrir „6 millj." í 2. gr. komi: 12 millj.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði þannig:
   Frumvarp til laga um byggingu nokkurra raforkuveitna.

Alþingi, 14. febr. 1945.

Jakob Möller, p.t. form., með fyrirvara. | Jón Pálmason, fundaskr., frsm. | Skúli Guðmundsson.

Barði Guðmundsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Ed. 1116. Lög

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 923.

Ed. 1117. Lög

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 642.

Ed. 1118. Lög

um breyting á lögum nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 898.

Sþ. 1119. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Frá öðrum minni hl. fjárveitinganefndar.

Það er orðið langt um liðið, síðan máli þessu var vísað til nefndarinnar. Fjárveitinganefnd ræddi þegar í öndverðu við fjármálaráðherra og samgöngumálaráðherra um þetta mál. Einnig skrifaði nefndin forstöðumanni rafmagnseftirlits ríkisins um málið og óskaði umsagnar hans um það. Er bréf hans prentað sem fskj. með nál. minni hl. á þskj. 1101. Meginið af þeim tíma, sem liðinn er, síðan málinu var vísað til nefndarinnar, hefur það verið til athugunar hjá ríkisstjórninni og forstöðumanni rafmagnseftirlitsins, enda svo um talað milli fjárveitinganefndar og samgöngumálaráðherra, að nefndin hefðist ekki að í málinu, fyrr en svar bærist frá rafmagnseftirlitinu og ráðherra væri viðbúinn að gera tillögur til nefndarinnar um afgreiðslu málsins. Samgöngumálaráðherra átti nú fyrir tveim dögum viðtal við nefndina um málið og lagði þá fram tillögu, sem byggð var á umsögn og uppástungu rafmagnseftirlits ríkisins og ábendingu, sem fram kom hjá þm. Siglfirðinga við fyrri umræðu um málið. Leggur samgöngumálaráðherra til í þessari tillögu sinni, að hin umbeðna ábyrgð verði veitt með öllum venjulegum skilyrðum, að því viðbættu, að fengnar verði skýringar á því, hvað valdið hafi hækkun þeirri, sem orðið hefur á áætluðum kostnaði við verkið. Eftir að ráðherra lagði þessa tillögu fram, hefur hann tjáð nefndinni, að hann geti fallizt á, að út úr tillögu hans verði tekið ákvæðið um, að afla þurfi skýringa á, hvað valdið hafi kostnaðarhækkuninni, en að hann muni þá lýsa yfir því í þingræðu, að ábyrgðin verði ekki veitt,

nema þessara skýringa verði aflað. Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins og meðal annars ekki um það, hvort þetta ákvæði skuli tekið upp í þingsályktunartillöguna. Við, sem stöndum að þessu nefndaráliti, teljum, að ekki sé rétt að fella þetta skilyrði niður í tillögunni sjálfri, enda tók þingmaður Siglfirðinga það fram við fyrri umræðu málsins, að nauðsynlegt væri, að fram færi rannsókn á því, hversu gífurlega allur kostnaður við verk þetta hefur farið fram úr áætlun. Undir þessa ábendingu þingmannsins hafa síðan bæði forstjóri rafmagnseftirlitsins og samgöngumálaráðherra tekið í tillögum sínum. Leggjum við því til, að tillagan verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað að upphæð 5 millj. króna. til að ljúka við virkjun Fljótaár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Ábyrgðarheimildin er enn fremur bundin því skilyrði, að fram komi ýtarlegar og fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna kostnaður við verkið fer svo mjög fram úr því, sem áætlað hafði verið, og þó einkum, hvernig á þeirri hækkun stendur, sem á áætluninni varð frá nóvember 1943 til nóvember 1944.

Loks liggi fyrir það álit frá rafmagnseftirliti ríkisins, að það telji, að rafveitan geti staðið undir lánum þeim, er ríkissjóður ábyrgist.

Lánið sé til 25 ára, með eigi hærri en 4% vöxtum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

Alþingi, 12. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 1120. Tillaga til þingsályktunar

um leigu á færeyskum skipum. o. fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

Alþingi ályktar að samþykkja samning þann um leigu á færeyskum skipum, sem prentaður er sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu, og jafnframt að heimila ríkisstjórninni að leigja skip þessi öðrum eða annast rekstur þeirra, ef þörf krefur.

Fylgiskjal.

Samningur um leigu á færeyskum skipum til fiskflutninga.

1. gr.

Samningur þessi er gerður milli íslenzka hluta íslenzk-færeysku samninganefndarinnar f. h. ríkisstjórnar Íslands, hér eftir nefndur leigutaki, og færeyska hluta sömu nefndar f. h. færeyskra yfirvalda og félaga, sem hinn 13. janúar 1945 hafa samþykkt að senda færeysku samninganefndina til Íslands, sem og f. h. eigenda skipa þeirra, sem um er að ræða, hér eftir nefndur leigusali.

2. gr.

Leigusali leigir leigutaka þau skip, sem nánar eru tilgreind á viðfestri skrá, merktri I, til flutninga á ísvörðum fiski frá Íslandi til Bretlands.

3. gr.

Leigusamningur hvers skips um sig gildir frá þeim degi, er skipið er ferðbúið til siglingar frá Færeyjum til Íslands. Leigumálanum lýkur í Færeyjum 1. júní 1945 eða síðar, eftir því, hvernig stendur á heimferð skipsins að lokinni síðustu ísfiskferð þess. Leigutaki skal skila skipinu í heimahöfn þess í Færeyjum.

4. gr.

Auk þeirra skipa, sem getur í 2. gr., leigir leigusali enn fremur út þau skip, sem greind eru á viðfestri skrá, merktri II. Leigusamningur þeirra skipa er gerður í sama augnamiði og hefst á sama hátt og áður getur, en leigusamningurinn gildir áfram til 15. október eða síðar, eftir því, hvernig stendur á heimferð skipsins að lokinni síðustu ísfiskferð þess. Leigutaki skal skila skipinu í vetrarfestum og þannig, að segl og kaðlar séu tekin niður í heimahöfn þess í Færeyjum, þó þannig, að leigusamningnum ljúki í síðasta lagi tveim sólarhringum eftir komu skipsins til heimahafnarinnar.

5. gr.

Leigusali skal láta skipin af hendi ferðbúin og í haffæru ástandi, og skulu þau hafa fullkominn útbúnað, eftir því sem venja er til, til ísfiskflutninga. Skipunum skulu fylgja öll þau tæki, sem þau hafa og krafizt er í millilandasiglingum.

Leigusali skal á leigutímanum greiða öll þau útgjöld, sem á falla, til þess að skipin haldist í haffæru ástandi, og enn fremur skal hann greiða allan kostnað af viðhaldi og viðgerðum á skipi og tækjum þess, þ. á m. á vél skipsins.

Nú þarf að greiða kostnað af viðgerðum eða viðhaldi á leigutímanum, og ber þá leigutaka að sjá svo um, að hagsmuna leigusala sé gætt þannig, að viðgerðir og viðhald fari fram eins fljótt og ódýrt og unnt er og í Færeyjum, ef óskað er og ef það er hægt án verulegrar tafar fyrir skipið.

Verði ákvæðum þessarar greinar ekki framfylgt, getur leigutaki fyrirvaralaust sagt upp leigusamningi hlutaðeigandi skips, enda hafi hann áður án árangurs sent umboðsmanni leigusala kvörtun þar um.

6. gr.

Leigusali ræður skipstjórnarmenn og skipshafnir, og skulu þeir vera Færeyingar. Stærð skipshafna skal vera eins og venja er til á hlutaðeigandi skipi, 7 eða 8 manns.

7. gr.

Skipstjórnarmenn og skipshafnir skulu ráðnar samkvæmt ákvæðum hinna færeysku samninga, sem gilda árið 1945 milli Færöernes Rederiforening annars vegar og Föroya Skipara og Navigatörfelag, Föroya Fiskimannafelag og Suduroya Fiskimannafelag hins vegar, en þó með eftirfarandi breytingum með tilliti til útreiknings á ágóðahluta skipstjóra og áhafnar:

a) Verð fisks, sem keyptur er á Íslandi, má ekki fara fram úr því verði, sem gilti árið 1944, og gera skal ráð fyrir því, að verði breytingar á hámarksverði fisks í Bretlandi miðað við verðið 1944, skuli verð þess fisks, sem keyptur er á Íslandi, breytast í sama hlutfalli.
b) Ekki má leggja umboðslaun við innkaupsverð fisksins.
c) Þegar svo stendur á, að skipið flytur vörur frá Bretlandi, má ekki reikna útgjöld til kaupa á ís hærra verði en venjulegt innkaupsverð á ís er í Bretlandi.
d) Leigutaki skal tryggja fiskfarminn fyrir væntanlegu söluverði óskertu, og farist skipið, skal vátryggingarupphæð farmsins lögð til grundvallar við útreikning ágóðahlutans sem söluverð farmsins.

Samningarnir fylgja, merktir III og IV.

8. gr.

Leigan fyrir þau skip, sem nefnd eru í 2. gr., er ákveðin sem föst mánaðarleiga, að grunnupphæð 3000 færeyskar krónur, en þar við bætist upphæð, sem nemur í færeyskum krónum 6 sinnum fjölda fiskkassa (a 1 cwt.) þyngd upp úr skipi, sem skipið getur undir venjulegum kringumstæðum flutt til Bretlands.

Leigan fyrir þau skip, sem nefnd eru í 4. gr., er ákveðin sem föst mánaðarleiga og er reiknuð eins og hér segir:

1. Fyrir skip, sem taka allt að 1400 kassa þyngd upp úr skipi, 7 færeyskar krónur á kassa.
2. Fyrir skip, sem taka 1400 kassa eða meira, grunnupphæð, sem nemur 3000 færeyskum krónum, að viðbættum 5 færeyskum krónum á hvern kassa.

Leigan greiðist mánaðarlega fyrir fram.

9. gr.

Með tilliti til hleðslumagns skips, sem reiknað er út eftir vegnum kössum af fiski í Bretlandi, má lagfæra útreikninginn, þegar leigusamningnum lýkur, í hlutfalli við þann kassafjölda, sem hvert einstakt skip hefur landað að meðaltali á leigutímanum, en annars skal fyrst um sinn reiknað eftir þeirri tölu, sem eigandinn hefur tilkynnt sem hleðslumagn skipsins.

10. gr.

Leigutaki skal greiða allan kostnað, hvers kyns sem er, við rekstur skipsins á leigutímanum, að undanteknu viðhaldi og viðgerðum á skipunum.

Að því er snertir vátryggingu skipanna, skulu vátryggingarupphæðir þeirra haldast óbreyttar frá því, sem nú er, nema því aðeins, að sérstakar ástæður til hækkunar séu fyrir hendi. Skipin sjálf skulu tryggð í færeyskum tryggingafélögum, bæði að því er snertir sjávátryggingu og stríðstryggingu. Enn fremur skal öll skyldutrygging á sjómönnunum og munum þeirra vera í Færeyjum eins og venjulega.

Reynt verður að ná allsherjar samkomulagi, að því er snertir iðgjaldsgreiðslur, við hlutaðeigandi færeysk tryggingafélög, en til þeirra verður leigutaki að sjálfsögðu að senda allar nauðsynlegar tilkynningar. Vátryggingarnar skulu vera í nafni leigusala, og afgangur, sem seinna kynni að koma fram í sambandi við vátryggingarnar, fellur leigusala í skaut. Að því er snertir þau skip, sem getur í 2. gr., skal leigutaki greiða helming af hinum fastumsömdu árstryggingum auk iðgjalda fyrir hverja ferð, þó því aðeins, að hann hafi haft skipið á leigu í 3 mánuði að minnsta kosti. Að því er tekur til þeirra skipa, sem getur í 4. gr., skal leigutaki greiða allar tryggingar skipsins það ár.

Það skal þó fram tekið, að það, sem stríðstrygging skipsins sjálfs fer fram úr ¼% á missiri af ¼% fyrir hverja ferð, skal greitt af leigusala.

11. gr.

Verði stöðvun á rekstri skips vegna viðgerðar af völdum sjótjóns eða annars tjóns á skipi eða vél, greiðist ekki dagleiga fyrir þann tíma, sem viðgerð eða stöðvun stendur, fram yfir 2 sólarhringa í einu. Hér er ekki átt við stöðvun, sem leiðir af eðlilegu viðhaldi.

12. gr.

Leigutaka er heimilt að flytja vörur frá Bretlandi til Íslands með þessum leiguskipum.

Í þeim ferðum, sem skipin koma við í Færeyjum á leiðinni frá Bretlandi til Íslands til þess að skipta um áhöfn (sjá næstu gr. hér á eftir), getur leigusali krafizt þess, að skipin flytji vörur frá Bretlandi til Færeyja, ef það er mögulegt án óeðlilegra tafa. Fyrir slíkan farm skulu greidd hin opinberu færeysku farmgjöld, sem hér fylgir eintak af, merkt V.

13. gr.

Í þriðju hverri ferð leiguskips til Íslands skal það koma við í Færeyjum til að skipta um áhöfn, með tilvísun til gildandi samnings (fskj. IV), en viðdvöl þess þar má þó ekki vera lengri en 48 tímar, nema sérstaklega sé um samið hverju sinni við umboðsmann leigutaka í Færeyjum.

14. gr.

Komi í ljós, að leigutaki hafi ekki fulla þörf hinna leigðu skipa til flutnings á ísvörðum fiski til Bretlands, er honum heimilt að nota skipin við strendur Íslands á annan hátt, enda missi skipstjóri eða skipverjar einkis í launagreiðslum.

15. gr.

Skipstjóra og öðrum skipverjum ber að rækja starf sitt af kostgæfni. Einnig er þeim skylt að sjá um, að skipin láti úr höfn, þegar er þau eru ferðbúin, svo framarlega sem veður hamlar ekki slíku. Verði misbrestur á þessu, er leigutaka heimilt að segja upp leigu á hlutaðeigandi skipi fyrirvaralaust, enda hafi hann áður án árangurs sent umboðsmanni leigusala kvörtun þar um.

16. gr.

Leigutaki samþykkir, að skipin flytji án sérstaks endurgjalds færeyskt verkafólk og sjómenn og báta og útbúnað, sem þeim kynni að fylgja, frá Færeyjum til Íslands, annaðhvort um leið og leigutíminn hefst eða þegar skipin koma við í Færeyjum seinna á leið til Íslands. Einnig samþykkir leigutaki að flytja verkafólk og sjómenn o. s. frv. frá Íslandi til Færeyja í tveim síðustu ferðum hvers skips á leigutímanum. Þessi flutningur verður fram að fara án sérstakra óþæginda eða tafar.

17. gr.

Framleiga er heimil, en þó skal leigutaki bera fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum, sem hann hefur tekið á sig samkvæmt samningi þessum.

18. gr.

Nú hættir stríðið í Evrópu á samningstímabilinu, og getur þá hvor samningsaðili um sig sagt upp samningnum með 30 daga fyrirvara, en uppsögn getur því aðeins komið til greina, að stríðslokin hafi í för með sér verulega breyttar aðstæður til ísfiskflutninga.

19. gr.

Leigutaka er skylt að fara vel og sæmilega með skip og útbúnað skips á leigutímanum.

20. gr.

Leigusali ber ekki ábyrgð gagnvart leigutaka á skaða, sem hljótast kynni af óhöppum, stöðvun á rekstri eða slíku, og ekki ber leigusali heldur ábyrgð gagnvart leigutaka á skaða, sem hljótast kynni af skyssu eða vanrækslu skipstjóra eða áhafnar.

21. gr.

Nú ferst skip á leigutímanum, og greiðir þá leigutaki leigu til þess dags, sem skipið ferst, eða ef ekki er vitað, hvaða dag skipið ferst, þangað til fjórum dögum eftir, að síðast fréttist af skipinu.

22. gr.

Ef skipið bjargar öðrum skipum eða veitir öðrum skipum hjálp, skal sá hluti björgunarlauna eða greiðslu fyrir veitta aðstoð, sem kemur í hlut útgerðarinnar, skiptast jafnt á milli leigusala og leigutaka.

23. gr.

Allar greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram á þann hátt, að upphæðirnar skulu greiddar í sterlingspundum inn í færeyskan banka með genginu 1 £ sterling = 22.40 færeyskar krónur. Leigutaki skal greiða bankakostnað við yfirfærslu fjárins.

24. gr.

Sá sérstaki viðauki við hafnargjöld í Færeyjum, sem ákveðinn var samkvæmt auglýsingu nr. 60 23. desember 1942, að upphæð allt að 10 aurum af hverju sterlingspundi, sem inn kemur fyrir fisksölu skipanna í Stóra-Bretlandi og samkvæmt settum ákvæðum greiðist af þeim, sem reka skipin, skal ekki taka til leigutaka, þar eð viðaukinn, ef hann gildir áfram, greiðist af leigusala, einnig að því er snertir þau skip, sem greinir í samningi þessum.

25. gr.

Um leið og leigusamningurinn gengur í gildi í Færeyjum, skal útbúinn listi, ef til kemur að viðstöddum umboðsmanni frá báðum aðilum, um þær birgðir, sem fyrir hendi eru af hráolíu, smurningsolíu, kolum, steinolíu, tvisti, þéttifeiti o. s. frv. Við lok leigutímans er leigutaka skylt að skila samsvarandi birgðum af hverri tegund um sig. Ef slík skil fara ekki fram eða ef leigutaki skilar ekki jafnmiklu og hann hefur fengið, skal leigutaki greiða mismuninn út í hönd samkvæmt fullu verðlagi á staðnum.

Leigutaki endurgreiðir vistir og ís samkvæmt reikningi.

26. gr.

Strax og búið er að undirrita samning þennan, skulu eigendur hlutast til um, að öll þau skip, sem leigð eru út samkvæmt samningnum, verði tilbúin til fiskflutninganna svo fljótt sem tök eru á.

27. gr.

Leigutaki hefur umboðsmann í Færeyjum til þess að gæta hagsmuna leigutaka á leigutímanum.

Ef upp rís ágreiningur í Færeyjum, meðan á leigutímanum stendur, eða til greina koma efasemdaratriði um minni háttar mál, eins og t. d. um birgðir skips eða ástand, viðdvöl skips í Færeyjum eða viðgerðir og viðhald í Færeyjum, skal fyrst reynt að jafna þau atriði í viðræðum á milli umboðsmanns fyrir Færöernes Rederiforening f. h. leigusala og umboðsmanns leigutaka. Ef slíkar viðræður bera ekki árangur og eðli málsins er þannig, að það krefst fljótlega úrskurðar í Færeyjum, skal út um það gert og sá úrskurður vera bindandi fyrir báða aðila af gerðardómi, sem í séu báðir þessir umboðsmenn ásamt oddamanni, sem tilnefndur sé af héraðsdómaranum í Færeyjum.

28. gr.

Verði að öðru leyti ágreiningur um skilning á ákvæðum samnings þessa eða um bætur fyrir tjón, sem annar hvor aðila telur sig hafa orðið fyrir vegna vanefnda á samningnum, skal úr ágreiningnum skorið af gerðardómi, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

Gerðardómurinn skal þannig skipaður: Leigutaki tilnefnir einn gerðarmann og Færöernes Rederiforening annan, en hæstiréttur Íslands tilnefnir þann þriðja á meðal dómenda réttarins, og er hann formaður dómsins.

Þegar um er að ræða mál, sem sérstaklega snerta hagsmuni skipstjóra eða stýrimanns skips, tilnefnir Föroya Skipara- og Navigatörfelag einn gerðarmann í stað Færöernes Rederiforening, og þegar um er að ræða mál, sem sérstaklega snerta hagsmuni áhafnarinnar að öðru leyti, tilnefnir Föroya Fiskimannafelag einn gerðarmann í stað Færörnes Rederiforening. Þegar um er að ræða mál, sem einkum snerta hags-

muni skipshafnarinnar, jafnt skipstjórnarmanna sem áhafnarinnar að öðru leyti, tilnefna Föroya Skipara- og Navigatörfelag og Föroya Fiskimannafelag í sameiningu einn gerðarmanna.

Ef ekki liggur ljóst fyrir, hvort af hinum tilgreindu félögum skuli útnefna hinn færeyska gerðarmann, sker héraðsdómarinn í Færeyjum úr því.

Tilnefni annar hvor aðila ekki gerðarmann innan tveggja vikna, frá því að honum barst beiðni um tilnefningu, skal gerðarmaðurinn tilnefndur af hæstarétti.

Sþ. 1121. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til stækkunar gistihússins við Geysi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. króna lán, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, fyrir Sigurð Greipsson í Haukadal til þess að stækka gistihúsið við Geysi.

Greinargerð.

Undanfarandi sumur hefur ferðamannastraumurinn til Gullfoss og Geysis aukizt jafnt og þétt. Á þessum slóðum er aðeins gistihús við Geysi. Sá húsakostur er þó allt of lítill til þess, að unnt sé að sinna gestum eins og gestgjafahjónin, Sigurður Greipsson og kona hans, kysu helzt.

Sakir hinnar miklu nauðsynjar á stækkun gistihússins hefur Sigurður í hyggju að reisa stóra viðbótarbyggingu á komandi vori. Slík bygging kostar mikið fé, og verður ekki hjá því komizt fyrir eiganda hennar að taka stórlán til þeirra framkvæmda.

Sigurður Greipsson hefur óskað þess, að við flyttum þetta mál nú í þinginu, og þar sem hér er um mikið og gagnlegt nauðsynjamál að ræða, vonum við, að Alþingi bregðist vel við þessari málaleitan hans.

Nd. 1122. Frumvarp til laga

um byggingu nokkurra raforkuveitna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árunum 1945—1946 orkuveitum frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis. Ríkisstjórninni heimilast að annast rekstur á þessum veitum fyrst um sinn.

Rekstur á raforkuveitum þessum getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 12 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 1123. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar.

Mál þetta hefur verið alllengi til meðferðar í fjárveitinganefnd og rætt þar á mörgum fundum. Leitað hefur verið álits samgöngumálaráðherra um málið, og eru tillögur hans bornar fram af fjórum nefndarmönnum. Enn fremur var málið sent til umsagnar forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins. Kom hann á fund nefndarinnar og ræddi við hana um málið. Auk þess sendi hann nefndinni umsögn sína með bréfi, dags. 8. febr., þar sem hann telur sér ekki unnt að upplýsa málið eins rækilega og nefndin óskaði. Taldi hann sig þurfa miklu lengri tíma en hér var um að ræða til þess að rannsaka málið og gefa um það rökstutt álit.

Nefndin þríklofnaði í máli þessu, og munu koma fram þrjú minnihlutaálit. Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, lítum svo á, að ekki sé kleift fyrir Alþingi að mæla með ríkisábyrgð á nýju viðbótarláni fyrir Siglufjarðarkaupstað, fyrr en búið er að rannsaka rækilega allan gang og framkvæmd við þessa rafveitu, sem hér um ræðir, og það komið í ljós, af hverju stafi sá gífurlegi kostnaður, sem orðinn er við verk þetta. Enn fremur leggjum við til, að ríkisábyrgð verði ekki veitt fyrir hærri upphæð en allt að 3½ millj. króna, en þess, sem á kann að vanta, verði Siglufjarðarkaupstaður að afla sér án ríkisábyrgðar. Einnig krefjumst við þess, að áður en til slíkrar ábyrgðar kemur, liggi fyrir rökstudd áætlun frá rafmagnseftirliti ríkisins um rekstrarafkomu þessa fyrirtækis.

Skýrsla um rannsókn þessa skal lögð fyrir Alþingi.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram ýtarlega rannsókn á framkvæmd þeirra mannvirkja, sem þegar hafa verið gerð við virkjun Fljótaár. Að þeirri rannsókn lokinni og er fyrir liggur rökstutt álit rafmagnseftirlits ríkisins um rekstrarafkomu rafveitunnar, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur hag ríkissjóðs hættulaust, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3½ millj. króna viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað, til þess að ljúka virkjun Fljótaár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Lánið sé veitt til 25 ára, með eigi hærri en 4% ársvöxtum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur fullgildar.

Alþingi, 15. febr. 1945.

Helgi Jónasson, frsm. Jónas Jónsson. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 1124. Lög

um tekjuskattsviðauka árið 1945.

(Afgreidd frá Ed. 15. febr.)

Samhljóða þskj. 721.

Ed. 1125. Lög

um skipakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 15. febr.)

Samhljóða þskj. 762.

Sþ. 1126. Nefndarálit

um tillögu til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Þórustaði í Ölfusi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft till. þessa til athugunar og rætt um hana við landbúnaðarráðherra. Jörð þessi, sem hér um ræðir, liggur í Ölfusi, sunnan undir Ingólfsfjalli. Ríkið á nú þær jarðir, sem að Þórustöðum liggja, og er allt það land talið gott til ræktunar. Búnaðarbanki Íslands á nú þessa jörð, og samkvæmt upplýsingum, sem fyrir lágu frá bankanum, eignaðist bankinn jörðina árið 1942 fyrir 26 þús. krónur. Síðan hefur bankinn látið gera þar nokkrar framkvæmdir, allmiklar nýbyggingar fyrir kr. 131599.02, svo að verð það, sem bankinn vill fá fyrir jörðina nú, er kr. 157599.02. Nefndinni virðist þetta of hátt verð og leggur því til, að till. verði breytt í samræmi við það, og að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkisins jörðina Þórustaði í Ölfusi fyrir það verð, sem stjórnin telur hæfilegt.

Alþingi, 15. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form., með fyrirvara.	Helgi Jónasson, fundaskr., frsm.	Jónas Jónsson.
Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	Þorst. Þorsteinsson.	Sig. Kristjánsson.
	Jóh. Þ. Jósefsson, með fyrirvara.	

Ed. 1127. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna (HG og KA) bera fram breytingartillögu við 6. gr. á sérstöku þskj.

Alþingi, 15. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.

Kristinn E. Andrésson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 1128. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Kristni Andréssyni.

Við 6. gr. Síðari málsgr. greinarinnar orðist svo:

Lánsupphæð má nema allt að 30% af meðaltalsbyggingarkostnaði samkv. útreikningum Hagstofu Íslands, þegar um nýjar húseignir er að ræða, og allt að ⅔ af matsverði annarra fasteigna.

Ed. 1129. Breytingartillaga

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 3. gr. 1. b. Orðin: „þegar vörur þessar eru seldar af framleiðendum þeirra eða í heildsölu“ falli burt.

Sþ. 1130. Þingsályktun

um rannsóknir á efni til bygginga og annarra verklegra framkvæmda.

(Afgreidd frá Sþ. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 770.

Sþ. 1131. Þingsályktun

um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

(Afgreidd frá Sþ. 16. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að hraða svo útgáfu ríkisreikningsins, að hann geti jafnan legið fyrir fullgerður með athugasemdum og svörum fyrir lok næsta árs á eftir.

Ed. 1132. Nefndarálit

um frv. til l. um hugmyndir að mannvirkjum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Eftir að verklegar framfarir tóku að hefjast hér á landi í skjóli við vaxandi sjálfsstjórn þjóðarinnar, töldu forráðamenn landsins, bæði í ríkisstjórn og á Alþingi, óhjákvæmilegt, að ríkið hefði í þjónustu sinni sérstaka kunnáttumenn til að standa fyrir byggingu opinberra mannvirkja. Það var með öllu óhugsandi fyrir ríkið að leggja stórfé árlega úr landssjóði til vega, brúa, húsa, hafnargerða og vitabygginga, nema að hafa fastráðna sérfræðinga til að undirbúa verkin og stjórna framkvæmd þeirra á þann hátt, að svo sé farið með fé almennings, að gætt sé kunnáttu og sem mestrar ráðdeildar. Hin mikla vega- og brúagerð, stórfelldar byggingarframkvæmdir á sviði húsagerðar og hafnarmála hafa fram að þessu yfirleitt verið í höndum ábyrgra sérfræðinga í þjónustu ríkisins. Hefur þetta skipulag gefizt vel og þótt með öllu sjálfsagt. Hefur ríkið verið svo heppið að hafa í þjónustu sinni við forstöðu þessara mála marga dugandi menn, svo sem Sigurð Thoroddsen eldri, Jón Þorláksson, Geir Zoëga, Rögnvald Ólafsson, Einar Erlendsson, Guðjón Samúelsson, Þorvald Krabbe og Emil Jónsson. Eftir að Reykjavíkurbær tók að stækka, hefur hann á sama hátt tekið í þjónustu sína marga húsameistara og verkfræðinga, til að standa fyrir húsagerð, gatnagerð, rafmagnsframkvæmdum og hafnarbyggingum.

Á síðari árum hefur fjölgað nokkuð þeim mönnum, sem stundað hafa nám erlendis í húsagerð og verkfræði. Eru slíkir menn, eins og við má búast, nokkuð misjafnir til starfa, sumir efnilegir, en aðrir minni fyrir sér og eiga á venjulegum tímum ekki mikinn úrkost verkefna. Leikur slíkum mönnum, svo sem mannlegt má þykja, nokkur hugur á að ná í sínar hendur verkefnum frá ríki og bæjarfélögum, sem að réttu lagi heyra til framkvæmdasviði þeirra kunnáttumanna, sem ríkið og Reykjavíkurbær hafa í þjónustu sinni. Hófst fyrir tilverknað slíkra manna hreyfing í þá átt að reyna að leysa upp það skipulag, sem ríkið og höfuðstaðurinn höfðu tekið upp til tryggingar því, að mannvirki í þágu landsins og Reykjavíkurbæjar yrðu vel og vandlega undirbúin og framkvæmd með ráðdeild og hagsýni. Var hér um að ræða frumdrög að atvinnubótavinnu til framdráttar mönnum, sem mannfélagið hafði ekki leitað fast eftir að fá í þjónustu sína. Að tilhlutun þessara manna var í fyrra borið fram í neðri deild af hálfu Kommúnistaflokksins frumvarp um hugmyndasamkeppni við opinber mannvirki, enda höfðu þeir kunnáttumenn, sem minnstur veigur var í, leitað þar trausts og skjóls í atvinnubaráttunni. Frumv. þetta miðaði að tvenns konar úrlausnum. Í fyrsta lagi að koma til leiðar fjölmörgum samkeppnisþrautum, þar sem gefin yrðu í hvert sinn þrenn verðlaun af opinberu fé. Hlutu molar af borði ríkis og bæjarsjóðs þá oft að falla í hlut keppenda án sýnilegra tilefna. Í öðru lagi mátti búast við, að starfsmenn í skrifstofum við opinberar framkvæmdir mundu ekki taka þátt í samkeppni, ekki í dómnefndarstarfi og ekki telja sér fært að standa fyrir framkvæmdum opinberra mannvirkja, þar sem óviðkomandi menn hefðu kastað fram viðvaningslegum tillögum án allrar ábyrgðar. Var þá einsætt, að þau stjórnarvöld, sem stóðu fyrir framkvæmdum, urðu að fara út um borg og bý og leitast eftir að fá einhverja svokallaða kunnáttumenn til að framkvæma verkin og það með ærnum kostnaði og án þeirrar reynslu, sem fæst með löngu trúnaðarstarfi við ákveðin verk. Þegar þingnefnd sendi málið til atvinnufélaga, húsagerðarmanna og verkfræðinga, báru svör þeirra með sér, að hér var lagt inn á braut, sem var í meira lagi viðsjál fyrir þjóðfélagið. Fyrir svörum verkfræðingafélagsins virðast hafa beitt sér menn, sem ókunnir voru þessum málum, svo sem efnafræðingurinn Jón Vestdal og rafmagnsfræðingurinn Jakob Gíslason. Óhætt er að fullyrða, að verkfræðingar eins og Geir Zoëga

og Emil Jónsson hafa ekki verið kvaddir til ráða um svörin. Kom þá strax í ljós, að hinir ungu áhugamenn skildu alls ekki, hvað hér var til umræðu. Blönduðu þeir algerlega saman hinni lauslegu hugmyndasamkeppni, sem gerð er í fullu ábyrgðarleysi, við samkeppni, sem er vel undirbúin og gildir ábyrga framkvæmd verksins. Mál þetta lá svo langt fyrir utan verkahring manna, sem fást daglega við að gera efnablöndur og reikna út mátt rafstrauma, að þeir fullyrða, að keppnin um sjómannaskólann, Neskirkju og síldarbræðsluna á Siglufirði hafi verið hugmyndasamkeppni. Hörður Bjarnason húsameistari sýnir glögglega í álitsskjali sínu þann reginmun, sem er á samkeppni um framkvæmd verks og hinni óábyrgu og loftkenndu hugmyndasamkeppni. Kom þá þegar í ljós, að áhugamennirnir um þetta mál í hópi verkfræðinga vissu svo lítið um efnið, að þeir svöruðu í austri, þegar spurt var í vestri.

Ekki tók betra við í félagi hinna embættislausu húsameistara. Þeim fór líkt og hinum drukknandi sjómanni í frægu leikriti, er hann ætlaði að hafa „faðirvorið“ yfir fyrir andlátið, en mundi í svipinn ekki eftir öðru úr hinni drottinlegu bæn en orðunum: Gef oss í dag vort daglegt brauð. — Þeir Halldór Jónsson og Sigurður Guðmundsson hafa ekkert annað um málið að segja en það, að glöggt verði að ákveða, af hvaða fé skuli greiða kostnað við samkeppni, — hvort borga skuli verðlaun og dómnefndarkostnað af sjóðum ríkis, bæja eða sveita. Að síðustu leggja þessir tveir kunnáttumenn til, að **„opinber sjóður“** greiði kostnaðinn. Hefur félag hinna ungu húsameistara í þetta sinn skapað hugmyndina „opinber sjóður“, og má kalla það nokkurs vert.

Ef hinir áhugasömu verkfræðingar og húsameistarar hefðu lesið greinargerð þess frumv., sem þeir mæltu svo ákaft með, en af of litlum skilningi, gátu þeir skilið til fulls, hvert stefnt var með málinu. Flutningsmenn höfðu sagt, að þeir vildu, „að fram fari samkeppni, ef ástæða þykir til þess, um hugmyndir að öllum meiri háttar mannvirkjum, sem byggð eru fyrir opinbert fé eða njóta opinbers styrks að verulegu leyti. Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið, til þess að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin, en hún er sá hluti verkefnisins, sem sízt fæst með lærdómi einum.“

Flutningsmenn fara ekki dult með tilgang sinn. Þeir ætlast til, að ráðherrar, bæjarstjórnir eða byggingarnefndir geti efnt til samkeppni um opinberar framkvæmdir, hvenær sem vera skal, og „opinber sjóður“ borgar. Ölfusárbrúin nýja er gott dæmi í þessu efni. Stjórnin býður út hugmyndasamkeppni. Sigurður Thoroddsen yngri segir, að „frumhugmyndin“ að mannvirki sé mikilvægasta atriðið, en samt sé „mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur“. Hvers konar viðvaningar í verkfræðingastétt eða utan hennar senda nú dómnefnd sínar mikilsverðu hugmyndir. Síðan á Geir Zoëga að taka við verðlaunahugmyndunum og beita lærdómi sínum og reynslu til að skapa nýja Ölfusárbrú.

Annað dæmi nærtækt í þessu efni er úr sögu hafnargerðanna. Fram að þessu hefur vitamálaskrifstofan annazt rannsókn og framkvæmdir hafnarmannvirkja hér á landi utan Reykjavíkur, en höfuðstaðurinn hefur í þjónustu sinni sérstaka hafnarverkfræðinga. Fyrir jól í vetur komu fram á Alþingi tilmæli frá Akureyri um styrk til mikilla hafnarmannvirkja, án þess að vitamálaskrifstofan hefði verið til kvödd um undirbúning og rannsókn. Á Akureyri er einhver bezta höfn á Íslandi, og á Oddeyrartanga hefur verið myndarleg skipasmíða- og viðgerðarstöð. Nú þótti þetta ekki nægja. Höfðu einhverjir meiri háttar hugmyndaeigendur á Akureyri ákveðið að gera nýja höfn norðan á Oddeyrartanganum og fengið sérstakan kunnáttumann til að undirbúa þar höfn og skipasmíðastöð. Var gert ráð fyrir, að þessi nýja höfn mundi kosta 15 milljónir króna. Tilgangurinn með því að fara fram hjá kunnáttumönnum ríkisins í hafnargerðum er sýnilega sá að vera laus við ábyrgð og aðhald, meðan verið var að koma verkinu af stað. Mun slíkum dæmum

fjölga, ef þær skrifstofur, sem hingað til hafa staðið fyrir verklegum framkvæmdum ríkisins, verða raunverulega lagðar niður, svo að flestar opinberar framkvæmdir verða gerðar í lausavinnu, án ábyrgðar gagnvart Alþingi og ríkisstjórn.

Nú í vetur var frumvarpið tekið upp af nýju og gekk umræðulítið gegnum neðri deild. Ekki var leitað umsagnar þeirra embættismanna ríkisins, sem hér áttu hlut að máli. Í menntamálanefnd efri deildar var reynt að bæta úr þessari vöntun. Fékk menntamálanefnd til viðtals nokkra af þeim mönnum, sem standa fyrir verklegum framkvæmdum ríkisins og Reykjavíkurbæjar, og létu þeir nefndinni í té álit sitt skriflega. Að lokum var málið sent til ríkisstjórnarinnar, en þar mun hafa ríkt allmikill skoðanamunur, eins og síðar mun að vikið.

Geir Zoëga vegamálastjóri gagnrýndi frumvarpið með sterkum rökum. Benti hann á, að hugmyndasamkeppni ætti ekki að byggjast á föstum grundvelli og búast mætti við, að sérfræðingur sá, sem við tæki, gæti ekki fellt sig við aðfengnu hugmyndina, sæi, að hún væri óheppileg sökum kostnaðar og af fleiri skiljanlegum ástæðum. Bendir hann á, að þeir, sem taka þátt í hugmyndasamkeppninni, séu algerlega óábyrgir um framkvæmd verkanna. Hins vegar tekur vegamálastjóri það fram, að virkileg samkeppni um mannvirki geti að sjálfsögðu komið til greina, en enga þörf telur hann sérstakrar löggjafar í þessu efni.

Hörður Bjarnason skipulagsstjóri bendir á, að gömul heimild er í lögum til að hafa samkeppni milli lærðra og leikra varðandi tiltekin atriði í skipulagi kaupstaða og kauptúna, en raunar hefur sú heimild aldrei verið notuð. Bendir það ekki á, að hugmyndasamkeppni um verklegar framkvæmdir muni eiga hér mikla framtíð. Hins vegar leggur skipulagsstjórinn megináherzlu á að sanna mismun á þeirri keppni, sem frv. stefnir að, og venjulegri samkeppni, sem leiðir til þess, að ákveðinn maður vinnur sigur í ábyrgri samkeppni og stendur síðan fyrir því að reisa mannvirkið. Miðar öll greinargerð skipulagsstjóra að því að sýna fram á, að frv. sé byggt á ónógri þekkingu á meginatriðum byggingarframkvæmda og eðlilegum undirbúningi og forstöðu við slík verk.

Húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, hafði árið áður sent stutt álit um málið. Benti hann þar á, að hugmyndasamkeppni eins og sú, sem frv. gerir ráð fyrir, væri hvergi tíðkuð erlendis. Hann bendir á fjárhagshlið málsins, að teiknistofa hans hafði árið 1942 sparað ríkissjóði nálega hálf útgjöld í húsameistaravinnu við ríkisbyggingu, auk fjölmargra annarra verka, sem teiknistofan vinnur fyrir ríkið. Hann bendir á, að eftir húsameistarataxta hefði átt að greiða 130 þús. kr. fyrir háskólabygginguna, en hún varð í framkvæmd eitt af embættisverkum hans. Glöggt dæmi um þetta atriði, þó að þess sé ekki getið í bréfi húsameistara, er, að ríkið borgar nú einstökum manni jafnháa fjárhæð fyrir teikningu og umsjón með byggingu sjómannaskólans og allur kostnaður varð við nýbygginguna Flensborgarskólans. Nú sendir húsameistari mjög ýtarlegt framhaldsálit. Bendir hann þar á, að frv. gerir ráð fyrir að leggja allar meiri háttar framkvæmdir ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga undir stöðugt samkeppnisskipulag, og þetta nær jafnt til húsa, brúa og hafnarmannvirkja. Hver einstakur ráðherra, forráðamenn bæjar- og sveitarfélaga svo og ýmiss konar byggingar- og framkvæmdanefndir geta heimtað samkeppni hver fyrir sig. Hlyti af þessu að skapast margháttuð upplausn og forsjárleysi um framkvæmdir. Þá leiðir húsameistari rök að því, hve erfitt yrði að fá dómnefndir hæfra manna, þar sem svo víða ætti að þreyta keppnina. Yrði ríkisstjórnin að fara bónarveg að húsameisturum og verkfræðingum og spyrja, hvort þeir ætluðu að keppa um hina og þessa framkvæmd, og ef svo er ekki, hvort þeir vildu taka sæti í einhverri dómnefndinni. Húsameistari bendir á, að enginn vandi eða ábyrgð hvíli á þeim, sem unnið hefur verðlaun í hugmyndasamkeppni varðandi ríkisframkvæmd. Vandinn hvílir eftir sem áður á vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins. Með því að sýna uppdrættina í viku hefur skapazt almenningsálit með og móti hinum ýmsu hugmyndum. Síðan fær forstöðumaður ríkisframkvæmda uppdráttinn, „sem hann sér, að ekki er hægt

að byggja eftir, hvorki er snertir samræmi ytri eða innri gerðar hússins eða þá kostnaðaráætlun þess. Fáir húsameistarar mundu undir þeim kringumstæðum fúsir til að taka á sig ábyrgð á slíku verki.“ Má af álitsskjölum vegamálastjóra og húsameistara ráða, að þeir draga sýnilega í efa, að dugandi menn vildu standa fyrir ríkisframkvæmdum, þar sem svo væri um hnútana búið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Guðjón Samúelsson bendir enn fremur á það, að engin þjóð hafi gert svo mikið sem tilraun til að koma á hugmyndasamkeppni eins og þeirri, sem hér er ráðgerð. Hann lætur þess enn fremur getið, að venjuleg samkeppni með fullri ábyrgð sé meira að segja mjög sjaldgæf á Norðurlöndum, þó að húsameistarar séu þar í hundraðatali, og þess vegna þyrfti þar hvorki að verða skortur á keppendum né dómendum. En samt er þar ekki nema tiltölulega sjaldan háð keppni með fullri ábyrgð.

Húsameistari ríkisins hefði getað bætt því við, hvers vegna svo margar af byggingum ríkisins bera mjög af hér á landi. Kemur þar fyrst til greina reynslan, þegar sami maður hefur til lengdar forstöðu um margbreytt verk, þar sem hann er kunnáttumaður. En auk þess hefur húsameistari ríkisins haft þá venju að hafa jafnan sér við hönd samstarfsmenn við allar meiri háttar byggingar, lækna við sjúkrahús, íþróttamenn við íþróttamannvirki, kennara og kennslukonur við skólabyggingar o. s. frv. Stórbyggingar eins og landsspítalann, sundhöllina, háskólann og þjóðleikhúsið hefur húsameistari ríkisins venjulega undirbúið um nokkurra ára skeið og jafnframt tekið sér á hendur ferðir til annarra landa, til að kynnast samtímaþróuninni erlendis. Þegar byggingarnefndir, valdar úr hópi þeirra manna, sem eiga að nota hið nýja hús, vinna síðan með húsameistaranum bæði að undirbúningi verksins og sjálfri framkvæmdinni, er áreiðanlega búið að finna það skipulag, sem bezt hentar Íslendingum. Það er auðvelt að sjá, hversu frumvarpið um hugmyndasamkeppni er byggt á lausum grundvelli. Samkvæmt stefnu þess hefði átt að byggja háskólann eða þjóðleikhúsið eftir lauslegum frumdráttum viðvaninga, sem hvorki höfðu undirbúning né reynslu til að geta fengizt við slík vandaverk.

Nefndin taldi rétt að gefa félagi húsameistara og verkfræðinga tækifæri til að skýra málið munnlega. Komu fulltrúar þeirra á fund nefndarinnar og auk þess Einar Sveinsson, húsameistari Reykjavíkurbæjar. Voru gerðar ýtarlegar tilraunir til að láta Vestdal efnafræðing og Einar Sveinsson húsameistara skilja tilgang og ákvæði frumvarpsins. En þó að texti greinargerðarinnar sé mjög ljós og ákveðinn, þá héldu þessir tveir kunnáttumenn fast við fyrri misskilning sinn og vildu ekki viðurkenna, að hugmyndasamkeppni um byggingu er allt annað en ábyrg samkeppni um framkvæmd verksins. Í fylgiskjölum þessa nefndarálits er þetta efni rakið svo greinilega í álitsgerðum vegamálastjóra, húsameistara og skipulagsstjóra, að ekki verður glögglegar gengið frá ótvíræðum röksemdum. Má af þessu sjá, hve lítill stuðningur er fyrir Alþingi að byggja gerbreytingu á yfirstjórn allra opinberra framkvæmda á skoðun manna, sem hafa sjálfir sýnt, að þeir vita alls ekki um efni þess frumvarps, sem liggur prentað fyrir til rannsóknar á Alþingi.

Þar sem glögglega kom í ljós, að fulltrúum þeirra tveggja stéttarfélaga húsameistara og verkfræðinga, sem mættu á fundi nefndarinnar, var ekki ljós stefna og tilgangur frv., fór ég fram á, að þeir létu nefndinni í té skriflegt álit. Tóku þeir Einar Sveinsson, húsameistari Reykjavíkurbæjar, og Jón Vestdal, efnafræðingur í rannsóknarstofu atvinnuveganna, vel þessum tilmælum, og er álit þeirra prentað sem fylgiskjal. Kemur þá glögglega fram, að þeir hafa ekki veitt eftirtekt skýringum frv., þar sem ljóslega er tekið fram, að samkeppnin eigi aðeins að ná til lauslegra frumdrátta, en síðan eigi sérfræðingur ríkisins að taka við og gera mestan „hluta hins sérfræðilega undirbúnings“, eins og flutningsmenn komast að orði. Ekki var heldur að sjá, að þessir tveir kunnáttumenn létu hins skýru rök húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og skipulagsstjóra verða sér til leiðbeiningar. Aðspurður játaði Einar Sveinsson, að

svo framarlega sem keppt yrði um byggingar á vegum Reykjavíkurbæjar, þá mundi hann þverneita að vinna úr hugmyndum annarra húsameistara, þótt þeir hefðu hlotið verðlaun í samkeppni. Auk þess játar Einar Sveinsson í álitsgerð sinni, að sú regla yrði yfirleitt höfð, að sá, sem hlyti verðlaun í hugmyndasamkeppni, yrði látinn standa fyrir byggingu þess mannvirkis, sem um væri að ræða í hvert sinn. En þetta var algerlega annað atriði en efni frumvarpsins. Þar er greinilega tekið fram, að flutningsmenn ætlist til, að verðlaunateikningum úr hugmyndasamkeppni yrði komið í hendur forráðamanna á teiknistofum ríkisins og Reykjavíkur og þeim skipað að framkvæma hinar aðfengnu hugmyndir. Frv. stefnir að því að lögbjóða þá skipun á undirbúningi og framkvæmd opinberra mannvirkja, sem Einar Sveinsson harðneitaði að taka þátt í sem embættismaður Reykjavíkurbæjar.

Nefndin fann, að þar sem málið snerti svo mjög ríkið og sveitarfélög landsins, væri ótilhlýðilegt að spyrja ekki um álit borgarstjórans í Reykjavík og ríkisstjórnarinnar. Borgarstjórinn lagði málið fyrir fund í bæjarráði, og var þar samþykkt mjög merkileg tillaga. Bæjarráð mótmælti öfluglega, að hugmyndasamkeppni yrði látin ná til mannvirkja Reykjavíkurbæjar, en mælti með því, að slík löggjöf yrði sett varðandi framkvæmdir ríkissjóðs. Bæjarráð fann, að frv. var háskalegt í eðli sínu og mundi leiða til upplausnar við framkvæmdir bæjarins. Þurfti ekki lengra að fara en til húsameistara bæjarins, sem vildi ekki heyra né sjá, að hann yrði látinn njóta góðs af hinum verðlaunuðu hugmyndum. Þó er vafasamt, hvort nokkur húsameistari í landinu hefði meiri þörf en Einar Sveinsson til að fá innfluttar hugmyndir úr þeirri andlegu atvinnubótastarfsemi, sem frv. átti að koma í fast horf.

Meðferð bæjarráðs á málinu er mjög eftirtektarverð. Bæjarráðsmenn fordæma algerlega þann hugmyndainnflutning, sem frv. mælir með. Þeir frábiðja sér slík gæði. En þeir gera góðlátlega gys að Alþingi. Það hefur þetta mál til meðferðar ár eftir ár. Ef þjóðarfulltrúarnir vilja koma þessu nýja skipulagi á framkvæmdamál landsins, þá er það þeirra mál. Þessi tviskipting um, hvað boðlegt er, á sér frægt fordæmi úr fornsögu Gyðinga. Þeir harðbönnuðu sölu á tiltekinni tegund skemmdra matvæla til landsins eigin barna, en heimiluðu, að sala færi fram til útlendinga.

Það má telja virðingarverða hreinskilni af hálfu Einars Sveinssonar að neita algerlega öllum tilraunum, sem aðrir kynnu að vilja gera í þá átt að þröngva honum til að taka til fósturs og framdráttar viðvaningslegar hugmyndir annarra manna. Þetta gera væntanlega allir menn, sem eru í svipaðri aðstöðu og hann. Alveg sérstaklega munu dugandi starfsmenn hjá ríki og bæjarfélögum neita að taka þátt í þeim sérkennilega, austurlenzka, andlega þrældómi, sem boðaður er í frv. um hugmyndasamkeppni.

Svo vel vill til, að meðan frv. þetta var í meðförum Alþingis, kom út merkileg bók, sem segir frá skiptum listamanns og húsameistara og bregður glöggri birtu yfir framkvæmd hugmyndasamkeppni. Fyrir jólin kom út sjálfsævisaga Einars Jónssonar myndhöggvara. Hann segir þar meðal annars frá aðdraganda listasafnsbyggingarinnar á Skólavörðuhæð. Ríkisstjórnin fól Einari Erlendssyni að standa fyrir húsagerðinni sem embættisverki. Hér áttu að vinna saman brautryðjandi íslenzkrar myndgerðar, einn af skörungum andlegs lífs á Íslandi, myndhöggvarinn Einar Jónsson, og mjög duglegur og reyndur húsameistari, Einar Erlendsson. En þeim kom ekki saman um eitt mjög verulegt atriði í gerð hússins. Listamaðurinn hafði mjög ákveðna skoðun um þetta atriði. Húsameistarinn leit allt öðrum augum á málið, og í hans höndum lá úrskurðarvaldið, því að hann var kunnáttumaður um verklegu framkvæmdina. Einar Jónsson segir mjög ýtarlega frá þessum skoðanamun milli hans og húsameistarans og var fullviss um, að í þessu efni hefði byggingarfræðingurinn á röngu að standa, þó að samvinna væri að öðru leyti hin bezta milli þeirra. Síðan liðu 15 ár. Einar Jónsson gleymdi ekki þeim missmíðum, sem hann hugði vera á húsi sínu, og tókst þá að fá landsstjórnina til að heim-

ila, að byggingin væri endurbætt í samræmi við upprunalega tillögu hans, eftir því sem hægt var við að koma eftir á. Þetta dæmi gefur nokkra hugmynd um, hversu fara mundi, ef settir væru þrír menn með verðlaunaðar hugmyndir til höfuðs sérfræðingum landsins í verklegum framkvæmdum við hvert mannvirki, sem einhverjum forráðamönnum byggingarmála þóknaðist að láta keppa um.

Ef Alþingi samþykkir frv. um hugmyndasamkeppni, eins og nú er komið, er bert, að það virðir minna trúnaðarmenn sína við verklegar framkvæmdir en Reykjavíkurbær, og sýnist það ástæðulítið, svo að ekki sé meira sagt. Geir Zoëga og Guðjón Samúelsson hafa staðið fyrir vegagerð, brúasmíð og húsabyggingum fyrir landsins hönd í meira en aldarfjórðung. Það hefur orðið hlutskipti Geirs Zoëga að standa fyrir því að tengja saman með vegum og brúm öll helztu héruð landsins. Guðjón Samúelsson hefur að sínu leyti haft forystu um byggingar, svo að hundruðum skiptir í þágu almennings. Liggur eftir báða þessa menn glæsilegt starf fyrir land og þjóð. Um Emil Jónsson er það að segja, að þótt hann hafi ekki veitt forstöðu hafna- og vitamálum nema um fárra ára skeið, nýtur hann almenns trausts fyrir störf sín. Nú er með frv. þessu lagt til að þrengja mjög kosti þessara manna. Má bezt sjá, hvert stefnt er, með því að athuga, að Einar Sveinsson húsameistari bæjarins þverneitar að framkvæma þau vinnubrögð á vegum Reykjavíkurbæjar, sem frv. ætlar framannefndum starfsmönnum ríkisins að búa við. Hann mun einnig hafa átt aðalþátt í því að dæma hugmyndasamkeppnina ósamboðna Reykjavíkurbæ. Ef tilgangurinn er að gera þeim Geir Zoëga, Guðjóni Samúelssyni og Emil Jónssyni ókleift að starfa fyrir landið, þá er miklu hreinlegra, að Alþingi láti á formlegan hátt í ljós þann vilja sinn, að þessum þremur mönnum verði vikið frá störfum, til þess að við verk þeirra megi koma að atvinnubótavinnu handa mönnum, sem hafa of lítið fyrir stafni. Það þarf alls ekki að kenna í brjósti um þessa þrjá starfsmenn landsins, þó að þeim yrði vikið frá störfum, því að þeir mundu hver um sig fá margföld laun fyrir störf sín í þágu einkarekstrar. En þó að þessi aðferð sé engan veginn meðmælaverð, þá er hún samt hreinlegri en að gera embætti þessara manna óboðleg sæmilegum mönnum með löggjöf, sem engin þjóð hefur enn sem komið er séð ástæðu til að lögfesta.

Að þessu máli öllu athuguðu legg ég til, að frv. verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem löggjöf hliðstæð þeirri, sem hér um ræðir, þekkist ekki með öðrum þjóðum, þar sem höfuðstaðurinn mótmælir henni fyrir sitt leyti og hið sama gera allir trúnaðarmenn ríkisins, sem um málið hafa verið spurðir, og þar sem sú skipun, sem mælt er með í frumvarpinu, mundi fæla úr þjónustu ríkisins alla dugandi menn frá forstöðu verklegra framkvæmda, en skapa glundroða og óstjórn um slík málefni, þá þykir deildinni ekki ástæða til að láta málið ganga lengra, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. febr. 1945.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 12. desember 1944.

Nokkrar athugasemdir við frv. til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum á þskj. 562.

Það virðist ekki tilætlunin samkvæmt frv., að t. d. ríkisstofnanir þær, er hlut eiga að máli í hvert sinn, sem samkeppni er ákveðin, láti af hendi til vinnanda í samkeppni að gera fullnaðaruppdrætti og fullnaðaráætlanir um byggingu eða mannvirki. Það verk á eftir sem áður að felast hlutaðeigandi ríkisstofnun. Þetta er mjög óvenju-

leg aðferð, þegar samkeppni er viðhöfð, og hætt við, að ekki sé heppilegt til góðs árangurs. Það er títt sitt hvað að gera frumdrætti að mannvirki eða fullnaðaruppdrætti og kostnaðaráætlanir. Það er að minnsta kosti hætt við, að það geti stundum farið svo, að frumdrættirnir verði ekki að tilætluðum notum, t. d. að sá, sem við tekur, felli sig ekki við þá, vilji ekki taka á sig ábyrgð á að byggja samkvæmt þeim eða að hreinlega komi í ljós og viðurkennist, að frumdrættirnir henta ekki vegna kostnaðar eða af öðrum sökum. Það er og augljóst, að hætt er við öðrum sjónarmiðum hjá keppanda, ef hann veit, að hann á aðeins að gera frumuppdráttinn, en ekki bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Væri t. d. um mikla og vandasama brúargerð að ræða, þyrftu keppendur að leggja allverulega vinnu í nokkuð fullkomna útreikninga og kostnaðaráætlun, því að vitanlega yrði dómnefndin einnig að taka til greina kostnaðarsamanburð. Þyrfti þá að heita allháum verðlaunum, ef þess á að vænta, að færir menn vildu leggja vinnu sína í samkeppnina.

Öðruvísi horfir málið, ef samkeppnin er þannig, að sá, sem gerir frumdráttinn og vinnur í samkeppninni, á síðar sjálfur að annast og bera ábyrgð á framkvæmd verksins, enda er það sú venjulega viðhafða aðferð og getur vitanlega oft gefizt ágætlega. Þá er og til meira að vinna en verðlaunanna einna. Hætt er þó við, að árangur yrði hér ekki eins góður vegna þess, hve fáir þeir eru — enn að minnsta kosti —, sem aðstöðu hefðu til þess að taka þátt í slíkri samkeppni.

Í grg. er ætlazt til, að starfsmenn hlutaðeigandi stofnana taki þátt í samkeppni. Ég tel vandkvæði á því, að aðstaða sé til þess, að þeir sem starfsmenn geti gert það, enda ekki þægilegt að vinna í opinberri skrifstofu að slíku verkefni, sem ekki á að koma fyrir augu margra á meðan. Hins vegar gætu slíkir starfsmenn vitanlega eins og hver annar unnið að verkefninu í einkatímum sínum utan skrifstofunnar.

Frumhugmyndasamkeppni eins og í frv. á hér frekar við þar, sem um stærri og flóknari verkefni er að ræða en einstaka byggingu eða mannvirki, svo sem t. d. brú. Má þar nefna, eins og tekið er fram í umsögn V. F. Í., fyrirkomulag framtíðarsíldarverksmiðju með ýmsum tilheyrandi mannvirkjum eða nýtízkutogara. Þá mætti og nefna skipulag bæja eða bæjarhverfa, enda er það heimilað í skipulagslögunum, en hefur þó aldrei þótt henta að koma í framkvæmd.

Að því er snertir opinbera aðila — aðra en ríkið og Reykjavíkurbæ, þá hafa þeir yfirleitt ekki enn í þjónustu sinni húsameistara eða verkfræðinga, og virðist mér þeim geti betur hentað að efna til fullkominnar samkeppni en aðeins um hugmyndir, ef um meiri háttar mannvirki er að ræða.

Til stofnana ríkisins og Reykjavíkurbæjar, er stjórna opinberum framkvæmdum, má ætla, að veljist jafnan vel færir sérfræðingar, sem hafi gott færi á að kynnast og fylgjast með í því fullkomnasta með öðrum þjóðum og með þeirri víðsýni og ábyrgðartilfinningu, að þeir einmitt geri sér far um að verða ekki of vanabundnir og einhæfir í framkvæmdum. Í þessu sambandi er þó vert að vekja athygli á, að yfirleitt þarf meiri kost sérfræðinga þar en völ er á nú sem stendur, því að það getur kostað mikla vinnu að gera marga frumdrætti að hugmyndum, áður en ákvörðun er tekin, en næst undanfarin ár hefur lítill tími unnizt til slíks undirbúnings vegna skorts á sérfræðingum.

Af ástæðum þeim, er hér hafa nokkuð verið ræddar, þykir mér hæpið, að frv. nái tilgangi, ef að lögum verður. Hins vegar er væntanlega heldur ekkert til fyrirstöðu því, að án nokkurrar lagasetningar sé ráðherra eða öðrum þeim, er slík verk láta framkvæma, heimilt jafnan, er þeim þykir ástæða til, að láta fara fram samkeppni á þeim grundvelli, er henta þykir í hverju einstöku tilfelli.

Geir G. Zoëga.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 16. des. 1944.

Frumvarp til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum — þskj. 562.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur óskað eftir umsögn minni um framangreint lagafrumvarp, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Samkeppni um hugmyndir að skipulagi bæja eða bæjahluta má telja hepppilega undir vissum kringumstæðum, og í samanburði við önnur verkleg efni má segja, að einna hægast sé að koma við samkeppni um hugmyndir að skipulagi.

Í lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, nr. 55 27. júní 1921, segir svo í 8. gr.:

„Hún ... (þ. e. ríkisstjórnin) getur boðið til samkeppni um skipulag fjölmennustu bæjanna, áður en farið er að vinna að fullkomnum skipulagsuppdrætti, einnig þeirra bæja, þar sem skipulagið sýnist tiltölulega vandasamt eða líkindi til, að bærinn vaxi hraðfara."

Hér er ríkisstjórninni þegar gefin heimild til þess að stofna til samkeppni um skipulag, sem þó ekki hefur verið talin ástæða til þess að nota sér enn sem komið er.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, getur því ekki talizt nýmæli, að því er snýr að framkvæmd skipulagsmálanna.

— — —

Um samkeppni um húsagerð almennt og byggingarlist leyfi ég mér að taka þetta fram:

Er þar venjulega um tvenns konar samkeppni að ræða, sem greina verður mjög skýrt á milli, annars vegar hugmyndakeppni, þar sem þátttakendum eru engin sérstök skilyrði sett um verkefnið, sem leysa skal. Er þar venjulega leitað hugmynda um, hvernig og hvað byggja skuli á tilgreindu landssvæði eða lóð. Svo að dæmi séu nefnd: Hvernig á hús í sveit að vera, hvernig skólahús framtíðarinnar, hvernig og hvar setja skuli niður ákveðnar iðnaðarstöðvar o. s. frv. Upplýsingar um sérstakar þarfir eða lýsing á kröfum byggjenda eru ekki í té látnar að öðru leyti og mælikvarði venjulega minni en ella. Með hugmyndasamkeppni er leitað að ramma undir uppdrætti og áætlanir um byggingarframkvæmdir, sem ekkert liggur fyrir um, hvernig haga skuli.

Gera verður ákveðinn greinarmun á hugmyndasamkeppni og venjulegri samkeppni, sem fylgir lýsing þess, sem krafizt er og að mínum dómi hentar mun betur okkar aðstæðum.

Virðast mér höfundar frumvarpsins gera of lítinn greinarmun á þessu tvennu, en meginmunurinn liggur í því, að í venjulegri samkeppni er hinum hlutskarpasta falið að annast framkvæmdir hugmyndar sinnar, þar til byggingunni er að fullu lokið, en hugmyndin aldrei afhent öðrum aðilum til úrvinnslu, svo sem opinberum stofnunum.

Þannig hefur og verið um samkeppni um nokkrar helztu byggingarframkvæmdir hér á landi, svo sem sjómannaskólann, Neskirkju, viðbót Landsbankans, bókasafn á Akureyri, bústaði háskólakennara, byggingarsamvinnufélög o. fl.

Er sú tilhögun að mun líklegri til jákvæðs árangurs en sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sérstaklega að því er snertir byggingarlistina. Í því sambandi verður að teljast fráleitt að ætla opinberum stofnunum, sem húsameistarar hjá bæ eða ríki veita forstöðu, að vinna úr verðlaunuðum hugmyndum eða uppdráttum stéttarbræðra sinna, því að líklegt er, að flestar byggingarfyrirætlanir um húsakost, sem ástæða væri til samkeppni um, hefðu ákveðnu markmiði að fullnægja, með ýtarlegri lýsingu um þarfir og kröfur byggjenda. Gilda þá einnig víðast lög og reglur stéttarfélaga um samkeppni.

Almenn þátttaka sérfræðinga í samkeppni er betur tryggð, þegar vitað er, að

hinn hlutskarpasti fær umsjón með framkvæmd hugmynda sinna og undirbúningurinn ekki falinn öðrum.

Í stuttu máli þetta:

Samkeppni um meiri háttar byggingaráform eru samkvæmt eðli sínu bæði gagnleg og lærdómsrík, þegar vel tekst.

Ég tel þó hæpið, að hugmyndasamkeppni í þeirri mynd, sem frumvarpið felur í sér, nái tilgangi sínum á almennum breiðum grundvelli.

En augljóst er, að setja ber nánari ákvæði um höfundarétt og skyldur keppenda í frumvarpið sjálft eða væntanlegar reglugerðir við framkvæmd laganna, ef samþykkt verða.

Virðingarfyllst,

Hörður Bjarnason.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

HÚSAMEISTARI RÍKISINS

Reykjavík, 5. jan. 1945.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar minnar um frumvarp á þingskjali 562, um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Fyrir nálægt ári síðan svaraði ég bréfi menntamálanefndar neðri deildar Alþingis varðandi frumvarp um hugmyndasamkeppni.

Ég benti þar á, að slíkt skipulag, sem þar ræddi um, væri hvergi tíðkað í öðrum löndum, að því er mér væri kunnugt um, og í öðru lagi, að teiknistofa húsameistara ríkisins sparaði ríkissjóði mikið fé árlega. Nú hefur menntamálanefnd efri deildar Alþingis sent mér frumvarpið lítið breytt. Mun ég að þessu sinni bæta við fyrra álit mitt nokkrum athugasemdum.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt, getur það breytt miklu varðandi opinberar byggingar, sem ríkið, bæjar- og sveitarfélög láta reisa. Það snertir einnig brúargerðir hjá vegamálastjóra og vitabyggingar og hafnarmannvirki vitamálaskrifstofunnar. Enn fremur mundi teiknistofa landbúnaðarins og Reykjavíkurbæjar heyra undir þetta nýja skipulag. Þegar þess er gætt, að í landsstjórninni eru 6 menn, borgarstjórinn í Reykjavík og fjöldamargar nefndir, sem standa fyrir byggingum skóla, sjúkrahúsa o. fl., og hver af þessum aðilum getur krafizt hugmyndasamkeppni um tiltekin byggingarverk, þá er auðsætt, að hér geta orðið margir húsbændur að verki. Mikill nýr kostnaður myndast við opinberar byggingar og lítið heildaryfirlit um hagsmuni ríkissjóðs.

Í frumvarpinu og fylgiskjölum þess, er minnzt á tvenns konar samkeppni, fyrst hina svokölluðu hugmyndasamkeppni, sem aðeins — í eðli sínu — nær til lauslegra frumdrátta að byggingunni. Þessi tegund samkeppni hefur ekki verið viðhöfð hér á landi, og það skipulag, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mér vitandi hvergi framkvæmt erlendis. Í álitsgerð verkfræðingafélagsins er vikið að vanalegri samkeppni bygginga, t. d. sjómannaskólanum, Neskirkjunni o. fl. Við slíka samkeppni fá keppendur ákveðnar reglur að styðjast við, og sá, sem fær fyrstu verðlaun, fær að framkvæma verkið eftir sínum uppdrætti og ber ábyrgð á því frá byrjun. Að vísu eru mjög skiptar skoðanir um gildi þessarar samkeppni, og hún er ekki meira notuð hjá nágrannaþjóðunum, þar sem tala húsameistara skiptir hundruðum, en svo, að árið 1936 voru í Danmörku 6 samkeppnir og 4 í Svíþjóð. En þó má segja um þetta skipulag, að það er fullkomlega framkvæmanlegt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að íslenzka þjóðin hefjist nú handa um hugmyndasamkeppni í stórum stíl. Í húsagerð einni saman mundi þetta nýja skipulag

snerta að verulegu leyti teiknistofur ríkisins, landbúnaðarins og Reykjavíkurbæjar. Á teiknistofu ríkisins er nú unnið að þessum byggingum: húsmæðraskóla í Borgarfirði og á Ísafirði, gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Siglufirði, fæðingarstofnun og hjúkrunarkvennaskóla í Reykjavík, barnaskóla á Ísafirði, farsóttarhúsi í Reykjavík, spítala á Akureyri.

Auk fyrrnefndra bygginga vinnur teiknistofa ríkisins að fjölmörgum minni byggingum víða um land.

Má af þessu sjá, að af miklu er að taka, ef breyta á til samkeppni fyrir allan þorra bygginga, sem ríkið og bæjarfélögin hafa þörf á að reisa í náinni framtíð.

Ég vík þá fyrst að framkvæmdum þessa máls varðandi dómnefndarskipunina. Hún getur, að mér virðist, orðið mjög erfitt verk fyrir ríkisstjórnina, því að ríkisstjórnin verður að líkindum í hverju einstöku tilfelli að leitast fyrir hjá álitlegustu kunnáttumönnum, hvort þeir ætla að keppa sjálfir í það sinn. Sífelld mannaskipti í nefndinni og erfiðleikar við að fá eftirsóknarverðustu mennina til að sitja í dómnum mundi fráleitt til að auka álit íslenzkrar húsagerðarlistar, eins og flutningsmenn frumvarpsins hafa vonazt eftir.

Að síðustu vil ég víkja nokkrum orðum að erfiðleikum við framkvæmd hugmyndasamkeppni opinberra bygginga hér á landi.

Þeir, sem taka þátt í samkeppninni, bera raunverulega enga ábyrgð á verkum sínum, því að aðalvandinn við byggingunа hvílir eftir sem áður á forstöðumanni þeirrar teiknistofu, sem framkvæmdirnar heyra undir. Svo er til ætlazt, að verðlaunauppdrættirnir liggi frammi til sýnis almenningi í eina viku. Fjöldi manns hefur þá tekið afstöðu til uppdráttanna, hver eftir sínum geðþótta, án þess að hafa nokkurn raunverulegan grundvöll að byggja á, t. d. hvort unnt sé að koma á hagkvæmu skipulagi innan húss í sambandi við útlit byggingarinnar.

Verðlaunuðu teikningarnar yrðu oft með órökstuddum meðmælum manna, sem ekki hafa glögga hugmynd um allar aðstæður, sendar til framkvæmdar á einhverja opinbera teiknistofu. Hlutaðeigandi forstöðumaður lendir þá í flestum tilfellum í miklum vanda. Hann fær uppdrátt, sem hann sér, að ekki er hægt að byggja eftir, hvorki að því er snertir samræmi ytri né innri gerðar hússins eða þá kostnaðaráætlun þess. Fáir húsameistarar mundu undir þeim kringumstæðum fúsir til að taka á sig ábyrgð á slíku verki.

Á þeim 25 ára tíma, er ég hef veitt forstöðu teiknistofu ríkisins, hefur starfað með mér svo að segja við hverja meiri háttar byggingu og oft árum saman nefnd valinna manna frá þeirri stofnun, sem á að fá húsið til afnota, og hafa slíkar nefndir að sjálfsögðu jafnan haft mikil áhrif, einkum á innri gerð og skipulag húsanna.

Útlit húsa myndast oft á löngum tíma af nánu samstarfi húsameistarans við þá menn, sem eiga að nota húsið og bezt bera skyn á, hversu því skal hagað. Þegar hér er komið máli, er annars vegar keppandinn, sem á verðlaunauppdráttinn og álítur, að hann hafi öðlazt töluverðan rétt, ekki sízt ef hann er studdur af dómi almennings, sem ekki hefur aðstöðu til að kynna sér hin eiginlegu gögn málsins. Til hinnar handar er svo forstöðumaður teiknistofunnar, sem framkvæma á verkið, sem sér svo marga ágalla á verðlaunauppdrættinum, að hann telur sér ekki fært að bera ábyrgð á framkvæmd hans, ekki einu sinni í aðalatriðum, og það því fremur sem væntanlegir notendur hússins munu e. t. v. engan veginn geta fellt sig við það fyrirkomulag, sem uppdrátturinn sýnir.

Sú ríkisstjórn, sem hefur komið framkvæmdum opinberra bygginga í þetta horf, mundi áreiðanlega tiltölulega fljótt sannfærast af reynslunni, að það er ekki tiltiljun, að engin þjóð hefur fram að þessu lögfest skipulag áþekkt því, sem mælt er með á þskj. 562.

Virðingarfyllst,

Guðj. Samúelsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Reykjavík, 14. des. 1944.

Vegna frumvarps þess á þskj. 562 um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, sem menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur flutt, vill Verkfræðingafélag Íslands fara þess á leit við háttvirta menntamálanefnd efri deildar Alþingis, að hún hlutist til um, að gerð verði sú breyting á frumvarpinu, að í stað setningarinnar „Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og er hann formaður dómnefndarinnar" í 2. gr. frumvarpsins komi: Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Er hann formaður dómnefndar og skal vera verkfræðingur eða húsameistari.

Er þessi tillaga vor í samræmi við tillögur vorar til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis (sbr. bréf dags. 22. febr. s. l.), og var þá gerð grein fyrir því, að slík skipun væri æskilegri. Er svo til ætlazt, að samkeppni fari einungis fram um meiri háttar byggingar og mannvirki (sbr. 1. gr. frv.), og virðist allt mæla með því, að meiri hluti þeirrar nefndar, sem á að dæma um „hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti" að slíkum mannvirkjum, sé skipaður kunnáttumönnum, en það er ekki tryggt, nema tillaga vor, er að framan greinir, eða einhver önnur, sem gengur í sömu átt, nái samþykkt.

Virðingarfyllst,

Jón E. Vestdal. Gústaf E. Pálsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal V.

Reykjavík, 9. janúar 1945.

Við undirritaðir vorum í gær (8. jan.) kvaddir á fund til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, þar sem frumvarp til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum var til umræðu. Að loknum þeim fundi vorum við beðnir að gefa nefndinni skriflegt álit okkar á frumvarpinu, einkum að því er snertir mun þann, sem einn nefndarmanna taldi vera á hugmyndasamkeppni samkvæmt frumvarpinu, og því, sem hann nefndi venjulega samkeppni.

Í 1. gr. frumvarpsins er það skilgreint, til hvers konar samkeppna frumvarpið skuli ná, en það er samkeppni „um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum". Hefur, að því er okkur er kunnugt, aldrei farið fram hér á landi annars konar samkeppnir en þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo að okkur er ókunnugt um mun þann, sem á að vera á „venjulegri" samkeppni og samkeppni samkvæmt áðurnefndu frumvarpi.

Þegar samkeppni hefur farið fram hér á landi um mannvirki, oft einhvers konar húsbyggingar, hefur aldrei verið óskað eftir fullnaðarteikningum að viðkomandi mannvirkjum, heldur aðeins frumuppdráttum, sem hafa átt að sýna glögglega hugmyndina um gerð þeirra og annað fyrirkomulag. Skilmálar þeir, sem settir hafa verið vegna samkeppnanna, hafa auðvitað verið mjög misjafnir. Stundum hafa skilyrðin verið fá, en oftar hafa þau verið allýtarleg, enda ekki við öðru að búast, því að samkeppnir hafa farið fram um hin gerólíkustu mannvirki. Þarf að sjálfsögðu t. d. nákvæmari skilmála, þegar samkeppni fer fram um stóran sjómannaskóla, heldur en við samkeppni t. d. um miðlungsstóran mótorbát, þar sem fátt annað þarf að taka fram en stærð skipsins.

Að öðru leyti viljum við mælast til þess við háttvirta menntamálanefnd efri deildar, að hún geri sitt til þess, að frumvarp þetta verði að lögum. Eins og áður er tekið fram, hafa samkeppnir farið fram hér á landi um meiri háttar mannvirki, en allt hefur verið á reiki um undirbúning að slíkum samkeppnum og skipun dómnefnda. Áðurnefnt frv. hlýtur að bæta mjög úr þessu hvoru tveggja, einkum ef því verður breytt á þá leið, að tryggt verði, að meiri hluti dómnefndar verði ætíð skipaður kunnáttumönnum.

Vegna umræðna þeirra, er fram fóru á áðurnefndum fundi menntamálanefndar, vill annar okkar, Einar Sveinsson, taka það sérstaklega fram sem sitt álit, að hann telji það æskilegt, að sú regla verði yfirleitt viðhöfð, þegar samkeppnir um húsbyggingar fara fram og hentugar lausnir berast, að sá, sem sigur ber af hólmi, fái tækifæri til að gera fullnaðarteikningar að húsinu og sjá um byggingu þess. Fæstum húsameisturum mun vera það geðfellt né fara það vel úr hendi að framkvæma hugmyndir annarra húsameistara. Álit þetta getur stundum einnig átt við önnur mannvirki, en þó mun það síður vera reglan.

Einar Sveinsson. Jón E. Vestdal.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal VI.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Reykjavík, 10. febrúar 1945.

Á fundi sínum í gær gerði bæjarráð svofellda ályktun:

„Lagt fram bréf frá menntamálanefnd efri deildar, dags. 9. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar um frv. til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Bæjarráð getur ekki fallizt á, að með lögum verði mælt fyrir um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, sem bæjar- eða sveitarsjóðir einir bera kostnað af, en telur ekki óeðlilegt, að á þann hátt verði mælt fyrir um þau mannvirki, sem ríkið kostar að öllu eða nokkru leyti."

Þetta tilkynnist hér með.

Bjarni Benediktsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal VII.

Ríkisstjórnin hefur móttekið bréf háttv. menntamálanefndar efri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar ríkisstjórnarinnar um frumvarp til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið málið fyrir á fundi, en forsætisráðherra hefur falið mér að svara bréfi háttv. nefndar.

Mæli ég eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Reykjavík, 9. febr. 1945.

Virðingarfyllst,

Brynjólfur Bjarnason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 1133. Breytingartillaga

við till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknisins við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Frá Helga Jónassyni.

Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Sþ. 1134. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Sþ. 16. febr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga, allt að 11100 krónum auk verðlagsuppbótar, og gangi styrkur þessi til að launa yfirlækni vinnuheimilisins, enda hafi hann jafnframt framkvæmdastjórn þess á hendi.

Sþ. 1135. Tillaga til þingsályktunar

um listasafn o. fl.

Flm.: Jónas Jónsson, Bjarni Benediktsson, Kristinn E. Andrésson, Haraldur Guðmundsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstjórnin á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveizlu og sýnis sem fullkomnustu safni af málverkum eftir þennan listamann.

Greinargerð.

Einn hinn stórbrotnasti íslenzkra listamanna, Jóhannes Kjarval, á sextugsafmæli á næsta hausti. Þjóðin á honum mikla þakkarskuld að gjalda fyrir starf hans í þágu íslenzkrar listmenningar, og þykir ekki mega dragast lengur en orðið er að gefa honum kost á betri starfsskilyrðum en hann hefur notið hingað til.

Nd. 1136. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Launatölurnar í I.—III. flokki breytast svo:
   a. Í I. fl. Fyrir „16000“ kemur: 15000.
   b. Í II. fl. Fyrir „15000“ kemur: 14000.
   c. Í III. fl. Fyrir „14000“ kemur: 13000.

2. Við 2. gr. Tvær síðustu málsgr. falla niður.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrsti liður (Ráðherrar). Fyrir „16000“ kemur: 15000.
   b. Fjórði liður (Deildarstjóri o. s. frv.). Fyrir „10200“ kemur: 7200—9600.
   c. Fimmta lið skal orða svo (og fellur þá niður svigasetningin á eftir):
      Fulltrúar I. flokks, skjalavörður í utanríkisráðuneyti og eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga .... 7200—9600.
   d. Úr sjötta lið falla niður orðin „og aðstoðarmenn í utanríkisráðuneyti“.
   e. Á eftir áttunda lið (Húsverðir) kemur nýr liður:
      Ritarar I. flokks .... 4800—6000.
4. Við 4. gr. Orðin „í London, Washington og Moskvu“ í fyrsta lið falla niður.
5. Við 6. gr. Á eftir öðrum lið (Fulltrúi) kemur nýr liður:
   Fulltrúi II. flokks .... 6600—9000.
6. Við 7. gr. (Hæstaréttarritari).
   Fyrir „6600—9000“ kemur: 7200—9600.
7. Við 8. gr.
   a. Á eftir fjórða lið (Aðalféhirðir o. s. frv.) kemur nýr liður:
      Fulltrúar II. flokks hjá tollstjóra .... 6000—8400.
   b. Níundi liður (Tollvarðstjórar) fellur niður.
8. Við 10. gr.
   a. Annar liður (Skipaskoðunarmenn). Fyrir „5400—7200“ kemur: 6000—7800.
   b. Áttundi liður (Bifreiðaeftirlitsmenn). Fyrir „5400—7200“ kemur: 6000—7800.
9. Við 11. gr.
   a. Fyrsti liður (Landlæknir). Fyrir „14000“ kemur: 13000.
   b. Annar liður. Fyrir „Yfirberklalæknir“ kemur: Berklayfirlæknir.
   c. Fimmta lið skal orða svo (svigasetn. á eftir fellur niður):
      Héraðslæknar í Reykjavík og á Akureyri .... 11100.
   d. Ellefti liður (Yfirhjúkrunarkonur o. s. frv.). Fyrir „6000—8400“ kemur: 8400.
10. Við 12. gr.
   a. (Yfirdýralæknir). Fyrir „6000—7800“ kemur: 6000—8400.
   b. (Dýralæknar). Fyrir „5400—7200“ kemur: 6000—7800.
11. Við 13. gr.
   a. Fyrsti liður (Biskup). Fyrir „14000“ kemur: 13000.
   b. Annar og þriðji liður verða einn liður, svolátandi:
      Vígslubiskupar, prófastar og biskupsritari .... 9000.
   c. Fimmti liður (Biskupsritari) fellur niður.
12. Við 14. gr.
   a. Úr öðrum lið falla niður orðin „og háskólabókavörður“.
   b. Fjórði liður (Lektorar) fellur niður.
   c. Á eftir „Háskólaritari“ í fimmta lið kemur: og háskólabókavörður.
13. Við 15. gr.
   a. Fyrir „vísindastofnana“ í upphafi gr. kemur: stofnana.
   b. Tólfti liður (Forstjóri veðurstofu). Fyrir „10200“ kemur: 11100.
   c. Nýr liður á eftir:
      Fulltrúi .... 10200.
   d. Aftan við gr. kemur aths.:
      Ef sérfræðingur atvinnudeildar hefur á hendi kennslu við háskólann án sérstakra launa, er ráðherra heimilt að ákveða, að hann taki sömu laun og prófessorar (11100).
14. Við 16. gr. Á eftir orðinu „kennslustarf“ í fyrstu málsgr. eftir launaliðina kemur: minnst.
15. Við 18. gr. Orðin „útvarpsvirkjar II. flokks“ í þriðja lið að aftan falla úr þessum lið, en bætast við næsta lið á undan.

16. Við 20. gr.
    a. Fyrsti og annar liður verða einn liður, svolátandi:
    Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins .... 13000.
    b. Nýr liður á eftir:
    Yfirverkfræðingar, skipulagsstjóri og skrifstofustjóri vegamála .... 10200.
    c. Fjórða og fimmta lið skal orða svo (að óbreyttum launatölum):
    1. Húsameistarar I. flokks.
    2. Húsameistarar II. flokks.
    d. Sjötti liður (Skrifstofustj. vegamálastjóra) fellur niður.
    e. Í stað áttunda liðar koma tveir liðir, svo hljóðandi:
    1. Land- og sjómælingamenn I. flokks .... 7200—9600.
    2. Land- og sjómælingamenn II. flokks .... 6000—8400.
    f. Á eftir tíunda lið (Birgða- og efnisverðir) kemur nýr liður:
    Aðalverkstjórar vega, vita og hafna .... 6000—7800.
    g. Tólfta lið (Aðstoðarmaður o. s. frv.) skal orða svo:
    Kafari vitamálastjóra .... 5400—7200.

17. Við 22. gr. Greinina skal orða svo:
    Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

1.	Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
2.	Yfirverkfræðingur		11100
3.	Skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, póstmeistarinn í Reykjavík		10200
4.	Póstmálafulltrúi, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði og Seyðisfirði og verkfræðingar	7200—	9600
5.	Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks í póststofunni í Reykjavík, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingar og símastjórinn í Vestmannaeyjum	6600—	9000
6.	Símastjórinn í Hafnarfirði, stöðvarstjórarnir á stuttbylgjustöðinni í Gufunesi og á Vatnsenda, birgðastjóri landssímans í Reykjavík, fulltrúar II. flokks, aðalteiknari, ritsímavarðstjórar, verkstæðisverkstjórar og verkstjórar bæjarsíma Reykjavíkur	6000—	8400
7.	Símritarar I. flokks, loftskeytamenn I. flokks, símvirkjar I. flokks, póstafgreiðslumenn í Reykjavík I. flokks, iðnaðarmenn I. flokks, efnisvörður landssímans, línuverkstjórar, bókarar, bréfritari aðalskrifstofu og umsjónarmaður bíla landssímans	6000—	7800
8.	Símritarar II. flokks, símvirkjar II. flokks, loftskeytamenn II. flokks, iðnaðarmenn II. flokks, teiknarar, línumenn I. flokks, póstafgreiðslumenn II. flokks í Reykjavík, bréfberar	4800—	6600
9.	Aðstoðarmenn, línumenn II. flokks, bílstjórar, ritarar I. flokks og varðstjóri við langlínumiðstöð	4800—	6000
10.	Talsímakonur og ritarar II. flokks	4200—	5400
11.	Ritarar III. flokks	3300—	4800

    Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símastjóra á 1. fl. B. og 2. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

18. Við 23. gr.
    a. Fyrsti liður (Forstjóri). Fyrir „14000“ kemur: 13000.
    b. Fjórði og fimmti liður verða einn liður, svo hljóðandi:
    Afgreiðslustjóri, innkaupastjóri og verkstjóri við skipaafgreiðslu .... 6000—8400.
19. Við 25. gr. Fjórtándi liður (Útsölustjórar áfengisverzlunar o. s. frv.). Fyrir „9600“ kemur: 6000—8400.
20. Við 26. gr.
    a. Sjöundi liður skal hljóða svo (að óbreyttum launatölum):
    Bókari III. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun, afgreiðslumaður og iðnaðarmaður.
    b. Úr næsta lið falla orðin „útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun“.
21. Við 30. gr.
    a. Á eftir fimmta lið kemur nýr liður:
    Skólastjórar húsmæðraskóla .... 8400.
    b. Texta sjöunda liðar skal orða svo:
    Kennarar héraðsskóla og húsmæðraskóla.
    c. Fyrir töluna „7“ í næstu mgr. kemur: 9.
22. Við 32. gr. Greinina skal orða svo:
    Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er kennslumálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, er þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.
23. Við 34. gr. Annan málsl. síðari málsgr. skal orða svo: Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna.
24. Við 37. gr.
    a. Úr fyrstu málsgr. falla burt orðin „aðrar en fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu“.
    b. Síðari málsl. 2. málsgr. („Ráðherra setur .... sem í hlut á.“) fellur niður.
25. Málsliðina í 3.—28. og 30. gr., sem við launatölur eru tengdir, skal tölusetja í framhaldandi töluröð innan hverrar greinar (sbr. 17. brtt. hér að framan).

Nd. 1137. Nefndarálit

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel þörf á því, að sett verði lög um laun ríkisstarfsmanna í stað launalaganna frá 1919. Þau lög eru löngu úrelt orðin, og hefði verið æskilegt, að fyrr en nú hefði verið að því horfið að setja önnur í þeirra stað.

Það er nauðsynlegt, að sem bezt sé vandað til löggjafar um þetta þýðingarmikla mál. En mér virðist, að mikið skorti á, að málið hafi fengið þann undirbúning, sem átt hefði að vera, og það frv. til launalaga, sem hér liggur fyrir, sé því gallað á margan hátt.

Ég vil þá fyrst víkja að því, að frumvarpið fjallar nær eingöngu um einn þátt málsins, þ. e. launagreiðslurnar til embættis- og starfsmanna ríkisins, en öll ákvæði vantar í frv. um önnur atriði, sem eru nátengd þessu og ætti að lögfesta samtímis, svo sem ákvæði um skyldur og réttindi starfsmannanna. Slík ákvæði eru í núgildandi launalögum. Og í frv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra, sem samið var af milliþinganefnd í launamálum árið 1934, eru ákvæði um öll þau atriði, sem snerta ráðningu starfsmannanna og kjör þeirra, svo sem veitingu starfa, lausn frá störfum, aukastörf, skyldur starfsmanna, daglegan starfstíma, launagreiðslur til þeirra o. s. frv. Þannig átti vitanlega einnig að vinna að málinu nú.

Þá var einnig hin mesta nauðsyn á því, að í sambandi við þetta mál væri hafin

rækileg rannsókn á því, hvernig unnt væri að fækka opinberum störfum og embættum og gera allt starfsmannakerfi ríkisins einfaldara og ódýrara en nú er. Þetta þýðingarmikla atriði hefur algerlega verið vanrækt við undirbúning frumvarpsins.

Við setningu launalaga tel ég m. a. nauðsynlegt, að sérstaklega sé gætt eftirfarandi atriða:

1. Að samræmi sé í launum starfsmannanna innbyrðis.
2. Að launin séu ákveðin hæfilega há, miðað við þjóðarhag og tekjur annarra landsmanna, sérstaklega þeirra, er vinna að framleiðslustörfum.

Um fyrra atriðið er það að segja, að efri deild þingsins gerði talsverðar breytingar á launum einstakra starfsmanna eða starfshópa frá því, sem ákveðið var í frv. upphaflega. Fjárhagsnefnd þessarar deildar ber einnig fram breytingartill. um tilfærslu nokkurra starfsmanna milli launaflokka. En þótt þessar brtt. verði samþykktar, get ég búizt við, að hægt verði að benda á dæmi um ósamræmi í launaákvæðum frv., enda má lengi deila um, hvað rétt sé í þeim efnum, og sýnist jafnan sitt hverjum.

Hitt atriðið, að launin séu ákveðin hæfilega há miðað við þjóðarhag og tekjur framleiðslustéttanna í landinu, tel ég þýðingarmest í sambandi við afgreiðslu málsins. En svo virðist sem fram hjá því hafi verið gengið við undirbúning og meðferð frumvarpsins að athuga þessa hlið málsins svo sem vert er.

Þeirri venju hefur verið fylgt að undanförnu að láta launin breytast eftir verðlagi á nauðsynjum. Er þetta gert með því að borga uppbót á launin eftir dýrtíðarvísitölu. Með þessu er raunverulega stefnt að því að skapa starfsmönnunum óbreytileg lífskjör, hvernig sem öðrum vegnar. Í stað þess að halda þessari reglu, vil ég, að **launin verði framvegis látin breytast eftir framleiðslutekjum þjóðarinnar.**

Um þessa breytingu var ekki hægt að ná samkomulagi í fjárhagsnefndinni, og er það fyrst og fremst ágreiningurinn um þetta grundvallaratriði, sem veldur því, að ég gef út sérstakt nefndarálit. Flyt ég einnig brtt. um þetta efni við 33. gr. frv., sem fjallar um verðlagsuppbótina.

Efnaleg afkoma þjóðarinnar byggist á vöruframleiðslu til innanlandsnotkunar og útflutnings. Með framleiðslu á vörum til notkunar í landinu sjálfu er að verulegum hluta fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir fæði og klæði og einnig að nokkru fleiri þörfum. En að öðru leyti er vöruþörf landsmanna fullnægt, að svo miklu leyti sem hægt er hverju sinni, með innflutningi frá öðrum löndum, sem borgaður er með útfluttum framleiðsluvörum. Annan gjaldeyri hefur þjóðin ekki til að borga með þessar innfluttu vörur, a. m. k. ekki á venjulegum tímum. Vinna hjá útlendingum síðustu árin, sem hefur verið borguð með erlendum gjaldeyri, er undantekning.

Vöruframleiðslan er þannig undirstaðan í fjármálalífi þjóðarinnar. Á henni hvílir öll þjóðfélagsbyggingin. Það eru ekki aðeins þeir, sem beinlínis vinna að framleiðslustörfunum, sem hafa lífsframfæri sitt þar af. Svo er einnig um alla aðra. Kaupsýslufólk, sem er margt í þessu landi, hefur tekjur sínar af að verzla með innlendar vörur eða aðfluttan varning, sem borgaður er með innlendum útflutningsvörum. Ríkið og sveitarfélögin hafa sínar tekjur einnig raunverulega frá framleiðslunni, þótt nokkuð af þeim fari um hendur millilíða á leið sinni til ríkissjóðsins og sveitarsjóðanna. En allmikill hluti af tekjum ríkisins fer til að launa starfsmenn þess, og svo er einnig um tekjur sveitarsjóða. Hér ber því allt að sama brunni. **Öll þjóðin lifir af framleiðslunni.** Aðrar raunverulegar tekjulindir eru ekki til.

Tekjur þeirra manna, er vinna við framleiðsluna, fara eftir því, hve mikill arður er af henni ár hvert. Að vísu er það svo um allmarga, er vinna við framleiðslustörf nú á tímum, að þeir taka ákveðið kaup fyrir vinnu sína hjá svonefndum atvinnurekendum, en vinna ekki að vöruframleiðslu „fyrir eigin reikning“. En þegar til lengdar lætur, hljóta þó tekjur þeirra að fara eftir því, hvað framleiðslan gefur af sér. Þar er ekki, fremur en annars staðar, hægt að taka meira en til er.

Öllum ætti að vera ljóst, hverja þýðingu störf þeirra manna, sem vinna að vöruframleiðslunni, hafa fyrir þjóðfélagið. En fleiri verk þarf að vinna. Embættis- og starfsmenn ríkisins gegna einnig nauðsynjastörfum, og sama er að segja um þá, er

annast nauðsynleg vörukaup, vörusölu og vöruflutninga fyrir landsmenn. En þar sem allir þessir menn lifa beint eða óbeint af vöruframleiðslunni, eiga starfslaun þeirra að fara eftir framleiðslutekjum þjóðarinnar á hverjum tíma. Það er sanngjarnasta aðferðin við ákvörðun launa, sem fundin verður, og þetta er einnig öruggast fyrir launamennina.

Afkoma framleiðenda er misjöfn eftir árferði. Þegar erfiðleikar steðja að þeim, vegna þess að afli og uppskera bregðast eða afurðirnar falla í verði, er sanngjarnt, að aðrir þegnar þjóðfélagsins taki á sig nokkurn hluta af þeim byrðum. En þegar vel árar og tekjurnar af framleiðslunni aukast, eiga allir landsmenn að njóta þess. Framfarir í atvinnuháttum, sem auka þjóðartekjurnar, verða þá einnig öllum til hagsbóta.

Ekki er mér kunnugt um afstöðu launamanna til þessa máls. Verið getur, að einhverjir þeirra séu andvígir þeirri tillögu, sem hér er fram borin. E. t. v. álykta þeir, að með öðrum aðferðum geti þeir tryggt sér hærri laun og bættan hag. En jafnvel þótt þeir gætu fengið sett launalög, sem skipuðu fyrir um launagreiðslur, er væru óeðlilega háar í samanburði við tekjur framleiðenda, þá yrði það skammgóður vermir. Sá kastali væri byggður í loftinu, undirstöðulaus, og mundi fljótt hrynja yfir höfuð þeirra. Hagur ríkissjóðs er svo mjög tengdur afkomu framleiðslunnar, að möguleikar hans til að borga laun og annað, sem honum er ætlað að kosta, fara þar eftir.

Sumir halda því fram, að laun ríkisstarfsmanna eigi að vera ákveðin með hliðsjón af launagreiðslum fyrir svipuð störf hjá einkafyrirtækjum, t. d. launum verzlunarfólks. Um þetta er það að segja, að engin vissa er fyrir, að þær launagreiðslur séu sanngjarnar nú, miðað við þjóðarhag. En hitt er rétt, að hér á að vera jöfnuður á. Alþingi á að hafa forustu um að koma á réttlátu launafyrirkomulagi, með því að ákveða laun ríkisstarfsmanna í samræmi við þjóðarhag. Síðan á að hlutast til um, ef þörf gerist með afskiptum löggjafarvaldsins, að einstaklingsfyrirtæki taki sömu stefnu í launamálum. Það er ekki heppilegt, að verzlanir eða önnur fyrirtæki dragi til sín fólk frá framleiðslustörfum eða úr þjónustu ríkisins með óhóflegum launagreiðslum, en láti viðskiptamenn sína borga með óþarflega háu verði á vörum og þjónustu. Slíkt á ekki að láta afskiptalaust.

Með þeirri tilhögun á launagreiðslum til ríkisstarfsmanna og afskiptum af launamálum einstaklingsfyrirtækja, sem hér er stungið upp á, verða tekjur landsmanna jafnari og skipting þjóðarteknanna réttlátari en ella. Þetta mundi verða til þess að eyða óánægju, öfund og metingi milli stétta, sem er eitur í þjóðlífinu, ef það fær að þróast. Með þessu væri einnig mjög dregið úr þeirri hættu, að menn yfirgefi í stórum stíl einstakar atvinnugreinar, þar sem þörf er fyrir vinnu þeirra, og leiti annarra starfa, sem e. t. v. eru ekki eins þýðingarmikil fyrir þjóðfélagið, í von um betri kjör þar.

Tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert er ekki hægt að reikna út fyrr en árið er liðið. Í þingsályktun um útreikning á framleiðslutekjunum, sem samþykkt var á Alþingi 5. okt. 1944, er svo fyrir mælt, að útreikningi teknanna skuli lokið í septembermánuði árlega fyrir næstliðið ár. Þótti ekki framkvæmanlegt að ljúka þeim útreikningum á skemmri tíma en 8—9 mánuðum frá árslokum. Af þessu leiðir, að breytingar á launum, sem eiga að fylgja framleiðslutekjunum, hljóta að koma á eftir breytingunum á tekjunum. En ekki verður séð, að þetta sé svo þýðingarmikið atriði, að ástæða sé til að láta það standa í vegi fyrir því, að sú regla verði upp tekin að miða launagreiðslurnar við tekjur þjóðarinnar af framleiðslustarfseminni.

Það mun engum sérstökum vandkvæðum bundið að reikna út framleiðslutekjurnar eftir ákveðnum reglum og þær breytingar, sem verða á þeim frá ári til árs, en eftir þeim eiga launin að breytast, samkvæmt þeirri tillögu, sem hér er fram borin. Vil ég leitast við að skýra hér með nokkrum orðum efni þeirrar brtt., sem ég flyt við 33. gr. frv. um þetta mál.

Eins og áður er að vikið, var ríkisstjórninni falið, með þingsályktun, er samþykkt var 5. okt. 1944, að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár

hvert, þ. e. verðmæti landbúnaðarvara, sjávarafurða og þeirra iðnaðarvara, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðarbúskapinn. Í fyrsta sinn á að reikna út framleiðslutekjurnar árin 1943 og 1944, og sé því lokið í septembermánuði 1945. Síðan séu tekjurnar reiknaðar út ár hvert þar á eftir eftir sömu reglum. Ég legg til, að byggt verði á þessum væntanlegu útreikningum, en til viðbótar tekjunum af vöruframleiðslunni verði taldar tekjur landsmanna fyrir störf hjá útlendingum. Laun fyrir þá vinnu munu hafa verið allmikil síðustu árin og borguð í erlendum gjaldeyri. Þær tekjur eru því sambærilegar þeim, sem fást fyrir útflutningsvörurnar, og rétt að telja þær þar með. Einnig verður að telja með framleiðslutekjunum þann hluta af söluverði einstakra vörutegunda, sem ríkissjóður hefur borgað. Heildartekjuupphæð hvers árs verði deilt með tölu landsmanna í byrjun ársins, til þess að fá út meðaltekjuupphæð á hvern íbúa ár hvert, en eftir þeim tölum reiknast **launavísitölur**, og gildir hver vísitala um eins árs skeið. Launavísitala ársins 1944 verði fundin á þann hátt, eins og segir í brtt., að meðaltekjuupphæð á hvern landsmann á því ári verði margfölduð með 256, en útkomunni deilt með meðaltekjuupphæð ársins 1943. Með þeirri vísitölu, sem þannig verður fundin, verði grunnlaunin, sem ákveðin eru í lögunum, umreiknuð frá 1. okt 1945 til 1946, en þá komi í gildi ný vísitala (launavísitala ársins 1945), sem fundin verði á sama hátt, og síðan ný vísitala á hverju ári. Með því ákvæði brtt., að aldrei skuli reiknað með lægri vísitölu en 100, er það tryggt, að launin fari ekki niður fyrir ákveðið lágmark.

Talan 256, sem hér er nefnd og við er miðað, er meðalvísitala framfærslukostnaðar árið 1943. Er þetta byggt á því, að grunnlaunin, sem lögákveðin verða, umreiknuð með vísitölu 256, hefðu orðið í eðlilegu samræmi við tekjur framleiðenda árið 1943. Nú er mér hins vegar ljóst, að til þess að ná því samræmi er óhjákvæmilegt að gera breytingar á grunnlaunaákvæðum frv., a. m. k. í flestum launaflokkunum. Tillögur um þær breytingar hef ég ekki tilbúnar nú þegar, en mun leggja þær fram fyrir 3. umræðu málsins, ef þingdeildin samþykkir brtt. mína við 33. gr. frv., sem hér hefur verið lýst.

Það er óneitanlega vandasamt að ákveða launin hæfileg í upphafi. Sá vandi verður helzt leystur með því að hafa til hliðsjónar tekjur þeirra manna, er vinna að framleiðslustörfum á því ákveðna ári, sem miðað er við.

Skylt er að líta á það, að mörg af þeim störfum, sem ríkið þarf að láta vinna, eru þannig, að til þess að geta gegnt þeim þurfa menn að eyða löngum tíma og miklum fjármunum til náms. Þessir embættismenn og aðrir, sem gegna sérstaklega ábyrgðarmiklum störfum fyrir þjóðfélagið, eiga að njóta hærri launa en þeir, sem starfa að auðlærðari og vandaminni verkum. Hins vegar eru mörg störf við stofnanir ríkisins þannig, að þau krefjast ekki meiri eða kostnaðarsamari skólalærdóms en algengt er og æskilegt, að fólk veiti sér nú á tímum. Svo er t. d. um venjuleg skrifstofustörf. Þeir, sem hafa hæfileika og löngun til slíkra starfa, munu sjaldan þurfa að kosta meiru til náms til að geta sinnt þeim, heldur en það fólk, sem aflar sér menntunar í sjómannaskólum, bændaskólum og húsmæðraskólum til undirbúnings ævistarfinu.

Fleira kemur til álita, þegar meta skal, hversu há laun ríkisstarfsmanna eiga að vera í hlutfalli við tekjur þeirra, er vinna að framleiðslustörfum. Daglegan vinnutíma þessa fólks þarf að bera saman. Þá má á það líta, að skrifstofuvinna er léttari og hreinlegri heldur en útivinna og framleiðslustörf yfirleitt, og. m. a. þess vegna er hún mörgum geðfelldari nú á tímum.

Það er engin ný uppgötvun, sem hér er fram borin, að rétt sé að miða launagreiðslur við framleiðslutekjurnar. Tillaga mín er í raun og veru um það að endurvekja hina fornu landaura. Tillögur í þessa átt hafa áður komið fram. Í milliþinganefnd í launamálum, sem starfaði árið 1934, flutti einn nefndarmaðurinn, Arnór Sigurjónsson frá Laugum, ákveðnar tillögur um þetta efni, sem birtar eru í áliti nefndarinnar á bls. 199—202. Var það tillaga Arnórs, að reiknað yrði meðalverð íslenzkrar framleiðslu og rannsakað magn hennar og starfslaunin ákveðin samkvæmt því. Fleiri hafa bent á þessa leið, bæði fyrr og síðar, og hvatt til þess, að hún yrði farin.

Í samræmi við aðalbreytingartillögu mína við 33. gr., flyt ég aðra brtt., um að lögin öðlist gildi 1. okt. 1945. Er þetta vegna þess, að útreikningi á framleiðslutekjum þjóðarinnar árið 1944 verður ekki lokið fyrr en í septembermánuði þ. á. eins og áður segir. Ég leyfi mér því að bera fram við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
   Grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal umreikna með launavísitölu, sem fundin sé eftir ákvæðum þessarar greinar.
   Þegar reiknaðar hafa verið tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu árið 1943, samkvæmt fyrirmælum þingsályktunar frá 5. okt 1944, skal bæta þar við þeim upphæðum, sem ríkið borgaði til verðlækkunar innan lands á íslenzkum vörum af framleiðslu ársins 1943, og enn fremur tekjum landsmanna fyrir störf hjá útlendingum sama ár. Heildarupphæð tekna samkvæmt framansögðu skal deilt með tölu landsmanna í ársbyrjun 1943.
   Eftir sömu reglum og um getur hér að framan skal reikna tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu og vinnu hjá útlendingum árið 1944 og deila útkomunni með tölu landsmanna í byrjun þess árs.
   Meðaltekjuupphæð ársins 1944 (á hvern landsmann) skal margfalda með 256 og deila útkomunni með meðaltekjuupphæð ársins 1943. Útkoman verður launavísitala ársins 1944. Eftir þeirri vísitölu skal umreikna launagreiðslur (grunnlaunin) á tímabilinu 1. okt. 1945 til jafnlengdar næsta ár, þannig að launaupphæðirnar margfaldist með vísitölunni og útkoman deilist með 100.
   Á sama hátt skal síðan finna launavísitölu hvers árs, og umreiknast launin eftir hverri nýrri vísitölu um eins árs skeið frá 1. okt. ár hvert.
   Við umreikning grunnlauna samkvæmt þessari grein skal þó aldrei reiknað með lægri vísitölu en 100.
2. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1945.

Alþingi, 16. febr. 1945.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 1138. Nefndarálit

um till. til þál. um leigu á færeyskum skipum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á einum fundi. Mættu þeir forsætisráðherra og atvinnumálaráðherra á fundinum, og ræddi nefndin málið við þá ýtarlega.

Var samþykkt eftir nokkrar umræður að leggja til, að þáltill. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir meginmálsgreininni komi:

Enda leitist ríkisstjórnin við að tryggja eftir föngum hagsmuni þeirra staða, sem örðugast eiga um útflutning. Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þessar ráðstafanir kunna að hafa í för með sér.

Alþingi, 16. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurður Þórðarson, fundaskr., með fyrirvara.	Sigurjón Á. Ólafsson.
Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.	Haraldur Jónasson.	Steingrímur Aðalsteinsson.

Sþ. 1139. Breytingartillaga

við till. til þál. um leigu á færeyskum skipum o. fl.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Upphaf tillögugreinarinnar orðist svo:
Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að samþykkja samning um leigu á færeyskum skipum til fiskflutninga og jafnframt o. s. frv.

Ed. 1140. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1941.

(Afgreidd frá Ed. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 840.

Sþ. 1141. Þingsályktun

um leigu á færeyskum skipum o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 16. febr.)

Alþingi ályktar að samþykkja samning þann um leigu á færeyskum skipum, sem prentaður er sem fylgiskjal með þessari þingsályktun, og jafnframt að heimila ríkisstjórninni að leigja skip þessi öðrum eða annast rekstur þeirra, ef þörf krefur, enda leitist ríkisstjórnin við að tryggja eftir föngum hagsmuni þeirra staða, sem örðugast eiga um útflutning. Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þessar ráðstafanir kunna að hafa í för með sér.

Fylgiskjal. (Samhljóða fskj. á þskj. 1120.)

Nd. 1142. Nefndarálit

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft þetta mál til meðferðar frá 31. janúar s. l. Hefur hún farið allnákvæmlega í gegnum frv. og rætt við nokkra forstöðumenn stofnana og fleiri, sem láta sig þetta mál varða. Þær breytingartillögur, sem nefndin flytur, eru yfirleitt til samræmingar á launakjörum og byggðar á sama grundvelli og frumvarpið í heild. Nokkrar þeirra eru til lækkunar launa, aðrar til hækkunar, en flestar miða að því að gera starfskiptinguna gleggri, og er þar farið að verulegu leyti eftir tillögum forstöðumanna stofnana og annarra yfirmanna. Um þessar breytingartillögur hefur verið yfirleitt gott samkomulag í nefndinni, þótt atkvæði hafi fallið nokkuð á mis. Nefndin flytur líka breytingartillögurnar sameiginlega, enda þótt atkvæði séu óbundin um þær.

Ágreiningur um afgreiðslu málsins er því ekki bundinn við þessar breytingartillögur sérstaklega. Það, sem gerir það að verkum, að ég get eigi greitt atkvæði með þessu frumvarpi í heild eða mælt með samþykkt þess, er launastiginn í heild. Árslaun eru ákveðin að lágmarki 3300 kr. og að hámarki 15000 kr. Það þýðir, eins og verðlagsvísitalan er nú, frá 9042 kr. og upp í 41100 kr. Meginþorri launanna er á bilinu 4800—9600 kr. og svarar til 13000—26000 kr. launa með núverandi vísitölu. Þar sem starfsmannahópur ríkisins er orðinn svo fjölmennur sem raun er á og fjölgar árlega og þar sem grundvöllur fjármálakerfis okkar, framleiðslan, stendur ekki sterkum fótum, þá tel ég ekki líklegt, að ríkissjóður geti staðið til lengdar undir svo mikilli launabyrði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mundi þá brátt verða að breyta lögunum eða hækka tekjuskatt til muna á því tekjustigi, sem þorri launamannanna fellur undir.

Auk þess sem sú launahækkun, sem ákveðin er með frumvarpinu, þyngir verulega útgjöld ríkisins beinlínis, þá hlýtur af henni að leiða samsvarandi hækkun launanna hjá ýmsu fastlaunafólki utan hinnar beinu ríkisstarfsemi.

Verulegan galla tel ég það líka við frumvarpið, eins og það er nú, að ekki skuli allar ríkisstofnanir vera með. En samkomulag hefur eigi náðst um að breyta þessu, og virðist ekki vænlegt til árhriía, þótt breytingartillögur væru fluttar um það.

Um afstöðu mína til þessa máls, sem er eitt þeirra mála, er núverandi ríkisstjórn lofaði að afgreiða, vil ég taka þetta fram: Þegar stjórnarsamningarnir voru gerðir, hafði launalagafrumvarpið verið flutt af 4 þingmönnum í efri deild, sínum úr hverjum þingflokkanna. Kom í ljós við nákvæma eftirgrennslun, að meirihlutafylgi var á Alþingi fyrir því að afgreiða málið, hvaða ríkisstjórn sem yrði starfandi. Ég, sem frá upphafi lýsti mig andvígan því að afgreiða launalög nú, gat því eigi gert það að neinu úrslitamáli um fylgi við ríkisstjórnina, hvort hún lofaði eða lofaði ekki að afgreiða mál, sem meirihlutafylgi var fyrir, hvaða stjórn sem yrði. Þar komu að sjálfsögðu önnur þýðingarmeiri sjónarmið til greina. En afstaða mín til málsins nú er byggð á þeim fyrirvara, er ég hafði í upphafi um stjórnarsamningana varðandi þetta mál.

Að öðru leyti þykir mér eigi ástæða til að gera grein fyrir andstöðu minni við úrslitaafgreiðslu þessa máls nú.

Alþingi, 16. febr. 1945.

Jón Pálmason.

Nd. 1143. Nefndarálit

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Það eru nú liðnir nær 5 mánuðir, síðan mál þetta kom fram á Alþingi. Frumvarpinu var útbýtt í efri deild Alþingis 19. sept. s. l. og vísað þar til nefndar 22. s. m. En afgreiðslu frá þeirri deild fékk það ekki fyrr en 29. f. m. Og til fjárhagsnefndar neðri deildar var því vísað 31. s. m. Nefndin hefur því haft mjög nauman tíma til að vinna að því, og verður það að vera henni til málsbótar, ef svo reynist, að nokkurs flausturs kenni í afgreiðslu þess. Hins vegar þótti ekki annað fært en hraða afgreiðslu málsins sem mest, svo að þingið þyrfti ekki að eiga enn lengri setu aðeins vegna þessa eina máls.

Nefndin hefur ekki getað orðið alls kostar sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmanna (JPálm og SkG) munu vera mótfallnir afgreiðslu þess að svo komnu, og munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstökum nefndarálitum. Meiri hluti nefndarinnar, sem undir þetta álit ritar, telur hins vegar brýna nauðsyn á því, að

sett verði ný launalög nú þegar, og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að launamál ríkisins eru á hinni mestu ringulreið. Launalög þau, sem nú eru í gildi að nafninu til, eru frá árinu 1919, og eru þau orðin svo langt á eftir tímanum, að ókleift hefur reynzt að fara eftir þeim, og hefur í framkvæmdinni ekki orðið hjá því komizt að fara á snið við þau í sívaxandi mæli. Alþingi hefur líka séð þá nauðsyn, sem á því er að kippa þessu í lag og ár eftir ár skorað á ríkisstjórnina að undirbúa nýja launalöggjöf. Og það er auðsætt, að því lengur sem það dregst, að ný launalög verði sett, því meiri verður ringulreiðin og því tilfinnanlegra misréttið, sem af því leiðir, að einstökum stéttum og starfsmönnum, sem fastast ganga eftir kjarabótum sér til handa, verður meira ágengt í því efni en öðrum, sem hóglátari eru. Og hefur nefndum þeim, sem að endurskoðun launalöggjafarinnar hafa unnið að þessu sinni, bæði utan þings og innan, orðið starfið lærdómsríkt um þá hluti, og hjá því getur heldur ekki farið, að launalög þau, sem nú verða sett, beri þess nokkur merki. Og enginn vafi er á því, að einmitt fyrir þá sök, í hvert horf var komið í þessu efni, muni laun opinberra starfsmanna verða ákveðin hærri yfirleitt í launalögunum en líklegt má telja, að orðið hefði, ef mismunurinn í launagreiðslunum hefði ekki fengið að þróast eins lengi og raun hefur orðið á. Því fer þannig fjarri, að nokkrar líkur séu til þess, að sparnaður geti orðið af því fyrir ríkissjóð að fresta setningu nýrra launalaga, og má miklu fremur gera ráð fyrir því gagnstæða.

Nefndin hefur ekki komizt hjá því að gera nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, og eru þær fluttar á sérstöku þingskjali af nefndinni í heild. Ýmsar þessar tillögur eru þó þannig til orðnar, að þær hafa aðeins náð samþykki meiri hluta nefndarmannanna allra, ýmist okkar þriggja, sem skipum þann meiri hluta nefndarinnar, sem að þessu áliti stendur, eða eins eða fleiri okkar og hinna beggja, sem á móti málinu leggjast, eða annars þeirra, og áskilja nefndarmenn sér hver um sig rétt til þess að greiða atkvæði gegn þeim tillögum, sem þeir hafa ekki greitt atkvæði í nefndinni.

Að lokum skal það tekið fram, að gera má ráð fyrir frekari breytingartillögum við frumvarpið frá meiri hluta nefndarinnar til þriðju umræðu.

Alþingi, 16. febr. 1945.

Jakob Möller, form., frsm. Barði Guðmundsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Ed. 1144. Breytingartillaga

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 9. gr. (7. gr.).

Aftan við greinina bætist: og er óheimilt að taka nokkurt tillit til hans við verðákvarðanir.

Nd. 1145. Breytingartillaga

við frv. til l. um endurveitingu borgararéttinda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Í stað orðanna „réttindi sín aftur án umsóknar“ komi: réttindi sín aftur, enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra.

Nd. 1146. Nefndarálit

um frv. til l. um framlengingu á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp, og mælir meiri hluti hennar með því, að það nái fram að ganga. Barði Guðmundsson og Sigfús Sigurhjartarson áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim breytingartillögum, er aðrir flytja. Skúli Guðmundsson lýsti sig andvígan frumvarpinu og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 18. febr. 1945.

Jakob Möller, p. t. form.
Jón Pálmason, fundaskr., frsm.
Barði Guðmundsson, með fyrirvara.
Sigfús Sigurhjartarson, með fyrirvara.

Nd. 1147. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

3. málsgr. í ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjórnarréttindi samkv. l. nr. 104 23. júní 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, eru 35 ára, hafa verið skipstjórar eða stýrimenn á skipi yfir 30 rúmlestir í 5 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn á skipi allt að 85 rúmlestum.

Nd. 1148. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 30. gr. Síðasta málsgr. falli burt.

Nd. 1149. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Helga Jónassyni og Gunnari Thoroddsen.

1. Við 11. gr. 4. málsliður orðist svo:
   Aðstoðarlæknar á ríkissjúkrahúsum, berklayfirlæknis og aðstoðarhéraðslækna .... 10200.
2. Við 37. gr., síðustu málsgr. Setningin „Í gjaldskrá héraðslækna skal setja sérstök ákvæði um afslátt, þegar sjúkrasamlög annast um greiðslu“ falli burt.

Nd. 1150. Breytingartillaga

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 28. gr. Aftan við greinina bætist:
Tilraunastjórar .... 6000—8400.

Ed. 1151. Lög

um byggingu nokkurra raforkuveitna.

(Afgreidd frá Ed. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 1122.

Nd. 1152. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Sigurður E. Hliðar.

I. Við 11. gr.
1. Á eftir orðinu „ríkisspítala“ í upphafi gr. komi: og dýralæknar.
2. Fimmti launaliður orðist svo:
Heilbrigðislæknar í Reykjavík og á Akureyri og yfirdýralæknirinn í Reykjavík .... 11100.
3. Á eftir orðinu „Héraðslæknar“ í 6., 7. og 8. launaliðum komi: og dýralæknar.
4. Á eftir orðunum „reynzt að fá lækna í héruðin“ í fyrri mgr. aths. komi: Á sama hátt skal landbúnaðarráðherra með reglugerð flokka dýralæknishéruðin, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Dýralæknafélags Íslands.
5. a. Í stað orðanna „Reglugerð þessa“ í síðari mgr. aths. komi: Reglugerðir þessar.
b. Á eftir orðunum „margir héraðslæknar“ í sömu mgr. komi: og dýralæknar.

II. Við 12. gr. Greinin falli niður.

Nd. 1153. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 17. gr. Við greinina kemur aths.:
Skólastjórar, skólameistarar og kennarar við skóla þá, er í greininni getur, skulu háðir sama starfstíma og barnakennarar, til þess að öðlast réttindi til fullra árslauna, og skal frádráttur af launum þeirra fara eftir sömu reglu og gildir um barnakennara skv. 16. gr.

Nd. 1154. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1136 [Launalög].

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson.

Við 21. tillögu, lið a. (Skólastjórar húsmæðraskóla).
Fyrir „8400“ kemur: 9000.

Nd. 1155. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Við 21. gr. Í staðinn fyrir fyrstu línu („forstöðumaður ... 11100“) kemur:

Forstöðumaður	kr.	13000
Yfirverkfræðingur	—	10200

Ed. 1156. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 19. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. — Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. — Lárus Jóhannesson.
H. Guðmundsson, með fyrirvara. — Kristinn E. Andrésson, með fyrirvara.

Ed. 1157. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta var borið fram af fjárhagsnefnd neðri deildar að tilmælum fjármálaráðherra og samþykkt í þeirri deild með smávægilegum breytingum. Er megintilgangur frumvarpsins sá að spara ríkissjóði útgjöld.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og getur fallizt á það í meginatriðum. En þó má vafasamt telja, hvort hagkvæmt sé eða fært að fella niður mat fasteigna í Reykjavík milli aðalfasteignamata. Mundi það verða svo umfangsmikið fyrir fjármálaráðuneytið, að ekki yrði yfir komizt nema með auknu starfsliði, og virðist þá réttara að fela þetta mat sérstökum mönnum. Mælir nefndin því með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

12. gr. laganna orðist svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal fasteignamat framkvæmt sem hér segir:

a. Í Reykjavík skal meta öll ný hús svo og fasteignir, sem af sérstökum ástæðum breytast verulega að verðmæti. Skal mat þetta framkvæmt af 2 mönnum, og kýs bæjarstjórn Reykjavíkur annan, en hinn skal skipaður af fjármálaráðherra.

b. Utan Reykjavíkur skal matinu hagað þannig:

1. Öllum þeim, sem meta fasteignir til brunabóta, er skylt að senda fjármálaráðuneytinu afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa) eftir reglum, er ráðuneytið setur.

Fjármálaráðuneytið ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.

2. Hús þau, sem brunabótamat hefur ekki farið fram á, skulu metin fasteignamati á fimm ára fresti, og skal slíku mati lokið í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 1950. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma hver í sínum hreppi, en þar, sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat þetta fari fram, og skal það annast endurskoðun á matinu.

Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

3. Fjármálaráðuneytið getur látið framkvæma viðbótarmat á jarðeignum á 5 ára fresti vegna jarðabóta, sem unnar hafa verið á tímabilinu. Skal þá leggja til grundvallar jarðabótaskýrslur Búnaðarfélags Íslands.

Jarðabæturnar skulu metnar á sama mælikvarða og gert er í gildandi fasteignamati, en þó tekið tillit til fyrningar á eldri jarðabótum á sama tíma.

Alþingi, 19. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. H. Guðmundsson.

Lárus Jóhannesson. Kristinn E. Andrésson.

Ed. 1158. Frumvarp til laga

um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa hús, áfast Arnarhváli í Reykjavík, fyrir skrifstofur ríkisins og stofnanir þess, enda verði byggingunni hagað þannig, að hæstiréttur geti fengið þar hæfilegt húsnæði fyrst um sinn, ef henta þykir.

2. gr.

Til þessara framkvæmda, er um ræðir í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynlegt lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi grg.:

„Það er alkunnugt, að ýmsar stofnanir ríkisins hafa á undanförnum árum átt við mjög lélegan húsakost að búa. Hafa þessir húsnæðisörðugleikar farið versnandi ár frá ári, eftir því sem störf hafa orðið umsvifameiri, og er nú svo komið, að ýmsar stofnanir ríkisins hafa óviðunandi vinnuskilyrði. Hins vegar hefur þó eigi verið unnt að komast hjá því að taka á leigu húsnæði fyrir ýmsar ríkisstofnanir víðs vegar úti um bæinn, og er það bæði mjög kostnaðarsamt og óhagkvæmt á ýmsan hátt. Ríkisstjórnin telur því, að eigi verði lengur hjá því komizt að koma upp skrifstofubyggingu fyrir ríkisstofnanir, og telur, að hagkvæmast muni verða að reisa þá nýbyggingu við Arnarhvál, sem nú er aðalskrifstofubygging ríkisins. Þykir þá rétt að hafa heimild til að ætla hæstarétti rúm í þeirri byggingu, en hann hefur, svo sem kunnugt er, búið við óviðunandi húsnæði.

Óhjákvæmilegt þykir að hafa heimild til lántöku, til þess að standast kostnað við bygginguna.“

Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um einstakar breytingartillögur við frv. þetta og málið í heild.

Ed. 1159. Nefndarálit

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta, sem upphaflega var flutt af fyrrverandi ríkisstjórn, var á ný borið fram í háttv. neðri deild, þegar áliðið var orðið þings, og náði þar samþykki með nokkrum breytingum. Frv. fjallar um eitt hið viðkvæmasta vandamál og er mikill bálkur, þ. e. 60 greinar. Þessu mikla máli og erfiða til úrlausnar fylgdu svo til engar skýringar, þegar því seint á þinginu var vísað til allsherjarnefndar. Svo sem frv. nú liggur fyrir, þá er ógerlegt nema með mjög mikilli vinnu að átta sig á, í hverju eru fólgnar breytingar frv. á gildandi löggjöf, og a. m. k. ákaflega erfitt að sjá, hvaðan hvert nýmæli frv. er komið og hver rök eru fyrir þeim. Nefndarmenn hafa þó athugað frv. eftir föngum og rætt það allrækilega. Á fund nefndarinnar hafa komið fulltrúar nokkurra áhugamanna um þessi efni hér í bæ, og bentu þeir á annmarka, sem þeir töldu vera á frv. Þá hefur hæstv. menntamálaráðherra einnig átt tal við nefndina og óskað eftir, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Að athuguðu máli telur meiri hl. nefndarinnar þó, að ekki sé tímabært að afgreiða frv. Svo sem þegar er sagt, þá er mjög erfitt að átta sig á efni frv. En auk þess sýnist undirbúningi málsins vera mjög ábótavant. Það hefur þannig komið í ljós, að fræðslumálastjóri landsins hefur aldrei í embættisnafni haft þetta mikilsvarðandi mál til athugunar eða umsagnar. Virðist þó sem barna- og unglingaskólar ættu að vera öruggasta barnaverndin, og þess vegna hæpið, að máli sem þessu sé ráðið til lykta án samráðs við yfirmann skólanna. Þá hafa og á síðustu stundu komið tillögur til breytinga á einu viðkvæmasta og þýðingarmesta atriði frv. frá þeim mönnum, sem helzt er þó vitnað til, að athugað hafi frv. Að svo vöxnu máli telur meiri hl. nefndarinnar, að málið þurfi rækilegri undirbúnings og skýringa. Leggur hann því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin væntir þess, að ríkisstjórnin undirbúi rækilega fyrir næsta þing frv. til laga um vernd barna og ungmenna og hafi í því efni m. a. samráð við fræðslumála-

stjóra og milliþinganefnd í skólamálum. Telur deildin því ekki tímabært að afgreiða frv. þetta nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. febr. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.

Bernh. Stefánsson.

Nd. 1160. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 16. gr.

1. Í stað orðanna „endurgreiðist ríkissjóði“ í síðustu málsgr. komi: greiðist.
2. Í stað „skólahéraðs“ í sömu málsgr. komi: skólahverfis.

Ed. 1161. Nefndarálit

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar telur málið ekki nægilega undirbúið og vill vísa frumvarpinu frá með rökstuddri dagskrá.

Ég tel hins vegar, að undirbúningi málsins hafi verið þann veg háttað, að ekki sé ástæða til að tefja framgang þess af þeim sökum, og legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. febr. 1945.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 1162. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 30. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skólastjórar og kennarar þeirra skóla, sem að ofan getur, skulu háðir sömu reglum og barnakennarar um starfstíma, til þess að verða aðnjótandi fullra árslauna, og skal frádráttur af launum þeirra reiknast eins og hjá barnakennurum skv. 16. gr.

Sþ. 1163. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fram fara rækilega athugun og rannsókn á því, hvernig unnt væri að draga verulega úr rekstrargjöldum ríkisins og ríkisstofnana, og verði jafnframt leitað að leiðum til þess að gera þetta starfskerfi einfaldara og óbrotnara.

Við rannsókn þessa og athugun skal meðal annars lögð áherzla á þau atriði, er hér greinir:

1. Að sameina ríkisstofnanir, yfirstjórn þeirra og rekstur, og enn fremur að athuga, hvort unnt væri að draga úr starfsemi þeirra eða jafnvel leggja þær niður að einhverju leyti.
2. Að tekin verði í notkun aukin tækni og hagkvæmari vinnubrögðum beitt við reksturinn, vélanotkun í skrifstofum og við önnur störf, eftir því sem við verður komið
3. Að komið verði á raunhæfu allsherjar eftirliti með vinnutilhögun og vinnubrögðum í skrifstofum ríkisins og stofnunum þess, enda verði eftirliti þessu einnig beint að því að meta og gera tillögur um starfsmannaþörf í hverri skrifstofu eða stofnun.
4. Að komizt verði, eftir því sem frekast er unnt, hjá eftirvinnu í skrifstofum.
5. Að innheimta tolla og skatta sé gerð einfaldari og umstangsminni en hún er nú. Skal athuga sérstaklega, hvaða formbreytingar á skatta- og tollalöggjöfinni þyrfti að gera til þess að ná árangri í því efni.

Greinargerð.

Kostnaður við starfrækslu ríkisins og stofnana þess hefur aukizt hröðum skrefum hin síðari ár. Stafar útgjaldaaukning sú, sem hér um ræðir, að verulegu leyti af hækkun á launum og starfsmannafjölgun, þó að margt fleira komi þar einnig til greina. Starfræksla ríkisins er nú orðin það umfangsmikil og kostnaðurinn við hana svo hár, að það getur tæplega orkað tvímælis, að full þörf væri á því, að því séu gefnar gætur, hvert stefnir í þessu efni. Virðist nú svo komið, að brýna nauðsyn beri til, að nú þegar sé látin fram fara ýtarleg endurskoðun á öllu starfskerfi ríkisins, með það fyrir augum, að á því geti orðið gagngerð breyting, sem hafi í för með sér verulega lækkun á útgjöldum við þessa starfrækslu.

Af þessum ástæðum hefur fjárveitinganefnd orðið sammála um að flytja þingsályktunartillögu um þetta efni. Í tillögunni er bent á nokkur atriði, sem sérstaklega þykir ástæða til, að tekin séu til athugunar í sambandi við rannsókn þessa máls, en þar kemur vitanlega margt fleira til greina.

Miklu máli skiptir, að vel takist um val á mönnum, sem falið verður að hafa þessa rannsókn með höndum. Kemur þar margt til álita. Þeir þurfa að kunna góð skil á slíkum eða hliðstæðum rekstri, þar á meðal á þeim stöðum erlendis, þar sem lengst er komið áleiðis í hagnýtingu nýrrar tækni á þessu sviði og annarri hagkvæmri skipun þessara mála. Þá er eins og ekki síður nauðsynlegt, að hér komi til eigin hugkvæmni, bæði að því er snertir hagnýtingu erlendra og innlendra fyrirmynda og tillögur frá eigin brjósti um úrbætur í þessu efni.

Fjárveitinganefnd hefur látið gera nokkra sundurliðun á útgjöldum í rekstrarreikningi fjárlaga þessa árs, eins og þau voru afgreidd fyrir síðustu áramót. Kemur

þar í ljós, að bein rekstrarútgjöld ríkisins sjálfs nema	kr. 46011106
En hliðstæð útgjöld ríkisstofnana, sem teknar eru inn í fjárl., nema	— 27325316
eða samtals	kr. 73336422

En öll útgjöldin í rekstrarreikningi, þegar með eru talin rekstrarútgjöld ríkisstofnana, þeirra sem fyrr greinir (en þessi gjöld koma ekki fram í niðurstöðum á rekstrarreikningi), eru að upphæð kr. 127537316. Fer því meir en helmingur af útgjöldum á rekstrarreikningi í núgildandi fjárlögum, þegar rekstrargjöld stofnananna eru með talin, eða 58%, til beinna rekstrarútgjalda ríkisins og þeirra stofnana þess, sem hér koma til greina. Skýrsla sú, sem þessar tölur eru teknar úr, er prentuð sem fylgiskjal með þessari greinargerð, og eru þar önnur útgjöld á rekstrarreikningi en þau, sem hér hafa verið nefnd, einnig nokkuð sundurliðuð, eftir því til hvers fé er gengur.

Þá hefur fjárveitinganefnd einnig látið skilgreina með sama hætti útgjöld á rekstrarreikningi í fjárlögum 1939, en á því ári gætti ekki, svo teljandi sé, áhrifa þeirra, sem stríðið hefur haft í för með sér á útgjöldin. Einnig tekur þessi samanburður til niðurstöðu þeirrar, sem varð á útgjöldum þessa árs samkvæmt landsreikningi.

Þá hefur nefndin enn fremur látið reikna út í hundraðshlutum hækkun þá, sem orðið hefur á sömu útgjaldaliðum núgildandi fjárlaga, frá því sem var 1939, bæði að því er snertir fjárlögin sjálf og landsreikning þess árs. Sýna skýrslur þessar, hver breyting hefur orðið á þessum útgjöldum ríkisins á þessu tímabili, og er það mál út af fyrir sig mjög athyglisvert.

Skýrslur þessar eru einnig prentaðar sem fylgiskjöl með þessari greinargerð.

Þá hefur fjárveitinganefnd loks látið safna skýrslum um nefndir, sem voru starfandi á árinu 1943, og aflað upplýsinga um kostnað við þær. Eru nefndir þessar 59 að tölu og hafa kostað kr. 2 676 380, og eru þær flokkaðar í skýrslunni eftir því, hvort kostnaðurinn við þær er greiddur beint úr ríkissjóði eða með öðrum hætti. Kostnaður við sumar af þessum nefndum er tekinn upp í fjárlög, og er þess getið sérstaklega í skýrslunni.

Það tók langan tíma fyrir fjárveitinganefnd að afla upplýsinga um þessar nefndir og kostnað við þær. Eigi reyndist hægt, þegar byrjað var að safna drögum að þessari skýrslu, að fá hliðstæðar upplýsingar um nefndir, sem störfuðu á s. l. ári, og kostnað við þær. Sennilega hefur nefndakostnaðurinn orðið nokkru meiri á árinu 1944 en 1943.

Fjárveitinganefnd leggur á það áherzlu, að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt á Alþingi og ríkisstjórnin hraði eftir föngum þeim rannsóknum, sem þar um ræðir.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir útgjöld ríkisins og ríkisstofnana árið 1945.

A.	Rekstrarútgjöld ríkisins.	
	a. Bein rekstrarútgjöld ríkisins:	
	1. Vextir af lánum ríkissjóðs	1 575 650
	2. Kostnaður við æðstu stjórn landsins, alþingiskostnaður og ríkisstjórnar	4 241 807
	3. Dómgæzla og lögreglustjórn	6 989 008
	4. Opinbert eftirlit	607 810

5.	Kostnaður við innheimtu tolla og skatta	2 756 675	
6.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	650 000	
7.	Læknaskipun og heilbrigðismál	3 828 610	
8.	Stjórn og undirbúningur vegagerða	424 825	
9.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála og laun vitavarða	344 850	
10.	Kirkjumál	1 738 018	
11.	Kennslumál	8 725 123	
12.	Til opinberra safna	551 157	
13.	Til rannsókna í opinbera þágu	1 664 350	
14.	Til atvinnumála	3 198 548	
15.	Til stjórnar félagsmála	214 675	
16.	Vanreiknuð verðlagsuppbót og hækkun vegna launalaga	8 500 000	
			46 011 106
b.	Strandferðir og rekstrarkostnaður vitanna		3 523 000
c.	Eftirlaun og styrktarfé		1 572 586
d.	Lögákveðnar greiðslur		13 722 000
e.	Verklegar framkvæmdir		28 251 622
f.	Styrkir ýmiss konar o. fl.		7 131 361
			100 211 675
B.	Stofnanir. Rekstrarkostnaður, sem greiddur er með tekjum af stofnununum sjálfum, og opinbert eftirlit, að því leyti sem því er haldið uppi með stórstökum tekjum af því		27 325 316
		Samtals kr.	127 536 991

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir útgjöld ríkisins og ríkisstofnana samkvæmt fjárl. og landsreikningi fyrir árið 1939.

		Fjárlög	Ríkisreikningur
A.	Rekstrarútgjöld ríkisins.		
a.	Bein rekstrarútgjöld ríkisins.		
1.	Vextir af lánum ríkissjóðs	1 680 000	1 927 015
2.	Kostnaður við æðstu stjórn, alþingiskostnaður og ríkistjórnar	813 266	1 107 947
3.	Dómgæzla og lögreglustjórn	1 190 140	1 433 394
4.	Opinbert eftirlit	129 750	302 612
5.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	425 410	664 510
6.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	197 000	241 155
7.	Læknaskipun og heilbrigðismál	600 281	648 275
8.	Stjórn og undirbúningur vegagerða	73 110	85 127
9.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála og laun vitavarða	99 100	94 322
10.	Kirkjumál	373 620	387 008
11.	Kennslumál	1 637 129	1 914 542
12.	Til opinberra safna	105 060	117 158
13.	Til rannsókna í opinbera þágu	162 500	268 108
14.	Til atvinnumála	632 800	664 076
15.	Til stjórnar félagsmála	55 500	56 477
	Samtals	8 174 666	9 911 726

	Fjárlög	Ríkisreikningur
b. Strandferðir og rekstrarkostnaður vitanna	587 000	375 945
c. Eftirlaun og styrktarfé	386 108	390 264
d. Lögákveðnar greiðslur	3 516 320	3 591 490
e. Verklegar framkvæmdir	2 396 397	2 618 915
f. Styrkir ýmiss konar o. fl.	1 645 300	2 489 978
Samtals	16 705 791	19 378 318
B. Stofnanir. Rekstrarkostnaður, sem greiddur er með tekjum af stofnununum sjálfum, og opinbert eftirlit, að því leyti sem það er kostað með sérstökum tekjum af því	5 667 640	6 888 298
Alls	22 373 431	26 266 616

Fylgiskjal III.

Samanburður á útgjöldum ríkisins og ríkisstofnana samkvæmt fjárlögum og landsreikningi árið 1939 og fjárlögum fyrir árið 1945.

I. Um flokkun útgjaldanna.

Undir staflið A eru talin öll útgjöld, sem koma fram í rekstrarútgjöldum fjárlaganna.

Undir staflið B eru talin rekstrarútgjöld ríkisins og ríkisstofnana, sem ekki koma fram í rekstrarútgjöldum fjárlaga. Hér eru þó eigi talin útgjöld ríkisstofnana, sem ekki eru á fjárlögum.

Rekstrarútgjöld ríkisins eru svo flokkuð í nokkra undirliði:

a. Bein rekstrarútgjöld.
b. Strandferðir og rekstrarkostnaður vitanna.
c. Eftirlaun og styrktarfé.
d. Lögákveðnar greiðslur.
e. Verklegar framkvæmdir.
f. Styrkir ýmiss konar o. fl.

Undir bein rekstrarútgjöld eru talin útgjöld í sambandi við stjórn landsins. Þar eru fyrst og fremst talin laun embættismanna og annarra opinberra starfsmanna svo og ýmiss konar kostnaður í sambandi við starfsmannahald ríkisins.

Undir b. er talinn kostnaður við strandferðir og rekstrarkostnaður vitanna.

Undir c. eru talin eftirlaun og styrktarfé.

Undir d. greiðslur, sem ákveðnar eru með lögum, en teljast þó ekki til beinna rekstrarútgjalda samkvæmt staflið a.

Undir e. eru talin útgjöld til verklegra framkvæmda.

Undir f. eru taldir styrkir ýmiss konar svo og rekstrarútgjöld, sem ekki falla undir staflið a.—e.

II. Samanburður á fjárlögum og landsreikningi ársins 1939 og fjárlögum fyrir árið 1945.

Öll rekstrarútgjöld fjárlaga 1945 eru	598 % hærri en fjárl.	1939
	og 517 % hærri en landsr.	—
Bein rekstrarútgj. fjárl. 1945 (fskj. I. A. a. 1—16)	563 % hærri en fjárl.	—
	og 464 % hærri en landsr.	—
Rekstrarkostnaður undir B-lið	482 % hærri en fjárl.	—
	og 397 % hærri en landsr.	—

Einstakir liðir hinna beinu rekstrarútgjalda hafa hækkað svo sem hér segir í fjárlögum fyrir árið 1945 frá fjárl. og landsreikningi ársins 1939:

	Fjárlög 1945 hærri en fjárlög 1939	Fjárlög 1945 hærri en ríkisreikn. 1939
2. Kostnaður við æðstu stjórn landsins, alþingiskostnaður og ríkisstjórnar	645 %	473 %
3. Dómgæzla og lögreglustjórn	727 —	603 —
4. Opinbert eftirlit	579 —	248 —
5. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta	801 —	513 —
6. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	408 —	333 —
7. Læknaskipun og heilbrigðismál	789 —	730 —
8. Stjórn og undirbúningur vegagerða	719 —	617 —
9. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála og laun vitavarða	430 —	452 —
10. Kirkjumál	575 —	555 —
11. Kennslumál	660 —	565 —
12. Til opinberra safna	649 —	582 —
13. Til rannsókna í opinbera þágu	1267 —	768 —
14. Til atvinnumála	626 —	596 —
15. Til stjórnar félagsmála	478 —	470 —

Þegar hér að framan er reiknuð hækkun í prósentum einstakra liða beinna rekstrarútgjala, er verðlagsuppbót og hækkun vegna launalaga, 8·500 000, bætt hlutfallslega við liði 2.—15. beinna rekstrarútgjalda fjárlaga fyrir 1945.

Aðrir liðir rekstrarútgjalda hafa hækkað þannig:

b. Strandferðir og rekstrarkostnaður vitanna	742 %	1159 %
c. Eftirlaun og styrktarfé	503 —	498 —
d. Lögákveðnar greiðslur	482 —	472 —
e. Verklegar framkvæmdir	1458 —	1334 —
f. Styrkir ýmiss konar o. fl.	536 —	354 —

Fylgiskjal IV.

Kostnaður vegna ýmissa nefndarstarfa árið 1943.

A. Nefndir, sem greitt er beint úr ríkissjóði.	
a. Nefndir, sem ekki eru á fjárlögum.	
1. Menntamálaráð	19 988
2. Íslenzk-brezk bílslysanefnd	9 900
3. Íslenzk-amerísk bílslysanefnd	8 400
4. Framfærslumálanefnd	56 418
5. Íslenzk-amerísk matsnefnd	19 800
6. Nýbyggingarsjóðsnefnd	5 300
7. Milliþinganefnd í skattamálum	11 500
8. Landbúnaðarvísitölunefnd	44 089
9. Öryggismálanefnd	20 456
10. Verðlagsniðurfærslunefnd	12 063
11. Verkfæranefnd	3 662
12. Stjórnarskrárnefnd	881
13. Skipulagsnefnd atvinnumála	40 090
14. Sálmabókarnefnd	10 159
15. Samflotanefnd	3 318
16. Málkönnunarnefnd	9 750
17. Launalaganefnd	20 700
18. Alþýðutryggingarnefnd	7 182
19. Faxaflóanefnd	3 075

20.	Flugvallanefnd		29 636	
21.	Framfærsluvísitölunefnd		11 125	
22.	Íslenzk-amerísk leigumatsnefnd á Reyðarf.		2 400	
23.	Reykhólanefnd		8 261	
24.	Raforkumálanefnd		18 600	
25.	Strandferðamálanefnd		7 128	
26.	Iðnaðarnefnd		9 994	
27.	Dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum		1 200	
28.	Skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa (gr. af skipulagsgjaldi)		7 688	
29.	Landssmiðjunefnd		3 000	
30.	Milliþinganefnd í vinnumálum		7 455	
31.	Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum		7 378	
32.	Orðunefnd		2 000	
				422 596
b.	Nefndir, sem eru á fjárlögum.			
1.	Rannsóknaráð ríkisins		71 510	
2.	Yfirfasteignamatsnefnd		120 026	
3.	Kauplagsnefnd		12 993	
4.	a. Húsaleigunefnd, Reykjavík	79 756		
	b. — Siglufirði	1 980		
	c. — Stykkishólmi	450		
	d. — Akureyri	12 773		
	e. — Ísafirði	6 407		
	f. — Seyðisfirði	450		
	g. — Hafnarfirði	8 000		
			109 816	
5.	Yfirhúsaleigunefnd		22 345	
6.	Gjaldeyriskaupanefnd		13 676	
7.	Sjóðaeftirlit		5 500	
8.	Sauðfjársjúkdómanefnd	29 265		
	— Austfjarða	16 011		
			45 276	
9.	Ríkisskattanefnd		94 457	
				495 599
c.	Sendinefndir.			
1.	Matvælaráðstefnan í Hot Springs		5 053	
2.	Fiskveiðaráðstefnan í London		34 572	
3.	UNRA ráðstefnan í Bandaríkjunum		53 000	
				92 625
				1 010 820
B.	Aðrar nefndir.			
1.	Fiskimálanefnd (tekjur úr Fiskimálasjóði)			106 107
2.	Kjötverðlagsnefnd (tekjur af verðjöfnunargjaldi)			27 100
3.	Happdrættisráð (gr. af happdrættistekjum)			6 875
4.	Síldarútvegsnefnd (gr. af tekjum nefndarinnar)			95 150
5.	Samninganefnd utanríkisviðskipta (gr. af viðskiptanefndargj.)			90 765
6.	Mjólkursölunefnd (gr. af Mjólkursamsölu)			776
7.	Útvarpsráð (gr. af tekjum Ríkisútvarpsins)			19 000
8.	Mjólkurverðlagsnefnd (gr. af Mjólkursamsölunni)			367
9.	Viðskiptaráðið (gr. af viðskiptaráðsgjaldi)			1 319 418
				1 665 558
			Samtals	2 676 378

Nd. 1164. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Síðastliðin 20 ár hefur Eimskipafélag Íslands haft, með sérstökum lögum, undanþágu frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts til ríkisins, og einnig frá útsvarsgreiðslu að öðru leyti en því, að það hefur borgað til Reykjavíkurbæjar 5% af nettóhagnaði sínum ár hvert. Síðan árið 1928 hefur það skilyrði verið sett fyrir þessum hlunnindum, að félagið borgaði hluthöfum eigi hærri arð af hlutafénu en fjóra af hundraði á ári, og enn fremur að það veitti allt að 60 mönnum árlega ókeypis far til og frá útlöndum með skipum félagsins, samkvæmt úthlutun menntamálaráðs.

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi frumvarp um framlengingu á lögunum um skattgreiðslu Eimskipafélagsins, og hefur frumvarp þetta verið rætt á einum fundi í fjárhagsnefnd Nd. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt, þótt tveir af fjórum nefndarmönnum meiri hlutans skrifi að vísu undir nál. með fyrirvara. Ég get hins vegar ekki fallizt á að samþykkja frv., nema gerð verði á því breyting, sem ekki varð samkomulag um í nefndinni, og skila ég því sérstöku nál. og brtt. við frv.

Ég tel, að mál þetta horfi nú allt öðruvísi við en nokkru sinni áður. Í skjóli laganna um undanþágu frá skattgreiðslum hefur félagið að mínu áliti gengið óhæfilega langt í fjársöfnun á síðustu tímum, með því að taka of há farmgjöld af vörum og auka þannig dýrtíðina. Árið 1943 nam tekjuafgangur félagsins, samkv. reikningum þess, rúmlega 18 milljónum króna. En þar við má bæta rúml. 2 millj. kr., sem félagið lagði í eigin vátryggingarsjóð á árinu, og 3½ millj. kr., sem það einnig þá lagði til hliðar vegna væntanlegrar viðgerðar á skipum sínum. Er talið, að á því ári, 1943, hafi átt að fara fram „flokkunarviðgerðir“ á fjórum af skipum félagsins, en ekki orðið af þeim framkvæmdum og upphæð þessi því lögð til hliðar til að mæta kostnaði af viðgerðunum síðar. Gróði félagsins á þessu eina ári er því raunverulega yfir 23 millj. króna. En þess má geta, að með útgjöldum á rekstrarreikningi félagsins er talið 1 millj. 688 þús. kr. til frádráttar bókfærðu verði á eignum þess, og er mestur hluti þeirrar fjárhæðar verðlækkun á einu af skipum félagsins, sem áður var bókfært hærra verði en hin skipin.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins er hrein eign þess talin um það bil 31 millj. 700 þús. kr. í árslok 1943. Þar að auki eru þær 3½ millj. kr., sem félagið lagði til hliðar vegna viðgerðar á skipunum, eins og áður segir. Af þessari eignaupphæð er rúml. helmingur, samkvæmt reikningnum, gróði á þessu eina ári, 1943. Félagið er nú búið að starfa í 30 ár, en hefur þannig á einu ári safnað í sjóði sína jafnmiklu fé og öll hin 29 árin til samans.

Eignir félagsins eru nú raunverulega miklu meiri en sú hreina eign, sem efnahagsreikningurinn sýnir, vegna þess að skip þess eru bókfærð á aðeins 5 þúsund krónur hvert og fasteignir sömuleiðis bókfærðar mjög lágu verði. Efnahagur félagsins er því mjög góður. Er það sennilega auðugra en nokkurt annað fyrirtæki hér á landi og því öðrum færara um að leysa sinn þátt af þeim viðfangsefnum, sem bíða útgerðarfyrirtækjanna á næstu árum, að endurnýja og auka skipastólinn, bæði flutningaskipa- og fiskiskipaflotann.

Þó að áður hafi verið réttmætt að styrkja Eimskipafélagið til þeirrar nauðsynlegu og þýðingarmiklu starfsemi, sem það hefur með höndum, með því að veita því undanþágu frá skattgreiðslum, er viðhorfið í málum þess nú svo gerbreytt, að ég tel óverjandi af Alþingi að veita þessa undanþágu með sama hætti og áður. Félagið er orðið mjög auðugt á okkar mælikvarða. En þannig er að

öðrum búið, að einmitt á þessu þingi lítur út fyrir, að félögum og einstaklingum verði íþyngt með skattaálögum meira en nokkru sinni áður, og það með alveg óvenjulegum og óviðeigandi aðferðum.

Að málavöxtum athuguðum tel ég því ekki fært að veita Eimskipafélaginu þessi hlunnindi framvegis, nema þá með því móti, að ríkið hafi stórum meiri íhlutun um málefni þess en áður. Ég flyt því brtt. við frv. um nýja leið í þessu máli. Er það tillaga mín, að Eimskipafélaginu verði gefinn kostur á að njóta hlunninda laganna frá 1928 með því skilyrði, að það afhendi ríkissjóði til eignar hlutabréf í félaginu, er jafngildi að nafnverði þeim upphæðum, er það að öðrum kosti ætti að borga í skatta til ríkisins, þar til ríkissjóður hefur eignazt hlutafé í félaginu, er jafngildi samanlagðri hlutafjáreign annarra hluthafa. Eftir að því marki er náð, gildi ákvæði áðurnefndra laga, nr. 33 frá 1928, um skatt- og útsvarsgreiðslur félagsins.

Ef samkomulag næst um þessa lausn málsins, getur Eimskipafélagið haldið sjóðum sínum og því fé, er það kann að safna hér eftir, og varið þessum fjármunum til nýrra verkefna á sviði samgöngumálanna, sem vissulega er mikil þörf að leysa. En um leið væri tryggð nánari samvinna ríkisins og þeirra einstaklinga, er hlut eiga í félaginu, um þessi þýðingarmiklu mál.

Samkvæmt breytingartillögu minni er Eimskipafélaginu í sjálfsvald sett, hvort það nýtur undanþágu frá skattgreiðslum með áðurnefndu skilyrði um þátttöku ríkisins í félaginu eða borgar skatta eftir sömu reglum og önnur hlutafélög.

Ég vil því mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

H/f Eimskipafélagi Íslands er heimilt að greiða tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og eignarskatt, er því ber að gjalda til ríkissjóðs, með hlutabréfum í félaginu, er reiknuð séu til skattgreiðslunnar með nafnverði, enda verði engar takmarkanir á atkvæðisrétti á hluthafafundum félagsins að því er hlutafé ríkissjóðs snertir. Eftir að hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu er orðin jafnhá samanlagðri hlutafjáreign annarra hluthafa, gilda ákvæði laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu félagsins.

Alþingi, 20. febr. 1945.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 1165. Frumvarp til laga

um virkjun Dynjandisár í Arnarfirði og Rafveitu Vestfjarða.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sigurður Bjarnason, Finnur Jónsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og starfrækja orkuver og rafveitu fyrir Vestfirði, er vera skal eign ríkisins og rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi. Fyrirtækið skal heita Rafveita Vestfjarða.

2. gr.

Rafveita Vestfjarða skal vera undir yfirstjórn og umsjá ráðherra og rafveitustjóra ríkisins eða raforkumálastjórnar, ef sett verður. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra.

3. gr.

Rafveita Vestfjarða tekur yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu vestan Ísafjarðardjúps.

4. gr.

Rafveita Vestfjarða hefur það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum á því svæði, sem um getur í 3. gr., nægilegrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt.

5. gr.

Rafveita Vestfjarða hefur einkarétt á virkjun fallvatna og sölu rafmagns á því svæði, sem hún nær til. Bann þetta nær ekki til virkjana, sem eru undir 25 hestöflum eða gerðar hafa verið, áður en lög þessi öðlast gildi. Ráðherra er þó heimilt að veita sérleyfi til stærri virkjunar og stækkunar á eldri rafveitum.

6. gr.

Rafveita Vestfjarða skal þegar að loknum nauðsynlegum undirbúningi virkja Dynjandisá í botni Arnarfjarðar, reisa orkuver við Dynjandisvog og leiða raforkuna til Patreksfjarðar, Bíldudals, Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Ísafjarðar, Súðavíkur, Hnífsdals og Bolungavíkur og dreifa því um sveitir eins og ástæður leyfa. Ráðherra og rafveitustjóri ríkisins sjá um allar framkvæmdir.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd og réttindi yfir landi að því leyti, sem nauðsynlegt er í þágu Rafveitu Vestfjarða samkv. l. nr. 61/1917.

8. gr.

Til þeirra framkvæmda, sem um getur í 6. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni allt að 9 millj. króna og leggja fram af fé raforkusjóðs allt að 3 millj. króna, þó ekki yfir 20% af kostnaði. Framlagi raforkusjóðs skal einkum varið til dreifingar raforkunnnar um sveitir.

9. gr.

Rafveita Vestfjarða skal, þegar virkjun Dynjandisár er komin í framkvæmd, taka við þeim rafveitum, sem fyrir eru á svæði því, sem Rafveita Vestfjarða nær til, ef samningar nást. Náist ekki slíkt samkomulag, tekur Rafveita Vestfjarða við eignum þeim við matsverði. Skal þá Rafveitu Vestfjarða heimilt að taka á sig þau lán, sem á rafveitum þessum hvíla, og ríkisstjórninni að taka ábyrgð á þeim og greiðslu eigna umfram skuldir.

10. gr.

Söluverð raforku skal ákveðið í gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Gæta skal þess í framkvæmdum og dreifingu raforkunnar, að rafmagnið verði sem ódýrast.

11. gr.

Rafveita Vestfjarða skal árlega gera ráðherra reikningsskil bæði um rekstur og framkvæmdir. Hún skal og gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu til staðfestingar. Tekjuafgang skal leggja í varasjóð.

12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um stjórn Rafveitu Vestfjarða, starfsmannahald, reikningsskil, varasjóð, skýrslur og annað það, er reksturinn varðar.

13. gr.

Rafveita Vestfjarða er undanþegin tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar og einnig innflutningsgjöldum af efni og tækjum, sem þarf til stofnunar veitunnar.

14. gr.

Rafveita Vestfjarða endurgreiðir Orkuveri Vestfjarða h/f allan kostnað, sem það hefur haft af undirbúningi virkjunar Dynjandisár, enda láti félagið af hendi allar skýrslur og áætlanir, sem það hefur látið gera.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er eitt höfuðskilyrði fyrir framtíð Vestfjarða, að héruðunum sé séð fyrir nægu rafmagni til ljósa, hitunar, suðu og iðnaðar. Iðnaður á Vestfjörðum, sem byggist að mestu á sjávarútvegi, hefur nú þegar ríka þörf fyrir raforku. Verður ekki lengur beðið úrlausnar.

Það hefur lengi verið vitað, að Dynjandis- og Mjólkurárnar í Arnarfirði geta séð Vestfjörðum fyrir nægri raforku, og þarf nú ekki lengur að bíða þess, að þörf sé fyrir hendi fyrir raforkuna og hægt sé að greiða hana með kostnaðarverði. Undanfarin ár hefur félag sveitar- og bæjarfélaga og einstakra manna látið undirbúa þetta mál á sinn kostnað. Nefnist félagið Orkuver Vestfjarða, og hefur Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur staðið fyrir rannsóknum. Er nú það langt komið málum, að rafmagnseftirlit ríkisins þarf að taka við og vinna með félaginu að fullnaðarundirbúningi, sem ætti að geta verið lokið fyrir næsta haust. Er þetta frv. flutt í þeim tilgangi, að svo geti orðið.

Frv. er að ýmsu leyti sniðið eftir tillögum milliþinganefndar í raforkumálum, sem nýlega hefur skilað áliti sínu til ríkisstjórnarinnar, og einkum þó um það atriði, að hér er gert ráð fyrir ríkisrekstri á rafveitu Vestfjarða. Það skal þó skýrt tekið fram, að flutningsmenn geta eins hugsað sér, að Rafveita Vestfjarða sé eign þeirra héraða, sem hlut eiga að máli, og rekin af þeim. Um það „principatriði" verða atkvæði að ganga í þinginu, og má deila um skipulagið ekki standa í vegi fyrir framkvæmdum.

Sem fylgiskjal er hér birt áætlun milliþinganefndarinnar í raforkumálum um Rafveitu Vestfjarða. Það skal tekið fram, að auk flm. frv. hefur þm. Barð., sem sæti á í hv. Ed., í öllu unnið með flm. í máli þessu og undirbúningi frv. Þm. N.-Ísf. vill taka það fram, að þar sem engar verulegar rannsóknir á virkjunarskilyrðum í Þverá í Nauteyrarhreppi hafi farið fram, telji hann ókleift að hverfa frá Dynjandisvirkjuninni að svo vöxnu máli, en væntir hins vegar, að virkjunarmöguleikar í Þverá verði fullrannsakaðir hið allra fyrsta.

Fylgiskjal.

Rafveita Vestfjarða.

I. Mannfjöldi, sem raforku frá virkjuninni er ætlað að ná til fyrst um sinn.

Í kauptúnum:

Patreksfjörður	767
Tálknafjörður	80
Bíldudalur	389
Þingeyri	350
Flateyri	409
Suðureyri	355
Ísafjörður	2 897
Hnífsdalur	304
Bolungavík	623
Súðavík	226
	6400

Í sveitum:

Hólshreppur	100	
Eyrarhreppur	150	
Suðureyrarhreppur	50	
Flateyrar- og Mosvallahreppur	200	
Mýra- og Þingeyrarhreppur	450	
Auðkúlu-, Dala- og Suðurfjarðarhreppur	150	
		1 100
Samtals		7 500

II. Virkjanir.

Núverandi Ísafjarðarvirkjun:

1. Gamla virkjunin í Fossá	850	hestöfl
2. Nýja virkjunin í Nónvatni (uppsettar vélar 800 hestöfl, en aðeins varlegt að bæta við)	150	—
	1 000	hestöfl
Ný virkjun í Dynjandisá	5 250	—
	6 250	hestöfl
Frá dregst afltap 10% vegna flutnings	625	—
Samtals	5 625	hestöfl

= 3750 kílówött eða 500 wött á mann.

Kostnaður við virkjanir:

Dynjandisárvirkjun, 5250 hestöfl á kr. 950.00	kr.	4 988 000.00
Fossárvirkjun } að meðtöldu dreifingarkerfi {	—	1 000.000.00
Nónvatnsvirkjun } á Ísafirði og í Hnífsdal {	—	1 750 000.00
Kr.		7 738 000.00

III. Aðalorkuflutningslínur.

A. Suðurlína:

1. Loftlína frá Dynjanda til Patreksfjarðar, spenna 30 KV, lengd 45 km á kr. 30 000.00	kr.	1 350 000.00
2. 30 KV sæstrengur, 5 km, viðbótarkostnaður vegna hans	—	315 000.00
3. 30 KV þverlína til Bíldudals, 2 km á kr. 26 000.00	—	52 000.00

B. Norðurlína:

1. Loftlína frá Dynjanda til Engidals, 59 km á lengd, 30 KV spenna á kr. 30 000.00	—	1 770 000.00
2. Frá aðallínu til Þingeyrar, 2.5 km loftlína, 6 KV, á kr. 16 000.00	—	40 000.00
1.4 km sæstrengur, 6 KV, á kr. 40 000.00	—	56.000.00
3. Frá aðallínu til Flateyrar, 30 KV, loftlína 7 km á kr. 26 000.00	—	182 000.00
4. Frá aðallínu til Suðureyrar, 30 KV, loftlína 14 km á kr. 26 000.00	—	364 000.00

5. Frá Engidal til Súðavíkur, 6 KV, loftlína 10 km á kr. 16 000.00		—	160 000.00
6. Frá aðallínu til Bolungavíkur, 30 KV, loftlína 14.5 km á kr. 30 000.00		—	435 000.00
		Kr.	4 724 000.00
IV. Aðalspennistöðvar:			
Á Patreksfirði	400 KVA	kr.	101 000.00
– Tálknafirði	40 —	—	32 000.00
– Bíldudal	250 —	—	72 000.00
– Þingeyri	400 —	—	101 000.00
– Flateyri	350 —	—	92 000.00
– Suðureyri	250 —	—	72 000.00
– Súðavík	125 —	—	36 000.00
– Ísafirði	1 700 —	—	331 000.00
– Bolungavík	400 —	—	101 000.00
		Kr.	938 000.00
V. Dreifing orkunnar í kauptúnum og sveitum		kr.	3 440 000.00
Samtals:			
I. Dynjandisárvirkjun		kr.	4 988 000.00
II. Ísafjarðarvirkjanir með dreifingarkerfi		—	2 750 000.00
III. Aðalorkuflutningslínur		—	4 724 000.00
IV. Aðalspennistöðvar		—	938 000.00
V. Dreifing orkunnar		—	3 440 000.00
		Kr.	16 840 000.00
Árlegur rekstrarkostnaður, fyrning og stofnfjárkostnaður 9½%		kr.	1 600 000.00

Árskílówattið kostar þannig *kr. 427.00.*

Sé notkunartími áætlaður 4000 klst. á ári að meðaltali, kostar kílówattstundin notandann 10.7 aura. Með 5000 stunda notkunartíma kostar kílówattstundin notandann rúmlega 8½ eyri.

Ef til vill má gera ráð fyrir, að kostnaðurinn við byggingu Dynjandisárstöðvar, línur, spennistöðvar og dreifingarkerfi (að Ísafirði undanskildum) kosti allmiklu minna, þegar efni fæst annars staðar að en frá Ameríku, en þessar áætlanir eru gerðar miðað við, að allt efni sé keypt frá Bandaríkjunum og Kanada. Gera má ráð fyrir, ef efni til virkjunarinnar verður eigi keypt, fyrr en Evrópustríðinu er lokið, að það kosti þá helmingi minna en hér er áætlað. Þá ætti að mega gera ráð fyrir, að vinnukostnaður verði þá vegna lækkunar á vísitölu orðinn lækkaður um ca. 25%. Þessi liður skiptir þó minna máli um fjárhagsafkomuna.

Miðað við ofanskráð verð má áætla skiptingu á kostnaði milli efnis og vinnu sem hér segir:

	Efni	Vinna
Virkjun	63 %	37 %
Aðallínur	50 —	50 —
Aðalspennistöðvar	63 —	37 —
Dreifingarkerfi	55 —	45 —

Reiknað með lægri verðunum yrðu kostnaðartölurnar:

Virkjanir í Dynjandisá	ca.	kr.	2 955 000.00
Aðalorkuflutningslínur		—	2 952 000.00
Aðalspennistöðvar		—	556 000.00
Dreifing		—	2 107 000.00
Ísafjarðarvirkjanir		—	2 750 000.00
	Samtals	kr.	11 320 000.00

Rekstrarkostnaður 9½% — kr. 1 075 400.00 á ári.

Árskílówattið kostar þannig *kr. 287.00*.

Kílówattstundin kostar notandann þannig, miðað við 4000 til 5000 klst. notkun, 5.7—7.2 aura.

Þegar búið væri að nota að fullu þau 500 wött á mann, sem að framan er gert ráð fyrir, og ef óskað væri eftir að auka aflið upp í 1000 wött á mann, eins og ráðgert hefur verið, að hæst þyrfti hér á landi, mætti vel hugsa sér að virkja til viðbótar um 6000 hestöfl í Mjólkuránum í Arnarfirði, en virkjunarathuganir þar benda til, að virkjun verði eigi dýrari þar en í Dynjandisá. Eigi mundi þurfa að bæta nokkru verulega við kostnað í línum til að flytja orku, en nýjan kostnað við spennistöðvar mundi mega áætla 80% af upprunalegum kostnaði og enn fremur kostnað við dreifingu á hinni nýju orku í kauptúnum og sveitum 80% í viðbót við upprunalegan kostnað.

Þannig mætti reikna kostnaðinn við að bæta við 500 wöttum af raforku á mann og tvöfalda þannig orkuna:

Mjólkurárvirkjun, 6000 hestöfl		kr.	5 700 000.00
Aðalspennistöðvar, viðbót		—	750 000.00
Dreifing raforkunnar, viðbót		—	2 750 000.00
		Kr.	9 200.000.00

Sé hins vegar eins og að framan reiknað með efni lækkuðu um helming og vinnu um einn fórða hluta, verður allur kostnaðurinn af viðbótinni ca. kr. 5 500 000.00. Samkvæmt þessu yrði viðbótarraforkan þannig allt að því helmingi ódýrari eða miðað við hærra verðið 5—6 aurar kílówattstundin, en miðað við lægra verðið 3—4 aurar kwst., ef gert er ráð fyrir notkun viðbótarorkunnar í jafnmargar klukkustundir á ári og í fyrra fallinu.

Nd. 1166. Nefndarálit

um frv. til l. um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta fjárhagsnefndar Ed. eftir tilmælum fjármálaráðherra. Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um efni þess í megindráttum, en samkvæmt bendingu tollstjórans í Reykjavík er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á formi þess, er að því miða að gera framkvæmdir auðveldari og einfaldari. Fyrir breytingartillögunum, sem fylgja á sérstöku þingskj., verður gerð nánari grein í framsögu.

Einn nefndarmanna (SkG) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 20. febr. 1945.

Jakob Möller, p. t. form.	Jón Pálmason, fundaskrifari.	Sigfús Sigurhjartarson, frsm.
Barði Guðmundsson.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.	

Nd. 1167. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og skulu söluskýrslur þær, er skipstjórar útflutningsskipanna hafa gefið og greiðsla útflutningsgjalda af fiskinum hefur verið byggð á, lagðar til grundvallar upphæð heildarsöluverðsins.
   Nú hefur verið seldur úr skipi erlendis ásamt eigin afla þess fiskur, keyptur í það úr öðrum skipum, og skal þá gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, greitt af heildarsöluverði alls farmsins, að frádregnum þeim hluta þess, er svarar til hlutfallsins milli þunga þess fisks, er keyptur var í skipið, og þunga alls farmsins, er úr því var seldur erlendis.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Tollstjórar þeir, er innheimt hafa útflutningsgjöld af fiskafla þeim, er um ræðir í 2. gr., skulu annast álagningu og innheimtu gjalds þess, er um ræðir í lögum þessum.
   Tollstjórar skulu fyrir 1. apríl gera skrá yfir þá, sem gjaldið eiga að greiða, og skal skráin greina, hve miklu gjaldið nemur af hverjum farmi og hve mikið hverjum gjaldanda ber að greiða alls. Skal þetta tilkynnt gjaldendunum bréflega fyrir sama tíma.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Gjald það, er um ræðir í lögum þessum, fellur í gjalddaga 1. maí 1945.
   Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af því 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, er greiðslan dregst fram yfir gjalddaga.
   Gjaldið hefur lögtaksrétt.

Ed. 1168. Lög

um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 947.

Nd. 1169. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjald af söluverði fisks erlendis.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Nú hefur einstaklingur eða félag beðið halla á árinu 1944 á rekstri þeim, sem lög þessi taka til, og er sá aðili þá undanþeginn gjaldinu, enda færi hann ríkisskattanefnd sönnur á, að tap hafi orðið á rekstrinum.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn, þegar frá hafa verið dregin umboðslaun og annar sölukostnaður erlendis.

Ed. 1170. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965.

Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „yfirmatsnefndar, en hún“ í 2. mgr. 4. gr. laganna komi: fjármálaráðherra, sem.

3. gr.

Í stað orðanna „og veiðiréttindi“ í 4. mgr. 4. gr. laganna komi: veiðiréttindi og jarðhitaréttindi.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til að framkvæma aðalmat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal fasteignamat framkvæmt sem hér segir:

a. Í Reykjavík skal meta öll ný hús svo og fasteignir, sem af sérstökum ástæðum breytast verulega að verðmæti. Skal mat þetta framkvæmt af 2 mönnum, og kýs bæjarstjórn Reykjavíkur annan, en hinn skal skipaður af fjármálaráðherra.
b. Utan Reykjavíkur skal matinu hagað þannig:
   1. Öllum þeim, sem meta fasteignir til brunabóta, er skylt að senda fjármálaráðuneytinu afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa) eftir reglum, er ráðuneytið setur.

      Fjármálaráðuneytið ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.
   2. Hús þau, sem brunabótamat hefur ekki farið fram á, skulu metin fasteigna-

mati á fimm ára fresti, og skal slíku mati lokið í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 1950. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma hver í sínum hreppi, en þar, sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat þetta fari fram, og skal það annast endurskoðun á matinu.

Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

3. Fjármálaráðuneytið getur látið framkvæma viðbótarmat á jarðeignum á 5 ára fresti vegna jarðabóta, sem unnar hafa verið á tímabilinu. Skal þá leggja til grundvallar jarðabótaskýrslur Búnaðarfélags Íslands.

Jarðabæturnar skulu metnar á sama mælikvarða og gert er í gildandi fasteignamati, en þó tekið tillit til fyrningar á eldri jarðabótum á sama tíma.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna.

8. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá Stjórnartíðindi án endurgjalds.

9. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið getur að fengnum nýjum upplýsingum breytt aukamati innan hálfs árs, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat.

10. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni. Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 1171. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Þóroddi Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 16. gr. (Fyrsti liður. Fræðslumálastjóri.)

Fyrir „12000“ kemur: 13000.

Nd. 1172. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Þóroddi Guðmundssyni.

Við 26. gr. (Fimmti liður. Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar.)
Fyrir „6000—7800“ kemur: 6000—8400.

Nd. 1173. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Þóroddi Guðmundssyni.

Við 22. gr.

a. Aftan við texta annars liðar (Yfirverkfræðingur landssímans o. s. frv.) bætist: og umdæmisstjórinn á Siglufirði.
b. Úr þriðja lið (Póstmálafulltrúi o. s. frv.) fellur niður orðið „Siglufirði“.

Ed. 1174. Breytingartillaga

við frv. til l. um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr. og hljóði svo:

Framkvæmdir samkvæmt lögum þessum skulu þá fyrst gerðar, er nauðsynlegar umbætur og aðgerðir í þágu heilbrigðismála þjóðarinnar eru af hendi inntar, að áliti og umsögn heilbrigðismálastjórnarinnar.

Ed. 1175. Breytingartillaga

við frv. til l. um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er ræðir um í 1. gr. þessara laga og í 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynlegt lán.

Ed. 1176. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 6. gr. Í stað „⅗“ í síðari málsgr. kemur: ¾.

Nd. 1177. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka banka-vaxtabréfa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 1018, með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar.

Nd. 1178. Frumvarp til laga

um laun starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 16, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 15000	kr. 15000
II. —	— 14000	— 14000
III. —	— 13000	— 13000
IV. —	— 12000	— 12000
V. —	— 11100	— 11100
VI. —	— 10200	— 10200
VII. —	— 7200	— 9600
VIII. —	— 6600	— 9000
IX. —	— 6000	— 8400
X. —	— 6000	— 7800
XI. —	— 5400	— 7200
XII. —	— 4800	— 6600
XIII. —	— 4800	— 6000
XIV. —	— 4200	— 5400
XV. —	— 3300	— 4800
XVI. —	— 3600	— 3600

2. gr.

Launahækkun eftir þjónustu og starfsaldri skal haga þannig:

Í VII. og VIII. launaflokki árleg hækkun	kr. 600 í 4 ár.
Í IX. launaflokki árleg hækkun	— 400 í 6 ár.
Í X., XI. og XII. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 6 ár.
Í XIII. og XIV. launaflokki árleg hækkun	— 200 í 6 ár.
Í XV. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 5 ár.

Þegar starfsmenn í XV. launaflokki hafa verið eitt ár á hámarkslaunum flokksins, skulu þeir færast í XIV. flokk og taka síðan aldurshækkanir þess flokks.

Í XVI. launaflokk koma aðeins iðnkonur eftir 4 ára starf.

3. gr.

Laun ráðherra og stjórnarráðsstarfsmanna ákveðast þannig:		Árslaun
Ráðherrar	kr.	15000
Skrifstofustjórar og aðalendurskoðandi ríkisins	—	12000
Ríkisbókari og ríkisféhirðir	—	11100
Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti	—	10200
Fulltrúar I. flokks, skjalavörður í utanríkisráðuneyti og eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga	—	7200— 9600
Fulltrúar II. flokks	—	6600— 9000
Ráðuneytisbókarar og bókarar í ríkisfjárhirzlu og bókhaldi	—	6000— 7800
Húsverðir	—	4800— 6600
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Bifreiðarstjórar	—	4800— 6000
Sendimenn	—	4200— 5400
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

4. gr.

		Árslaun
Sendiherrar	kr.	12000
Sendifulltrúar og aðalræðismenn	—	10200
Sendiráðsritarar I. flokks og ræðismenn	—	7200— 9600
Sendiráðsritarar II. flokks, attachés og vararæðismenn	—	6600— 9000

5. gr.

		Árslaun
Skrifstofustjóri Alþingis	kr.	12000
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis I. flokks	—	7200— 9600
Fulltrúi í skrifstofu Alþingis II. flokks	—	6600— 9000
Húsvörður Alþingis	—	4800— 6000

6. gr.

		Árslaun
Hagstofustjóri	kr.	12000
Fulltrúi	—	7200— 9600
Fulltrúi II. flokks	—	6600— 9000
Bókarar	—	6000— 7800
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

7. gr.

		Árslaun
Hæstaréttardómarar	kr.	15000
Hæstaréttarritari	—	7200— 9600

8. gr.

Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu í Reykjavík hafa að árslaunum:		
Sakadómarinn, borgardómarinn, borgarfógeti, tollstjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík	kr.	12000
Fulltrúar I. flokks	—	7200— 9600
Skrifstofustjórar sakadómara og lögreglustjóra	—	6000— 8400
Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra	—	6600— 9000
Fulltrúar II. flokks hjá tollstjóra	—	6000— 8400
Skattritarar I. flokks og tollritarar	—	6000— 7800

Skattritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skattritarastörfum	kr.	5400— 7200
Bókari í skrifstofu lögreglustjóra	—	5400— 7200
Eftirlitsmaður með útlendingum	—	5400— 7200
Tollverðir	—	6000— 7800
Bátsformenn á tollbát	—	6000— 7800
Ríkislögregluþjónar	—	6000— 7800
Fangaverðir í Reykjavík, á Litla-Hrauni	—	6000— 7800
Gæzlumenn á Litla-Hrauni	—	5400— 7200
Innheimtumenn tollstjóra	—	4800— 6000
Gjaldkeri hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
Firmaskrásetjari hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
Gjaldkeri borgardómara	—	4200— 5400
Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

9. gr.

		Árslaun
Bæjarfógetar og sýslumenn	kr.	11100
Skattamáladómari	—	10200
Lögreglustjórar í kauptúnum	—	6000— 8400
Fulltrúar I. flokks	—	7200— 9600
Fulltrúar II. flokks	—	6600— 9000
Sýsluskrifarar I. flokks	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

10. gr.

Eftirtaldir löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

Skipaskoðunarstjóri	kr.	10200
Skipaskoðunarmenn	—	5400— 7200
Eftirlitsmaður véla og verksmiðja	—	10200
Aðstoðarmaður hans	—	6000— 7800
Eftirlitsmaður brunavarna	—	6000— 7800
Yfireftirlitsmaður bifreiða	—	6000— 8400
Fulltrúi við bifreiðaeftirlit	—	6000— 7800
Bifreiðaeftirlitsmenn	—	5400— 7200
Forstöðumaður löggildingarstofu	—	6000— 7800
Viðgerðarmenn í löggildingarstofu	—	4800— 6000
Löggæzlumenn á vegum	—	6000— 7800

11. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

Landlæknir	kr.	13000
Berklayfirlæknir	—	12000
Yfirlæknar á Vífilsstöðum, Kleppi, Kristnesi, Landsspítala	—	11100
Aðstoðarlæknar á ríkissjúkrahúsum og berklayfirlæknis	—	10200
Héraðslæknar í Reykjavík og á Akureyri	—	11100
Héraðslæknar í héruðum III. flokks	—	10200
Héraðslæknar í héruðum II. flokks	—	7200— 9600
Héraðslæknar í héruðum I. flokks	—	6000— 7800

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka samkvæmt framansögðu, og skal við þá

flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli, með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.

Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti, enda skulu fjárlög jafnan bera með sér, hve margir héraðslæknar eru í hverjum flokki.

Landlæknisritari	kr.	6000— 7800
Matvælaeftirlitsfulltrúi héraðslæknis í Reykjavík	—	5400— 7200
Yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með yfir 50 sjúklinga	—	8400
Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur og yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með færri en 50 sjúklinga	—	6000— 7800
Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala	—	6000— 8400
Deildar-, röntgen-, skurðstofu- og næturhjúkrunarkonur	—	5400— 7200
Aðstoðarhjúkrunarkonur	—	4800— 6600
Skrifstofustjóri ríkisspítalanna	—	10200
Féhirðir	—	6600— 9000
Bókari II. flokks	—	5400— 7200
Umsjónarmaður Landsspítala	—	4800— 6600
Ritari I. flokks	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
Ráðsmaður í Kristneshæli	—	6000— 8400
Bústjórar á Kleppi og Vífilsstöðum	—	6000— 7800

12. gr.

		Árslaun
Yfirdýralæknir	kr.	6000— 8400
Dýralæknar	—	6000— 7800

13. gr.

		Árslaun
Biskupinn yfir Íslandi	kr.	13000
Vígslubiskupar, prófastar og biskupsritari	—	9000
Söknarprestar, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	—	6000— 8400
Ritari III. flokks í skrifstofu biskups	—	3300— 4800

14. gr.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa að árslaunum:

Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann, og forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans	kr.	14000
Aðrir prófessorar og háskólabókavörður	—	11100
Dósentar	—	10200
Háskólaritari	—	7200— 9600
Húsvörður	—	4800— 6000

15. gr.

Starfsmenn eftirtalinna vísindastofnana hafa að árslaunum:

Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	kr.	10200
Deildarstjórar í atvinnudeild	—	10200
Sérfræðingar í atvinnudeild	—	7200— 9600
Aðstoðarmenn I. flokks í atvinnudeild	—	6000— 7800
1. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	10200
2. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	7200— 9600
Aðstoðarmenn I. flokks í rannsóknarstofu	—	6000— 7800
Aðstoðarmenn II. flokks í rannsóknarstofu	—	4800— 6000
Gjaldkeri í atvinnudeild	—	4200— 5400
Húsvörður í atvinnudeild	—	4800— 6000

Ritari III. flokks í rannsóknarstofu	kr.	3300— 4800
Forstjóri veðurstofu	—	11100
Fulltrúi	—	10200
Veðurfræðingar	—	7200— 9600
Loftskeytamenn	—	6000— 7800
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
Yfirsafnaverðir	—	11100
(Landsbóka-, þjóðskjala- og fornminjaverðir.)		
Bóka- og skjalaverðir og aðstoðarþjóðminjavörður	—	7200— 9600
Húsvörður safnahúss	—	4800— 6000

Ef sérfræðingur atvinnudeildar hefur á hendi kennslu við háskólann án sérstakra launa, er ráðherra heimilt að ákveða, að hann taki sömu laun og prófessorar (11100).

16. gr.

		Árslaun
Fræðslumálastjóri	kr.	12000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru fleiri en 20 kennarar	—	10200
Fulltrúar fræðslumálastjóra, íþróttafulltrúi, námsstjórar	—	7200— 9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar	—	9600
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar	—	9000
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar	—	8400
Barnakennarar	—	6000— 7800
Ritari II. flokks í fræðslumálaskrifstofu	—	4200— 5400
Ritari III. flokks	—	3300— 4800

Árslaun barnaskólastjóra og kennara eru miðuð við 9 mán. kennslustarf minnst, en lækka um ⅛ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅓ hluti úr bæjarsjóði og ¼ hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahverfis.

17. gr.

Skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

Rektorar (skólameistarar)	kr.	11100
Menntaskólakennarar	—	7200— 9600
Skólastjórar kennaraskóla, stýrimannaskóla, vélskóla og búnaðarskóla	—	10200
Kennarar sömu skóla	—	6600— 9000
Húsverðir kennaraskóla, stýrimannaskóla og menntaskóla	—	4800— 6000
Skólastjórar við húsmæðrakennaraskólann, íþróttakennaraskólann, daufdumbraskólann og garðyrkjuskóla	—	9600
Kennarar sömu skóla	—	6000— 8400
Skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum	—	9000
Kennarar skólans	—	6000— 7800

18. gr.

Starfsmenn við ríkisútvarpið hafa að árslaunum:

Útvarpsstjóri	kr.	12000
Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs	—	9600
Fréttastjóri	—	7200— 9600
Aðalféhirðir	—	6000— 8400
Hljómsveitarstjóri	—	6000— 8400

Forstöðumaður viðtækjasmiðju	kr.	6000	8400
Stöðvarverðir á Eiðum, Vatnsenda, aðalmagnaravörður, þulir	—	6000	8400
Fréttaritarar	—	6000	8400
Útvarpsvirkjar I. flokks	—	6000	7800
Fulltrúi í skrifstofu útvarpsráðs	—	6000	8400
Fulltrúi í skrifstofu útvarps	—	6000	8400
Bókari í skrifstofu útvarps	—	5400	7200
Afgreiðslumaður og bókari viðtækjasmiðju	—	5400	7200
Gæzlumaður plötusafns, afgreiðslumaður auglýsinga, iðnaðarmaður, afgreiðslumaður viðtækjasmiðju, útvarpsvirkjar II. flokks	—	4800	6600
Innheimtumenn	—	4800	6000
Ritarar II. flokks	—	4200	5400
Ritarar III. flokks	—	3300	4800

19. gr.

Starfsmenn skattheimtu hafa að árslaunum:

Skattstjóri í Reykjavík	kr.		11100
Skattstjórar utan Reykjavíkur og skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur	—		10200
Skrifstofustjóri ríkisskattanefndar	—	7200	9600
Fulltrúar í skattstofu Reykjavíkur	—	6000	8400
Bókarar í skattstofu Reykjavíkur og hjá ríkisskattanefnd I. flokks	—	6000	7800
Bókarar í skattstofu II. flokks	—	5400	7200
Ritari í skattstofu II. flokks	—	4200	5400
Ritari í skattstofu III. flokks	—	3300	4800

20. gr.

Starfsmenn vegamála, vita- og hafnarmála og byggingarmála hafa að árslaunum:

Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins	kr.		13000
Yfirverkfræðingar, skipulagsstjóri og skrifstofustjóri vegamála	—		10200
Verkfræðingar	—	7200	9600
Húsameistarar I. flokks	—	7200	9600
Húsameistarar II. flokks	—	6600	9000
Féhirðir vegamálastjóra	—	6000	8400
Land- og sjómælingamenn I. flokks	—	7200	9600
Land- og sjómælingamenn II. flokks	—	6000	8400
Bókari og féhirðir vita- og hafnarmálastjóra	—	6000	8400
Birgða- og efnisverðir vega- og vitamála	—	6000	8400
Aðalverkstjórar vega, vita og hafna	—	6000	7800
Bókari II. flokks vegamálastjóra	—	5400	7200
Kafari vitamálastjóra	—	5400	7200
Ritarar II. flokks	—	4200	5400
Ritarar III. flokks	—	3300	4800

21. gr.

Starfsmenn við rafmagnseftirlit hafa að árslaunum:

Forstöðumaður	kr.		11100
Verkfræðingur	—	7200	9600
Rafvirkjar	—	6000	7800
Ritarar II. flokks	—	4200	5400
Ritarar III. flokks	—	3300	4800

22. gr.

Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
Yfirverkfræðingur landssímans, skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, póstmeistarinn í Reykjavík	—	10200
Póstmálafulltrúi, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði, símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar, póstmeistari á Akureyri	— 7200—	9600
Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks á póststofunni í Reykjavík, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingur, símastjórinn í Hafnarfirði	— 6600—	9000
Aðalteiknari landssímans, efnisvörður landssímans, eftirlitsmaður með langlínuafgreiðslu, eftirlitsmaður með viðbót og viðhaldi stöðva, varðstjórar við stuttbylgjustöðvar, ritsímavarðstjórar, verkstjórar á verkstæðum landssímans, fulltrúar II. flokks hjá pósti og síma	— 6000—	8400
Símritarar og loftskeytamenn I. flokks, símaverkstjórar, bókarar, gjaldkeri í aðalskrifstofu landssímans, bréfritari í aðalskrifstofu landssímans, verkstjóri í endurskoðunardeild landssímans og símvirkjar I. flokks	— 6000—	7800
Póstafgreiðslumenn	— 6000—	7800
Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík	— 5400—	7200
Næturvörður við landssímastöðina á Akureyri, iðnaðarmenn og línumenn landssímans, bréfberar í Reykjavík og á Akureyri, aðstoðarmenn I. flokks og bifreiðarstjórar (hjá síma og pósti) og teiknarar hjá landssíma	— 4800—	6600
Húsverðir landssímans í Reykjavík og pósthússins í Reykjavík, símvirkjar II. flokks, ritarar I. flokks, sendimenn símans og varðstjórar við langlínumiðstöð	— 4800—	6000
Talsímakonur og ritarar II. flokks	— 4200—	5400
Ritarar III. flokks	— 3300—	4800

23. gr.

Starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri	kr.	13000
Skrifstofustjóri	—	10200
Aðalbókari og aðalféhirðir	— 6600—	9000
Afgreiðslustjóri, innkaupastjóri og verkstjóri við skipaafgreiðslu	— 6000—	8400
Bókari I. flokks	— 6000—	7800
Bókarar II. flokks	— 5400—	7200
Ritarar II. flokks	— 4200—	5400
Ritarar III. flokks	— 3300—	4800

24. gr.

Starfsmenn við iðnaðarfyrirtæki ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg	kr.	11100
Skrifstofustjórar	— 6600—	9000
Féhirðir landssmiðju	— 6000—	8400
Bókarar landssmiðju I. flokks	— 6000—	7800
Bókarar landssmiðju II. flokks	— 5400—	7200
Ritarar Gutenbergs III. flokks	— 3300—	4800

25. gr.

Starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar og lyfsölustjóri	kr.	11100
Útsölustjóri í Reykjavík	—	10200
Skrifstofustjórar	—	6600— 9000
Lyfjafræðingur	—	6600— 9000
Aðalbókarar og aðalféhirðar	—	6000— 8400
Bréfritarar	—	6000— 7800
Sölumenn	—	5400— 7200
Birgðavörður tóbakseinkasölu	—	6000— 7800
Afgreiðslumenn tóbakseinkasölu	—	4800— 6600
Innheimtumaður tóbakseinkasölu	—	4800— 6000
Bókarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	4800— 6600
Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	4200— 5400
Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	3300— 4800
Útsölustjórar áfengisverzlunar á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði og Seyðisfirði	—	6000— 8400
Aðalverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	6000— 8400
Aðstoðarverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	5400— 7200
Aðstoðarmenn í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	4800— 6000
Bifreiðarstjórar	—	4800— 6000
Iðnkonur, er unnið hafa 4 ár	—	3600
Verkstjóri tóbaksgerðar	—	5400— 7200
Blöndunarmaður tóbaksgerðar	—	4800— 6600
Aðstoðarmenn	—	4800— 6000

26. gr.

Starfsmenn áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins og viðtækjaverzlunar ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjórar	kr.	10200
Skrifstofustjórar	—	9000
Útvarpsvirki I. flokks	—	6000— 7800
Sölumenn	—	5400— 7200
Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	6000— 7800
Verkstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	5400— 7200
Bókari III. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun, afgreiðslumaður og iðnaðarmaður	—	4800— 6600
Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar og bifreiðarstjóri grænmetisverzlunar	—	4800— 6000
Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

27. gr.

		Árslaun
Fiskimatsstjóri	kr.	10200
Yfirfiskimatsmenn	—	5400— 7200
Síldarmatsstjóri og freðfisksmatsstjóri	—	8400

28. gr.

		Árslaun
Skógræktarstjóri	kr.	10200
Sandgræðslustjóri	—	9600
Skógarverðir	—	6000— 7800
Loðdýraræktarráðunautur	—	8400

29. gr.

		Árslaun
Eftirlitsmaður sparisjóða	kr.	6600

30. gr.

Skólastjórar og kennarar gagnfræða- og héraðsskóla hafa að árslaunum:

Skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 200 nemendur	kr.	10200
Skólastjórar gagnfræðaskóla með 125—200 nemendur	—	9600
Skólastjórar gagnfræðaskóla með undir 125 nemendur	—	9000
Skólastjórar héraðsskóla með yfir 75 nemendur	—	9600
Skólastjórar héraðsskóla með undir 75 nemendur	—	9000
Skólastjórar húsmæðraskóla	—	8400
Kennarar gagnfræðaskólanna	— 6000—	8400
Kennarar héraðsskóla og húsmæðraskóla	— 6000—	7800

Allt miðað við minnst 9 mánaða kennslutíma.

31. gr.

Heilsuverndarhjúkrunarkonur hafa að árslaunum	kr. 6000—	7800

32. gr.

Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er kennslumálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, er þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.

33. gr.

Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar.

34. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaunum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna. Með reglugerð skal ákveða, hverjir ríkisstarfsmanna skuli fá ókeypis einkennisfatnað.

35. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

36. gr.

Við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skulu konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar.

37. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefna einn mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.

Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi embættismanns, skal árlega greiða honum hæfilegt áhættufé samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

Héraðslæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrám, er hlutaðeigandi ráðherrar setja. Í gjaldskrá héraðslækna skal setja sérstök ákvæði um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast um greiðslu. Gjaldskrár þessar skal endurskoða, þegar ástæða þykir til, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku laga þessara.

38. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1945.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skal ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildir í hverri starfsgrein í árslok 1944.

Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum.

Launauppbætur greiddar árið 1944 skulu einnig greiðast á árinu 1945, þar til lög þessi öðlast gildi.

Ed. 1179. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um útgáfu lagasafns.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Hvernig stendur á því, að enn hefur eigi verið prentuð ný útgáfa lagasafnsins?

Greinargerð.

Í lögum um laganefnd, nr. 48 1929, sem Jónas Jónsson á sínum tíma beitti sér fyrir, að sett væru, segir í 3. gr., að laganefnd skuli gefa út safn af gildandi lögum landsins í útgáfu, sem handhæg sé fyrir almenning. Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

Lögin um laganefnd hafa að vísu aldrei komið til framkvæmda skv. aðalefni sínu, þótt enn þá séu þau í gildi. En í laganefndarinnar stað var prófessor Ólafi Lárussyni falið að sjá um útgáfu lagasafnsins, og kom það út seint á árinu 1932. Safn þetta var á sínum tíma hin nytsamasta bók, enda var útgáfunni hið bezta háttað.

En fyrir löngu er orðin ljós þörf á nýrri útgáfu safnsins. Alþingi 1937 samþykkti þess vegna að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hið

allra fyrsta kæmi ný útgáfa af safninu. Ályktun þessi var endurnýjuð með samþykkt Alþingis 1941. Og enn samþykkti efri deild Alþingis 1942, að áherzla skyldi lögð á, að safnið yrði gefið út svo fljótt sem unnt væri. Í greinargerð þessarar tillögu, sem flutt var af Jónasi Jónssyni, er sagt, að þremur lögfræðingum hafi verið falið að sjá um útgáfuna, en þeir hafi ekki byrjað á verkinu. Þess vegna er lagt til, að forstaða útgáfunnar verið falin einum manni.

Nú er fullyrt, að prófessor Ólafur Lárusson hafi síðan tvisvar haft tilbúið handrit lagasafnsins, en það hafi í hvorugt sinnið fengizt prentað. Er ótrúlegt annað en þeim örðugleikum megi ryðja úr vegi, ef ríkisstjórnin sækir það nógu fast. Virðist sannast sagt svo sem fátt þarflegra muni prentað um skeið en lagasafnið, sem bæði lögfræðingum og öllum almenningi er brýn nauðsyn á að fá út gefið. Er þess því vænzt, að hæstv. ríkisstjórn upplýsi, hvernig stendur á þessum drætti á prentun safnsins, svo að Alþingi gefist færi á að láta málið til sín taka, ef þörf reynist.

Sþ. 1180. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd laga nr. 9 frá 1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jóhann Jósefsson, Pétur Ottesen, Sigurður Kristjánsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim skilningi sínum á lögum nr. 9 frá 1944, að styðja beri smíði opinna vélbáta með styrkjum eða lánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa hlutfallslega jafnt og smíði annarra vélbáta.

Greinargerð.

Óhjákvæmilegt er, að Alþingi segi álit sitt um það, hvort útiloka beri, að studd sé smíði opinna vélbáta með styrkjum eða lánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa.

Nefnd sú, sem kosin var samkvæmt lögum nr. 9 frá 1944 til þess að ráðstafa fé sjóðsins, virðist telja rétt að styrkja ekki smíði opinna vélbáta, en Fiskifélag Íslands, sem ætlað er að vera með í ráðum um ráðstöfun fjárins, er þeirrar skoðunar, að styrkja beri smíði þessara báta, enda var styrkur veittur til smíði slíkra báta af þeim 2 milljónum, sem fyrst voru veittar til stuðnings nýsmíði vélbáta.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja réttmætt að styðja smíði opinna vélbáta þar, sem sú tegund báta hentar, og er það skoðun þeirra, að sú hafi m. a. verið ætlun löggjafans og fjárveitingavaldsins, þegar ofannefnd lög voru sett og fé veitt til stuðnings nýbyggingu bátaflotans.

Opnir vélbátar eru sums staðar hentugir til fiskveiða, þótt víðast sé heppilegra að hafa stærri fiskibáta og betur til stórræða búna. Þykir því sanngjarnt og réttlátt að styðja þá, sem koma sér upp slíkum bátum til fiskveiða

Fjármagn þarf mjög lítið til þess að veita hlutfallslegan stuðning við smíði opinna vélbáta. Sá stuðningur, sem ætlaður er til smíði á einum stórum vélbát, mundi hrökkva til þess að styðja 20—25 opna vélbáta. Er því engin ástæða til að ætla, að eðlilegur stuðningur við nýsmíði opinna vélbáta dragi stórkostlegt fjármagn frá öðrum framkvæmdum.

Nd. 1181. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar, og skulu söluskýrslur þær, er skipstjórar útflutningsskipanna hafa gefið og greiðsla útflutningsgjalda af fiskinum hefur verið byggð á, lagðar til grundvallar upphæð heildarsöluverðsins.

Nú hefur verið seldur úr skipi erlendis ásamt eigin afla þess fiskur, keyptur í það úr öðrum skipum, og skal þá gjald það, sem um ræðir í lögum þessu, greitt af heildarsöluverði alls farmsins, að frádregnum þeim hluta þess, er svarar til hlutfallsins milli þunga þess fisks, er keyptur var í skipið, og þunga alls farmsins, er úr því var seldur erlendis.

4. gr.

Tollstjórar þeir, er innheimt hafa útflutningsgjöld af fiskafla þeim, er um ræðir í 2. gr., skulu annast álagningu og innheimtu gjalds þess, er um ræðir í lögum þessum.

Tollstjórar skulu fyrir 1. apríl gera skrá yfir þá, sem gjaldið eiga að greiða, og skal skráin greina, hve miklu gjaldið nemur af hverjum farmi og hve mikið hverjum gjaldanda ber að greiða alls. Skal þetta tilkynnt gjaldendunum bréflega fyrir sama tíma.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Gjald það, er um ræðir í lögum þessum, fellur í gjalddaga 1. maí 1945.

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af því 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, er greiðslan degst fram yfir gjalddaga.

Gjaldið hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1182. Lög

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Afgreidd frá Nd. 21. febr.)

Samhljóða þskj. 1177 (sbr. 1018).

Ed. 1183. Frumvarp til laga

um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa hús, áfast Arnarhváli í Reykjavík, fyrir skrifstofur ríkisins og stofnanir þess, enda verði byggingunni hagað þannig, að hæstiréttur geti fengið þar hæfilegt húsnæði fyrst um sinn, ef henta þykir.

2. gr.

Til þeirra framkvæmda, er ræðir um í 1. gr. þessara laga og í 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynlegt lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1184. Lög

um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 21. febr.)

Samhljóða þskj. 686.

Nd. 1185. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjald af söluverði fisks erlendis.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Nú hefur einstaklingur eða félag beðið halla á árinu 1944 á rekstri þeim, sem lög þessi taka til, og er sá aðili þá undanþeginn gjaldinu, enda færi hann ríkisskattanefnd sönnur á, að tap hafi orðið á rekstrinum.
2. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn, þegar frá hafa verið dregin umboðslaun og annar sölukostnaður erlendis, og skulu söluskýrslur o. s. frv.

Sþ. 1186. Nefndarálit

um till. til þál. um framkvæmd á gagngerðri endurskoðun á stjórnskipunarlögunum.

Frá meiri hl. skilnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar, og mun minni hlutinn gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Einn nefndarmanna (GSv) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna forfalla.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, með tilvísun til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, að tillagan verða samþykkt með svolátandi

BREYTINGU:

Tillögugr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa tólf manna nefnd, þrjá eftir tilnefningu hvers þingflokks, er verði milliþinganefnd í stjórnarskrármálinu til ráðgjafar og aðstoðar.

Jafnframt er stjórnarskrárnefnd heimilað með samþykki ríkisstjórnarinnar að ráða sérfróðan mann til öflunar gagna og undirbúnings málsins. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 21. febr. 1945.

H. Guðmundsson, frsm. Bjarni Benediktsson. Lárus Jóhannesson.

Kristinn E. Andrésson. Gunnar Thoroddsen. Magnús Jónsson.
Einar Olgeirsson.

Nd. 1187. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Barða Guðmundssyni.

1. gr. orðist svo:

Lög nr. 33 frá 7. maí 1928, um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands h/f, skulu gilda árið 1945, enda verði eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Arður hluthafa fari eigi yfir 4%.
2. Tekjuafgangi félagsins á árinu 1944, að frádregnum arði skv. tölul. 1, verði varið til kaupa á skipum og á annan hátt í þágu samgöngumála, svo og öðrum sjóðeignum félagsins.
3. Fram fari á árinu, samkv. reglum, er samgöngumálaráðherra setur, könnun á því, hverjir séu núverandi eigendur hlutabréfanna og hvað af bréfunum kunni að vera glatað. Að þessari könnun lokinni skal semja nýja hluthafaskrá og birta hana opinberlega.
4. Samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar á þeim grundvelli, sem hlutaðeigandi ráðherra samþykkir.

Nd. 1188. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurði Þórðarsyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 10. gr.

a. Forstöðumaður löggildingarstofu.
Fyrir „6000—7800“ komi: 6600—8400.

b. Viðgerðarmenn í löggildingarstofu.
Fyrir „4800—6000“ komi: 5400—7200.

Nd. 1189. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 10. gr. Skipaskoðunarstjóri.
Fyrir „10200“ komi: 12000.
Til vara ..... 11100.

Nd. 1190. Nefndarálit

um frv. til l. um veltuskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Þeir Barði Guðmundsson og Sigfús Sigurhjartarson munu þó flytja breytingartillögu við frv. þess efnis, að skatturinn verði lagður á veltu ársins 1944, og áskilur BG sér rétt til þess að láta afdrif þeirrar tillögu varða fylgi við málið.

Eftir tilmælum fjármálaráðherra verður flutt breytingartillaga við frv. varðandi innheimtu skattsins.

Jón Pálmason mun flytja breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 21. febr. 1945.

Jakob Möller, p.t. form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson. Barði Guðmundsson.

Nd. 1191. Breytingartillögur

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Barða Guðmundssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

1. Við 1. gr. Í stað „1945“ komi: 1944.
2. Við 4. og 5. gr. Greinarnar falli niður. Í þeirra stað komi ný grein, 4. gr., svolátandi (og breytist greinatalan samkv. þessari og öðrum brtt.):

Þeir, aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um veltu sína á árinu 1944 fyrir þann tíma, er ráðherra ákveður.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um veltu sína á tilskildum tíma, eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla veltu gjaldandans og ákveða skattinn eftir því. Komi í ljós, að veltuskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn gjald það, sem honum er gert að greiða, ranglega ákveðið, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr. (sem verður 6. gr.). Greinin orðist svo:
Samvinnufélögum og samvinnusamböndum er ekki skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1944, sbr. lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.
Reynist ágóði hinna síðarnefndu á árinu 1944 eigi minni en hann var 1943, skulu þau úthluta sambandsfélögum sínum hlutfallslega jafnmiklu og þá. Reynist ágóðinn hins vegar minni, er þeim heimilt að lækka úthlutunina sem því svarar. Eigi má draga greiddan veltuskatt frá tekjum við ákvörðun ágóða samkvæmt ofansögðu.

Nd. 1192. Breytingartillaga

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 3. gr. 1. b. Á eftir orðunum „þegar vörur þessar eru seldar af" komi: framleiðendum sjálfum og félögum þeirra eða í heildsölu.

Nd. 1193. Breytingartillaga

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Jakob Möller.

Við 4. gr. Fyrsta málsl. skal orða svo:
Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir 30. júní, 30. september og 31. desember senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um veltu sína á undangengnu tímabili.

Ed. 1194. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var borið fram í neðri deild, sem gerbreytti því svo, að í raun réttri má segja, að um nýtt frv. sé að ræða. Efni frv. var upphaflega það, að jarðræktarstyrkur að meðtalinni verðlagsuppbót skyldi um næstu 10 ár hækka um 100%, — tvöfaldast frá því, sem nú er, — fyrir þúfnasléttun í túni og venjulega nýrækt, þar til að hvert það býli, sem styrks nýtur, hefur 600 hesta heyskap á véltæku landi í meðalári. Auk þess skyldi styrkja menn til engjasléttunar með 50 kr. auk verðlagsuppbótar fyrir hvern hektara.
Neðri deild breytti frv. í það horf, að jarðræktarstyrkurinn skyldi framvegis „greiddur þannig, að ríkið kosti framræslu og vinnslu landsins". Með öðrum orðum: Í stað þess að greiða styrk til ræktunarinnar er til þess ætlazt, að framvegis greiði ríkið að fullu kostnað við alla framræslu og þurrkun landsins, þar með talin lokræsagerð, og undirbúi það að fullu undir sáningu. Því ákvæði frv. er

haldið óbreyttu, að rétt til „styrksins“, þ. e. a. s., að ríkið kosti þessar framkvæmdir, hafi umráðendur hvers þess býlis, sem gefur ekki af sér 600 heyhesta á vélfæru landi, að uppfylltum hinum almennu skilyrðum laganna.

Hér er því um fullkomna grundvallarbreytingu í jarðræktarmálum að ræða, breytingu, sem vissulega má telja, að stefni í rétta átt og sé bein viðurkenning þess, að jarðræktarlögin hafa ekki náð tilgangi sínum.

Margt bendir til þess, að meiri árangurs megi vænta í þessum efnum, ef ríkið sjálft annast þessar framkvæmdir, annaðhvort beinlínis eða í samvinnu við félagssamtök innan hinna einstöku héraða, þar sem það kynni betur að henta. Með því ætti það að vera tryggt, *að* jafnan séu notuð hentugustu og afkastamestu vélar og áhöld, *að* verkið sé unnið af mönnum, sem bæði hafa næga þekkingu og reynslu, til þess að full afköst fáist og verkið sé vel af hendi leyst, og *að* fyrst og fremst séu valin til ræktunar þau lönd, sem helzt eru fallin til ræktunar og vegna legu og annarrar aðstöðu eru líklegust til þess að skila því fé, sem til umbótanna er varið, fljótast aftur.

Hins vegar er þess að gæta, að jarðræktarlögin í heild eru byggð á þeim grundvelli, að einstaklingarnir annist sjálfir ræktunina og greiði kostnaðinn við hana, en fái síðan ákveðinn styrk úr ríkissjóði. Sé þessum grundvelli gerbreytt, virðist óhjákvæmilegt að taka jarðræktarlögin í heild til endurskoðunar eða að minnsta kosti setja sæmilega ýtarleg ákvæði í lögin um, hversu þessum framkvæmdum ríkisins skuli hagað, en slíkt er tæplega á færi þingnefndar, sem er önnum kafin við önnur störf.

Frv. í núverandi mynd ber þessa glöggt vitni. Hin einu fyrirmæli frumvarpsins, sem að framkvæmdinni lúta, er að finna í 1. og 2. tölul. 1. gr. Verður engan veginn sagt, að þau fyrirmæli séu skýr eða ýtarleg. Efni þeirra er eingöngu eftirfarandi skilyrði: 1) Ræktunarsamþykkt hafi verið sett á svæðinu, 2) búnaðarfélag eða samþykktarhérað ábyrgist, að landinu verði komið í rækt, 3) sæmilegt ræktunarland sé til á jörðinni, og 4) svo fullkomnar vélar séu notaðar við vinnsluna sem völ er á og við verður komið.

Þetta er allt og sumt, sem máli skiptir. Að öðru leyti er ætlazt til, að ráðherra ákveði með reglugerð um allt, er lýtur að framkvæmd laganna og leiða hlýtur af því, að grundvelli þeirra er gerbreytt eins og að framan segir.

Frv. segir ekkert um það, hvort ætlunin sé, að ríkisstjórnin annist og sjái um jarðræktarframkvæmdirnar eða semji um það við aðra aðila, svo sem búnaðarfélög eða samþykktarhéruð, eða hvort hver einstakur umráðamaður jarðar getur annazt ræktunina sjálfur og krafið ríkissjóð um greiðslu kostnaðarins eftir á. Engin ákvæði eru í frv., er bendi til þess, að fyrst skuli hafin ræktun á þeim stöðum, þar sem ræktunarskilyrði eru bezt og aðstaða með tilliti til markaðs og samgangna. Þvert á móti má segja, að ákvæðið um, að jafnan skuli miðað við 600 hesta véltækt heyskaparland á hverju býli, geti verkað í öfuga átt.

Allir játa, að ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna þurfi endurskoðunar, ef þau eigi að ná tilgangi sínum. Um leið og ríkið tekur að sér að kosta að fullu alla framræslu, þurrkun og vinnslu landsins, verður að sjálfsögðu að ganga svo frá þessu ákvæði, að tilgangi þess verði náð og komið í veg fyrir, að almannafé, sem varið er til ræktunarinnar, verði til þess að auðga einstaka menn og gera jarðirnar að braskvöru.

Þetta þing hefur samþykkt lög um ræktunarsamþykktir í sveitum, þar sem ákveðið er að verja 3 millj. króna af almannafé til þess að styrkja samtök bænda til þess að kaupa stórvirkar og hentugar vélar til jarðræktar og landbúnaðarstarfa. Ætlazt er til, að styrkurinn nemi hálfu kaupverðinu, og því gert ráð fyrir, að alls verði varið til kaupa á slíkum tækjum um 6 millj. króna á næstunni til viðbótar því, sem fyrir er. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að tryggja það, um leið og ríkið tekur að sér að sjá um og kosta ræktunina, að það eigi þess kost að nota þessi tæki fyrir hæfilegt gjald og fullt tillit sé tekið til styrksins, ef samið er við sam-

þykktarhérað um að taka að sér framkvæmdina. Virðist jafnvel full ástæða til að endurskoða nefnda löggjöf í sambandi við frv. þetta, því að hún var sniðin til samræmis við grundvallaratriði gildandi jarðræktarlaga.

Engar áætlanir hafa verið lagðar fram um það, hver útgjöld séu lögð á ríkissjóð, ef frv. verður að lögum, enda munu ekki fyrir hendi áreiðanlegar áætlanir um heildarkostnað við ræktunarframkvæmdir þær, sem frv. gerir ráð fyrir. Verður það að teljast mikill galli á meðferð málsins og undirbúningi.

Nefndin hefur þó átt þess kost að kynna sér nokkuð lausleg drög að áætlunum um þetta efni, sem Búnaðarfélag Íslands hefur látið henni í té. Eftir því sem bezt verður séð, virðist mega gera ráð fyrir, að rækta þurfi til viðbótar um 22 þús. ha til að tryggja þann heyfeng af véltæku landi, sem frv. gerir ráð fyrir, en að sjálfsögðu fer það þá að verulegu leyti eftir því, hversu ríkt er gengið eftir því, að landkostir ráði valinu. Ræktunarkostnaður hlýtur að verða mjög misjafn eftir því, hversu hagar til, og er því erfitt að gera sér grein fyrir meðalkostnaði á hektara, en margt bendir til þess, að eigi sé varlegt að áætla kostnaðinn minni til uppjafnaðar en um 2700 kr. á hvern ha. Séu þessar tölur nærri sanni, yrði heildarkostnaður ríkissjóðs samkv. frv. 59.4 millj. króna eða rétt um 60 milljónir miðað við núverandi verðlag og kaupgjald. Vissulega er hér um háa upphæð að ræða. Þó virðist eigi ástæða til að láta hana vaxa sér svo mjög í augum, þegar litið er til þess, hverja þýðingu landbúnaðurinn hefur í þjóðarbúskap okkar og hversu framleiðslukostnaður landbúnaðarafurða hlýtur að verka á allt fjármála- og atvinnulíf í landinu, að ógleymdum samanburðinum við þær fjárhæðir, sem runnið hafa til landbúnaðarins hin síðari ár.

En um leið og ákveðið er að leggja fram slíka upphæð af almannafé, verður jafnframt að tryggja það, að framkvæmdum verði hagað svo, að sem mest traust og varanlegust verðmæti fáist fyrir það og að þau bæti hag og afkomu þjóðarinnar í heild, en féð verði ekki látið af hendi sem styrkur, gjöf eða gróði til einstakra manna.

Frv. tryggir ekki, þótt það verði að lögum, að þessa sé nægilega gætt, enda þess tæplega að vænta, þegar á það er litið, hversu undirbúningi þess hefir verið áfátt.

Eðlilegust afgreiðsla málsins nú virðist því sú, að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa málið fyrir næsta þing og hafa um það samvinnu við búnaðarþing og nýbyggingarráð. Leggjum við því til, að frv. verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur, að samfara breytingum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir á fyrirkomulagi jarðræktarmála, þurfti að gera víðtækari breytingar á jarðræktarlögunum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi málið í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð fyrir næsta reglulegt Alþingi, álítur deildin ekki rétt að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. febr. 1945.

H. Guðmundsson, frsm. Kristinn E. Andrésson.

Nd. 1195. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Páli Þorsteinssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 16. gr. Næstsíðasta málsgrein falli burt.

Til vara. Málsgreinin orðist svo:

Barnakennarar, sem ekki hafa kennararéttindi og hafa ekki gegnt kennarastarfi 5 ár, fá 80% af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

Nd. 1196. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 16. gr.
   a. Texti fjórða liðar orðist svo:
      Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar.
   b. Úr fimmta lið falli burt orðin „og heimavistarbarnaskólastjórar".
2. Við 30. gr. Í stað „kennslutíma" komi: starfstíma.

Nd. 1197. Nefndarálit

um frv. til l. um veltuskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er ósammála hv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls.

Með þessu frv. er lagt til, að tekin verði upp ný aðferð við skattálagningu, sem ég tel, að sé með öllu óverjandi. Hingað til hefur það verið venja að miða skatta til ríkissjóðs aðallega við tekjur og eignir þeirra, er skattana eiga að borga, en hér er vikið frá þeirri reglu. Við ákvörðun þessa skatts er, samkvæmt frv., ekkert farið eftir rekstrarafkomu eða efnahag skattgreiðenda, heldur eingöngu eftir upphæðum viðskipta, og er enginn greinarmunur gerður á því, hvort verzlað er með lífsnauðsynjar eða óþarfan varning. Getur ekki hjá því farið, ef skattur þessi verður í lög tekinn, að hann leggist m. a. á fyrirtæki, sem mjög lítinn eða jafnvel engan nettóágóða hafa af rekstri sínum. Með slíkum aðförum er þeim fyrirtækjum refsað, sem kosta kapps um að útvega viðskiptamönnum sínum nauðsynjavörur með sem minnstum kostnaði og sýna þannig öðrum fremur þjóðhollustu í störfum.

Flutningsmenn þessa máls og formælendur halda því fram, að skattur þessi leggist eingöngu á verzlunar- og iðnaðarfyrirtæki, sem skattskyld eru samkv. frv., en ekki á viðskiptamenn þeirra, og er í því sambandi vitnað til 7. gr. frv., þar sem segir, að óheimilt sé að telja skattinn í kostnaðarverði vöru eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun. En þrátt fyrir þetta ákvæði mun skatturinn að verulegu leyti verða borgaður beint eða óbeint af notendum þeirrar vöru, sem hann er á lagður. Fram hjá því verður ekki komizt. Þannig verða t. d. allir félagsmenn kaupfélaganna að borga skattinn, þar sem hann verður til þess að minnka þann tekjuafgang, sem félögin skila til félagsmanna, og kemur skatturinn þannig fram sem verðhækkun á þeim vörum, er þeir þurfa að kaupa.

Því hefur verið haldið fram af ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar, að skatt þennan eigi aðeins að taka í eitt ár, en framlenging hans komi ekki til mála. Mér sýnist þó hæpið, að stjórnin eigi auðvelt með að standa við þetta fyrirheit, því að tekjuþörf ríkissjóðs mun sízt verða minni á næsta ári, ef haldið verður þeirri stefnu í fjármálum, sem ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar fylgja nú.

Ég legg til, að frv. þetta verði felld.

Alþingi, 22. febr. 1945.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 1198. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni, Skúla Guðmundssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 10. gr.

a. Í stað „Skipaskoðunarmenn“ komi: Aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra.

b. Aftan við greinina komi:

Eftir tveggja ára starfstíma færast aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra og bifreiðaeftirlitsmenn í X. launaflokk og njóta þá aldurshækkana þess flokks.

Ed. 1199. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist sem hér segir:

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Á eftir j-lið kemur nýr liður, sem verður k-liður, svo hljóðandi: sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár,

enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. þessari grein.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.

14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.

Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.

15. gr. laganna verði 11. gr.

16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.

20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.

21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45 gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.

50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist sem hér segir:

Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:

4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.

Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“ komi:

Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.

Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.

Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.

Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.

59. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi ný gr., sem verði 55. gr. og hljóði svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 85 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

12. gr.

Á eftir 59. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur að að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjórnarréttindi samkv. l. nr. 104 23. júní 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, eru 35 ára, hafa verið skipstjórar eða stýrimenn á skipi yfir 30 rúmlestir í 5 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn á skipi allt að 85 rúmlestum.

13. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr. l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 1200. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1192 [Veltuskattur].

Frá Pétri Ottesen, Jörundi Brynjólfssyni, Ingólfi Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Tillagan orðist svo:
Við 3. gr. 1. b. Orðin „þegar vörur þessar eru seldar af framleiðendum þeirra eða í heildsölu“ falli burt.

Nd. 1201. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Orðin „hið minna og meira“ í 1. gr. laganna falli niður.
2. gr. sömu laga skal orða þannig:
Skólinn starfar í þremur deildum, tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:
Í skólanum skulu vera þessi burtfararpróf: Fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða þannig:
Til fiskimannaprófsins útheimtist:

I. *Stærðfræði* (skrifleg):
1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.
2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.
4. Í rúmfærði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. *Siglingafræði* (skrifleg og munnleg):
1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna og staðarákvarðanir með radiomiðunum.

3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.
4. Þekking á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði; þekking á leiðarreikningi, straumi, drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.

III. *Sjómennska* (munnleg og verkleg):
1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. *Íslenzka* (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. *Danska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

VI. *Enska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. *Sjóréttur* (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. *Hjúkrunarfræði* (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. *Vélfræði* (munnleg):

Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. *Bókhald:*

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist eftir því.

5. gr.

7. gr. laganna, sem verður 6. gr., breytist sem hér segir:

a. Alls staðar þar, sem orðin „meira fiskimannapróf“ koma fyrir í greininni, falli orðið „meira“ ásamt ákveðna greininum niður.
b. Orðin „að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði falli niður.
c. Í stað orðsins „segulskekkjumælinum“ komi: stefnumagnsmælinum.
d. Aftan við kaflann komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.
e. Aftan við greinina komi ný málsgrein, er hljóði svo:
Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

6. gr.

Í stað orðanna í 10. gr. laganna „er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga.

7. gr.

11. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskirteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskirteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðamáli.

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 14. gr., orðist þannig:

Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrír skipaðir kennarar, tveir kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 15. gr., breytist sem hér segir:

Í stað „aðstoðarkennari“ komi: fastur kennari.

10. gr.

19. gr. laganna falli niður, og 20. gr. verði 18. gr.

11. gr.

Á eftir 18. gr. laganna (áður 20. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða:

a. Í næstu 5 ár, eftir að stýrimannaskólinn hefur fengið til þess nægan húsakost, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og fiskimannapróf, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um siglingatíma og hafi náð 35 ára aldri.
Próf þetta nefnist fiskiskipapróf, og setur atvinnumálaráðherra um það reglugerð að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
b. Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. laga nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skip-

um með áorðnum breytingum, og þá undirbúningsfræðslu, sem þarf til þess að setjast í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, getur atvinnumálaráðuneytið falið skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst fjóra mánuði.

Í áðurnefndri reglugerð verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til undirbúningsprófs fyrir fiskimannadeildina skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Hlutaðeigandi kaupstaðir leggja námskeiðunum til ókeypis húsnæði, ljós, hita og ræstingu, en annar kostnaður við þau greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 30. júní 1942.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 100 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, og lætur hann fylgja því eftirfarandi greinargerð:

„Alþingi hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, en helztu breytingarnar eru í því fólgnar, að minna fiskimannaprófið er numið úr lögum og öllum, sem ætla að stjórna skipum yfir 30 rúmlestir, gert að skyldu að ljúka a. m. k. fiskimannaprófi (áður meira fiskimannaprófi). Að sjálfsögðu tekur þetta eigi til þeirra, sem þegar hafa lokið hinu minna fiskimannaprófi, þegar lög þessi öðlast gildi, og halda þeir óskertum réttindum sínum til skipstjórnar á skipum allt að 75 rúmlestum.

Af samþykkt þessa frumvarps leiðir, að breyta þarf lögunum um stýrimannaskólann í Reykjavík til samræmis við breytingar þær, sem orðnar eru á lögunum um atvinnu við siglingar, og því er lagafrumvarp þetta komið fram.

Á Alþingi 1942 voru samþykktar breytingar á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík (lög nr. 37 30. júní 1942), og eru þær breytingar felldar inn í lagafrumvarp þetta, svo að ætlazt er til, að þau lög verði numin úr gildi, um leið og frumvarp þetta verður að lögum.

Að öðru leyti er — auk smávægilegra orðalagsbreytinga — engin breyting gerð á efni laganna önnur en sú, að ætlazt er til, að stærðfræðipróf fiskimanna verði skriflegt í stað munnlegs prófs, eins og áður hefur verið, og er sú breyting gerð samkvæmt áliti kennara skólans og miðar að því að gera prófið réttara og jafnara gagnvart nemendunum.“

Ed. 1202. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands skulu gilda árin 1945 og 1946, enda verði eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Arður hluthafa fari eigi yfir 4%.
2. Tekjuafgangi félagsins á árunum 1944 og 1945, að frádregnum arði skv. tölul. 1, verði varið til kaupa á skipum og á annan hátt í þágu samgöngumála, svo og öðrum sjóðeignum félagsins.
3. Fram fari á árinu 1945, samkv. reglum, er samgöngumálaráðherra setur, könnun á því, hverjir séu núverandi eigendur hlutabréfanna og hvað af bréfunum kunni að vera glatað. Að þessari könnun lokinni skal semja nýja hluthafaskrá og birta hana opinberlega.
4. Samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar á þeim grundvelli, sem hlutaðeigandi ráðherra samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1203. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Zóphóníasson.

Við 19. gr. Fyrsti launaliður orðist svo:
Skattstjóri í Reykjavík .... kr. 12000.

Nd. 1204. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 8. gr.
   a. Fyrir „6000—8400“ í þriðja launalið (Skrifstofustjórar sakadómara o. s. frv.) kemur: 6600—9000.
   b. Fyrir „6600—9000“ í næsta lið (Aðalféhirðir o. s. frv.) kemur: 7200—9600.
   c. Fyrir „4800—6000“ í fimmtánda launalið (Innheimtumenn tollstjóra) kemur: 4800—6600.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað „Bókari II. flokks .... 5400—7200“ kemur: Bókari I. flokks .... 6000—7800.
   b. Nýr liður: Bókari III. flokks .... 4800—6600.
3. Við 23. gr.
   a. Fyrir „6600—9000“ í þriðja launalið (Aðalbókari o. s. frv.) kemur: 7200—9600.

b. Í stað fjórða liðar koma tveir nýir liðir:
   1. Afgreiðslustjóri og innkaupastjóri .... 6600—9000.
   2. Verkstjóri við skipaafgreiðslu ..... 6000—8400.

4. Við 25. gr.
   a. Fyrir „6600—9000“ í þriðja launalið (Skrifstofustjórar) kemur: 7200—9600.
   b. Fyrir „4800—6000“ í átjánda launalið (Bifreiðarstjórar) kemur: 4800—6600.
5. Við 26. gr.
   a. Á eftir sjöunda launalið (Bókari III. flokks o. s. frv.) kemur nýr liður: Bifreiðarstjóri grænmetisverzlunar .... 4800—6600.
   b. Aftan af texta næsta liðar falla orðin „og bifreiðarstjóri grænmetisverzlunar“.
6. Á eftir 31. gr. kemur ný grein, sem verður 32. gr., svo hljóðandi (og breytist síðan greinatala frv. skv. því):
   Við opinberar stofnanir, sem settar eru á fót til bráðabirgða, skal haga launaflokkun í samræmi við lög þessi, en greiða skal a. m. k. 15% hærri laun.

Nd. 1205. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Við 13. gr.

a. Í stað orðanna „og biskupsritari“ í þriðja lið kemur: biskupsritari og söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
b. Orðin „söngmálastjóri þjóðkirkjunnar“ í næsta lið falla niður.

Nd. 1206. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
   Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu hafa að árslaunum:

1.	Borgardómari, borgarfógeti, lögreglustjóri, sakadómari og tollstjóri í Reykjavík	kr.	12000
2.	Bæjarfógetar, sýslumenn og skattamáladómari	—	10200
3.	Fulltrúar I. flokks	— 7200—	9600
4.	Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra	— 6600—	9000
5.	Skrifstofustjórar lögreglustjóra og sakadómara í Reykjavík og lögreglustjórar í kauptúnum	— 6000—	8400
6.	Fulltrúar II. flokks	— 6000—	8400
7.	Skattritarar I. flokks, tollritarar og sýsluskrifarar	— 6000—	7800
8.	Tollverðir og bátsformenn á tollbát	—6000—	7800
9.	Ríkislögregluþjónar	— 6000—	7800
10.	Fangaverðir í Reykjavík og á Litla-Hrauni	— 6000—	7800
11.	Skattritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skattritarastörfum	— 5400—	7200
12.	Bókari í skrifstofu lögreglustjóra og eftirlitsmaður með útlendingum	— 5400—	7200

13. Gæzlumenn á Litla-Hrauni ..... kr. 5400— 7200
14. Gjaldkeri og firmaskrásetjari hjá borgarfógeta ..... — 5400— 7200
15. Innheimtumenn tollstjóra ..... — 4800— 6000
16. Gjaldkeri borgardómara ..... — 4200— 5400
17. Ritarar I. flokks ..... — 4800— 6000
18. Ritarar II. flokks ..... — 4200— 5400
19. Ritarar III. flokks ..... — 3300— 4800

2. Við 9. gr. Greinin fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
3. Við 11. gr. Á eftir áttunda lið (Héraðslæknar í héruðum I. flokks) kemur nýr liður:
   Aðstoðarlæknar héraðslækna, sbr. lög nr. 52/1942 ..... — 9600
4. Við 15. gr.
   a. Seytjánda lið skal orða svo:
      Landsbóka-, þjóðskjala- og þjóðminjaverðir ..... — 11100
   b. Fyrir „aðstoðarþjóðminjavörður“ í næsta lið kemur: aðstoðarmaður þjóðminjavarðar.
5. Við 16. gr. Næsta málsgr. á eftir launaákvæðaliðunum (Árslaun barnaskólastjóra o. s. frv.) fellur niður.
6. Við 20. gr.
   a. Á eftir fyrsta lið kemur nýr liður:
      Skipulagsstjóri ..... — 12000
   b. Úr næsta lið fellur orðið „skipulagsstjóri“.
7. Við 22. gr. Greinina skal orða svo:
   Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:
   1. Póst- og símamálastjóri ..... — 14000
   2. Yfirverkfræðingur og skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík og póstmeistarinn í Reykjavík — 10200
      Á meðan yfirverkfræðingur landssímans starfar jafnframt sem yfirverkfræðingur útvarpsins, skal greiða honum 11100 kr. árslaun.
   3. Póstmálafulltrúi, póstmeistarinn á Akureyri, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði og Seyðisfirði, símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar ..... — 7200— 9600
   4. Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Rvík, símafræðingar og símastjórinn í Hafnarfirði ..... — 6600— 9000
   5. Varðstjórarnir á stuttbylgjustöðinni í Gufunesi og á Vatnsenda, birgðastjóri landssímans í Reykjavík, efnisvörður landssímans, fulltrúar II. flokks, aðalteiknari, ritsímavarðstjórar, verkstæðisverkstjórar og verkstjórar bæjarsíma Reykjavíkur ..... — 6000— 8400
   6. Símritarar I. flokks, loftskeytamenn I. flokks, símvirkjar I. flokks, póstafgreiðslumenn í Reykjavík I. flokks, iðnaðarmenn I. flokks, línuverkstjórar, bókarar, bréfritari aðalskrifstofu og umsjónarmaður bíla landssímans ..... — 6000— 7800
   7. Símritarar II. flokks, símvirkjar II. flokks, loftskeytamenn II. flokks, iðnaðarmenn II. flokks, teiknarar, línumenn I. flokks, póstafgreiðslumenn II. flokks og bréfberar í Rvík — 4800— 6600
   8. Línumenn II. flokks, bílstjórar, ritarar I. flokks, varðstjóri við langlínumiðstöð og sendimenn símans í Reykjavík .... — 4800— 6000

9. Talsímakonur og ritarar II. flokks ..... kr. 4200— 5400
10. Ritarar III. flokks ..... — 3300— 4800

Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símastjóra á I. fl. B. og II. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

8. Við 30. gr.
   a. Næstsíðasti launaliður (Kennarar gagnfræðaskólanna).
   Fyrir „6000—8400“ kemur: 6600—9000.
   b. Niðurlagsmálsgr. („Allt miðað við“ o. s. frv.) fellur niður.
9. Við 31. gr. Á eftir greininni kemur ný grein (verður 31. gr.), svo hljóðandi:
   Árslaun kennara samkv. 15., 16. og 29. gr. og barnaskólastjóra eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um ⅛ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.
10. Við 37. gr.
   a. Fyrir orðin „lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar“ í 3. málsgr. kemur: og lífeyrissjóðsgjöldum.
   b. 5. málsgr. skal orða svo:
   Bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum sem hér segir:

1.	Af 100 þús. kr. greiðist	1 %
2.	— 100—500 þús. kr. greiðist	½ %
3.	— 500—1000 þús. kr. greiðist	¼ %
4.	— 1—5 millj. kr. greiðist	1 ‰
5.	— 5—10 millj. kr. greiðist	½ ‰
6.	— 10 millj. kr. og þar yfir greiðist	¼ ‰

   c. Annar málsl. 6. málsgr. orðist svo: Um leið og gjaldskrá er sett fyrir héraðslækna, skal semja við Læknafélag Íslands um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast greiðslu.

Ed. 1207. Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Eftir að birt hafa verið hin mörgu skilríki, sem Alþingi hafa borizt í málinu um hugmyndasamkeppni, hafa fjórir af starfsmönnum ríkisins, sem þetta mál snertir mest, sent Alþingi sameiginlegt bréf til skýringar á embættisaðstöðu þeirra. Er sýnilegt, að þeim þykir mjög skorta á um skilning þeirra kunnáttumanna, sem blanda saman hugmyndasamkeppni við samkeppni með fullri ábyrgð. Auk þess er sýnilegt, að þessum mönnum þykir skörin færast nokkuð upp í bekkinn, ef Alþingi tekur til greina mótmæli bæjarráðs, að því er snertir verklegar framkvæmdir Reykjavíkurbæjar, en vill leggja allar framkvæmdir ríkisins undir aðhald óviðkomandi manna, með þeim skýringum, að forstöðumenn ríkisframkvæmdanna séu allir svo þreyttir, sljóir og vanabundnir af sínum daglegu störfum, að þjóðinni geti ekki orðið gagn af störfum þeirra nema með því að kaupa stöðugt nýjar hugmyndir frá óviðkomandi mönnum, til að bjarga með þeim hætti verklegum framkvæmdum þjóðarinnar.

Húsameistari Reykjavíkur, Einar Sveinsson, hefur þverneitað, að hann vilji taka við þessum verðlaunaða hugmyndainnflutningi og gera hann að veruleika á sína ábyrgð. Reykjavíkurbær hefur fyrir sitt leyti þverneitað að taka við hinu framboðna skipulagi. Nú er eftir að vita, hvort Alþingi vill sýna í verki, að það ætlist til þess, að starfsmenn ríkisins eigi um réttindi og tiltrú að vera mun lægra settir en stéttarbræður þeirra, sem starfa hjá Reykjavíkurbæ.

Alþingi, 22. febr. 1945.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal.

Til áréttingar fyrra áliti okkar undirritaðra til háttvirtrar menntamálanefndar efri deildar um frv. til l. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, svo og vegna álits Einars Sveinssonar húsameistara og dr. Jóns E. Vestdals efnafræðings, sbr. fylgiskjal V með áliti minni hluta nefndarinnar, viljum við leyfa okkur að taka þetta fram:

Í áliti því, sem að framan greinir frá húsameistara Reykjavíkurbæjar og formanni V. F. Í., telja þeir, að aldrei hafi farið fram hér á landi annars konar keppni en sú, sem frv. gerir ráð fyrir. Við erum um þetta atriði á algerlega gagnstæðri skoðun.

Í 1. gr. frv., ásamt skýringum í greinargerð, kemur greinilega fram, að tilgangur þess er, að samkeppni fari fram, ef ástæða þykir til þess, um „hugmyndir" að mannvirkjum, og er þá aðeins átt við „frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja". Þá mun og gert ráð fyrir, en kemur að vísu ekki beint fram í frv., að opinberar stofnanir hafi áfram á hendi hinn frekari sérfræðilega undirbúning mannvirkisins, en ekki sá eða einhver þeirra, sem hlotið hefur sigur í samkeppni.

Slík samkeppni er hugmyndasamkeppni, en ekki venjuleg samkeppni samkv. erlendri skilgreiningu. Hér á landi mun á síðustu árum hafa verið efnt til samkeppni um uppdrætti að húsabyggingum, að því er okkur er kunnugt, um 10 sinnum, og leyfum við okkur að halda því fram, að aðeins í 2—3 skipti hafi keppni verið með því fyrirkomulagi, sem er aðaleinkenni frumvarpsins. Í fyrsta lagi var óskað ýtarlegra uppdrátta, og í öðru lagi var þeim húsameistara, sem fór með sigur af hólmi, jafnan falið að gera fullnaðaruppdrætti og sjá um framkvæmd verksins.

Erlendis er og samkeppni jafnan, að því er okkur er kunnugt, með þessu fyrirkomulagi, og t. d. í dönsku reglunum beinlínis tekið fram, að sá, sem vinni í keppni, eigi rétt til að fá framkvæmd verksins, þó megi útboðsstofnandi kaupa sig undan þeirri kvöð með viðbótargreiðslu.

Einskorðuð hugmyndasamkeppni, eins og frv. gerir ráð fyrir, fer tiltölulega mjög sjaldan fram t. d. á Norðurlöndum, að því er kunnugt er, og þá aðeins, ef um er að ræða sérstaklega mikilsverð eða einkennileg mannvirki, sbr. reglur norskra húsameistara, og er þá jafnframt hagað svo til í skilmálum, að sem minnstrar teiknivinnu sé krafizt af þátttakendum, miklu minni en við venjulega samkeppni. Við teljum, að slík keppni mundi mjög sjaldan geta komið að tilætluðum notum hér.

Okkur kemur ekki til hugar að neita því, að venjuleg samkeppni, eins og hér á landi hefur nokkrum sinnum verið stofnað til um húsabyggingar, hefur margt til síns ágætis, en grundvöllur undir henni verður þá annar en í frumvarpinu felst. Höfum við skilið frv. svo, að með því væri eingöngu miðað við hugmyndasamkeppni. Það kemur hins vegar fram í umsögn V. F. Í., húsameistara Reykjavíkurbæjar o. fl., að þeir mæla með frv. á þeim grundvelli, að tilhögun samkeppni verði svipuð og hér hefur tíðkazt, og er beinlínis tekið fram í umsögn húsameistara Reykjavíkur, að hann ætlist til þess, að sigurvegara í samkeppni verði falin framkvæmd, sem þó virðist gagnstætt tilgangi frv.

Ef það hins vegar er ætlun löggjafarvaldsins, að stofnanir ríkisins hafi áfram með höndum undirbúning og framkvæmdir mannvirkja, svo sem verið hefur, þá virðist okkur frv. þetta stefna í öfuga átt.

Að því er snertir umsögn bæjarráðs Reykjavíkur, þá virðist okkur þar gæta ósamræmis að því leyti, að ef samkeppni samkvæmt frv. er æskileg um mannvirki ríkisins, þá muni hún hafa sömu kosti, að því er snertir framkvæmdir mannvirkja Reykjavíkurbæjar.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 21. febrúar 1945.

Geir G. Zoëga, vegamálastjóri.	Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins.	Axel Sveinsson, vitamálastjóri.
	Hörður Bjarnason, skipulagsstjóri.	

Nd. 1208. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 6. gr. a-liður greinarinnar falli burt og fyrirsögn b-liðar, en undirliðir hans haldist óbreyttir.

Nd. 1209. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Greinin verði þannig:
   12. gr. orðist svo:
   Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal fasteignamat framkvæmt af matsmanni fasteigna, sem fjármálaráðherra skipar.
   Öllum þeim, sem meta fasteignir til brunabóta, er skylt að senda matsmanni fasteigna afrit af matsgerðinni ásamt lýsingu af húsinu eða endurbót þess svo og byggingarlóð (nýrra húsa), eftir reglum, er ráðuneytið setur. Matsmaður fasteigna ákveður síðan fasteignamat hússins samkvæmt lýsingunni í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga.
   Hús þau, sem brunabótamat hefur ekki farið fram á, skulu metin fasteignamati á fimm ára fresti, og skal slíku mati lokið í fyrsta skipti fyrir 1. jan. 1950. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma hver í sínum hreppi, en þar, sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Matsmaður fasteigna, sem skipaður er samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, hefur eftirlit með því, að aukamat þetta fari fram, og annast hann endurskoðun á matinu. Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.
   Fjármálaráðuneytið getur falið matsmanni fasteigna að framkvæma viðbótarmat á jarðeignum á fimm ára fresti vegna jarðabóta, sem unnar hafa

verið á tímabilinu. Skal þá leggja til grundvallar jarðabótaskýrslur Búnaðarfélags Íslands og meta jarðabæturnar á sama mælikvarða og gert er í gildandi fasteignamati, en þó sé tekið tillit til fyrningar á eldri jarðabótum á sama tíma.

2. Við 9. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins áður en 2 mánuðir eru liðnir, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Nd. 1210. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Pálmasyni.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
Niðurstöður allra matsgerða, sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna eigendum fasteignanna.

Nd. 1211. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 16. gr. Sjötti liður orðist svo:
Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar .... 6000—8400.

Ed. 1212. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 559 [Dýrtíðarráðstafanir].

Frá fjárhagsnefnd.

Í stað orðanna „Ef vörur .... eru eigi“ kemur: Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili eða fyrr, eru eigi.

Nd. 1213. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurði Thoroddsen.

Við 8. gr. Áttundi liður (Bókari í skrifstofu lögreglustjóra). Í stað „5400—7200“ kemur: 6000—7800.

Ed. 1214. Lög

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 1199.

Sþ. 1215. Nefndarálit

um till. til þál. um atvinnuréttindi íslenzkra manna, sem stundað hafa nám í Ameríku.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn (GÞ) vildi láta samþykkja þáltill. óbreytta, en á þetta gat meiri hlutinn ekki fallizt. Vér teljum þó rétt, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, hvort nokkra nauðsyn beri til þess að setja sérstök lög um starfsréttindi þeirra Íslendinga, sem nám stunda í Vesturheimi, er þeir að loknu námi hverfa heim til starfa, og leggjum vér því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki til athugunar, hvort nauðsyn sé á löggjöf, er tryggi það, að Íslendingar, sem nám stunda í Vesturheimi, fái hér full starfsréttindi að loknu námi, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. febr. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Páll Zóphóníasson. Har. Jónasson. Ingólfur Jónsson.

Nd. 1216. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Bjarni Ásgeirssyni, Helga Jónassyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 18. gr. Fyrsti launaliður orðist svo:
Útvarpsstjóri .... 13000.

Nd. 1217. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurði Thoroddsen og Einari Olgeirssyni.

1. Við 20. gr. Annar liður (Yfirverkfræðingur o. s. frv.) skiptist í tvo liði:
   a. Yfirverkfræðingur, skipulagsstjóri .... 11100.
   b. Skrifstofustjóri vegamála .... 10200.
2. Fyrir „7200—9600“ í næsta lið (Verkfræðingar) kemur: 10200.

Nd. 1218. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Sigurði Thoroddsen.

1. Við 21. gr. Annar liður (Verkfræðingur). Fyrir „7200—9600“ kemur: 10200.
2. Við 22. gr. Á eftir 2. lið komi nýir liðir:
   a. Yfirverkfræðingur landssímans .... 11100.
   b. Verkfræðingar .... 10200.

   Jafnframt falli orðin „Yfirverkfræðingur landssímans“ og „verkfræðingar“ burt úr 2. og 3. lið.

Nd. 1219. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Sigurður Kristjánsson.

Við 27. gr. Síðasti liður (Síldarmatsstjóri og fiskmatsstjóri). Fyrir „8400“ kemur: 9000.

Nd. 1220. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1206 (Launalög).

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 1. brtt. Aftan við brtt. (8. gr.) kemur aths.:

Fulltrúar I. flokks samkv. 3. tölulið, sem starfað hafa í 6 ár, má með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis hækka í VI. launaflokk.

Nd. 1221. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1206 (Launalög).

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 1. brtt. 4. tölul. orðist svo:

Aðalféhirðir, aðalbókari og deildarstjórar tollstjóra .... 6600—9000

Nd. 1222. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1206 (Launalög).

Frá Gunnari Thoroddsen, Einari Olgeirssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 7. brtt.

a. Við 6. tölul. Í stað orðanna „póstafgreiðslumenn í Reykjavík I. flokks“ kemur: póstafgreiðslumenn í Reykjavík.
b. Við 7. tölul. Orðin „póstafgreiðslumenn II. flokks“ falla burt.

Nd. 1223. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1155 (Launalög).

Frá Sigurði Thoroddsen.

Við síðari lið (Yfirverkfræðingur). Fyrir „10200“ kemur: 11100.

Nd. 1224. Frumvarp til laga

um veltuskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af veltu ársins 1945 eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Velta merkir í lögum þessum heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu að tilboðasöfnun meðtalinni, úttekt eigenda og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldatekjur vátryggingafélaga teljast þó ekki velta í þessu sambandi og ekki heldur sala eigin vinnu. Til veltu telst hins vegar andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), greiðslur til verktaka, flutningsgjöld og afgreiðslugjöld, heildartekjur prentsmiðja, bókaútgefenda, þvottahúsa, fatapressana, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, sala klæðskeraverkstæða og saumastofa, sala matsölu- og veitinga- og gistihúsa, aðgangseyrir að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt heildartekjur þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

3. gr.

Skattur sá, sem um ræðir í 1. gr., skal nema sem hér segir:

1. af heildsölu- og umboðssölu 1½%, þó aldrei yfir 25% af fengnum umboðslaunum;
2. af smásöluveltu 1%;
3. af veltu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem hafa gjaldskylda veltu samkvæmt 2. gr., 1%.

Eigi skal þó greiða skatt af veltu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi;
   b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að síld meðtalinni, þegar vörur þessar eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu;
2. veltu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 60 11. júní 1938.

4. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir 30. júní, 30. september og 31. desember senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um veltu sína á undangengnu tímabili. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykja-

vík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Hafi skatturinn eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

5. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á veltuframtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um veltu sína á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla veltu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að veltuskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn gjald það, sem honum er gert að greiða, ranglega ákveðið, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

6. gr.

Ef skattstjóri eða skattanefnd telur það nauðsynlegt til að geta áætlað veltu gjaldanda eða til skýringar á framtali hans, skal þeim heimill aðgangur að skýrslum þeim um þessi efni, sem viðskiptaráð og verðlagsstjóri hafa undir höndum.

7. gr.

Veltuskatt þann, sem um ræðir í lögum þessum, er óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun.

8. gr.

Samvinnufélögum og samvinnusamböndum er ekki skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1945, sbr. lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

9. gr.

Skattur þessi er ekki frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir veltuskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 9 6. jan. 1935.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1225. Breytingartillaga

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Ingólfi Jónssyni og Sigarði Kristjánssyni.

Við 3. gr. 1. b. Á eftir orðunum „þegar vörur þessar eru seldar af“ komi: framleiðendum sjálfum, félögum þeirra og öðrum verzlunum eða í heildsölu.

Ed. 1226. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
   2. málsgr. fellur niður.
2. Við 6. gr.
   2. málsgr. fellur niður.

Nd. 1227. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 1206 [Launalög].

Frá Sigurði Kristjánssyni, Sigurði Thoroddsen, Sigurði Guðnasyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 7. brtt.

1. Við 5. tölul. Orðin „birgðastjóri landssímans í Reykjavík“ falli burt.
2. Við 6. tölul.
   a. Á eftir orðunum „Símritarar“, „loftskeytamenn“ og „símvirkjar“ falla niður orðin „I. flokks“.
   b. Á eftir 6. tölul. kemur nýr liður, er verður 7. liður, svo hljóðandi (og breytist liðatalan samkv. því):
      Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík .... 5400—7200.
3. Við 7. lið, sem verður 8. liður.
   a. Orðin „Símritarar II. flokks, símvirkjar II. flokks, loftskeytamenn II. flokks“ og orðin „I. flokks“ á eftir „línumenn“ falli niður.
   b. Við liðinn bætist: Umsjónarmenn með skeytaútsendingu.
4. Við 8. lið, sem verður 9. liður. Orðin „línumenn II. flokks“ falli niður.

Nd. 1228. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1206.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 9. brtt.

a. Í stað „kennslutíma“ komi: starfstíma.
b. Í stað „kennslutíminn“ komi: starfstíminn.

Nd. 1229. Breytingartillögur

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 17. gr. Fyrir „6600—9000“ í fjórða lið (Kennarar sömu skóla) komi: 7200—9600.
2. Við 30. gr. Fyrir „6000—7800“ í 8. lið (Kennarar héraðsskóla og húsmæðraskóla) komi: 6000—8400.

Sþ. 1230. Tillaga til þingsályktunar

um hækkun framlags úr ríkissjóði til nokkurra skóla.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða þá hækkun, sem verður á launum skólastjóra og kennara við héraðsskóla og húsmæðraskóla við gildistöku laga um laun starfsmanna ríkisins, og enn fremur hluta ríkissjóðs af þeirri hækkun, sem verður á launum við gagnfræðaskólana, miðað við framlög ríkisins til þeirra samkvæmt lögum nr. 48 1930.

Greinargerð.

Í lögum þeim, sem nú er verið að afgreiða um laun starfsmanna ríkisins, er ákveðin allmikil hækkun á launum skólastjóra og kennara héraðsskólanna, húsmæðraskólanna og gagnfræðaskólanna frá því, sem verið hefur. Hins vegar er fjárhagur þessara skóla að mestu bundinn við framlög ríkisins til þeirra og svo þröngur, að þeim er ókleift að halda áfram starfsemi sinni á sama hátt og verið hefur og lögboðið er, nema ríkissjóður greiði þá hækkun á rekstrarkostnaði þeirra, sem af samþykkt launalaganna leiðir.

Nd. 1231. Breytingartillaga

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 3. gr. 1. b. Liðurinn orðist svo:

Andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að síld meðtalinni, kornvöru alls konar, malaðrar og ómalaðrar, og byggingarefnis alls konar.

Ed. 1232. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 1194 [Jarðræktarlög].

Frá Eiríki Einarssyni.

Dagskrártillöguna skal orða svo:

Þar sem deildin telur, að breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir á fyrirkomulagi jarðræktarmála, kunni að valda verulegri röskun á grundvelli þeim, sem jarðræktarlögin eru reist á, og gera framkvæmd þeirra ótrausta, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi endurskoðun jarðræktarlaganna í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð fyrir næsta reglulegt Alþingi og leggi síðan frv. fyrir þingið, þar sem miðað verði við sem öruggasta þróun íslenzkrar jarðræktar með þeim hætti, að góður jarðvegur og framtakssemi bændastéttarinnar fái sem bezt notið sín, álítur deildin ekki rétt að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 1233. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   19. gr. laganna, sem verður 18. gr., orðist þannig:
   Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, með áorðnum breytingum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, *skal* atvinnumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.
   Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.
   Í reglugerð verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.
   Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „Á eftir 18. gr. laganna (áður 20. gr.)“ í upphafi greinarinnar komi: Í stað 20. gr. laganna, sem verður 19. gr.
   b. b-liður greinarinnar falli burt.

Nd. 1234. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Orðin „hið minna og meira“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr. sömu laga skal orða þannig:

Skólinn starfar í þremur deildum, tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Í skólanum skulu vera þessi burtfararpróf: Fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða þannig:

Til fiskimannaprófsins útheimtist:

I. *Stærðfræði* (skrifleg):
   1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.

2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flata rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.
4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. *Siglingafræði* (skrifleg og munnleg):
1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.
4. Þekking á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði; þekking á leiðarreikningi, straumi, drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.

III. *Sjómennska* (munnleg og verkleg):
1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. *Íslenzka* (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. *Danska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

VI. *Enska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. *Sjóréttur* (munnlegur):
Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. *Hjúkrunarfræði* (munnleg):
Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. *Vélfræði* (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. *Bókhald:*
Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.
Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist eftir því.

5. gr.

7. gr. laganna, sem verður 6. gr., breytist sem hér segir:
Orðið „meira“ í upphafi greinarinnar falli niður.
Orðin „Að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði falli niður.
Í stað „segulskekkjumælirinn“ komi: stefnumagnsmælirinn.
Aftan við þennan kafla komi: Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.
Aftan við sömu gr. komi ný málsgr., er orðist þannig:
Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

6. gr.

Í stað orðanna í 10. gr. laganna „er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga.

7. gr.

11. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:
Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.
Prófskírteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðamáli.

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 14. gr., orðist þannig:
Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrír skipaðir kennarar, tveir kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.
Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 15. gr., breytist sem hér segir:
Í stað „aðstoðarkennari“ komi: fastur kennari.

10. gr.

19. gr. laganna, sem verður 18. gr., orðist þannig:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, með áorðnum breytingum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, skal atvinnumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Í stað 20. gr. laganna, sem verður 19. gr., komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að stýrimannaskólinn hefur fengið til þess nægan húsakost, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og fiskimannapróf, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um siglingatíma og hafi náð 35 ára aldri.

Próf þetta nefnist fiskiskipapróf, og setur atvinnumálaráðherra um það reglugerð að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 30. júní 1942.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 100 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 1235. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

1. Hækkun sú á verði landbúnaðarafurða eftir verðlagsvisitölu samkvæmt lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 14. apríl 1943, sem ganga átti í gildi 15. sept. 1944, skal

falla niður og verð landbúnaðarafurða á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945 reiknast eftir vísitölu næsta tímabils á undan, sbr. þó 2. lið.
2. Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu- og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp.
3. Ríkisstjórnin leggur fram fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Fjárframlag ríkissjóðs í þessu skyni greiðist mánaðarlega eftir áætlun og að öðru leyti á sama hátt og verið hefur.
4. Fyrir sama tímabil og til er tekið í 3. tölulið skal ríkisstjórnin kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig, enda skal ríkisstjórninni heimilt að verja í því skyni fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf.
5. Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar árið 1945, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái verð fyrir þær samkvæmt 1. og 2. lið þessara laga. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili eða fyrr, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum, um leið og kaupendur borga vörurnar.
6. Bráðabirgðaákvæði þessi halda gildi sínu til 15. sept. 1945 þrátt fyrir ákvæði 3. málsgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1236. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Sigurði Kristjánssyni.

1. Við 10. gr. Upphaf 3. efnismálsgreinar orðist svo:
   Í reglugerð skal ákveðið o. s. frv.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „35 ára“ í fyrri málsgrein komi: 30 ára.

Sþ. 1237. Nefndarálit

um till. til þál. um framkvæmd á gagngerðri endurskoðun á stjórnskipunarlögunum.

Frá minni hl. skilnaðarnefndar.

Tillaga þessi felur í sér, að fjölgað verði um 10 menn í milliþinganefnd þeirri, sem nú starfar að endurskoðun stjórnskipunarlaganna, og verði þeir tilnefndir af hæstarétti. En nú er nefnd sú skipuð 8 mönnum, 2 tilnefndum af hverjum þingflokki. Í greinargerð tillögunnar eru þau rök einkum færð fram fyrir fjölgun í nefndinni, að svo margra sjónarmiða sé að gæta í þessu sambandi, að eðlilegt sé, að fleiri séu þar kvaddir til að undirbúa þetta vandasama mál.

Meiri hl. skilnaðarnefndar hefur ekki viljað á það fallast að fjölga í nefndinni sjálfri, heldur hefur hann valið þá leið að skipa aðra nefnd við hliðina á þeirri, sem

nú er starfandi, og verði hún til ráðgjafar og aðstoðar í þessu máli og skipuð 12 mönnum.

Minni hl. nefndarinnar lítur svo á, að þetta sé mjög óeðlileg og óheppileg leið, að skipa tvær fjölmennar milliþinganefndir í hið sama mál. Geta af því hlotizt ýmsir árekstrar og mjög líklegt, að vinnubrögð öll verði í molum. Auk þess mun það algerlega án fordæmis, að tvær milliþinganefndir sitji samtímis til athugunar og undirbúnings hinu sama máli.

Hins vegar hefði minni hlutinn getað á það fallizt, að eitthvað hefði verið fjölgað í nefnd þeirri, sem nú hefur stjórnarskrármálið til meðferðar, og leggur því til sem samkomulagsleið, að tillagan verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar, að til viðbótar í nefnd þá, sem kosin hefur verið samkv. ályktunum Alþingis frá 8. sept. 1942 og 22. maí 1942 til þess að undirbúa og gera tillögur um framtíðarstjórnskipunarlög fyrir lýðveldið Ísland, skuli skipa fjóra menn. Skulu menn þessir skipaðir samkv. tilnefningu þingflokkanna, og tilnefnir hver þingflokkur 1 mann.

Alþingi, 26. febrúar 1945.

Bernh. Stefánsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason, frsm. Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Ed. 1238. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Orðin „hið minna og meira“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr. sömu laga skal orða þannig:

Skólinn starfar í þremur deildum, tvegga ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Í skólanum skulu vera þessi burtfararpróf: Fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða þannig:

Til fiskimannaprófsins útheimtist:

I. *Stærðfræði* (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.
2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.

3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flata rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.
4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. *Siglingafræði* (skrifleg og munnleg):
1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.
4. Þekking á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði; þekking á leiðarreikningi, straumi, drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.

III. *Sjómennska* (munnleg og verkleg):
1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. *Íslenzka* (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. *Danska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

VI. *Enska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. *Sjóréttur* (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. *Hjúkrunarfræði* (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. *Vélfræði* (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. *Bókhald:*
Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.
Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist eftir því.

5. gr.

7. gr. laganna, sem verður 6. gr., breytist sem hér segir:
Orðið „meira“ í upphafi greinarinnar falli niður.
Orðin „Að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði falli niður.
Í stað „segulskekkjumælirinn“ komi: stefnumagnsmælirinn.
Aftan við þennan kafla komi: Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.
Aftan við sömu gr. komi ný málsgr., er orðist þannig:
Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

6. gr.

Í stað orðanna í 10. gr. laganna „er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga.

7. gr.

11. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:
Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.
Prófskírteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðamáli.

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 14. gr., orðist þannig:
Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrír skipaðir kennarar, tveir kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.
Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 15. gr., breytist sem hér segir:
Í stað „aðstoðarkennari“ komi: fastur kennari.

10. gr.

19. gr. laganna, sem verður 18. gr., orðist þannig:
Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, með áorðnum breytingum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, skal atvinnumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Í stað 20. gr. laganna, sem verður 19. gr., komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að stýrimannaskólinn hefur fengið til þess nægan húsakost, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og fiskimannapróf, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um siglingatíma og hafi náð 30 ára aldri.

Próf þetta nefnist fiskiskipapróf, og setur atvinnumálaráðherra um það reglugerð að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 30. júní 1942.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 100 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 1239. Lög

um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

(Afgreidd frá Nd. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 1183.

Ed. 1240. Breytingartillögur

við frv. til l. um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

2. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.
Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.
3. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

Nd. 1241. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar, og skulu söluskýrslur þær, er skipstjórar útflutningsskipanna hafa gefið og greiðsla útflutningsgjalda af fiskinum hefur verið byggð á, lagðar til grundvallar upphæð heildarsöluverðsins.
Nú hefur verið seldur úr skipi erlendis ásamt eigin afla þess fiskur, keyptur í það úr öðrum skipum, og skal þá gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, greitt af heildarsöluverði alls farmsins, að frádregnum þeim hluta þess, er svarar til hlutfallsins milli þunga þess fisks, er keyptur var í skipið, og þunga alls farmsins, er úr því var seldur erlendis.

4. gr.

Tollstjórar þeir, er innheimt hafa útflutningsgjöld af fiskafla þeim, er um ræðir í 2. gr., skulu annast álagningu og innheimtu gjalds þess, er um ræðir í lögum þessum.
Tollstjórar skulu fyrir 1. apríl gera skrá yfir þá, sem gjaldið eiga að greiða, og skal skráin greina, hve miklu gjaldið nemur af hverjum farmi og hve mikið hverjum gjaldanda ber að greiða alls. Skal þetta tilkynnt gjaldendunum bréflega fyrir sama tíma.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Gjald það, er um ræðir í lögum þessum, fellur í gjalddaga 1. maí 1945.

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af því 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, er greiðslan degst fram yfir gjalddaga.

Gjaldið hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1242. Frumvarp til laga

um laun starfsmanna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 16, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 15000	kr. 15000
II. —	— 14000	— 14000
III. —	— 13000	— 13000
IV. —	— 12000	— 12000
V. —	— 11100	— 11100
VI. —	— 10200	— 10200
VII. —	— 7200	— 9600
VIII. —	— 6600	— 9000
IX. —	— 6000	— 8400
X. —	— 6000	— 7800
XI. —	— 5400	— 7200
XII. —	— 4800	— 6600
XIII. —	— 4800	— 6000
XIV. —	— 4200	— 5400
XV. —	— 3300	— 4800
XVI. —	— 3600	— 3600

2. gr.

Launahækkun eftir þjónustu og starfsaldri skal haga þannig:

Í VII. og VIII. launaflokki árleg hækkun ..... kr. 600 í 4 ár.
Í IX. launaflokki árleg hækkun ..... — 400 í 6 ár.
Í X., XI. og XII. launaflokki árleg hækkun ..... — 300 í 6 ár.
Í XIII. og XIV. launaflokki árleg hækkun ..... — 200 í 6 ár.
Í XV. launaflokki árleg hækkun ..... — 300 í 5 ár.

Þegar starfsmenn í XV. launaflokki hafa verið eitt ár á hámarkslaunum flokksins, skulu þeir færast í XIV. flokk og taka síðan aldurshækkanir þess flokks.

Í XVI. launaflokk koma aðeins iðnkonur eftir 4 ára starf.

3. gr.

Laun ráðherra og stjórnarráðsstarfsmanna ákveðast þannig:

	Árslaun
1. Ráðherrar	kr. 15000
2. Skrifstofustjórar og aðalendurskoðandi ríkisins	— 12000
3. Ríkisbókari og ríkisféhirðir	— 11100
4. Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti	— 10200

5.	Fulltrúar I. flokks, skjalavörður í utanríkisráðuneyti og eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga	kr.	7200— 9600
6.	Fulltrúar II. flokks	—	6600— 9000
7.	Ráðuneytisbókarar og bókarar í ríkisfjárhirzlu og bókhaldi	—	6000— 7800
8.	Húsverðir	—	4800— 6600
9.	Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
10.	Bifreiðarstjórar	—	4800— 6000
11.	Sendimenn	—	4200— 5400
12.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
13.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

4. gr.

			Árslaun
1.	Sendiherrar	kr.	12000
2.	Sendifulltrúar og aðalræðismenn	—	10200
3.	Sendiráðsritarar I. flokks og ræðismenn	—	7200— 9600
4.	Sendiráðsritarar II. flokks, attachés og vararæðismenn	—	6600— 9000

5. gr.

			Árslaun
1.	Skrifstofustjóri Alþingis	kr.	12000
2.	Fulltrúi í skrifstofu Alþingis I. flokks	—	7200— 9600
3.	Fulltrúi í skrifstofu Alþingis II. flokks	—	6600— 9000
4.	Húsvörður Alþingis	—	4800— 6000

6. gr.

			Árslaun
1.	Hagstofustjóri	kr.	12000
2.	Fulltrúi	—	7200— 9600
3.	Fulltrúi II. flokks	—	6600— 9000
4.	Bókarar	—	6000— 7800
5.	Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
6.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
7.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

7. gr.

			Árslaun
1.	Hæstaréttardómarar	kr.	15000
2.	Hæstaréttarritari	—	7200— 9600

8. gr.

Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu hafa að árslaunum:

1.	Borgardómari, borgarfógeti, lögreglustjóri, sakadómari og tollstjóri í Reykjavík	kr.	12000
2.	Bæjarfógetar, sýslumenn og skattamáladómari	—	10200
3.	Fulltrúar I. flokks	—	7200— 9600
4.	Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra	—	6600— 9000
5.	Skrifstofustjórar lögreglustjóra og sakadómara í Reykjavík og lögreglustjórar í kauptúnum	—	6000— 8400
6.	Fulltrúar II. flokks	—	6000— 8400
7.	Skattritarar I. flokks, tollritarar og sýsluskrifarar	—	6000— 7800
8.	Tollverðir og bátsformenn á tollbát	—	6000— 7800
9.	Ríkislögregluþjónar	—	6000— 7800
10.	Fangaverðir í Reykjavík og á Litla-Hrauni	—	6000— 7800
11.	Skattritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skattritarastörfum	—	5400— 7200

12.	Bókari í skrifstofu lögreglustjóra og eftirlitsmaður með útlendingum	kr.	5400— 7200
13.	Gæzlumenn á Litla-Hrauni	—	5400— 7200
14.	Gjaldkeri og firmaskrásetjari hjá borgarfógeta	—	5400— 7200
15.	Innheimtumenn tollstjóra	—	4800— 6000
16.	Gjaldkeri borgardómara	—	4200— 5400
17.	Ritarar I. flokks	—	4800— 6000
18.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
19.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

9. gr.

Eftirtaldir löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

1.	Skipaskoðunarstjóri	kr.	10200
2.	Aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra	—	5400— 7200
3.	Eftirlitsmaður véla og verksmiðja	—	10200
4.	Aðstoðarmaður hans	—	6000— 7800
5.	Eftirlitsmaður brunavarna	—	6000— 7800
6.	Yfireftirlitsmaður bifreiða	—	6000— 8400
7.	Fulltrúi við bifreiðaeftirlit	—	6000— 7800
8.	Bifreiðaeftirlitsmenn	—	5400— 7200
9.	Forstöðumaður löggildingarstofu	—	6000— 7800
10.	Viðgerðarmenn í löggildingarstofu	—	4800— 6000
11.	Löggæzlumenn á vegum	—	6000— 7800

Eftir tveggja ára starfstíma færast aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra og bifreiðaeftirlitsmenn í X. launaflokk og njóta þá aldurshækkana þess flokks.

10. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

1.	Landlæknir	kr.	13000
2.	Berklayfirlæknir	—	12000
3.	Yfirlæknar á Vífilsstöðum, Kleppi, Kristnesi, Landsspítala	—	11100
4.	Aðstoðarlæknar á ríkissjúkrahúsum og berklayfirlæknis	—	10200
5.	Héraðslæknar í Reykjavík og á Akureyri	—	11100
6.	Héraðslæknar í héruðum III. flokks	—	10200
7.	Héraðslæknar í héruðum II. flokks	—	7200— 9600
8.	Héraðslæknar í héruðum I. flokks	—	6000— 7800
9.	Aðstoðarlæknar héraðslækna, sbr. lög nr. 52/1942	—	9600

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka samkvæmt framansögðu, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli, með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.

Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti, enda skulu fjárlög jafnan bera með sér, hve margir héraðslæknar eru í hverjum flokki.

10.	Landlæknisritari	—	6000— 7800
11.	Matvælaeftirlitsfulltrúi héraðslæknis í Reykjavík	—	5400— 7200
12.	Yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með yfir 50 sjúklinga	—	8400
13.	Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur og yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með færri en 50 sjúklinga	—	6000— 7800
14.	Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala	—	6000— 8400

15.	Deildar-, röntgen-, skurðstofu- og næturhjúkrunarkonur	kr.	5400— 7200
16.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	—	4800— 6600
17.	Skrifstofustjóri ríkisspítalanna	—	10200
18.	Féhirðir	—	6600— 9000
19.	Bókari II. flokks	—	5400— 7200
20.	Umsjónarmaður Landsspítala	—	4800— 6600
21.	Ritari I. flokks	—	4800— 6000
22.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
23.	Ráðsmaður í Kristneshæli	—	6000— 8400
24.	Bústjórar á Kleppi og Vífilsstöðum	—	6000— 7800

11. gr.

			Árslaun
1.	Yfirdýralæknir	kr.	6000— 8400
2.	Dýralæknar	—	6000— 7800

12. gr.

			Árslaun
1.	Biskupinn yfir Íslandi	kr.	13000
2.	Vígslubiskupar, prófastar, biskupsritari og söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	—	9000
3.	Sóknarprestar	—	6000— 8400
4.	Ritari III. flokks í skrifstofu biskups	—	3300— 4800

13. gr.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa að árslaunum:

1.	Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann, og forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans	kr.	14000
2.	Aðrir prófessorar og háskólabókavörður	—	11100
3.	Dósentar	—	10200
4.	Háskólaritari	—	7200— 9600
5.	Húsvörður	—	4800— 6000

14. gr.

Starfsmenn eftirtalinna vísindastofnana hafa að árslaunum:

1.	Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	kr.	10200
2.	Deildarstjórar í atvinnudeild	—	10200
3.	Sérfræðingar í atvinnudeild	—	7200— 9600
4.	Aðstoðarmenn I. flokks í atvinnudeild	—	6000— 7800
5.	1. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	10200
6.	2. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	7200— 9600
7.	Aðstoðarmenn I. flokks í rannsóknarstofu	—	6000— 7800
8.	Aðstoðarmenn II. flokks í rannsóknarstofu	—	4800— 6000
9.	Gjaldkeri í atvinnudeild	—	4200— 5400
10.	Húsvörður í atvinnudeild	—	4800— 6000
11.	Ritari III. flokks í rannsóknarstofu	—	3300— 4800
12.	Forstjóri veðurstofu	—	11100
13.	Fulltrúi	—	10200
14.	Veðurfræðingar	—	7200— 9600
15.	Loftskeytamenn	—	6000— 7800
16.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
17.	Landsbóka-, þjóðskjala- og þjóðminjaverðir	—	11100
18.	Bóka- og skjalaverðir og aðstoðarmaður þjóðminjavarðar	—	7200— 9600
19.	Húsvörður safnahúss	—	4800— 6000

Ef sérfræðingur atvinnudeildar hefur á hendi kennslu við háskólann án sérstakra launa, er ráðherra heimilt að ákveða, að hann taki sömu laun og prófessorar (11100).

15. gr.

			Árslaun
1.	Fræðslumálastjóri	kr.	12000
2.	Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru fleiri en 20 kennarar	—	10200
3.	Fulltrúar fræðslumálastjóra, iþróttafulltrúi, námsstjórar	—	7200— 9600
4.	Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar	—	9600
5.	Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar	—	9000
6.	Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar	—	6000— 8400
7.	Barnakennarar	—	6000— 7800
8.	Ritari II. flokks í fræðslumálaskrifstofu	—	4200— 5400
9.	Ritari III. flokks	—	3300— 4800

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅓ hluti úr bæjarsjóði og ¼ hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahverfis.

16. gr.

Skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

1.	Rektorar (skólameistarar)	kr.	11100
2.	Menntaskólakennarar	—	7200— 9600
3.	Skólastjórar kennaraskóla, stýrimannaskóla, vélskóla og búnaðarskóla	—	10200
4.	Kennarar sömu skóla	—	6600— 9000
5.	Húsverðir kennaraskóla, stýrimannaskóla og menntaskóla	—	4800— 6000
6.	Skólastjórar við húsmæðrakennaraskólann, iþróttakennaraskólann, daufdumbraskólann og garðyrkjuskóla	—	9600
7.	Kennarar sömu skóla	—	6000— 8400
8.	Skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum	—	9000
9.	Kennarar skólans	—	6000— 7800

17. gr.

Starfsmenn við ríkisútvarpið hafa að árslaunum:

1.	Útvarpsstjóri	kr.	12000
2.	Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs	—	9600
3.	Fréttastjóri	—	7200— 9600
4.	Aðalféhirðir	—	6000— 8400
5.	Hljómsveitarstjóri	—	6000— 8400
6.	Forstöðumaður viðtækjasmiðju	—	6000— 8400
7.	Stöðvarverðir á Eiðum, Vatnsenda, aðalmagnaravörður, þulir	—	6000— 8400
8.	Fréttaritarar	—	6000— 8400
9.	Útvarpsvirkjar I. flokks	—	6000— 7800
10.	Fulltrúi í skrifstofu útvarpsráðs	—	6000— 8400
11.	Fulltrúi í skrifstofu útvarps	—	6000— 8400
12.	Bókari í skrifstofu útvarps	—	5400— 7200
13.	Afgreiðslumaður og bókari viðtækjasmiðju	—	5400— 7200
14.	Gæzlumaður plötusafns, afgreiðslumaður auglýsinga, iðnaðarmaður, afgreiðslumaður viðtækjasmiðju, útvarpsvirkjar II. flokks	—	4800— 6600
15.	Innheimtumenn	—	4800— 6000
16.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
17.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

18. gr.

Starfsmenn skattheimtu hafa að árslaunum:

1.	Skattstjóri í Reykjavík	kr.	11100
2.	Skattstjórar utan Reykjavikur og skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur	—	10200
3.	Skrifstofustjóri ríkisskattanefndar	—	7200— 9600
4.	Fulltrúar í skattstofu Reykjavíkur	—	6000— 8400
5.	Bókarar í skattstofu Reykjavíkur og hjá ríkisskattanefnd I. flokks	—	6000— 7800
6.	Bókarar í skattstofu II. flokks	—	5400— 7200
7.	Ritari í skattstofu II. flokks	—	4200— 5400
8.	Ritari í skattstofu III. flokks	—	3300— 4800

19. gr.

Starfsmenn vegamála, vita- og hafnarmála og byggingarmála hafa að árslaunum:

1.	Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins	kr.	13000
2.	Yfirverkfræðingar, skipulagsstjóri og skrifstofustjóri vegamála	—	10200
3.	Verkfræðingar	—	7200— 9600
4.	Húsameistarar I. flokks	—	7200— 9600
5.	Húsameistarar II. flokks	—	6600— 9000
6.	Féhirðir vegamálastjóra	—	6000— 8400
7.	Land- og sjómælingamenn I. flokks	—	7200— 9600
8.	Land- og sjómælingamenn II. flokks	—	6000— 8400
9.	Bókari og féhirðir vita- og hafnarmálastjóra	—	6000— 8400
10.	Birgða- og efnisverðir vega- og vitamála	—	6000— 8400
11.	Aðalverkstjórar vega, vita og hafna	—	6000— 7800
12.	Bókari II. flokks vegamálastjóra	—	5400— 7200
13.	Kafari vitamálastjóra	—	5400— 7200
14.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
15.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

20. gr.

Starfsmenn við rafmagnseftirlit hafa að árslaunum:

1.	Forstöðumaður	kr.	11100
2.	Verkfræðingur	—	7200— 9600
3.	Rafvirkjar	—	6000— 7800
4.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
5.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

21. gr.

Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

1.	Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
2.	Yfirverkfræðingur og skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík og póstmeistarinn í Reykjavík	—	10200
	Á meðan yfirverkfræðingur landssímans starfar jafnframt sem yfirverkfræðingur útvarpsins, skal greiða honum 11100 kr. árslaun.		
3.	Póstmálafulltrúi, póstmeistarinn á Akureyri, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórarnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði og Seyðisfirði, símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar	kr.	7200— 9600

4.	Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingar og símastjórinn í Hafnarfirði	kr.	6600— 9000
5.	Varðstjórarnir á stuttbylgjustöðinni í Gufunesi og á Vatnsenda, birgðastjóri landssímans í Reykjavík, efnisvörður landssímans, fulltrúar II. flokks, aðalteiknari, ritsímavarðstjórar, verkstæðisverkstjórar og verkstjórar bæjarsíma Reykjavíkur	—	6000— 8400
6.	Símritarar, loftskeytamenn, símvirkjar, póstafgreiðslumenn í Reykjavík, iðnaðarmenn I. flokks, línuverkstjórar, bókarar, bréfritari aðalskrifstofu og umsjónarmaður bíla landssímans	—	6000— 7800
7.	Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík	—	5400— 7200
8.	Iðnaðarmenn II. flokks, teiknarar, línumenn og bréfberar í Reykjavík	—	4800— 6600
9.	Bílstjórar, ritarar I. flokks, varðstjóri við langlínumiðstöð og sendimenn símans í Reykjavík	—	4800— 6000
10.	Talsímakonur og ritarar II. flokks	—	4200— 5400
11.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símastjóra á I. fl. B. og II. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

22. gr.

Starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins hafa að árslaunum:

1.	Forstjóri	kr.	13000
2.	Skrifstofustjóri	—	10200
3.	Aðalbókari og aðalféhirðir	—	6600— 9000
4.	Afgreiðslustjóri, innkaupastjóri og verkstjóri við skipaafgreiðslu	—	6000— 8400
5.	Bókari I. flokks	—	6000— 7800
6.	Bókarar II. flokks	—	5400— 7200
7.	Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
8.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

23. gr.

Starfsmenn við iðnaðarfyrirtæki ríkisins hafa að árslaunum:

1.	Forstjóri landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg	kr.	11100
2.	Skrifstofustjórar	—	6600— 9000
3.	Féhirðir landssmiðju	—	6000— 8400
4.	Bókarar landssmiðju I. flokks	—	6000— 7800
5.	Bókarar landssmiðju II. flokks	—	5400— 7200
6.	Ritarar Gutenbergs III. flokks	—	3300— 4800

24. gr.

Starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins hafa að árslaunum:

1.	Forstjórar og lyfsölustjóri	kr.	11100
2.	Útsölustjóri í Reykjavík	—	10200
3.	Skrifstofustjórar	—	6600— 9000
4.	Lyfjafræðingur	—	6600— 9000
5.	Aðalbókarar og aðalféhirðar	—	6000— 8400
6.	Bréfritarar	—	6000— 7800
7.	Sölumenn	—	5400— 7200

8.	Birgðavörður tóbakseinkasölu	kr.	6000— 7800
9.	Afgreiðslumenn tóbakseinkasölu	—	4800— 6600
10.	Innheimtumaður tóbakseinkasölu	—	4800— 6000
11.	Bókarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	4800— 6600
12.	Ritarar II. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	4200— 5400
13.	Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	—	3300— 4800
14.	Útsölustjórar áfengisverzlunar á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði og Seyðisfirði	—	6000— 8400
15.	Aðalverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	6000— 8400
16.	Aðstoðarverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	5400— 7200
17.	Aðstoðarmenn í birgðahúsi áfengisverzlunar	—	4800— 6000
18.	Bifreiðarstjórar	—	4800— 6000
19.	Iðnkonur, er unnið hafa 4 ár	—	3600
20.	Verkstjóri tóbaksgerðar	—	5400— 7200
21.	Blöndunarmaður tóbaksgerðar	—	4800— 6600
22.	Aðstoðarmenn	—	4800— 6000

25. gr.

Starfsmenn áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins og viðtækjaverzlunar ríkisins hafa að árslaunum:

1.	Forstjórar	kr.	10200
2.	Skrifstofustjórar	—	9000
3.	Útvarpsvirki I. flokks	—	6000— 7800
4.	Sölumenn	—	5400— 7200
5.	Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	6000— 7800
6.	Verkstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar	—	5400— 7200
7.	Bókari III. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækjaverzlun, afgreiðslumaður og iðnaðarmaður	—	4800— 6600
8.	Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar og bifreiðarstjóri grænmetisverzlunar	—	4800— 6000
9.	Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

26. gr.

			Árslaun
1.	Fiskimatsstjóri	kr.	10200
2.	Yfirfiskimatsmenn	—	5400— 7200
3.	Síldarmatsstjóri og freðfisksmatsstjóri	—	8400

27. gr.

			Árslaun
1.	Skógræktarstjóri	kr.	10200
2.	Sandgræðslustjóri	—	9600
3.	Skógarverðir	—	6000— 7800
4.	Loðdýraræktarráðunautur	—	8400
5.	Tilraunastjórar	—	6000— 8400

28. gr.

			Árslaun
Eftirlitsmaður sparisjóða		kr.	6600

29. gr.

Skólastjórar og kennarar gagnfræða- og héraðsskóla hafa að árslaunum:

1.	Skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 200 nemendur	kr.	10200
2.	Skólastjórar gagnfræðaskóla með 125—200 nemendur	—	9600
3.	Skólastjórar gagnfræðaskóla með undir 125 nemendur	—	9000
4.	Skólastjórar héraðsskóla með yfir 75 nemendur	—	9600

5. Skólastjórar héraðsskóla með undir 75 nemendur	kr.		9000
6. Skólastjórar húsmæðraskóla	—		8400
7. Kennarar gagnfræðaskólanna	—	6600—	9000
8. Kennarar héraðsskóla og húsmæðraskóla	—	6000—	7800

30. gr.

Heilsuverndarhjúkrunarkonur hafa að árslaunum ..... kr. 6000— 7800

31. gr.

Árslaun kennara samkv. 15., 16. og 29. gr. og barnaskólastjóra eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um ⅑ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

32. gr.

Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er kennslumálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, er þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.

33. gr.

Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar.

34. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaunum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna. Með reglugerð skal ákveða, hverjir ríkisstarfsmanna skuli fá ókeypis einkennisfatnað.

35. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

36. gr.

Við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skulu konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar.

37. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefna einn mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.

Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum og lífeyrissjóðsgjöldum skulu hér eftir renna í ríkissjóð.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum sem hér segir:

1. Af 100 þús. kr. eða minna greiðist ..... 1 %
2. — 100—500 þús. kr. greiðist ..... ½ %
3. — 500—1000 þús. kr. greiðist ..... ¼ %
4. — 1—5 millj. kr. greiðist ..... 1 ‰
5. — 5—10 millj. kr. greiðist ..... ½ ‰
6. — 10 millj. kr. og þar yfir greiðist ..... ¼ ‰

Héraðslæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrám, er hlutaðeigandi ráðherrar setja. Um leið og gjaldskrá er sett fyrir héraðslækna, skal semja við Læknafélag Íslands um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast greiðslu. Gjaldskrár þessar skal endurskoða, þegar ástæða þykir til, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku laga þessara.

38. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1945.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skal ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildir í hverri starfsgrein í árslok 1944.

Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum.

Launauppbætur greiddar árið 1944 skulu einnig greiðast á árinu 1945, þar til lög þessi öðlast gildi.

Ed. 1243. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta, og leggur meiri hluti hennar til, að frv., eins og gengið var frá því í Nd., verði breytt í sama form og það var, er stjórnin lagði það fyrir Alþingi. Þó getur meiri hl. nefndarinnar fallizt á þá tillögu, sem samþykkt var í Nd., að ný hluthafaskrá verði gerð, svo að gengið verði úr skugga um, hverjir séu hluthafar í félaginu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1945 og 1946, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreind-

um lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála og láti á yfirstandandi ári fara fram nafnskráningu hlutabréfa félagsins.

Alþingi, 28. febr. 1945.

Magnús Jónsson, form.	Lárus Jóhannesson, frsm.	Kristinn E. Andrésson.

Ed. 1244. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar Eimskipafélagi Íslands var veitt skattfrelsi fyrir rúml. 20 árum, tel ég, að það hafi verið réttmæt og nauðsynleg ráðstöfun af hálfu löggjafarvaldsins, því að félagið barðist þá í bökkum fjárhagslega og gat ekki um mörg ár greitt hluthöfum sínum neinn arð. Lögunum um skattfrelsið var nokkuð breytt 1928, og var þeim ætlað að gilda um ákveðið tímabil, en þau hafa jafnan verið framlengd síðan. Það tel ég einnig, að hafi verið réttmætt til þessa.

Að lögunum um skattfrelsi félagsins hefur aðeins verið ætlað að gilda um ákveðið tímabil, en ekki til frambúðar, sýnir, að löggjafinn hefur ætlazt til, að skattfrelsið félli niður, ef hagur félagsins breyttist mjög til batnaðar eða aðrar ástæður gerðu félaginu auðvelt að greiða skatt. Nú er hagur félagsins gerbreyttur til batnaðar, sem betur fer, og mun það nú vera auðugasta fyrirtæki á landinu. Þær ástæður, sem á sínum tíma ollu því, að félagið fékk þessi fríðindi, eru því ekki lengur fyrir hendi. Hins vegar er þó á það að líta, að það er þjóðarnauðsyn og vilji allra landsmanna, að félagið geti aukið skipastól sinn, svo sem það hefur ákveðið, þegar að stríðinu loknu eða fyrr. Verður þessi nauðsyn enn brýnni vegna þeirra sorglegu atburða, sem nýlega hafa orðið og alþjóð eru kunnir. En hægt virðist að sameina það tvennt, að félagið greiði skatta til ríkissjóðs fyrst um sinn, eins og önnur hlutafélög (sem vissulega eru mörg þjóðþrifafyrirtæki), en geti þó notað alla hina miklu fjármuni sína til að koma upp nýjum skipastól. Þetta er hægt með því, að félagið greiði skattana með nýjum hlutabréfum í félaginu, og yrði þá félagið um leið enn meiri alþjóðarstofnun en nú. Var breytingartillaga í þessa átt borin fram í neðri deild af Skúla Guðmundssyni, þm. V.-Húnv., en hún var felld þar. Spurðist ég og fyrir um það í nefndinni, hvort nokkurt samkomulag gæti orðið um þá tillögu eða aðra tilhögun í svipaða átt, en svo var ekki. Mér þykir þó eftir atvikum rétt, að atkvæði gangi um þessa tillögu í deildinni, og legg því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

1. gr. orðist svo:

H/f Eimskipafélagi Íslands er heimilt að greiða tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og eignarskatt, er því ber að greiða til ríkissjóðs, með hlutabréfum í félaginu, er reiknuð séu til skattgreiðslunnar með nafnverði, enda verði engar takmarkanir á atkvæðisrétti á hluthafafundum félagsins, að því er hlutafé ríkissjóðs snertir. Eftir að hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu er orðin jafnhá samanlagðri hlutafjáreign annarra hluthafa, gilda ákvæði laga nr. 33 7. maí 1928 um skattgreiðslu félagsins.

Alþingi, 28. febr. 1945.

Bernh. Stefánsson.

Nd. 1245. Lög

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 1235.

Nd. 1246. Lög

um gjald af söluverði fisks erlendis.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 1241.

Ed. 1247. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:
   Aftan við 23. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Kostnaður við störf skattstofunnar í Reykjavík greiðist að ⅓ hluta úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Utan Reykjavíkur greiðir bæjarsjóður, þar sem skattstjóri er búsettur, kostnað við störf hans að ¼ hluta.
2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist svo:
   Aftan við 56. gr. laganna (nú 64. gr., sbr. lög nr. 20 1942) bætist ný málsgr., svolátandi:
   Ráðherra er heimilt, þegar þörf krefur, að breyta tímaákvörðunum þeim og frestum, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara.
3. Við 2. gr. Greinin verður 3. gr.

Ed. 1248. Frumvarp til laga

um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til, hvort sem mannvirkin eru reist af ríkinu eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af ríkisfé til framkvæmdanna.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna dómnefnd og fimm menn til vara. Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Er hann formaður dómnefndar og skal vera verkfræðingur eða húsameistari. Annar dómnefndarmaður

skal skipaður eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar í því sveitarfélagi, þar sem mannvirkið á að reisa. Þriðji dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu þess aðila, sem verkið lætur framkvæma. Fjórða og fimmta dómnefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu stéttarfélaga húsameistara og verkfræðinga. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

3. gr.

Hlutverk dómnefndar er að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar og dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Úrskurðir dómnefndar skulu rökstuddir og verðlaun aðeins veitt þeim lausnum sem að áliti nefndarinnar eru hentugar og hæfar til framkvæmda án mikilvægra breytinga. Verðlaun, kostnað við útboðið, svo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

4. gr.

Samkeppni, er fer fram samkv. lögum þessum, skal auglýsa opinberlega. Almenningi skal heimilt að kynna sér dómsniðurstöður og lausnir keppenda í minnst 7 daga, eftir að dómnefnd hefur lokið störfum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1249. Nefndarálit

um till. til þál. um listasafn o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með því, að það verði samþykkt með einni orðabreytingu.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstjórnin á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveizlu og sýnis sem fullkomnustu safni af málverkum eftir þennan listamann.

Alþingi, 28. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Sig. Kristjánsson.
Þóroddur Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 1250. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað að upphæð 5 millj. króna, til að ljúka við virkjun Fljótaár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Ábyrgðarheimildin er enn fremur bundin því skilyrði, að fram komi ýtarlegar og fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna kostnaður við verkið fer svo mjög fram úr því, sem áætlað hafði verið, og þó einkum, hvernig á þeirri hækkun stendur, sem á áætluninni varð frá nóvember 1943 til nóvember 1944.

Loks liggi fyrir það álit frá rafmagnseftirliti ríkisins, að það telji, að rafveitan geti staðið undir lánum þeim, er ríkissjóður ábyrgist.

Lánið sé til 25 ára, með eigi hærri en 4% vöxtum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

Sþ. 1251. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Þórustaði í Ölfusi.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkisins jörðina Þórustaði í Ölfusi fyrir það verð, sem stjórnin telur hæfilegt.

Sþ. 1252. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Frá Áka Jakobssyni.

2. málsgr. tillögugreinarinnar falli niður. Upphaf 3. málsgr. orðist svo:
Fyrir liggi það o. s. frv.

Nd. 1253. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1145 [Endurveiting borgararéttinda].

Frá Finni Jónssyni.

Fyrir orðin „enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra“ komi: enda séu málsbætur fyrir hendi.

Ed. 1254. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 31. gr. Fyrir „15., 16. og 29. gr.“ komi: 15. gr.

Nd. 1255. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   12. gr. laganna verði svo:
   Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat fari fram, þegar ástæða er til, og skal það annast endurskoðun á matinu. Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.
2. Við 7. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Kostnaður af aukamati greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.
3. Við 9. gr. Fyrri efnismálsgr. orðist svo:
   Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins, áður en 4 mánuðir eru liðnir, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Sþ. 1256. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

Frá Gísla Jónssyni.

Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
Ábyrgðarheimildin er bundin þeim skilyrðum, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir, og að fram komi o. s. frv.

Ed. 1257. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög um stýrimannaskólann. Þykir nefndinni nauðsynlegt, að gerðar verði á frv. nokkrar breytingar, m. a. að bætt verði inn í það nýju ákvæði, sem nú er í 6. gr. laganna og ekki má falla niður, en fellt verður úr lögunum, ef frv. verður samþykkt óbreytt. Aðrar breytingar eru aðeins tilfærsla á greinum og breytingar á orðalagi til samrýmingar og leiðréttingar, svo að meginmál frv. verði fellt eðlilega inn í lögin, ef frv. verður að lögum. Allar breytingar eru gerðar í samráði við skólastjóra stýrimannaskólans, sem fallizt hefur á nauðsyn þeirra.

Nefndin leggur því til einróma, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr., II. 2. Aftan við liðinn bætist: og staðarákvarðanir með radiomiðunum.
2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   7. gr. laganna, sem verður 6. gr., breytist sem hér segir:
   a. Alls staðar þar, sem orðin „meira fiskimannapróf“ koma fyrir í greininni, falli orðið „meira“ ásamt ákveðna greininum niður.
   b. Orðin „að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði falli niður.
   c. Í stað orðsins „segulskekkjumælinum“ komi: stefnumagnsmælinum.
   d. Aftan við kaflann komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.
   e. Aftan við greinina komi ný málsgrein, er hljóði svo:
      Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

Alþingi, 1. marz 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.
Steingr. Aðalsteinsson. Magnús Jónsson.

Nd. 1258. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1255 [Fasteignamat].

Frá Pétri Ottesen.

Við 2. Meginmál brtt. orðist svo:
Kostnaður við aukamat greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 1259. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965.
Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „yfirmatsnefndar, en hún“ í 2. mgr. 4. gr. laganna komi: fjármálaráðherra, sem.

3. gr.

Í stað orðanna „og veiðiréttindi“ í 4. mgr. 4. gr. laganna komi: veiðiréttindi og jarðhitaréttindi.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til að framkvæma aðalmat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

6. gr.

12. gr. laganna verði svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat fari fram, þegar ástæða er til, og skal það annast endurskoðun á matinu. Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

Niðurstöður allra matsgerða, sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna eigendum fasteignanna.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna.

Kostnaður af aukamati greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

8. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá Stjórnartíðindi án endurgjalds.

9. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins, áður en 4 mánuðir eru liðnir, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat.

10. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni. Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 1260. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1253 [Endurveiting borgararéttinda].

Frá Gunnari Thoroddsen og Jörundi Brynjólfssyni.

Brtt. orðist þannig:

Á eftir orðunum „enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra“ komi: og málsbætur séu fyrir hendi.

Ed. 1261. Frumvarp til laga

um endurveitingu borgararéttinda.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra heimilast að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgara- og atvinnuréttindum með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar, enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra og málsbætur séu fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1262. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 1243 [Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands].

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Orðin „og 1946“ falli niður.

Ed. 1263. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1945 og 1946, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála og láti á yfirstandandi ári fara fram nafnskráningu hlutabréfa félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1264. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Orðin „hið minna og meira“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr. sömu laga skal orða þannig:

Skólinn starfar í þremur deildum, tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Í skólanum skulu vera þessi burtfararpróf: Fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða þannig:

Til fiskimannaprófsins útheimtist:

I. *Stærðfræði* (skrifleg):
   1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.
   2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
   3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flata rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.
   4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. *Siglingafræði* (skrifleg og munnleg):
   1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínur og kompásstrik.

2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna og staðarákvarðanir með radiomiðunum.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.
4. Þekking á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði; þekking á leiðarreikningi, straumi, drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.

III. *Sjómennska* (munnleg og verkleg):
1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. *Íslenzka* (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. *Danska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

VI. *Enska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. *Sjóréttur* (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. *Hjúkrunarfræði* (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. *Vélfræði* (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. *Bókhald:*
Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.
Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist eftir því.

5. gr.

7. gr. laganna, sem verður 6. gr., breytist sem hér segir:

a. Alls staðar þar, sem orðin „meira fiskimannapróf“ koma fyrir í greininni, falli orðið „meira“ ásamt ákveðna greininum niður.
b. Orðin „að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði falli niður.
c. Í stað orðsins „segulskekkjumælinum“ komi: stefnumagnsmælinum.
d. Aftan við kaflann komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.
e. Aftan við greinina komi ný málsgrein, er hljóði svo:
Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

6. gr.

Í stað orðanna í 10. gr. laganna „er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga.

7. gr.

11. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:
Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.
Prófskírteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðamáli.

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 14. gr., orðist þannig:
Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrír skipaðir kennarar, tveir kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.
Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 15. gr., breytist sem hér segir:
Í stað „aðstoðarkennari“ komi: fastur kennari.

10. gr.

19. gr. laganna, sem verður 18. gr., orðist þannig:
Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, með áorðnum breytingum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, skal atvinnumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.
Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og

eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Í stað 20. gr. laganna, sem verður 19. gr., komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að stýrimannaskólinn hefur fengið til þess nægan húsakost, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og fiskimannapróf, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um siglingatíma og hafi náð 30 ára aldri.

Próf þetta nefnist fiskiskipapróf, og setur atvinnumálaráðherra um það reglugerð að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 30. júní 1942.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 100 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 1265. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Á undan 1. gr. kemur ný grein (greinatalan breytist eftir því), þannig:

Aftan við 8. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935 kemur ný málsgrein, svolátandi:

